1. fundur. — 1. júlí.

Árið 1867 hinn 1. dag. júlímán. var alþingi Íslendinga sett í ellefta sinni í Reykjavík. Eptir lögboðinni venju var áður haldin guðsþjónusta í dómkirkjunni, prédikaði dómkirkjupresturinn, prófastur Ólafur Pálsson, og lagði út af 5. Mósesb. 5, 29.

Að lokinni guðsþjónustu, gengu þingmennirnir í alþingissalinn, og setti konungsfulltrúi stiptamtmaður Hilmar Finsen, alþingi með ræðu í umboði konungs. Þeir alþingismenn, er nú skal greina, voru þar viðstaddir:

A. konungkjörnir.

1. Byskup *Pétur Pétursson.*
2. Landlæknir *Jón Hjaltalín.*
3. Amtmaður *Bergur Thorberg.*
4. Yfirdómari *Jón Pétursson.*
5. Skólakennari *Halldór Kr. Friðriksson.*
6. Prófastur *Ólafur Pálsson,* dómkirkjuprestur í Reykjavík, varaþingmaður andlegu stéttarinnar.

B. Þjóðkjörnir.

1. *Stefán Eiríksson,* bóndi í Árnanesi, hreppstjóri, þingmaður Austur-Skaptfellinga.
2. *Jón Guðmundsson,* málaflutningsmaður í Reykjavík, þingmaður Vestur-Skaptfellinga.
3. *Sighvatur Árnason,* bóndi á Eyvindarhólti, þingmaður Rangæinga.
4. *Stefán Thordersen* prestur í Kálfholti, þingmaður Vestmannaeyinga.
5. *Benidikt Sveinsson,* yfirdómari í landsyfirréttinum, þingmaður Árnesinga.
6. *Pétur Guðjónsson,* organisti í Reykjavík, þingmaður Gullbringusýslu.
7. *Magnús Jónsson,* bóndi í Bráðræði, varaþingmaður Reykvíkinga.

8. *Arnljótur Ólafsson,* prestur á Bægisá, þingmaður Borgfirðinga.
9. *Hjálmur Pètursson,* bóndi í Norðtungu, hreppstjóri, þingmaður Mýramanna.
10. *Sveinn Nielsson,* prófastur og prestur að Staðastað, þingmaður Snæfellinga.
11. *Jón Bjarnason,* bóndi í Ólafsdal, hreppstjóri, þingmaður Dalamanna.
12. *Eiríkur Kúld*, prestur á Helgafelli, varaþingmaður Barðstrendinga.
13. *Jón Sigurðsson* frá Kaupmannahöfn, þingmaður Ísfirðinga.
14. *Torfi Einarsson,* bóndi á Kleifum í Steingrímsfirði, hreppstjóri, þingmaður Strandasýslu.
15. *Páll Jónsson Vidalín,* stúdent, bóndi í Víðidalstungu, þingmaður Húnvetninga.
16. *Ólafur Sigurðsson,* bóndi í Ási, hreppstjóri, þingmaður Skagfirðinga.
17. *Stefán Jónsson,* bóndi á Steinstöðum, þingmaður Eyfirðinga.
18. *Jón Sigurðsson,* bóndi á Gautlöndum, hreppstjóri, þingmaður Suður-Þingeyinga.
19. *Sveinn Skúlason,* kandidat í Reykjavík, þingmaður Norður-Þingeyinga.
20. *Páll Ólafsson,* bóndi á Hallfreðarstöðum, umboðsmaður, varaþingmaður Norður-Múlasýslu.
21. *Björn Pètursson,* bóndi á Gíslastöðum, þingmaður fyrir Suður-Múlasýslu.

Auk alþingismanna var viðstaddur aðstoðarmaður konungsfulltrúa, yfirdómari, etazráð Þórður Jónasson og skrifari konungsfulltrúa kandidat Lárus Blöndal.

Konungsfulltrúi setti þingið með svo látandi ræðu:

Háttvirtu alþingismenn!

Eptir að Hans Hátign konungurinn allramildast hefir falið mèr á hendur að vera fulltrúi hans við alþingið, og áður en vèr byrjum samvinnu vora, álít eg skyldu mína — eins og að undanförnu hefir verið venja frá þessum stað —, að ávarpa yður með fáeinum orðum.

Þèr munið, háttvirtu alþingismenn, af hinni konunglegu auglýsingu, sem nú verður lögð fram fyrir yður, sjá, að Hans Hátign konungurinn með allrahæstri velþóknun hefir tekið á móti þegn-

legu ávarpi alþingis frá í hitt eð fyrra og yfirlýsingunni í því um þegnlega hollustu við hann og konungsætt hans, og að Hans Hátign allramildast hefir tekið til greina óskir þær, sem alþingið bar fram í því, að málefninu um stjórnarfyrirkomulag Íslands yrði sem allrafyrst ráðið til lykta. Hans Hátign hefir upp á lagt mèr að leggja fram fyrir þingið frumvarp til fullkominna stjórnarskipunarlaga handa Íslandi, er fer því fram, að alþingi verði veitt yfirgripsmikið vald í öllum málefnum, sem snerta landið, og að landsmenn verði hluttakandi hinna sömu borgaralegu rèttinda og þegnarnir í hinum hlutum ríkisins. Mèr er það mikið gleði-efni, að leggja fram þetta frumvarp, sem bæði er byggt á frjálslegum grundvelli og býður föðurlandi voru svo mikið sjálfræði, sem getur samrýmzt bæði landsins gagni og hamingju, og eldgömlu sambandi þess við Danmerkur ríki. Það er mín innilegasta sannfæring, að stjórnarskipunarlögun Íslands, byggð á þeim grundvallarreglum, sem þetta konunglega frumvarp inniheldur, geti orðið til verulegs gagns fyrir landið, og gefið landsmönnum kost á að efla framfarir þær í öllum greinum, sem landið í svo mörgu tilliti hefir þurft, og sem það í svo mörg ár — eg get sagt í svo margar aldir — hefir vantað. Þess vegna vona eg fastlega, að þingið láti í tè trúlynda liðveizlu sína til þess, að málefni þessu, sem er svo áríðandi fyrir land og lýð, verði bráðlega og farsællega ráðið til lykta; og eg vil ekki láta hjá líða nú þegar að fara orðum um það, að von þessi er svo miklu ríkari í brjósti mínu sökum þess, að eg fyrir mitt leyti er sannfærður um, að eg ekki muni lifa þann tíma, að eins frjálslegt og fyrir Ísland eins heilladrjúgt boð og þetta verði gjört þinginu, ef það ekki heppnast oss í þetta skipti að koma umræðunum um stjórnarskipunarlögun Íslands í kring.

Af hinni konunglegu auglýsingu mun þingið einnig sjá, að Hans Hátign konungurinn hefir vandlega látið íhuga tillögur og uppástungur þingsins og tekið þær til greina, að svo miklu leyti sem kringumstæðurnar hafa leyft. Um landsföðurlega ást Hans Hátignar konungsins til Íslands bera bæði auglýsingin og frumvörp þau, sem verða lögð fyrir þingið, ljósastan vott; einnig vita allir, sem það hefir hlotnazt að eiga tal við Hans Hátign sjálfan um málefni, sem snerta kjör Íslands, að konungurinn leggur hinn mest lifandi áhuga á þau; vèr getum þess vegna fulltreyst því, að Hans Hátign konungurinn einnig framvegis muni veita tilögum alþingis allt athygli.

Meðal hinna annara frumvarpa, sem í þetta skipti verða lögð fyrir þingið til álita þess, vil eg sèrstaklega nefna frumvarp til nýrra almennra hegningarlaga handa Íslandi, sem er samið áþekkt hinum nýju sakamálalögum, sem í fyrra komu út í Danmörku eptir margra ára umræður bæði á milli hinna helztu lögfræðinga ríkisins og í ríkisþinginu. Með því að semja hið íslenzka frumvarp er tillit tekið til hins ólíka ástands Danmerkur og Íslands, en þar á móti látið óbreytt allt verulegt, sem getur staðizt með þessum mismun. Það er miklum bótum, sem sakamálalög vor taka, þegar þetta frumvarp verður lögleitt hjá oss, bæði af því, að hinum fyrri hegningarákvörðunum er safnað saman í þeim á einn stað í *systematiska* heild, og vegna hins auðvelda og ljósa yfirlits bæði fyrir þá, sem eiga að dæma eptir lögunum, og þá sem eiga að dæmast eptir þeim, og af því, að mörg ósamkvæmni, sem var í fyrri löggjöfinni, nú er numin burtu, allar hegningar ákvarðanir, sem voru móthverfar hugsunarhætti manna og siðferðislegri meðvitund nú á tímum, eru breyttar, og öll hegningarlögin þar að auki bera vott mildi og mannúðar. Jeg vona þess vegna, að alþingi gjöri hvað í þess valdi stendur, til þess að þessu frumvarpi, sem þar að auki að öðru leyti hefir mikla *praktiska* þýðingu fyrir landið, verði ráðið til lykta í ár.

Hvað stöðu sjálfs mín hèr á þinginu snertir, vil eg leyfa mèr að fara fáeinum orðum um hana. Eg þekki eins vel og aðrir ófullkomlegleika minn til þess að gjöra fullnustu í þeirri stöðu, en þegar Hans Hátign Konungurinn fól mèr á hendur þetta heiðarlega ætlunarverk, gat eg ekki skorazt undan því, vegna þess að eg álít skyldu mína að vinna allt, sem í mínu valdi stendur, til Íslands framfara og heilla, bæði af því að eg er æðsti embættismaður konungsins hèr á landi, og af því, að eg tel mig í flokki Íslendinga, og skoða Ísland sem föðurland mitt, því föðurætt mín er íslenzk og af góðri rót runnin.

Mèr er ljóst, hverjum vandræðum staða mín hèr á þinginu er bundin, en eg fulltreysti því, að þegar eg í raun og veru sýni þann einlæga vilja, sem eg hefi, til að gjöra skyldu mína, þá muni þingið heldur ekki synja mèr þeirrar velvildar og þeirrar aðstoðar, sem er nauðsynleg til þess, að samvinna vor geti orðið til heilla föðurlandsins, og sem þingið áður hefir sýnt þeim heiðursmönnum, sem á undan mèr hafa staðið í þessari stöðu.

Í þessu trausti og með þeirri bæn, að hinn algóði, er styrkir

öll góð og hreinskilin áform, leggi sína blessun yfir samvinnu vora, lýsi eg nú í vors allramildasta konungs nafni því yfir, að

ALÞINGI ER SETT.

Að lokum ræðu þessarar kallaði einn þingmanna upp:

Lengi lifi konungur vor **„Kristján hinn níundi“**, og tóku allir þingmenn undir það í einu hljóði.

Konungsfulltrúi: Eg hefi þá æru að tilkynna hinum heiðruðu alþingismönnum, að eg eptir myndugleika þeim, sem mèr er gefinn í allrahæstu konungsbrèfi frá 31. maímán. þ. á. og samkvæmt alþingistilskipunarinnar 41. grein hefi kosið háyfirdómarann í hinum íslenzka landsyfirrètti, herra etatsráð Jónassen mèr til aðstoðar í skyldustörfum mínum sem konungsfulltrúa, og hefir hann góðfúslega tekið á móti þessari kosningu, og er þess vegna viðstaddur hèr á þinginu í dag.

Eptir alþingistilskipunarinnar 47. grein vil eg nú skora á hina heiðruðu þingmenn að koma fram með mótmæli þau, er einhver þeirra kynni að hafa móti kosningum þingmanna, og skal eg láta þess getið, að eg fyrir mitt leyti ekki hefi neinum mótmælum að hreifa gegn kosningum þingmanna. Eptir því sem mèr er kunnugt eru allir þingmenn nú þegar komnir til þings; aðalþingmenn eru mættir fyrir öll kjördæmin, nema Barðastrandar- og Norðurmúlasýslu, samt Reykjavíkur kaupstað, en í þeirra stað eru mættir hinir kosnu varaþingmenn. Í staðinn fyrir hinn fyrsta konungkjörna þingmann (byskup Helga G. Thordersen), sem vegna elli og lasleika hefir lagt niður erindisbrèf sitt, er varaþingmaður andlegu stèttarinnar, prófastur og dómkirkjuprestur Ólafur Pálsson viðstaddur í þinginu. Þingmenn þeir, er nú mæta í fyrsta skipti, hafa sýnt mèr kjörbrèf sín, nema þingmaðurinn fyrir Strandasýslu, sem hefir gleymt kjörbrèfi sínu, en um hann mun það vera hinum heiðruðu þingmönnum kunnugt, að hann er rètt kosinn þingmaður, af því að í hitt eð fyrra var mættur varaþingmaðurinn frá sömu sýslu, og ef engin mótmæli gegn kosningu hans koma fram af hálfu þingsins, þyki mèr frá hálfu konungsfulltrúans ekki vera ástæða til að mótmæla gildi hennar.

Eg skal því næst, með því engin mótmæli koma fram gegn kosningum þingmanna, samkvæmt alþingistilskipuninnar 48. grein skora á hinn elzta þingmann, er mun vera þingmaðurinn fyrir Snæfellsnessýslu, herra prófastur Sveinn Níelsson, sem aldursfor-

seta að gangast fyrir kosningu forseta þingsins.

Síðan var alþingismaður Ísfirðinga, Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn, kosinn til forseta með 24 atkvæðum. Jón málaflutningsmaður Guðmundsson fèkk 1 atkvæði, en 2 atkvæðaseðlar voru ógildir.

Hinn kosni forseti, Jón Sigurðsson, gekk til forsetasætis og mælti þannig:

Mèr er skylt að þakka yður, háttvirtu alþingismenn, fyrir þann sóma og það traust, sem þèr hafið sýnt mèr með því að fela mèr á hendur þetta starf, er svo mikill vandi fylgir. En eg tek jafnframt þessa kosning sem loforð af yðar hendi, að þèr viljið kosta kapps um hver í sinn stað, að vèr allir með eindrægni vinnum að því starfi, sem alþingi er fyrir sett í þetta sinn, því þèr vitið allir, háttvirtu alþingismenn, að undir þessu er alveg komið, að þingstörf vor fari vel úr hendi. Þetta er því fremur áríðanda, sem vèr höfum nú heyrt, að alþing muni að þessu sinni fá meiri og vandasamari mál til meðferðar, en jafnvel nokkru sinni að undanförnu. Verum því allir samhuga um að vinna sem bezt vèr getum að þeim málum, sem fyrir oss liggja, í sameining við hinn háttvirta konungsfulltrúa, sem vèr væntum að muni veita þinginu alla góða leiðbeining sem við þarf. Það má og gleðja oss, að hann hefir valið sèr þann aðstoðarmann, sem svo lengi og vel hefir tekið þátt í störfum alþingis. Í beztu von skulum vèr því taka til starfa vorra.

Síðan lèt hann kjósa varaforseta, og var kosinn byskup Pètur Pètursson með 17 atkvæðum. Málaflutningsmaður Jón Guðmundsson fèkk 5 atkvæði; prófastur Sveinn Níelsson, landsyfirrèttardómararnir Jón Pètursson og Benidikt Sveinsson, og skólakennari Halldór Kr. Friðriksson fengu 1 atkvæði hver.

Því næst bað forseti þingmenn að kjósa þingskrifara, og var sèra Eiríkur Kúld kosinn með 25 atkvæðum og skólakennari Halldór Kr. Friðriksson með 22 atkvæðum, Sveinn Skúlason, sèra Arnljótur Ólafsson, prófastur Ólafur Pálsson, Jón Guðmundsson og Páll Vídalín fengu 1 atkvæði hver.

Að því búnu lagði konungsfulltrúi fram og afhenti forseta skikkunarbrèf sitt til að vera konungsfulltrúi á alþingi, dagsett 31. dag maímán. 1867.

Sbr. síðari part alþingistíðind. bls. 10.

Konungsfulltrúi afhenti því næst forseta til útbýtingar meðal þingmanna konunglega auglýsingu til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1865.

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 3—9.

Því næst afhenti konungsfulltrúi forseta til útbýtingar meðal þingmanna, lagaboð og tilskipanir þær, sem út hafa komið síðan alþingi var slitið 1865, og voru þær þessar:

1. Tilskipun um verzlunarvog á Íslandi, 1. d. desembermán. 1865.
2. Tilskipun, er nákvæmar ákveður ýmislegt viðvíkjandi prestaköllunum á Íslandi, 15. d. janúarmán. 1866.
3. Tilskipun um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, 15. d. janúarmán. 1866.
4. Tilskipun um vinnuhjú á Íslandi, 26. d. janúarmán. 1866.
5. Opið brèf um að stofna byggingarnefnd á kaupstaðnum Ísafirði, 26. d. janúarmán. 1866.
6. Reglugjörð um að gjöra verzlunarstaðinn Ísafjörð að kaupstað og um stjórn bæjarmálefna þar, 26. d. janúarmán. 1866.
7. Lög um, að endurskoðuninni á lögum frá 19. d. janúarmán. um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, skuli skotið á frest, 16. d. febrúarmán. 1866.
8. Opið brèf um löggilding verzlunarstaðar á Borgarnesi við Brákpoll í Mýrasýslu í Vesturumdæminu á Íslandi, 22. d. marzmán. 1867.
9. Auglýsing um stjórn og afnot eptirleiðis á nokkrum jörðum þeim á Íslandi, sem lagðar eru til guðsþakka og nefndar «kristfjárjarðir», 3. d. júním. 1867.

Að því búnu afhenti konungsfulltrúi forseta konungleg frumvörp þau sem nú skal greina:

1. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga handa Íslandi.
2. Frumvarp til almennra hegningarlaga handa Íslandi.
3. Frumvarp til laga um, að útlendum skipum verði gefinn kostur á, að flytja vörur hafna á milli á Íslandi og milli Íslands og Danmerkur.
4. Frumvarp til opins brèfs handa Íslandi um það, hvernig borga eigi kostnað þann, er rís af flutningi á þurfamönnum.
5. Frumvarp til tilskipunar um breytingu á ákvörðununum um gjald spítalablutanna, er svo eru nefndir á Íslandi.

6. Frumvarp til laga handa Íslandi um afplánun fjársekta í öðrum málum en sakamálum.
7. Frumvarp til tilskipunar um það, hvernig eigi að halda hunda á Íslandi; með því fylgdu:
   Athugasemdir handa Íslendingum um sullaveikina og varnir gegn henni eptir H. Krabbe. Kaupmannahöfn 1864.

Þá gat konungsfulltrúi þess, að tvö frumvörp, 1. um skipamælingar og 2. um skrá yfir íslenzk skip, væru eigi enn fullprentuð og mundi hann leggja þau síðar fram.

Forseti ákvað síðan næsta fund 2. dag júlím. kl. 12.

Fundi slitið.

---

2. fundur — 2. júlí.

Allir á fundi.

Forseti: Eg skal fyrst og fremst skýra frá, að hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir, samkvæmt því, sem ákveðið er í alþingistilskipunarinnar 53. gr. tekið tvo aðstoðarmenn til skripta innanþings, nefnilega kand. *Halldór Melsteð* og kand. *Ólaf Sigvaldason,* sem eru báðir mættir hèr í dag til að taka til starfa.

Þar næst skal eg geta þess, að fundarbókin frá fyrsta fundinum er ekki fullkomlega búin, og verður því ekki lesin upp í dag, en á morgun vona eg, að lesin verði upp gjörðabók frá báðum fundunum, fyrsta og öðrum fundi. Samkvæmt dagskránni liggur þá fyrst fyrir að kjósa nefnd til þess að yfirvega konunglegt frumvarp til almennra hegningarlaga handa Íslandi. Það væri gott, ef einhver þingmanna vildi stinga upp á, hversu marga skyldi kjósa í nefndina.

Eiríkur Kúld: Eg hygg það muni nægja, að 5 manna nefnd verði kosin.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg sting upp á 7 manna nefnd.

Var þá gengið til atkvæða um, hve marga skyldi í nefndina kjósa, og var 7 manna nefnd samþykkt með 14 atkvæðum, og urðu þessir fyrir kosningu.

1. Jón Sigurðsson frá Gautlöndum með 22 atkv.
2. Arnljótur Ólafsson . . . . — 20 —

3. Benedikt Sveinsson . . . . með 18 atkv.
4. Pètur Guðjónsson . . . . . — 18 —
5. Bergur Thorberg . . . . . — 17 —
6. Jón Guðmundsson . . . . — 16 —
7. Páll Jónsson Vídalín . . . — 14 —

Málið afhent þingmanni Suður-Þingeyinga.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að afhenda hinum háttvirta forseta 7 exx. af frumvarpinu til hinna dönsku sakalaga frá 10. Febrúar 1866 með ástæðunum fyrir því, til afnota fyrir nefnd þá, er kosin hefir verið í málið viðvíkjandi konunglegu frumvarpi til almennra sakalaga handa Íslandi.

Forseti: Eg hefi tekið við þessum 7 exx. af «Udkast til Straffelov for Danmark» frá hinum háttvirta konungsfulltrúa, og verða þau afhent þingmanni Suðurþingeyinga, svo að nefndin geti fengið tækifæri á að hagnýta sèr þau, eptir því sem henni þykir þörf.

Þá liggur næst fyrir að kjósa nefnd í konunglegt frumvarp til laga handa Íslandi um afplánun fèsekta í öðrum málum en saka málum. Þó mál þetta sè skylt hinu fyrra, mun samt vera betur fallið að kjósa nýja nefnd í það sèrstaklega, og kjósa 7 menn í þá nefnd eins og hina, ef enginn mælir móti eða hefir aðra uppástungu að gjöra.

Var þá kosin 7 manna nefnd, og urðu þessir fyrir kosningu:

1. Benedikt Sveinsson . með 21 atkv.
2. Pètur Guðjónsson . — 20 —
3. Arnljótur Ólafsson . — 19 —
4. Bergur Thorberg . . — 19 —
5. Jón Sigurðsson . . — 19 —
6. Páll Jónsson Vídalín — 18 —
7. Jón Guðmundsson . — 17 —

Málið afhent þingmanni Árnesinga, sem formanni nefndarinnar.

Því næst var kosin 5 manna nefnd í málinu, um konunglegt frumvarp til opins brèfs handa Íslandi um það, hvernig borga eigi kostnað þann, er ris af flutningi á þurfamönnum, og voru þessir kosnir:

1. Jón Guðmundsson . með 18 atkv.
2. Páll Jónsson Vídalín — 15 —
3. Stefán Jónsson . . — 14 —
4. Sighvatur Árnason . — 13 —
5. Páll Ólafsson . . . — 12 —

Málið afhent þingmanni Vestur-Skaptfellinga.

Því næst var kosin 3. manna nefnd í málið um konunglegt frumvarp til tilskipunar um það, hvernig eigi að halda hunda á Íslandi.

Voru þessir kosnir:

1. Jón Hjaltalín . . með 18 atkv.
2. Arnljótur Ólafsson — 10 —
3. Björn Pètursson . — 8 —

Málið afhent hinum 2. konungkjörna þingmanni.

Þá var kosin 3. manna nefnd í málið um konunglegt frumvarp til laga, um að útlendum skipum verði gefinn kostur á, að að flytja vörur hafna á milli á Íslandi og milli Íslands og Danmerkur.

Voru þessir kosnir:

1. Jón Pètursson . . með 14 atkv.
2. Bergur Thorberg . — 10 —
3. Sveinn Níelsson . — 5 —

Auk hans fengu þeir Halldór Kr. Friðriksson og Torfi Einarsson hver 5 atkvæði, en með því Sveinn Níelsson var þeirra elztur, hlaut hann kosningu.

Málið afhent hinum 4. konungkjörna þingmanni (Jóni Pèturssyni).

Forseti: Þá er nú lokið málum þeim, sem á dagskránni eru; eg vona, að hinir háttvirtu nefndnarmenn komi sèr sem fyrst þeir geta niður á málunum, svo þau verði innan skamms búin undir umræðu, að minnsta kosti hin auðveldari þeirra.

Eg skal einnig leyfa mèr að vekja athygli hinna heiðruðu þingmanna á því, að eg hefi slegið upp áskorun til þeirra um að koma hið bráðasta fram með bænarskrár þær, er þeir hafa meðferðis, svo og þær uppástungur, er þeir kynnu að vilja gjöra; eg vil einnig biðja hina heiðruðu þingmenn um að mæta á þeim tíma sem til er settur á dagskránni, en láta ekki dragast að sækja fundina, svo að vèr getum sem fyrst tekið til starfa á tilsettum tíma.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að lesa upp fyrir þinginu brèf, sem eg hefi fengið frá dómsmálastjórninni, dagsett 3. f. m. viðvíkjandi nokkrum almennum lagaboðum sem komið hafa út fyrir Danmerkur konungsríki á árunum 1865 og 1866.

Jafnframt því að stjórnin ekki lætur hjá líða að senda herra

stiptamtmanninum, sem fulltrúa konungs á alþingi 1 exemplar af þeim almennu lögum, sem út eru komin fyrir Danmerkur konungsríki á árunum 1865 og 1866, til þess að alþingi gefist kostur á í samkomu þess, sem nú er fyrir hendi, að yfirvega, hvort nokkurt af þeim sè þess eðlis, að það gæti náð til Íslands, skal hún, næst því með tilliti til laga af 14. ág. 1865 um aðgang útlendra skipa til vöruflutninga innanríkis, almennra hegningarlaga af 10. febr. 1866 og laga af 16. s. m. viðvíkjandi afplánun fèsekta í öðrum málum en sakamálum að athuga, að hins nauðsynlega, eins og herra stiptamtmanninum er kunnugt, er þegar gætt, með því að tilsvarandi lagafrumvörp verða lögð fyrir alþing, þènustusamlega láta í ljósi til þóknanlegrar leiðbeiningar, að dómsmálastjórnin sjálfsagt að sínu leyti hefir ekki um sinn fundið ástæðu til að leggja fyrir þingið neitt af hinum lögunum sem frumvarp.

Lögstjórnin í Kaupmannahöfn, 3. júní 1867.

Eg afhendi því samkvæmt hinu upplesna stjórnarbrèfi 1 ex. af lagaboðum þessum hinum háttvirta forseta, til yfirvegunar og frekari meðferðar þingsins.

Forseti: Samkvæmt fyrirmælum hins háttvirta konungsfulltrúa, verða lagaboð þessi lögð fram á lestrarsalinn til þess þingmenn þar geti kynnt sèr þau.

Eg mun ákveða fund á morgun kl. 12.

Fundi slitið.

---

3. fundur. — 3. júlí.

Allir á fundi. Þingbók frá 1. og 2. fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg hefi fengið tilkynning um kosningar formanna og skrifara í nokkrum af nefndum þeim, er kosnar eru til að rannsaka og segja álit sitt um hin konunglegu frumvörp, svo sem frá nefndinni um konunglegt frumvarp til laga handa Íslandi um afplánun fèsekta í öðrum málum en sakamálum, og er Bergur Thorberg kosinn formaður nefndar þessarar en Arnljótur Ólafsson

skrifari. Í nefndinni um konunglegt »frumvarp til opins brèfs handa Íslandi um það, hvernig borga eigi kostnað þann, er ris af flutningi þurfamanna», er Páll J. Vídalín kosinn formaður og Jón Guðmundsson skrifari. Í nefnd þeirri sem kosin var um »frumvarp til almennra hegningarlaga handa Íslandi», er Bergur Thorberg formaður og Arnljótur Ólafsson skrifari.

Samkvæmt dagskránni kemur nú fyrst fyrir í dag að kjósa nefnd í málið um konunglegt »frumvarp til stjórnarskipunarlaga handa Íslandi», og vil eg biðja einhvern hinna heiðruðu þingmanna að stinga upp á hve fjölmenn sú nefnd skuli vera.

Sighvatur Árnason: Eg vil leyfa mèr að stinga upp á 9 manna nefnd.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil leyfa mèr að bera fram þá uppástungu samkvæmt 64. grein alþingistilskipunarinnar, að nefnd verði ekki kosin í mál þetta í dag, heldur að málið sè rætt hèr á þingi á morgun, og þá gengið til atkvæða um, hvort nefnd skuli kosin. 64. gr. alþingistilskipunarinnar gjörir ráð fyrir þessu, og líka eru dæmi til þess, að konungleg frumvörp hafa gengið fram á þingi svo, að engin nefnd hefir verið sett í þau. Þegar nú nefnd er undir eins kosin í konungleg frumvörp, þá eru þau, að umræðunum til, ver farin en jafnvel hinar einföldustu bænarskrár og uppástungur, því að í öllum þeim eru nú, og það opt langar inngangsumræður. Eg get eigi sèð, að inngangsumræður um konungleg frumvörp sè fremur á móti alþingistilskipuninni en inngangsumræður um bænarskrár, þótt þær inngangsumræður reyndar lúti að því, hvort nefnd skuli kjósa eður eyða málinu, en hitt sè sjálfsagt, að þingið taki frumvörpin til umræðu. En inngangsumræður um frumvörp eru líka gagnlegar og opt alveg nauðsynlegar til þess að málið verði þingmönnum ljósara, og þeir geti komið sèr niður á hve marga menn og hverja þeir vili kjósa í nefndirnar. Mèr finnst þinginu ekki veita af að nota allan sinn rètt til að ræða slíkt mál, og þetta er, og það ætti því fremur að rýmka en þrengja þingsköpin.

Forseti: Viðvíkjandi þeirri uppástungu, er hinn virðulegi þingmaður Borgfirðinga gjörði, þá skal eg geta þess, að alþingistilskipunin gjörir ekki ráð fyrir þeirri meðferð; hún segir, að ef enginn beiðist, að nefnd sè kvödd, skuli á næsta fundi með atkvæðagreiðslu skera úr því, hvort ráða eigi til, að frumvarpið verði gjört óbreytt að lögum, án þess að nefnd sè kosin, en gjörir ekki

ráð fyrir slíkri umræðu sem þingmaðurinn talar um. Mèr getur ekki heldur fundizt hún nauðsynleg, því þingmenn hafa nú haft tvo daga til að kynna sèr málið og hugsa um það, svo jeg vona þeir sè orðnir færir um að kjósa nefnd í það; en sè það meining þingmannsis að stinga upp á, að þingið skuli biðja konung að gjöra frumvarpið öldungis óbreytt að lögum, þá skal eg skjóta þeirri uppástungu til atkvæða þingsins.

Arnljótur Ólafsson: Eg fæ ekki sèð, að skilningur forseta á 64. gr. alþingistilsk. sè alveg rèttur; í 64. gr. segir, ef enginn beiðist að nefnd sè sett, þá skuli það geymt til næsta fundar, og má þá kjósa nefndina. Á alþingi 1845 og 1849 voru tvö þau tilfelli, að mál komu eigi í nefnd. En auðsætt er, að þingmenn geta eins gjört og mega eins gjöra breytingaratkvæði við frumvörpin fyrir því þótt engin nefnd sè kosin. Það er öldungis ekki mín meining að beiðast þess, að frumvarpið verði gjört óbreytt að lögum, heldur vildi eg, að þinginu gæfist færi á að ræða það fyrst til inngangs, og hygg eg þess eigi vanþörf, þótt vèr svo fengjum þrjár umræður um þetta mál.

Forseti: Eg vil einungis skýrskota til þess, sem eg sagði áður. Það hefir verið stungið upp á 9 manna nefnd og veit eg ekki, hvort nokkur hefir á móti því.

Þá stungu nokkrir upp á 7 manna nefnd; var þá atkvæða leitað og var það samþykkt, að 9 manna nefnd skyldi kjósa.

Var þá gengið til atkvæða og voru þessir kosnir:

1. Benedikt Sveinsson . . með 24 atkv.
2. Jón Sigurðsson frá Gautlöndum — 23 —
3. Páll Vídalín . . . . . — 20 —
4. Jón Guðmundsson . . . — 19 —
5. Jón Hjaltalín . . . . . — 18 —
6. Eiríkur Kúld . . . . . — 16 —
7. Stefán Jónsson . . . . — 16 —
8. Haldór Kr. Friðriksson . . — 14 —
9. Stefán Thordersen . . . — 14 —

Málið afhent þingmanni Árnesinga

Því næst var kosin 5 manna nefnd í málið um konunglegt framvarp til tilskipunar um breytingu á ákvörðununum um gjald spítalahlutanna á Íslandi, og voru þessir kosnir:

1. Pètur Pètursson með 17 atkv.
2. Torfi Einarsson — 12 —

3. Jón Hjaltalín . . með 10 atkv.
4. Halldór Kr. Friðriksson — 9 —
5. Stefán Jónsson . — 7 —

Magnús Jónsson hafði einnig 7 atkvæði, en með því Stefán Jónsson var þeirra eldri, hlaut hann kosningu.

Var málið afhent hinum fyrsta konungkjörna þingmanni (Pètri byskup Pèturssyni).

Forseti: Eg skal þá biðja hina háttvirtu þingmenn, samkvæmt alþingistilskipuninni að kjósa tvo menn til þess að standa fyrir útgáfu alþingistíðindanna.

Var þá gengið til atkvæða og urðu þessir fyrir kosningu:

1. Sveinn Skúlason með 22 atkv.
2. Jón Pètursson — 15 —

Forseti: Dagskránni er þá lokið, og verður eigi meira gjört í dag; þar eð nú sem stendur engin mál eru fyrir hendi, sè eg ekki til neins að ákveða fund fyrr en á laugardag, en eg vona, að hinir heiðruðu þingmenn noti tímann svo vel, að nefndirnar geti komið sèr niður á þeim málum, sem þær hafa til meðferðar, og sömuleiðis, að vèr getum fengið safnað og undirbúið til umræðu talsvert af bænarskrám; að því sem mèr er enn kunnugt þá eru bænarskrár þær, sem komnar eru reyndar hvorki margar að tölu, nè margbreyttar að efni til, en þetta verður fyrst sagt með áreiðanlegri vissu, þegar þær eru allar komnar fram. Mèr þætti bezt fara, ef að nefndarálit í hinum lèttari málum og bænarskrár og uppástungur þingmanna kæmi svo tímanlega, að vèr fengjum nóg að starfa í næstu viku.

Jón Hjaltalín: Eg vil leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta forseta, hvort hann hafi nokkuð á móti því, að próf í læknisfræði verði haldið hèr í salnum á þessum tveimur dögum sem enginn fundur er.

Forseti: Eg fyrir mitt leyti er ekkert á móti því, og eg ímynda mèr eins að alþingismenn sè það ekki heldur.

Þar eð ekki voru fleiri mál til umræðu, þá var þar næst fundi slitið.

---

4. fundur. — 6. júlí.

Allir á fundi. Þingbók frá seinasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg hefi fengið skýrslu frá nefndinni í stjórnarskipunarlaga málinu um að hún hafi kosið *Jón Guðmundsson* fyrir formann, en síra Eirík Kúld fyrir skrifara.

Eg skal enn fremur skýra þingmönnum frá, að eg hefi skrifað stiptsyfirvöldunum viðvíkjandi prentun alþingistíðindanna, og fengið aptur svar frá þeim dagsett 3. júlí, og hljóðar það þannig:

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 212.

Skilmálar þessir eru líkir þeim, sem áður hafa verið settir, enda í nokkru betri fyrir þingið, og hefi eg ekki fyrir mitt leyti neitt á móti þeim að segja, og ef enginn hinna háttvirtu þingmanna óskar breytingar á þeim, álít eg þá samþykkta af þingsins hálfu.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að leggja fram fyrir þingið þau tvö konunglegu frumvörp til laga um skipamælingar og um að taka íslenzk skip á skipaskrá, sem eg þegar áður hefi getið um, og afhendi eg því hèr með hinum háttvirta forseta þessi tvö frumvörp til meðferðar þingsins.

Forseti: Eg vona þá að hinir háttvirtu þingmenn hafi fengið hver sitt exemplar af frumvörpum þessum, og verða þau sett á dagskrá til næsta fundar og nefnd kosin í þau.

Eptir dagskránni kemur þá til undirbúningsumræðu nefndarálit um frumvarp til laga um að útlendum skipum verði gefinn kostur á að flytja vörur hafna á milli á Íslandi og milli Íslands og Danmerkur. Hinn 3. konungkjörni þingmaður er framsögumaður, og mun hann lesa upp nefndarálitið, og skýra það eptir því sem honum virðist þörf á.

Bergur Thorberg: Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið:

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 221).

Eins og nefndarálitið ber með sèr hefir nefndin ekkert athugavert fundið við frumvarpið, og ræður hún þess vegna til að gjöra það, að efninu til, óbreytt að lögum. Hún hefir stungið upp á lítilli orðabreytingu þar sem hún, ræður til, að orðið »forrèttindi« sè sett í staðinn fyrir »einkarèttindi«, og mundi það þó varla geta valdið misskilningi þó orðið hèldist óbreytt, en betur fannst nefndinni orðið »forrèttindi« eiga við, því hèr er ekki talað um ríki sem hafa «Monopol», eða einkarètt heldur forrètt eður meiri

rètt en aðrar útlendar þjóðir í verzlunarviðskiptum við Danmörku. Eg skal um leið geta þess, að mèr finnst önnur orðabreyting vera hagkvæm, nefnilega, að í staðinn fyrir: »að Færeyjum *meðteknum*« verði sett: »að Færeyjum *meðtöldum*«, og leyfi eg mèr að áskilja nefndinni rètt til breytingaratkvæðis í þá stefnu. Ástæðurnar fyrir frumvarpinu sýna, hvernig á því stendur, að það er komið fram; það gjörir enga breytingu á hinum eldri íslenzku verzlunarlögum, nema að það afmáir bann það sem 3. gr. í verzlunarlögunum frá 15. apríl 1854 inniheldur, móti því að hafa útlend smáskip til flutninga hafna á milli á Íslandi og milli Íslands og Danmerkur. Eg skal svo eigi orðlengja meira um þetta að sinni.

Pètur Guðjónsson: Jafnframt og eg viðurkenni, að það hefir vakað fyrir nefndinni, að orðið *einkarèttindi* væri ekki vel valið, verð eg að geta þess, að mèr finnst *forrèttindi* eiga jafnilla við, því hèr er að ætlun minni talað um «Ligeberettigele». Í fyrstu línu frumvarpsins stendur orðið sem við á, nefnilega *jafnrètti* og vil eg áskilja mèr breytingaratkæði í þá stefnu, að þetta orð verði brúkað, í stað hinna. Því eg ætla, að hèr muni meint skip þeirra þjóða, sem unna Dönum jafnrèttis fyrir skip þeirra heima hjá sèr.

Bergur Thorberg: Nefndinni skildist svo, að *jafnrètti* lyti hèr til þess að útlendar þjóðir ættu að veita Danmörku sama rètt aptur á móti. En þar sem frumvarpið talar um ríki þau, er hafa einkarèttindi, þá virðist auðsætt, að þar með sèu meint þau ríki, sem hafa meiri rèttindi í verzlunarviðskiptum við Danmörku en útlend ríki almennt hafa, eða sem yfir höfuð að tala hafa áþekk rèttindi og innlend skip (national Behandling) viðvíkjandi tollgjaldi og fleiru þess konar.

Pètur Guðjónsson: Það sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður sagði styrkir mig einmitt í því, að orðið *jafnrètti* sè betra; það getur ekki verið spursmál um *forrèttindi*, þar sem það er kunnugt, að svo margar þjóðir hafa jafnrètti í verzlunarviðskiptum sínum við Danmörk.

E. Kúld: Eg veit ekki hvort hinn háttvirti framsögumaður áskildi nefndinni rètt til breytingaratkvæðis, á orðinu »meðteknum Færeyjum«. Því annars vil eg gjöra það sjálfur.

Bergur Thorberg: Eg áskildi nefndinni rètt til að gjöra uppástungu um breytingu þá, sem hinn heiðraði varaþingmaðnr Barðastrandarsýslu minntist á. Að öðru leyti skal eg með tilliti til athugasemda þingmannsins úr Gullbringusýslu ítreka það sem

eg áður sagði, að orðið jafnrètti (ef jafnrètti kemur á móti) lítur til þess, að útlend ríki, er fyrir sín skip öðlast rèttindi þau, sem hèr er um rætt, veiti dönskum skipum hinn sama rètt hjá sèr; en það er í frumvarpinu ekki gjört ráð fyrir, að öll útlend ríki geti öðlazt þenna rètt, sem dönsk skip ein hingað til hafa haft, heldur einungis þau ríki sem að öðru leyti hafa forrèttindi í verzlunarviðskiptum við Danmörku, (privilegerede Stater).

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls álít eg mál þetta útrætt til undirbúnings.

Eptir dagskránni kemur næst til umræðu bænarskrá úr Suður-Þingeyjarsýslu, og ýmsum öðrum sýslum, um stjórnarbót og þjóðfund; flutningsmaður þessa máls er þingmaður Suður-Þingeyjinga.

Jón Sigurðsson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa bænarskrána úr Suður-Þingeyjarsýslu, því hún virðist mèr yfirgripsmest.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 212).

Niðurlagsatriðin í hinum bænarskránum voru þessi:

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 226).

Eg finn ekki neina köllun hjá mèr til að mæla sèrstaklega fram með bænarskránum, en vil einungis stinga upp á, að þeim verði vísað til nefndarinnar, sem þegar er sett í stjórnarbótarmálinu.

Konungsfulltrúi: Eg er samdóma hinum heiðraða flutningsmanni þessa máls um það, að bænarskrá sú, sem hann las upp — eins og hinar aðrar bænarskrár, er komnar eru hèr inn á þingið um sama efni —, stendur í nánasta sambandi við frumvarpið til stjórnarskipunarlaga handa Íslandi, og eg efast þess vegna ekki um, að þessum bænarskrám verði vísað til nefndarinnar, sem kosin er í þetta mál.

Hvað þá viðvíkur fyrsta atriði bænarskráarinnar frá Suður-þingeyjarsýslu, þá er, eins og þèr vitið, því að öllu leyti fullnægt í hinu konunglega frumvarpi; og hvað annað atriði hennar snertir, þá er það samkvæmt hinni konunglegu auglýsingu til þingsins komið undir atkvæði ríkisþingsins, og ef alþingi ætlar sèr í því efni að hafa nokkur áhrif á það, þá eiga þingmenn eptir minni meiningu að senda konunginum bónarbrèf þess efnis, að hann láti sèr annt um, að fjártillagið til Íslands úr rikissjóðnum verði ákveðið sem höfuðstöll en ekki sem árlegt tillag; að öðru leyti fæ eg ekki sèð, að þetta hafi mikla pratiska þýðingu fyrir Ísland, því ef tillagið verður ákveðið sem höfuðstóll, þá er það sjálfsagt, að

alþingi mundi að eins fá myndugleika til að *disponera* yfir rentunum, og á hinn bóginn er það einnig sjálfsagt, eptir heityrði konungs, að tillagið verður ekki ákveðið af ríkisþinginu á hverju ári, heldur að eins í eitt skipti.

Þá er eptir hið þriðja atriði bænarskráarinnar, nefnilega beiðnin um þjóðfund; um þetta spursmál er rætt svo skýlaust og beint í ástæðunum til hins konunglega frumvarps, að þegar það kemur til umræðu hèr á þinginu, þá verður tími til þess að greiða úr því; eg skal þess vegna ekki orðlengja um það í dag, en að eins taka fram, að þessi beiðni er byggð á hinni sömu röngu hugmynd og hinar bænarskrárnar um sama efni, að þjóðfundinum í konungsbrèfi frá 23. september 1848 sè heitinn ákvarðandi eða ályktandi myndugleiki; þetta er — eins og allir, er hafa lesið konungsbrèfið, vita — alveg rangt og ósatt; þjóðfundurinn átti að eins að segja álit sitt um frumvarp það, er fyrir lá; það vita einnig allir, sem geta munað eptir því, er fram fór á þjóðfundinum hèr í Reykjavík 1851, — eg skal einungis benda til þjóðfundartíðindanna í því efni. Enn fremur skal eg geta þess, að vor hásæli konungur Friðrik hinn VII. ekki hafði ætlað sèr að tilsegja eða veita alþingi eða þjóðfundi þess konar myndugleika eins og hann heldur ekki lofaði eða gaf ríkisfundinum í Kaupmannahöfn frá 1848 og 1849 þenna myndugleika, því eg segi yður satt: Ríkisfundurinn var einungis ráðgefandi þing, en hann varð *constituerandi,* eða ákvarðandi, vegna þess að hann varð ásáttur við stjórnina um öll atriði grundvallarlaganna; og á sama hátt getur alþingi orðið *constituerandi,* eða ákvarðandi, ef það kemur sèr saman við stjórnina í þetta skipti, en á annan hátt getur hvorki alþing nè þjóðfundur fengið ályktandi vald.

Loksins skal eg geta þess, að allar bænarskrár um þjóðfund í þetta skipti hafa, að mèr virðist, það mark og mið að vera *Tillidsadresser,* er menn svo kalla; það er með öðrum orðum, að þær miða til þess að yfirlýsa trausti kjósendanna til þeirra þingmanna, sem í hitt eð fyrra voru í flokki meiri hlutans á þinginu í fjárhagsmálinu; — getur verið, að meiri hlutiun hafi óskað þess konar trausts; eg ætla ekki að dæma um það. En ein er bænarskrá meðal hinna framlögðu, sem ekki hefir þenna flokkablæ á sèr, og það er bænarskráin frá Stranda og Dalasýslum; eg skal leyfa mèr að lesa upp niðurlagsatriði hennar, sem er svo látandi.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 227).

Forseti: Eg álít það sjálfsagt sem hinn heiðraði flutningsmaður stakk upp á, að vísa bænarskrám þessum til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu, og ef enginn hefir á móti því, álít eg það samþykkt. Viðvíkjandi því, er hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði um þjóðfund, þá mun nefndinni gefast tækifæri á að skýra það mál, og ætla eg ekki að tala um það að þessu sinni.

Þá kemur til inngangsumræða og nefndarkosningar, ef þingið ályktar svo, bænarskrá úr Norður-Þingeyjarsýslu og úr Ísafjarðarsýslu um gufuskipsferðir kringum Ísland; flutningsmaður er þingmaður Norður-Þingeyinga.

Sveinn Skúlasson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp bænarskrána úr Norður-Þingeyjarsýslu.

(Sbr. síðari parti alþingistíðindanna, bls. 217).

Niðurlagsatriði bænarskráarinnar úr Ísafjarðarsýslu um gufuskipsferðir kringum Ísland og póstgöngur á Vestfjörðum fer því fram, að beiðendur skora á alþingismenn, að þeir

1. Ítreki þá allraþegnsamlegustu bæn, er hið síðasta alþingi bar upp um gufuskipsferðir í kringum Ísland.
2. Biðji allraþegnsamlegast, að póstferðunum milli Stykkishólms og Ísafjarðar verði fjölgað þannig, að póstur fari frá Stykkishólmi til Ísafjarðar í hvert sinn, sem póstferð hefir fallið þangað frá Reykjavík.

Mèr er engin þörf á að mæla fram með bænarskrá þessari, því mál þetta hefir ávallt fengið svo góðan byr hèr á þingi; það liggur öllum í augum uppi, að þetta er hið mesta nauðsynjamál, og eini vegurinn til þess, að samgöngur geti orðið nógu tíðar; hèr er málið reyndar tekið sèrstaklega fyrir eitt kjördæmi, en það er eðlilegt, því það hefir áður verið skoðað frá almennu sjónarmiði, svo þess var nú ekki þörf.

Konungsfulltrúi: Eg er samdóma því, sem farið er fram á í bænarskrá þeirri, er nú var lesin upp, að það sè velferðarmál fyrir landið, að komið verði á reglulegum gufuskipsferðum kringum strendur Íslands, og eg vil styðja það mál svo kröptuglega sem eg get. En eins og þingmenn hafa sèð af hinni konunglegu auglýsingu, hefir það ekki verið unnt fyrir stjórnina, áður en útkljáð er um fjárhagsstöðu Íslands framvegis, að ráða þessu máli til lykta; því til þess þarf peninga, og alþingi hefir í hitt eð fyrra ráðið frá, að hin tvö lagafrumvörp, sem lögð voru fyrir þingið, annað um breytingu á 6. og 7. grein í lögum frá 15. apríl 1854,

og hitt um brennivínsverzlun og brennivínsveitingar á Íslandi, yrði gjörð að lögum, en þessi tvö lagafrumvörp voru ætluð til að útvega peninga til þessa máls og annara velferðarmála fyrir landið. Það er þess vegna alþinginu frá í hitt eð fyrra að kenna um, að gufuskipsferðirnar með fram ströndum landsins enn þá ekki eru byrjaðar. Ef það heppnast í þetta skipti að koma hinni nýju stjórnarskipun Íslands í kring, mun það sjálfsagt verða eitt hinna fyrstu mála, sem verða fengin hinu löggefandi alþingi til meðferðar, að koma þessum gufuskipsferðum á; ef það ekki heppnast, getur skeð að stjórnin, er, eins og segir í hinni kgl. auglýsingu til þingsins, að eins hefir skotið þessum tveimur lagafrumvörpum, sem eg áður nefndi, á frest, lögleiði þau hèr á landi, eins og alþingistilskipunin efalaust gefur henni vald til, og þá, þegar peningarnir þannig eru fengnir, komi þessum gufuskipsferðum á.

Eg álít þess vegna ekki nauðsynlegt, að þingið kjósi nefnd í mál það, er hèr ræðir um.

Sveinn Skúlason: Viðvíkjandi því, er hinn hæstvirti konungsungsfulltrúi sagði, vil eg leiða athygli þingsins að því, að þetta er hið fyrsta fjárbeiðslumál, sem kemur fyrir það í þetta skipti, og verður því þingið, undir eins og þetta fyrsta mál kemur fyrir, að taka sèr einhverja almenna reglu, er það ætlar að fylgja í þess konar fjárbeiðslumálum; það verður nú þegar að ráða það við sig, hvort það ætlar að halda þess konar málum áfram eða sleppa þeim. Mèr finnst þingið eins vel nú geta haldið þess konar málum áfram, og það einmitt því fremur, sem vonandi er, að stjórnarbótarmálið komist bráðum í kring, og þá fær alþingið vald til að leggja á skatta, og landstjórnin meira fè yfir að ráða, svo þess konar mál, sem eru svo áríðandi fyrir landið, geta þá komizt fyrr í kring, og orðið næstum jafnhliða stjórnarbótinni. En eins og nú stendur get eg ekki sèð, að þingið geti sleppt því að ræða öll þess konar mál, því stjórnarbótarmálið er enn svo skammt komið á þessu þingi, og fjárhagsmálið hvílir sig sem stendur hjá stjórninni; og það væri því næsta viðsjárvert fyrir þingið að hepta umræðu allra velferðarmála vorra, sem fara fram á fjárbeiðslu.

Forseti: Er það ekki meining þingmannsins að stinga upp á nefnd.

Sveinn Skúlasson: Jú, sjálfsagt, og eg held að nægi 3 manna nefnd.

Pètur Guðjónsson: Eg sè ekki til neins að fara fram á að

biðja um fjárveitingu nú sem stendur, og vil eg þess vegna ráða til, að bænarskrá þessari verði vísað til nefndar þeirrar, sem kosin var 1865, og kölluð að mig minnir ruslakista, það er sjálfsagt að þetta er eitt af velferðarmálum vorum, en eg get samt ekki að þessu sinni veitt því meðmæli, að það sè tekið til meðferðar, *(Forseti:* Það getur ekki verið umtalsmál, að vísa nokkru máli til nefndar frá 1865, því hún er ekki lengur til) eg álít hana permanent.

Eiríkur Kúld: Má eg biðja þingmanninn að skýra fyrir mèr til hverrar nefndar hann meinar með þessu nafni, því eg þekki enga nefnd frá 1865 með þessu nafni.

Benedikt Sveinsson: Eg vil þá leyfa mèr að stinga upp á því, að þess konar óviðkomandi ræðum sem þessum linni.

Forseti: Það hefir verið stungið upp á 3 manna nefnd skal eg biðja þá sem vilja kjósa nefnd í málið að gjöra svo vel og standa upp.

Var það þá samþykkt með 18 atkvæðum gegn 1, að nefnd skyldi kjósa og voru síðan þessir kosnir:

Sveinn Skúlason	með	19 atkv.
Arnljótur Ólafsson	—	9 —
Ólafur Pálsson	—	5 —

Þeir Bergur Thorberg og Stefán Eiríksson höfðu einnig 5 atkvæði hver; en með því Ólafur Pálsson var þeirra elztur, varð hann nefndarmaður.

Forseti: Samkvæmt dagskránni koma þá næst til inngangsumræðu, og til nefndarkosningar, ef þingið ákveður svo, bænarskrár um fiskiveiðar útlendra úr þessum sýslum:

1. úr Borgarfjarðarsýslu.
2. úr Norðurþingeyjarsýslu.
3. úr Ísafjarðarsýslu.

Bænarskrárnar voru afhentar þingmanni Borgfirðinga, sem flutningsmanni málsins, og las hann bænarskrá Borgfirðinga þannig hljóðandi:

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 218).

Niðurlagsatriði bænarskráar Norðurþingeyinga um fiskiveiðar útlendra:

> »Vèr vonum því, að hið heiðraða alþing leggi enn í ár allan áhuga á þetta mál, og gjöri uppástungu í þá átt, að í stað hins eina stórskips frá Dönum verði eptirleiðis sendir fáeinir smágufubátar, sem að vorri ætlun færi

nærri lagi að væru fjórir 12—20 lesta gufubátar með 1 fallbyssu á borð; skyldu þeir vera á sífelldu rölti með ströndum fram á meðan enskar og franskar skútur dvelja hèr við land. Enn fremur vonum vèr, að þess yrði beiðzt í álitsskjalinu til stjórnarinnar, að hún vildi semja um það við stjórnir stórveldanna, að þær einnig skyldu senda smágufubáta til að gæta að fiskiskútum þeirra«.

Niðurlagsatriði bænarskrárinnar úr Ísafjarðarsýslu hljóðar þannig:

»Að konungur vor af mildi sinni og vizku láti betur gæta rèttinda vorra hèr eptir en hingað til.

Eða, ef þinginu virtist tiltækilegra, að alþingi sjálft skrifaði hinum voldugu þjóðum, sem hlut eiga að máli, hógværa en þó skorinorða bænarskrá um að láta ekki fiskara sína um of þröngva kostum fámennrar og varnarlausrar þjóðar.

Arnljótur Ólafsson: Eg get ekki annað en mælt með því, að nefnd sè sett í þessu máli, og það því fremur, sem bænarskráin er líks efnis og aðrar bænarskrá, er komið hafa hèr til þings að undanförnu um sama efni, og sem þingið að miklu leyti hefir fallizt á. Það sem enn fremur mælir með því, að nefnd sè sett, er það, að ekkert í hinni konunglegu auglýsingu til þessa þings, bendir til þess, hvað samningum þeim líði, sem stjórnin er að reyna að koma á við þjóðir þær, er hlut eiga að máli; þingmönnum mun því ókunnugt um, hvernig samninga-tilraununum líði nú; en eg vona hinn háttvirti konungsfulltrúi geti gefið þinginu nægar upplýsingar í þessu efni, þegar málið kemur til umræðu. Það er og kostur við bænarskrána, að hún fer í sömu stefnu og fram á það, sem vèr vitum, að hefir verið samningsefni milli Danastjórnar og stjórnenda þeirra meginríkja, er hèr hafa fiskiveiðar, svo er það og enginn smávegis kostur við bænarskrána, að hún fer ekki fram á neitt fjártillag úr ríkissjóði, heldur þvert á móti vill spara kostnað þann, er leiðir af haldi hins danska herskips til siglinga hèr í kringum landið.

Konungsfulltrúi: Eins og skýrt var frá í hinni konunglegu auglýsingu til alþingis í hitt eð fyrra, var danska stjórnin þá þegar farin að semja við stjórnina á Frakklandi um að undantekningar yrðu gjörðar frá hinum almenna þjóðarètti, hvað fiskihelgi undir Íslandi og hin íslenzku fiskimið, er landsmenn sækja á opnum skipum, snertir, og hefir stjórnin látið sèr mjög annt um að koma slíkum samningi á, en þrátt fyrir allar tilraunir stjórnarinnar í þessa

átt, hefir það enn þá ekki heppnazt. Menn mega ekki kenna dönsku stjórninni um þetta, því eg er sannfærður um, að frá hennar hálfu sè allt gjört og verði allt gjört framvegis sem unnt er til þess að útkljá mál þetta eptir óskum Íslendinga; en það eru sameiginleg forlög hinna minni þjóða, einkum á seinni tímum, að þær ekki geta framfylgt rèttindum sínum, eða undantekningum frá almennum þjóðarètti gegn stórveldunum.

En stjórnin vonast enn þá eptir, að koma málefni þessu í lag með samningum við þjóðir þær, er hlut eiga að máli, og eins og eg nýlega drap á áður, þá hefir hún ekki sleppt og ætlar ekki að sleppa máli þessu úr höndum sèr. Frá hálfu þingsins er málið, að eg held, svo vel undirbúið á alþingi 1863, að mèr virðist ekki nauðsyn bera til, að nefnd sè kosin í það, eins og líka, að ætlun minni, þetta ekki er nauðsynlegt til þess að flýta fyrir málinu hjá stjórninni; en að öðru leyti vil eg skjóta því undir álit hins heiðraða þings.

Arnljótur Ólafsson: Eg er í rauninni á sama máli sem hinn háttvirti konungsfulltrúi, en get þó ekki annað en mælt með því, að nefnd verði sett í málinu, til þess það ekki sýnist svo, sem bæði þjóðin og þingið hafi misst þann áhuga, sem það að undanförnu hefir haft á málinu. Eg veit það vel, að nefndin getur ekki annað en ítrekað það, sem beðið var um 1863, og að eigi þarf að reka á eptir stjórninni, sem kunnugt er, að hefir fullan áhuga á að koma þessu máli í kring; en þingið verður og að gjöra skyldu sína, sem er að láta stjórnina enn vita, að bæði þjóð og þing álíti þetta mál enn sem fyrr eitthvert hið mesta velferðar- og nauðsynjamál landsins.

Pètur Guðjónsson: Eg vil styðja að því af öllum kröptum, að nefnd verði sett í máli þessu, og það í fyrsta lagi, af því, að bænarskráin er haldin í þeim tón og anda, að mèr líkar hún mjög vel; hún gengur í »loyal» stefnu, í öðru lagi af því, að hún fer því fram, sem er lífsspursmál kjósenda minna, og í þriðja lagi af því, að mèr er kunnugt, að stjórnin hefir fullan áhuga á að koma þessu máli í sem bezt horf fyrir oss.

Eiríkur Kúld: Eg stend ekki upp til þess að mæla á móti nefnd, heldur vilda eg miklu fremur styðja að því, að nefnd verði sett í málinu. Einungis skal eg benda til þess, ef svo virðist sem bænarskráin eins og í einhverju tilliti víki að því, að hið danska herskip ekki hefði nægilega uppfyllt ætlunarverk sitt (*Arnljótur*

Ólafsson: Nei), en þetta er má ske ekki heldur meining bænarskráarinnar; þá skal eg samt í því tilliti geta þess, að mèr er kunnugt, að yfirmenn skipsins hafa boðið útlendu fiskiskipi að víkja af stöðvum þeim, er því ekki var leyft að fiska á einmitt hèr í Faxaflóa, og eg er öldungis sannfærður um, að það er engan veginn áhugaleysi þeirra að kenna, að þeir ekki hafa getað komið meiru til leiðar, heldur miklu fremur af því, að þeir ekki hafa verið svo útbúnir sem skyldi, og fyrir þá skuld að þá vantaði nægileg kol orðið að liggja inni á höfnum, meir en þeir annars hefðu gjört.

Arnljótur Ólafsson: Með tilliti til þess, sem þingmaður Barðstrendinga mælti, skal eg geta þess, að það er sterklega tekið fram í bænarskránni, að foringi skipsins hafi gjört skyldu sína, svo það getur ekki verið rètt hermt, er hann sagði. Eg sting upp á, að 3. manna nefnd verði kosin.

Stefán Eiríksson: Mèr finnst það sjálfsagt, að nefnd verði sett í þessu máli, því það er alkunnugt að það er ekki einungis á fiskimiðunum, að þessir útlendu menn gjöra óskunda, heldur á hið sama sèr stað frá þeirra hálfu með landi fram bæði á æðarvarpi, bjargfugli og gripum; eg skal einungis benda þinginu til ráns þess sem fram fór í Vigur 1863, og sömu ránstiltektir hafa útlendir fiskimenn framið í Vigur nú í ár, en vegna þeirra lúalegu undirtekta stjórnarinnar undir ránið í Vigur 1863 áleit presturinn á Stafafelli að þýðingarlaust væri fyrir sig að senda nú umkvartanir, þar hann hafði engar bætur fyrir undangengnar ránstiltektir. Af þessum og þvílíkum tiltektum útlendra álít eg sjálfsagt, að setja nefnd í málinu, svo stjórnin þó sjái, að sama framhald á ránskap útlendra fiskimanna á sèr stað enn sem fyrr.

Sighvatur Árnason: Eg vil mæla með því, að nefnd verði kosin; því meir og meir vex ágangur hinna útlenda fiskimanna, og af hegðun þeirra ekki að sjá, að þeim sèu nein takmörk sett um fiskiveiðar hèr við land, önnur en brimgarðurinn, enda verður hann þeim æði opt til ásteytingar, og ef mál þetta yrði fellt frá nefnd, gæti það litið svo út, sem þjóðin og þingið hefði ekki lengur þann áhuga á málinu, sem það að undanförnu hefir haft og hefir enn. Það er alkunnugt, hvaða óskunda þessir fiskimenn gjöra, en það er líka sèr í lagi að eg vil benda til þess tjóns, sem þeir gjöra með niðurburði á djúpinu, því þar við dregst allur fiskur af grunninu, því vandi þeirrra er að sigla jafnan til djúpsins á með-

an þeir slægja fiskinn, sem þeir hafa dregið upp við landsteina, enda hafa menn lagt merki til þess, að þá fyrst fari fiskurinn af grunninu. Í öðru lagi vil eg gefa athygli þeirri uppástungu í bænarskránni, sem fer því fram, að Faxaflói sè tekinn undir fiskhelgi landsins, því auk þess, sem þessir útlendu fiskimenn spilli þar fiskiveiðum, eins og annarstaðar hèr við land, er innlendum fiskibátum mesta hætta búin af hegðun þeirra, sumra hverra, því dæmi eru til, að þeir hafa bæði siglt og látið berast svo beint á þá, að þeir hafa með naumindum getað forðað sèr undan þeim.

Forseti: Það var stungið upp á þriggja manna nefnd, og ef enginn þingmanna mælir móti því, álít eg það samþykkt; skal eg þá biðja þingmenn að ganga til atkvæða.

Síðan voru þessir kosnir í nefndina:

Arnljótur Ólafsson með 20 atkv.
Pètur Guðjónsson — 11 —
Stefán Eiríksson — 11 —

Málið afhent þingmanni Borgfirðinga.

Forseti: Þessu næst kemur til inngangsumræðu og til nefndarkosningar, ef þingið svo ákveður, bænarskrá Eyfirðinga um kosning alþingismanns fyrir Akureyri. Þingmaður Eyfirðinga er flutningsmaður bænarskrárinnar.

Stefán Jónsson: Eg skal leyfa mèr að lesa bænarskrána:

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 220).

Eg býst við því, að allir þingmenn eða einkum hinir þjóðkjörnu muni gjöra góðan róm að þessu máli, því það er gamalt máltæki, að aldrei er góðum liðsmanni ofaukið, enda fer og bænarskráin því einu fram, sem samkvæmt er þeirri grundvallarreglu, að hvert lögsagnarumdæmi hafi sinn fulltrúa; eg vona því að nefnd verði kosin í þetta mál.

Ólafur Pálsson: Eg skal leyfa mèr að vekja athygli þingsins að því, hvort eigi muni rèttast að vísa málefni þessu til nefndar þeirrar, er sett var í stjórnarbótarmálinu, þar sem tala fulltrúanna er einskorðuð, og er því tilhlýðilegra, að þetta málefni sè þar tekið til greina, sem til er annar kaupstaður, sem eins stendur á fyrir og Akureyri.

Pètur Pètursson: Eg álít það óþarft, að setja nefnd í þetta mál, einkum þegar litið er til þess kostnaðar, sem af því leiðir að fjölga tölu þingmanna. Á Akureyri eru einungis 300 manns og 6 lítilfjörleg býli á Oddeyri og virðist ekki bærinn hafa svo sèrstaklegar

þarfir, að þar þurfi sèrstakan þingmann; en fari svo að Akureyri fái sèrstakan fulltrúa, þá er mjög líklegt, að ekki verði þess lengi að bíða, að Ísafjörður beiðist slíks hins sama.

Sighvatur Árnason: Eg get ekki mælt með því, að nefnd verði sett í málinu í þetta sinn, þar sem ekki er um stærri kaupstað að gjöra en Akureyri; en að öðru leyti er eg ekki mótfallinn þeirri setningu, að þegar kaupstaðirnir eflast að innbúum og efnahag, og sá tími upp rennur, að þinginu er nauðsynlegt að auka krapta sína sökum þess, að það hafi bæði meiri þýðingu og meira að gjöra, þá sè fyrst þarflegt að fjölga fulltrúum.

Hjálmur Pètursson: Eg fellst á uppástungu hins konungkjörna varaþingmanns um að málefni þessu sè vísað til nefndarinnar í stjórnarskipunarmálinu, því stjórnarskipunarfrumvarpið grípur yfir kosningar og tölu alþingismanna.

Stefán Jónsson: Af því Akureyri svo nýlega hefir fengið kaupstaðarrèttindi, þá er hana að álíta sem frumbýling; en frumbýlingarnir geta eflzt, og eins er með Akureyri. Það er ekki gott að segja um það nú, hvað úr henni kann að verða. Sú eina ástæða sem komið hefir fram móti bænarskrá þessari er kostnaðurinn, og er það auðvitað, að Akureyri geldur lítið af honum, en líkt má segja um fleiri kjördæmi. Að öðru leyti óska eg þess heldur, að bænarskránni verði vísað til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu, en að hún verði lögð á höggstokkinn.

Forseti: Það eru þrjú atriði, sem koma hèr undir atkvæði þingsins, það er fyrst, hvort fella skuli málið frá nefnd; annað, hvort vísa eigi því til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu; í þriðja lagi, hvort kjósa skuli sèrstaka nefnd í þetta mál.

Var það síðan samþykkt með 17 atkvæðum, að vísa skyldi málinu til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu.

Forseti: Þá er lokið dagskrá í dag, og mun eg slá upp næstu dagskrá til þess á mánudag 8. júlí kl. 12.

Fundi slitið.

---

5. fundur. — 8. júlí.

Forseti skýrði þingmönnum frá, að konungsfulltrúinn hefði

tilkynnt sèr, að hann gæti eigi mætt sökum lasleika, en aðstoðarmaður hans etazráð Þórður Jónasson mætti í hans stað.

Þar næst skýrði forseti einnig frá, að tveir af þingmönnum, hinn konungkjörni varaþingmaður (síra Ólafur Pálsson) og þingmaður Vestu-Skaptafellssýslu hefði tilkynnt forföll, svo þeir gæti ekki mætt á fundi.

Þingbók frá seinasta fundi var síðan lesin og samþykkt.

Forseti: Eg hefi fengið tilkynningu um, að nefndin, sem sett var í málinu um gufuskipsferðir kringum Ísland, hafi kjörið til formanns prófast síra Ólaf Pálsson, og til skrifara Svein Skúlason. Í nefndinni í málinu um fiskiveiðar útlendra er mèr skýrt frá, að Arnljótur prestur Ólafsson sè kosinn formaður, en Pètur Guðjónsson skrifari, enn fremur hefi eg fengið skýrslu frá nefnd þeirri, sem sett var í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar um breytingu á ákvörðunum um gjald spítalahlutanna á Íslandi, að þar sè kosinn formaður herra byskup Pètur Pètursson, en Halldór Kr. Friðriksson skrifari.

Samkvæmt dagskránni kemur þá fyrst til nefndarkosningar konunglegt frumvarp til *laga fyrir Ísland* um *skipamælingar,* og væri vel, að einhver þingmanna stingi upp á, hve fjölmenn sú nefnd skuli vera.

Pètur Pètursson: Eg hygg að þriggja manna nefnd muni nægja.

Björn Pètursson: Ætli það veiti af fimm manna nefnd?

Páll Vídalín: Eg vil biðja þingið að gæta þess, að það er nú þegar búið að kjósa allmargar nefndir, og þær fjölmennar; álít eg því að þess beri að gæta, að kjósa eigi fleiri menn í nefndirnar en brýn nauðsyn ber til, því ella verður það málunum mjög til tafar; eg ætla að 3. manna nefnd sè nægileg í þessu máli.

Forseti: Eg skal biðja hina virðulegu þingmenn að skera úr með atkvæðum, hvort kjósa skuli þriggja manna nefnd eða fimm manna nefnd.

Var þá gengið til atkvæða, og það samþykkt með 13 atkvæðum, að þriggja manna nefnd skyldi kjósa.

Voru þá kosnir:

Jón Pètursson	með	14 atkv.
Pètur Guðjónsson	—	7 —
Bergur Thorberg	—	6 —

Málið afhent hinum 4. konungkjörna þingmanni (Jóni Péturssyni).

Forseti: Þá kemur til nefndarkosningar um konunglegt frumvarp til laga um að taka íslenzk skip upp á skipaskrár; það væri gott, ef einhver þingmanna vildi stinga upp á, hve marga skuli kjósa í nefnd þessa.

Bergur Thorberg: Eg vil stinga upp á þriggja manna nefnd.

Sveinn Skúlason: Eg vil leyfa mèr að spyrja, hvernig á því stendur, að engar ástæður fylgja þessum 2 konunglegu frumvörpum, sem þó er vandi til.

Konungsfulltrúi (*Þórður Jónasson*): Eg skal leyfa mèr í umboði konungsfulltrúa að tilkynna þinginu, að konungsfulltrúi ætlar að láta þinginu í tè athugasemdir til þessara tveggja konunglegu frumvarpa hið allrafyrsta, þegar lokið er prentun þeirra; og skal eg enn fremur leyfa mèr að gjöra þá athugasemd, að í 14. grein frumvarpsins um að taka íslenzk skip upp á skipaskrá, hefir af vangá misprentazt orðið »dönskum» í staðinn fyrir »dökkum» eða því um líkt.

Forseti: Það hefir verið stungið upp á þriggja manna nefnd, og ef enginn hefir á móti því, skal eg biðja þingmenn að kjósa þrjá menn í nefnd þessa. Voru þá þessir kosnir:

Bergur Thorberg	með	17 atkv.
Jón Pètursson	—	13 —
Pètur Guðjónsson	—	10 —

Málið var síðan afhent hinum 3. konungkjörna þingmanni (amtmanni Bergi Thorberg).

Forseti: Þá kemur þar næst til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu konunglegt frumvarp til *laga* um, að útlendum skipum verði gefinn kostur á að *flytja vörur hafna á milli á Íslandi* og milli Íslands og Danmerkur. Framsögumaður er hinn háttvirti þriðji konungkjörni þingmaður.

Framsögumaður (*Bergur Thorberg*:) Eg ætla ekkert að tala um breytingar þær, sem nefndin hefir gjört á frumvarpinu, því það er einungis lítilfjörlegur orðamunur á tveim stöðum, sem á litlu stendur. Viðvíkjandi breytingaratkvæði hins heiðraða þingmanns Gullbringusýslu undir 1. tölulið á atkvæðaskránni, skal eg geta þess, að sú uppástunga fer fram á efnisbreyting á frumvarpinu, því eptir því yrði numið í burtu skilyrði það, sem í frumvarpinu er sett fyrir því, að útlendnm skipum geti orðið veitt hin hèr

um ræddu rèttindi; en skilyrðið er, að dönsk skip aptur á móti öðlist sama rètt hjá hinum útlendu ríkjum, sem hlut eiga að máli; þetta skilyrði, sem í sjálfu sèr er svo eðlilegt, þykir nefndinni ekki ástæða til að fella úr frumvarpinu, heldur ræður hún þinginu til að fallast á frumvarpið, eins og það er, með þeim 2 lítilfjörlegu orðabreytingum er hún hefir stungið upp á.

Pètur Guðjónsson: Eg finn mèr skylt að geta þess, hvað eg hefi meint með breytingaratkvæði mínu. Ef lagaboðið nefnilega verður svo orðað, sem eg hefi stungið upp á þá er frumvarpinu að vísu að svo miklu leyti breytt, sem sú málsgrein þess: »ef jafnrètti kemur á móti« fellur burt, en mèr finnst, að skilyrði það, sem stjórnin tekur fram í þessari málsgrein, koma fram einmitt í því að setja »jafnrètti« í staðinn fyrir nefndarinnar »forrèttindi«, eða frumvarpsins »einkarèttindi«. Það getur verið, ef lagaboðið verður þannig orðað, að það verði nokkuð yfirgripsmeira, en frumvarpið ætlast til, en það tel eg engan skaða fyrir sjóferðir á Íslandi.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg verð að játa, að mèr finnst byrjun frumvarps stjórnarinnar full-ljóslega orðað, og felli mig betur við orð þess en uppástungu þingmannsins úr Gullbringusýslu, því eptir henni verður það ekki eins ljóst, því að jafnrèttið á ekki að miðast við rètt þann, sem útlend skip hafa í ríki Danakonungs, heldur við rètt þann, sem dönsk skip hafa í öðrum löndum. Að því er snertir breytingaratkvæðið undir 2. tölulið á atkvæðaskránni, þá er orð frumvarpsins rèttara, því að orðið einkarèttindi er sömu merkingar og »Privilegium, bæði að fornu og nýju; en »forrèttindi« veit eg eigi að til sè í íslenzku máli, og smáorðið *for* kemur alls eigi fyrir í þeirri merkingu, að það tákni, að eitthvað sè öðru fremra; heldur táknar það eitthvað, sem stendur fyrir framan eða því um líkt, en í *einkarèttindi* liggur, að sá, er þeirra nýtur, gangi fyrir öðrum eða hafi forgöngurètt; eitthvað fremur öðru, líkt og danska orðið «fortrinlig», og í þeirri merkingu er það haft í öllum samsettum orðum. Það er því rètt haft hèr, og vil eg halda því. Breytingaratkvæðið undir 3. tölulið er sjálfsagt að eg fellst á.

Eiríkur Kúld: Þrátt fyrir ræðu hins 5. konungkjörna þingmanns, og þótt eg enginn málfræðingur sè, get eg ekki betur sèð en að orðið *forrèttindi* eigi hèr betur við en *einkarèttindi.* Eg skil ekki, að *for* geti eigi komið fyrir í líkum skilningi í samsettum orðum, og verið hreint mál — eg vil taka til dæmis orðið *formaður* sem

allir þekkja hvað þýðir; og ætla eg í þessu tilliti að aðhyllast breytingu nefndarinnar.

Framsögumaður: Eg skal eigi halda fast fram breytingaratkvæði nefndarinnar, þó mèr finnist *forrèttindi* hèr eptir efninu eiga betur við en einkarèttindi. *Einkarèttindi* tákna að mínu áliti eiginlega rètt þann, sem einhver einstakur maður eður fèlag hefir, sem honum einum er veittur en ekki öðrum, en hèr er talað um þær þjóðir, sem njóta meiri rèttar en útlendar þjóðir almennt hafa í verzlunarmálefnum. Hvað hið málfræðislega snertir, þá skal eg að vísu eigi fara að reyna, að hrekja ástæður hins heiðraða 5. konungkjörna þingmanns móti orðinu forrèttindi, og samsetningum af því orði; en eg vil einungis leyfa mèr að benda á eitt, að hinn heiðraði þingmaður i þessu augnabliki viðhafði í ræðu sinni orðið *forgöngurètt* í þeirri merkingu, sem mèr virtist hann álíta, að saman sett orð með *for* gætu ekki haft.

Páll Vídalín: Mèr skilst ekki betur, en að *einkarèttindi* þýði sèrstök rèttindi, sem fleiri geta verið aðnjótandi en einn; sèst þessi merking ljóslega í öðrum samsettum orðum, t. a. m. *einkamál,* því það innibindur þó meira en eitt, þar að auki er orðið *forrèttindi* óvanalegt í daglegu máli; þess vegna þykir mèr betur eiga við að hafa *einkarèttindi* en *forrèttindi,* og þykir ekki þörf á neinni breytingu; það hefði þó verið lítill vegur, ef menn hefðu viljað setja orðið *forrèttur* í staðinn, sem er venjulegt í daglegu máli.

Arnljótur Ólafsson: Það veit eg þó, að í Eyjafjarðarsýslu að minnsta kosti er orðið *forrèttindi* algengt orð; þar er talað um *forrèttindi* skulda, það eru þær skuldir í þrotabúum, er ganga fyrir öðrum rèttminni skuldum. En hvað því næst snertir orðið *for*, þá er það víst, að í því liggur ekki eingöngu *staðarleg* hugmynd, svo sem hinn 5. konungkjörni hèlt, heldur hefir það og afleidda merking, og táknar það sem er *fremra, æðra*, til dæmis, að *forseti* þýðir ekki þann, sem situr fyrir framan aðra, heldur táknar það, að hann hafi *æðri* sess. Aptur á móti er *forustusauður* sá kallaður, er gengur á undan hinum sauðunum. Orðið hefir þess vegna bæði líkamlega og andlega þýðingu. Hèr í frumvarpinu er nú talað um skip sem hafa að eins meiri rèttindi. Til þess nú að taka eitt dæmi af vorum lögum, þá hafa þau skip, er borga 2 dala mismunartoll forrèttindi fyrir þeim, sem gjalda 5 rdla mismunartoll. Eg verð þess vegna að álíta, að *forrettindi* sè betra

en *einkarèttindi,* því hèr er ekki talað um neitt «privilegium exclusivum».

Forseti: Þar eð nú ekki taka fleiri til máls, er ályktarumræðu þessari lokið, og skal eg þá biðja þingmenn að ganga til atkvæða eptir atkvæðaskránni, sem þeir munu hafa prentaða fyrir sèr:

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 221).

Síðan var gengið til atkvæða, og fór það svo, að uppástungan undir 1. tölulið var tekin aptur, og þar eð enginn tók hana að sèr var hún fallin úr atkvæðum.

2. töluliður samþ. með 13. atkvæðum móti 6.

3. töluliður, samþ. sem orðabreyting án atkvæðagreiðslu.

Frumvarpið með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði.

Forseti: Þá kemur þar næst til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið ályktar svo, *bœnarskrá frá Vestmannaeyjum* um *eptirgjald konungsjarða og tómthúsa.* Flutningsmaður er hinn háttvirti þingmaður Vestmanneyinga, og mun hann lesa upp bœnarskrána og skýra málið fyrir þingmönnum eptir því sem honum þykir þörf vera.

Stefán Thordersen: Eg skal þá leyfa mèr að lesa bœnarskrána.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 222).

Eg vona að það sem bœnarskráin fer fram á sè svo ljóslega tekið fram og sè svo sanngjarnt, að óþarfi sè fyrir mig að bæta þar nokkru við. Eg vona að þingið setji nefnd í málið, og vil eg stinga upp á þriggja manna nefnd; mun þingið varla tefjast mikið við mál þetta.

Konungsfulltrúi (*Þórður Jónasson*:) Eptir eðli þessarar bœnarskrár virðist ekki betur, en að það eigi bezt við, að þingið vísi henni gegnum forseta sinn til stiptamtmannsins, eins og að undanförnu hefir átt sèr stað með aðrar bœnarskrár líks innihalds, t. a. m. úr Gullbringusýslu; og eg ætla beiðendunum eins vel borgið með þessari aðferð, eins og þó þingið setti nefnd í málið, og sendi í því bœnarskrá til stjórnarinnar. Að öðru leyti, og þar sem bœnarskráin fer fram á lækkun í afgreiðslunni, er, eins og nú stendur, ekki mikil von um, að bœnin fái áheyrslu, er lík bœnarskrá úr Gullbringusýslu ekki öðlaðist hana.

Stefán Thordersen: Eg kvíði því öldungis ekki, að mál þetta mundi eigi fá góða endalykt, þó það væri sent til stiptamtsins, en fyrst að það nú einu sinni er komið hèr inn á þing, vildi eg að

því væri gaumur gefinn af *þinginu*, og mundi mèr þykja leiðinlegt, ef það yrði fellt frá nefnd, og það því heldur sem Vestmannaeyjar hafa sannarlega ekki átt upp á háborðið hjá þinginu að minnsta kosti ekki hin síðustu árin.

Sighvatur Árnason: Af því eg er kunnugur á Vestmannaeyjum, ætla eg að taka fram eina ástæðu, sem beiðendunum hefir gleymzt að geta um í bænarskránni; þessi ástæða hefur tillit til verkunar harðfiskjar þar á eyjunum. Áður var nefnilega svo ástatt á Vestmannaeyjum, að hverri jörð fylgdi garður eða girðing, er höfð var til harðfisksverkunar. Þegar nú fyrir skömmu var byggður þriðji kaupstaðurinn eða verzlunarhús þar á eyjunni lögðust margir þessir garðar algjörlega niður, á þeim stað sem þeim var þéttast og hægast skipað, bæði undir húsin og í stakkstæði, svo eyjarbúum þannig gjörðist svo að segja ómögulegt að herða fisk sinn eptir þetta, eða að minnsta kosti sumum þeirra miklu kostbærara og erfiðara. Þessir og aðrir erfiðleikar, sem eyjabúar eiga að sæta við harðfisksverkun, finnast mèr vera líka nokkur ástæða til þess, að þingið gefi máli þessu allan gaum, því það er mjög svo óeðlilegt að miða afgjald jarðanna við þá vörutegund, sem ekki er til, eða næstum ómögulegt að geta haft til. Eg mæli þess vegna með því, að nefnd verði sett í málið.

Stefán Thordersen: Vilji þingið gefa málefni þessu gaum, þá er auðsætt, að það gjörir það miklu öflugar með því móti, að nefnd verði sett, heldur en með því að vísa því forsetaveginn til stiptamtmanns, þó eg á hinn bóginn, eins og áður áminnzt, gjarnan játi, að sá vegur sè góður.

Ólafur Sigurðsson: Eg vil líka mæla með því, að nefnd verði sett í þetta mál, því mèr finnst það mjög svo óeðlilegt, að ekki skuli vera goldið af konungsjörðum á Vestmanneyjum eptir meðalalin, eins og t. a. m. á sèr stað með afgjald af konungsjörðum fyrir nòrðan að minnsta kosti þar sem eg þekki til.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Hèr er að ætlun minni ekki einungis spursmál um það, hvort mál þetta sè nauðsynjamál eða ekki, heldur finnst mèr aðalatriðið vera það, hvern veginn sè hollara að fara, sem búið er að benda á með málið, nefnilega að fela forseta á hendur að flytja það fyrir amtinu, eða láta það ganga hina vanalegu þingleið. Af því eg nú ekki veit, hvort konungsfulltrúi getur sjálfur borið upp á þingi uppástungu þá, sem hann

áðan hreifði í þessa stefnu, þá ætla eg að leyfa mèr að gjöra uppástungu hans að minni eigin uppástungu.

Sighvatur Árnason: Svo framarlega sem athugasemd sú, er eg gjörði áðan, yrði tekin til greina, og má ske aðrar fleiri sem enn er óframkomnar, þá er eg viss um, að málið skýrist miklu betur og fær meira að styðjast við, ef það verður látið ganga gegnum þingið, heldur en það færi svona rakleiðis forsetaveginn eins og búið er að stinga upp á.

Forseti: Hèr liggja þá fyrir tvær uppástungur, önnur, hvort kjósa skuli sèrstaka nefnd í málið, eða vísa því forsetaveginn til stiptamtmanns.

Arnljótur Ólafsson: Eg vildi leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta forseta, hvort eigi væri leyfilegt að vísa málinu forsetaveginn, eins fyrir það þó nefnd væri kosin í það.

Forseti: Jú, *sjálfsagt.* Var síðan samþykkt með 13 atkv. gegn 2, að sèrstaka nefnd skyldi kjósa. Fyrir kosningu urðu þessir:

Stefán Thordersen — 20 atkv.
Sighvatur Árnason — 14 —
Ólafur Sigurðsson — 5 —

Málið afhent flutningsmanni bænarskráarinnar síra Stefáni Thordersen, sem hafði flest atkvæði í nefndinni.

Forseti: Þessu næst kemur til inngangsumræðu, og, ef þingið ályktar svo, til nefndarkosningur bænarskrá Borgfirðinga um íslenzkt lagasafn. Þingmaður Borgfirðinga er flutningsmaður bænarskrárinnar.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal leyfa mèr að lesa bænarskrána: (Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 224).

Eg þarf ekki að vera margorður um þessa bænarskrá, því eg get sagt það sama um hana, og áðan var sagt um bænarskrána úr Vestmannaeyjum, að hún mælir bezt með sèr sjálf; allar þær ástæður, sem mæla með beiðninni, eru ljóslega teknar fram í henni. Það er og að vissu leyti kostur við bænarskrána, að hèr komast menn ekki í nein vandræði með að útvega fè það, er þarf til að framkvæma það sem beðið er um, með því að hèr er ekki talað um að sækja neinn kostnað í ríkissjóðinn, heldur er hèr bent á annan veg sem er greiðfarnari. En af því að stungið er upp á því, að jafna kostnaðinum niður sem öðrum alþingiskostnaði, þá er hèr mest komið undir því, hvaða áheyrn mál þetta fær hjá bændum hèr á þingi. Að efninu til sè eg heldur ekki, að neitt

sè á móti bænarskránni. En það eru aptur á mót tvær mótbárur, er eg get hugsað mèr að komi fram gegn bænarskránni. Önnur er sú, að mál þetta sè of snemma upp borið. Vèr vitum nú, að mjög stórkostlegar breytingar standa nú til á lögum vorum. Fyrst skal eg nefna *sakalögin*; nú er lagt frumvarp fram um það mál, og vèr getum búizt við, að það verði, að minnsta kosti hráðlega gjört að lögum. Þar næst skal eg telja, að vèr eigum von á *stjórnarbót,* og fáum vèr hana, þá hljóta að verða miklar breytingar á hinni umboðslegu stjórn, og að öllum líkindum á vinnusviði valdstjórnarinnar. Við þetta hlýtur að breytast landsstjórnarbálkur laga vorra, og síðan að öllum líkindum meðferð sakamála, eigi sízt ef kviðir verða teknir upp. Þá er að eins eptir *einkamálin* (prívatrèttarinn), sem þó hljóta að breytast meira eður minna við hin almennu mannrèttindi í stjórnarskránni. Hin ástæðan er kostnaðurinn og upphæð hans. Það mundi vissulega verða kostnaðarminna, ef einstakir menn fengi sèr veittan skyrk til að semja þetta lagasafn, heldur en ef menn væru kosnir til þessa starfa af þinginu, en þess má aptur vænta, að lagasafnið verði vandaðra, ef menn eru kosnir. En af því að uppástunga bænarskrárinnar er svo góð í sjálfu sèr, þá verð eg að mæla með nefnd í málinu.

Björn Pètursson: Eg held við bændur hèr á þingi þurfum ekki að mæla á móti því, að nefnd verði sett í þessu máli, sökum kostnaðarins, sem það hefir í för með sèr; því sjálfur flutningsmaður bænarskrárinnar, hefir berlega sýnt fram á það, sem og liggur í augum uppi, að málefni þetta er *of snemma* upp borið.

Eiríkur Kúld: Eg get ekki mælt með því í þetta sinn, að nefnd sè sett, því mál þetta er borið hèr of snemma upp á þingi; þó þingmaður Borgfirðinga hèldi, að hèr væri mest komið undir því, hvernig bændur tæki í þetta mál, vegna kostnaðarins er af þessu leiddi, af því hann lægi á bændastèttinni, þá verður hann að gá að því, að hèr sítja fleiri á þingbekkjunum en bændur einir, en sem þó eru sendir hingað til þings af bændum, sem því ættu að líta eins og bændur á bændanna hag. Eg fyrir mitt leyti vil helzt að málinu verði frestað þangað til sveitarstjórnarmál í heild sinni yrði lagt fyrir.

Arnljótur Ólafsson: Viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga sagði, skal eg geta þess, að meining mín var sú, að hèr væri mest komið undir því, hvernig bændur tækju í mál þetta, *af því einungis* að þeir borga mestan hluta alþingis-

kostnaðarins; en hitt var engan veginn skoðun mín, að atkvæði hinna háttvirtu þingmanna, er eigi eru bændur, væri eigi í sjálfu sèr jafnmerk sem bændanna.

Páll J. Vídalín: Eg get ekki skilið, hvernig hin eldri lagaboð, sem takast ættu upp í lagasafn þetta, og ekki hafa áður verið prentuð í alþingistíðindunum, geta komið alþingi eða alþingiskostnaði við.

Konungsfulltrúi: Uppástunga þessi miðar til þess að útbreiða meðal almennings þekkingu á þeim gildandi landslögum, og að vísu má telja hana að þessu leyti vel hugsaða. Líkt lagasafn og það, sem hèr ræðir um, kemur og út í Danmörku að tilhlutun stjórnarinnar, og er selt með mjög vægu verði, sem og er skilyrði fyrir því, að það geti náð sínu augnamiði, en með því það yrði talsverðum kostnaði bundið að koma slíku lagasafni, sem hèr er beðið um, út á prent, og þessi kostnaður á að greiðast eptir uppástungunni af landinu, virðist eins og nú stendur á, þar sem mikil breyting bæði á stjórnarfyrirkomulagi hèr og fjárstjórn er í undirbúningi, ekki enn þá kominn tími til að bera þessa uppástungu fram, heldur virðist að rèttast sè, að fresta henni að svo komnu.

Jón Sigurðsson: Eg er samdóma þeim þingmönnum, sem álíta, að mál þetta komi ekki á sem heppilegustum tíma hèr inn á þing, og sè því ráðlegra að fresta því um sinn; en eg er líka samdóma flutningsmanni og beiðendunum í því, að málefni þetta sè mikils umvarðandi, og þess vegna þykir mèr það óheppilega og illa farið, ef bænarskráin yrði felld frá nefnd hèr á þinginu, með miklum atkvæðafjölda. Og með því, að eg er einn í þeirra tölu, eins og eg áður sagði, sem ekki vilja fella málið; þá leyfi eg mèr að stinga upp á því, að flutningsmaður taki bænarskrána aptur að þessu sinni.

Arnljótur Ólafsson: Mèr var líka farið að detta hið sama í hug, og hinn háttvirti þingmaður Suðurþingeyinga nú stakk upp á; af því bænarskráin hefir fengið svo góðan vitnisburð hèr á þingi, þá þykir mèr miður eiga við, að hún sè felld frá nefnd, heldur tek eg bænarskrána með þessum góða vitnisburði þingsins aptur.

Forseti: Flutningsmaður hefir þannig tekið bænarskrá þessa aptur, og ef enginn þingmanna vill taka hana að sèr, þá er mál þannig fallið burt að þessu sinni. Dagskrá er nú lokið, og mun

eg ákveða fund til þess á morgun kl. 12, og birta dagskrá í kvöld.

Fundi slitið.

---

6. fundur. — 9. júlí.

Forseti: Eg skal geta þess, að hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir tilkynnt mèr, að hann geti ekki sökum lasleika mætt á þingi i dag, og að aðstoðarmaður hans, herra etazráð Þórður Jónasson mæti hèr hans vegna. Enn fremur hefir þingmaður Húnvetninga skýrt frá, að hann geti ekki komið á þing í dag sökum krankleika.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg hefi fengið skýrslu frá nefnd þeirri, sem kosin var út af bænarskrá frá Vestmanneyjum, um eptirgjald konungsjarða og tómthúsa, að formaður í þeirri nefnd væri kosinn síra Stefán Thordersen og til skrifara Sighvatur Árnason; sömuleiðis hef eg fengið skýrslu frá nefndinni, sem kosin var til að segja álit sitt um konunglegt frumvarp um, hvernig halda eigi hunda á Íslandi, að formaður væri kosinn Dr. Jón Hjaltalín og til skrifara síra Arnljótur Ólafsson.

Þegar vèr þar næst tökum til dagskrár kemur fyrst til inngangsumræðu og til nefndarkosningar, ef þingið svo ákveður, bænarskrá frá Norður-Þingeyjarsýslu um jafnrètti prentsmiðjanna. Flutningsmaður bænarskrár þessarar er þingmaður Norðurþingeyinga.

Sveinn Skúlason: Eg skal leyfa mèr að lesa bænarskrána.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 228).

Eins og sjá má á niðurlagsatriðunum, þá er hèr farið aðra leið, en í bænarskrá þeirri, sem í hitt eð fyrra kom hèr til þings um sama efni. Eg vona að nefnd verði kosin, því öllum er kunnugt, hve mikinn áhuga allir norður- og austuramtsbúar hafa á þessu máli, og eins muna víst allir eptir því, hve litlu munaði í atkvæðagreiðslunni, þegar mál þetta fèll hèr á síðasta þingi. Það sem kynni að vera ábótavant við niðurlagsatriði bænarskráarinnar, það gæti nefndin hæglega lagað í hendi sinni. Það er mèr helzt þykir að bænarskránni er að niðurlagsatriði hennar eru of yfirgipslítil.

Konungsfulltrúi: Svo æskilegt sem það væri, að prentsmiðjan norðlenzka kæmist á betri fót, og gæti eflzt að kröptum, eins óviðurkvæmilegt og enda ósanngjarnt virðist það, að vilja koma þessari ósk fram með því að taka frá landsprentsmiðjunni þau réttindi, sem hún er aðnjótandi og hefir fyllstu heimild fyrir, og það því fremur sem prentsmiðjan í Reykjavík er eign landsins, en prentsmiðjan norðlenzka prívateign, og standa því ólíkt að. Það væri nokkuð öðru máli að gegna, ef bækurnar frá landsprentsmiðjunni væru seldar með dýru verði, en það er langt frá því, að þetta eigi sér stað, og svo eru bækurnar fáanlegar á öllum hentugum stöðum út um landið; og þó bænarskráin virðist gjöra lítið úr því atriði, að bækurnar eru seldar með svo sanngjörnu verði, sem unnt er, þá er þó þetta atriði mjög mikilsvert fyrir allan almenning, og þar að auki eru bækurnar svo vandaðar að prentun og öðru, að prentsmiðjan norðlenzka á enn þá langt í land til þess að geta gjört þær eins vel úr garði. Bænarskráin fer fram á, að prentsmiðjan norðlenzka megi prenta og selja jafnt við landsprentsmiðjuna bæði þær bækur, sem hún hafi fengið forlagsrètt til frá Hólaprentverki, sem og þær bækur, er hún seinna hafi eignast eða keypt forlagsrètt að. Hvað þær fyrrnefndu bækur snertir, þá eru þær mjög fáar og ein sú helzta, passíusálmarnir, og því lítið að græða á, en hvað seinni bækurnar snertir og þá sèr í lagi sálma- og lærdómsbókina, þá eru þær seldar með því gjafverði, að prentsmiðjan norðlenzka gæti ekkert grætt á því að fá forlagsrètt til þeirra, og þó hún fengi hann, þá mundu þó flestir fremur kaupa bækurnar frá landsprentsmiðjunni, vegna þess hvað þær yrðu betur úr garði gjörðar.

Að ætlast til að prentsmiðjan í Reykjavík láti af hendi forlagsrètt til þeirra bóka, sem hún hefir öðlazt eptir að Hólaprentverk var lagt niður eða keypt forlagsrètt að, virðist svo ósanngjarnt, að eg get ekki ætlað að stjórn prentsmiðjunnar láti það eptir, og þess ber líka vel að gæta, að allur ágóðinn af prentsmiðjunni í Reykjavík er eign landsins og kemur öllum landsmönnum að notum, gagnstætt því sem á sèr stað með norðlenzku prentsmiðjuna; og það væri því auðsjáanlega mikill ábyrgðarhluti og í sjálfu sèr heldur ekki rètt, að kippa fótunum undan slíkri stofnun, sem stendur svo vel í öllum skilum og er eign landsins. Eg verð því að ráða frá, að þingið taki þetta mál til meðferðar

eða í nefnd, og það því fremur, sem öll líkindi eru til, að það yrði árangurslaust.

Sveinn Skúlason: Eg hefi nú því miður ekki sannfærzt neitt við ræðu hins háttvirta konungsfulltrúa í þessu máli; því hann byggði aðalmótbáru sína móti nefnd á því, að það mundi ekki vera neinn hagur fyrir prentsmiðjuna nyrðra, þó hún yrði hluttakandi í einkarèttindum suðurlands prentsmiðjunnar; en sè það enginn hagur fyrir norðurlandsprentsmiðjuna, þá hlýtur þar af að leiða, að það er enginn óhagur fyrir prentsmiðjuna hèr í Reykjavík; því fari svo, að prentsmiðjan nyrðra ekki geti gefið út þessar einkaleyfisbækur eins vel og vandlega og prentsmiðjan hèr, og selt þær með eins góðu verði, þá er þetta hreinn hagur og ávinningur fyrir sunnlenzku prentsmiðjuna, því þá heldur hún sinum sama góða orðstýr, og á enda meira lof skilið, úr því hún er búin að sleppa einkaleyfinu og leyfa frjálslega keppni við sig, en býr samt að öllum ágóðanum, vegna þess, hvað hún gjörir bækurnar vel úr garði og selur þær við góðu verði. Ekki get eg heldur sèð neitt óviðurkvæmilegt eða óeðlilegt í því, þó rèttindi þessi hverfi aptur í þann garð, er þau upphaflega komu úr. Með tilliti til þess, að konungsfulltrúi sagði, að gróði suðurlandsprentsmiðjunnar kæmi öllu landinu til góða, þá get eg ekki sèð, að norðurland hafi neitt gott af því; því þó bækur hèðan sèu seldar norður, þá fara þó peningarnir fyrir þær hingað til prentsmiðjunnar sunnlenzku og verða bara til að auka sjóð hennar. Því eg veit ekki heldur til, að búið sè að efna það loforð að láta Norðurland njóta $^1/_4$ parts af ágóða prentsmiðjunnar hèr, heldur er allur ágóðinn dreginn hèr saman og annaðhvort lagður upp sem höfuðstóll, eða varið til að auka og efla prentsmiðjuna hèrna.

Björn Pètursson: Af því þetta er, eða að minnsta kosti ætti að vera almennt áhugamál ekki einungis Norðlendinga, heldur allra landsmanna, að 2 prentsmiðjur gætu þrifizt í svo stóru og strjálbyggðu landi, sem Ísland er, og öllum mun vera kunnugt, hve erfitt er, að ná í bækur hèðan úr Reykjavík fyrir þá, sem lengst eru í burtu, þá finnst mèr það mjög svo hart, ef þingið ekki vildi gefa málefni þessu þann gaum, að setja nefnd í því. Mèr finnst ekki loku fyrir skotið, að nefndin, ef hún yrði sett, kynni að hitta eitthvert ráð til að hlynna að prentsmiðjunni á Akureyri, án þess að ganga of nærri rèttindum prentsmiðjunnar hèr í Reykjavík.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg get ekki sèð, að það sè til

nokkurs gagns, að nefnd verði sett í þetta mál, nema ef menn vilja leika sèr að því að eyða tímanum til einskis, því það getur ekkert út úr því komið. Hver eru þessi rèttindi, sem verið er um að tala? Er það jafnrètti, að prentsmiðjan hèr sleppi rètti sínum, sem hún hefir til að prenta ýmsar bækur, hvort sem hún hefir keypt þann rètt, eða fengið hann með sameiningu Hólaprentsmiðjunnar við prentsmiðju landsuppfræðingarfèlagsins eða á annan hátt? Hinar helztu bækur, sem prentsmiðjan hèr græðir á eru sálmabókin og barnalærdómsbókin, en að hún sleppi löglega fengnum forlagsrètti sínum að þessum bókum, getur enginn með nokkurri sanngirni heimtað. Sama er að segja um rèttindi þau, er hún fèkk frá Hólaprentsmiðjunni á löglegan hátt. Og hverjar eru þá bækur þær, sem hún hefur hag á að gefa út af Hólabókunum? Engar nema Passíusálmarnir einir; en aptur á móti er prentsmiðjan hèr skyldug til, að gefa út ýmsar bækur sem hún hefur hreinan óhag af, t. a. m. handbók presta, en þetta er eins og önnur skylda sem fylgir rèttindunum. Það var og öldungis skakkt, sem flutningsmaður bænarskráarinnar sagði, að ef prentsmiðjan fyrir norðan hefði eigi neitt gagn af því, þótt hún fengi rètt til prentunar bókanna, þá leiddi af því, að prentsmiðjan hèr hefði heldur ekki neitt ógagn af því; því að það liggur í augum uppi, að þegar tvær prentsmiðjur gefa út sömu bækurnar, sem mjög svo lítill ávinningur er í sjálfu sèr að gefa út, þá vinnur hvorug sèr til gagns, ef þær þá ekki báðar missa í. Þó eg sè ekki gagnkunnugur reikningum prentsmiðjunnar hèr syðra, þá þori eg samt að fullyrða, að hagnaðurinn af hinum útgengilegustu bókunum ekki er til tvískiptanna. Aptur á mót er það hagnaður fyrir allt landið, að prentsmiðjan hèr geti selt bækur sínar fyrir sem minnst verð, og allir munu vera mèr samdóma um það, að betra sè að hafa eina prentsmiðju í góðu lagi, sem getur fullnægt öllum sanngjörnum kröfum, en tvær, sem báðar sèu í ólagi og ónýtar.

Sveinn Skúlason: Mèr er óskiljanlegt, hvernig hinn 5. konungkjörni þingmaður hefir getað misskilið mig eins hraparlega og hann gjörði, og að hann skuli hafa rifið orð mín svo alveg úr rèttu samanhengi, því út af því, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði í ræðu sinni áðan, sem sè, að það væri enginn hagur fyrir prentsmiðjuna nyrðra, að verða aðnjótandi einkarèttinda prentsmiðjunnar hèr, þá gat eg þess, að þar af hlyti beinlínis að leiða, að það væri enginn óhagur eða ógagn fyrir prentsmiðjuna hèr að

láta rèttindi þessi af hendi, og er það alveg rètt hugsað, því ef að Norðurlands prentsmiðjan getur ekki gjört bækurnar svo úr garði og selt þær við svo vægu verði, að þær verði útgengilegar, þá kaupir þær enginn og sunnlenzka prentsmiðjan getur því selt eins mikið eptir sem áður. En þar sem hann er að gefa í skyn, að prentsmiðjan ábatist lítið á þessum einkaleyfisbókum, sem hún selur árlega í þúsundatali, þá er eg tregur að trúa því, nema ef hinn heiðraði þingmaður á við það, að hún hafi á hinn bóginn svo mikinn halla af að gefa út nýjar bækur eptir hina yngri rithöfunda, að ábatinn minnki við það, þá er það annað mál.

Pètur Pètursson: Þó eg unni Norðurlandi alls góðs, get eg samt ekki verið á því, að nefnd sè nauðsynlegt að setja í mál þetta; prentsmiðjan nyrðra er ekki eign norðurlands, heldur eru það einstakir menn, sem eiga hana; það er því ekki Norðurland, sem hefir hagnað af henni, heldur hinir einstöku eigendur. Ef prentsmiðjan nyrðra væri opinber eign, og menn vissu almennt hvernig á reikningum hennar stæði, og hversu vel og vandlega hún gæti gefið út bækur þær, er prentsmiðjan hèr gefur út, þá væri öðru máli að gegna. Hèr er einnig eitt atriði, sem eg vildi leyfa mèr áð geta um, og það er þetta, að ef áhugi manna á blómgun prentsmiðjunnar fyrir norðan væri eins mikill og hann er sagður, þá ímynda eg mèr, að hún hefði verið meira styrkt, en hingað til hefir átt sèr stað.

Sveinn Skúlason: Með tilliti til þess, sem hinn háæruverðugi 1. konungkjörni þingmaður sagði, skal eg geta þess, að prentsmiðjan fyrir norðan er opinber eign; þetta sèst ljósast af því, að í stofnunarbrèfi hennar er hún kölluð eign Norður- og Austuramtsins. Hún er því eign heils umdæmis en ekki fárra manna, eins og hinn háæruverðugi þingmaður sagði, og þess konar stofnanir, sem varða heilt umdæmi svo mikils, finnst mèr vera full ástæða fyrir þingið að styrkja. Að amtsbúar fyrir norðan hafi ekki styrkt prentsmiðjuna eptir öllum vonum finnst mèr fjarri lagi.

Forseti: Af því það kann að virðast efasamt, hvort þingið muni ákveða að setja nefnd í þetta mál, þá skal eg leyfa mèr að fara nokkrum orðum um mál þetta. Eg verð þá fyrst að geta þess, að þegar talað er um jafnrètti prentsmiðjanna, þá mun þó líklega meiningin vera sú, að suðurlandsprentsmiðjan fái að sínum hluta eins jafrètti við prentsmiðjuna fyrir norðan til að prenta forlagsbækur hennar, eins og norðurlands prentsmiðjan vill fá jafn-

rètti til að preata þær forlagsbækur, sem hin á. Þar næst ska eg einnig leyfa mèr að geta þess, að mèr finnst prentsmiðjan fyrir norðan geta valið sèr miklu hagfelldari veg til að halda fram máli sínu, en þá, sem hún hefir farið hingað til og fer enn í bænarskrá þessari. Mèr virðist, að tveir vegir liggi þar opnir fyrir. Hinn fyrri er sá, að prentsmiðjan fyrir norðan útvegi sèr góðar forlagsbækur handa sjálfri sèr, og búi svo að þeim. Hinn vegurinn er sá, að velja úr gömlu Hólabókunum þær, sem hún helzt vildi gefa ut, og skýra prentsmiðjunni hèr í Reykjavík frá því, og fá að vita innan hvers tíma hún mundi treystast til að gefa þá eða þá bók út. Ef nú prentsmiðjan hèr í Reykjavík, sem á forlagsrèttinn að nafninu til, annaðhvort ekki hirðir um hann á sumum bókunum, eða hún ekki gæti eins fljótt gefið út þá eða þá bók, eins og þyrfti til þess að gæta forlagsrèttarins, þá gæti hún þar með orðið af forlagsrètti sínum að mörgum bókum, og prentsmiðjan nyrðra náð honum, því það hefir verið talið lög í þessum efnum, að forlagsrèttur misstist með því, að sá sem ætti hann ekki hefði bókina á boðstólum um tiltekinn tíma. Sá vegur sem bent er á að ganga í bænarskránni, er að minni ætlun miklu torsóttari, en þessar leiðir sem eg hefi bent á.

Jón Hjaltalín: Eg vil biðja menn hèr á þingi að vera varkára með að fella bænarskrá þessa frá nefnd; menn verða vel að gá að, hvernig á stendur hèr á landi í þessu tilliti. Eg get ekki hrósað prentsmiðjunni hèr í Reykjavík fyrir það, að hún gjöri sèr mjög svo annt um að efla upplýsingu hèr á landi; þvert á móti finnst mèr hún fari allt of sljólega að í þessu tilliti. Það er rètt eins og að það sè komin í hana einhver gróðasýki! Hún vill safna sèr fjársjóð; en eg ímynda mèr, að mölur og ryð geti grandað þeim fjársjóð. Það er aðalaugnamið og á að vera mark og mið prentsmiðjanna að efla og auka upplýsingu í landinu, og af þessu mega þær aldrei missa sjónir. Eg álít því vera yfirgnæfandi ástæðu fyrir þingið, að taka mál þetta til nákvæmrar yfirvegunar, og mæli eg því fastlega með því að nefnd verði kosin.

Forseti: Inngangsumræðunni er þá lokið, fyrst ekki fleiri taka til máls, og vil eg þá biðja þá þingmenn að standa upp, sem eru með því, að nefnd verði kosin í málið.

Var það síðan samþykkt með 14 atkvæðum, að 3. manna nefnd skyldi kjósa. Í nefndina voru þessir kosnir:

Sveinn Skúlason með 17 atkv.

Pètur Pètursson — 8 —
Arnljótur Ólafsson — 8 —

Málið afhent þingmanni Norður-Þingeyjarsýslu, sem þeim, er flest hafði fengið atkvæði.

Forseti: Þessu næst kemur þá til inngangsumræðu, og ef þingið svo á kveður, til nefndarkosningar, bænarskrá frá forstöðumönnum forngripasafnsins í Reykjavík og önnur úr Skagafirði um styrk til þessa safns. Hinn háttvirti þingmaður Vestmanneyinga er flutningsmaður.

Stefán Thordersen: Eg skal leyfa mèr að lesa bænarskrána: Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 230.

Það mun öllum kunnugt, að hvert það land, sem vill telja sig meðal siðaðra landa, álítur það eitt hið bezta meðal til þess að upplýsa sögu sína, að eiga forngripasafn; mundi því nokkur, siðaður maður, eða siðuð stjórn, geta láð oss Íslendingum, þó vèr á þenna hátt vildum reyna til að feta í siðaðra þjóða fótspor, þar sem eg þori að segja, að engin þjóð lifir meir *á* og *í* sögu sinni en vèr Íslendingar. Eg vil því innilega mæla með því, að nefnd verði kosin, og leyfi mèr að stinga upp á 3 manna nefnd.

Ólafur Sigurðsson: Af því eg er flutningsmaður bænarskrárinnar úr Skagafjarðarsýslu, verð eg innilega að mæla með því, að þingið setji nefnd í þetta mál, sem eg og svo vona að verði, fyrst þingið afrèði um daginn að láta ekki öll fjárbeiðslumál hætta, þó allt sè nú á reiki um fjárhagsstöðu landsins, eins og hin konunglega auglýsing kemst að orði. Þetta er líka svo lítil fjárbeiðsla, að eg get eigi ætlað bræðrum vorum í Danmörku þá smámunasemi, að þeir leggi móti safninu; því það vita þeir sjálfir eins og vèr, að þeir hafa fengið hèðan góða forngripi, svo við eigum þetta alla tíma skilið.

Konungsfulltrúi (P. Jónassen): Eptir því, sem á undan er gengið í þessu máli, og eins og nú er ástatt með fjárhagsmál Íslands, eru lítil líkindi til, að sá umbeðni styrkur fáist veittur úr ríkissjóði, og eg verð því að álíta, að það komi fyrir ekki, að fara þessu aptur á flot, og hvað það snertir að fá þann umrædda fjárstyrk úr jafnaðarsjóðum amtsins, þá eru þeir annmarkar á því, að þessir sjóðir hafa svo mikil útgjöld, að þeir geta eigi á sig bætt að svo komnu, og því verð eg að álíta, að og svo frá þessari hlið verði ef til vill erfiðleikar á því, að fá þann umbeðna styrk úr jafnaðarsjóðunum, hversu æskilegt sem það mætti virðast, og er

í sjálfu sèr, að þessi styrkur gæti fengizt með þessu móti, svo að jafnþjóðlegt fyrirtæki, sem stofnun forngripasafns hèr á landi er í raun veru, geti komizt á fót, og það farist ekki og týnist með öllu, sem enn þá kynni að vera eptir í landinu af forngripum.

En þar sem það á hinn bóginn þó getur verið, að amtmennirnir taki að sèr að greiða þann umbeðna kostnað, sem reyndar ekki er mikill í sjálfu sèr, þegar honum er skipt niður á allt landið, úr jafnaðarsjóðunum, vil eg ekki mæla á móti nefnd í málinu; því nefnd þessi gæti, ef til vildi, fundið eitthvert annað meðal til að koma málinu fram, og það vildi eg líka óska að rættist.

Eiríkur Kúld: Þó eg reyndar sjái á auglýsingunni til þingsins, að ekki muni mikils styrks vera að vænta hjá stjórninni málefni þessu til stuðnings, og þó mèr á hinn bóginn ætíð þyki leitt að vera að hlaða miklu á jafnaðarsjóðina, get eg samt ekki annað en mælt með því, að nefnd verði kosin, því verið getur, að nefndin nú sjái einhvern nýjan veg til að koma þessu eitthvað á veg.

Stefán Thordersen: Mèr finnst hèr ekki vera spursmál um annað en hvort nefnd skuli kjósa eður eigi.

Ólafur Pálsson: Hver svo sem niðurstaðan verður á umræðum þessum eða þar á eptir á úrslitunum hjá stjórninni, get eg ekki annað en innilega mælt með því, að nefnd verði sett í málið; mèr finnst þetta vera nokkurs konar lífsspursmál fyrir mikilsvarðandi stofnun, og betur hefði oss sæmt, að hún hefði verið til fyrr hjá oss fyrir hundrað árum síðan.

Jón Sigurðsson: Út af því sem hinn háttvirti konungsfulltrúi áðan sagði, skal eg geta þess, að eg man þó ekki betur, en að í Danmörku sè veittur styrkur úr ríkissjóðnum til forngripasafnsins í Kaupmannahöfn, því finnst mèr ekki óviðurkvæmilegt, þó vèr Íslendingar á meðan vèr engin fjárhagsráð höfum og á sama hátt beiðumst tiltölulegs styrks úr ríkissjóðnum handa þessu forngripasafni, sem hèr er nýstofnað. Eg skal og bæta því við, að eg veit til þess, að víða upp til sveita eru ýmsir gripir, sem að vísu má ske fengjust gefins til safnsins, en sem þó ekki yrðu hingað fluttir kostnaðarlaust.

Jón Hjaltalín: Mèr er sem eg sjái, hvað afkomendur vorir, að 100 árum liðnum, segi um þessi 300 ríkisdala vandræði sem alþingi 1867 er að baslast við. Eg álít það vera sorglegt tímanna

teikn, ef þingið lætur þessa 300 rd. fella þetta mál frá nefnd, sem svo mjög varðar sögu Íslands.

Stefán Eiríksson: Það er ekki af því, að eg sè á móti því, að nefnd sè sett í þetta mál, að eg ætla að tala fáein orð, heldur af því, að varauppástunga bænarskráarinnar fer í þá stefnu, að fá þenna styrk, sem beðið er um, úr jafnaðarsjóðunum. Eg fyrir mitt leyti álít, að ástand jafnaðarsjóðanna sè ekki í svo góðu ásigkomulagi, að vert sè að íþyngja þeim með þessari álögu, og svo eru nú hèrna fram á lestrarsalnum nokkrar bænarskrár um fjárkláðan »góða», sem flestar fara fram á, að útrýma honum með niðurskurði og að kostnaður sá borgist af jafnaðarsjóðunum, svo eg veit ekki, hvar menn ætla að láta staðar nema með útgjöld af jafnaðarsjóðunum; og eg get skýrt frá því, að það er megn óánægja hjá almenningi út af þessu 14 sk. gjaldi, sem þeir mega bera til jafnaðarsjóðsgjalda. Eg játa það fúslega, að mèr þykir það mjög óhappalegt, að þessi forngripastofnun vor skuli verða að falla um sjálfa sig vegna peningaleysis, eða stranda á því stigi, eins og fleiri stofnanir vorar; mèr fyrir mitt leyti fyndist því miklu rèttara að fara með peningabón þessa í kollektusjóðinn eða einhvern annan sjóð en jafnaðarsjóðinn. Að öðru leyti gef eg atkvæði mitt fyrir, að nefnd verði sett í málinu.

Forseti: Það hefir verið stungið upp á þriggja manna nefnd, og vil eg biðja þá þingmenn, sem eru á því að standa upp.

Var síðan þriggja manna nefnd samþykkt í einu hljóði og þessir kosnir:

Stefán Thordersen með 14 atkv.
Jón Hjaltalín — 9 —
Jón Pètursson — 9 —

Málið afhent flutningsmanni bænarskráarinnar Stefáni Thordersen, sem þeim, er fengið hafði flest atkvæði.

Forseti: Þessu næst kemur til inngangsumræðu, og ef þingið ákveður svo, til nefndarkosningar, bænarskrá úr Borgarfjarðarsýslu um að úrslit fátækramálefna verði lögð undir dómstólana. Þingmaður Borgfirðinga er flutningsmaður.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal leyfa mèr að lesa bænarskrána:

Sbr. Síðari part alþingistíðindanna bls. 240.

Eg skal eigi að svo stöddu mæla með bænarskránni, en bið einungis þess, að nefnd verði sett, og vona eg því fremur að þingið

láti að bæn minni, sem það í dag hefir haft svo mikinn velvilja fyrir nefndarkosningum.

Konungsfulltrúi (P. Jónasson): Eg fæ ekki betur séð en að uppástunga sú, sem bænarskrá þessi lýtur að, sé miður vel hugsuð, og einkum, að hún í afleiðingum sínum sé mjög ísjárverð, þó ekki sé í öðru en því, að hún hlyti, ef henni yrði framkvæmt, að leiða af sér mikinn og nýjan kostnað, annaðhvort fyrir hlutaðeigandi hreppa eður og fyrir jafnaðarsjóðina, að því leyti sem gjafsókn ætti sér stað, og þetta atriði er svo mikilvægt, að í því liggur, að því er virðist, næg ástæða fyrir því að fella bænarskrána. Það lítur svo út, eins og beiðendum þyki meiri trygging í því ef sveitamál yrðu útkljáð við dómstólana, en þetta verð eg að álíta mikið efamál, og að vísu er eg hræddur um, að það kynni að bera optar að, að hlutaðeigendur yrðu ekki heldur betur en vel ánægðir með úrslit málanna hjá landsyfirréttinum, sem ætlazt er til að leggi endilegan dóm á þau; eins og nú er ástatt ganga þessi mál fyrst til sýslumanns, og þaðan til amtmanns og loks, ef þar til þykir tilefni, til hlutaðeigandi ráðgjafa í Kaupmannahöfn, allt kostnaðarlaust, og þó menn nú kynnu, ef til vill, að segja, að sýslumaður hefði haldið taum einhvers hrepps meira en ástæður voru til — og þetta er þó mjög ólíklegt — þá getur þetta þó vissulega ekki átt sér stað hvað amtmenn eða ráðgjafann snertir, og úrskurðir ráðgjafans í sveitamálum, sem nú koma allir á prent, lýsa því bezt sjálfir, hversu vel og nákvæmlega málavextir hafa verið yfirvegaðir á báða vegu, áður en úrskurður var lagður á málið, og það hefir heldur ekki heyrzt, svo kunnugt sé, hin minnsta óánægja um úrslit málanna frá ráðgjafans hálfu. Það virðist því að vera öll sú trygging til staðar fyrir réttlátum úrslitum, sem menn geta óskað, og til hvers er þá að breyta því sem er, og baka sér þar að auki mikinn og nýjan kostnað. Eg er hræddur um að hér sannaðist, ef farið væri að breyta því sem nú er, gamla orðtakið: »að sjaldan fer betur þá breytt er«.

Eg verð því að ráða frá, að þingið taki þessa bænarskrá að sér.

Jón Hjaltalín: Eg mæli af alefli móti því, að nefnd verði sett; mér finnst bænarskrá þessi ganga út frá alveg rangri skoðun, því hún gengur út frá vantrausti á yfirvöldunum; það er eins og þeir, sem samið hafa bænarskrána, ekki hafi hugsað um eða út í það, hvaða kostnað breyting þessi hefði í för með sér, eða

hvaða tímatöf leiddi af henni; það er þó vant að vera orðið mál til að hjálpa hèr á Íslandi, þegar það er gjört, og þegar við lítum til Ameríku og Noregs, þá sjáum vèr hve óheillavænleg þessi breyting muni vera fyrir oss. Eg er líka hræddur um, að ef menn ætla að fara að demba öllum þeim málskostnuðum, sem af þessum smámálum kunna að rísa, yfir á fátækrasjóðina, þá muni þeir ekki græða stórt við það!

Sveinn Níelsson: Eg skal ekki vera langorður í þetta sinn; málið er heldur ekki á því stigi, að menn þurfi að ganga inn á efni þess. Það er búið að minnast á ókosti málsis, og þarf eg því ekki að taka þá frekar fram. Aptur á móti vil eg minnast á kosti málsins. Eg tek þá upp aptur það, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi áðan sagði, að sjaldan fer betur þegar breytt er; eg get skýrskotað til þeirrar reynslu, sem eg hefi í þessu efni; eg hefi þekkt nokkuð til sveitarstjórnar í 50 ár, og get vitnað það, að eg hefi aldrei heyrt menn kvarta um neina verulega óánægju með yfirvalds úrskurði í þessu efni. Að minni hyggju og eptir því sem jeg bezt þekki til, leysa sýslumenn optast nær úrskurði sína í þessum málum vel og vandlega af hendi, en skyldi nokkuð bera út af í þessu efni, þá geta menn verið vissir um að málin komast í góðar hendur þar sem til amtmannanna kemur og þar eiga sveitastjórnir kost á að skýra málin til hlítar. Eg þarf ekki að vitna meir í þessu tilliti, en enda þessi orð mín með þeirri ósk og von, að hinn háttvirti flutningsmaður taki bænarskrána aptur.

Arnljótur Ólafsson: Nú þykir mèr vera komið annað hljóð í strokkinn. Eg hefi verið beðinn að taka bænarskrána aptur; en áður en eg gjöri það, og eg held eg gjöri það eigi, vildi eg þó tala nokkur orð. Mèr finnst það sè engan veginn ástæðulaust þó beiðendur hafi farið þessum breytingum á flot. Eg hefi reyndar ekki 50 ára heldur að eins 5 ára reynslu, eður varla það, í sveitarmálefnum, en þó veit eg til þess, að það er helgað með ýmsum ráðgjafa-úrskurðum, að orðið vistfastur í fátækra reglugjörðinni er nú þanið svo mjög út, að það einnig nær út yfir þá, er fara betlandi um sveitina; á þessa leið er einn ráðgjafa-úrskurður fyrir nokkrum árum kominn í Norðurland um betlikerlingu. Eg get og tekið annað dæmi, sem er það, að stjúpbörn eru nú rètt nýlega látin eiga sömu framfærslusveit og stjúpfaðir þeirra á; þetta er nýmæli hèr á landi og hefir að eins átt sèr stað í einstaka stað; og veit eg eigi betur en það sè tekið úr fátækratil-

skipun Dana dagsettri 24. janúar 1844 § 9, en í fátækra reglugjörð vorri er skýrt fram tekið, að hjónabandsbörn fylgi «*föðursins* sveit». Bæði þessi nýmæli eru þá komin hingað til lands með ráðgjafa-úrskurðum. Eg vona nú að þingið sjái, að beiðendurnir hafa eigi farið ástæðulaust út í þetta mál, en fyrir því að eg vil tefja sem minnst fyrir þinginu, þá vil eg að lyktum stinga upp á því til vara, að málinu verði vísað til nefndar þeirrar er sett var í stjórnarbótarmálið.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg veit ekki, hvernig hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður hefir farið að komast að þeirri niðurstöðu sem hann komst að skilja það svo, að bænarskrá þessi bæri með sèr vott um tortryggni gegn embættismönnum landsins; hann hlýtur að hafa misskilið beiðendurna. Þeir kvarta einasta yfir, að fátækramálum sè ekki almennt vel borgið með þeirri málsmeðferð sem nú er höfð á þeim, en hreifa því alls eigi, að hlutaðeigandi embættismenn breyti gegn skyldu sinni í fátækra málum, Hitt er í bænarskránni, sem er satt og rètt í alla staði, að sum fátækramál eru svo flókin, að ýtrustu nákvæmni og rannsókn þarf til að greiða úr þeim til hlítar. Held eg að þessi skoðun sem lýsir sèr í bænarskránni sè ekki með öllu ástæðulaus. Það hefir verið sagt, að sýslumenn mundu sjaldan eður aldrei hafa hvatir til að vera hlutdrægir í fátækramálum, en skyldu þeir þá ekki hafa hvatir til að vera hirðulausir um þau? Jú það held eg hljóti að liggja í augum uppi, að þar sem þeir enga borgun fá fyrir þenna starfa sinn í fátækramálum, þá freisti það þeirra til að fara fljótt yfir þau; og ætli það hafi aldrei komið fyrir, að þeir hafi farið í fljótara lagi yfir jafnflókin og vandasöm mál, sem fátækramál jafnaðarlega eru. Reyndar hefi eg ekki 50 ára reynslu fyrir mèr í fátækramálum eins og þingmaður Snæfellinga, en nokkra reynslu hef eg þó í slíkum efnum, og svo mikið veit eg, að fátækramál geta stundum verið svo flókin, að ekki veitir at hinni nákvæmustu og ítarlegustu rannsókn til að finna hið sanna og rètta í þeim, og til þess menn geti ráðið þeim svo heppilega til lykta sem vera ber. Eg get þess vegna ekki að þessu leyti mælt á móti bænarskránni; en það er annar annmarki á þessu máli, sem er íhugunarverður, og mèr vex í augum, og gat hinn hæstvirti konungsfulltrúi hans í ræðu sinni, en það er kostnaður sá, sem af því mundi leiða yrðu fátækramál almennt lögð fyrir dómstólana, og sem annaðhvort hlyti að lenda á fátækrasjóðunum eða jafnaðarsjóðum amt-

anna, eða á hvorumtveggju. Hygg eg að þar sem fátækramálum hefir nú fjölgað svo mjög á seinni árum, þá yrði sá kostnaður sem af þeim leiddi of þung byrði fyrir þessa sjóði; og fyrir þá skuld verð eg að greiða atkvæði á móti bænarskránni.

Torfi Einarsson: Það er nú óþarfi að eg standi upp hèðan af, því nú er það flest komið fram, er eg ætlaði mèr að segja; eg ætlaði sem sè að tala um kostnaðinn sem af þessu mundi leiða, en hvorki að halda lofræður yfir landsyfirrèttinum nè stjórn þeirri, sem nú er á sveitarmálefnum.

Eiríkur Kúld: Eg vil leyfa mèr að stinga upp á því, hvort hinn heiðraði flutningsmaður vilji ekki geyma bænarskrá þessa þangað til sveitarstjórnarmálið verður lagt fyrir, ef það annars nokkurn tíma kemur (Arnljótur Ólafsson: Það er svo langt að bíða). Hvað snertir lofræðu þá, er hinn heiðraði þingmaður úr Snæfellsnessýslu hèlt yfir stjórn sýslumanna og amtmanna á fátækramálum, þá vil eg engan veginn rengja 50 ára reynslu hans, en þrátt fyrir það veit eg samt af minni eigin reynslu — því þó mín þekking á sveitarmálum alls ekki geti miðast við 50 ár, þá er hún þó nokkur, — að mannaverk hafa verið á gjörðum þeirra, og jafnvel líka sumum úrskurðum í þeim málum, þó lengra hafi farið en til amtmannanna. Vèr höfum heldur ekki neina fulla vissu fyrir því að vèr eigum því láni að fagna að hafa ætíð aðra eins dugandis menn í embættum þessum, eins og nú, og þegar bezt hefir verið.

Benedikt Sveinsson: Það mundi mega segja, að það sæti illa á mèr að mæla með bænarskrá þessari, ef eg gengi út frá sama stjórnarmiði og hinn hæstvirti konungsfulltrúi gjörði í mótbárum sínum gegn henni, því það liti svo út sem eg vildi taka fram fyrir hendurnar á honum, með að halda fram þeirri tryggingu fyrir rèttum málalokum, sem dómstólarnir gefa! En eg vil ekki og ætla mèr ekki að fylla þann flokk, er hèr á þingi er að fara í *kapp* og *metning* um það, hvort yfirvöldin sè betri en dómendur, þar sem ræðir um takmörkin á hinum eðlilega verkahring hins umboðslega valds og dómsvaldsins. Eg læt nú þetta og því um líkt eigi koma mèr við. En það er annað atriði, sem eg ætla að taka fram til *stuðnings* bænarskránni, og það er það, að hún fer því fram, sem er skýlaust og vafalaust að mál þessi sèu dómsmál; það er segi eg skýlaust, að sveitamál eru dómsmál, en þau hafa einnig aðra hlið, sem er umboðslegs eðlis, og þess vegna hefir það þótt, af

politiskum ástæðum, *hentugra* til *flýtis* fyrir málalok og til *sparnaðar*, að leggja þau undir *yfirvöldin*, en ekki undir dómstólana. Sökum þessa fer fjarri því, að eg álíti það rangt, er bænarskráin fer fram á. En nú kemur annað atriði til greina. Í einni grein í frumvarpi því til stjórnarskipunarlaga, sem fram er lagt fyrir þingið, stendur, að með lagaboði skuli síðar aðskilja dómsgæzluna og yfirvaldagjörðir, og ætti það þá við, að þingið, eptir því sem eg hefi tekið fram um eðli þessara mála, þá á sínum tíma tæki málefni þetta sérstaklega til greina. Einmitt frá *þessu* sjónarmiði álít eg bænarskrána óheppilega og ótímabæra, og vil þess vegna ráða hinum heiðraða flutningsmanni til að taka hana aptur.

Jón Hjaltalín: Viðvíkjandi því, er hinn heiðraði þingmaður Suður-Þingeyinga sagði, þá skil eg ekki í, hvernig hann fer að neita því, að bænarskrá þessi láti í ljósi vantraust á embættismönnunum, því það liggur þó í augum uppi, að hún gjörir það. Það er víst að fátækra mál eru í öllum löndum undir umboðsstjórninni, þrátt fyrir það sem hinn heiðraði þingmaður Árnesinga sagði, og ef þau nokkurstaðar eru undir dómstólunum, þá er það hrein undantekning. Það er mikið gott og fagurt að vilja hafa allt sem bezt og réttast, en það er ekki ætíð hlaupið að því, því máltækið gamla sannast einatt, að «enginn er svo öllum líki, og ekki guð í himnaríki». Menn skulu heldur ekki halda, að allt verði fullkomið, þó þetta fáist. Hér er nú einn maður á þinginu, sem hefir 50 ára reynslu fyrir sér, og þykir honum stjórnin á málum þessum fara vel úr hendi, og hygg eg líka, að svo muni vera; mér sýnist óráðlegt og ískyggilegt að láta bænarskrá þessa koma í nefnd, því enginn getur þó neitað, að það verður til tímalengingar; það færi líka að þyngja á landsyfirréttinum, ef þessu yrði framgengt, og þegar öllu er á botninn hvolft, þá eru þó dómendurnir í landsyfirréttinum heldur ekki nema menn. Ekki þyki mér ráðlegt að slengja bænarskrá þessari upp á nefndina í stjórnarbótarmálinu, því henni virðist að ætla að verða nógu þungt undir fótinn með það, sem hún hefir nú, nefnilega allar bænarskrár sem nú eru komnar til þingsins um þjóðfund og sjálft stjórnarfrumvarpið, heldur vil eg ráða til öldungis að sleppa henni að sinni.

Benedikt Sveinsson: Eg verð að taka það fram, að mín uppástunga er öldungis ekki í sömu stefnu og vara-uppástunga þingmanns Borgfirðinga. Í frumvarpinu stendur, að þegar stjórnarbótin sé komin í kring, skuli með lagaboði ákveða aðskilnaðinn á

verkahring dómstólanna og umboðstjórnarinnar; það á þess vegna engan veginn við, að vísa bænarskránni til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu *núna*, sem hlyti að ganga þegjandi fram hjá henni, eða kveða upp yfir henni dauðadóm sem ótímabærum burði; það er þó skárra fyrir flutningsmann um rètt mál í sjálfu sèr að taka hana aptur, en að láta það verða fyrir þessum forlögum í þinginu eða nefndinni. Eg verð að bæta því við, að þó eg viti, að margir mèr lögfróðari menn sitji hèr á þingbekkjunum og sumir þeirra vefengi, að málefni þessi heyri undir dómstólana, þá er það viðurkennt um allan heim af hverjum þeim manni, sem skynbragð ber á lögfræði, að mál þessi sèu dómsmál; það má líka liggja hverjum einum í augum uppi, að þegar ræða er um skyldur einstaklingsins gegn sveitarfèlaginu að þá er það dómsmál. Ef nokkuð væri, þá ætti það helzt að heyra undir umboðsstjórnina, þegar sýslum eða ömtum ber eitthvað á milli, en það er þó líka í raun og sannleika dómsmál. Annað mál er það, að vel getur verið, að fyrirkomulag það sem nú er, sè í ýmsu tilliti hagkvæmara.

Sveinn Níelsson: Ef það hefir verið meining hins heiðraða varaþingmanns Barðstrendinga, að eg hafi ætlað að slá sýslumönnum og amtmönnum gullhamra, þá hefir hann öldungis misskilið mig; það hefir aldrei verið vani minn að slá neinum gullhamra, og það þykist eg heldur ekki í þetta sinn hafa gjört; en eg get heldur ekki haft mig til að hnjáta í menn eða áfella þá að orsakalausu; en það hèlt eg að mèr mundi jafnleyfilegt sem öðrum, að koma fram með vitnisburð minn, sem byggður er á langri reynslu, og þekkingu, og eg verð líka að álíta það skyldu mína að styðja fyrir mitt leyti að því, að hver einn njóti sannmælis.

Arnljótur Ólafsson: Eg get þó ekki fallið frá því að vísa bænarskrá þessari til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu, því hún miðar til breytingar á stjórn sveitamálanna. Nú stendur í frumvarpi til stjórnarskipunarlaganna, að landsyfirrètturinn skuli vera æðsti dómstóll, og bænarskráin fer fram á, að landsyfirrètturinn verði æðsti dómari allra sveitamála; það væri því ekki lítill ávinningur fyrir nefndina að fá þessa ástæðu til hjálpar. Þá er enn eitt atriði, sem eg vildi taka fram; það gæti verið, að nefndin í stjórnarbótarmálinu hreifði því, hvort ekki mundi breyting gjörð á amtmannastjórninni, og vèr skulum nú setja, að hún yrði tekin af, þá er hætt við ruglingur færi að koma á stjórn sveitamálanna;

en ef nefndin hefir þessa bænarskrá í höndunum getur hún óhikað farið í höggorustu við amtmennina.

Forseti: Þá kemur til atkvæðagreiðslu um, hvort nefnd skuli setja í máli þessu:

Var þá gengið til atkvæða, og var bænarskráin felld frá nefnd með atkvæðafjölda.

Því næst var gengið til atkvæða um vara-uppástungu þingmanns Borgfirðinga um að vísa bænarskránni til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu, og var hún felld með 15 atkvæðum gegn 5.

Var málið þannig burt fallið.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið ályktar svo, bænarskrá úr Eyjafjarðarsýslu um að *kaupmenn* hafi *viðskiptabækur* sínar við bændur á íslenzku. Flutningsmaður er hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga, og mun hann skýra málið eptir því sem honum þykir þörf á.

Stefán Jónsson: Eg skal þá leyfa mér að lesa upp bænarskrána.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 232).

Bænarskrá þessi snertir ekki eitt hérað fremur en annað, en hefir jafna hagsmuni í för með sér fyrir hverja sýslu; það er þess vegna undir því komið, hvort menn úr flestum héröðum landsins álíta mál þetta jafn-mikilsvert og þeir, sem bænarskrána sendu, og undir áliti þingsins, hvort nefnd skuli í því sett. Málið er í sjálfu sér ekki umfangsmikið, og eg er að vísu ekki mikið fyrir að taka mörg smámál inn á þetta þing, en úr því eg, samkvæmt skyldu minni, hefi flutt bænarskrá þessa hér fram, verð eg að mæla með því, að hún komist í nefnd, og er 3 manna nefnd eflaust nóg.

Sveinn Níelsson: En verð að styðja mál þetta, þó lítið sé, því það getur valdið miklum ruglingi, að bændur skilja ekki viðskiptabækur sínar við kaupmenn, enda mun öllu til skila haldið, að þeir skilji þær ætíð sjálfir. Það er næsta óeðlilegt að senda íslenzkum almúga bækur þessar á dönsku, eða öllu heldur einhverjum hrærigraut af máli, því það er hvorki danska né íslenzka á þeim; það væri mikil framför í verzlunarsögu vorri, ef þing þetta gæti talið sér það til gildis, að það fengi því afrekað, að bækur þessar yrði hér eptir ritaðar á íslenzku; eg ætlast ekki til að á þeim skuli vera hið bezta gullaldarmál, en mikið þætti mér unnið

þó eigi kæmust þær á betri íslenzku, en hin svonefnda, *lingva Romana rustica* var á sinni öld. Eg held að þingið hafi stundum skipt sèr af því, sem ekki hefir verið meira í varið í alþjóðlegu tilliti en þetta er, og vil eg því mæla fram með, að nefnd verði sett.

Stefán Jónsson: Eg hygg, að bænarskrá þessi sè sprottin með fram af því, að einn eða tveir kaupmenn á Akureyri hafa byrjað á að skrifa viðskiptabækur sínar á íslenzku, og er þó annar þeirra danskur maður, en kaupmenn þeir sem íslenzkir eru skrifa mestmegnis á dönsku. Dæmi þetta sýnir, að það er ekki óvinnandi verk, því fyrst þessir menn geta það, ætti það einnig að vera vinnandi verk fyrir aðra fleiri.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg verð að styðja að því, að nefnd sè sett í þessu máli, því mèr finnst það óviðurkvæmilegt, að kaupmenn, og það íslenzkir kaupmenn, skuli skrifa reikninga sína handa íslenzkum bændum á dönsku; fæstir bændur skilja því hvað rètt er eða rangt í reikningum þeirra; og leiðir af því margvíslegur ruglingur og megn óánægja.

Björn Pètursson: Eg verð að styðja mál þetta af sömu ástæðum og hinn heiðraði þingmaður Snæfellsnessýslu tók fram. Það er enn einn galli á viðskiptabókunum, að það er opt mjög bágt fyrir bændur að komast fram úr þeim; eg vil þess vegna leyfa mèr að stinga upp á, að hin tilvonandi nefnd taki það til yfirvegunar, hvort ekki mætti gjöra kaupmönnum að skyldu, að skrifa bækur þessar með góðri og vel læsilegri hönd!! því eins og þær nú gjörast er vandræði að lesa þær. Eg fyrir mitt leyti skil dálítið í dönsku, en hef þrátt fyrir það optar en einu sinni komizt að keyptu með að lesa þær. Mèr þykir mest undir því komið, hvað hinn hæstvirti konungsfulltrúi leggur til þessa máls og hverju hann spáir um undirtektir stjórnarinnar; haldi hann, að til nokkurs sè að leita til stjórnarinnar í þessu efni, vil eg fylgja málinu, en sjái hann það ekki til neins, verð eg að falla frá því.

Konungsfulltrúi: Það virðist ekki betur en að bænarskrá sú, er hèr liggur fyrir, hafi mikið til síns máls, því það er öldungis í eðli sínu, að kaupmenn vorir semji reikninga sína á íslenzku, en ekki á því máli, sem allur þorri þeirra manna, sem þeir eiga viðskipti við, ekki skilur; og þó erfiðleikar kynnu að vera á þessu frá hlið kaupmanna, geta þeir ekki til greina komið gagnvart rèttindum málsins og landsmanna. Að öðru leyti er það hvergi nærri

almennt, að kaupmenn haldi viðskiptabækur, þó slíkt sè lögboðið, við landsmenn, heldur senda þeir þeim einu sinni á ári afreikninga, og ætti því þetta atriði, ef málið kemur í nefnd, að koma til yfirvegunar, enda hafa reglulegar viðskiptabækur auk annars þann kost, að þær um leið og þær tryggja viðskiptin á báðar hliðar, hamla því lagabroti, sem nú, því miður, ekki kemur hèr svo sjaldan fyrir, að óhlutvandir menn búa til falskar ávísanir upp á kaupmenn undir nafni einhvers af þeirra skiptavinum, og taka svo út hjá þeim, það sem ávísunin hljóðar upp á, er varla gæti átt sèr stað, ef viðskiptabækur væru viðhafðar og ekkert látið úti nema bókin væri um leið til staðar.

Bænarskrá þessi virðist því á góðum rökum byggð.

Páll Ólafsson: Eg hlýt að vera máli þessu meðmæltur af 3. ástæðum; fyrst vegna þess, að eg hef optlega ekki sjálfur skilið viðskiptabækurnar; í annan stað af því að þetta gæti ef til vill hjálpað til að betra kaupstaðarmálið, og í þriðja lagi sökum þess, að það er ekkert peningamál, nè eykur byrði jafnaðarsjóðanna. Mæli eg því með, að málið komi í nefnd.

Forseti: Þá kemur til atkvæðagreiðslu um, hvort nefnd skuli kjósa; það hefir verið stungið upp á þriggja manna nefnd.

Var þá gengið til atkvæða og nefndarkosning samþykkt með 21 atkvæði.

Þessir urðu fyrir kosningu:

Stefán Jónsson með 18 atkv.
Sveinn Níelsson — 9 —
Björn Pètursson — 6 —

Páll Ólafsson hlaut einnig 6 atkvæði, en með því Björn Pètursson var honum eldri, varð hann nefndarmaður.

Málið var afhent þingmanni Eyfirðinga, sem hafði fengið flest atkvæði til nefndar.

Forseti: Þá kemur til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið ályktar svo, bænarskrá úr *Rangárvallasýslu* um *borgun til prófasta fyrir kirkjuskoðanir.* Flutningsmaður er þingmaður Rangæinga, og mun hann lesa upp bænarskrána og skýra málið, eptir því sem honum þurfa þykir.

Sighvatur Árnason: Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp bænarskrána.

(Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 233).

Eg vil ekki eyða mörgum orðum að því að mæla fram með

hænarskrá þessari fyrr en eg heyri, hvern róm þingið gjörir að henni; einungis óska eg, að nefnd verði kosin í málið og sting upp á 3 manna nefnd.

Pètur Pètursson: Eg vil ekki vera öldungis á móti því, að nefnd sè kosin í mál þetta, þó mèr finnist, að laun prófasta sèu svo lítil, að þeir mega einkis í missa. Ef að þingið heldur, að það hafi tíma til að taka málið til meðferðar, vil eg heldur vera nefnd meðmæltur, því eg játa að gjald þetta, eins og það er nú, kemur nokkuð ójafnt niður á kirkjurnar; mætti ef til vill jafna það svo, að hinar ríkari kirkjur tæki meiri hlut í því að tiltölu, en hinar fátækari minni.

Eiríkur Kúld: Eg vil styðja að því, að nefnd verði sett í máli þessu, því mèr finnst sú stefna, sem hænarskráin fer fram á, vera á mikilli sanngirni byggð, og eg held, að laun prófastanna þurfi ekki að rýrna fyrir þetta; að minnsta kosti er það að miklu leyti nokkuð undir þeim sjálfum komið eða dugnaði þeirra.

Ólafur Pálsson: Eg verð einnig að vera nefnd meðmæltur, því mèr finnst bænarskráin vera vel hugsuð í aðalefni sínu; það hefir vakað fyrir mörgum, að betra væri að hafa mörg tröppustig á launum prófasta, fyrir vísitazíur, eptir tekjum kirknanna. Það getur reyndar verið, að uppástungan, eins og hún er, rýri nokkuð tekjur prófastanna, sem eru mjög litlar, því flestar munu kirkjurnar verða í þeim flokknum, sem hefir í tekjur 15—40 rd. á ári. Þessi lægri mælikvarði í bænarskránni kemur eðlilega af því hún er frá því hèraði, sem einna þèttskipaðast er af kirkjum, eptir því sem mèr er kunnugt; en það flýtur af þessu, að þeim mun hægra er þar að vísítera. En þetta álít eg að ætti ekki að vera málinu yfirhöfuð að tala til fyrirstöðu, því menn að líkindum gætu, komið sèr saman um að þoka tölunum dálítið til eða haga þessu nokkuð á annan hátt.

Sveinn Níelsson: Mèr finnst eins og mèr sè bent á að styðja að nefnd, þegar þeir menn hafa gjört það, sem nú hafa talað á undan mèr, enda skal eg gjöra það. Eg ætla ekki að fara að tala um hinar ýmislegu tölur, því það á ekki við á þessu stigi málsins. Ef sanngjarnlega er að farið ímynda eg mèr, að prófastar muni hvorki græða nè missa mikils; það þykir mèr vel fara, og segi: »Allur er jöfnuðurinn góður«. Eg held líka, að engum prófasti þyki æskilegt að láta gjalda sèr mikið af fátækum kirkjum. Eg held að tröppugangur þessi geti orðið góður og sanngjarn,

og það einkum, ef nefndin tekur tillit til, hvernig byggðarlagi hagar, og hvaða fyrirhöfn hver prófastur hefir fyrir að vísitera í sínu umdæmi.

Forseti: Það hefir verið stungið upp á þriggja manna nefnd og fimm manna nefnd, skal eg biðja þingmenn að skera úr því með atkvæðum, hvort heldur skuli vera.

Var þá gengið til atkvæða og það samþykkt með 14 atkvæðum, að 5 manna nefnd skyldi kjósa.

Þessir urðu þá fyrir kosningu:

Pètur Pètursson	með	19 atkv.
Ólafur Pálsson	—	18 —
Sighvatur Árnason	—	16 —
Sveinn Níelsson	—	12 —
Eiríkur Kúld	—	9 —

Málið var afhent hinum fyrsta konungkjörna þingmanni, er fengið hafði flest atkvæði.

Forseti: Þá kemur til inngangsumræðu bænarskrá úr *Mýrasýslu* um *vísitazíur prófasta;* flutningsmaður bænarskrár þessarar er þingmaður Mýramanna, og mun hann skýra málið fyrir þinginu sem þörf er á.

Hjálmur Pètursson: Bænarskrá þessi er sama innihalds og sú, sem nú var verið um að ræða, og veit eg því ekki, hvort þingmenn vilja, að eg lesi hana upp (Feiri: ekki nema niðurlagsatriðin) Hún hefir engin sèrstök niðurlagsatriði. Aðaleíni bænarskrárinnar er það, að hlynna að kjörum fátækra kirkna, og stingur hún í því skyni upp á, að fækkað verði vísitazíum prófasta. Eg fer ekki fram á, að sèrstök nefnd verði kosin í þetta mál, heldur sting eg upp á, að bænarskránni verði vísað til nefndar þeirrar, er seinast var kosin.

Eiríkur Kúld: Eg vil leyfa mèr að spyrja hinn heiðraða flutningsmann, hvort hann vilji nú ekki taka aptur bænarskrá þessa, því þó hún í fyrstunni virðist að vera meinlaus, er hún varla samt þess verð, að henni sè vísað til nefndarinnar, sem nú var sett, því síður, að ný nefnd sè sett hennar vegna; að minnsta kosti virðist mèr hún mjög hál og ískyggileg og ekki heldur sanngjörn. Bænarskráin geymir í sèr þann tilgang að deyfa einmitt það, sem að eflir og viðheldur hinu trúarbragðalega og kirkjulega lífi. Menn vita, að byskupar vorir mjög svo sjaldan fara í kirkjuskoðanir og þess vegna virðist mèr mjög svo óheppilegt að

að fækka vísitazium prófasta. Þess ber og að gæta, að mark og mið prófasts visitaziunnar er ekki einungis það, að prófastar telji skildinga kirknanna, heldur á hann að kynna sèr sambandið milli prests og safnaðar, uppfræðingu barna o. s. frv. Af þessu vona eg, að þinginu skiljist, að bænarskrá þessi er næsta hál og iskyggileg; en hún er heldur ekki sanngjörn, því að laun prófasta hèr á landi eru harla lítil, og því nær mestmegnis fólgin einmitt í þessum tekjum sem bænarskráin fer fram á að rýra með því að fækka vísitazíum prófastanna. Eg vil því stinga upp á, að bænarskrá þessi komi alls ekki í nefnd, en að hinn heiðraði flutningsmaður taki hana aptur og flytji hana heim til sama lands, hvaðan hún var upprunnin.

Sveinn Skúlason: Eg óska, að bænarskráin sè lesin upp, fyrst farið er að ræða hana svo ýtarlega.

Forseti: Eg hefi ekkert á móti, að hún sè lesin upp.

Hjálmur Pètursson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp bænarskrána.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 235).

Að því er snertir uppástungu hins heiðraða þingmanns Barðstrendinga verð eg að geta þess, að á hana get eg eigi fallizt. mèr þykir þann dæma bænarskrána býsna hart; og leggja í hana vonda meiningu, sem að hún eigi hefir. Mèr finnst bænarskráin vera skikkanlega samin, og frá skikkanlegum mönnum er hún komin. Hún hefir líka þann kost, að hún er vægari við prófastana en hin bænarskráin úr Rangárvallasýslu, því hún vill lètta af þeim talsverðri byrði. Eg er vel ánægður með að bænarskráin komist til nefndarinnar, sem áðan var kosin; og er eg öldungis óhræddur um, að hún spillir ekki málinu hjá nefndinni, og þeirri uppástungu verð eg að framfylgja.

Halldór Kr. Friðriksson: Í þetta skipti get eg ekki með nokkru móti verið á sama máli og hinn heiðraði sessunautur minn og embættisbróðir. Hann vill með engu móti lofa bænarskrá þessari að komast í nefndina, sem þegar var sett, af því að hún miði til þess að minnka kristilegt trúarlíf. En það þykir mèr heldur en ekki skrítið, að hann skuli ekki treystast ásamt 3 öðrum geistlegum mönnum, að berjast á móti spillingu þeirri, er hann ætlar að hún muni til leiðar koma, eða hann skuli vera hræddur við hana. Eg fyrir mitt leyti verð að mæla fram með, að bænarskrá þessari verði vísað til nefndar þeirrar, er síðast var kosin.

Pètur Pètursson: Eg er samdóma hinum heiðraða þingmanni Barðstrendinga í því að stefna bænarskráarinnar sè óheppileg, þó ekki hafi annað en saklaust vakað fyrir beiðendunum; því að þeir hafa með þessu móti einungis viljað lètta á kirkjunum. Frá mínu sjónarmiði verð eg að álíta stefnuna skaðlega, því eins og þingmaður Barðstrendinga sagði, miðar hún til að deyfa tilsjónina með hinu kirkjulega lífi. Bænarskráin gjörir ráð fyrir, að prófastarnir einungis skoði kirkjurnar, en líti ekki eptir öðru; grípur hún þess vegna inn í þá umboðslegu stjórn, sem geistlegu stèttinni er fyrirskipuð, og sem er öldungis nauðsynleg. En af því, að saklaust eitt hefir vakað fyrir beiðendunum, og ef hinn heiðraði flutningsmaður heldur, að hún verði sómasamlegar grafin í nefndinni, skal eg ekki spyrna fast á móti, að bænarskráin fái þar legstað.

Halldór Kr. Friðriksson: Það á öldungis ekki við, að vera að tala um, hvort stefna bænarskráarinnar sè heppileg eða ekki. Nefndir eru til þess settar, að þær skuli skoða málin í krók og kring, laga uppástungur þær, sem gjörðar eru, en fylgja ekki blátt áfram niðurlagsatriðunum. Þegar önnur bænarskrá sama efnis er nýkomin í nefnd, þá get eg eigi sèð, hvað getur verið á móti því að láta þessa bænarskrá fylgja henni; sè hún svo löguð, að hún verði ekki tekin til greina, þá getur þó nefndin veitt henni sómasamlega greptrun.

Pètur Pètursson: Eg verð að taka það sterklega fram, að bænarskráin grípur svo inn í minn verkahring, að yrði henni framgengt yrði mèr ómögulegt að hafa þá tilsjón með hinu kirkjulega lífi, sem eg nú hef með aðstoð prófastanna; ábyrgð þeirri, sem eg hef, yrði eg að afsala mèr í hendur þingsins eða einhvers annars. Þessu samkvæmt gætu menn seinna farið að koma með uppástungur um, að byskup skuli eigi vísitera optar en 10. hvert ár, og prestar eigi húsvitja nema 3. hvert ár, ef því fylgir nokkur kostnaður. Stefna bænarskráarinnar er mjög óheppileg, en eins og eg fyrr sagði hef eg ekki á móti, að hún komist til nefndarinnar, af því ekkert annað en saklaust hefir vakað fyrir beiðendunum.

Sveinn Níelsson: Bænarskrá þessi er ljós vottur um, hvernig fer þegar eitthvert mál er skoðað einungis frá einni hlið, og það þá frá þeirri, sem seinna skyldi skoða. Hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður tók það vel fram, hversu nauðsynlegt þetta eptirlit er. Það þykir mèr harla óheppilegt, ef menn vilja rýra þau

ráð sem stuðla til þess, að sem bezt samhljóðun sè milli prests og safnaðar, og að uppfræðing barnanna sè í svo góðu lagi sem unnt er. Eg ætla að sneiða hjá að tala um reikningana; prestarnir líta yfir þá á bændakirkjunum, hvort þeir sèu rèttir, og svo prófastarnir á eptir þeim og finna sjaldan mikil missmíði á. Það er einungis af kurteisi að eg vil láta vísa bænarsá þessari til nefndarinnar í kirkjuskoðunarmálinu, en þó hún verði grafin þar, býst eg varla við, að stórt minnismerki verði reist á leiði hennar.

Ólafur Pálsson: Það er reyndar óþarfi fyrir mig að standa upp, því hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður hefir tekið það fram, sem eg vildi gjört hafa; þó vil eg benda á eitt atriði, er sýnir hina skaðlegu stefnu bænarskráarinnar, en það er, að eptir uppástungu hennar yrði prófstunum alveg ómögulegt að hafa það eptirlit og gefa skýrslur þær, sem þeim er fyrirskipað, og sem nú með hinum mesta rètti hefir verið hert á fyrir skömmu; eg er samt sem áður ekki á móti, að bænarskráin komist til nefndar, með því eg vona, að hún verði ekki áhrifamikil í nefndinni; því hún án efa er ekki af neinum illum toga spunnin, þótt hún sè ekki heppilega hugsuð, og vona eg að rætist á henni, að «einu gildir hvar frómur flækist».

Sighvatur Árnason: Hinn heiðraði þingmaður Snæfellsnessýslu sagði, að bænarskráin skoðaði ekki málið nema frá annari hliðinni, en eg verð að segja, að mèr finnst það mjög eðlilegt, þó það vaki fyrir beiðendunum að lètta kostnaði á kirkjunum, enda mun fæstum þeirra vera kunnugt um það, sem fyrir er skipað í konungsbrèfi 5. júlí 1781 og tilskipun 29. maí 1744, eður annað sem þar að lýtur um vísitazíur prófasta, þegar það kemur ekki allt fram í verkinu, og á hinn bóginn eru líka harðir kostir að hafa tillit til þess við gjaldgreiðslu, sem ekki sèst í framkvæmdinni. Það er líka vitaskuld, að kirkjurnar sjálfar þurfa fæstar eptirlit á hverju ári, og eðlilegt er, að beiðendunum sè starsýnt á kostnað þann, sem þetta gjörir fátækum kirkjum.

Jón Pètursson: Mèr finnst báðar þessa bænarskrár lýsa því, að mönnum þyki tekjur kirknanna of litlar. Þessu var öðruvísi varið 1845, því þá komst þingið að þeirri niðurstöðu, að kirkjurnar hefðu flugnógar tekjur, og setti því legkaupið, sem staðið hafði nærri því síðan kristni var lögtekin á Íslandi einlægt óbreytt, niður um helming. Þegar menn nú eru komnir aptur á þá skoðun, að tekjurnar sèu nú orðnar of litlar, finnst mèr betur eiga við,

að biðja um, að legkaupið sè hækkað aptur og gjört eins og það var, heldur en að skerða tekjur prófasta, og rýra eptirlit það sem þeir hafa á hendi yfir kirkjunum og kirkjulegum málefnum í prófastsdæmum sínum.

Forseti: Eg skal þá skjóta því til atkvæða þingsins hvort vísa skuli bænarskránni til hinnar nefndarinnar.

Var þá gengið til atkvæða og var bænarskránni vísað til nefndarinnar með 15. atkvæðum.

Forseti: Dagskránni er þá lokið. Þar eð eg hefi heyrt að synodus verði á morgun, og það hefir verið venja, að alþingi haldi ekki fund þann dag, þá ákveð eg fund eigi fyrri en á fimmtudaginn um hádegi, og mun verða birt dagskrá til þess fundar á morgun.

Fundi slitið.

---

7. fundur. — 11. júlí.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Konungsfulltrúi: Eptir áskorun nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu hefi eg látið prenta lagagreinir þær úr grundvallarlögum Danmerkurríkis, sem skýrskotað er til í 1. grein frumvarpsins til stjórnarskipunarlaga fyrir Ísland, og leyfi eg mèr hèr með að afhenda hinum háttvirta forseta nokkur exemplör þeirra til útbýtingar meðal þingmanna.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur í dag til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið ákveður svo, bænarskrá úr *Húnavatnssýslu* um útrýming fjárkláðans. Hèr með fylgja sjö aðrar bænarskrár frá öðrum sýslum líks efnis. Þingmaður Húnvetninga er flutningsmaður.

Páll J. Vídalín: Bænarskrárnar eru 8 að tölu; og skal eg einungis leyfa mèr að lesa upp bænarskrána frá Húnavatnssýslu, sem eg er flutningsmaður að, og hljóðar hún þannig:

(Sbr síðari part alþingistíðindanna, bls. 236).

Niðurlagsatriði hinna bænarskránna hljóða þannig:

(Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 237).

Bænarskrárnar allar fara í líka stefnu, nema að sumar þeirra tala um verði. Eg álít nú, að eg þurfi ekki að halda langa ræðu til að mæla með bænarskrám þessum, því bæði mæla þær með

sèr sjálfar, og líka vona eg, að þingið verði mèr samdóma um, að brýn nauðsyn beri til, að það taki mál þetta til fullkominnar meðferðar. Að vísu höfum vèr fengið lög frá 5. jan. 1866, sem hafa þann tilgang, að útrýma sýkinni, en reynslan ber þess sorglegan vott, að lögin hafa enn ekki náð þessum tilgangi sínum, þar sem hinar opinberu skýrslur sýna, eptir því sem blöðin skýra frá, að kláðinn er enn uppi t. a. m. í Grímsnesinu, og þar að auki kvað kláði vera hèr í Reykjavík. Eg vona því, að þingið álíti nauðsynlegt, að lögin sèu skerpt svo, að þau nái tilgangi sínum, þeim sem sè, að kláðanum verði útrýmt, og nauðsynlegar ráðstafanir gjörðar til þess að hann nái ekki að útbreiðast. Án frekari inngangsorða skal eg því leyfa mèr að óska, að nefnd verði kosin í máli þessu, og að í hana verði kosnir 5 menn.

Konungsfulltrúi: Þegar í dag ekki er að ræða um annað, en hvort þessu máli eigi að vísa frá þinginu, eða að kjósa nefnd í það, vil eg að eins fara fáeinum orðum um þetta.

Málið er alkunnugt bæði á þinginu og í sveitunum; eg vildi óska, að eg einnig gæti sagt: Málið er öllum landsmönnum ljóst; allir landsmenn þekkja það og skilja það til hlítar; en þetta er því miður ekki svo. Málið er nefnilega frá byrjuninni gjört að flokkamáli hèr í landinu, og það hefir hingað til verið meðhöndlað sem flokkamál af landsmönnum. Sèrhver heilvita maður getur sèð, hvað þetta hefir verið og er óheppilegt, því málið er í sjálfu sèr einungis af *materiel* þýðingu; það er velferðarmál fyrir alla fjáreigendur landsins, og skylda allra landsmanna hefði það verið frá byrjuninni að koma sèr saman við stjórnina um meðhöndlun þessa máls. En þetta hefir ekki heppnazt fyrr en í hitt eð fyrra, þegar þingið samþykkti frumvarp það, sem stjórnin lagði fyrir það, með einstöku smábreytingum, sem teknar voru til greina, þegar frumvarpið þann 5. jan. 1866 var lögleitt hèr í landinu. Málið var nú komið í rètta horfið, og menn áttu nú þolinmóðlega að bíða eptir árangrinum, — en svo óþolinmóður er flokka-andinn, að þegar nú að eins í 1 ár er reynt til, eg get sagt, alvarlega og fastlega, að framfylgja tilskip. frá 5. jan. f. á., þá geta menn ekki beðið þess, að augljós verði árangurinn af þessu eina árs erfiði, en hann getur ekki orðið ljós fyrr en í haust, ef menn ekki vilja trúa þeim skýrslum, sem samkvæmt tilskipuninni koma frá hreppstjórum, aðstoðarmönnum þeirra og sýslumönnum.

Nei - því fer fjarri. — Menn trúa hinum lausu, ábyrgðar-

lausu frèttum, sem berast víðs vegar út um landið, betur en hinum lögskipuðu skýrslum. Menn halda fundi í hinum fjarlægustu hèruðum landsins og dæma þarna um það, sem miklum vandkvæðum er bundið að dæma um hèr í nálægðinni, og menn dæma svo miklu ötular um það, sökum þess, að dómur þeirra ekki er á góðum og gildum rökum byggður, heldur á ótta og hræðslu.

Það lýsir vissulega ekki trausti til þingsins, þegar menn nú biðja um, að taka það aptur, sem þingið í hitt eð fyrra hefir afráðið, áður en reynslan er búin að sýna, hvort það getur orðið til gagns eður ekki. Þegar eg lít á málið frá þingsins hálfu, get eg ekki komizt til annarar niðurstöðu en að málinu eigi að vísa frá þinginu. En á hinn bóginn þykir mèr það æskilegt, að annað eins mál og þetta er, komi til umræðu á þinginu, til þess að reyna til, hvort það yfir höfuð er mögulegt fyrir þingið að gjöra málið ljóst bæði þingmönnum og landsmönnum, og vegna þess, að flokka-æsingarnar valda að mínu áliti minni skaða, þegar þær koma fram í dagsins bjarta ljósi, en þegar þeim er vísað til útkjálka landsins.

Eg skal með þessum orðum skjóta því undir úrskurð þingsins, hvort málinu eigi að vísa frá þinginu eða til nefndar.

Jón Guðmundsson: Eg átti ekki von á því, að þingmönnum gæfizt tilefni til að fara svo langt út í þetta mál, eins og nú gafst tilefni til frá konungsfulltrúastólnum, því eg er samdóma hinum háttvirta konungsfulltrúa í því, að eptir því stigi, sem málið nú er á, þá sè ekki spursmál um annað en hvort nefnd skuli kjósa eður eigi. En sakir þess, að konungsfulltrúi eignaði það flokkadráttum, að bænarskrár þessar væru komnar fram, þá finnst mèr það eðlilegt, þó menn frá þingmannabekkjunum svari þessu, án þess eg þó í þetta sinni ætli mèr að ganga langt út í málið. Ef landsmönnum eingöngu væru þessir flokkadrættir að kenna, og stjórnin ekki hefði gefið hið minnsta tilefni til þeirra, þá mættu í sannleika bæði landsmenn og vèr þingmenn bera kinnroða yfir aðferð vorri. Í þessu tilliti skal eg leyfa mèr að minna á, að þingið þrisvar sinnum hefir beðið um lög, en ekki fengið, (*Halldór Kr. Friðriksson*: Nú eru lögin komin) Jú, eg veit það. Eg ætla og að minnast á annað atriði, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi gat um; hann sagði sem sè, að það væri ekki annað en óþolinmæði og brek úr landsmönnum ekki að vilja bíða þangað til hin nýju lög frá 5. jan. 1866 væru búin að sýna sig til fulls; en við getum

enn þá beðið í 3, 5, 7, 11, ár áður en lækningarnar takast; við höfum séð árangurinn af þeim, og þurfum nú ekki að fara lengra en hèr upp í holtin fyrir ofan alþingissalinn, til þess að sannfærast um, að kláðinn er enn þá mitt á meðal vor; þetta eru engar lausar fregnir (*Halldór Kr. Friðriksson*: Jú). Gangi þessu þannig fram til lengðar, getum við vonazt eptir að fá fullkomna útbreiðslu kláðans af nýju, og hana svo yfirgripsmikla og háskalega, að hún nemi eigi staðar fyrr en hún hefir lagt allt landið undir. Svo þar sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi átaldi landsmenn og þingmenn fyrir »óþolinmæði« í því að vilja ekki bíða árangursins af *lækningunum* eptir tilsk. 5. jan. 1866, lengur en þenna 2 missira tíma, er hún hefir haft lagagildi, og lækningarnar eptir henni hafa átt kost á að sýna sig, þá verð eg að álíta, að árangur þessi sè nú fullsèður, og að *lengri* bið og meiri þolinmæði mundi leiða eða hlyti að leiða til þess, er öllum gengdi verst, nefnilega til þess að kláðasýkin, sem enn er uppi, eins og allir sjá og vita, útbreiðist af nýju víðsvegar til heilbrigðu hèraðanna. Það er engan veginn byggt á lausum fregnum, heldur einmitt á þeim skýrslum, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að menn mætti trúa og yrði að trúa, að kláðans hefir víða orðið vart hèr á kláðasvæðinu í vetur og fram á vor. Stiptamtmanninum yfir Íslandi mun sjálfum vera kunnugt, samkvæmt skýrslum þeim, er hann hefir fengið frá hlutaðeigandi skoðunarmönnum, að kláðans fyrir skemmstu hefir orðið vart í Grímsnesi, og að hann hefir gjört vart við sig í allan vetur hèr og hvar og víðs vegar um þessa víðlendu, fjölbyggðu og fjárríku sveit; sama er og að segja um skýrslur þær, er stiptamtið hefir fengið frá lögreglustjóranum hèr í Reykjavík fyrir skemmstu. Þetta ástand er byggt á skýrslum, sem konungsfulltrúi sagði að væru áreiðanlegar. Nú verð eg þá í annan stað að minnast á «hinar lausu ábyrgðarlausu frèttir», er konungsfulltrúi tók mönnum vara fyrir að trúa, og skal hèr taka að eins eitt dæmi, sem er alveg nýtt. Hinar opinberu skýrslur frá hreppstjóranum í Rosmhvalaneshrepp hafa í allan vetur og fram yfir lok lýst heilbrigðisástandi fjárins hjá þeim eina búanda, sem ekki skar þar niður í haust, í «bezta lagi»; allt um þetta mun sumum hreppsbændum að minnsta kosti hafa þótt þetta margtofaða heilbrigðisástand fremur tortryggilegt og eigi sízt hinum næstu hreppsbændum, er allir skáru niður. Þeir munu og hafa orðið hvatamenn þess, að á manntalsþingum í vor, 24. f. mán. kvaddi sýslumaður utanhrepps mann til skoðunar-

manns á fènu þessa hins eina búanda í Garðinum, og var mèr í gærkveldi í þessu tilliti sagt af merkum manni, er vel þekkir til, að nú muni vera komin skýrsla til sýslumanns, eður á leiðinni til hans frá þessum nýkvadda skoðunarmanni, er gangi í allt aðra átt, eða segi á þá leið, að þetta fè verði að álítast grunsamt eða geti ekki álitizt heilbrigt; það er vonandi, að skýrsla þessi berist stiptamtmanninum yfir Íslandi innan skamms. Eg ætla ekki að tala meira í þetta sinn, en vonast einungis eptir því, að nefnd verði sett í málinu.

Benedikt Sveinsson: Eg er samdóma þingmanni Vestur-Skaptfellinga í því, að *nú* eigi það ekki við að fara langt inn í þetta mál, eptir því stigi, sem það er á, nefnil. því stigi, hvort velja eigi nefnd eður eigi. Eg tek það fram, að þetta eigi ekki að eiga sèr stað, en eg hefi eigi *hvöt* til að *vara* við, að þetta eigi ekki að eiga sèr stað, nema hvað *þingmanna* bekkina snertir, og að *því* leyti mætti segja, að eg væri hinum heiðraða þingmanni Skaptfellinga eigi alveg samdóma. Eg efast ekki um, að það, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi talaði um flokkadrætti í þessu mikilvæga máli sè hans sannfæring, og eg efast heldur ekki um, að þessi hans sannfæring sè byggð á þeim röknm, sem hann álítur góð og gild. En á þessu get eg sem stendur ekki byggt, en skal einungis leyfa mèr að taka það fram, að orsakir, tilvera og afleiðingar flokkadráttanna, sem eg eigi neita að hafi átt sèr stað, eiga að kenna þingmönnum eður rèttara þinginu að nema allan flokkadrátt á burt með öllum sínum röngu orsökum og banvænu afleiðingum. Eg segi, að *þingið* og *konungsfulltrúi* eiga að vera *samhuga* í því, að binda þann enda á þetta mál, að það ekki lengur geti orðið neitt *flokkamál*. Sem fulltrúi Árnesinga, sem fulltrúi hins fjölskipaðasta kjördæmis á öllu Íslandi, og þess sem einnig hefir liðið einna mest af ógæfu þeirri, sem kláðinn hefir ollað, sem fulltrúi þess kjördæmis, þar sem kláðinn vafalaust enn þá er, heiti eg því fyrir fram, að eg skuli ekkert til leggja, er geti að rèttu skilizt svo, að flokkadrættir framar eigi sèr stað í því. Vèr eigum, í einu máli að segja, nefnilega að ræða þetta mál þannig, að það ekki þurfi optar að koma til umræðu hèr í salnum, og munum við þá fyrst um leið dæma rèttast um orsakir, tilveru og afleiðingar hins svonefnda flokkadráttnar í fjárkláðamálinu.

Hjálmur Pètursson: Mèr finnst fremur fullkomin meining í þeim orðum hins hæstvirta konungsfulltrú, að hann nefndi í

flokkaæsingar. »Það kann vel að vera, að flokkadrættir hafi átt sèr stað í þessu máli, einkum hèr í suðuramtinu, en nú orðið virðist þetta síður geta svo heitið, því að ætlun minni, mun vart vera orðinn 1 af 1000 sem sè á gagnstæðri skoðun við allan þorra landsmanna í höfuðatriðinu málsins; að bænarskrárnar eða umkvartanir manna, sèu byggðar á lausum frèttum um kláðann, get eg ekki játað; því auk skýrslnanna í Þjóðólfi, hefi eg sèð í brèfi frá stiptamtinu að kláði hafi verið í Grímsnesi í næstliðnum aprílmánuði.

Eg vona fastlega, að þingið setji nefnd í þetta mál og leyfi mèr að stinga upp á 7 manna nefnd.

Páll J. Vídalín: Það getur verið, að hèr sunnanlands þekki menn til þessara flokkadrátta; nyrðra þekkjast þeir ekki; en sèu þeir hèr til, þá er eg samdóma hinum háttvirta þingmanni Árnesinga um, að menn eigi að gjöra allt sitt til, að þeim sem fyrst linni. Að öðru leyti álít eg enga nauðsyn til að tala frekar um málið að sinni, þar eð eg get ekki sèð, að neitt það sè enn komið fram í málinu, er mæli móti því, að nefnd verði kosin í það.

Sighvatur Árnason: Eg skal leyfa mèr að fara nokkrum orðum um það, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að menn almennt ekki tryðu hinum lögskipuðu skýrslum, og jafnframt minnast á, hvernig þessum skýrslum hefir fyrr verið varið og hvernig þær eru nú, og skoða svo ásigkomulag kláðans og kláðalækninganna á undanförnum árum frá þessari skýrslnahlið. Árið 1862 fèkk ráðherrastjórnin í Danmörku embættisskýrslu suðuramtsins um ástand kláðans, dags. 4. okt., er svo segir: «lítilfjörlegan vott í fáeinum kindum hèr og hvar», síðan eru nú allareiðu liðin 5 ár og kláðinn við haldizt til þessa og útbreiðzt á ný til Árnessýslu, það er viðurkennt og opinberlega játað. Skoðum nú ástandið frá þessari hlið eptir 5 ár; hverju hafa lækningarnar komið fram? Árangurinn hefir ekki verið neinn, svo menn sjái, heldur jafnvel komið fram hið gagnstæða. Það er því nauðsynlegt að skerpa hin nýju kláðalög á þann hátt, að árangurslausar lækningar gætu ekki gengið út í það óendanlega, en ekki að rífa þau niður, eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að menn reyndu til; það er ekki heldur augnamið bænarskránna sem hèr liggja fyrir. Eg mæli því fastlega með því, að nefnd verði sett í máið.

Jón Hjaltalín: Eg mæli með því, að nefnd verði sett, ekki af því, að eg vilji komast að sömu niðurstöðu og fundurinn, er haldinn var hèr í Reykjavík í haust er leið, sem sè til þess að skera

niður 20 þúsund fjár, þó ekki væri 1 af 1000 kindum kláðasjúk, heldur af því, að eg vona, að nefnd sú, er yrði sett, gæti komizt að raun um, við yfirvegun málsins, hvaðan allir þessir flokkadrættir, sem svo mikið er talað um, og sem svo mikið hafa skaðað málefni þetta, eru sprottnir. Mèr þótti skrítið, þegar eg ferðaðist í fyrra sumar í norðurlandi, þá fundust mèr menn þar svo miklu skynsamari í þessu tilliti, en hèr gjörist syðra nú á tímum, því margir töluðu þar um það með ró og stillingu. Eg mæli því af alefli með því, að nefnd verði sett.

Eiríkur Kúld: Eg ætla mèr ekki að vega orð hins háttvirta 2. konungkjörna þingmanns; hann talaði um ferð sína í norðurlandi í fyrra sumar, og gat þess, að sèr hefði virzt, að norðlingar hefðu farið mjög skynsamlega í mál það, er hèr ræðir um, en vestfirðinga gat hann að engu í þessu tilliti, en má ske honum hafi núna gleymzt að geta þeirra að sama leyti. Einungis skal eg taka það fram, og lýsa því yfir hèr á þingi, að eg verð alveg að skilja vestfirðinga undan öllum þeim flokkadráttum, sem hèr hefir nú verið sagt, að hafi átt sèr stað í máli þessu, nema ef það er flokkadráttur að vera samtaka í að kosta fè til að verja sig með vörðum, þeim mikla ófögnuði og tjóni, er kláðiun hefir bakað sunnlendingum. Hinn háttvirti konungsfulltrúi hèlt það lýsti vantrausti á alþingi, ef fara ætti að breyta lögunum frá 5. jan. 1866; eg er honum ekki samdóma í þessu; því hèr er ekki farið fram á, að taka lögin úr gildi, heldur einungis að skerpa þau, svo þau verði því hægar hagnýtt. En nú vil eg spyrja, hve lengi á þá kláðinn að vera hèr til tjóns eins? og hver hefir árangurinn orðið af öllu því, sem aðhafzt hefir verið í þessu máli hèr á suðurlandi? Jú! þegar alþing 1865 hafði samþykkt frumvarp stjórnarinnar um lögin, sem síðar fengu lagagildi í jan. 1866, og helzt var von að lækningum yrði framhaldið með alvöru í krapti þessara laga, þá halda menn hèr í Reykjavík fund í fyrra haust og komast að þeirri niðurstöðu, að niðurskurður skyldi fara fram í stað lækninga. En hver er árangurinn og hversu langt er komið í því að uppræta hèr fjárkláðann? Þingmaður Vestur-Skaptfellinga hefir gefið oss nægar upplýsingar um, að kláðans væri hèr allt of víða vart enn þá á suðurlandi, og það ekki langt frá oss; eg verð að játa það, að eg hefi sèð grænflekkóttar kindur hèr upp í holtunum, sem langan tíma kvað hafa verið undir læknis hönd. Eg álít þess vegna mjög svo nauðsynlegt, að nefnd verði sett, til þess málið geti nú orðið

tekið til svo ýtarlegrar meðferðar á þinginu, að það aldrei framar þyrfti að koma hèr inn á þing, heldur að kláðanum yrði alveg útrýmt ef — sem eg tel víst — það er mögulegt, og vil eg stinga upp á 5 manna nefnd.

Jón Sigurðsson: Eg verð að játa það eins og fleiri þingmenn, að eg kenndi heldur til við ákúrur þær, sem konungsfulltrúi veitti landsmönnum í ræðu sinni, fyrir flokkadrætti og æsingar í kláðamálinu. Því eg get vitnað það, og fært rök að, að í mörg ár hafa hvorki fundir verið haldnir, nè flokkadráttur átt sèr stað í mínu kjördæmi, í því augnamiði að vekja æsingar í þessu máli; og verð eg því með öllu að mótmæla þeim áburði fyrir mína hönd og kjósenda minna. Fyrst eg tók til máls á annað borð, verð eg að gera þinginu grein fyrir, hverja skoðun almenningur í mínu kjördæmi hefir á þessu máli nú sem stendur; og er þá þess að geta, að í vor var þar í smíðum bænarskrá, sem fór í sömu stefnu og þessar bænarskrár sem hèr liggja fyrir; var hún búin að fá fjölda af undirskriptum, þegar eg vissi seinast til. En að bænarskráin ekki hefir komið fram hèr á þinginu, er því að kenna, að menn sem mèr urðu samferða á suðurleiðinni höfðu bænarskrána í sínum vörzlum; en þegar til átti að taka, höfðu þeir annaðhvort skilið hana eptir hreint í ógáti, eða glatað henni á leiðinni. Nú vill svo vel til, að eg hefi teiknað hjá mèr inntakið úr niðurlagi bænarskrárinnar, og skal eg leyfa mèr að lesa það upp fyrir þinginu, svo það geti skilið og þekkt meiningar manna þar nyrðra í þessu efni. Niðurlagið hljóðar hèr um bil á þessa leið:

»Það er einkum tvennt, sem oss virðist, að þingið gæti gjört og ætti að gjöra að þessu sinni, fyrst ætti það að semja uppástungur til bráðabyrgðarráðstafana, um að fjárkláðanum yrði tafarlaust útrýmt. Uppástungur þessar ætti þingið að semja sem fyrst, og senda þær með fyrstu póstskipsferð til Danmerkur, og biðja um konunglega staðfestingu á þeim, svo þær geti gengið í gildi þegar í haust. Og í annan stað ætti þingið að veita valdstjórninni í suðuramtinu eindregið fylgi sitt, til að fá þeim ráðstöfunum framgengt, sem virðast nauðsynlegar, til að útrýma fjárkláðanum alveg úr landinu».

Þetta er inntakið úr niðurlagi bænarskrárinnar, og skal eg ábyrgjast, að það er rètt að efni til, en má ske ekki alveg orðrètt.

Jón Hjaltalín: Mèr finnst hèr vera allt of mikið minnzt á æsingar í dag, og er eg nú farinn að sannfærast um, að það hafi ekki verið ástæðulaust, þótt hinn háttvirti konungsfulltrúi gæti þess, að flokkadrættir hefðu átt sèr stað í þessu máli. Eg ímynda mèr, að ekki hafi nokkru sinni verið farið eins illa í nokkurt mál hjá oss, og þetta, og þess vegna álít eg það æskilegt, ef nefnd yrði kosin, til þess, ef mögulegt væri, hún gæti hrundið öllum flokkadráttum. Þar sem þingmaður Suðurþingeyinga gat þess, að engir flokkadrættir ættu sèr stað nyrðra, þá skal eg einungis leyfa mèr að benda honum til þess, er skrifað var í Norðanfara síðastliðinn vetur. Eg mæli með því að nefnd sè sett.

Benedikt Sveinsson: Ræða hins háttvirta 2. konungkjörna þingmanns *neyðir* mig til aptur, í *sömu* stefnu og eg áðan talaði, að taka það fram, að eg álít, að nefnd sú, er kjósa á í þetta mál, eigi af alefli að stuðla að því, að allir flokkadrættir hverfi; en eg vil ekki gjöra það með þeim blæ, er þingmaðurinn við hefir. Meðan málið er á þessu stigi, að minnsta kosti, álít eg það illa gjört af hinum heiðraða konungkjörna þingmanni að espa þá krapta þingsins, hvorn á móti öðrum, sem vafalaust eru á móti þeirri stefnu, er eg hefi bent á, og hvar á meðal hann hingað til hefir verið *aðalmótstöðumaður*, það á sem sè að vera aðalmark og mið þessa þings, að búa mál þetta svo úr garði, að það aldrei optar þurfi að ræðast hèr á þingi; þingið á með öðrum orðum 1. að sýna og sanna, hvaðan þessir flokkadrættir eru komnir og með hvaða rètti þeir eru komnir frá öðrum en *fjáreigendum* í landinu. 2. Hvernig þessir flokkadrættir hafa verið lagaðir, og 3. hvað banvæna afleiðingu þeir hafa haft fyrir land, lýð og stjórn.

Byggjum á því sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að þetta sè *materíelt velferðarmál fjáreigenda Íslands.* Þetta hefi eg áður tekið sterklega fram, og *þetta, einmitt* þetta, er rètt undirstaða málsins. Frá þessu sjónarmiði einu getur þing Íslendinga, sem skipað er svo mörgum góðum og samvizkusömum þjóðarfulltrúum gefið slíka skýrslu stjórninni, að hún sjái fulla hvöt til að gjöra þann enda loksins á þessu máli, sem fyrir löngu hefði átt að vera fram kominn.

Sighvatur Árnason: Eg verð að mótmæla því, sem hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður sagði um flokkadrætti og æsingar; að minnsta kosti get eg fullyrt það, að í mínu kjördæmi hefir alls eigi á þeim borið, að minnsta kosti um nokkur undan-

farin ár, eg óska jafnframt, að þess háttar ræður falli niður, og taka málið eins og það kemur fyrir nú. Eg ætla eigi að fara fleirum orðum um þetta að sinni, en einungis mæla fastlega fram með nefndarkosningu.

Björn Þórsson: Það var eitt með öðru, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi áðan í ræðu sinni bar landsmönnum á brýn hèr í salnum, að þeir væru miklu fíjótari til að trúa lausum fregnum, sem berast víðs vegar um land, en hinum lögskipuðu skýrslum; eg veit reyndar ekki í hvaða tilgangi hann hefir sagt þetta, en líkast til hefir það verið til þess að sýna, að óþarft væri að setja nefnd í máli þessu, af því að nú sè kláðalaust. En bæði er það, að eg hefi heyrt talað um grænflekkóttar kindur í holtinu hèrna fyrir ofan þingsalinn, og líka sèð þær sjálfur. Það er altalað, að þessi litur þeirra komi af því, að þær sèu kláðasjúkar. Eg hefi líka heyrt, hver vera mundi eigandi þeirra, einmitt sá maðurinn, sem ávallt frá upphafi kláðans hefir verið hinn einbeittasti og öflugasti lækningamaður, og þar á ofan fengið verðlaun fyrir fjárrækt. Eg skil ekki, hvernig á því stendur, að slíkum manni skuli ekki hafa tekizt að lækna kláðann enn þá, og það með kláðanefndina hèr á staðnum sèr til aðstoðar. Eg vil spyrja, hvað því valdi (H. Kr. Friðriksson. Æsingarnar), og hvað þetta eigi lengi að ganga?

Jón Hjaltalín: Ef menn ekki geta fundið keim af æsingum í orðum sumra hinna heiðruðu þingmanna, sem nú hafa talað, þá skal eg með ánægju játa að þær hafi aldrei átt sèr stað. Flokkadrættirnir og æsingarnar hèr hafa ekki eingöngu verið móti lækningunum, heldur og gengið í gagnstæða átt við það sem viðtekið er í siðuðum löndum, og gjörvöll Evrópa álítur satt og rètt.

Forseti: Með því margir hafa óskað þess að umræðum þessum linni, vil eg skjóta því til atkvæða þingsins, hvort ekki skuli svo vera, og hvort kjósa skuli 5 manna eða 7 manna nefnd, því upp á hvorutveggja hefir verið stungið.

Var þá gengið til atkvæða og var samþykkt, að 7 manna nefnd skyldi kjósa.

Þessir urðu þá fyrir kosningu:

Benedikt Sveinsson	með	20 atkv.
Arnljótur Ólafsson	—	16 —
Páll Vídalín	—	16 —
Magnús Jónsson	—	14 —
Sighvatur Árnason	—	14 —

Jón Sigurðsson með 11 atkv.
Hjálmur Pètursson — 11 —

Þingmaður Árnesinga hafði fengið flest atkvæði og var honum þess vegna afhent málið.

Forseti: Þá kemur til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið ákveður svo, uppástungu þingmannsins úr Rangárvallasýslu, sem er samþykkt af þingmönnunum úr Suður-Þingeyjar og Húnavatnssýslum, um auglýsing á reikningum yfir þjóðvegagjaldið m. m. Flutningsmaður er hinn heiðraði þingmaður Rangæinga, og mun hann skýra málið eptir því sem honum þurfa þykir.

Sighvatur Árnason: Eg skal þá leyfa mèr að lesa uppástunguna.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 238).

Eg vil ekki orðlengja um uppástungu þessa að sinni, fyrr en eg heyri hverjar viðtökur hún fær. Einungis vil eg mæla með, að hún komi í nefnd, og leyfi eg mèr að stinga upp á 5 manna nefnd.

Jón Sigurðsson: Eg hygg að þriggja manna nefnd muni nægja í ekki yfirgripsmeira máli.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg er öldungis samdóma hinum heiðraða flutningsmanni um það, að mjög sè nauðsynlegt að auglýsa reikninga þessa. En fyrir nokkrum árum er komin konungleg skipun um að auglýsa alla reikninga opinberra stofnana og sjóða; þess vegna sè eg ekki, að nauðsynlegt sè að kjósa sèrstaka nefnd í þetta mál; eptir minni hyggju væri nóg að vísa því forsetaveginn til amtmannanna; því þar eð hin konunglega skipun nær yfir alla reikninga allra opinberra stofnana og sjóða, þá get eg eigi sèð betur, en að hún nái einnig til þeirra reikninga, sem hèr ræðir um.

Jón Sigurðsson: Viðvíkjandi því, er hinn 5. konungkjörni þingmaður sagði, verð eg að geta þess, að meiningar manna um það, hvort ákvarðanirnar í konungsbrèfi frá 1861 um auglýsingu reikninga opinberra sjóða og stofnana nái einnig til þjóðvegagjaldsins, munu vera nokkuð sundurleitar; mèr er reyndar ekki kunnugt, hvernig hlutaðeigandi embættismenn almennt skoða þetta, en þó hef eg átt tal við nokkra þeirra, og lètu þeir þá meiningu í ljósi, að reikningar þessir heyrðu ekki undir ákvörðunina, sem eg áðan skýrskotaði til um auglýsingar á reikningum opinberra sjóða. En hver skoðun að rèttust sè í þessu efni, skal eg láta liggja milli hluta. Að reikningar yfir þjóðvegagjaldið hingað til ekki hafa

verið auglýstir, mun því eflaust vera sprottið af því, að embættismennirnir almennt hafa álitið, að optnefnd ákvörðun næði ekki til þeirra, og því ætla eg að full nauðsyn sè til, að þingið taki málið til meðferðar og setji nefnd í það.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg held að ráðlegast væri að leita fyrst til amtmannanna; það getur vel verið, að amtmennirnir hafi haft þá skoðun, að þeir sèu ekki skyldugir til að auglýsa reikninga þessa eptir lagaboðinu, en menn ættu fyrst að fá að vita, hvort amtmennirnir væru eigi fúsir þess.

Bergur Thorberg: Eg skal geta þess, að eg hefi skilið konungsúrskurð þann, sem hèr ræðir um þannig, að reikningar yfir þjóðvegagjaldið heyrði ekki þar undir, og svona ætla eg líka, að hinir amtmennirnir hafi skilið það. Ákvörðun þessi skipar fyrir um auglýsingu á reikningum opinberra stofnana og opinberra sjóða, en hèr er um hvorugt þessara að ræða; því þó nafnið vegabótasjóður sè stundum við haft, þá er þetta þó enginn reglulegur sjóður, heldur er hèr einungis að ræða um gjald, sem er inn heimt eptir vissum reglum og varið til vegabóta eptir laganna fyrirmælum. Það er ekki ætlazt til að þetta sè liggjandi sjóður, heldur er gjald þetta brúkað litlu eptir, að það er inn heimt. Hèr getur því ekki verið spursmál um reikning, er sýni ástand sjóðs eður stofnunar, heldur um, að grein væri gjörð fyrir, hvernig hinu innheimta gjaldi væri varið. Það getur vel verið, að hagkvæmara sè að auglýsa reikninga þessa, og er eg fyrir mitt leyti ekkert fjarlægur því, að það væri gjört. En það vil eg leyfa mèr að taka fram, að hingað til er engin forsómun skeð í þessu tilliti frá yfirvaldanna hálfu, því ákvörðun sú sem um var talað, nær ekki til þessara reikninga; og þessu máli hefir ekki, svo eg til viti, verið hreift fyrr en nú.

Sighvatur Árnason: Eg bjóst nú reyndar við því, að þessi skoðun mundi vaka fyrir, er hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður lèt nú í ljósi, þar sem amtmenn hafa rakleiðis til þessa auglýst á prenti reikninga yfir aðra sjóði og stofnanir. En vegna þess að í ýmsum sýslum ekki er enn farið að brúka til muna vegabótagjaldið, þá hafa þar af myndast sjóðir, og þess vegna hafa menn almennt ímyndað sèr, að konungsboðið frá 21. marz 1861 næði til þerra. Eptir að eg er búinn að heyra þetta álit amtmannsins í vesturamtinu, er eg enn meira áfram um, að nefnd verði sett í málinu, svo að sèrstök ákvörðun um þetta gæti fengizt fyrir

tilstuðlun þingsins samkvæmt uppástungunni. Eg vil bæta því við, að mèr væri mjög kært að heyra, hvort hinn háttvirti konungsfulltrui álítur, að áminnzt konungsboð nái til reikninganna yfir þjóðvegagjaldið eða ekki.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg get ekki verið samdóma hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni, að hèr sè ekki um sjóð að ræða; því þetta er þó gjald, sem heimtað er saman til ákveðinna verka, og þótt það nú ekki sèu innstæðu sjóðir, þá geta þeir þó orðið það, ef gjald þetta safnast fyrir; en að öðru leyti sè eg eigi, að innstæðan ráði hèr neinu. Það datt mèr alls eigi í hug, að bera amtmönnunum nokkra vanrækt á brýn, þeir hafa haft þann skilning á konungsboðinu, að þetta væri eigi skylda þeirra. Mèr finnst rèttast að leita til amtmannanna um þetta, því undir eins og þeir lofa að auglýsa reikninga þessa, þarf einskis konungsboðs við. Það vill nú svo vel til, að hèr er einn amtmanna vorra viðstaddur og hefir hann þegar látið í ljósi, að hann mundi þessa eigi ófús; svo er eg líka viss um, að það er hægðarleikur fyrir hinn hæstvirta konungsfulltrúa, að skýra þingmönnum frá, hverjar muni verða undirtektir amtmannsins í suðurumdæminu. Færu menn nú að senda bænarskrá til konungs þessa efnis, liti það út sem umkvörtun yfir því, að amtmennirnir hefðu ekki fullnægt skyldu sinni.

Konungsfulltrúi: Eg verð að álíta hið sama sem hinn 3. konungkjörni þingmaður lèt í ljósi, að amtmenn landsins yrðu fúsir til að birta á prenti árlega reikninga yfir vegabótagjaldið. Eg er líka hinum sama háttvirta konungkjörna þingmanni samdóma um það, að amtmenn hèr á landi hingað til hafa skilið svo konungsúrskurðinn frá 21. marz 1861, að þeir álíta ekki skyldu sína að auglýsa reikninga þessa á prenti, af því að það eru sýslumennirnir sem semja reikningana, en amtmenn að eins endurskoða þá. Eg fyrir mitt leyti er að öðru leyti sem amtmaður í Suðuramtinu fús til þess að auglýsa á prenti árlega reikninga þessa eptirleiðis, ef það er ósk þingsins.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg held þó, að það sè ekki einhlítt, sem upp á hefir verið stungið, að forseti skori á amtmennina um að auglýsa reikninga þessa; hèr á þinginu eru nú að vísu 2 þeirra staddir, og eg tel sjálfsagt, að þingið muni taka loforð þeirra góð og gild, um að auglýsa reikningana fyrir þeirra ömt, en amtmaðurinn í Norður- og Austuramtinu er hèr ekki og þing-

ið hefir ekki neina vissu fyrir, að hann álíti sèr skylt að hlýða áskorun forseta og alþingis í þessu efni. Þar eð nú embættismennirnir almennt skilja ákvörðunina í konungsbrèfinu frá 21. marz 1861 svo, að reikningar þjóðvegagjaldsins heyri þar ekki undir, eins og margsinnis er búið að taka fram hèr í salnum, þá verð eg enn sem fyrri að vera á því, að þingið eigi að fara því fram að ákvörðun þessi verði aukin svo og endurbætt, að reikningarnir yfir þjóðvegagjaldið einnig heyri undir hana.

Jón Guðmundsson: Það er annað náskylt atriði í máli þessu, sem mèr finnst meira í varið en prentun á reikningum þessum, einkum ef það ekki á að verða öðru vísi en hinn hæstvirti konungsfulltrúi lèt í ljósi, sem sè að upp á leggja sýslumönnum að auglýsa reikningana (Konungsfulltrúi: misskilningur) jæja. Eg held þó, að eptir löggjöfinni geti amtmennirnir ekki látið sýslumenn eina um reikningana nè um framkvæmdirnar. Eg skal leyfa mèr að benda til 4. greinar vegabótalaganna, og álít eg hana hyrningarstein þeirra; eptir henni eiga hreppstjórar og sýslumenn að gjöra uppástungu um, hvar og hvernig nýja þjóðvegi skuli leggja og á hvaða vegum umbætur skuli gjörðar í það og það skipti, hvernig þeim skuli hagað, og hve miklu fè muni þurfa til þeirra að verja; þessar áætlanir um þjóðvegagjörðir og þjóðvega endurbætur í hverri sýslu skulu sýslumenn senda til amtmanna fyrir hver árslok. Auðvitað er það, að hreppstjórar og sýslumenn spara ekki að stinga upp á nógu mörgum og umfangsmiklum vegagjörðum, ef svo gæti tekizt að lítið eða alls ekkert dragist út úr sýslunni af vegabótagjaldinu. En til allra lukku eru ekki sýslumenn og hreppstjórar einráðir um þetta, því amtmennirnir eiga að skera úr um það, hverjar af þessum vegabótum, sem upp á er stungið, verði að álítast nauðsynlegastar í bráð og haganlegastar, og að kveða á um það, að nú skuli þetta gjört en hitt bíða. Það er eðlilegt, eins og eg sagði, að hver hreppstjóri vilji gjöra sem flesta vegi að þjóðvegum og stingi upp á sem mestum vegabótum fyrir sína sveit, og hver sýslumaður fyrir sína sýslu; þess vegna er nauðsynlegt, að einhver hafi hönd í bagga með, eins og lögin líka ákveða í 4. gr. og það eru einmitt amtmennirnir, sem eiga að hafa aðaleptirlitið með þessu og aðalatkvæðið um það; það er líka auðsætt af 4. grein, að þeir geta eigi hjá því komizt, og mega engan veginn leiða það hjá sèr, og láta svo sýslumennina vera einráða bæði um það, hvar og hvað skuli gjöra að þjóðvegunum, það og það árið, hvernig

það skuli gjöra og hvað miklu fè megi til þess verja. Þess vegna er það einnig auðsætt, þegar um það er að ræða að auglýsa reikninga þessa eða ágrip af þeim, þá er sjálfsagt, að eg ætlast ekki til, að þeir sè auglýstir grein fyrir grein og orði til orðs eða »*in extenso*», heldur að eins glöggt og greinilegt ágrip; en lítið er unnið við þó menn fái að sjá að eins upphæð gjalds þess, sem inn er heimt, og svo upphæðir þess kostnaðar, er sýslumennirnir verja upp á sitt eindæmi til vegagjörðanna; það sem menn jafnframt og einkum þurfa að sjá er þetta, hvernig komi fram það aðalyfirlit, eptirlit og atkvæði, sem amtmenn landsins hafa á hendi eptir lögunum, og hvað hafi verið gjört við þjóðvegina í amtinu og hverja kafla þeirra yfir höfuð að tala, hvernig það hafi verið gjört, og hve mikið fè hafi verið varið til hvers fyrir sig. Eg veit ekki — en vil engan veginn efast um það — hvort 4. grein laganna hefir verið nákvæmlega fylgt í hinum ömtunum, að því er snertir þau aðalatriði, er eg nú tók fram, en hèr í Suðuramtinu er það að minnsta kosti ekki á vegunum að sjá, að svo hafi verið til þessa; eg veit eigi betur og get eigi betur sèð, en að hèr í amtinu hafi sýslumennirnir einmitt verið látnir hèr um bil einráðir um endurbætur þjóðveganna og hvar þá skyldi leggja, og eins um það að brúka allt vegabótagjaldið innan sýslu. En jafnvel þó eg sè viss um, að amtmennirnir mundu taka þetta til góðra greina, ef málinu væri vísað forsetaveginn, og 2 þeirra hafi þegar veitt því góðar undirtektir hèr í salnum í dag, verð eg þó að vera því meðmæltur, að nefnd sè sett í málinu, og mun hún þá taka ýtarlegar fram það sem beiðendur vilja, og nauðsyn ber til, að hinir auglýstu reikningar eða reikningságrip fræði almenning um, en það er einnig þetta sem nú var sagt, að hve miklu leyti að aðalákvörðunum laganna um eptirlit og úrskurði háyfirvaldanna hafi verið fullnægt.

Sveinn Skúlason: Eg er samdóma hinum 5. konungkjörna þingmanni í því, að réttast sè að vísa uppástungu þessari forsetaveginn, því þrátt fyrir það sem þingmaður Suður-Þingeyinga sagði, álít eg enga ástæðu vera til að efast um, að amtmaður Havstein veiti þessu góðar undirtektir, því hann hefir ávallt verið fús á að auglýsa þess konar reikninga. Það er sjálfsagt að auglýsa reikninga þessa líkt og reikninga jafnaðarsjóðanna, en þeir þurfa að vera svo nákvæmir, að það sjáist sýslu fyrir sýslu, hve mikil gjöld eru goldin og hvað framkvæmt hefir verið í hverri sýslu fyrir sig, og hvað

miklu fè hefir verið varið til hvers um sig í þeirri og þeirri sýslu; ef reikningarnir eru mjög samandregnir fræðist alþýða ekki á þeim um það, sem hún einkum þarf og vill vita.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg get ekki séð neina ástæðu til þess, að setja nefnd, vegna þess að amtmaður Havstein ekki er hèr staddur; hann hefir allt af verið manna fúsastur til að auglýsa reikninga opinberra sjóða og stofnana, sem undir hans umsjón eru, og því finnst mèr ekki ástæða til að óreyndu að efast um, að hann í þessu máli muni fylgja dæmi hinna amtmannanna og áskorun alþingis. Eptir því sem þingmanni Vestur-Skaptfellinga fórust orð um 4. grein vegalaganna, þá liti það svo út, ef menn færu að kjósa nefnd og senda bænarskrá til konungs, sem að menn væru að kvarta yfir, að sýslumenn, og amtmenn hefðu eigi gætt fullkomlega skyldu sinnar í þessu efni; (J. Guðmundsson og St. Thordersen: Það er misskilningur). Það er sjálfsagt undir amtmönnunum einum komið, hve yfirgripsmikið ágrip það verður, sem þeir birta af reikningunum, en eg er þess fullviss að það verður svo ljóst, að almenningur getur af því séð, það sem hann þarf.

Sighvatur Árnason: Hinn heiðraði þingmaður Vestur-Skaptfellinga hefir tekið margt af því fram, er eg vildi sagt hafa, og það meðal annars, að það er ekki nóg, að sýslumenn semji reikninga yfir þjóðvegagjaldið heldur jafnframt skýra frá, hve miklu er varið til vegabótanna. Eg vil líka taka það fram, að mèr virðist eiga við að velja þann veginn fyrir málið sem getur sett það í ljósari og ákvarðaðri búning, bæði vegna þjóðarinnar og háyfirvalda þeirra sem þessi ákvörðun á að ná til, og sá vegur er þingvegurinn, og er þá fyrst, að málið komist í nefnd, en komist nefndin að þeirri niðurstöðu að vísa málinu forsetaveginn, eins og dæmi eru til á undanförnum þingum, getur verið, að það sè tiltækileg niðurstaða.

Bergur Thorberg: Mèr virtist hinn heiðraði þingmaður Vestur-Skaptfellinga blanda saman áætluninni um vegabæturnar og reikningum yfir gjöldin (*Jón Guðmundsson*: Nei). Sýslumenn senda amtmönnum áætlanir sínar og uppástungur og eptir þeim eiga amtmennirnir að ákveða, hverjar vegabætur skuli framkvæmdar. Sýslumennirnir heimta inn gjaldið, og semja reikninga yfir það, og í tilbúningi þeirra reikninga eiga amtmennirnir engan þátt, en þeim ber að yfirskoða reikningana og setja út á þá, ef þörf gjörist. Á þessu stigi málsins finnst mèr eigi tími til að tala um hve ýt-

arlegar skýrslur þessar skuli vera. Annars skal eg lýsa því yfir, að eg fyrir mitt leyti hef ekkert á móti því, að auglýsa svo nákvæma reikninga yfir þjóðvegagjaldið, sem unnt er, í því amti sem eg á yfir að segja.

Jón Sigurðsson: Eg ætla einungis að svara hinum 5. konungkjörna þingmanni og þingmanni Norður-Þingeyinga því, að eg er alls eigi hræddur um, að amtmaður Havstein yrði tregur til að auglýsa reikninga þessa, því hann hefir jafnan verið fús á að auglýsa aðra reikninga, en eg efaðist um, að hann gæti álitið það skuldbindandi reglu fyrir sig, þó þingið færi þess á flot við hann. Þó eg játi, að forsetavegurinn sè hinn greiðasti, vil eg samt leyfa mèr að spyrja, hvort forseti eigi einn að semja reglurnar fyrir auglýsingu á reikningum þessum. Eg held, ef nefnd væri sett, og ef að hún vísaði málinu forsetaveg, þá gæti hún gefið honum bendingar sem töluvert mundu gjöra honum hægra fyrir.

Torfi Einarsson: Eg er nú reyndar í efa um, hvort nefnd verði kosin eður ekki; það sem almenningur þráir að sjá, er hversu miklu varið sè til vegabótanna á hverjum stað fyrir sig, og til hvers spottans á sínum stað; manni verður þetta ljósast á ferðalagi, þegar manni er sýndur kafli sem kostað hefir 50 rd. og svo annar sem kostað hefir 20 rd. og er þó hinum líkur; þetta getur mönnum nú fundizt undarlegt; en þá gætu menn heldur byggt umkvartanir sínar á rökum, ef nákvæmari reikningar væru fyrir hendi. Eg efast um að reikningarnir verði nógu yfirgripsmiklir og nákvæmir nema nefnd sè sett í málinu, og er eg henni því meðmæltur.

Halldór Kr. Friðriksson: Hinn heiðraði þingmaður úr Suður-Þingeyjarsýslu hefir misskilið mig. Eg hef aldrei ætlað að setja amtmönnunum neinar reglur um auglýsingu á reikningum þessum, því eg álít, að þeim sè fullkomlega trúandi fyrir þessu almenna yfirliti. Það væri heldur ekki til neins fyrir nefndina að fara að semja reglur handa þeim, því þeir gætu aldrei orðið bundnir við að fylgja þeim; bænarskrá þess efnis væri heldur ekki til neins, því að stjórninni dytti aldrei í hug að fara að skapa amtmönnum reglur um tilbúning þessara reikninga fremur en annara reikninga. Þetta verður auðsjáanlega að vera komið undir lægni hvers amtmanns fyrir sig, og eg vantreysti ekki neinum þeirra, til að birta reikninga þessa svo ljósa og nákvæma sem þörf er á.

Forseti: Það sem hèr kemur fyrst til úrskurðar þingsins er, hvort vísa skuli uppástungu þessari þann veg, sem menn kalla

forseta veginn til amtmanna, eða hvort kjósa skuli sérstaka nefnd í það; en eg skal geta þess, sem þingmaður Rangæinga áðan benti til, að þó nefnd sé kosin nú í mál þetta, þá geta menn allt eins síðar komizt að þeirri niðurstöðu, að vísa því forsetaveginn. Vil eg þá biðja þingmenn að ganga til atkvæða um, hvort nefnd skuli kjósa, og ef það verður samþykkt, þá um það hvort kjósa skuli 3 manna eða 5 manna nefnd. Þá var gengið til atkvæða og var það samþykkt með 14 atkvæðum gegn 5 að nefnd skyldi setja.

Því næst var gengið til atkvæða um, hvort kjósa skyldi 3 manna eður 5 manna nefnd, og var samþykkt að þriggja manna nefnd skyldi kjósa.

Þessir urðu þá fyrir kosningu:

Sighvatur Árnason með 18 atkv.
Bergur Thorberg — 10 —
Jón Sigurðsson — 10 —

Sighvatur Árnason hafði fengið flest atkvæði og var honum því afhent málið.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið skýrslu frá nefnd þeirri, sem kosin var út af bænarskránni um *styrk handa forngripasafninu* í Reykjavík, og er kosinn formaður nefndarinnar síra Stefán Thordersen, en Jón Þórsson skrifari.

Þar eð engin mál eru nú fyrir hendi sem stendur, get eg ekki ákveðið fund að svo stöddu, fyrr en ef vera skyldi á laugardag, en eg mun birta dagskrá fyrir fram í tíma þegar fundur getur orðið. Eg treysti upp á, að nefndirnar muni nota þenna frest til að flýta fyrir málunum eptir því sem unnt er.

Dagskrá er nú lokið, og ekki meira að starfa í dag.

Fundi slitið.

---

8. fundur. — 15. júlí.

Allir á fundi, nema þingmaður Vestur-Skaptafellssýslu, sem hafði tilkynnt forseta forföll sín.

Þingbók frá seinasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið skýrslu frá nokkrum nefndum um kosningar formanna og skrifara; í nefnd-

inni um frumvarp til laga um að taka íslenzk skip á skipaskrá er kosinn formaður Bergur Thorberg en Pètur Guðjónsson skrifari. Í nefndinni um frumvarp til laga fyrir Ísland um skipamælingar, er Bergur Thorberg formaður og Pètur Guðjónsson skrifari. Í nefndinni í fjárkláðamálinu er Benedikt Sveinsson formaður en Arnljótur Ólafsson skrifari. Í nefndinni um visitazíur prófasta er formaður Pètur Pètursson, skrifari Eiríkur Kúld. Í nefndinni um þjóvegagjaldið er Bergur Thorberg formaður en Sighvatur Árnason skrifari, og í nefndinni í málinu um jafnrètti prentsmiðjanna er formaður Pètur Pètursson, en skrifari Arnljótur Ólafsson. Sömuleiðis hefi eg fengið skýrslu frá nefnd þeirri, sem kosin var 1865 í landbúnaðarmálinu; eg hefi látið leggja skýrslu þessa fram á lestrarsalinn, ásamt málinu sjálfu, og þar með uppástungu frá mèr, að umboð nefndar þeirrar, sem kosin var 1865 til að undirbúa landbúnaðarlögin, verði lengt til alþingis 1869; eg hefi hugsað, að gjöra meðferð málsins þar með greiðari, með því að þingmenn hafa þá ákveðna uppástungu að halda sèr við, hvort sem þeir vilja fallast á hana eða haga þessu öðruvísi. Eg mun bráðum setja málið á dagskrá og vil eg því biðja þingmenn að hugsa sig um þangað til, hvort þeir vilja hafa þá meðferð á málinu sem eg hefi stungið upp á, eða að öðrum kosti hverjar breytingar þeir vilja þar á gjöra, svo það geti þá komið til afgreiðslu og úrslita þingsins.

Konungsfulltrúi: Af því að engar ástæður fylgdu með hinum 2. konunglegu frumvörpum um skipamælingar og um að taka íslenzk skip upp á skipaskrá, þá hefi eg samið og látið prenta athugasemdir um þessi konunglegu frumvörp, sem eg hèr með leyfi mèr að afhenda hinum háttvirta forseta til útbýtingar meðal þingmanna.

Forseti: Eg vona, að hver þingmanna hafi nú meðtekið sitt exemplar af þessu tvennu, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi nú hefir lagt fram, sem er: 1, af athugasemdum við frumvarpið um skipamælingar, og 2, af athugasemdum við frumvarpið um að taka íslenzk skip upp á skipaskrá.

Samkvæmt dagskránni kemur þá fyrst til umræðu málið um hin almennu lagaboð, sem komin eru til alþingis frá stjórninni. Þingmönnum er kunnugt, að lagaboð þessi hafa verið lögð fram á lestrarsalinn og hafa þeir því haft tækifæri til að kynna sèr þau. Með því nú enginn þingmanna hefir gjört uppástungu um að lögleiða nokkurt af þessum lagaboðum hèr á landi, mætti að vísu ef

til vill skoða mál þetta sem burt fallið; en að minni ætlun er þó vissara að setja sèrstaka nefnd í málinu, sem hafi það umboð af þingsins hendi, að lesa lagaboðin, til þess að vita, hvort hún finni ástæðu til að mæla fram með að taka nokkurt þeirra til meðferðar og fá það lögleitt; eg hefi talað við hinn háttvirta konungsfulltrúa um þetta, og er hann því samþykkur, sem og einnig því, að ef nefndin ekki finnur ástæðu til að taka neitt af ladaboðunum til ýtarlegri meðferðar, má álíta mál þetta til lykta leitt með þeirri skýrslu nefndarinnar, svo að ekki þurfi þá að skrifa neitt álitsmál til konungs um það, ef svo fer. Eg vil því stinga upp á, að nefnd verði sett, og mun þriggja manna nefnd vera nóg; ef að enginn mælir á móti þessu, vil eg biðja þingmenn að kjósa þrjá menn í nefnd þessa, til að gefa þinginu skýrslu um þau.

Því næst var nefnd kosin, og urðu þessir fyrir kosningu:

Jón Pètursson með 20 atkv.
Bergur Thorberg — 14 —
Benedikt Sveinsson — 13 —

Málið var afhent hinum fjórða konungkjörna þingmanni (Jóni Pèturssyni), er hafði fengið flest atkvæði.

Forseti: Þá kemur til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið ákveður svo, uppástunga hins annars konungkjörna þingmanns (Dr. Hjaltalín) um *læknaskipunarmálið*, og mun hinn háttvirti þingmaður sjálfur ber fram uppástungu sína og skýra málið fyrir þinginu.

Jón Hjaltalín: Ef þingið hefir ekkert á móti því vil eg biðja hinn heiðraða sessunaut minn, þingmann Vestmannaeyja, að lesa upp fyrir mig uppástunguna.

Stefán Thordersen: Eg skal þá leyfa mèr að lesa uppástunguna.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 242).

Jón Hjaltalín: Eg vona, að hið heiðraða þing gefi máli þessu góðan róm, því það hefir opt áður reynt til að koma á stofn læknaskóla hèr á landi. Eg vona, að allir sjái það, ef þeir gæta að, að það er ofætlun hverjum einum manni að hafa á hendi öll þau störf, er eg nú hef haft í hèr um bil 7 ár, og hafa þau orðið mèr enn örðugri fyrir það, að mèr hefir verið neitað um svo margt, sem eg áleit sjálfsagt að eg fengi, og átt við margt að berjast. Eg skal einungis nefna, að af þeim 600 rd., sem veittir eru til læknakennslunnar hèr, gengur helmingurinn í ölmusur handa þeim sem læra, svo eg hef eina 300 rd. fyrir kennsluna, og þeim verð eg að verja til að kaupa bækur og verkfæri fyrir; þetta hefir allt verið

ófullkomið, því eg hef ekki efni til að standast slíkan kostnað. Þegar eg byrjaði kennsluna hèr hèlt eg það væri svo sem sjálfsagt, að eg fengi þá 600 rd. sem eptir konungsúrskurði 1848 átti að verja til þess að koma upp aðstoðarlæknum, og átti hver amtmaður í þessu skyni að borga 200 rd. úr jafnaðarsjóði síns amts; mèr kom aldrei til hugar, að mèr yrði synjað þessa styrks, því eptir konungsúrskurði 1862 átti kennsla hinna nýju lækna-efna að verða miklu betri og yfirgripsmeiri en aðstoðarlæknanna, sem aldrei komust nema á pappírinn. Eg hef átt í mikilli baráttu um þetta, og margir snúningar hafa verið við hafðir til þess að eg fengi ekki styrk þenna, og að síðustu lagði »Ministeriið» smiðshöggið á. Það er ekki furða, þó menn fari að lýjast á þessu, þegar manni er sýndur annar eins óvilji; eg get ekki kallað það annað, þegar mèr er neitað um það, sem er öldungis nauðsynlegt, og hvað meira er, það sem þingið hefir óskað eptir fyrir 20 árum og hefir jafnan síðan óskað. Eg verð að biðja menn vel að íhuga, að einn maður þreytist á störfum þessum meir og meir eptir því sem hann eldist, og að lokunum getur hann ekki risið undir þeim. Það getur nú verið, að einhverjir vilji svara: Biddu, biddu; nú fáum við bráðum stjórnarbót, og þá verður þessu öllu hrundið í lag, en þeim vil eg einungis svara með þessu: á meðan grasið grær deyr kýrin. Eg vona, að þingmönnum þyki nógu margar þær sveitir sem læknislausar eru, og leiðinlegt er að heyra fólk til lengdar vera að biðja sèr hjálpar árangurslaust í lífsnauðsyn sinni; en flestum mun kunnugt, að það er ekkert áhlaupaverk að læra læknisfræði. Eg vona þess vegna, að þingið taki vel í málið, og fresti því ekki, ef annað er mögulegt.

Konungsfulltrúi: Eg skal ekki fara mörgum orðum um uppástungu hins háttvirta 2. konungkjörna þingmanns, og sèr í lagi ætla eg ekki að ræða um sèrstök atriði hennar. Eg er hinum háttvirta uppástungumanni samdóma í því, að æskilegt væri, að eins fullkominn læknaskóli og unnt er, kæmist á í landinu sjálfu, og að sú læknakennsla, sem nú hefir verið hèr í nokkur ár, og sem er falin honum einsömlum á hendur, gæti aukizt, þó eg með gleði viðurkenni, að hann eptir kringumstæðunum hafi leyst hana ágætlega af hendi. En til þess að koma þessum læknaskóla á stofn, þarf peninga, og þess vegna þykir mèr, að hinn heiðraði þingmaður hafi of snemma borið fram uppástungu sína. Við allrahæsta úrskurð frá 31. maí þ. á., sem orðrètt er tekinn upp í hina konunglegu auglýsingu til þingsins, hefir Hans Hátign konungurinn allra mildilegast fallizt á uppástungur þær í læknaskipunarmálinu, sem mest nauðsyn þótti bera til að framkvæma, og sem þar hjá,

eptir því sem nú stendur á, getur orðið framgengt hvað peninga þá er þar til þarf, snertir. Til þess nú að auka læknakennsluna vantar peninga í læknasjóði landsins, en frumvarp til ákvarðana um gjald spítalahlutanna, sem lagt er fyrir þingið, miðar meðal annars til þess að auka tekjur læknasjóðsins, og þegar það er orðið að lögum, þykir mèr tími vera kominn til að ákveða um uppástungu hins háttvirta konungkjörna þingmanns.

Eg leyfi mèr þess vegna að skora á hann að taka uppástungu sína aptur, til þess að hann með svo miklu meira trausti til góðs árangurs komi henni fram, þegar auðið verður að taka hana til greina.

Ólafur Sigurðsson: Eg gat þó ekki sannfærzt af ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa um að mál þetta sè of snemma upp-borið; þetta er svo mikið nauðsynja mál, eins og allir vita, að hinn minnsti dráttur á því er mjög skaðlegur. Hvað spitalahlutina snertir, þá er nú bezta útlit til þess, að gjaldið á þeim komist í betra horf; eg verð því að mæla fram með uppástungu hins háttvirta annars konungkjörna þingmanns, og þó hún sè ef til vill ekki að öllu leyti sem samkvæmust, því er hann hefir fylgt fram áður hèr á þingi, þá vil eg engan veginn láta það spilla fyrir málinu; mèr finnst hann þvert á móti eiga miklar þakkir skilið fyrir þá atorku og alúð, er hann jafnan hefir sýnt í máli þessu frá upphafi.

Björn Pètursson: Það er langt frá mèr að vilja spilla fyrir uppátungu hins háttvirta annars konungkjörna þingmanns; en eg verð samt að vera hinum hæstvirta konungsfulltrúa samdóma í því, að okkur vanti peninga til að setja jafndýra stofnun á fót. Mèr finnst engin vanþörf vera á, að bíða þangað til vèr sjáum, hve ríkulega Danastjórn gjörir oss úr garði, þegar vèr eigum sjálfir að fara að reisa bú. Eg er hræddur um, að hinn háttvirti uppástungumaður hafi ekki lesið nákvæmlega hina konunglegu auglýsingu til alþingis, því af henni má sjá, að nú er bætt við 5 nýjum lækna-embættum, og 200 rd. eru veittir í 2 ár til þess að kaupa fyrir bækur og áhöld, og er þetta sannarlega mikill styrkur. Mèr skildist nú ekki betur en að hann af þessum 3 læknum vildi hafa 1 í Gullbringusýslu, og 1 í Kjósarsýslu og 1 fyrir aðstoðarkennara við læknaskólann; verða þá einir 2 eptir, sem landsmenn allir eiga að skipta millí sín. Eg verð því af þessum rökum að vera því mótmælandi, að uppástungan fái framgang í þetta sinn.

Jón Hjaltalín: Eg verð að svara hinum heiðraða þingmanni Suður-Múlasýslu nokkrum orðum, því hann virðist að vera býsna ruglaður í ríminu, hvað mál þetta snertir. Það er þó líklegt, að eg megi eitthvað vita til þess, að 5 ný lækna-embætti eru stofnuð,

og það get eg sagt honum, að eg hefi lesið svo mikið í hinni konunglegu auglýsingu til alþingis, að eg veit, að 200 rd. er lofað í 2 ár til þess að kaupa bækur, verkfæri og áhöld fyrir; þetta þótti þingmanninum nú vera býsna mikið, en það sýnir einmitt vanþekkingu hans á því, hversu lítið það er, sem menn á vorum tímum geta fengið fyrir þessa upphæð. Hinn heiðraði þingmaður hélt að þetta hvorttveggja mundi mæla mót uppástungu minni; en það er þvert á móti, það mælir einmitt sterklega með henni, því höfum vèr fengið lækna-embætti, en oss vantar mennina í þau, og höfum nú enga til. Þingmaðurinn hefir einnig misskilið mig um það, hvar þessir læknar ættu að vera; þingmaðurinn hefir sjálfur verið með að biðja um, að læknir yrði settur í Keflavík; það var ekki mín meining, að neinn af þessum læknum yrði hèr við skólann, eins og hann hèlt, því kennari við latínuskólann hèrna hefir ekki verið læknir um leið hingað til, og verður ekki fyrir það fyrsta; af þessu sèzt, að ræða þingmannsins ekki er á miklum rökum byggð. Hitt er satt, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að oss vantar peninga til þessa, en þeir eru þó og verða afl þeirra hluta sem gjöra skal, og þetta er það einasta, sem gæti neytt mig til að taka uppástunguna aptur eins og konungsfulltrúi rèði til. Eg get ekki sèð, að vèr höfum mikið gagn af embættunum meðan oss vantar mennina í þau. Eg er nú farinn að þreytast, og vil því að málið komizt sem fyrst í kring; það er heldur ekki öldungis víst, að þó málið verði algjörlega leitt til lykta hèr í salnum, eptir því sem verður, að það sè þegar komið frá stjórninni aptur. Nú liggur hèr fyrir annað mál, sem stendur í sambandi við þetta, en það er um gjald á spítalahlutum; eg er ekki á móti því, og álít það jafnvel gott, að mál þessi verði samferða, því það er þá vonandi, að stjórnin sjái, að nauðsynlegt er að auka tekjur læknasjóðsins sem fyrst. Að því leyti er hinum heiðraða þingmanni Suður-Múlasýslu þóttu það öfgar, að slík stofnun skyldi kosta 3000—4000 rd. sem mundi þykja harla lítilfjörlegt annarstaðar, þá vil eg biðja hina heiðruðu þingmenn gæta þess, að eigi sèu neinar 5—6 þúsundir dala brúkaðar ver, en til þess að vernda heilsu manna og veita þeim hjálp í sjúkdómum. Vilji menn á annað borð hafa læknaskóla og læknahjálp mega menn búast við, að það kosti nokkuð.

Eiríkur Kúld: Eg veit ekki, hvort eg hef tekið rètt eptir hinum háttvirta 2. konungkjörna þingmanni, því mèr skildist ekki betur, en að kominn væri í hann einhver tvíveðrungur um að taka uppástungu sína aptur, en þá þekki eg manninn illa ef hann gjörir það, enda er það von mín, að hann fylgi henni fram. Það getur

nú vel verið að eg hafi ruglast eitthvað í máli þessu, eins og hinn heiðraði þingmaður Suður-Múlasýslu, því uppástungan er nokkuð langorð og enda næst því að geta, ef til vill, heitið skólareglugjörð; en hvað um það, og þó mèr nú að vísu virðist hinn háttvirti uppástungumaður hafa nokkuð aðra skoðun á máli þessu en hann hefir látið í ljósi á hinum fyrri þingum, þá álít eg það þó alls enga ástæðu til þess að vísa málinu frá nefnd á þessu þingi; ekki finnst mèr heldur sú ástæða vera næg til þess, að vèr höfum ekki peninga fyrir hendi núna sem stendur, eg held að opt og einatt hafi nefnd verið sett í lík mál; það hefir að vísu stundum orðið árangurslaust, en stundum aptur komið að góðu gagni og þokað málunum heldur áleiðis. Það væri undarlegt, ef þingið nú færi að vísa þessu máli frá nefnd, þar sem hin fyrri þing hafa sýnt svo mikinn áhuga á því, og það því fremur, sem nú þegar er nokkur árangur áorðinn, einmitt þess vegna getum vèr nú haft betri von um að fá nú áheyrn, því það er auðsèð, að stjórnin skoðar nú líka mál þetta sem nauðsynjamál. Þó að þingið hafi reyndar mikið að starfa, get eg þó ekki annað en ráðið fastlega til, að það kjósi nefnd, og reyni til að finna ráð til að styðja og flýta málinu sem mest því er unnt til góðs árangurs.

Jón Hjaltalín: Því hefir verið sveigt að mèr af 2 hinna heiðraða þingmanna, að eg sè ekki sjálfum mèr samkvæmur í þessu máli; en eg vona, að eg geti sýnt þinginu, að það sem eg nú fer fram á er í engri mótsögn við það sem eg áður hefi sagt. Mèr sýnist opt rætast málsháttur þessi: opt verður lítið úr höggi því, sem hátt er reitt; þess vegna hefi eg ráðið frá, að menn þegar í upphafi beiddu um fullkominn læknaskóla, því þá var eg hræddur um að hann mundi stranda á sama skerinu og lagaskólinn (*Benedikt Sveinsson*: Heyr). Eg hefi ráðið til, að menn skyldu byrja á litlu en svo smáfæra sig upp á skaptið, eptir því sem oss vex fiskur um hrygg, og hygg eg, að þessi aðferð muni hafa góðar afleiðingar í för með sèr. Ef að málið verður tekið hèr til meðferðar er eg viss um, að eg get sýnt nefndinni fram á það, að uppástunga mín er byggð á sama grundvelli og eg áður hefi haft fyrir mark og mið í þessu máli. Hin einasta ástæða, sem eg gæti haft til þess að taka aptur uppástungu mína, er sú, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi mælist til þess, því eg virði orð hans mjög mikils og vil mikið fyrir þau gjöra, með því eg veit, að hann er landi voru mjög velviljaður bæði hvað þetta málefni snertir og annað. Ef nú aptur á móti þinginu finnst ástæða til að taka málið til meðferðar í sumar, þá vil eg öldungis setja það á vald þingsins.

Halldór Kr. Friðriksson: Það hljóta eflaust allir að játa, að

hinum háttvirta öðrum konungkjörna þingmanni bæði er og hefir verið mjög svo annt um þetta mál, og að hann hefir gjört allt, sem í hans valdi hefir staðið, og hefir lagt mikið á sig til að koma málinu áfram; eg vil þess vegna ekki fylla þann flokk, er kasta honum því í nasir, sem brixlyrði, að uppástunga þessi fari í allt aðra stefnu, en uppástungumaður hefir áður gjört; því að það er eigi rètt; hann hefir aldrei gjört annað, en það sem hann hefir álitið rèttast og haganlegast fyrir málið. Hann hefir hugsað sèr, að málinu yrði komið bezt áleiðis með því að byrja á litlu, og stíga svo smátt og smátt feti framar. En fyrst málið hefir nú verið byrjað svona, sem eg þó eigi hef verið samdóma, þá ætla eg nú rèttast, að halda áfram í sömu stefnu, og þeirri stefnu vil eg fylgja og það því fremur, sem vèr þó höfum sèð nokkurn árangur af því. Eg er á sama máli og hinn hæstvirti konungsfulltrúi um það, að læknasjóðurinn, sem stendur, ekki sè fær um að bera þann kostnað, sem slík stofnun og hinn háttvirti uppástungumaður gjörir ráð fyrir, hefir í för með sèr, auk þess, sem sjóðurinn er ætlaður til að launa hinum nýju læknum og nú mun málinu vera svo komið, að því verður varla breytt. Þótt nú mætti segja, að tekjur sjóðsins muni aukast talsvert framvegis, þar sem lagt hefir verið fyrir þingið frumvarp um nýtt fyrirkomulag á gjaldi spítalahlutanna, og fái það framgang, ætla eg, að það verði verulegur tekjuauki fyrir læknasjóðinn. En fyrst er það, að það er með öllu óvíst, hvernig þingið muni taka í uppástungn stjórnarinnar, og það því síður, hvern árangur tillögur þingsins muni hafa hjá stjórninni, eða hvert og hversu mikið tekjur sjóðsins aukast. En allt um það finn eg mèr þó skylt að mæla með, að nefnd sè sett í málinu; og vil alls ekki styðja að því, að uppástungan sè tekin aptur, því eg held, að málinu verði með því móti komið eitthvað áleiðis, þótt vèr ekki undir eins fáum jafnfullkomna stofnun og uppástungan fer fram á. Eg held að það væri mikill styrkur, ef við fengjum, þó ekki væri nema 1 kennara; það mundi þó lètta talsvert kennslunni af læknunum; þann kostnað ímynda eg mèr, að læknasjóðurinn gæti borið, og það nú þegar; því að ekki eru enn neinir læknar í þessi 5 nýju embætti, sem stofna á, að svo stöddu. Eg vildi einungis benda nefnd þeirri, sem kosin kynni að verða, á, hvort hún eigi mundi finna ástæðu til að leita að einhverjum millivegi, sem miði til þess að halda málinu í hinni sömu stefnu og það hefir fengið, það er að segja, að koma því svona smátt og smátt áfram, í milli þess, að fleygja málinu frá sèr, og þess, að biðja um allt í einu.

Benidikt Sveinsson: Mèr verður það nú sem optar, að eg

get ekki á *þessu* stigi málsins gjört sjálfum mèr eða öðrum þá ánægju eða óánægju að tala um hin einstöku atriði þess. *En* eg vona að hinir háttvirtu þingmenn muni minnast þess, að eg hefi jafnan að undanförnu haft þá skoðun á þessu máli, að mèr sè þó eigi að síður ekki láandi, þó eg tali fáein orð um aðalefni þess, og vilji leggja mitt til þess, að það ekki deyi í höndum alþingis.

Eg tek það þá fram, að enn á ný hefir sá maður borið fram fyrir þingið þá uppástungu um læknaskipun Íslands sem enginn getur neitað, að jafnan hafi mest og bezt fylgt þessu velferðarmáli voru fram, þessu máli, sem aldrei deyr meðan Ísland stendur, svo framarlega sem vèr ekki eigum að deyja eins og skynlausar skepnur í haganum, hugsunar- og hirðingarlaust; það er *þessi maður* segi eg, sem ávallt hefir sýnt framúrskarandi áhuga og atorku í því að koma *þessu velferðarmáli* Íslands í nýtt og betra horf, sem enn á ný hefir gjörst flutningsmaður þess. Væri það ekki óviðurkvæmilegt, að tillögur *þessa manns* í *þessu máli* fengi enga áheyrn á þingi Íslendinga? Það gladdi mig innilega, er eg heyrði hinn hæstvirta konungsfulltrúa lýsa því yfir, að hann væri öldungis á sama máli og hinn háttvirti annar konungkjörni þingmaður, um *aðalatriði* þessa máls. Það gladdi mig innilega, að hann tók það fram, *að* hann áliti það hið mesta nauðsynjamál Íslands, að læknaskipun vor kæmist í betra horf en verið hefir; *að* hann áliti enn fremur læknakennslunni með engu móti borgið með vilja og áhuga eins manns, hversu duglegur og nýtur sem hann væri, og það því síður sem hann hefði mörgum öðrum störfum að gegna, og *að* hann því áliti nauðsynlegt að *læknaskóli* yrði stofnaður *í landinu sjálfu*. Eg bið þingið að gæta þess, að eg legg sèrlaga áherzlu á það, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi og hinn háttvirti annar konungkjörni þingmaður eru samhuga í aðalatriðum þessa máls, sem eg nú tók fram. Þegar þetta er gefið, gjöri eg minna úr ágreiningi þeim, sem eigi að síður bryddi á millum konungsfulltrúa og flutningsmanns, en sem átti að hafa þau áhrif, að málið fèlli niður. Þenna greinarmun milli hinna verulegu og óverulegu atriða málsins vil eg leyfa mèr að benda þinginu á, að kom eigi frá þingmanna bekkjunum Hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir eflaust frá sínu sjónarmiði mikið fyrir sèr í því, að peningaleysi geti orðið máli þessu til hindrunar, en eg verð þó að leyfa mèr að óska ýtarlegri skýringar frá hans hálfu um það, hvers vegna þetta mál, sem bæði þjóð og þing konungsfulltrúi og stjórn, eru samdóma um, að sè mesta velferðarmál Íslands, hvers vegna þetta mál, segi eg, eigi að falla niður vegna peningaleysis! Hin konunglega auglýsing til alþingis bendir að vísu á, að *stjórnin* hafi ekki getað farið öðruvísi að í þessu

máli en hún gjörði, og mundu þá margir ímynda sèr, að þá væri rèttast fyrir *þingið* eins og vant er að taka á móti þessu hugsunarlaust. En eg leyfi mèr nú samt að spyrja, er þetta rètt skoðun hjá stjórninni? Er hún einu sinni fullnægjandi fyrir *hana sjálfa,* þó ekkert tillit væri haft til Íslendinga og alþingis? En með miklu meiri áherzlu vil eg spyrja: Er það *rètt* og er það leyfilegt af *alþingi* Íslendinga, þegar uppástunga kemur til þess um að stíga nýtt fet í því nauðsynjamáli landsins, sem eigi þolir neina bið, *þegar* sá tími er fyrir höndum, að það á að takast á hendur öll vandamál Íslands, er það þá, segi eg, rètt og leyfilegt fyrir alþing að kasta af *sèr* ábyrgðinni á slíku velferðarmáli, af því það þykist ekki hafa peninga til að koma á fót stofnunum þeim, sem vèr verðum að *lifa* og *deyja* með? Íslendingar óska eptir og hafi fyllstu heimtingu á stjórnarbót, og Danir vilja veita oss hana; en eg tek það enn fram: Á hverju stendur *þá* mest? Peningum eða peningaspurningum! Bræður vorir í Danmörk vilja unna oss loksins þess frelsis sem vèr óskum og eigum heimtingu á, setjum að svo sè. Hvorki í *frelsi* eða *peningum,* heimtum vèr meira en rèttur og sanngirni leyfir. Og hèr er því eigi, þegar rètt er að gáð, spursmál um annað en útkljá spursmálið um *rètt og sanngirni* milli *Dana og Íslendinga.* En er nú þetta nokkur afsökun fyrir stjórnina eða alþing til þess, að kasta fyrir fætur sèr þessu máli? Með öðrum orðum: Eigum vèr að taka þá *viðbáru* gilda, að *af því* að stjórnarbótarmálið og fjárhagsmálið sè nú loksins á þrjónunum, þá eigi alþing að vísa frá sèr tillögum og umhugsun, kröfum og tilkalli til þess sem beinlínis er óaðgreinanlegur liður í aðalætlunarverki þingsins? Ætli þetta sè rètt? En sleppum þessu pólitiska sjónarmiði. En eg vil þó biðja þingið eða rèttara *þingmenn* að athuga, að það geti þó orðið spauglaust að liggja í rúminu og kveljast hjálparlaus, þangað til *rèttur og sanngirni eru orðin viss og viðurkennd millum Dana og Íslendinga.* Að svo mæltu mæli eg með því, að nefnd sè sett í þetta mál, í því trausti, að hún sjái betri úrræði, en þau sem fram eru komin.

Pètur Pètursson: Eg vildi leyfa mèr að spyrja hinn háttvirti annan konungkjörna þingmann, hvort það sè meining hans, ef nefnd verður sett í málinu, að rituð verði bænarskrá til konungs um uppástungu hans, eður einungis að þingið taki hana til yfirvegunar, því eg tók ekki eptir, að þetta væri tekið fram í uppástungunni.

Jón Hjaltalín: Það er sjálfsagt mín meining, að send verði bænarskrá til konungs, ef hinn hæstvirti konungsfulltrúi vill styðja málið; en eg veit nú ekki til hvaða niðurstöðu nefnd kynni að koma; mèr finnst annars eg varla geta forsvarað að taka uppástunguna aptur, því eg get ómögulega gjört svo mikið úr kostnaðinum, þegar eg ber það saman við fè það, sem varið er til slíks í öðrum löndum. Eg er nú farinn að eldast og finn því betur hversu örðugt það er og i rauninni ókljúfandi fyrir einn mann að gegna þessum mörgu störfum, er eg nú hefi á hendi.

Jón Sigurðsson: Af því sem talað hefir verið hèr í dag um þetta mál felli eg mig bezt við það sem hinn 5. konungkjörni þingmaður sagði. Hvað sem því nú líður, hvort hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður er sjálfum sèr samkvæmur eða ekki í þessu máli, þá er það sannarlega gleðilegt, að hann er nú aptur snúinn á þann veg, sem flestir munu álíta hinn eina rètta; það er að efla læknakennsluna hèr innan lands. Er það því skylda þingsins að beina málinu áfram þenna veg eins og gjört hefir verið á mörgum undanfarandi þingum. En mèr þykir hætt við, að uppástungur hins 2. konungkjörna þingmanns kunni að þykja nokkuð gífurlegar, eins og þær eru fram settar af honum, og muni því verða erfitt að fá þeim framgengt. Eg held að menn verði í bráð að láta sèr nægja með minna og mèr finnst að bæta megi úr hinni bráðustu læknaþörf vorri með minni tilkostnaði, og færri umsvifum, en uppástungan bendir á. Það sýnist heldur ekki vera óumflýjanlega nauðsynlegt, að kennslustofnun þessi handa læknaefnum sè nú þegar sett á sama fót og í sama horf sem prestaskólinn hèrna, eins og þó uppástungan fer fram á. Það er sem sè aðgætandi, að engum mun hafa dottið í hug meiri umbót á læknaskipunarmálinu, en sú, að einn læknir yrði í hverri sýslu, eða hèr um bil 20 læknar á öllu landinu; en aptur á móti þurfum vèr nálægt hálfu öðru hundraði presta í prestaköll þau, sem nú eru til í landinu; það sýnist því ekki vera alls kostar rètt eða sanngjarnlegt að heimta, að jafnmiklu fè sè varið til beggja þessara kennslustofnana. Það mun eigi þykja kominn hinn rètti tími til að tala um, að hvaða niðurstöðu nefndin sem sett verður í þetta mál muni komast, en æskilegt þætti mèr að heyra, hvort þinginu mundi ekki sýnast vera bætt úr hinni bráðustu nauðsyn vorri með tilliti til læknakennslunnar, ef einn læknir væri settur til aðstoðar landphysicus, því þetta ímynda eg mèr, að mundi vinnast hjá

stjórninni, en alls ekki það sem uppástungan fer fram á; og þar sem þetta er eitt hið mesta áríðandi mál okkar, þá ættum vèr ekki að spilla því fyrir okkur með ofháum eða gífurlegum kröfum.

Jón Hjaltalín: Eg held eg verði nú að taka blaðið frá munninum og segja það, sem eg eflaust mundi sagt hafa, þó eg hefði verið 20 árum yngri, að eg verð heldur að fara að leita mèr hvíldar, en vera lengur að berjast við þetta. Það er skrítið að engum hinna heiðruðu þingmanna skuli hafa komið til hugar að stinga upp á, að lètt yrði undir með mèr með ferðalög; það er þó ekki lítið, að eiga að vitja sjúkra í þremur sýslum, eiga að gegna fólki úr öllum áttum, skoða það og gefa því ráðleggingar, að ótöldum öllum öðrum störfum, heldur hafa menn einungis farið því fram, að lètt yrði undir með mèr með kennsluna. En eg hef nú þann annmarka, að eg get ekki verið nema á einum stað í einu og gjört nema eitt í einu.

Sveinn Skúlason: Mèr sýnist vera öldungis nauðsynlegt að setja nefnd í málinu, og það því fremur sem dómsmálastjórnin hefir gefið tilefni til þess, með því að hún hefir einhvern veginn, og að því mèr virðist miður löglega útvegað konungsúrskurð fyrir því að brúka skuli 2000 rd. af læknasjóðnum til að launa læknum, þvert á móti tillögum alþingis; því þingið hefir ávallt fylgt því fram, að auka læknasjóðinn, til þess að honum yrði varið til þess, að koma hèr á spítala og læknaskóla og sjúkrahúsum til og frá um landið, þar sem brýnust nauðsyn er á. Það er auðsætt, að ef svona verður haldið áfram smátt og smátt að fjölga lækna-embættum, eins og dómsmálastjórnin nú hefir fengið konungsúrskurð um, þá ganga ekki einungis allar leigur læknasjóðsins, heldur ef til vill nokkuð af höfuðstólnum til þess að launa læknum þessum, og það beint ofan í tillögur alþingis. Hvað það snertir, er hinum 5. konungkjörna þingmanni og þingmanni Suður-Þingeyinga bar á milli við hinn annan konungkjörna þingmann, þá held eg, að vel megi koma því saman, með því móti, að ungur læknir verði gjörður að hèraðslækni í þessum þremur sýslum, sem landlæknirinn nú hefir; mundi þá ferðalögum lètta svo á landlækni, að hann mundi geta varið mestum kröptum sínum til kennslunnar og fullnægt henni með aðstoð þessa nýja hèraðslæknis, sem án efa mundi, þrátt fyrir embættisannir sínar, geta aðstoðað hann mikið, sem ungur maður og ern, þegar litið er til hvað landlæknirinn einn hefir afkastað. Með þessu væri unnið nokkuð af því, sem uppástungan fer fram

á, nefnilega, að lètt yrði ferðalögum á landlækninum, og hann fengi aðstoð við kennsluna, án þess það kosti meira en eitt nýtt embætti.

Björn Pètursson: Hinn heiðraði þingmaður Norður-Þingeyinga tók það fram, er eg vildi sagt hafa; eg skal einungis geta þess, að eg mælti ekki á móti uppástungunni í þeirri veru, að eg vildi ekki að hún kæmi í nefnd.

Halldór Kr. Friðriksson: Hinn háttvirti annar konungkjörni þingmaður hefir misskilið mig að nokkru leyti. Eg ætlaði alls eigi að halda því fast, að það yrði settur annar kennari við læknakennsluna, fremur en læknir í Gullbringusýslu, heldur að það yrði settur einhver maður landlækninum til aðstoðar, hvort sem væri við kennsluna eða við störf hans sem hèraðslæknir í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Borgarfjarðarsýslu; en þótt heldur væri læknir settur, heldur en kennari, þá væri það þó lèttir fyrir landlæknirinn, og hann gæti þá miklu meir gefið sig við kennslunni en nú; enda ímynda eg mèr, að þessi læknir gæti þó kennt eitthvað í læknaskólanum, eða lètt nokkuð undir kennslu landlæknisins; eg varð að geta þessa, til þess ekki líti svo út, sem eg vildi að eins bæta við öðrum kennara, og vildi engan annan lètti á landlækninum í störfum hans.

Eiríkur Kúld: Eg vil leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta forseta, hvort umræður þessar liggi ekki fyrir utan inngangsumræðuna og hvort þær mundu ekki eiga betur við, þegar nefndarálit er fram komið, ef nefnd verður sett í málið. Eg skal leyfa mèr að stinga upp á, að gengið sè þegar til nefndarkosningar.

Forseti: Eg skal þá skjóta því til atkvæða þingsins, hvort nefnd skuli kjósa eða ekki.

Var þá gengið til atkvæða og það samþykkt með 21. atkvæði, að nefnd skyldi kjósa.

Jón Hjaltalín: Mèr þætti vænt um, að þingið vildi gjöra nefnd þessa ríkmannlega úr garði, með því að hafa hana svo fjölmenna sem unnt er, svo að höfðatalin sè nokkur, þó peningana vanti; vil eg í því skyni stinga upp á 7 manna nefnd.

Með því nokkrir þingmenn urðu til að stinga upp á 5 manna nefnd lèt forseti skera úr því með atkvæðagreiðslu hvort heldur skyldi vera; var 5 manna nefnd samþykkt með atkvæðafjölda.

Því næst var nefndin kosin, og fengu þessir flest atkvæði:

Jón Hjaltalín með 22 atkv.

Halldór Kr. Friðriksson með 11 atkv.
Benidikt Sveinsson — 10 —
Jón Bjarnason — 9 —
Sveinn Skúlason — 7 —

Jafnmörg atkvæði hafði einnig Páll Ólafsson, en með því Sveinn Skúlason var þeirra eldri, varð hann nefndarmaður.

Hinn annar konungkjörni þingmaður hafði fengið flest atkvæði og var honum því afhent málið.

Forseti: Þá kemur til inngangsumræðu bænarskrá úr Austur-Skaptafellssýslu um læknishjálp þar í sýslu, flutningsmaður er þingmaður Austur-Skaptafellssýslu og mun hann skýra málið eptir þörfum.

Stefán Eiríksson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp bænarskrána:

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 247).

Eg hef litlu hèr við að bæta, því eg vona, að bænarskráin mæli með sèr sjálf. Málið er þinginu kunnugt síðan 1865, því þá hafði eg einnig meðferðis bænarskrá sama efnis, en af því beiðendurnir ekki vissu, hvernig stjórnin mundi taka í málið, því er þessi bænarskrá hèr komin. Þó það sè nú gleðilegt, að stjórnin hefir tekið svo vel í þetta læknamál frá síðasta þingi, að hún hefir lofað að fjölga 5 lækna-embættum af þeim 7, sem um var beðið, vil eg þó óska að bænarskrá þessi komi í nefnd, svo stjórnin sjái, hvern áhuga Skaptfellingar hafa á þessu máli, sem hafa verið læknishjálparlausir frá aldaöðli. Verið getur, að bænarskránni væri borgið væri henni vísað til nefndarinnar í læknaskipunarmálinu, en ekki mundi það taka mikinn tíma upp fyrir þinginu, þó sèrstök nefnd væri kosin, og væri málið þannig meðhöndlað, gæti það þó, ef til vill, orðið til þess að herða á stjórninni; eg vil því leyfa mèr að stinga upp á 3 manna nefnd, ef sèrstök nefnd verður kosin.

Konungsfulltrúi: Bænarskrá þessi er samin fyrr en menn þekktu hina konunglegu auglýsingu til alþingisins, og það sem beðið er um í bænarskránni, er nú að svo miklu leyti veitt af Hans Hátign konunginum, sem honum yfir höfuð er unnt að veita það.

Spursmálið um að fá lækni til Austur-Skaptafellssýslu er nú komið undir því, að menn gæti fengið nokkurt lækna-efni til að taka sèr aðsetur þar, því eg er fullviss um það, að stjórnin muni

álíta, að þörf sè á læknisaðstoð í Austur-Skaptafellssýslu, og þess vegna ekki muni neita að gefa styrk þann, sem heitið er í auglýsingunni, þeim læknaefnum, sem þar kynni að setjast að.

Eg skal þess vegna leyfa mèr, að skora á hinn háttvirta þingmann að taka bænarskrána aptur, af því að henni er þegar veitt fullnusta.

Stefán Eiríksson: Eg finn enga ástæðu til að taka bænarskrána aptur, og get því ekki uppfyllt ósk hins hæstvirta konungsfulltrúa, því bænarskráin kemur öldungis ekki í bága við hina konunglegu auglýsingu; embættunum er lofað, en það getur orðið dráttur á að fá lækna í þau, og það því fremur sem ekki eru nema 400 rd. að byrja með, fyrir læknara þá, er vildu gefa sig fram í þessi nýstofnuðu embætti, svo er það líka tekið fram í hinni konunglegu auglýsingu, að dómsmálastjórnar herrann eigi að ráða því, hvar læknarnir setjist í þessi nýju embætti, og af þeirri ástæðu er það, að eg vil að málið nú gangi frá þinginu til stjórnarinnar, svo hún sjái, hvar læknaþörfin er mest.

Sighvatur Árnason: Eg hlýt að vera bænarskrá þessari meðmæltur og ræð þinginu til að gefa henni gaum. Eg álít bezt henta, að henni sè vísað til nefndarinnar í læknaskipunarmálinu; eg skal játa, að eg var fyrst í efa um það, hvort menn ættu að gefa henni gaum eða ekki, þegar eg sá og yfirvegaði loforð þau, sem stjórnin hefir gefið um ný lækna embætti; en til þess að Skaptafellssýsla yrði fyrst tekin til greina við byrjun þessara nýju lækna-embætta fannst mèr tóluverð ástæða til að Austur-Skaptafellsýsla kæmist undir læknaskipunarmálið með bænarskrá þessa, því hún er eflaust verst farin af öllum sýslum á landinu í þessu efni. Mèr finnst einnig þetta geta sameinazt við uppástungu hins háttvirta annars konungkjörna þingmanns, að Austur-Skaptafellssýsla gangi á undan í Suðuramtinu með að fá lækni, því hún hefir þess meiri þörf en önnur hèruð Suðuramtsins. Landlæknirinn sem er einn meðlimur nefndarinnar, er annars sá eini eða helzti maður, sem ætti að gefa bendingar um, hvar lækna-embætti þessi skuli fyrst stofnast og vona eg alls góðs í því efni frá hans hálfu, nefnilega, að hann gæti þess vandlega, hvar þess er mest þörf; bænarskrána álít eg því sem sagt, bezt komna hjá nefndinni í læknaskipunarmálinu.

Pètur Guðjónsson: Viðvíkjandi því, er hinn mikilsvirti þingmaður Rangæinga sagði, skal eg taka það fram, að þau orð hans

sýna einmitt, að það var rètt sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði. Meining bænarskrár þessarar virðist mèr ekki vera önnur en sú, að hún biður um hið fyrsta lækna-efni sem fengist getur eptir aflokið examen, og ætti þá ekki að fara með hana til stjórnarinnar heldur til amtsyfirvaldsins.

Forseti: Það kemur þá til atkvæðagreiðslu, hvort sèrstaka nefnd skuli kjósa um bænarskrá þessa eða vísa henni til nefndarinnar í læknaskipunarmálinu.

Var þá gengið til atkvæða og það samþykkt með 19 atkvæðum, að bænarskránni skyldi vísa til nefndarinnar í læknaskipunarmálinu, og var hún þá afhent hinum öðrum konungkjörna þingmanni.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni til umræðu uppástunga þingmannsins úr Strandasýslu um styrk handa Jóni lækni Guðmundssyni á Hellu; flutningsmaður er þingmaður Strandasýslu, og mun hann lesa upp uppástunguna og gjöra grein fyrir henni.

Torfi Einarsson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa uppástunguna, (Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 239).

Eg þarf ekki að mæla mikið með uppástungu þessari, því hún er þinginu kunnug síðan 1865, og svo hafa ræður þær sem fallið hafa í dag verið henni til stuðnings, því umkvörtun hefir verið á almennum læknaskorti. Eg vona, að sèrstök nefnd verði sett um þetta, en uppástungunni ekki vísað til nefndarinnar í læknaskipunarmálinu, því það getur dregizt, að hinn fyrirhugaði vesturamtslæknir komi, því lækna-efni vanta, en uppástungan fer einungis fram á, að Jóni sè veittur styrkur þangað til annar kemur. Eg þarf ekki að taka það fram sem búið er, hve sárt það er fyrir sjúka að liggja hjálparlausir, því að líkindum munu líkamatilfinningar mannna í Stranda- og Barðastrandarsýslu vera svipaðar og annarstaðar. Eg óska einungis að þriggja manna nefnd verði sett.

Konungsfulltrúi: Uppástunga alþingis frá í hitt eð fyrra um, að Jóni Guðmundssyni á Hellu yrði veittur 100 rd. styrkur eitt skipti fyrir öll til að halda fram lækningum, er ekki tekin til greina, vegna þess, að þessi maður, þótt landlæknirinn hafi reynt hann og gefið honum þann vitnisburð um kunnáttu hans, að hann gæti gagnað með lækningum sínum, þar sem ekki yrði náð til læknahjálpar, þó ekki í lagalegum skilningi er ellegar getur kallazt læknir eða aðstoðarlæknir, og að hið opinbera ekki getur styrkt þess konar störf, sem geta komið í bága við hin gildandi lög. En hinar

sömu ástæður eru til staðar, þegar spursmál er um læknasjóð landsins, og eg get þess vegna ekki séð, að nokkur árangur geti komið út af því, að þingið taki mál þetta til meðferðar nú sem stendur.

Eg skal bæta því við, að mèr þykir sá vegur vera eðlilegri í þessu máli, að Jón þessi frá Hellu, ef hann óskar að fá leyfi til fyrst um sinn að vera aðstoðarlæknir í Stranda- og Barðastrandarsýslum, snúi sèr með beiðni um það til yfirvalda sinna, til þess að þau með meðmælum sínum og með meðfylgjandi skýrslum hlutaðeigenda, bæði lækna og annara, sendi beiðni hans til stjórnarinnar, og að hún þá úrskurði, hvort þess konar leyfi getur veitzt beiðandanum og með hvaða skilmálum, því á þann hátt verða að mínu áliti störf hans sem aðstoðarlæknir fyrst »legaliseruð», og þá getur stjórnin veitt honum þóknun fyrir þau.

Torfi Einarsson: Eg þakka hinum hæstvirta konungsfulltrúa fyrir hans góða ráð; en það hefir áður verið reynt til að fara með mál þetta yfirvalda veginn, hvort sem því hefir verið linlega fylgt eða ekki, veit eg ekki, en ekkert hefir út af því komið; Jón hefir nú fengizt við lækningar í 10 ár, hann er yfirheyrður af landlækni, og svo lítur út, sem ekki munu allir þeir, sem hann yfirheyrir, verða kallaðir skottulæknar. Þetta held eg ætti að vera hvöt fyrir stjórnina til þess að liðsinna honum. Eg óska, að nefnd sè sett, en þar við má samrýma ráðleggingu konungsfulltrúa, því nefndin getur aptur vísað málinu yfirvaldaveginn.

Jón Hjaltalín: Hinn heiðraði þingmaður Strandasýslu sagði að eg hefði yfirheyrt Jón á Hellu; það kannast eg nú reyndar ekki við að svo sè; eg skal skýra frá hvernig á stendur. Árið 1859 kom Jón þessi hingað; skrifaði þá amtmaður Melsteð mèr með honum, og kvartaði yfir læknafæð í vesturamtinu, þar ekki væri nema einn læknir til að gegna báðum embættunum og hann þó heilsulasinn; mæltist amtmaður Melsteð þá til við mig, að eg vildi komast eptir, hvað Jón kynni í Íslenzkum lækningabókum. Eg tók þá Jón fyrir, og fann að hann hafði lesið flestar þessar «populære» lækningabækur, er vèr höfum á voru máli; þar eð eg nú áleit, að maðurinn væri skynsamur og eg hèlt að hann mundi ekki gjöra skaða, þótti mèr óráðlegt að banna honum að fást við lækningar, meðan svona báglega stæði á; eptir instrúxi voru getum vèr heldur ekki klagað skottulækna, nema því að eins, að þeir gjöri skaða. Þó nú sè kominn læknir á Ísafjörð og annar í Stykkis-

hólm þá er Strandasýsla svo afskekkt, að mèr skyldi vera það ánægja, ef amtmaðurinn í vesturamtinu gæti eitthvað hlynnt að Jóni.

Jón Bjarnason: Eg ætla að tala fáein orð, af því mèr er ekki ókunnugt, hvernig á stendur, að þó læknir sè kominn á Ísafjörð að þá er Strandasýsla og austurhluti Barðastrandarsýslu lítið betur farinn, heldur mega þær eflaust heita verst farnar af öllum sýslum á landinu að undantekinni Austurskaptafellssýslu með læknisleysi, en eigi að síður hafa mörg 1000 dalir runnið þaðan inn í læknasjóðinn. Meðan sèra Bjarni í Garpsdal var uppi, þá nutu Strandasýslubúar og Barðstrendingar í austurhluta sýslunnar, talsverðrar læknishjálpar af honum, svo um það bil er hans missti við kom Jón á Hellu og fengu menn brátt traust á honum, því hann hjálpaði mörgum; það er því eðlilegt þó menn vilji rètta honum hlálparhönd svo hann þurfi ekki að leggja árar í bát. Þegar menn heyrðu, að fjölga ætti læknum, fóru mönnum að vaxa vonir, og þótti sanngjarnt að biðja því um, að Jón fái einhvern styrk þangað til sá fyrirheitni kemur, til þess að geta haldið honum við lækningar, því hann vill feginn hætta, en gjörir það einungis af góðgirni sinni. Eg skal ekki orðlengja þetta meira, en einungis ráða þinginu sterklega til að styrkja Jón á Hellu, því annars verður eina úrræðið að fara norður og fá læknishjálp frá Homöopötunum sem fjölda mörgum í Norður-umdæminu veita læknishjálp.

Bergur Thorberg: Það er engan veginn ofsögum af því sagt hversu brýn nauðsyn er á að hafa lækni bæði í Barðastrandar- og Strandasýslum, og það má jafnvel fullyrða, að þessar sýslur sèu einna verst staddar í þessu tilliti af öllum sýslum á landinu; en þar sem hèr er farið fram á að útvega Jóni á Hellu styrk úr opinberum sjóði, þá virðist auðsætt, að slíkt muni verða árangurslaust, þar sem stjórnin nú í hinni konunglegu auglýsingu til þingsins hefir neitað um að veita þenna styrk.. Í þessu tilliti álít eg heppilegast að fara þann veg með málefni þetta, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi benti á; ef Jón t. a. m. sækti um að vera aðstoðarlæknir í sýslunni, eða sækti um nokkurs konar «Constitution» þangað til examíneraður læknir fengist í hèraðið, þá yrði leitað áreiðanlegra upplýsinga um dugnað hans og hversu honum heppnuðust lækningar, og þá, þegar slíkar upplýsingar væru fyrir hendi, ímynda eg mèr, að greiðara kynni verða, ef til vill, að útvega honum einhvern styrk, ef hann fyndist þess maklegur; þó eg að öðru

leyti vilji styrkja mál þetta, að því leyti sem í mínu valdi stendur og eptir því sem upplýsingar þær er þar um framkoma gefa á-stæður til, get eg þó ekki annað en mælt á móti því, að nefnd verði kosin.

Eiríkur Kúld: Af því Barðastrandarsýsla var nefnd, ætla eg að tala fáein orð. Það er satt, að mál þetta kom hèr fram á þingi 1865, og mælti eg þá með því, að Jóni yrði veittur 100 rdl. styrk-ur; nú hafa menn þá heldur fært sig nokkuð upp á skaptið, því nú vilja menn fá 200 rdl. handa Jóni þessum á Hellu; eg hef nú reyndar heyrt svo mikið talað um lækningar Jóns, án þess mèr sè kunnugt, hvort það allt sè á góðum rökum byggt, en hitt get eg sannað, að Barðstrendingar yfir höfuð njóta minna að lækninga Jóns á Hellu, eins og það líka er miklu erfiðara að minnsta kosti fyrir þá í vesturhluta sýslunnar að vitja til hans en bæði lækn-isins á Ísafirði og í Stykkishólmi; þegar mál þetta var hèr seinast fyrir á þingi, þá vantaði lækna á báðum þessum stöðum; nú er búið að lofa að bæta úr þessu sem fyrst verður; eg skal og geta þess, að eptir þeim upplýsingum sem landlæknirinn gaf um þenna mann, og sem lutu einungis að því orði, að hann mundi má ske ekki gjöra skaða með lækninga tilraunm sínum, þá get eg ómögu-lega mælt með því, að nefnd verði kosin fyrir það; mèr finnst fyrir mitt leyti ekki ætti að þurfa að kaupa af Jóni þessum á Hellu fyrir 200 rd. að skaða menn ekki með lækningnm sínum. Það er auð-vitað, þegar læknar fást, verður þeim fyrst vísað til þeirra þèraða sem mest eru læknaþurfa, sem eg álít, eins og sagt hefir verið, Skaptafellssýlu og þar næst Barðastrandar og Strandasýslu. Nú álít eg því hált þannig að eins og fram á er farið að halda við þess-um lækningum Jóns á Hellu, því eg get ímyndað mèr að Barða-strandasýsla og Strandasýsla einmitt fyrir þetta verði þá látnar bíða eptir læknir, þegar hann væri að fá og menn þá segðu: Þeir hafa hann Jón á Hellu, þeir eru betur farnir en aðrir, sem alveg vanta læknishjálp; og þetta vildi eg að sízt yrði.

Torfi Einarsson: Eg ímynda mèr, að innbúa Strandasýslu megi gilda einu, hvort læknir er á Ísafirði og Stykkishólmi eða ekki. Í þau 30 ár, sem eg er búinn að hokra á Kleyfum, þá hefir læknirinn af Ísafirði alls einu sinni komið í Strandasýslu, og hafði sína 4 rd. á dag, og þar að auki varð eg með mönnum að flytja hann sjóleiðis, og síðan ljá honum hesta til fararinnar; þetta er nú allt gagnið sem Strandasýsla hefir haft af læknum vestra um

þann tíma; eg ætla ekki að gjöra þetta að neinu kappsmáli, en vil þó heldur að málið verði fellt frá nefnd, en taka það aptur.

Sighvatur Árnason: Máli þessu var af mörgum gefinn góður gaumur hèr á seinasta þingi, enda þó nokkrir væru á móti því; eg kalla það og góða meðmælingu, þegar landlæknirinn gefur Jóni þessum Guðmundssyni á Hellu þann vitnisburð, að hann ekki skaði með lækningum sínum, því þar með er það gefið, að hann getur gjört mikið gagn; en af því það lítur samt sem áður svo út, sem málið ekki ætli að þessu sinni að fá góðan byr hèr á þingi, þá vil eg ráða uppástungumanninum til að taka uppástungúna aptur, og fara þann veg með málið sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi benti til.

Magnús Jónsson: Eg er þó ekki viss um, að mál þetta fái svo óhagstæðan byr hèr á þingi; menn verða að gá að því, að það eru hinir sjúku, þeir, sem hljóða og stynja, undir hinum mörgu og margbreyttu veikindum, sem biðja, en ekki Jón á Hellu einungis (*Sveinn Skúlason:* Hvaða gagn er að honum?) Það vita þeir bezt sem hann hefir bæði linað og læknað veikindi á; vitnisburður landlæknisins sýnir, að Jón skaðar ekki með lækningum sínum, en hèr í liggur, að hann getur bætt mikið; hann, sem er við hendina þarna í Strandasýslu, hefir betra næði og tækifæri til að stunda sína sjúklinga, en læknir sá, sem er langt að sóttur og hefir næsta lítinn tíma til að stunda hina veiku; það er og viðurhlutamikið að taka þessu máli illa, þar sem það gæti komið Jóni til að hætta við allar sínar lækningatilraunir, sem hann hefir þó hjálpað svo mörgum manni með.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal leyfa mèr að taka fram eitt atriði, er mèr varð eigi ljóst af ræða hins háttvirta 2. konungkjörna þingmanns og það er: Hefir Jón á Hellu »licentiam practicandi» leyfi til að lækna eður hefi hann það eigi? Hafi hann þetta leyfi bæði í Stranda og Barðastrandarsýslum, þá hefir hann og rètt til að áskilja sèr laun af þeim, sem leita hans; en þá vil eg álíta, að þessi bæn sè óþörf, með því að hann er þá *í rauninni* eins og aðstoðarlæknir. Á þenna hátt stendur hann eins vel að vígi eins og lærði læknirinn, hann fær sömu laun fyrir meðöl sín, lækningar og ferðir sem hinn lærði læknir; en laun hins lærða læknis samsvara í raun rèttri varla meiru en vöxtum og afborgun kostnaðar þess, sem til lærdómsins hefir gengið. Eg veit og dæmi að norðan, að þar hefir þess konar mönnum sem Jóni verið borgað

allt eins mikið og öðrum læknum, og það af því, að þeir eru viðurkenndir að vera góðir; sè ekki eins farið með Jón á Hellu þá er það annaðhvort að kenna sèrlegri góðsemi hans eða þá nízku hlutaðeigenda. Fyrir því er nú varla ráð að gjöra, en sè svo, þá vil eg stinga upp á því við uppástungumann, hvort hann eigi heldur vilji fara þann veg, að biðja hinn háttvirta forseta þingsins í þingsins nafni að skrifa Jóni á Hellu um, að hann hafi fullkomna heimting á að fá borgun fyrir lækningar sínar og eins að menn eigi að borga honum, og ætla eg að honum dragi þetta drjúgara en 100 rd. náðargjöf.

Benidikt Sveinsson: Eg er ekki samdóma hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga, því læknar fá ekki að eins laun fyrir »praxis« þeirra, heldur hafa þeir almenn laun, sökum þess, að þeir eru viðurkenndir af hinu opinbera eða rèttara eru fastir þjónar þess, og embættismenn. Það er því engan veginn ástæðulaust, þó hèr sè farið fram á að útvega Jóni á Hellu þau laun fyrir starfa sinn, sem hann hiður um, og það því fremur sem það getur eigi heitið annað en lítil umbun og upphvatning fyrir viðurkenningarverða viðleitni og gagn, sem eg er sannfærður um að hann hefir gjört; eg þekki nefnilega að vísu ekki þenna Jón, en eg hlýt að trúa því, að hann sè góður og nýtur maður; að öðru leyti skal eg geta þess, að eg hygg að heppilegast sè fyrir mál þetta að fara þann veg, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi benti til, og það því fremur, sem amtmaður Vestfirðinga hèt því sínum góðu tillögum.

Jón Hjaltalín: Eg skal einungis geta þess, að eg aldrei hefi gefið manninum «veniam practicandi», en samkvæmt áskorun þáverandi amtmanns Vestfirðinga gaf eg Jóni vitnisburð, og gekk hann út á, að hann ekki mundi skaða með lækningum sínum; þinginu er kunnugt, að ekkert varð úr, að þeir aðstoðarlæknar fengjust, er einu sinni var beðið um.

Torfi Einarsson: Þessi fagra setning, sem þingmaður Borgfirðinga kom með, nl. »borgið þjer sjálfir læknum yðar« hefir fyrr heyrzt, en svo er enn fremur sagt við bændur: Komið þið og borgið í læknasjóðinn, og er eg því hræddur um, að þessi ráðlegging lítið muni hjálpa þessu máli við; mèr er og kunnugt, að Jón á yfir 100 rd. útistandandi fyrir meðöl, og máske meira fyrir átroðning þann, sem hjá honum er einkum á vetrardag. Annað mál er það, hvort ekki nú þegar er ráðlegast að fara þann veg, sem hinn

hæstvirti konungsfulltrúi benti á, og það því fremur, sem útlítur fyrir, að amtmaður vestfirðinga vilji leggja sínar góðu tillögur til þessa máls.

Forseti: Er það meining þingmannsins að taka uppástunguna aptur?

Torfi Einarsson: Mig langaði fyrst til að heyra amtmanninn í vesturamtinu skýra frá þeim tillögum, er hann mundi veita máli þessu.

Bergur Thorberg: Eg skal svara hinum heiðraða þingmanni því, að eg álít málinu bezt borgið, ef því er beint þá leið, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi drap á. Að öðru leyti get eg ekki heitið öðru um það, hvað eg muni leggja til um málefni þetta, ef það kemur til minna aðgjörða, en að eg mun útvega mèr skýrslur um málið; en undir þeim upplýsingum, sem þannig fást, verður það að vera komið, hvernig tillögur mínar verða um málið. Þá getur og komið fram álit landlæknisins um hæfilegleika hlutaðeigandi, og gagn það, er hann álízt að geta unnið með lækningahjálp þeirri, er hann veitir mönnum.

Torfi Einarsson: Eg tek þá uppástunguna aptur.

Benidikt Sveinsson: Þetta er víst misskilningur; eg skildi konungsfulltrúa og hinn 3. konungkjörna þingmann á þá leið, að þingið ætti að vísa málinu forsetaveginn.

Forseti: Úr því uppástungan er tekin aptur, þá er hún fallin, nema því að eins, að einhver þingmanna taki hana upp aptur og gjöri hana að sinni uppástungu.

Benidikt Sveinsson: Eg tek þá uppástunguna upp aptur og gjöri hana að minni uppástungu, og óska þess, að gengið verði til atkvæða um það, hvort þingið heldur vilji láta kjósa sèrstaka nefnd, eða málinu sè vísað forsetaveginn.

Var málið síðan með miklum atkvæðafjölda fellt frá nefnd.

Benidikt Sveinsson: Það þarf ekki að gefa atkvæði um, hvort nefnd skuli kjósa, ef málið á að ganga forsetaveginn.

Forseti: Er það meiningin, að forseti taki við uppástungunni og skrifi konungsfulltrúa, til þess málið þannig gangi yfirvaldaveginn? — Ef sú er meiningin, þá bið eg þá þingmenn, sem aðhyllast þetta, að standa upp. Þetta var einnig fellt með miklum atkvæðafjölda.

Forseti: Þessu næst kemur til undirbúningsumræðu nefndarálit í málinu um jarða-afgjöld á Vestmannaeyjum.

Framsögumaður er þingmaður Vestmanneyinga, sem mun lesa upp nefndarálitið og skýra þinginu frá því, er þurfa þykir.

Framsögumaður (*Stefán Thordersen*): Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið:

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 248).

Að svo stöddu þarf eg ekki að tala neitt, fyrr en eg heyri álit þingmanna.

Konungsfulltrúi: Eg get ekki mælt með nefndaráliti því, sem nú var lesið upp, jafnvel þó mèr að vísu þyki gjaldmáti sá, er nú gildir á afgjaldi konungsjarða og tómthúsa á Vestmannaeyjum, miður heppilega ákveðinn, þegar svo stendur á, að harðfiskur, sem afgjaldið er ákveðið eptir, ekki verður verkaður á eyjunum. En höfuðatriði málsins er það, að afgjald jarðanna og tómthúsanna er *kontraktmæssigt,* þ. e. er ákveðið í hvert skipti í byggingarbrèfum við samninga millum umboðsmanns og leiguliðanna, og að þess vegna ósanngirni sú, sem kvartað er yfir, að eins er í orði kveðnu, en ekki í raun og veru, því það sem svo að segja daglega er ákveðið með frjálsum samningi, getur ekki álitizt ósanngjarnt fyrir hlutaðeigendur. Ef það í sèrstökum tilfellum kann að vera ósanngjarnt, sem verið getur, þá liggur sá vegur opinn á umboðslegan hátt að bæta úr því; en ef menn nú vilja breyta gjaldmátanum fyrir öllum jörðum, þá minnka tekjur ríkissjóðsins eða landssjóðsins töluvert, á að gizka um nokkur hundruð ríkisdali árlega. og þetta tap virðist mèr of hátt fyrir landssjóðinn, eins og mèr einnig þykir það, nú sem stendur, ekki ráðlegt, að biðja um þess konar breytingu, þar sem nú er verið að ræða um fjárhagsmál landsins í heild sinni.

Eg verð því að ráða þinginu frá að senda konunginum allraþegnsamlegasta bænarskrá í þessu máli.

Framsögumaður: Eg get þó ekki í öllu tilliti verið samdóma hinum hæstvirta konungsfulltrúa í því, að bygging jarða á Vestmannaeyjum sè alveg »contractmæssig» eins og hann sagði, því í öllu falli er þó annar »Contrahenten«, sem umboðsmaður konungs, bundinn, eður má hann breyta nokkru í hinu ákveðna afgjaldi jarðanna? Eg held ekki! Það er að vísu satt, að afgjaldið af jörðunum og þannig tekjur hins opinbera lækkuðu við það, að minnsta kosti um stund — ef gjaldmátanum væri breytt, eins og nefndin fer fram á, en það tjáir ekki að fást um það, þar sem nauðsyn og sanngirni krefja, að honum sè breytt. svo Vestmanna-

eyjabúar ekki verði harðara úti en aðrir leiguliðar á opinberum eignum, t. a. m. Norðlingar.

Stefán Jónsson: Með tilliti til þess, sem þegar er sagt í þessu máli, og bent hefir verið til aðferðar á Norðurlandi, skal eg einungis geta þess, að byggingarbréfum leiguliða á hinum opinberu umboðsjörðum verður eigi raskað, og er aldrei raskað nema við leiguliðaskipti, og er þá landauragjaldinu breytt í peningagjald eptir meðalalin; og hefir það átt sèr stað víða á umboðsjörðum nyrðra; á Vestmanna-eyjum ætti ekki heldur að raska byggingarbréfum nema við leiguliðaskipti, þegar jarðirnar losna til ábúðar, og nýir samningar geta farið fram.

Pètur Guðjónsson: Eg held að það sè mjög svo löng »praxis» fyrir því, að afgjald konunglegra jarða á Vestmannaeyjum hafi verið miðað við gjaldið í harðfiski *(Stefán Thordersen:* Já, og orðin fúin!); þetta sama á sèr stað hèr í Gullbringusýslu, og eg held enginn viti, hvað gamall þessi gjaldmáti er; mèr sýnist því Vestmanneyingum enginn órèttur gjörður, því ekki geta umboðsmenn og hafa ekki heldur, svo eg viti, breytt neinu í tilliti til afgjalds jarðanna að álnatali. En með því málið einnig snertir kjósendur mína í Gullbringusýslu, ætla eg að áskilja mèr viðaukaatkvæði í þá átt, að gjaldmátanum bæði á manntalsbókargjöldum og jarðagjöldum af hinum svonefndu konungsjörðum í Gullbringusýslu, verði breytt þannig, að þau megi greiða eptir meðalalin.

Konungsfulltrúi: Eg skal svara hinum háttvirta framsögumanni því, að eg, eins og eg áður hefi sagt, verð að álíta sjálfsagt, að afgjald það, sem ákveðið er af konungsjörðum í byggingarbrèfum leiguliðanna sè *kontraktmæssigt,* þegar hlutaðeigandi leiguliðar eða landsetar hafa fallizt á það. Eg sè því enga ástæðu til að gjöra breytingu á gjaldmáta þeim, sem á hefir verið, en ef í einstöku tilfellum, einhver ósanngirni skyldi eiga sèr stað, þá liggur, — eins og eg áður gat um — sá vegur opinn að fá breytingu á þessu með tilhlutun yfirvaldanna.

Magnús Jónsson: Eg verð að ætla, að mál þetta fái góðan byr hèr á þingi, hvort sem það fær sama leiði, þegar það kemur til stjórnarinnar; eg hafði grennslazt eptir, hvort ekki kæmi lík bænarskrá til þingsins frá Gullbringusýslu, og þegar eg varð þess áskynja, að ekki mundi svo vera, sá eg ekki fært, að bera upp hèr neina bænarskrá þessa efnis fyrir Reykjavík, sem liggur í Gullbringusýslu; en nú, þegar eg sè hið gagnstæða, hefi eg hugsað

að taka mèr líkt breytingaratkvæði fyrir Reykjavík, og þingmaður Gullbringusýslu gjörði fyrir sitt kjördæmi.

Sighvatur Árnason: Viðvíkjandi efa þeim, sem menn þegar hafa hreift um það, hvort stjórnin nú muni veita máli þessu nokkra áheyrn, skal eg leyfa mèr að vekja athygli þingsins að því, að um manntalsbókargjöld í Gullbringusýslu, sem eru byggð á sama grundvelli, er í rentukammers brèfi 12. júní 1787 meðal annars tekið fram, að ef greiðsla gjaldsins er gjörð að skyldu á þenna hátt samkvæmt konungsúrsk. 29. júlí 1779, þá sèu þeir, sem fyrir því verða «ver farnir en allir aðrir», og á þessum ástæðum byggist konungsúrsk. 13. júní 1787, í annari gr., er segir, að fyrst um sinn skuli gjöld þessi heimta í fiski, svo sem 2 eða 3 ár. Þetta sýnir berlega, að stjórnin þá hefir af alvöru gefið öldungis samkynja máli fullkominn gaum.

Benidikt Sveinsson: Eg skal leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta forseta, hvort viðauka-atkvæði þingmannanna úr Gullbringusýslu og Reykjavík muni geta komizt hèr að; þetta getur haft þýðingu fyrir mig; eg veit ekki nema eg kynni að taka mèr svipað breytingaratkvæði, sem að minnsta kosti hefði eins góða, það *er* að segja alls enga heimild í alþingistilskipuninni, eins og þau hafa; eg vildi, sem sagt óska skýringa hins háttvirta forseta í þessu efni.

Forseti: Breytingaratkvæði þessi, sem þingmennirnir úr Gullbringusýslu og úr Reykjavík hafa borið upp, eru að mestu leyti í sömu stefnu og sömu tegundar eins og málið sjálft, sem hèr liggur til grundvallar. Eg sè því ekki fyrir mitt leyti neitt það í alþingistilskipuninni því til fyrirstöðu, að eg geti fundið mèr skylt sem forseta, reglunnar vegna, að vísa þessum breytingar-atkvæðum frá, og neita að skjóta þeim til atkvæða. En eg skal samt ekki gleyma að geta þess, að dæmi finnast til, að stjórnin hefir áður neitað að taka til greina málsatriði, þar sem líkt stóð á, af því henni þótti það ekki reglulega undirbúið af þingsins hendi, þar eð því var skotið inn sem breytingaratkvæði, en ekki undirbúið með sèrstakri uppástungu og nefndaráliti. Eg minnist þessa einungis í því skyni, að hinir háttvirtu þingmenn gefi því þann gaum, sem þeim þykir hæfilegt, en ekki af því, eins og eg sagði áðan, að eg sjái nokkurn hlut í alþingis-tilskipuninni, sem sè því til fyrirstöðu, að þess konar breytingaratkvæði verði tekin til greina frá *minni hlið*, þegar þau eru samkyns mál og það, sem til umræðu liggur.

Jón Pètursson: Með tilliti til viðauka-atkvæðis þess, er þing-

maður Reykvíkinga áskildi sèr, skal eg geta þess, að hèr í Reykjavík á stjórnin engar eignir, er hún leigi út, svo eg muni; atkvæðið gengur því út á það, að hèr í Reykjavík sè gjörð breyting í skattatekjunni, en bænarskráin úr Vestmannaeyjum biður þess, að gjörð sè breyting á jarða-afgjöldunum þar; þetta er sitt hvað, og þessi tvö málefni eru því með öllu ólíks eðlis, og eg get þess vegna alls ekki skilið, að þetta viðauka-atkvæði komist hèr að, þar sem bænarskráin ekki hljóðar neitt um breytingu á sköttum, heldur á jarða-afgjöldum. Hvað nú bænarskrána sjálfa snertir, þá eru byggingarskilmálarnir á jörðunum á Vestmanna-eyjum komnir undir frjálsum samningum millum umboðsmannsins, sem eðlilegt er, og leiguliðanna; leiguliðarnir þurfa ekki ganga að öðru, en því sem þeim þykir aðgengilegt, og menn sjá, að byggingarskilmálarnir eru ekki þungbærir, því einlægt ganga þar út jarðirnar og engin fellur í auðn; eyjamenn þurfa og ekki að ganga að neinum afarkostum í þessu efni; Vestmannaeyjar eru skammt frá landi, og það er hægt fyrir þá, sem þykja jarðirnar þar of dýrt leigðar, að fá sèr ábýlisjörð á landi, ef þeim þykir það betra; en það er mjög óvíst, að þeim þyki það; í hið minnsta eru það margir á landi, sem flytja út til eyjanna, og munu þeir ekki vera færri, en þeir, sem úr eyjunum flytja til lands. Annars skal eg geta þess, að umboðsmaðurinn getur ekki verið svo bundinn í að byggja jarðirnar eptir verðlaginu á harðfiskinum, að hann aldrei geti byggt neina jörð eptir meðalverði allra meðalverða á alininni, því það er auðsèð, að geti hann einhvern tíma ekki byggt einhverja jörð á hinn venjulega máta, verður hann að hafa vald til þess að byggja hana á hvern þann hátt, er hann bezt getur, upp á væntanlegt samþykki yfirmanna sinna, geti hann ekki verið búinn að fá það áður en hann byggir jörðina.

Halldór Kr. Friðriksson: Hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður hefir þegar tekið það fram, sem eg ætlaði að segja; það stendur allt öðruvísi á með jarða-afgjöldin á Vestmannaeyjum, en með manntalsbókargjöldin í Gullbringusýslu. Þar eru það hreinir samningar milli umboðsmannsins og leiguliðanna, og væri því mjög skrítið, ef þingið færi að biðja um breyting á þessu; að öðru leyti skal eg geta þess, að ef Vestmanna-eyingum þykir þessi gjaldmáti of harður, þá liggur beinast við fyrir þá, að málið fari yfirvaldaveginn, að minnsta kosti fyrst; því að það er undarlegt, að senda bænarskrá til konungs um slík mál, áður en leitað er yfir-

valdanna. Öðru máli er að gegna með jarðabókargjöldin hèr í Gullbringusýslu; þetta mál var hèr rætt á þingi 1861, og neitaði stjórnin að gjöra nokkra breytingu í þessu efni. Mèr skilst og, að samkvæmt konungsúrskurði 13. júní 1787, sè þetta mál í raun rèttri dómsmál, því, ef mig minnir rètt, þá er í úrskurðinum einungis *leyft*, en ekki boðið, að borgunin skuli greiðast í hörðum fiski.

Ólafur Pálsson: Eg er samdóma þingmanni Eyfirðinga í því, að það sè æskilegt, að eptir því sem jarðirnar losna til ábúðar, þá sè afgjaldinu breytt frá því, sem það nú er, og miðað við meðalalin, því það er mjög svo óviðfelldið og einatt óhagkvæmt, að einskorða eptirgjaldið við þá vörutegund, sem ekki verður aflað af jörðunni. Líkt þessu er það, sem á sèr stað hèr í sókninni, á nokkrum konungsjörðum, og lítur nokkuð annarlega út, að í afgjald er meðal annars einskorðaður hrísheslur, án þess þó, að nokkur hrísla hafi fengizt í landareign jarðanna nú í nokkrar aldir. Mèr þætti viðfelldnara að hafa í stað þvílíks eitthvað tiltekið í álnatali eptir meðalverði.

Arnljótur Ólafsson: Eg er samdóma fleirum þingmönnum í því, að hèr er um hreina samninga að gjöra, og að konungur á sinn hátt, sem hver »privat» maður, hafi leyfi til að byggja jörð sína með þeirri landskuld, er honum þykir rètt og hæfileg, og að því leyti verður hèr ekki talað um órètt eða ójöfnuð. En eg vil aptur á mót taka það fram, að allt öðru vísi er ástatt á Vestmannaeyjum í þessu tilliti en annarstaðar á Íslandi. Á Vestmannaeyjum er engin bænda-eign til, heldur er allt konungsjarðir, og sökum þessa getur hèr komið fram við Vestmanneyinga eins konar »Monopol». Af þessu leiðir, að eyjabúar hljóta að taka þeim byggingarkostum, sem þeim eru settir, hvernig svo sem þeir eru; þeir hafa ekki í annað skjól að venda. En þó þessu sè þannig varið, þá er engan veginn þar með sagt, að landskuldirnar sè of háar, heldur að eins að þær hæglega *geti* verið það; og mèr finnst að enn þá vanti allar skýrslur og sannanir um það, hvort byggingarkostir þeir, sem eyjarskeggjum eru settir, sè sanngjarnir eður eigi. Eg er hræddur um, að varla muni nokkur þingmanna annar en framsögumaður sjálfur vera þessu gagnkunnugur.

Stefán Eiríksson: Eg skildi bænarskrána svo, að ekki væri um aðra gjaldaura talað í byggingarskilmálunum á Vestmannaeyjum, en um harðan fisk, og því færu eyjarbúar því á flot, að þessu

yrði óbreytt í meðalverð allra meðalverða. Í Skaptafellsýslu eru að vísu af umboðsjörðunum landauragjaldið goldið eptir meðalverði allra meðalverða, og því finnst mèr það í eðli sínu, þó Vestmanneyingar færu þessari breytingu fram, en mèr finnst aptur á hina síðuna, að þeir hefðu haft jafnvel meira upp úr þessari beiðni sinni hefðu þeir farið með hana fram fyrir hlutaðeigandi yfirvöld, því umboðsmaðurinn á eyjunum hefir skrifað upp á bænarskrána, að hann væri henni samþykkur, og hefðu bændur eyjanna farið svo að, að biðja hann að skrifa hlutaðeigandi amtmanni, þá hefði, að öllum líkindum málið eins vel getað orðið beiðendum að gagni og það ekki síður en að fara þingveginn með það.

Framsögumaður: Eg kann hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga þakkir fyrir, að hann tók enn betur fram en eg, að samningarnir um jarðir á Vestmanneyjum eigi væri *contractmæssige*, þar sem hann gat þess og sagði satt, að «*Monopol*» gilti á Vestmanneyjum í tilliti til jarðabygginga og ekki væri í annað hús að venda. Hvað því viðvíkur, er hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu hèlt, að hnjátað væri í umboðsmanninn í bænarskránni, þá er það hvortveggja, að hann ekki á það skilið, enda hefir hann sjálfur undirskrifað bænarskrána.

Stefán Jónsson: Hafi umboðsmaður fengið ofanígjöf fyrir það að setja niður afgjald á umboðsjörð, þá er það eðlilegt, því skilmálunum getur hann ekki breytt, án samþykkis amtsins. Að öðru leyti stendur öðruvísi á fyrir norðan en á Vestmanneyjum með tilliti til afgjalds umboðsjarðanna. Hið opinbera græðir þar optast, þegar landauragjaldinu er breytt í gjald eptir meðalalin, en það kemur af því, að þar var optar þriðjungur landskuldar ákveðinn í púlssokkagjaldi; en það er þvert á móti á Vestmanneyjum þar tapar hið opinbera, og er það af því, að harður fiskur stendur svo hátt í verði. Mèr finnst höfuðatriði nefndarálitsins vera að fá byggingarbrèfin strax upphafin, en það kemur engum manni til hugar í Norðurlandi fyrr en jarðirnar losna til ábúðar; eg held, að nefndin ætti að taka breytingaratkvæði í þá átt að fá gjaldmátanum breytt við leiguliðaskipti, ef þeir hugsa til að fá nokkuð upp úr þessu máli.

Framsögumaðnr: Það var að vísu lítil athugasemd, er hinn háttvirti þingmaður, er nú settist, gjörði, og vakti það að sönnu fyrir nefndinni, ef satt skal segja, að *hún* vildi helzt að breytingin

kæmist strax á, þó að það eptir niðurlagsatriðunum ekki væri beinlínis orðað þannig, því nefndarálitið brúkar orðið «framvegis».

Jón Pètursson: Auk þess, sem eg áðan sagði, finnst mèr það ótilhlýðilegt að senda þessa bænarskrá til konungs; hún gengur auðsjáanlega út á það, að takmarka samningsfrelsið og það að þarfleysu; það er víða um landið, svo sem fyrir norðan, að afgjald jarðanna er áskilið í dýrari og betri vöru, en hèr ræðir um; þar er opt áskilinn helmingur afgjaldsins í hvítri ullu, en hinn helmingurinn í tólg, ellegar þá afgjaldið er áskilið í lambsfóðrum eður sauðagjaldi, sem er mjög þungbært. Eg skil nú ekki í, hvers vegna mönnum þyki afgjöldin í Vestmannaeyjum einum svo þungbær, að þurfi að biðja um breytingu í þeim. Eða er það af því, að það opinbera á þar í hlut? Eg skildi það miklu heldur, ef beiðnin væri svo yfirgripsmikil, að menn vildu biðja um það, að enginn mætti byggja jörð sína öðruvísi, en að afgjaldið væri miðað við meðalverð allra meðalverða; en það sjá allir og hljóta að finna, að slíkt væri að takmarka langt um of samningsfrelsi manna á millum! En hvernig getur það þá verið tilhlýðilegt fyrir þingið, að vilja að eins takmarka samningsfrelsi hins opinbera, og það ekki af meiri ástæðum en fyrir hendi eru.

Ólafur Sigurðsson: Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður talaði um jarða-afgjöld fyrir norðan, skal eg geta þess, að á umboðsjörðum þar, er nú hreint komið úr gildi að áskilja afgjaldið í ull og tólg, heldur er það miðað við meðalalin. Því hefir og verið hreift hèr á þinginu, að þessi gjaldmáti á Vestmannaeyjum væri orðinn svo gamall, að ekki væri gott að breyta honum; en þetta er engin sèrleg ástæða, því sè hann í sjálfu sèr ranglátur, þá ættu menn sem fyrst að reyna til að fá hann afnuminn; nú sem stendur er að sönnu ábati fyrir hið opinbera að halda þessum gjaldmáta, en þetta getur breytzt, svo að það annað veifið gæti líka haft skaða; þetta kann að vísu að geta nokkuð jafnað sig í tilliti til hins opinbera, en aptur miklu síður í tilliti til hvers einstaks, því það getur optlega að borið, að sá sem býr 20 ár á jörð, þurfi alla þá tíð að borga þriðjungi meiri landskuld en hinn, sem eptir hann kemur, einmitt vegna þess, að sú eina vörutegund, sem áskilin er, hækkar stundum svo fjarskalega, en lækkar aptur að því skapi annað slagið og það einmitt mörg ár í röð.

Björn Pètursson: Eg er viss um, að allir leiguliðar, sem þykjast hafa of þungan leigumála, tækju því með þökkum, ef þingið

vildi hlutast til um, að hann væri færður niður. Eg veit víða fyrir austan dæmi þess, að 10 álnir eru borgaðar með veturgömlum sauð á hausti, eður 10 pund af hvítri ull, og mega allir nærri geta, að þeir mundu verða því allshugar fegnir, sem þenna leigumála hafa, að honum yrði breytt þannig, að afgjaldið væri reiknað og goldið eptir meðalalin að sínu leyti eins og Vestmanneyingar. Eg vil því leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta forseta, hvort eg ekki megi koma með viðauka-atkvæði í þessa átt.

Forseti: Af því breytingaratkvæðið gengur svo langt út fyrir það, sem bænarskráin fer fram á, þá verður það býsna ólögulegt, og eg held þess vegna eg geti ekki veitt því móttöku.

Björn Pètursson: Eg er samdóma þingmanni Borgfirðinga í því, að það þurfi sèrlegan kunnugleik til þess, að geta sagt, hvort byggingarkostir þeir, sem Vestmanneyingum eru settir, sèu ósanngjarnir eður ekki, en flestir eru hèr þessu ókunnugir. Á hinn bóginn álít eg það eðlilegt, að þeim sè gjörður sá greiði, að það verði í lög leitt, að afgjald jarðanna og tómthúsanna þar verði reiknað eptir meðalalin, án þess þó að það sè fært niður úr því sem það nú er nema þá eptir samningi við leiguliðaskipti, og vil eg áskilja mèr viðauka-atkvæði í þessa stefnu.

Forseti: Úr því svo margir þingmenn hafa eins og raknað við sèr um það, að teygja úr máli þessu svo mikið eða bæta inn í það svo miklu, sem ekki lá í því upphaflega, þá sýnist mèr það liggja næst, að menn stingi upp á, að vísa málinu aptur til nefndarinnar og auka það síðan eptir því sem þeim þykir nauðsyn til.

Björn Pètursson: Eg sting þá upp á því, að málinu verði aptur vísað til nefndarinnar.

Benidikt Sveinsson: Eg skal leyfa mèr að spyrja forseta, hvort þetta getur komið til atkvæða; eg fyrir mitt leyti get ekki greitt atkvæði um það, hvort vísa eigi málinu til nefndarinnar aptur.

Forseti: Eg skal þá biðja þá þingmenn að standa upp, sem vilja vísa málinu aptur til nefndarinnar.

Var síðan með atkvæðafjölda samþykkt, að málinu skyldi *ekki* vísa aptur til nefndarinnar, og var þá fram haldið umræðunni.

Sighvatur Árnason: Það hefir verið sagt, að menn vantaði nákvæman kunnugleik um þessa gjaldbreytingu; mèr er það kunnugt, að nú sem stendur er það hagur fyrir Vestmanneyinga, að fá gjaldmátanum breytt; því eins og gjaldmáta þar er varið og

verðið er nú á hörðum fiski, þá er það því nær okurgjald, sem þeir búa undir; en þessi vara stígur og fellur, eins og hver önnur vara, og þegar maður skoðar málið frá opinberu hliðinni, að þó það hafi grætt á þessum gjaldstofni næstliðin ár, þá mun hið gagnstæða hafa verið ofan á um árabilið í kringum 1847—1851; þá var harðfiskverðið 12 rd., og af því má sjá, hvað þetta gengur upp og niður; eg álít því miklu affarabetra báðumegin, að gjaldmátinn sè bundinn við það, sem er fast, en það sem er á eilífu reiki, og því heldur sem á hinn bóginn er heldur ekki sèð, að það opinbera hefði nokkurn halla í það heila tekið af þessari breytingu.

Framsögumaður: Það leit svo út af ræðu hins 4. konungkjörna þingmanns, sem hann væri hræddur um, að einstakir menn ekki gætu leigt jarðar sínar eins dýrt og þeir vildu, því hann var býsna stífur á því, að grípa ekki inn í samninga einstakra manna. En um leið og eg verð að álíta, að enginn banni honum eður öðrum prívatmönnum, að leigja jarðir sínar, svo dýrt sem þeir geta, þá vil eg þó leyfa mèr að geta þess, að hèr sè ekki rèttilegur samjöfnuður milli eigna einstakra manna og hins opinbera; því þó með sanni megi segja, að sá einstakur maður kann að vera til, er sína »leiguliða« saug, þá ímynda eg mèr, að hið opinbera eða stjórnin ekki geti verið þekkt að slíkri aðferð.

Arnljótur Ólafsson: Þingmaður Rangæinga hefir misskilið mig; eg spurði eigi að því, hvort breytingin mundi vera Vestmanneyingum í hag, því að það þóttist eg vita, því annars mundu þeir eigi hafa beðið um hana; það sem eg tók fram var, að það væri að eins nokkur líkindi, en jafnframt engin sönnun fyrir því, að afgjaldið á eyjunum væri ósanngjarnt í sjálfu sèr, einkanlega vegna þess, að engar bænda-eignir væru á eyjunum, heldur væri konungur þar einn ráðandi. Af þessari ástæðu, að eigi verður til hlítar dæmt hèr á þingi um sanngirni eða ósanngirni byggingarskilmálanna vil eg leyfa mèr að gjöra þá uppástungu, að málið verði látið ganga forsetaveginn til yfirvaldanna.

Ólafur Sigurðsson: Því hefir verið hreift, að kunnugleika mundi þurfa nákvæmari til þess að geta ráðið úrslitum þessa máls hèr á þingi; þetta held eg sè ekki á rökum byggt; mèr finnst hægt að sjá það, hvort eðlilegra sè eða sanngjarnara, að gjaldmátinn sè miðaður við meðalalin, eða við þá vörutegund, sem ekki er til. Ekki finnst mèr það heldur vera gott ráð, sem hinn

4. konungkjörni þingmaður stakk upp á, að hinir óánægðu skyldu flytja í land af eyjunum, því þetta hefir bæði kostnað í för með sèr, og svo eru Íslendingar líka fastheldnir við þann stað, er þeir lengi hafa dvalið á.

Benidikt Sveinsson: Það lítur út fyrir, að hèr sèu þegar mörg vandkvæði fyrir hendi; hèr er bæði talað um, að málefni þetta sè samningsmál og dómsmál, en eg álít að hvorugt þetta komi málinu við, eins og það hèr liggur fyrir; meining nefndarinnar er víst sú, að fá breyting á afgjaldsmáta þeim, sem á sèr stað á umboðsjörðunum á Vestmanna-eyjum. Það er gefið, að málið er samningsmál, og að því leyti einnig dómsmál, hvað hin þegar stofnuðu rèttindi snertir, en eigi að síður getur verið spursmál um, að þingið leggi það til, að gjaldmátanum verði breytt til betra af konungi eða hinu opinbera, sem handhafa þessara rèttinda. Það er auðvitað, að það er óeðlilegt að miða gjaldmátann við það, sem ekki er til, en á hinn bóginn er það og nauðsynlegt, að ef gjaldmáta þessum yrði breytt á Vestmanneyjum, þá ætti líka að breyta samkynja óeðlilegum gjaldmáta alstaðar annarstaðar á landinu; það hefði því verið heppilegra, ef mál þetta hefði getað komið hèr almennara fram á þingi; en eigi að síður get eg þó ekki verið samdóma þeim, sem vilja vísa málinu forsetaveginn til yfirvaldanna; því ef hèr væri spursmál um að rýra tekjur landsins, við þá tilslökun sem kynni að verða gjörð við breytinguna, þá er málið sannarlegt þingmál og fljóti af gjaldmátabreytingunni byrði fyrir landsmenn, þá er málið eigi síður þingmál, og með því nú þetta verður að vera eitt af tvennu, þá er það alveg rangt að vísa því forsetaveginn til yfirvaldanna. Allt svo, þó málið sè ekki komið fram hèr á þingi í heppilegu formi, álít eg þó rèttara, að það fái framgang hèr á þingi, ellegar þá verði fellt af þinginu sem ótímabært.

Halldór Kr. Friðriksson: Þingmaður Árnesinga hefir misskilið mig; eg sagði ekki, að þetta Vestmanna-eyjamál væri dómsmál, heldur manntalsbókargjaldið í Gullbringusýslu.

Framsögumaður: Það er alveg rètt, sem hinn háttvirti þingmaður Árnessýslu sagði, að orðið »framvegis» í niðurlagsatriði nefndarinnar er óákveðið og hefir það litla þýðingu, en að öðru leyti vil eg leyfa mèr að svara honum því, að jarðir ættu yfir höfuð að vera falar fyrir sanngjarnt verð og ekki þá sízt, þær jarðir, er hið opinbera á, og þó honum ekki þyki bænarskráin úr

Vestmannaeyjum vera nógu umfangsmikil, þá vona eg að hann ekki vilji álasa henni eða nefndarálitinu fyrir það, því hann sèr víst sjálfur, að Vestmanna-eyjar eiga ekki að gjalda þess, þó ekki kæmu fleiri bænarskrár sama efnis, því þeir úr Vestmanna-eyjum biðja, eins og lög gjöra ráð um, eingöngu fyrir sjálfa sig, enda stendur honum sem þingmanni opið að gjöra uppástungu um, að þessi breyting, sem fram á er farið hèr um afgjald á konungsjörðum einnig nái til fleiri hèraða.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil leyfa mèr að svara hinum háttvirta þingmanni Árnesinga fáeinum orðum. Hann hafði það á móti uppástungu minni, að vísa málinu forsetaveginn, að málið væri þingmál; það er satt málið er þingmál; en það var engan veginn meining mín, að málinu væri alveg lokið, þó það nú færi til yfirvaldanna, heldur ætlaðist eg einungis til, að þau skyldu rannsaka það, sem upplýsa þarf í málinu; að því búnu, er það svo undirbúið, að það fyrst getur orðið rætt hèr á þingi til gagns, og þá er sjálfsagt, að málið verður lagt fram á þingi, með því að það er fjármál. Út af því sem þingmaður Skagfirðinga sagði, skal eg geta þess, að það er ekki beinlínis kvartað yfir því, að gjaldið sè ákveðið í harðfiski, sem eigi sè til að fá, því sè hann ekki til, geta menn komizt hjá að greiða fiskinn, með því að borga andvirði hans í peningum, eptir því verði sem í verðlagsskránni er á harðfiskinum, svo sem leyft er að gjöra með hvern skileyri, sem er í opinber gjöld, heldur er kvartað yfir því, að verðið á harðfiskinum sè of hátt, með því að alin í hörðum fiski er á stundum töluvert hærri en meðalalin í verðlagsskránni. Síðan 1705 vita menn að eigi hefir mátt breyta álnatali landskuldarinnar á þessum jörðum, nema því að eins að þær eigi gætu byggzt, og þó nú svo sè, að hver alin landskuldarinnar sè greidd eptir hærra verði en meðalalin, þá er það þó eigi sönnun fyrir, að afgjaldið sè í raun rèttri of hátt, því að þar sem um svo gamlan leigumála er að ræða, getur auðveldlega svo verið, að álnatalið sè þeim mun of lagt, sem verðið á harðfiskinum, skilyrði afgjaldsins, er hærra en meðalalin, einkum þegar þess er gætt, hve arðsamt er *nú* orðið að búa á Vestmanna-eyjum. Að öðru leyti þækti mèr gaman að vita, hvort þingmaður Skagfirðinga gæti frætt mig á því, hvort gjaldmátinn á Vestmanna-eyjum væri í sjálfu sèr sanngjarn eða eigi.

Ólafur Sigurðsson: Eg get að sönnu ekki sagt um það með vissu, hvort jarða-afgjaldið á Vestmannaeyjum er of hátt eða ó-

sanngjarnt; en það þykist eg geta sagt um, og það álít eg, að hver þingmaður geti líka, að gjaldið er óeðlilegt vegna þess það er áskilið í einni vörutegund. Hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga mun líka vera mér samdóma um það, að hefðu landskuldir þessi árin t. a. m. verið áskildar í hvítri ull, mundu þær hafa orðið gjaldendum heldur þungbærar; og aptur hefðu þær verið áskildar í prjónlesi, mundu þær lítið hafa auðgað hið opinbera. Eg verð þess vegna enn að halda því fram, að meðalverðið sé bæði sanngjarnast og eðlilegast.

Sveinn Skúlason: Eg ætla að taka mér breytingaratkvæði í þá stefnu, sem þingmaður Eyfirðinga áðan talaði, því mér finnst það vera nauðsynlegt, svo niðurlagsatriði nefndarinnar ekki verði misskilið.

Þar eð ekki tóku fleiri til máls, kvað forseti lokið umræðu þessari til undirbúnings.

Forseti: Þessu næst er þá að lesa upp álitsskjal til konungs um frumvarp til laga um að útlendum skipum verði gefinn kostur á að flytja vörur hafna á milli á Íslandi, og milli Íslands og Danmerkur.

Síðan var uppkast til álitsskjals þessa afhent hinum þriðja konungkjörna þingmanni (Bergi Thorberg), las hann það upp og var það samþykkt af þingmönnum.

Forseti: Dagskrá er þá lokið. Eg skal geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit um uppástunguna um auglýsingu á reikningum þjóðvegagjaldsins; en þar það hefir ekki legið hinn lögboðna tíma á lestrarsalnum, og ekkert annað mál er nú fyrir hendi til umræðu, þá getur ekki fundur orðið haldinn á morgun, og ekki fyrr en á miðvikudaginn, en eg mun á morgun slá upp dagskrá til næsta fundar.

Fundi slitið.

---

9. fundur. — 17. júlí.

Allir á fundi nema þingmaður Húnvetninga, er hafði tjáð forseta, að hann sjúkleika vegna ekki gæti mætt í dag á þingi.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi tekið á móti nefndaráliti í málinu um vísitazíur prófasta, enn fremur hef eg fengið nefndarálit í þessum málum um gufuskipsferðir kringum landið, um spítalahlutina og um viðskiptabækur; eg skal og geta þess, að frá þingmanni Vestur-Skaptafellssýslu hefi eg tekið á móti þremur bænarskrám, einni um stjórnarbót, annari um kapítulstaxta og hinni þriðju um skoðun á Flögujörðum; hina fyrstu vona eg megi afhenda nefndinni í stjórnarbótarmálinu, og mun eg gjöra það, ef enginn þingmanna mælir í móti, en hinar tvær síðarnefndu verða seinna við hentugleika settar á dagskrá.

Þá er að taka til dagskrár, og er þá fyrst fyrir hendi uppástunga um meðferð á landbúnaðarmálinu, (Sbr. síðari part alþt. bls. 251) að nefndinni frá 1865 í því máli verði falið á hendur, að halda fram störfum sínum til næsta þings. Eg ítreka það, að eg hefi fengið skýrslu frá hinum 4. konungkjörna þingmanni, (Jóni Péturssyni) sem formanni nefndarinnar; og mun hann lesa hana upp fyrir þingmönnum; að öðru leyti skal eg skjóta því til atkvæða þingsins, hvort það vill fallast á uppástunguna, eða það vill gjöra aðra ráðstöfun eða taka aðra stefnu.

Jón Pétursson: Eg skal leyfa mèr að lesa brèfið.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 250).

Eg þarf engu að bæta við skýrslu þessa.

Jón Guðmundsson: Mèr þykir skýrsla sú góð að vísu, en eg vonaðist þó eptir, að formaður nefndarinnar hefði gefið þinginu frekari upplýsingar en hann gjörði; eg veit ekki, hvort menn eiga að taka skýrslu þessa frá nefndinni eins og testamenti dauðvona manns, eða sem góðar vonir og góð loforð frá nefndinni um, að hún muni verða tórandi og vilji og ætli að halda starfa sínum áfram. Hèr vanta, sem sagt, allar upplýsingar, hvort heldur er að ræða um líf eða dauða nefndarinnar: bæði «Livsattest», er sýni, að hún lifi, «læknisvottorð» fyrir því, hvort hún geti lifað, eða þá «visum repertum» er leiði í ljós, að nefndin hafi farið hörðum förum eða orðið eitthvert óvanalegt slys að bana. Eg veit vel, að þingið 1865 kaus þessa menn í nefndina, og henni voru að vísu ætluð mörg mikilsvarðandi mál til undirbúnings og meðferðar; en þar sem nú formaðnr nefndarinnar ekki getur gefið aðrar upplýsingar eða skýrt frá öðru en því, að nokkrir fundir hafi verið haldnir eða átt sèr stað með nefndinni, án þess þó hann skýrskoti til nokkurrar fundarbókar eða fundargjörða, þá segi eg fyrir

mitt leyti, að eg get ekki greitt atkvæði í málinu, og eg verð að ímynda mèr, að fleiri kunni að vera með því marki brenndir, að þeir séu í mesta vafa um, hvort nefndin enn þá sè lifandi, ellegar menn hèr sè að streytast við að vekja upp eitthvert dauðýfli.

Jón Pètursson: Eg játa það, að eg skildi ekki vel þingmann Vestur-Skaptfellinga, hann er mèr of háfleygur — þegar hann var að tala um að vekja upp dauðýfli; eg trúi honum manna bezt til að geta komið fram með eitthvert dauðýfli, og langtum betur en nokkrum öðrum þingmanna. Eg álít nefndina hafa gefið svo næga skýrslu, sem þingið getur krafizt. Sè þingið óánægt með nefndina, þá er það með öllu á þess valdi, hvort það heldur vill, að þessi nefnd haldi áfram starfa sínum, eða að ný nefnd verði kosin, eða þá í þriðja lagi, að málið alveg falli; en þó nefndin sè þegar búin með eitthvað ófullkomið verk í þessu tilliti, þá er hún engan veginn, skyldug að leggja það hèr fram, og eg get ekki séð, að menn með nokkurri sanngirni geti heimtað af henni, að hún skuli nú á svo stuttum tíma vera búin með ætlunarverk sitt. Það eru margar nefndir, sem hafa staðið lengur, og þurft leugri tíma, þó verkefni þeirra hafi ekki verið meira.

Eiríkur Kúld: Mig langaði líka til að leita upplýsinga í þessu máli, því mèr nægja þær engan veginn, sem hinn háttvirti formaður nefudarinnar gaf; hann tók það fram, að nefndin þegar hefði fjallað um nokkur atriði þessa mikilvæga máls, en hann gaf þinginu enga bendingu um, hver helzt þessi atriði væru, hvort heldur þessi atriði hafa ef til vill legið fyrir utan verkahring nefndarinnar eða það sè að skilja um einhver þau málefni og uppástungur, er alþing 1865 fèkk nefndinni til meðferðar, því sem skrifari þingsins hef eg að nokkru leyti ástæðu til að halda, að nefndin hafi grafið pund sitt í jörðu, því núna 1867 þegar við alþingísskrifararnir fórum að leita í skjölum þingsins, fundum við skjöl þau, er nefndinni frá 1865 tilheyra óhöggvð í bókaskáp alþingis. Nú vil eg áður eg greiði atkvæði um það, hvort nú eigi að nýju að fela henni þenna starfa, spyrja nefndina, hvort hún vill lofa nokkurri bót í þessu efni, og að minnsta kosti vil eg fá skýlaust loforð um það, að hún vilji hirða skjöl nefndarinnar.

Jón Pètursson: Eg tek það aptur fram, að þó nefndin hafi fjallað um einstöku atriði málsins, þá er hún engan veginn skyldug að gefa upplýsingar um það hèr; það getur heldur enginn ætlazt til þess, að nefndarmenn, sem hafa annara embættisanna að gæta,

verji meiri tíma tíma til þessa máls, en þeir geta hæglega við komið, án þess að vanrækja þar með aðrar skyldur sínar, og nefndin getur ekki gefið neitt lofað, hve nær hún skuli vera búin; eg skal og geta þess, að eg er viss, að allir nefndarmenn með fúsu geði ganga út úr nefndinni, og getur þingið þá kosið aðra í nefndina í þeirra stað, sem það trúir betur, ef það vill, að nefnd viðhaldist í málinu.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, þá er að ganga til atkvæða um þá uppástungu, sem fyrir liggur: hvort þingið vill lengja umboð nefndarinnar í landbúnaðarmálinu til 1869.

Var síðan gengið til atkvæða og voru 8 atkvæði með en 9 á móti uppástungunni, en með því atkvæðagreiðslan ekki var glögg, var við haft nafnakall, og skyldu þeir segja já, sem samþykkti uppástunguna, en hinir nei, sem í móti henni væri.

Já sögðu:	Nei sögðu:
Arnljótur Ólafsson.	Eiríkur Kúld.
Bergur Thorberg.	Halldór Kr. Friðriksson.
Hjálmur Pétursson.	Jón Guðmundsson.
Ólafur Sigurðsson.	Jón Hjaltalín.
Páll Ólafsson.	Ólafur Pálsson.
Pétur Pétursson.	Pétur Guðjónsson.
Stefán Jónsson.	Stefán Thordersen.
Sveinn Níelsson.	
Sveinn Skúlason.	
Torfi Einarsson.	

Var það þannig viðtekið með 10 atkvæðum gegn 7, að umboð nefndarinnar yrði lengt til 1869.

Magnús Jónsson: Fyrst umboð nefndarinnar var lengt, finnst mér réttara, að stjórnin löggilti hana, eða gæfi henni gildi; nefndin fengi meiri festu og þýðingu við það.

Forseti: Eg sé ekki, að neitt væri unnið við það, eins og hér á stendur, þar eð nefndinni er einungis ætlað að undirbúa málið til næsta þings, en að öðru leyti yrði uppástunga um þetta að koma frá nefndinni sérstaklega, ef hún yrði á því, að þetta yrði gagnlegt eða nauðsynlegt, og verður það á valdi hennar sjálfrar, hvað hún vill gjöra í því efni.

Þessu næst kemur til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið ákveður svo, uppástunga frá þingmanni Skagfirðinga, um byggingarnefndir í hverjum hrepp.

Flutningsmaður er uppástungumaðurinn sjálfur, og mun hann gjöra þinginu grein fyrir uppástungu sinni.

Ólafur Sigurðsson: Eg skal leyfa mèr að lesa uppástunguna. (Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 251).

Eg ætla nú ekki að halda langa meðmælingartölu fyrir þessari uppástungu, enda mundi það ekki vera til mikils, ef hún mælir ekki með sèr sjálf. Það er einkum tvennt í þessu efni, sem eg vona að þingið taki til yfirvegunar, fyrst það, hvort húsabyggingum hèr á landi ekki sè ábótavant, og annað það, hvort byggingarnefndir, ef þær hèr kæmust á stofn, ekki mundu geta gjört gagn; eg hef opt hugsað um þetta, og allt af komizt að þeirri niðurstöðu með sjálfum mèr, að stofnun byggingarnefnda mundi verða það happadrjúgasta í þessu tilliti. Eg óska, að nefnd verði sett í málinu og leyfi mèr að stinga upp á 5. manna nefnd.

Jón Hjaltalín: Það eru þegar 18 ár síðan að eg í brèfum til kunningja míns hefi sýnt fram á, hvílíkt krabbamein húsabyggingar hèr á landi væru fyrir heilsu og velmegun manna yfir höfuð. Eg sýndi þar fram á, að almennt væru húsnæði hèr á landi lítil og lèleg, og á þetta einkum heima við baðstofurnar, því þær eru vanalegast svo, að í síðuðum löndum þættu þær varla bjóðandi föngum. Það er almennt álitið, að húsrúmið þurfi að vera svo, að 3 til 400 teningsfet þurfi handa hverri manneskju. Doktor Schleisner getur þess, að á Vestmannaeyjum hafi hann sèð baðstofu sem 6 manns voru í, og hafi 90 teningsfetarúm verið handa öllu fólkinu; menn geta getið nærri, hvernig loptið muni hafa verið á þessum stað; það er fullkomin ástæða til að álíta þess konar híbýli vera orsök í þeim mikla barnadauða, er þar um langan aldur hefir geysað; hèr í Reykjavík er dauði barna á 1. ári ekki 19%, en 25% vanalega erlendis, þar á móti uppi í sveitum vanalega frá 36—40%; þetta geta menn sèð í landshagsskýrslunum; menn vita og, hvaða kostnaður það er, að þurfa að vera aptur og aptur að byggja upp þessi hreysi; eg álít þetta mál mjög svo áríðandi, og mæli því innilega með því, að nefnd verði sett.

Konungsfulltrúi: Mèr virðist eiga bezt við, að bænarskrá þessari sè vísað til nefndarinnar í landbúnaðarmálinu.

Ólafur Sigurðsson: Þetta getur nú að vísu verið gott ráð, en eg ætla þó ekki að fallast á þessar tillögur hins hæstvirta konungsfulltrúa, sem sè að visa málinu til nefndarinnar í landbúnaðarmálinu, enda þótti og formanni nefndarinnar hinum háttvirta 4.

konungkjörna þingmanni nóg vera búið að demba í þá nefnd. Með því og mál þetta er mjög svo umvarðandi, þarf það sem fyrst að komast í kring, en nú er búið að lengja umboð landbúnaðarnefndarinnar til 1864, og þó er óvíst, að nefndin þá verði búin með sín margbrotnu og yfirgripsmiklu störf; eg álít því vera beina nauðsyn til, að sérstök nefnd sé valin.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg gjöri það að uppástungu minni, að málinu sé vísað til nefndarinnar í landbúnaðarmálinu, því þótt mál þetta sé mikils umvarðandi, þá er það þó ekki meir áríðandi en önnur atriði landbúnaðarmálsins; það er og í eðli sínu, að því sé vísað þangað, þar sem þetta mál er einn hluti landbúnaðarmálsins, og á því ekki að slítast út úr sínu rètta sambandi; nú er og búið að lengja umboð nefndarinnar til 1869, og þá er vonandi, að nefndin vel og vandlega verði búin að ganga frá starfa sínum.

Arnljótur Ólafsson: Eg styð þá vara-uppástungu, að málinu sé vísað til nefndarinnar í landbúnaðarmálinu, og það af því, að á síðasta þingi kom bænarskrá úr Þingeyjarsýslu um sama efni, sem álitin var að ætti heima í landbúnaðarnefndinni. Þessi uppástunga getur heldur eigi náð tilgangi sínum svona út af fyrir sig, nema ef svo væri, að sú nefnd, er kosin yrði í þetta mál nú, gæti búið til frumvarp til laga, sem stjórnin fèllist á. En þetta ímynda eg mèr, að nefndin gæti varla gjört, hana vantar svo að segja alla innviði til þess, því mál þetta grípur mjög svo djúpt inn í, landbúnaðarmálið. Það sjá allir, að það dugar ekki, að nefndin segði, eður lagaboðið á síðan fyrirskipaði þannig: Byggðu svona eða svona, það er að segja *í sveit*, því þar er *lítið* komið undir niðurskipun húsanna, en *mikið* aptur undir því, hve stór og endingargóð og hlý húsin skuli vera, en til þess vantar byggingarnefndina vald samkvæmt uppástungunni, því annaðhvort verður jarðeigandi eður leiguliði, eður þá báðir að *skyldast* til að leggja kostnaðinn fram til þessara endurbóta á húsabyggingunni, og þá er málið orðið eitt af atriðum landbúnaðarmálsins. Hinn háttvirti annar konungkjörni þingmaður var að tala um, að húsin ættu að innihalda svo og svo mörg teningsfet handa þeim eða þeim mannfjölda er í þeim búa; en eg skil ekki, hvernig nokkur byggingarnefnd getur sagt: Þú skalt byggja svona eða svona stórt hús; þetta vald hefir að minnsta kosti ekki byggingarnefndin í Reykjavík. Eg sé því ekki, að málið vinni neitt við það, að nefnd verði sett, eg veit mikið vel, að hinum heiðraða uppástungumanni gengur ekki nema gott eitt til; hann má líka tala í þessa

átt og hann má úr flokki tala, því mèr er óhætt að segja að eg veit engan til sveita hafa byggt eins prýðilega hjá sèr og hann.

Jón Pètursson: Eg fyrir mitt leyti álít, að mál þetta ekki heyri undir landbúnaðarnefndina, og sè því óráð að vísa því þangað; það mun og líka varla nokkur þingmanna geta sýnt, að slíkt málefni, sem hèr ræðir um, sè hjá öðrum þjóðum tekið upp í landbúnaðarlög þeirra; það væri og með öllu óeðlilegt, því málefnið er mest umboðslegs eðlis, í hið minnsta hvað verkasvið nefndar þeirrar, sem stungið er upp á, snertir, og ímynda eg mèr því, að það væri sá beinasti vegur til þess, að málið sem fyrst sáladist, að vísa því til landbúnaðarnefndarinnar, því eg get ekki sèð annað en að nefndin beinlínis yrði að ganga fram hjá því. Hvað nú bænarskrána sjálfa snertir, þá er það að vísu gott að hafa góð húsakynni, en eg get eigi sèð, hvernig húsbændur yrðu almennt þvingaðir til að byggja fyrir leiguliða sína. Það er víða um landið, að jarðir fást ekki byggðar, einkum í sumum sveitum svo sem á vesturlandinu; væri það nú ekki ósanngjarnt, að heimta af eigendunum, að þeir skuli byggja á þeim jörðum hús af þeirri og þeirri stærð og eptir þeim og þeim reglum, er aðrir settu þeim, og viðhalda þeim á sinn kostnað? og það þó þeir gætu haldið jörðum þessum í byggingu ár og ár á milli; þetta sjá allir. Margar af þessum jörðum eru konungsjarðir og lènskirknajarðir, hvílíka þurð liðu ekki tekjur landsins, og prestanna þar við slíkt fyrirkomulag?

Hinn háttvirti 2 konungkjörni þingmaður tók það fram, að þetta væri mjög svo áríðandi heilsunnar vegna, að þessi bænarskrá fengi framgang, en byggingarnefndirnar eiga að sjá um fleira en að íveruhúsin sèu rúmgóð, þær eiga að sjá um öll húsin, hvernig þau eru byggð, um fjárhúsin, smiðjuna, skemmurnar o. s. frv., og ekki einungis um það, hvað húsin sèu stór, heldur líka, hvernig þau snúa. En hvað getur nú heilbrigði manna verið komin undir því, hvað stór skemman er, eður hvort dyrnar á smiðjunni snúa o. s. frv.? Ræða hins háttvirta 2. konungkjörna þingmanns á þannig öll við aðra bænarskrá, sem hèr er kominn til þings, og liggur á lestrarsalnum en alls ekki við þessa. Eg vona nú, að það sè ljóst, að það sè ekki til neins að vísa þessu máli til landbúnaðarnefndarinnar, því hún getur ekkert við það gjört (*Jón Guðmundsson*: Ójú!) Já eg efast ekki um, að þingmaður Vestur-Skaptfellinga með sínum miklu vinnukröptum, gæti komið þessu málefni inn í landbúnaðarlög, en nefndin getur ekki miðað við hans krapta, heldur verður hún að fara eptir sínum.

Ólafur Sigurðsson: Eg finn mèr skylt að þakka hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga fyrir lof það, er hann setti upp á mig; þó eg máske hafi ekki átt það að öllu leyti skilið, en eg er sannfærður um, að hann hefir misskilið uppástunguna, því það er ekki meiningin, að byggingarnefndirnar skuli ráða fyrir um húsastærð heldur fyrir því, hvernig húsaskipunin ætti að vera. Þar sem hinn 4. konungkjörni talaði um, að byggingarnefndirnar líka ættu að sjá um skemmu og smiðjubyggingar, þá er þetta mjög svo nauðsynlegt, því það er víða, að smiðjur eru áfastar við bæi, en það verð eg að álíta mjög hættulegt.

Jón Hjaltalín: Eg tók það fram, sem mèr þótti mest í varið fyrir heilsu og líf manna, nl. að íbúðarhúsin væru nokkurn veginn vel byggð; það getur verið mikið gott, að skemmur og smiðjur líti vel út, en mest er áríðandi, að íverubúsin sèu vel gjörð. Eg er því alveg mótfallinn því, að málinu sè vísað til landbúnaðarnefndarinnar, sem nú þegar er búin að standa í 2 ár, án þess hún hafi gjört stórt, það væri sama sem að fella málið alveg, en mæli fastlega með því, að nefnd verði sett, og hygg eg að 3 sèu nóg.

Eiríkur Kúld: Eg vil styðja þetta mál, en eg held það sè bezt stutt með því, að vísa því í landbúnaðarnefndina frá 1865. Mótbárur hins 4. konungkjörna þóttu mèr lítilvægar; hann hèlt að ef málinu yrði vísað þangað, mundi það sálast alveg, sökum þess að kraptar nefndarinnar væru svo litlir; en hèr til svara eg honum því, að meðan nefndin ekki hefir gjört meira enn, en hefir sèzt af framkvæmdum hennar getur hann enn ekki sagt, að kraptar hennar sèu litlir, þar þeir eru víst alveg óreyndir; hann sagði og, að málið væri eptir eðli sínu nefndinni óviðkomandi, en þessu neita eg hreint, og sýnir þetta, að hann enn þá er ókunnugur skjölum þeim, sem nefndinni hafa verið fengin í hendur, því í skjölum landbúnaðarnefndarinnar frá 1865 liggur samkynja bænarskrá frá Suðurþingeyjarsýslu, eins og hann getur sèð á alþingistíðindunum 1865. Eg vil því skjóta því til uppástungumanns, hvort hann ekki gjöri sig ánægðan með, að málinu sè vísað til landbúnaðarnefndarinnar.

Jón Pètursson: Eg get ómögulega afgjört það, hvort meðnefndarmenn mínir vilji taka að sèr þessa bænarskrá; eins og nefndin engan veginn getur verið einskorðuð við nokkurn tíma í störfum sínum, og eg mótmæli, að hún sè það; að fá nefndinni málið, verður einungis til að deyða það, og eg get ei gefið neitt

loforð fyrir því, að nokkurt tillit verði tekið til bænarskrárinnar af nefndinni.

Ólafur Sigurðsson: Eg get ómögulega fallizt á ráðleggingu þingmanns Barðstrendinga um, að vísa málinu til landbúnaðarnefndarinnar, en vona að þingið, af þeim ástæðum, sem eg áður hefi tekið fram, setji sèrstaka nefnd. En hvað því viðvíkur, sem hinn 4. konungkjörni þingmaður sagði um konungsjarðir á Vesturlandi, að þær yrðu varla byggðar, þá er eg mjög hræddur um, að slíkt komi mest til af því, að húsakynnin á þeim sèu svo aumlega á sig komin, að lífi og heilsu manna sè þar ekki óhætt, svo þar væri þó byggingarnefndir ekki að öllu óþarfar.

Forseti: Eg skal leyfa mèr að benda þingmönnum á, að hèr er einungis að ræða um málið að því leyti, hvort nefnd skuli kjósa til að rannsaka það eður ekki.

Jón Hjaltalín: Mèr þykir mjög svo illa fara, að þingið ekki skuli hafa svo mikinn áhuga á þessu velferðarmáli, að það vilji setja nefnd í það.

Var málið síðan með 13 atkvæðum gegn 9 fellt frá sèrstakri nefnd, en þar á móti vísað til landbúnaðarnefndarinnar með 13 atkvæðum gegn 9.

Málið var síðan afhent formanni nefndarinnar hinum 4. konungkjörna þingmanni (Jóni Pèturssyni).

Jón Pètursson: Eg vil biðja þingið að kjósa annan mann í minn stað í landbúnaðarnefndina.

Forseti: Eg get ekki tekið á móti þessari beiðni nú, því hún kemur alls kostar of seint fram, þar eð það mál er útkljáð.

Þessu næst kemur til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið ákveður svo, bænarskrá Húnvetninga um stærð og rými jarðarhúsa. Þingmaður Eyfirðinga flytur bænarskrána í forföllum þingmanns Húnvetninga.

Stefán Jónsson: Eg skal leyfa mèr að lesa bænarskrána:

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 252).

Eg skal geta þess, að þó þessi bænarskrá að nokkru leyti eigi skylt við bænarskrá þá, er næst var lesin upp hèr á undan, þá er þó mikill munur á þeim; þessi talar mest um baðstofur, rými þeirra og stærð, og hefir fyrir augnamið, að heilsufar manna ekki spillist af loptleysi, en hin þar á móti um haganlega húsaskipun og fegurð þeirra. En það vill svo vel til, að eg þarf eigi að tala langt fyrir bænarskránni, því hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður er búinn að því, þegar hann talaði um fyrri bænarskrána. En svo framarlega, að mönnum þyki mikið í það varið, að fólk

ekki missi heilsu fyrir húsrúmsleysi í baðstofum, þá ætti þingið að kjósa sèrstaka nefnd í þetta mál, og leyfi eg mèr að stinga upp á 5 manna nefnd.

Eiríkur Kúld: Þó þingmaður Eyfirðinga fyndi einhvern mun á þessum bænarskrám, og eg játi, að uppástungurnar sèu ekki alveg hinar sömu, þá eiga þær þó nokkuð skylt hver við aðra, og vil eg því stinga upp á því, að henni verði vísað í landbúnaðarnefndina, því eg hugsa, að hinn heiðraði flutningsmaður sè mèr samdóma um, að bænarskráin sè þá komin í gott fóstur.

Jón Hjaltalín: Það gjörir mèr mjög illt, að þingmenn skuli hafa jafn-áríðandi mál og þessi í fíflskaparmálum; því að vísa bænarskránni í landbúnaðarnefndina, er sama sem að sálga henni.

Forseti: Eg sè ekki betur, en að hinn háttvirti þingmaður dæmi þingið of hart fyrir meðferðina á þessu máli.

Síðan var gengið til atkvæða, og var málið fellt frá sèrstakri nefnd með 14 atkvæðum gegn 7, en vísað til landbúnaðarnefndarinnar með 12 atkvæðum gegn 4.

Forseti: Þá kemur til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um gjaldmáta á jarðagjöldum á Vestmanna-eyjum.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 254).

Framsögumaður er þingmaður Vestmanna-eyinga.

Framsögumaður (Stefán Thordersen): Það urðu á móti von minni svo margar umræður um þetta mál, er nú liggur fyrir, síðast er það var á ferðinni, að eg vona nú, að umræður þurfi eigi langar að vera. Èg skal að eins leyfa mèr að taka enn betur fram það sem eg áður hefi sagt um það, að eg get ekki verið hinum hæstvirta konungsfulltrúa samdóma í því, að bygging jarða á Vestmanna-eyjum sè »contractmæssig», þar sem eins og eg áður hefi getið um, annar »Contrahenten« í tvíhliðuðum contracti er alveg bundinn, eður má umboðsmaðurinn, má eg spyrja, slá nokkrum skilding af eða vilna nokkru í í *gjaldmátanum*, eg held ekki, og jörðin verður þá fyrr að standa óbyggð. Þetta er því auðsjáanlegasta Monopol, sem stjórnin ætlar að nota sèr, því þótt hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður væri svo »liberal» við Vestmanna-eyinga, að hann vildi lofa þeim að fara til lands, og fá sèr leigða jörð, ef þeir ekki gætu gengið að kostum umboðsmannsins, þá er þetta hans góða leyfi, sem annars ekki þurfti til hans að sækja, sem allir sjá hið mesta neyðarúrræði, því það er ætið neyðarúrræði, að *þurfa* að flækjast burt úr átthögum sínum.

Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga gjörði þá athugasemd, að hann vantaði upplýsingar um, hversu dýrt jarðir væru leigðar á Vestmanna-eyjum, og get eg nú upplýst hann um það, að eptir reikningunum verður hvert hundrað á Vestmanna-eyjum leigt fyrir hèr um bil 2 rd. 90 sk., þar sem hundraðið í beztu jörðum í Rangárvallasýslu, og það á þeim jörðum, sem allt afgjaldið er borgað í þeirri vöru, sem stigið hefir mjög svo mikið hin seinustu árin, þó ekki nemur meira en á að gizka 1 rd. 36 sk. af hverju hundraði, svo hið opinbera verður þannig, hvað Vestmanna-eyjar snertir, hundrað prósent dýrara en privatmennirnir. Það hefir verið haft svo mikið á mót að breyta þessum gjaldmáta vegna formsins, en mèr virðist nóg ástæða, að þegar menn geta sýnt fram á, að ósanngirni eigi sèr stað, því þá finnst mèr allt form ætti að hverfa, því í »Realiteten» verður það, að allt ranglæti er lýgi. Til þess að forðast málalengingu, skal eg nú þegar taka fyrir sjálfa atkvæðaskrána, og er þá fyrst að segja, að nefndin mun aðhyllast tölulið 1. á atkvæðaskránni. Á tölulið 2. þarf eg ekki að minnast, því það er svo sem sjálfsagt, að nefndin aðhyllist hann, af því það er hennar eigin uppástunga. Hvað tölulið 3. og 4. snertir, verður nefndin einnig að fallast á þá, því það sem er ósanngjarnt fyrir einn, er það og fyrir annan, þó eg fyrir mitt leyti ekki geti neitað því, að mèr virðist þessi viðauka-atkvæði, sem hèr ræðir um, sèu komin inn á atkvæðaskrána svona nokkuð ástæðulaust. Hvað tölulið 5. á atkvæðaskránni snertir, þá verð eg að segja um hann, eins og maðurinn sagði forðum: »jeg kan ikke forstaae», en með því hinn heiðraði vinur minn, sem hefir komið fram með hann, ekki sjálfur er til staðar í dag, skal eg ekki fara um hann fleirum orðum. Hvað 6. tölulið snertir, þá fellst eg sjálfsagt á hann, en hvað 7. tölulið snertir, vil eg að svo stöddu ekki um hann tala.

Konungsfulltrúi: Eg get ekki annað, en álitið það ísjárvert, eins og eg tók fram við undirbúningsumræðuna, að breyta gjaldmátanum á jarðarafgjöldum þeim, sem hèr ræðir um, bæði af því, að þetta afgjald er *kontraktmæssigt*, og af því að tekjur landssjóðsins munu minnka töluvert, ef þessi breyting kæmist á. Eg skal að öðru leyti svara hinum háttvirta framsögumanni því, að ef umboðsmaðurinn ekki getur í einstöku tilfellum byggt einhverja konungsjörð, þá getur hann gjört uppástungu til hlutaðeigandi yfirvalds viðvíkjandi lækkun eptirgjaldsins af jörðinni. Eg vil ekki segja neitt á móti því, að það sè óheppilegt, þegar, eins og í ár, verð-

lagsskráin fer svo vaxandi með tilliti til þeirrar vörutegundar, sem afgjaldið er ákveðið eptir, en þetta, sem máske breytist til næsta árs, getur eptir minni meiningu ekki *motiverad,* að gjaldmátanum sjálfum verði breytt, án þess að tillit verði tekið til hinna sèrstöku jarða, hvort þær sèu byggðar með sanngjörnum skilmálum eða ekki. Eg skal þess vegna mæla með vara-uppástungu hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga undir tölulið 7 á atkvæðaskránni.

Hvað viðauka-atkvæðin undir tölulið 3. og 4. snertir, þá þykja mèr þau ekki standa í svo nánu sambandi við mál það, sem hèr liggur fyrir, að menn geti sagt, að þessi spursmál sèu nægilega undirbúin frá þingsins hálfu, svo að nú verði gengið til atkvæða um þau.

Á móti breytingaratkvæðinu undir tölulið 5. hefi eg ekki neitt, því að það tekur nægilega tillit til beggja þeirra hliða málsins, sem mèr virðist vera höfuðatriði þess, en á hinn bóginn verð eg að álíta, að breytingaratkvæði þetta gjöri bænarskrána alveg þýðingarlausa.

Jón Hjaltalín: Eg hefði helzt viljað komast hjá að tala í þessu máli af hlífð við minn háttvirta sessunaut, þingmann Vestmanna-eyja, en eg get ekki komizt hjá því. Eg vil biðja menn gæta þess, hvað vel það á saman að vera allt af að biðja um, að afgjaldið sè lækkað á ýmsum gjaldstofnum, en jafnframt þó verið að biðja um ýmsar nýjungar, er kosta ærið fè. Vestmanna-eyjum er í mörgu tilliti ívilnað fram yfir aðra hluta lands vors; af náttúrunni eru þær svo úr garði gjörðar, að þar er með dugnaði hægra að lifa en nokkurstaðar annarstaðar á Íslandi; þetta hefi eg heyrt alla mína æfi (*Framsögumaður*: En ekki sèð), jú, eg hefi siglt rètt með eyjunum, og sèð að þar er mjög grösugt. Eg þykist vita, að hinn háttvirti framsögumaður fylgir máli þessu svo fast fram fremur af góðmennsku sinni en af sannfæringu; því eg get ekki sèð, að það sèu neinar öfgar, þótt eyjabúar borgi þá upphæð, sem framsögumaður nefndi, af hverju jarðarhundraði, þegar þessum jarðarhundruðum fylgja önnur eins gæði og orð fer af á Vestmanna-eyjum; en það sem hættulegt er við bænarskrána, ef hún fær framgang, er það, að þar af leiðir, að niður verður sett afgjaldið í 3 eða 4 sýslum, og, ef til vill, í fleirum. Vestmanna-eyjum er líka vilnað í af stjórnarinnar hálfu, því þær hafa læknir út af fyrir sig, þær hafa þingmann út af fyrir sig, og er það hvergi annarstaðar í heimi, að þingmaður mæti fyrir að eins rúm 500 manns; og eyjabúar þurfa sannarlega ekki að kvarta, því þeir

eiga hèr góðan talsmann; en þegar stjórnin er nú svona góð við þá, sýnist mèr, að talsmaður þeirra eigi að vera dálítið sanngjarn við hina aðra hluta landsins, en líta ekki eingöngu á hag Vestmanna-eyja. Framsögumaður talaði um, að gjaldið til prestsins væri svo þungt, en það er eðlilegt, þó einhver byrði fylgi því, að hafa betri stjórn en aðrir. Eg vil einungis biðja hið heiðraða þing að hugsa til um, hvaða afleiðingar bænarskrá þessi getur haft, og þó að harðfiskur hafi verið í háu verði, þá sýnist nú ætla að fara að koma breyting á það.

Framsögumaður: Eg verð nú að segja, eptir að eg hefi heyrt þessar umræður, að skoðun mín á því að það þurfi að breyta gjaldmátanum á afgjaldinu á Vestmanneyjum stendur enn óhögguð, því þeir sem hafa talað mest móti því, hinn hæstvirti konungsfulltrúi og 2. konungkjörni, hafa manna bezt sannað, að hún sè alveg nauðsynleg. Þeir hafa viljað hugga mig og þá á Vestmanneyjum, með því að af því fiskur sè í háu verði í ár, þá kunni hann að lækka að ári; þetta er hverju orði sannara, að það getur átt sèr stað, eða með öðrum orðum, gjaldið er allt á reiki, svo hvorki gjaldþegn veit fyrir fram, hve mikið hann skal gjalda, nè heldur hið opinbera er við á að taka, hve mikið gjaldið muni verða; og var það einmitt þetta, sem vakti fyrir nefndinni, þegar hún stakk upp á, að gjaldið væri reiknað eptir meðalverði allra meðalverða, sem þó víst allir verða að játa er töluvert fastari grundvöllur en hitt. En eg þarf víst varla að minnast á það, að það er nauðsynlegt, jafnvel fyrir hvern prívatmann, að geta gjört einhverja «Calcule» yfir sinn »Status» í peningasökum, hvað þá heldur fyrir það opinbera; en þetta verður lítt mögulegt með þessu fyrirkomulagi; eg gleymdi annars áðan að geta þess, að Vestmanneyingar eru þeir einustu, sem ef eg mætti svo að orði kveða, leggja þó nokkuð á konungsborð, þar sem þeir borga þó sýslumanni hans og umboðsmanni þar á eyjunum tilfinnanlegt gjald, kirkju hans þar á eyjunum sömuleiðis, og prestinum við þessa konunglegu kirkju þá þyngstu tíund, sem hèr mun til vera á landi, auk annara opinberra gjalda, og megi þetta ekki ósanngjarnt heita þá veit eg, hamingjan hjálpi mèr, ekki hvað ósanngirni er.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Mèr fannst hinn heiðraði framsögumaður engan veginn sanna það sem hann ætlaði að sanna, nefnilega að jarða afgjaldið á Vestmanna-eyjum væri ósanngjarnlega hátt; hann sagði að vísu, að það væri nærri því 3 rdl. af hverju jarðarhundraði, eptir hinni nýju jarðabók en aptur á móti

gyldist eigi nema hèr um bil hálfur annar rdl. af hundraði hverju í Rangárvallasýslu, en hann átti um leið að sýna og sanna, hvort jarðirnar á Vestmanna-eyjum væru matnar í réttu hlutfalli við jarðirnar í Rangárvallasýslu; það hafa áður verið leidd rök að því hèr á þingi, að Rangárvallasýsla mundi heldur hátt matin, og eg man ekki betur, en að þingmaður Rangæinga hafi sagt það hèr, og því er þetta dæmi, sem framsögumaður kom með, ekki sem heppilegast valið. Mèr er það líka vel kunnugt, að jarðamatinu er allvíða mjög ábótavant, svo eigi er allskostar rètt að draga ályktanir af því, hvorki í þessum málum nè öðrum. Framsögumaður sýndi heldur ekki nè sannaði, að jarðamatið á Vestmanna-eyjum væri rètt; og eptir því sem eg hefi heyrt, mun heldur ekki hafa verið tekið hæfilegt tillit til sjávarútvegarins þar, þegar jarðirnar voru metnar, sem aptur hlýtur að hafa áhrif á hin sönnu gæði þeirra. Eg skal einnig leyfa mèr að segja hinum heiðraða framsögumanni, að eg þekki jarðir fyrir norðan, bæði einstakra manna eign og konungsjarðir, sem goldið er meira eptir en 3 rd. af hverju jarðar hundraði, og þykir það engin ósanngirni. Yfir höfuð finnst mèr engin sönnun vera fram komin fyrir því, að sanngirni mæli með, að jarðagjöldum á Vestmannaeyjum sè breytt í því skyni, að lètta af gjaldendum þar.

Framsögumaður: Eg skal einungis leyfa mèr að svara hinum háttvirta þingmanni nokkrum orðum, að einnig eg veit líka til að staka lánardrottinn hefir sýnt sig eins og blóðsuga við leiguliða sína, en það finnst mèr ekki sæmandi fyrir hið opinbera; hvað því viðvíkur, hvort nægilegt tillit sè tekið til sjávarútvegarins í jarðamatinu á Vestmanna-eyjum má hann bezt sjálfur vita, því hann var hèr á þingi, þegar beðið var um löggildingu þess. Eg geng út frá því sem gefnu, að jarðamatið fyrst það er lögleitt sè rètt og sanngjarnt, og datt mèr sízt í hug að hann, en ekki jeg, mundi rengja sín eigin handaverk.

Eiríkur Kúld: Breytingaratkvæði það, sem stendur undir tölulið 5 á atkvæðaskránni fèkk vægan dóm hjá hinum hæstvirta konungsfulltrúa; af því að höfundur þess hinn heiðraði þingmaður Suður-Múlasýslu ekki er viðstaddur, held eg að eg verði að halla mèr að því, til þess að styrkja nefndina, því það held eg sè hinn rèttasti máti að styrkja hana á, því það er sama sem að fella uppástungur hennar. Hinn heiðraði framsögumaður hefir sagt margt og mikið máli þessu til staðnings; hefir margt af því verið

á rökum byggt, en eigi allt. Hann sagði t. a. m., að engin jörð væri, ef til vill, jafndýrt leigð, sem jarðirnar á Vestmanna-eyjum; en þessu veldur ekkert annað en ókunnugleiki hans; eg get sagt honum, að afgjaldið er viða miklu hærra; þannig er mèr sagt af kunnugum manni, að í Múlasýslum sumstaðar sè goldinn veturgamall sauður eptir eitt jarðarhundrað; en eg vil nú ekki bera Vestmanna-eyjar saman við Múlasýslurnar eða landjarðir, heldur við eyjarnar á Breiðafirði; þar er eg svo kunnugur, að eg veit með vissu, að á sumum jörðum hafa verið goldnir enda 14 rd. eptir hundraðið að fornu mati, og munu þó jarðir þær eigi byggðar með ósanngjarnari skilmálum en hvar annarstaðar. Mèr lizt annars ekkert á þessar bænarskrár frá Vestmanna-eyjum, sem allt af hafa verið að dynja yfir þingið frá því 1861. Í hitt eð fyrra báðu þeir, eins og líf þeirra lægi við um að spítalahlutirnir mættu renna inn í sveitarsjóði þeirra í staðinn fyrir í læknasjóðinn; þegar menn nú gæta að, hve mikið þetta gjald var, þá var það í fyrra 9 mörk; þeir eru allt af að berja þessa barlómstrumbu, og er mèr spurn, hve nær hún muni þagna? Það hefir verið tekið fram, að jarðirnar á Vestmanna-eyjum væru konungs eign, og ættu þær því ekki að vera ósanngjarnlegar leigðar en aðrar jarðir; eg játa það og kannast við, að svo ætti að vera; en eg veit líka að þær muni víðast hvar vera betur leigðar en aðrar. Eg verð að álíta það mjög hættulegt nú, þegar vèr eigum að fara að taka við fjárforræði voru, að vilja rýra tekjur hins opinbera, þó um lítið sè; því margt smátt gjörir eitt stórt. Eg get þess vegna ekki aðhyllzt niðurlagsatriði nefndarinnar, og því síður get eg fallizt á 3. og 4. töluliðinn á atkvæðaskránni, því það hefir enn ekki verið nægilega motiverað eða upplýst, hversu nauðsynlegt það sè, en verð heldur að aðhyllast vara-uppástungu hins heiðraða þingmanns Borgfirðinga undir tölulið 7, sem að mínu áliti beinir málinu á hinn einasta rètta veg.

Framsögumaður: Eg get frætt hinn háttvirta varaþingmann Barðstrendinga á því, hve nær barlómur sá, er hann svo kallar frá Vestmanna-eyjum hættir; eg get fullvissað hann um, að hann hættir strax sem rangindin hætta. Dæmið sem hann tók af dúnjörðunum fyrir vestan var ekki sem heppilegast, því hann veit sjálfur, að hann sem umboðsmaður minn, og það góður umboðsmaður, yfir einni dúnjörð, sem eg á þar, hefir rètt fyrir skemmstu álitið nauðsynlegt að lækka leigumálann.

Forseti: Eg verð að geta þess, að mèr þykir framsögumaður hafa við haft of hörð orðtiltæki í ræðum sínum, sem ekki eru hæfileg á þessum stað (Framsögumaður: hver?) svo sem *rangindi, lýgi* o. s. frv.

Framsögumaður: Eg beygi mig með auðmýkt undir ákúrur hins hæstvirta forseta, en skal einungis geta þess, að eg brúkaði hin umræddu orð, af því eg enn þá ekki er búinn að læra annað en að nefna hvern hlut með sínu rètta nafni.

Jón Pètursson: Hvað snertir viðauka-atkvæðin tölulið 3. og 4. á atkvæðaskránni, skal eg geta þess, að hver afdrif svo sem bænarskráin úr Vestmannaeyjum fær, þá eiga menn með engu móti að fallast á þau. Þau fara fram á að breyta gjaldmáta þeim, sem verið hefir og er í Gullbringusýslu og Reykjavíkurumdæmi, en um það efni er engin beiðni komin, og engin umkvörtun yfir þessum gjaldmáta úr þessum kjördæmum. Það væri þó í sannleika skrítið, ef þingið af sjálfu sèr færi þá að biðja um breytingu á honum svona upp úr þurru. Það sem hinn heiðraði framsögumaður hefir fært fram til að mæla bænarskránni bót, álít eg vera búið að hrekja að öllu leyti, svo eg þarf ekki að taka það upp aptur. Eg get ekki sèð, að það sè nokkurt tiltökumál, þó Vestmanna-eyingar borgi til konungs, prests, kirkju og fátækra, eður til allra stètta, því það gjöra allir hèr á landi, og því ekki þessir eyjabúar einir, sem þess eru umkomnir. Það er sem eg hefi sagt mjög íhugunarvert fyrir þingið að senda konungi bænarskrá um þetta efni, því það er beinlínis að vilja þröngva að samningsfrelsi manna, því í þessu efni er hið opinbera að skoða eins og hvern einstakan landsdrottinn, og það er auðsèð, að það væri ranglátt, að vilja binda hendur nokkurs einstaks í þessu tilliti.

Stefán Eiríksson: Eg lèt það í ljósi þegar við inngangsumræðuna, að mèr litist heppilegast fyrir Vestmanna-eyinga að fara yfirvaldaveginn með mál þetta, ef þeir vildu leita linunar á afgjaldi þessu, en nefndin hefir nú samt komizt að þeirri niðurstöðu að fara heldur til stjórnarinnar. En það ímynda eg mèr að verði árangurslaust, einkum þegar stjórnin sèr að nú koma fram frá ýmsum hèruðum bænir um hið sama, og hvað atkvæðaskrána snertir, þá get eg ekki fallizt á 3. og 4. tölulið, því það eru engar upplýsingar komnar fram um það, að þessi beiðni sè eptir óskum almennings í þessum tveimur kjördæmum, eður að það sè virkilega þörf á breyting á landskuldargjaldi í Gullbringusýslu og Reykja-

víkurbæ. Aptur á móti vil eg fallast á 7. tölulið, því hann bendir á þann veg, sem eg álít rèttan.

Pètur Guðjónsson: Mèr mun þykja skylt að halda svörum uppi fyrir viðauka-atkvæðinu undir tölulið 3. á atkvæðaskránni. En það ætla eg ekki að gjöra. Meining mín með því var aldrei önnur en sú, að vekja athygli þingsins á því, að ef rètt væri og sanngjarnt að breyta gjaldmátanum á jarðagjöldunum á Vestmannaeyjum, þá væri öll hin sama ástæða til að gjöra það í Gullbringusýslu; eg fyrir mitt leyti ætla hvorki að styðja nefndarálitið nè viðauka-atkvæðið, heldur gefa atkvæði mitt fyrir að fella hvorttveggja.

Magnús Jónsson: Þar eð eg nú þykist sjá, hverja endalykt mál þetta ætlar að fá, tek eg viðauka-atkvæði mitt aptur.

Arnljótur Ólafsson: Þó að enginn af hinum heiðruðu þingmönnum hafi talað á móti vara-uppástungu minni undir tölulið 7, heldur öllu fremur verið henni meðmæltir, þá verð eg þó að svara hinum háttvirta framsögumanni nokkru, því hann kom með talnaskýrslu, sem fljótt á að líta kynni virðast að miða til þess að vefenging mín við undirbúningsumræðuna væri ekki á rökum byggð. Eg skal játa, að tölur þær, sem hann kom með, sè öldungis rèttar í sjálfu sèr og sýni í fyrsta bragði, að afgjaldið á Vestmanneyjum kunni að vera hærra en víða annarstaðar. En þessi skýrsla hefir einn ágalla, sem annars allar aðrar talnaskýrslur, svo sem öll dæmi (exempla), það er að segja þann, að þær eiga ekki við nema jöfnu sè saman að jafna; en nú skal eg leitast við að sýna og sanna, að hèr sè eigi jöfnu saman jafnað, og geti eg það, þá mun hinn háttvirti framsögumaður eigi fá sannað með talnaskýrslu sinni það sem hann vildi. Eptir jarðamatinu eru á Vestmanna-eyjum 23 jarðir og 36 hjáleigur eða 59 grasbýli, en eptir manntalinu 1860 eru þar 100 heimili. Þegar nú rúmir $^2/_5$ af eyjarskeggjum búa í tómthúsum, þá geta menn eigi sagt, að ábúendur jarða og grasbýlismenn borgi svo hátt gjald sem skýrslan bendir til, það er að segja *allt* jarðarafgjaldið á eyjunum, því það er þó auðsætt, að þessir 40 tómthúsmenn borga nokkuð, og þá ætti að draga frá gjald allra tómthúsmanna, og fyrst svo er, þá má eigi bera Vestmanna-eyjar saman við Rangárvallasýslu, því þar eru eintómar jarðir og grasbýli. Til þess að gjöra þetta ljósara vil eg taka eitt dæmi. Ef lína væri dregin þvert yfir Seltjarnarnes fyrir vestan Reykjavík og þeir sem fyrir vestan hana eru ættu ekki að gjalda meira af jörðum sínum þar, húsuum og lóðum en menn gjalda upp í Mosfells-

sveit af jafnmiklu hundraðatali, þá mundu allir segja, sem vonlegt er, að þetta væri eigi rètt, Seltèrningar ætti að borga meira. Ef menn nú játa þetta, þá játa menn og, að rètt sè að hærra gjald, sè af Vestmanna-eyjum, ef miðað er við hundraðatöluna, en af jafnmiklu hundraðatali í sveit. Þetta, sem nú hefi eg sagt, hefi eg sagt til að sýna, að vèr getum eigi af töluskýrslu framsögumanns dregið nokkra gilda ályktun um, hvort jarða-afgjöldin á Vestmanna-eyjum sè of mikil eður eigi. Fyrst eg á annað borð stóð upp, verð eg að fara dálitið lengra fram í málið. Eg veit vel, að hinn háttvirti framsögumaður er málafylgjumaður mikill og góður. Eg veit og, að hann vill ætíð verja gott mál, það er einkanlega ein tegund vondra mála, er hann vill eigi verja, það er letingjamál, og því er jeg sannfærður um, að hann muni aldrei vilja verja mál þetta svo, að hann með því útvegi nokkurs konar letingja-laun, því hann er ávalt öruggur talsmaður móti allri leti. En skoðum nú glöggvlega ástæður hins háttvirta framsögumanns. Aðalástæða hans er sú, að harðfiskur sè ekki til á eyjunum; en hvers vegna er hann enginn til? Spurning mín kemur ekki af því, að eg vilji endilega hafa þar harðfisk, því síður að eg heimti, að goldið sè í harðfiski, því fer fjærri. Hinn háttvirti framsögumaður hefir verið svo lengi sýslumaður á Vestmanna-eyjum, að honum er kunnugt um, að þar er þó nóg af fjörugrjóti og flúðum og annað en fjörugrjót höfum vèr eigi, og það hèr í höfuðstaðnum, til að breiða fisk á, svo framsögumaður getur ekki neitað, að það megi nota fjörugrjótið, og þó það verði ekki notað þar sem það liggur, þá munu eyjarbúar, og framsögumaður, mun allra manna sízt telja það eptir þeim, hafa einhver ráð með að koma því lengra upp eptir, því ef mig minnir rètt, var þess einhvern tíma getið í blöðunum, að þeir hefðu orðið fyrstir manna til þess að útvega sèr stóran vagn. Eyjabúar vilja máske svara: Það er ekki nóg að hafa stakkstæði, því meraskrattarnir eta allt upp fyrir okkur; það getur meir en verið; en því má þá ekki gjöra dálítinn garð umhverfis stakkstæðið; skilvís maður hefir sagt mèr, að svo væri gjört á landi þar nálægt, svo sem í Mýrdalnum, til þess að blessaðar merarnar komist ekki í fiskinn. Það sè fjærri mèr að vilja bera Vestmanna-eyingum neitt á brýn, sem þeir ekki eru valdir að, en þess getur mèr eigi dulizt, að mèr sýnist það lýsa einhverjum ódugnaði, að þeir skuli ekki koma upp stakkstæðum og görðum þessum, er þó hafa verið

þar áður. Þó þeir nú engan harðfisk hafi, vil eg að minnsta kosti halda harðfisksnafninu til þess að minna þá á hvað þeir eiga að gjöra.

Framsögumaður: Eg skal nú ekki fara í neinn orðaleik við hinn háttvirta þingmann Borgfirðinga, því það finnst mèr aldrei eiga við, en hann hlýtur þó að sjá sjálfur, að tómthúsin sem eru reiknuð með, ekki eru í loptinu, heldur verða að standa einhversstaðar á jörðunni, og verða því ómagar á grasbýlunum. Hvað letina snertir, sem hann minntist á, vil eg ráða honum frá að dæma um hana hjá Vestmanneyingum, fyrr en hann veit, hvort þeir eru öllu ónýtari og latari en hans eigin sóknarmenn. Þar sem hann fór að minnast á fjörugrjótið, þá sýnir það ókunnugleika hans, nema því að eins, að hann einnig treystist til að stöðva brimið, sem ef til vill hirðir allt sem fyrir því verður; en það efast eg um að honum takist, því það hefir hingað til ekki þótt gott viðureignar. Hvað hitt snertir, sem hann hefir lesið í blöðunum um vagninn og þar af leiðandi skoðun hans á, að hægt mundi að flytja grjótið og búa til fiskigarða, þá lýsir það einnig ókunnugleika hans, því það er enginn þumlungur til á Vestmanneyjum, er konungur eða hið opinbera ekki eigi, og er því ætíð undir högg að sækja að fá lóðina. Mèr virtist í þessu máli mest í það varið, en hvað um það, að eyjabúar verða með þessum afgjaldsmáta, fyrir, eg þori ekki að segja »rangindum«, því það orð kvað vera ósæmilegt, en eg vil þá segja fyrir því, sem »ekki er rètt«.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls er ályktarumræðu þessari lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

1. Sveinn Skúlason; fellt með 15 atkv. gegn 8.
2. Nefndin; fellt með 18 atkv. móti 5.
3. og 4. töluliðir teknir aptur.
5. Björn Pètursson; fallið.
6. töluliður fallið.
7. Arnljótur Ólafsson samþykkt með 20 atkv.

Forseti: Þá kemur til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið ályktar svo, bænarskrá úr Mýrasýslu um friðun á laxi o. s. frv., flutningsmaður er hinn virðulegi þingmaður Mýramanna. Eg vona, að allir þingmenn hafi fengið prentuð sèr í lagi norsk lög frá 23. maí 1863 um friðun á laxi og sjóbirtingi, og ensk lög

frá 6. ágúst 1861 um laxveiðar, sem prentuð hafa verið málinu til skýringar og fylgja því.

Hjálmur Pèturssson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp bænarskrána.

Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 255.

Eg finn ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um mál þetta að sinni, en eg vil geta þess, eins og bænarskráin tekur fram, drepur hún að eins á fátt eitt af þeim aðalatriðum, er til þessa máls heyra, en eg ætla ekki að bæta við tölu þeirra nú; hèr liggur einungis fyrir að athuga, hvort málefni þetta sè þess vert, eða í því ástandi yfir höfuð, að því sè gaumur gefandi, en af því eg vona, að þingið muni vera mèr samdóma í því, að hèr sè um einn af bjargræðisvegum vorum að tefla, og að hann þurfi verndunar við, verð eg einnig fastlega að vona, að þingið taki þetta mál til rækilegrar íhugunar og meðferðar, en af þeirri litlu þekkingu sem eg hefi á þessu máli, álít eg það margbrotið, og þurfi því sem beztrar leiðbeiningar við, og álít eg ekki minna nægja en 5 manna nefnd til að íhuga það, og leyfi mèr því að stinga upp á 5 manna nefnd.

Sveinn Níelsson: Eg verð að óska þess, að þingið taki mál þetta til meðferðar, því eg þekki nokkuð til laxveiðarinnar á Íslandi og hvernig hún gengur. Sú skoðun hefir lengi verið almenn, að ekki þyrfti laxinn að spara, heldur væri honum varið sem fiskinum í sjónum, að hver mætti veiða hann sem hann vildi og gæti. En það er nú sýnt og sannað, að þessi hugsun er skökk. Laxinn leitar ávallt aptur til sömu stöðva, og ungviðið gengur í hina sömu á og það er fætt í; þegar menn eyða því er það öldungis eins og menn færu að drepa lömbin undan ánum um fráfærur; það er því nauðsynlegt að vekja athygli manna á þessu og reyna að fyrirgirða með lögum, að laxveiðin eyðileggist öldungis, sem ekki mun dragast lengi með þessari aðferð, og það því fremur sem útlendir nú eru farnir að hjálpa okkur til. Eg sting upp á 3 manna nefnd.

Ólafur Pálsson: Eg verð einnig að mæla fastlega fram með því, að nefnd sè sett, því eg hefi fyrir mèr 8 ára reynslu einmitt í því hèraði, sem bænarskráin er frá, fyrir því, hversu hræðilega ómildilega veiðin hefir verið skemmd þar, einkum með aðförum þeim, er hafðar hafa verið í frammi við árósana, þar sem allt hefir verið gjört til að varna laxinum uppgöngu og með því að eyði-

leggja viðkomuna, þar eg álít málið svo mikils varðandi vil eg stinga upp á 5 manna nefnd.

Jón Bjarnason: Eg verð að tala fáein orð, af því eg hefi reynslu fyrir, að uppræta má lax og silungsveiði. Eg bý sem sè á eignarjörð minni, og þykir engin minnkun að játa, að eg er búinn að uppræta veiðina í ánni þar. Þegar eg kom þangað 1854 var þar talsverð veiði; eg tók þegar til að veiða, en varð heldur frekur, svo veiðin fór heldur smáminnkandi þangað til hún þraut. Veiði-aðferð mín var þannig, að eg setti grindur þvert yfir ána, og tók í kistu hvern silung, er í ána gekk. Það styrkir líka sannfæringu mína, að stíflur eður hvers konar hindranir, hvort heldur með þvergörðum, grindum, þverspenntum netum eður á hvern hátt, sem gengdin er hindruð, þá leiðir þar af, að veiðin fer óðum minnkandi, eg hefi nú ásett mèr að bæta yfirsjón mína með því hreint að hætta að veiða á þenna hátt. Eg vil styðja til, að nefnd sè kosin í mál þetta, og sting eg upp á 5 manna nefnd.

Jón Sigurðsson: Eg verð að mæla með, að nefnd sè kosin í málið, því eg veit að mörgum fyrir norðan væri mjög kærkomið að fá nýja löggjöf um laxveiðar, því 56. kap. Jónsbókar landsleigubálks, sem enn nú gildir í því efni, er orðinn býsna úreltur og ónákvæmur eptir þessara tíma skoðunarhætti, og hefir leitt til mikillar rèttaróvissu. Eins og kunnugt er, hefir fyrir norðan hafizt mál út af laxveiði, sem enn stendur yfir og margar sögur hafa gengið af, og er mèr kunnugt um, að þeir sem þar eiga hlut að máli, mundu taka fegins heudi nýrri löggjöf í þessu efni. Eg vil því mæla með, að nefnd sè sett í þetta mál.

Eiríkur Kúld: Þó að nú sè kominn 17. júlí og því farið að líða á þingtímann, og þó margar nefndir sèu þegar settar, þá gleður það mig mjög, að enginn skuli hafa orðið til að mæla móti nefnd í þessu máli. Eg þekki mörg dæmi lík því, er hinn heiðraði þingmaður Dalasýslu tilfærði, þó eg ekki eins og hann þekki þau af sjálfs míns reynslu, og af því eg ímynda mèr, að það gæti orðið til töluverðra framfara, ef vèr fengjum lög sem væri hlýtt í þessu tilliti, þá vil eg mæla með, að nefnd sè kosin og sting eg upp á 5 manna nefnd.

Hjálmur Pètursson: Eg verð að halda því fast fram, að 5 manna nefnd sè kosin, og þó eg vilji ekki stinga upp á fleirum, væri bezt að nefndin væri sem fjölmennust, því mjög stendur ólíkt á í hinum ýmsu hèruðum landsins, og væri vissulega bezt að nefnd-

in væri skipuð þeim mönnum, sem væru kunnugir sem víðast um landið.

Jón Hjaltalín: Þegar þingið ekki vildi kjósa nefnd sem gat hjálpað til að vernda líf og heilsu barna, þá held eg að nóg sè fyrir laxana að fá þriggja manna nefnd.

Halldór Kr. Friðriksson: Ætlunarverk nefndarinnar er að biðja um lög, og er því þriggja manna nefnd nóg, en ætti nefndin að búa til lög, þá játa eg, að eigi veitti af 5; menn verða líka að gæta þess að það er farið að líða á tímann, og því fjölmennari sem nefndirnar eru, því meir tefja þær hver fyrir annari, og afgreiðslu málanna.

Hjálmur Pètursson: Hvert sem nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að biðja um lög eða búa til lagafrumvarp, eins og hinn heiðraði 5. konungkjörni þingmaður gat um, er þó 5 manna nefnd betri, því hver þessi vegur sem valinn verður, er samt æskilegt að fá bendingar úr sem flestum hèröðum.

Halldór Kr. Friðriksson: Það er tími til að taka hið ýmislega ásigkomulag hvers landshluta fyrir sig til íhugunar, þá er frumvarp til laga kemur um mál þetta; nú getur þingið ekki ætlazt til, að nefndin semji lög, heldur að eins geti nokkrar bendingar um aðalatriðin.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil einungis leyfa mèr að taka það fram, út af ræðu hins heiðraða konungkjörna þingmanns, er nú mælti, að nefndin *má* ef hún svo vill búa til lagafrumvarp, því það er alþingisrèttur og hefir hann líka áður verið notaður; en þingið getur eigi *skipað* en því síður *bannað* nefndinni að semja lagafrumvarp. Eg vil mæla sterklega fram með 5 manna nefnd.

Forseti: Þá kemur til atkvæðagreiðslu um hvort kjósa skuli í þessu máli þriggja manna nefnd eða fimm manna nefnd.

Var þá gengið til atkvæða og samþykkt að kjósa skyldi 5 manna nefnd. Þessir kosnir í nefndina:

Hjálmur Pètursson með 21 atkv.
Jón Sigurðsson — 13 —
Jón Bjarnason — 12 —
Jón Pètursson — 10 —
Ólafur Pálsson — 10 —

Málið var afhent Hjálmi Pèturssyni, er hafði fengið flest atkv.

Forseti: Þar eð eg hefi nú fengið nokkur nefndarálít svo að líklegt er að fundur verði á hverjum degi hèr á eptir, ef eigi

stendur á þeim nefndarálitum sem vantar, er nauðsynlegt að fjölga innanþingsskrifurum, og ætla eg þess vegna, eptir samkomulagi við hinn háttvirta konungsfulltrúa, að kalla kandídatana Þorvald Björnsson og Pál Blöndal til fundar á morgun.

Fundi slitið.

---

10. fundur. — 18. júlí.

Allir á fundi nema þingmaður Vestmanna-eyja og þingmaður Húnvetninga, er báðir höfðu tilkynnt forseta forföll sín.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið skýrslu frá nefnd þeirri, sem kosin var í gær í málinu um laxveiðar, um að formaður í henni sé kosinn Hjálmur Pètursson, og Ólafur Pálsson skrifari.

Samkvæmt dagskrá kemur þá til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið ákveður svo, bænarskrá úr Vestur-Skaptafellssýslu um sèrstaka verðlagsskrá fyrir þá sýslu. Flutningsmaður er þingmaður Vestur-Skaptafellssýslu, og mun hann skýra mál þetta eptir þörfum fyrir þinginu.

Jón Guðmundsson: Eg vil leyfa mèr að skjóta því til hins háttvirta forseta og til þingsins, hvort eg geti ekki fengið dálitla breytingu á dagskránni, þannig að síðasta málið, sem á henni stendur, um visitazíur prófasta verði tekið fyrir hið 3. mál í röðinni eða komi næst á eptir málinu um þjóðvegagjaldið, því eg hefi forföll seinni hluta fundartímans, svo eg að líkindum verð að beiðast orlofs til að mega ganga af fundi.

Forseti: Ef að enginn þingmanna hefir á móti ósk þingmanns Vestur-Skaptfellinga um að málið um laun fyrir vísitazíur prófasta verði fært fram á dagskránni, þannig að það komi næst á eptir málinu um vegabótagjaldið, þá er ekkert móti því að segja frá minni hlið, og skal það þá verða gjört.

Jón Guðmundsson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp bænarskrána.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 276).

Eg skal þá fyrst geta þess, sem allir vita, að bænarskrá þessi

verður sjálfsagt að ganga yfirvaldaveginn, ef henni er nokkur gaumur gefinn. Mèr þykir illa farið, að eg get ekki fylgt þessari bænarskrá jafneindregið fram og eg vildi, því eg hefi engar upplýsingar fengið frá kjósendum mínum, nema þær sem í bænarskránni eru, og þær eru reyndar ekki miklar, og því síður er þeim svo varið, að eg geti ætlazt til, að þær nægi einar sèr til þess að bænin verði tekin til greina. Því þó Austur-Skaptafellssýsla hafi átt hægra með að ná til kaupstaðar, þá er ekki þar með sagt eða sannað, að það hafi haft svo mikil áhrif á verðhæðina og verðhækkun kaupstaðarvörunnar í Austur-Skaptafellssýslu, að þessi verðhækkun hafi komið almennt fram í verðlagsskrárskýrslum þar í sýslu og hafi verið svo veruleg, að einmitt þar með hafi verðlagið á sömu vörutegundum í Vestursýslunni færzt upp að teljandi mun, fram yfir það sem orðið hefði upp á, af verðlagsskrárskýrslunum einum sèr. Sannanir fyrir þessu geta menn einungis fengið af hinum einstöku skýrslum hreppstjóra og presta til undirbúnings og undirstöðu undir hvers árs verðlagsskrá, en þær skýrslur eru einmitt hjá stiptamtinu. Eg vil því einungis óska, að bænarskrá þessari verði vísað forsetaveginn til stiptamtsins, því þar er eg viss um, að bænin fær góða áheyrn, ef nægar ástæður eru til þess; en það er og sjálfsagt, að bæði eg og kjósendur mínir tökum það til góðra greina, ef að stiptamtinu finnst ekki ástæða til að veita bænarskránni áheyrn af þeim rökum, að eigi finnist sá verulegi verðmunur í skýrslunum, er geti gefið tilefni til þess, að Vestur-Skaptafellssýsla fái verðlagsskrá út af fyrir sig. Eg skal þess vegna leyfa mèr að biðja hinn háttvirta forseta, að skjóta því til atkvæða þingsins, hvort ekki megi vísa bænarskrá þessari forsetaveginn til stiptsamtsins.

Konungsfulltrúi: Eg hefi ekki meðal skjala Suðuramtsins getað fundið bænarskrá þá frá 1865 viðvíkjandi máli því, sem hèr er um að ræða, eða yfir höfuð neitt um þetta mál. Hvað sjálft málið snertir, skal eg að eins taka það fram, að eptir konungsúrskurði frá 16. júlí 1817 er hlutaðeigandi amtmanni og byskupinum gefinn myndugleiki til, ef þörf þykir á sèrstakri verðlagsskrá fyrir einhverja sýslu, að framkvæma slíkt. Mèr virðist þess vegna mál þetta ekki vera alþingismál, heldur *administrativt* mál, og eg álít rèttara að fara með það til stiptsyfirvaldanna, sem í þessu efni eru þau rèttu hlutaðeigandi yfirvöld.

Jón Guðmundsson: Það er sjálfsagt, að eg gjöri mig fullt

svo vel ánægðan með þann veg, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi benti á, og er eg honum þakklátur fyrir þá leiðbeiningu; þessi vegur er líka réttari, því bæði stiptamtmaður og byskup ráða taxta verðlagsskránna og öðru, er að þeim lýtur.

Forseti: Þar eð eigi hefir verið stungið upp á sérstakri nefnd til að rannsaka bænarskrá þessa, en óskað að henni verði vísað forsetaveginn til stiptsyfirvaldanna, þá skal eg biðja þingmenn að greiða atkvæði um, hvort svo skuli gjöra.

Þá var gengið til atkvæða, og var samþykkt með 18 atkvæðum, að vísa skyldi bænarskránni forsetaveginn til stiptsyfirvaldanna.

Forseti: Eptir dagskránni kemur þá til undirbúningsumræðu málið viðvíkjandi uppástungu þingmanns Rangvellinga um auglýsing á reikningum yfir vegabótagjaldið. Framsögumaður er þessi hinn sami þingmaðnr.

Framsögumaður (*Sighvatur Árnason*): Eg skal þá leyfa mér að lesa upp nefndarálitið.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 277).

Það er hvorttveggja, að uppástunga þessi fekk góðan róm hér á þingi, þegar við inngangsumræðuna, og svo tekur nefndarálitið skýrt fram ástæðurnar fyrir niðurstöðu þeirri, er nefndin komst að, svo eg þarf ekki að tefja tímann með því að útlista það. Eg vil einungis leyfa mér að vekja athygli á stefnu málsins, þó það einnig sé ljóslega gjört í nefndarálitinu. Það hefir verið meiningamunur manna á milli um það, hvort beina skyldi málinu forsetaveginn eða ekki. Nú hafa þeir tveir háttvirtu amtmenn, sem hér eru á þingi, látið það í ljósi, að þeir álitu, að konungsúrskurður frá 2. marz 1861 næði ekki til þjóðvegagjaldsins, og annar þeirra meðlimur nefndarinnar og gefizt þannig því meiri kostur á að yfirvega þetta atriði. Í öðru lagi er líka að gá að því, þó amtmenn þeir sem hér eru viðstaddir hafi veitt málinu hinar beztu undirtektir, að þeir ekki geta lofað um það nema fyrir sig og sina embættistíð, þegar þeir á hinn bóginn álíta þetta ekki beina lagaskyldu. Þess vegna álít eg mjög þarflegt að fylgja niðurlagsatriði nefndarinnar í þessu efni.

Konungsfulltrúi: Þótt eg, eins og eg tók fram við undirbúningsumræðuna, áliti það nægilegt, að vísa þessu máli forsetaveginn til amtmannanna, hef eg þó ekki neitt á móti niðurlagsatriði nefndarinnar.

Jón Hjaltalín; Eg skil ekki almennilega, hvernig nefndin

hefir hugsað sèr auglýsinguna á reikningum þessum, því hún getur ekkert um það, hvort það eigi að vera heill bæklingur eða þeir gjöri sig ánægða með að auglýsa þá í blöðum vorum; ef semja ætti bækling um reikninga þessa gæti hann orðið nokkuð langur og kostnaðarsamur, ef í honum á að standa, hvernig hverjum skilding er varið, og hve miklu er kostað upp á hvern spotta og hvern stein; oss getur þó ekki verið þènt með að fá nokkurs konar bækling um þetta; þar við mundi varla vinnast mikið. Eg verð því að biðja nefndina gjöra svo vel að gefa mèr upplýsingu um, hversu mikið hún vill láta auglýsa af reikningum þessum og hvernig; hvað mikið hún vill láta segja um þessi miklu verk, sem sumum sýnast nú reyndar ekki svo stórkostleg, að þau eigi skilið að heill bæklingur sè um þau skrifaður.

Framsögumaður: Það lá reyndar við, að mèr dytti í hug, að ræða hins háttvirta annars konungkjörna þingmanns væri eigi svaraverð, en þó skal eg segja honum það, að nefndin hugsaði sèr, að reikningarnir yfir þjóðvegagjaldið yrðu auglýstir að sínu leyti eins og reikningar hinna annara opinberu sjóða og stofnana, þannig að hinir sèrstöku liðir í tekjum og útgjöldum sæjust. Eg ímynda mèr annars, að hver skyldurækinn embættismaður muni ekki hlaupa svo á skemmsta vaði úr því þessi skylda væri lögð þeim á herðar á annað borð, að það kæmi ekki nokkurn veginn fram sem nauðsynlegt væri á báðar hliðar, enda finnst mèr uppástunga nefndarinnar fara hæfilega langt í því efni.

Bergur Thorberg: Eg vil einungis bæta litlu einu við það sem hinn heiðraði framsögumaður sagði. Það gat engan veginn verið ætlunarverk nefndarinnar að gefa reglur fyrir, hvernig birta skyldi reikninga þessa; en auðvitað er, að ekki verða langar bækur prentaðar yfir þá, heldur að eins skilagrein, líkt og gjört er fyrir hinum opinberu sjóðum eptir þar um gildandi reglum; þó hèr sè svo til orða tekið, að sýna skuli upphæð þjóðvegagjaldsins og hvernig því hafi verið varið, þá er ekki meiningin sú, að lýsa skuli nákvæmlega, hve miklu sè varið til hvers vegarspotta fyrir sig; en hægt væri t. a. m. að sýna, hve miklu væri varið til hvers hrepps, eða til hverrar sýslu og til helztu fjallvega; en enginn getur til ætlazt, að ágrip þessi verði mjög ýtarleg í hinum einstöku atriðum.

Arnljótur Ólafsson: Þó það vanti í nefndarálitið hefir það þó að minni hyggju eflaust verið meining nefndarinnar, að reikn-

inga þessa skyldi auglýsa *á kostnað vegabótasjóðanna* í hverju amti, og vil eg áskilja mèr viðauka-atkvæði í þá stefnu. Eg held líka, að nefndin hafi ætlazt til að sjá mætti á reikningunum að minnsta kosti upphæð vegabótagjaldsins í hverri sýslu og hvernig því hafi verið varið þar; en eptir því sem hèr stendur í uppástungu nefndarinnar verður það einungis í hverju amti fyrir sig, og fari menn beint eptir orðunum þarf reikningurinn ekki að verða nema 2 línur, með því að í annari línunni segir: Þetta er upphæð gjaldsins og í hinni svona miklu fè hefir verið varið í öllu amtinu. Við þetta álít eg nú lítið unnið; og vil eg því áskilja mèr breytingaratkvæði í þá stefnu, að sjá megi af reikningum þessum upphæð gjaldsins í hverri sýslu, og þá sè tekið fram til hverra helztu vegabóta því hafi verið varið. Hið þriðja atriði í uppástungunni, er mèr þykir vanta, er það, að býsna langur tími hlýtur að vera liðinn frá því, að vegabótalögin náðu gildi og þangað til fyrsta skýrsla kemur út; en skýrslu vantar um allt þetta tímabil, og væri þó nógu fróðlegt að geta sèð og vitað, hve mikil upphæð þjóðvegagjaldið hefir verið á þeim tíma, eður frá upphafi, og hvernig því hefir verið varið, og vil eg því áskilja mèr þriðja viðauka-atkvæðið í þá stefnu, að hin fyrsta skýrsla um reikninga yfir þjóðvegagjaldið nái yfir tímabilið frá því vegabótalögin fengu lagagildi og til þess skýrslan kemur út, eptir því sem menn geta vitað það nákvæmast. Eg skal bera mig saman við nefndina, því eg vil ekki komast í neinn rig við hana, heldur styðja til þess að tilgangi þessarar ráðstöfunar verði sem bezt náð, og það er með því, að skilningur hennar verði sem ljósastur.

Bergur Thorberg: Viðvíkjandi því, er hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga sagði, skal eg geta þess, að eptir mínu áliti liggur í orðinu *reikningur*, að ekki sè nóg upphæðin eintóm, heldur verði að sjást hinir einstöku liðir í tekjum og útgjöldum. Það er engin ónákvæmni af nefndinni, þó hún hafi ekki með berum orðum tekið það fram, að sjást ættu reikningar hverrar sýslu; það er sjálfsagt, því það væri engin skilagrein, ef ekki væri annað en aðalupphæðin á tekjum og útgjöldum. Að öðru leyti er breytingaratkvæði hans samkvæmt hugsun nefndarinnar. Hvað hitt breytingaratkvæði hans snertir um að 1. skýrslan skuli ná yfir öll þau ár sem liðin eru síðan vegabótalögin komust á, þá held eg það yrði æði erfitt fyrir þá, sem ættu að gefa þessa fyrstu skýrslu; því

ekki mun trútt um að víða hafi einhverju verið áfátt bæði hvað snertir innheimtu gjaldsins og framkvæmdir.

Jón Guðmundsson: Eg vil taka það fram, sem eg þegar gat um við inngangsumræðu þessa máls, að mèr þækti það eitthvað óviðfelldið, að þingið sendi konungi bænarskrá um þetta mál, þegar þeir 2 af amtmönnum vorum, sem eiga hèr sæti í salnum, hafa veitt þessu svo góðar undirtektir; menn vilja ef til vill segja, að ekki sè víst, að 3. amtmaðurinn taki jafnvel undir það; setjum nú svo, að hann tæki því ekki vel, en væri eigi fyrst þá einmitt tími til að senda bænarskrá um þetta? En ef hann tekur því vel, því ættum vèr þá að fara til konungs með það, sem embættismennirnir eru fúsir á að gjöra; það sem fyrst og fremst á að gjöra við mál þetta er að vísa því forsetaveginn til yfirvaldanna. Hvað uppástunguna sjálfa snertir verð eg að taka það fram, að mèr þykir eins mikilsvert, að reikningar sèu auglýstir um þetta gjald, eins og önnur; en andspænis þeim bænum og uppástungum, sem hèr liggja fyrir skoða eg málið sem nokkurs konar sveita- eða communal mál; þar sem kostnaðurinn er byggður á áætlun, verða reikningarnir að bera með sèr, að ekki sè neinu varið fram yfir það, sem fyrir fram hefir verið áætlað eða samþykkt; þannig er mikið í það varið, hvað vegabótagjaldið snertir, að geta sèð á þeim þjóðvegaköflum sem gjört er við, hvort því er varið eptir samþykki amtmanns.

Eiríkur Kúld: Eg er á sama máli og hinn heiðraði þingmaður Vestur-Skaptafellssýslu um það, að eigi beri neina sèrlega nauðsyn til að senda konungi bænarskrá um þetta. Menn hafa sagt, að einn af amtmönnum væri hèr eigi viðstaddur, og gætu menn því eigi verið vissir um, að undirtektir hans undir þetta mál verði sömu og hinna amtmannanna; þegar menn gæta að, hve fús hann hefir verið á að auglýsa reikninga yfir aðra sjóði er honum viðkoma geta menn eigi efazt um, að hann muni taka þessu vel, og álít eg því bænarskrá til konungs um þetta bæði óviðkunnanlega og óþarfa. En af því að eg er eigi viss um nema þingið hallizt heldur að nefndinni, vil eg til vara áskilja mèr breytingaratkvæði í líka stefnu og þingmaður Borgfirðinga. Eg álít, að nauðsynlegt sè að auglýsa reikninga yfir þjóðvegagjaldið, en hætt er við, að þeir yrðu nokkuð umfangsmiklir, ef þeir ættu að vera eins nákvæmir og hinn háttvirti 2 konungkjörni þingmaður var að tala um. Hitt held eg þó varla hafi verið meining hans að telja skyldi upp allar rennur

með þjóðvegunum; eg veit annars ekki, hvernig þessar rennur eru; sem hann hugsar sèr, nema hann meini skurði, því líklega meinar hann ekki rennur eins og heilbrigðisrennurnar hèrna í Reykjavík, sem hann víst þekkir.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil vekja athygli þingsins á því, að það getur þó verið nokkuð vafasamt að beina málinu þann veg, sem hinn heiðraði þingmaður Vestur-Skaptafellssýslu stakk upp á. Því hvaðan á að taka kostnað þann, sem auglýsingin á reikningunum hefir í för með sèr? Nefndin hefir leitt það alveg hjá sèr. Það er eflaust, að amtmennirnir hafa ekki rètt til að leggja slikt gjald á vegabótasjóðina, og ætli alþing hafi rètt til þess án konungs samþykkis? Það ímynda eg mèr ekki. Menn skyldu þó helzt álíta, að kostnaður þessi ætti að gjaldast á sama hátt sem kostnaður fyrir auglýsingu á reikningum annara opinberra sjóða og stofnana, er amtmennirnir hafa umsjón yfir. Hinir háttvirtu amtmenn sem hèr eru, hafa nú neitað, að þjóðvegagjaldið heyrði undir konungsúrskurðinn frá 1861, en hafa að öðru leyti tjáð sig fúsa til að auglýsa þá. Eg er í rauninni öldungis viss um, að amtmaður Havstein mundi vera allt eins fús á að auglysa reikninga þessa eins og hinir amtmennirnir, en það verð eg að ætla, að hvorki hann nè þeir þættust hafa heimild til að leggja slíkt gjald á vegabótasjóðina án konungs leyfis, og eg held alþing hafi það heldur ekki. Eg verð því að mæla með því, að konungi sè send bænarskrá um þetta mál; en það er auðvitað, að tilefni þeirrar bænar á að vera byggt á kostnaðinum en ekki á því, að amtmenn sèu ófúsir á að auglysa reikningana, með því móti getur hún ekki litið svo út sem hún sè umkvörtun yfir amtmönnunum, og það á hún heldur eigi að vera.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga hefir tekið það flest fram, sem eg vildi sagt hafa í þessu máli, einungis vil eg svara hinum heiðruðu þingmönnum úr Vestur skaptafellssýslu og Barðastrandarsýslu fáum orðum. Þeir vilja vísa máli þessu forsetavegina, og skil eg eigi hvers vegna, því þeir hljóta þó að sjá, að það er engan veginn nóg, og að málefni þessu er ekki borgnara fyrir það. Og þegar mönnum 1859 þótti svo brýn nauðsyn bera til, að beiðast konungs úrskurðar um, að auglýstir yrðu reikningar hinna opinberu stofnana og sjóða, því skyldi mönnum þá ekki nú einnig finnast hið sama með tilliti til reikninganna yfir þjóðvegagjaldið? Það hefir verið tekið fram, að

þó amtmenn vorir góðfúslega lofuðu, að auglýsa þessa reikninga, þá væri það ekki nóg, því þeir gætu ekki lofað því nema að eins fyrir sig og sína embættistíð; er þá auðsætt að við hver amtmannaskipti yrðu menn að knèkrjúpa hinum nýja amtmanni, til að halda áfram með að auglýsa reikningana og er jafnvel undir hælinn lagt, hvort þeir yrðu eins leiðitamir til þess, eins og þeir amtmenn sem nú eiga hlut að máli. Eg sè ekkert á móti, að menn taki sèr breytingaratkvæði í sömu stefnu og nefndin fer, til þess að meining hennar komi skýrar fram, ef niðurlagsatriðið þykir að segja nokkuð óljóst orðað; en óþarfi finnst mèr, að fara að setja amtmönnum reglur fyrir, hversu nákvæmar skýrslur þeir skuli gefa um reikninga þessa; eg held þeim sè treystandi til, að hafa þær svo úr garði gjörðar, að þær nái tilgangi sínum.

Framsögumaður: Mèr þykir það í rauninni undarleg breytingaratkvæði, sem fram hafa verið borin við niðurlagsatriði nefndarinnar, frá þeim mönnum, sem eindregið ráða til þess að máli þessu verði vísað forsetaveginn. Og þar hjá álít eg mörg af þessum breytingaratkvæðum þýðingarlaus; en af því að flest af þeim eru í raun og veru samkvæm niðurlagsatriði nefndarinnar, og sum þeirra miða til að útþýða það betur, þá er eg þeim eigi svo mótfallinn. En að því er snertir prentunarkostnaðinn á reikningunum, sem hreift hefir verið, þá þarf ekki lengi að vefjast fyrir mönnum, hvaðan hann skuli taka, því það eina í þessu máli ímynda eg mèr að heyri undir konungsúrskurðinn af 2. marz 1861.

Jón Hjaltalín: Mèr er ekki enn orðið ljóst, hvað nefndin hefir hugsað sèr með prentunina á reikningunum, hvort hún nefnilega hafi ætlazt til, að þeir yrðu svo nákvæmir, að það væri nóg í heilan bækling, eða þeir yrðu auglýstir í blöðunum; því ef það er meiningin að prenta þá í sèrstökum bækling, held eg það yrði ofmikil byrði fyrir vegabótasjóðinn. Eg vil því leyfa mèr að gjöra breytingaratkvæði í þessa stefnu, og vil eg nákvæmar tala mig saman um það við þingmann Vestur-Skaptfellinga, því eg hygg að við munum koma okkur saman. Þótt hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga skildi það eigi, er eg talaði um rennur, vona eg að hann fyrirgefi, að eg brúkaði það orð, því það er þó haft svo í daglegu tali. Eg get annars ekki skilið, að amtmaðurinn í Norðuramtinu muni skorast undan að auglýsa reikninga þessa, þegar hinir amtmennirnir hafa tekið svo vel í það, og vil eg því taka mèr

breytingaratkvæði í þá sömu stefnu, sem aðrir 2 heiðraðir þingmenn hafa áður gjört.

Forseti: Þá er þessari undirbúningsumræðu lokið, fyrst eigi taka fleiri til máls.

Kemur þá næst til undirbúningsumræðu samkvæmt breytingu þeirri, sem gjörð var á dagskránni, nefndarálit í málinu um borgun til prófasta fyrir kirkjuskoðanir. Hinn háttvirti þingmaður Snæfellinga er framsögumaður í málinu, og mun hann gjöra svo vel að lesa nefndarálitið og skýra þinginu frá því sem þörf gjörist.

Framsögumaður (Sveinn Níelsson): Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 279).

Eg get nú eigi spáð um, hverjar undirtektir þetta nefndarálit kann að fá hjá þinginu. Það var að vísu margt og mikið talað um það við inngangsumræðuna, en það er hvorttveggja, að eg man það nú eigi allt, enda langar mig ekki til að muna það. Það eru komin nýmæli fram í málinu, en eg vona, að þingmönnum verði það ljóst, þegar þeir bera nefndarálitið saman við bænarskrár þær, er komu um mál þetta inn á þingið, hvað vakað hafi fyrir nefndinni; hún hefir reynt að miðla málum eins sanngjarnlega og hún bezt gat, svo eg vona, að það verði gjörður góður rómur að nefndarálitinu; hún vildi forðast að skerða í nokkru rètt prófastanna, því þeir mega einskis í missa. Eg ætla nú ekki að fara lengra út í málið að sinni, en bíða og heyra tillögur þingmanna.

Konungsfulltrúi: Eg er hinni heiðruðu nefnd samdóma í því, að þegar, samkvæmt tilskip. 27. janúar 1847, borgunin til prófasta fyrir kirkjuskoðanir er miðuð við tekjur kirknanna í dalatali, eigi það betur við, að hún sè einnig ákveðin á sama hátt í dalatali, og eg hefi ekki neitt verulegt á móti þeim »scala« (eður niðurröðun), sem nefndin hefir stungið upp á. En eg skal engu að síður taka það fram, að eptir verðlagsskrá þeirri, sem var gildandi í Reykjavíkurbæ, Gullbringu- og Kjósar, Borgarfjarðar-, Árness-, Rangárvalla- og Vestmanna-eyjasýslum, þegar tilskip. 27. janúar 1847 var þinglesin hèr á landi, var sú umrædda borgun 3 rd. 12 sk. af kirkjum þeim, sem áttu árlega afgangs frá nauðsynlegum útgjöldum 12 rd. og þar yfir, en hálfu minni af þeim kirkjum, er ekki voru eins efnaðir og hinar; en í Skaptafellssýslu var hún ekki hærri en 2 rd. 83 sk,. »respective« hálfu minna.

Af því að verðlagsskrárnar seinna hafa stigið æ meira og

meira, er borgunin nú, eins og tekið er fram í bænarskrá hins háttvirta þingmanns Rangæinga töluvert hærri; en verðlagsskráin getur aptur lækkað, og þess vegna þykir mèr ísjárvert nú, þegar menn vilja breyta gjaldmátanum eptir dalatali, þá að ákveða borgunina hærri en sem samsvari verðlagsskrá þessa tíma; en 20 ál. eptir meðalverði allra meðalverða verðlagsskrárinnar, sem nú gildir í þeim sýslum, er eg nú nafngreindi, samsvara 4 rd. 86 sk. eða hèr um bil 5 ríkisdölum, og mèr virðist þessi upphæð, þegar litið er til allra kringumstæða, nægileg sem «*maximum*» þessarar borgunar.

Framsögumaður: Það kann nú vel að vera, að það megi skoða ýmislega þá breytingu, sem nefndin hefir gjört, að prófastar fái laun sín fyrir kirkjuskoðanir sínar eptir dalatali, þar sem þau áður hafa verið reiknuð í álnum og fiskum. Nefndinni fannst eiga betur við að miða borgunina við dalatal, en hún vill þó eigi gjöra kappsmál úr þessu, ef þingið álítur, að rèttara sè, að miða hana við álnatal.

Pètur Guðjónsson: Eg kynni betur við, að borguninin væri reiknuð eptir álnatali, þótt «scala» þeim væri haldið, sem nefndin hefir sett, t. d. þannig, að í staðinn fyrir 2 ríkisdali kæmi 8 álnir, í staðinn fyrir 3 ríkisdali 12 álnir, o. s. frv., vegna þess að reynsla undanfarinna ára hefir sýnt, að verðlagsskráin fer ávallt stígandi; en að því skapi fara einnig vaxandi privat-útgiptir prófastanna eins og annara embættismanna við ferðirnar. Eg man það, að fyrir nokkrum árum gátu menn fengið hest leigðan t. d. hèðan suður í Hafnarfjörð fyrir 3 mörk, en nú fæst hann ekki fyrir minna en 1 dal. Mèr finnst, að menn verði ætíð að hafa tillit til daglegrar reynslu, þegar menn gjöra ákvarðanir, sem gilda eiga fyrir ókominn tíma. Eg ætla því að gjöra breytingaratkvæði í þá stefnu, að þessu gjaldi, sem hjá nefndinni er ákveðið í dalatali, verði breytt í álnatal. Mèr finnst nefndin ekki hafa farið nógu langt undir stafl. e, því eg vildi láta halda sama stiganum lengra áfram þannig, að þegar tekjur kirkjunnar væri frá 40 til 50 rd., þá fengi prófasturinn 6 rd., og væru tekjurnar frá 50 til 60 rd., þá 7 rd., og áskil eg mèr því breytingaratkvæði í þá stefnu.

Hjálmur Pètursson: Eg finn orsök til að lýsa ánægju minni yfir nefndaráliti þessu bæði af því að eg sè, að sú spá mín og von hefir rætzt, að nefndinni ekki mundi verða hált á bænarskránni, sem eg hafði til meðferðar, og líka af því, að nefndin hefir farið

nokkuð nærri augnamiði bænarskrárinnar. En þó er það eitt hjá nefndinni, sem mèr virðist ósanngjarnt, nefnil. það, að hún ætlast til hærra gjalds af hinum fátækari kirkjum, þrátt fyrir það sem hún hefir sagt og sýnt, að hún vildi breyta gjaldinu eptir efnahag kirknanna. Eg vil því leyfa mèr að gjöra breytingaratkvæði í þá stefnu, að lækkað sè gjaldið af hinum fátækari kirkjum, en hækkað á hinum ríkari, og verður það að þessu leyti líkt því breytingaratkvæði, sem þingmaður Gullbringusýslu áskildi sèr, þannig, að gjaldið sè 1 ríkisdalur af hverjum 10 rd., og gangi þannig upp að 70 rd., svo 7 rd. verði hið hæsta gjald, sem prófastur geti fengið fyrir kirkjuskoðun sína.

Í öðru lagi vildi eg geta þess, að öllum er það kunnugt, að sumir prófastar hafa leyfi til að vísitera eigi nema annaðhvort ár, og hefi eg ekki heyrt, að guðsótti og góðir siðir sèu á verra vegi í þeim prófastdæmum, heldur en hinum, eða að prófastarnir þar sèu ekki eins reglusamir, eins og þar sem þeir vísitera á hverju ári. Eg vil nú, að öllum próföstum sè gjört jafnhátt undir höfði, og leyfi mèr því að gjöra það viðauka-atkvæði við niðurlagsatriði nefndarinnar, að þeim verði öllum eins leyft að vísitera ekki nema 2. eða 3. hvort ár, eptir því sem þeir eða byskupinn sjá og finna, hve nær nauðsyn ber til, því það virðist betra jafnrètti, að þeir hafi allir sama leyfi, sem sumir þeirra hingað til hafa haft, því fæstir prófastar munu telja sèr til hagsmuna vísitazíuferðir, og eg er líka á þeirri meiningu, að þær sèu ábatalitlar víða hvar, og því finnst mèr sanngjarnt, að af þeim sè lètt ómaki, ef það að öðru leyti ekki skaðar, sem eg verð fyllilega að álíta af reynslunni. En aptur á móti vil eg, að prestar sem og aðrir fjárhaldsmenn kirknanna sèu skyldaðir til, að semja árlega reikninga yfir tekjur og gjöld þeirra borgunarlaust þau árin, er prófastar ekki vísitera. Mèr finnst það einnig óviðkunnanlegt, að prestar fái »revisions«-laun fyrir að lesa saman kirkjureikninga með próföstunum, og vil eg því áskilja mèr rètt til að koma fram með viðauka-atkvæði um, að laun þessi verði af numin.

Eiríkur Kúld: Það er gleðilegt fyrir nefndina, hvað hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók vel undir nefndarálitið, og er því vonandi, að þingið fallist þess heldur á uppástungur nefndarinnar. Það var nú nokkur ágreiningur á milli hins hæstvirta konungsfulltrúa og hins heiðraða þingmanns fyrir Gullbringusýslu. Konungsfulltrúi vildi ekki láta vísitazíulaunin stíga hærra en til 6 rd., en þingmaður Gullbringusýslu vildi láta þau stíga upp úr 6 til 10 rd. Nefndinni fannst einnig, að 6 rd. ætti að vera hið hæsta

gjald, er greiðast skyldi fyrir kirkjuskoðun, en aptur vildi hún lækka vísitazíulaunin á hinum fátækari kirkjum. Allir vita, hve laun prófasta eru lítil og að þau eru mest innifalin í þessu gjaldi, og virðist því, að nefndinni hafi farið sanngjarnlega í uppástungum sínum.

Hinn heiðraði þingmaður Mýramanna hrósaði nefndinni fyrir það, hvað vel hún hefði farið með bænarskrá sína. Það er gott, að honum hefir fundizt það, enda var það eigi hægt fyrir nefndina, að taka hana frekara til greina, eins og spáð var við inngangsumræðuna. Hann vildi nú samt lækka þessa 2 rd., sem tilteknir eru í niðurlagsatriðum nefndarinnar undir stafl. a. niður í 1 rd., en það finnst mèr ósanngjarnt mjög. Hann vildi enn fremur afnema »revisions«-laun þau, er prestar fá fyrir að endurskoða kirkjureikningana með prófastunum, og hèlt hann, að prófastunum væri trúandi fyrir því einum. En eg verð þó að álíta, að prófastar geti aldrei verið eins kunnugir þeim og prestarnir sjálfir. Hann vildi og að kirkju-eigendur væru skyldir til að semja reikninga yfir tekjur kirknanna og senda prófastum þá þau árin, sem þeir ekki vísitera. En eg verð að segja honum, að það eru víst þeir kirkjueigendur til, sem ekki kunna að reikna eða semja reikninga. Mèr virðist honum vaxa svo mjög í augum laun prófastanna, en hann verður að gá að því, að prófastar vinna annað til þessara launa, en einungis með því, að endurskoða sjálfa reikningana og telja skildinga kirknanna, því þeir eiga einnig að sjá um barna-uppfræðingu og annað, er lýtur að því að styðja hið kirkjulega líf.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg skal leyfa mèr að leita upplýsingar hjá nefndinni um það, hvað hún hafi meint með þessum orðum, er standa í niðurlagsatriðunum undir stafl. a, «að frádregnum hennar nefnil. kirkjunnar árlegu nauðsynjagjöldum». Eg hefi sem sè vitað til, að ágreiningur hefir orðið út af því, hvort vísitazíulaun prófasta skuli teljast með hinum árlegu nauðsynjagjöldum kirkjunnar eður ekki. Vil eg því spyrja nefndina, hvort hún hafi ætlazt til, að kirkjan ætti þessa ákveðnu 12 eða 20 eða 30 rdl. upphæð, eptir að búið væri að draga frá vísitazíulaun prófastanna. Það hefir líka verið vafi á um fleira, hvort telja skyldi með árlegum nauðsynjagjöldum kirknanna eður ekki, t. d. bikun eða málun þeirra, aðgjörð á gluggum og fleira. Vil eg, að nákvæmar sè ákveðið í lagaboðinu, hvað af þessu kirkjuverjum sè heimilt að telja með nauðynjagjöldum kirkjunnar til að fyrirbyggja allan ágreining framvegis milli kirkjuverja og prófasta. Skal eg geta þess, að ef breytingum nefndarinnar verður framgengt um hinn

ýmislega mælikvarða fyrir vísitazíulaunum verður einmitt meiri nauðsyn á að hafa beina ákvörðun um þetta í lagaboðinu. Og ef eg fæ ekki fullglöggar skýringar um þetta hjá nefndinni, þá vil eg leyfa mèr að gjöra breytingaratkvæði í þá stefnu sem eg hefi bent á. — Eg er nokkurn veginn samdóma hinum heiðraða þingmanni fyrir Gullbringusýslu í því, að það hefði í sjálfu sèr verið eðlilegra og rèttara, að nefndin hefði ákveðið vísitazíulaunin eptir álnatali, eins og að undanförnu, en ekki í peningum. Eins finnst mèr það hæpið, að nefndin hefir látið vísitazíulaunin stíga hærra, en tilskipunin frá 1847 hefir ákveðið eða yfir 20 álnir, og sè eg ekki, að nefndin hafi haft neina heimild til þessa, eins og málið liggur fyrir; og eg verð líka að ætla, að engin ástæða sè til, að hækka vísitazíulaun prófasta, fyrir einstakar kirkjur, þó þau sèu lækkuð af sumum, því þegar vel er að gáð, held eg, að prófastarnir sèu eins vel haldnir nú, eins og þeir voru þegar tilskipunin 1847 kom út, þó vísitazíulaunin væru lækkuð til 2 rd. eður 8 álna á fátækustu kirkjum en ekki hækkuð yfir 20 ál. eða 5 rd. á hinum ríkustu; þetta ætla eg muni auðvelt að sanna, ef að portionsreikningar kirknanna væru allir við hendina.

Jón Guðmundsson: Eg er einn af þeim, sem eigi get fellt mig við nefndarálitið að því er lýtur að breytingu á tilskipun 27. janúar 1847. Mèr finnst rangt þar sem menn nú vilja miða vísitazíulaunin við dalatal; það er skrítinn misskilningur að byggja þetta á því, að kirkjureikningarnir sè *færðir* eptir dalatali, þar sem þó allir vita, að öll gjöld til prests og kirkju eru *ákveðin* í álnum og fiskvirðum þótt upphæðin á endanum sè tilfærð upp á dal og skilding. Hvað snertir sjálf vísitazíulaunin, þá er það mála sannast, að upphæð þeirra er engin slík, að hún geti orðið borgun er samsvari fyrirhöfn prófasts, því allir sjá að það er ekki til þess hugsandi, að prófasturinn geti sèr að kostnaðarlausu vísiterað, með þeim launum, sem viðgangast, eða fást munu eptir uppástungu nefndarinnar, og eg dáist að ósèrplægni prestanna og prófastanna í þessari nefnd og vorkunnsemi manna, sem eru að tala um fátækt kirkna, en um kirkjurnar og efnahag þeirra sannast nú máltækið: »Skiptir um hver á heldur«. Eg þekki kirkju, sem á 20 árum fèkk í sjóð sinn 300 rd., á næstu 12 árum lagði hún upp rúma 700 rd.; mundi ekki hèr þurfa eptirlits? Eg hefi lengi verið og er enn fyllilega sannfærður um það, að kirkjunum yrði það einmitt til verulegra hagsmuna og beinlínis gróða fyrir kirkjurnar, að prófastarnir hafi sem nákvæmast og eindregnast eptirlit með því, að kirkjufènu sè vel haldið til haga, að hún fái allt sem hún á og að

fènu sè vel varið henni til verulegra umbóta. Menn segja: Þetta er skylda prófastanna; víst og satt, en geta menn þá ætlazt til að ekki komi samsvarandi rèttindi í móti, að prófastarnir eigi þar fyrir einhverju að gangast öðru en skaða sínum, erfiði og fyrirhöfn fyrir lítið sem ekkert. Nei, verður er verkamaðurinn launanna, eins prófastarnirnir sem aðrir. En allir sjá, að prófasturinn fær eigi ferðalög sín til kirkjuskoðananna nærri borguð með þóknun þeirri, er lög hafa veitt þeim hingað til og því síður með þeim launum, er nefndin hefir nú stungið upp á. En því skyldi hèraðsprófasturinn eigi fá sömu borgun fyrir embættisyfirferð sína yfir prófastsdæmið, eins og sýslumaður fyrir sínar embættisferðir? Þó fer fjærri þessu; því að eg taki eitt dæmi til þá fær t. d. prófasturinn í Vestur-Skaptafellssýslu fyrir vísitazíu í prófastsdæmi sínu milli Núpsvatna og Jökulsár á Sólheimasandi eigi nema 20—33 dali eptir þessum uppástungum nefndarinnar, og þó eru kirkjurnar í Vestur-Skaptafellssýslu engan veginn tekjulitlar kirkjur yfir höfuð að tala, þó að sumar þeirra sèu fátækar; en aptur ætla eg, að ferðakostnaður sýslumanna í Skaptafellssýslu á embættisferðum þeirra, t. d. austast úr Mýrdal og beina leið austur á miðja Síðu, t. d. á Kleifa-þingstað hafi einatt orðið um 20 rd.; en sú vegalengd er vart meir en $^1/_3$ af yfirferð þeirri, sem prófasturinn verður að fara, er hann gjörir skoðun allra kirkna í prófastsdæminu. Eg verð, eins og eg áður sagði, að vera með því, að það haldist óhaggað, að prófastslaunin sè ákveðin í álnatali. Kirkjan verður engu harðara úti með því móti en vísitazíulaunin geta rýrnað, ef þau eru fast ákveðin í dalatali. En eg álít þar að auki, að laun þessi sèu oflítil í samanburði við fyrirhöfn prófasta, ef kirkjuskoðanirnar eiga að vera svo vel af hendi leystar sem vera ber og kirkjunni sjálfri og efnahag hennar er fyrir beztu. Eg sting því upp á, að hver stafliður í niðurlagsatriðum nefndarinnar verði hækkaður með 2 álnum nema hvað 30 álnir sè fastsettar undir staflið *e*. Mætti jafnframt, eins og eg fyrr sagði, búa svo um, að svo vel og rètt væri áhaldið fè kirknanna, að þær í raun rèttri mundu græða meir en svarar þeim fáu fiskvirðum, sem þær yrðu að leggja fram af fè þeirra við prófastinn, fram yfir það sem nú er.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal einnig viðurkenna, að nefndin hefir gjört sèr far um sanngirni og reynt að miðla málum, og sjálfsagt hefir hún gjört rètt í því að ákveða vísitazíulaunin í peningum eður dölum, en eigi í álnum, úr því tekjur kirknanna eru tilteknar eptir dalatali. Þessari reglu hefir einnig verið gætt í þeim tveim lagaboðum sem til eru um þetta efni. Í reglugjörðinni 17. júlí 1782 þar er allt ákveðið í peningum og í tilskipun 8. marz 1843

þar er allt ákveðið í álnum. En ef menn aptur á móti telja annað eptir dölum en hitt eptir álnum, þá kemur fram með tímanum mikill ójöfnuður, eptir því sem landaurar verða dýrari, eður stíga gegn peningunum. Þessi ójöfnuður hefir komið fram nú síðan 1847, af því tilsk. 27. jan. 1847 ákvað portíonina í peningum, en vísitazíulaunin í álnum. Eg vil að eins í þessu efni benda til þess, er hinn hæstvirti konungsfulltrúi skýrði frá, að 20 álnir, sem 1847 voru í peningum jafnar 3 rd. 12 sk., eru nú orðnar 4 rd. 84 sk., landaurar hafa þannig hækkað um 56% og vísitazíulaunin hafa því vaxið um 56%. En það er eigi þar með búið, portíonir kirknanna hafa einnig vaxið, svo að nú eru flestar ef eigi allar þær kirkjur er 1847 höfðu 12 rd. eður minna afgangs árlega, og áttu því að greiða 10 ál., komnar upp fyrir þessi takmörk. Nú taka því prófastar 20 álnir af margri kirkju, sem þeir samkvæmt anda laganna eigi áttu að taka nema 10 álnir af. Það er því lofsvert hjá nefndinni, að hún hefir ákveðið hvorttveggja í sama eyri, því að þá raskast eigi hlutfallið milli vísitazíulauna og kirkjutekna með því að hvorttveggja hlýtur að hækka og lækka að sama skapi (*Jón Guðmundsson*: Nei) Jú, sá hefir enga hugmynd um, hvað verðlagsskrá hefir að þýða, sem vill láta borga vísitazíulaun í álnatali eptir tekjustiga kirkna, sem gjörður er eptir dalatali, og það þó honum hafi verið sagt, að frá 1847 hafi verðlagsskráin hækkað um 56%, eða má eg spyrja hinn heiðraða þingmann, hefir ríkisdalurinn í vasa hans vaxið um 56% síðan 1847? Nei, gildi dalsins hefir einmitt minnkað um 56% móti landaurunum. En úr þessu fer mig að greina dálítið á við nefndina; mèr finnast skoðunarlaunin vera ákveðin helzt til mikil. Það er ekki af því, að eg öfundi prófastana, eður ætli að þau sè vanalega of há fyrir ómak þeirra, heldur af hinu, að menn mega eigi eingöngu taka tillit til prófastanna og launa þeirra; menn verða og að líta á efnahag kirknanna, eður presta og kirkju-eigenda. Það er þó hart, að þurfa að borga prófasti 2 rd., eður 4 rd., ef hann vísiterar, tvisvar af þeirri kirkju, er hefir 12 rd. eður minna afgangs nauðsynlegum gjöldum; það er hart að gjalda $\frac{1}{6}$ eður $\frac{1}{3}$ af svona litlum tekjum, og það þótt kirkjan sè komin að hruni, en er öreigi, eður þótt hún standi í skuld við prest sinn, er hún aldrei fær borgað honum, því alltjend rekur þó að því, að prestur eða kirkjubóndi verður á endanum að byggja kirkjuna, hvort sem hún á nokkuð til eða eigi neitt.

Það lítur nú svo út sem nefndin hafi orðið hrædd við að fara of langt út í að hækka vísitazíulaunin eptir hækkun á tekjum kirknanna, og þess vegna kveinkað sèr við að segja: af 100 rd.

tekjum skal borga 11. rd. En hvað kemur til? Er það af sanngirni? Nei, því ríka kirkjan getur þó fremur misst en hin fátæka. Nefndin hefi sjálfsagt fundið, að hún ætlaði að leiða prófastana í gönur, og því orðið hrædd við sínar eigin tillögur; en hví hefir hún þá eigi skirrzt við að taka $^1/_6$—$^1/_3$ af tekjum kirknanna handa próföstum, og hvað segi eg $^1/_3$? Nei, *allan* tekjuafgang fátækrar kirkju, því prófastur á að taka 2 rd. af kirkju, er hefir *minni* afgang en 22 rd., og því að eins 2 dala afgangstekjur. Eg vil nú, að prófastar sè eigi ónærgætnari í sinni reglu nú að lifa *af* kirkjunni, en klerkar voru í katólskri tíð í sinni reglu að lifa *fyrir* kirkjuna, þá þótti það ófært, er sjá má af fornlögum vorum, að maður mætti gefa til guðsþakka meir en einu sinni *á æfi* hina meiri tíund, það er að segja 10. hluta eigu sinnar, en nú nægir próföstum eigi að taka $^1/_{10}$ árlega af fè því sem er til guðs þakka lagið. Mèr finnst því alveg ótækt að fara lengra en hinn háttvirti þingmaður Mýramanna stakk upp á.

Það hefir verið sagt, að vísitazíur væri nauðsynlegar, og það er satt; hitt hefir og verið sagt, að þær opt og tíðum sè til einkis gagns, að þær sè enda illa af hendi leystar á stundum; þetta getur og satt verið. En eg vil alls eigi um það tala, því þannig eru þeir menn vanir að tala, er kvarta yfir öllu, og eg er eigi i þeirra tölu. En aptur á móti er eg eigi fjarlægur skoðun þingmanns Mýramanna, að prófastar ættu að hafa vald til að láta hjálíða árlegar vísitazíur stöku sinnum og á stöku stað, og vil eg sameina mig við hann um breytingaratkvæði í þá átt, því það vil eg segja, að sè svo, að prófasturinn þurfi endilega á hverju ári að vísitera hverja kirkju til þess að hafa eptirlit með barnaspurningum með siðferði presta, með kirkjureikningum o. s. frv., eptir því sem lögin fyrir skipa, þá væri sannarlega engum presti á Íslandi trúandi fyrir embætti sínu, og þá væri íslenzka kirkjan illa farin. Eptirlitið má eigi vanta, segja menn, já nauðsynlegt og gagnlegt eptirlit, segi eg, má eigi vanta; en það er sitt hvað, að prófasturinn megi eigi vísitera optar en þriðja hvert ár, eður hitt, sem eg vil, að honum sè leyfilegt að vísitera eigi optar en þriðja hvert ár, þar sem hann sèr að enga nauðsyn ber til. En að segja, að prófastur þurfi endilega að skoða alla presta ár hvert niður í alla sauma og öll þeirra prestsverk, það ber keim af fornum «inquisitions» anda einveldisstjórnarinnar, sem byggðist á því: Engum er trúanda fyrir neinu, allir eru bófar, í allt skyldu stjórnarmenn því hnýsast hjá undirmönnunum. Er þessi «inquisition», þessi rannsókn, óaflátanlega hnýsni, samsvaranda tímanum? Er rètt að setja

hvern öðrum svo til höfuðs, eigi að eins sýslumann til höfuðs hreppstjóranum, amtmanninn sýslumanninum og svo eins í kirkjustjórninni? Andlegu stèttarmennirnir hèr á þinginu, eru þó að klifa á þessari ströngu árlegu embættis hnýsni. Ekkert má gefa eptir, segja þeir, þá er allt í voða; sè svo, þá segi eg; þá er kirkjan rotin djúpt í rótum sínum. Hví treysta menn að engu uppfræðing og menntun vorra tíma? Prestar nú á tímum hafa gengið í skóla og þar að minnsta kosti lært vel að reikna; þeir hafa gengið á prestaskólann eða háskólann og meðal annars einnig lært þar að spyrja börn, samt sem áður vilja menn eigi trúa prestunum til neins. Menn vilja samt halda fast við úrelt lög, hvernig sem ástand það breytist, er þau eru sett um. Óskanda væri þó þess, að þeir sem lög gefa hafi tillit til tíma þess, sem yfir stendur, en blíni sig eigi blinda á umliðinni öld allra sízt óöld. Í einu orði, það er skylda löggjafans, að þekkja tíma sinn, að horfa fram í tímann en eigi aptur í þann liðna tímann, er vèr óskum að aldrei komi aptur, og heldur gleymist og upprætist sem allra bráðast.

Framsögumaður: Eg mun verða að svara nokkrum orðum, en eigi finn eg tilefni til að svara öllu því sem talað hefir verið. Skoðanir manna fara hèr mjög á mis; hèr er teikn á móti teikni; þingmaður Kjósar og Gullbringusýslu sýndi, að aldrei yrði með því hèr um rædda gjaldi vísitazíu ferðir prófasta fullborgaðar og stakk því upp á að fara fram úr því, sem nefndin stingur upp á, en frá því verð eg að ráða. Þingmaður Mýramanna telur aptur á móti, án þess þó að leiða önnur rök en fátækt kirknanna, vísitazíulaunin of há þingmanni Suður-Þingeyinga skal eg svara upp á spurningu hans um, hvað væri árleg nauðsynjagjöld enda þótt hann sjálfur muni vita það; árleg nauðsynjagjöld kirkna er allt það er heyrir til þjónustugjörðarinnar í kirkjunni en fráleitt viðgjörðir á kirkjum sem húsum, sem ekki koma heldur árlega fyrir. En hvað því viðvíkur um árlegar afgangstekjur kirknanna, þá þekki eg ekki annan máta, en þann, að þær sèu reiknaðar áður en prófastur tekur laun sín.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg þarf eigi að vera langorður, því að hinn háttvirti þingmaður Borgarfjarðarsýslu tók ljóslega fram flest það, sem eg vildi hefja máls á. Fyrst og fremst er eg honum samdóma í því, að það er misskilningur að vilja reikna prófastalaunin í álnatali, þar sem kirknatekjurnar eru taldar í dölum, og það vona eg að allir menn sjái, er þeir hugsa málið betur. Hins vegar get eg eigi fellt mig við skoðun þeirra manna, sem nema staðar við 40 rd. tekjur, eða 6 rd. vísitazíukaup. Því að allir

sjá, að sanngjarnt er, að sú kirkjan borgi meir, sem hefir 100 dala afgangstekjur, en hin sem að eins hefir 40 dala; já kirkjan sem hefir 100 dala tekjur, á miklu hægra með að borga 11 rd., en sú kirkja 1 dal, sem að eins hefir 10 dala afgangstekjur, enda væri það öldungis rètt, að hækka hlutfall borgunarinnar, eptir því sem tekjurnar yxu; og þess höfum vèr dæmi frá þinginu og stjórninni, þar sem er árgjaldið af brauðunum til presta og presta-ekkna. Eg áskil mèr því breytingaratkvæði þessa efnis. Þingmaður Mýramanna stakk upp á því að nema úr lögum «revisions»-kaup presta; þetta finnst mèr vel við eiga, og get alls eigi verið samdóma hinum heiðraða sessunaut mínum; hann sagði, að eigendur bændakirkna væru opt eigi færir um að semja kirkjureikningana; þeir eru skyldir og neyddir til að vera færir um það, og ef þeir erú það eigi, til hvers leita þeir þá fyrst? til prestsins síns, og presturinn á með því móti að endurskoða sín eigin handaverk og finnst mèr slíkt hègómamál.

Jón Bjarnason: Margt hefir nú verið rætt um þetta mál, svo eg vil eigi gjöra málalengingar; að eins vil eg taka það fram, að mèr finnst miður heppilega valið orð í yfirskript yfir niðurlagsatriðum nefndarinnar; þar er talað um kirkjuskoðanir, eins og ekkert þurfi annað að gjöra en líta eptir og lýsa húsinu og reikningunum; löggjöfin gjörir þó ráð fyrir að fleiru sè sinnt; prófasturinn á einnig að yfirheyra börn og forvitnast um siðferði og samkomulag milli prests og sóknarmanna, og sè þessu eigi sinnt, sem allt of opt mun hafa við gengizt í seinni tíð, þá sting eg upp á því, að prófásturinn fái eigi nema hálf vísitazíulaunin, og kem með viðauka-atkvæði á þá leið.

Jón Hjaltalín: Eg verð að segja að mèr finnst nefndarálitið raunar eigi illa samið, og það sem þingmaður Vestur-Skaptfellinga sagði um ferðakostnað prófasta mun alls eigi of hermt; mèr finnst það varla ná neinni átt að setja niður prófastslaunin úr tveim dölum í einn dal, og allrasízt taka helming af þeim, ef þeir að eins skoða kirkjuna og reikninga hennar. Eg vil þvert á móti hækka vísitazíukaupið, svo að prófastur þar sem nefndin nefnir til 6 dali, þar fái prófastur 8 rd. Eg get varla trúað því, sem einn þingmaður sagði, að það sè hreinn óþarfi að vísistera meir en annaðhvort ár, og vil eg skora á hina guðfræðingana hèrna í salnum að lýsa áliti sínu um það.

Ólafur Pálsson: Það er nú búið að taka flest allt það fram, sem eg hefði þurft að segja; þó vil eg eptir áskorun hins heiðraða þingmanns Suðurþingeyinga skýra frá, hvað eg álít nauðsynleg

ársgjöld kirkjunnar. Hinn heiðraði meðnefndarmaður minn, framsögumaðurinn, hefir að vísu gjört það að nokkru leyti, en mig greinir þó nokkuð á við hann, enda þótt eg hafi 14 ára embættisreynslu fyrir mínum skilningi á árlegum nauðsynja-útgjöldum kirkjunnar, sem eg tel vera lýsingu, brauð og vín, graftólaviðhald, bikun, skrúðaþvott; aptur á móti eigi málun, því fjærri fer, að árlega þurfi að eiga við hana; visitazíulaun tel eg aptur á móti sjálfsögð árleg nauðsynjagjöld, enda er, eins og ráð er fyrir gjört í niðurlagsatriðum nefndarinnar, upphæð þeirra reiknuð eptir afgangstekjum hins undanfarandi árs. Með tilliti til þess, er hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga segir, að sumir prófastar kunni að álíta sèr skylt að visitera tvisvar á ári, þá skil eg ekki, hvernig á því stendur, nè heldur á mörgu öðru í ræðu hans, en þess eins vil eg láta getið, að erindisbrèf prófasta hljóðar að eins upp á visitazíu einu sinni á ári. Eg vil gjarnan samsinna honum í því, að stundum geti svo við borið, að það saki ekki þótt prófastur eigi visiteri nema annaðhvort ár, og að til sèu þeir prestar, er gæti svo skyldu sinnar, að slíkt mundi nægja; en að fara að byggja nokkra reglu á því, eða binda hendur prófastsins í því tilliti, og gjöra honum að skyldu að visitera eigi optar, en svo og svo, álít eg ískyggilegt, og eins og eg tók fram við inngangsumræðuna, þá gæti prófastur, með þvílíku fyrirkomulagi, naumast staðið svo í sporum sínum, eins og honum ber að gjöra.

Sighvatur Árnason: Út af upplýsingum þeim, sem þingmaður Suður-Þingeyinga beiddi um í tilliti til nauðsynlegra útgjalda, er eg á sama máli og hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður, að það sè enginn vafi á um þá hluti sem heyra til þjónustugjörðinni. Aptur á móti greinir mig að nokkru leyti á við hinn sama konungkjörna þingmann um það, að bikun kirknanna heyri til hinna nauðsynlegu gjalda, því hún kemur ekki ætíð fyrir á hverju ári, og gæti því verið efi á um hana. En hvað því viðvíkur sem hinn fyrr nefndi þingmaður hreifði um það, hvort skoðunarlaunin ættu að teljast með nauðsynjagjöldum, þá finnst mèr það ekki vera, og með öllu rangskilið á annan veg, því skoðunarlaunin verða ekki sèð fyrr en grundvöllurinn er lagður undir gjaldið. Af því mín hugsun hefir allt af verið sú, að vilja minnka þetta gjald af fátæku kirkjunum eptir sanngjarnri tiltölu við efnahaginn, eptir því sem föng eru til, þá hefi eg verið að hugsa um að taka mèr

breytingaratkvæði við tölulið *a* í uppástungu nefndarinnar í þá átt að breyta 12 rd. í 15 rd. og 20 í 22 rd.

Arnljótur Ólafsson: Eg ætla að taka mèr breytingaratkvæði við staflið *a* og svo framvegis, í þá átt, að þar sem afgangur tekjanna er minni en 10 rd., þar borgist ekkert fyrir kirkjuskoðun, en úr því afgangurinn er 10—20 rd. þá borgist 1 rd. af yfir 20—30 rd. 2 rd. o. s. frv. Að öðru leyti mun eg bera mig saman við nefndina um þetta; sömuleiðis vildi eg gjöra það viðaukaatkvæði við þessa stafliði, að skoðunarlaunin sèu dregin fyrst frá afgangstekjum kirkjunnar, og að því gjörðu segir afgangurinn til, í hverjum flokki kirkjan sè.

Eiríkur Kúld: Eg ætlaði áðan að standa upp og svara fáeinu hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga upp á hina löngu ræðu hans, en eg held eg sleppi því þangað til við ályktarumræðu, ef mèr þá finnst þess við þurfa. Hinn 5. konungkjörni þingmaður var sömu meiningar og þingmaður Mýramanna um að laun presta fyrir endurskoðun reikninga kirknanna ættu að falla burt, en komst þó að þeirri niðurstöðu, að það víða mundi eiga sèr stað, að prestarnir byggju til reikningana fyrir kirkju-eigendurna, sökum þess þeir eigi væru færir um það; þetta er undarleg ástæða, að vilja taka þessi litlu endurskoðunarlaunin af prestunum fyrir það, að þeir hafa meira ómak með því að búa til reikningana fyrir kirkju-eigendurna heldur en revídera þá! Hinum sama þingmanni þótti og æskilegt að farið væri lengra með skoðunargjaldið en til 6 rd., því það væri eðlilegt, að sú kirkja, sem hefði 100 rd. tekjur og þar yfir, ætti hægra með borga, en hinar sem minna hefðu; þetta er þó ekki sanngjarnt, því hinar ríkari kirkjur ættu þó í raun og veru ekki að skyldast til að borga óbeinlínis fyrir hinar fátækari meira en nefndin hefir ætlazt til. Það er heldur ekki allt af svo, að þær kirkjurnar, sem hafa meiri tekjur, sèu aflagsfærari en hinar sem hafa þær minni; eg get tekið eitt dæmi, og það af dómkirkjunni hèrna; hún hefir að líkindum meiri tekjur en flestar kirkjur hèr á landi, en það munu þó allir sjá, að henni muni ekki veita af tekjunum handa sjálfri sèr, og með sèr ber hún það, að þörf væri að vísitera hana. Þar sem þingmaður Dalasýslu vildi rýra launin, ef prófastar á vísitazíum sínum á einn eður annan hátt vanræktu skyldur sínar, t. a. m. yfirheyrðu ekki ungdóminn, þá finnst mèr þetta óþarft; það er hægt þá að fara aðra leið, og kæra þetfa hirðuleysi fyrir yfirboðurum þeirra.

Jón Sigurðsson: Eg ætla að sameina mig við þingmann Borgfirðinga um breytingaratkvæði við tölulið *a*, sem eg áður ráðgjörði.

Jón Pètursson: Flutningsmaður sagði, að hann hefði viljað lètta á fátækustu kirkjunum með uppástungu sinni, en eg get ekki sèð, að þetta sè gjört á fullkomlega rèttlátan hátt í uppástungunni eður af nefndinni; mèr finnst prófastalaunin ættu að vera sómasamleg þóknun fyrir skoðun kirknanna, en þar af leiddi, að launin í rauninni ættu að vera jöfn af öllum kirkjum; það stæði nær, að bæta aptur tekjur kirknanna, svo fátæku kirkjurnar gætu bæði byggt sig upp aptur, þegar þörf gjörðist og eins borgað vísitazíulaunin, eins og þær áður gjörðu, en að neita próföstunum um sanngjarna borgun fyrir fyrirhöfn þá, er þeir verða að hafa þeirra vegna; en hèr til lægi beinast að hækka aptur legkaupið upp í það, sem það var fyrir 1847. En eg get þó ekki tekið breytingaratkvæði í þessa átt, því það liggur engin uppástunga eður bón fyrir um það efni. En þó menn nú vildu fara að jafna niður vísitasíulaununum milli kirknana og álitu það rètt, sem eg nú ekki get fallizt á, þá get eg þó ekki orðið nefndinni samdóma í því, hvernig það ætti að vera, því mèr finnst, að launin þá ættu að standa í jöfnu hlutfalli við afgang kirkjuteknana, en þetta hefir ekki nefndin gjört, heldur ganga þau fram hjá henni í ójöfnum hlutföllum; til að ráða bót hèr á, vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði í þá átt, að vísitazíulaunin verði $^1/_{10}$ hluti af afgangi kirkjuteknana ár hvert, en þó aldrei meiri enn 6 rd.

Jón Bjarnason: Eg gladdist yfir því, að þingmaður Barðstrendinga kallaði það helga skyldu prófastanna að yfirheyra ungdóminn o. s. frv. á vísitazíuferðum sínum; hèr kemur þá fram bæði helg og holdleg skylda, en það þyrfti þá meira enn verið hefir að hafa eptirlit á því, að holdið beri ekki andann og hina helgu skyldu ofurliða; eg get þess vegna ekki tekið aptur viðaukaatkvæði mitt.

Benidikt Sveinsson: Eg skal ekki lengja hinar miklu umræður, sem hafa orðið um svo lítið mál. Eg hef hugsað mèr breytingaratkvæði í líka stefnu og hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður, en þó svo, að sú kirkja, sem ekki hefir fulla 10 rdl. í afgangstekjur, að eg megi við hafa þetta orð, borgi ekkert, en sú kirkja, sem hefir afgangs 10 rdl. og þaðan af meiri borgi $^1/_{10}$ hluta hans prófastinum, þó þannig, að borgunin til hans aldrei verði meiri en 6 rd.

Jón Hjaltalín: Eg tek mèr breytingaratkvæði við tölulið *e* og vil hækka skoðunarlaunin þar til 8 rd.

Forseti: Þar ekki taka fleiri til máls, er þessari undirbúningsumræðu lokið.

Samkvæmt dagskránni kemur þá til undirbúningsumræðu málið um gufuskipsferðir kring um landið. Þingmaður Norður-Þingeyinga er framsögumaður.

Framsögumaður (*Sveinn Skúlason*): Eg skal leyfa mèr að lesa nefndarálitið.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 280).

Eg ætla ekki að tala neitt að sinni.

Konungsfulltrúi: Við inngangsumræðuna tók eg það fram, að stjórnin væri þinginu samdóma í því, að álíta þetta mál sem velferðarmál fyrir landið, og að hún muni verða fús til að framkvæma það, undir eins og hún fengi fè til að borga þann kostnað, sem það hefir í för með sèr. Hin heiðraða nefnd hefir nú vandlega íhugað þetta atriði málsins, og er komin til þeirrar niðurstöðu, að hún stingur upp á, að kostnaðurinn til þessa gufuskipsferða verði fyrst um sinn og þangað til fjárhagur Íslands og Danmerkur verður aðskilinn, greiddur úr ríkissjóði, og til vara: að Ísland smám saman endurborgi ríkissjóðnum þann kostnað, er af þessu kann að leiða. Eg vildi óska, að það gæti orðið stjórninni mögulegt, með þessum skilmálum, að fá hið nauðsynlega fè til þessa veitt á ríkisdeginum, en þegar eg lít á umræður þær, sem í vor áttu sèr stað á ríkisþinginu um fjárhag Íslands, er eg hræddur um, að þetta ekki muni heppnast, en samt sem áður vil eg, af því mèr þykir málið mjög áríðandi, ekki ráða þinginu frá að reyna til, hvort þetta kynni að heppnast, og eg skal bæta því við, að sjálfsagt mun mikið í þessu máli eins og í öðrum vera komið undir því, hvernig þingið tekur í málið um stjórnarskipun Íslands, og er það einmitt þess vegna samt af öðrum ástæðum æskilegt, að þingið flýti fyrir þessu máli að svo miklu leyti sem unnt er.

Framsögumaður: Það gleður mig að heyra þessar ágætu undirtektir hinn hæstvirta konungsfulltrúa, og mèr virðist að þingið nú geti haft beztu vonir um að málið fái góða áheyrn hjá stjórninni, því vonandi er, að ríkisþingið verði eigi að jafnaði eins örðugt í fjárveitingum eins og það var seinast.

Stefán Eiríksson: Þetta málefni hefir allajafna verið eitthvert hið mesta áhugamál þjóðarinnar, enda mundu og samgöng-

ur mjög svo batna við það og kostnaður sá sem gufuskipsferðirnar hafa í för með sèr mundu að miklu leyti geta fengizt upp, því kaupmenn mundu opt senda varning hafna á milli og ferðafólk fala far kring um landið optar, og fleira, en vèr getum ímyndað oss, í 1 tölulið nefndar uppástungnanna stendur að skipið komi við á öllum löggiltum höfnum kring um landið; það er nú eins og þingmenn vita löggilt kauptún við Lambhússund, Straumfjörð og Brákarpoll, en á þessum löggiltu kauptúnum eru engin hús byggð, og því ætla eg að taka mèr það viðauka-atkvæði við 1. uppástungu nefndarinnar að bætt verði við hana »þar sem verzlunarhús eru byggð«.

Framsögumaður: Eg held það sè ónauðsynlegt fyrir þingmanninn að taka sèr þetta viðauka-atkvæði; því það væri hart að taka Sauðárkrók undan, en þar eru þó engin verzlunarhús.

Eiríkur Kúld: Eg þakka nefndinni fyrir, hve vel hún hefir farið í málið, og sömuleiðis hinum hæstvirta konungsfulltrúa fyrir hans góðu undirtektir. Eg verð að lýsa því yfir, að eg hefði heldur viljað að vara-uppástungan hefði ekki verið; mèr þykir hún vera varúðarverð; menn eru hèr að tala um að endurgjalda kostnað, sen menn vita ekki hver er eða verður; eg fyrir mitt leyti get ekki ímyndað mèr, að stjórnin neiti um skyrk í öðru eins velferðarmáli og þessu; miklu fremur er eg sannfærður um það, að hún álítur það skyldu sína að beina þessu fram á leið, þó vara-uppástungunni hefði verið alveg slepp.

Sighvatur Árnason: Það er öllum kunnugt að hèr sunnanlands eru engir verslunarstaðir frá Keflavík og austur að Papós, nema Vestmanneyjar og ef telja skyldi Eyrarbakka, sem skipið mundi sneiða hjá; eg ætla mèr því að taka það viðauka-atkvæði, að gufuskipið komi í hverri ferð til og frá við á Vestmanna-eyjum, þegar leið þess liggur þar um.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Mèr er ekki full-ljóst, hvort það muni eiga vel við, sem stendur i tölul. 1 sem sè að gufuskipið að minnsta kosti einu sinni á ári komi við í öllum lögiltum höfnum á Íslandi; eg veit ekki einu sinni, hvort það gæti átt sèr stað, að gufuskip af fullri stærð eins og hèr mun gjört ráð fyrir, mundi komast inn á allar löggiltar hafnir landsins, og þó nú svo væri, sem mjög er efasamt, þá sè eg ekki neina nauðsyn á, að það fari að krækja inn á hverja höfn smáa og stóra sízt fyrst í stað; og eg óttast fyrir, að menn með slíkum uppástungum spilli meira fyrir málinu en bæti það. Eg held menn ættu því að láta sèr

nægja að minnsta kosti fyrst um sinn að skipinu yrði gjört að skyldu að koma inn á hinar *helztu* hafnir, eins og stungið hefir verið uppá á hinum undanfarandi þingum, eg tek mèr því breytingar atkvæði, sem fer í þá stefnu, að gufuskipið einu sinni á ári komi inn á «*helztu*» *löggiltu hafnir á* Íslandi.

Framsögumaður: Þetta get .eg ekki sèð að bæti mikið; menn yrðu þá að taka fram með nafni hverja höfn um sig, sem skipið ætti að koma við á, og er eg reyndar ekki svo mikið á móti því, eg skal og geta þess, að nefndin hefir vísað til álitsskjala þeirra, er áður hafa komið fram í þessu máli, og vildi líka þess vegna við hafa sem almennust orð, til þess stjórnin hefði því fríari hendur.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg álít 1. niðurlagsatriðið svo óheppilega orðað, að það er alls óhafandi; það er sumstaðar svo höfnum og innsiglingum varið, að það er eigi auðið fyrir gufuskip að komast þar inn, t. a. m. Eyrarbakka og ýmsar aðrar hafnir. Auk þess væri það með öllu tilgangslaust, að skipið kæmi á allar hafnir, og að minnsta kosti svaraði gagnið af því alls eigi kostnaðinum. Til hvers gagns væri það t. a. m., að þetta gufuskip kæmi á Patreksfjörð, Arnarfjörð, Dýrafjörð og Önundarfjörð, sem liggja hver við hliðina á öðrum, og að eins stnttur fjallvegur á milli; en langur vegur inn á hafnirnar og á sumum þessara löggiltu verzlunarstaða er alls engin verzlun. Eins er það hèr við Faxaflóa, að það væri með öllu tilgangslaust, að gufuskipið kæmi á alla þá 7 löggiltu verzlunarstaði, sem hèr eru. Jeg verð að halla mèr að uppástungu þingmanns Suður-Þingeyinga, að skipið komi á hinar helztu hafnirnar því að það er í alla staði nægilegt.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil breyta niðurlagsatriði nefndarinnar þannig, að i stað orðanna: «á öllum löggiltum höfnum» o. s. frv. verði sett: «á sem flestum höfnum».

Benidikt Sveinsson: Jeg vil gjöra það breytingaratkvæði við 1. niðurlagsatriði nefndarinnar, að það verði með reglugjörð tiltekið á hverjar hafnir gufuskipið eigi að koma.

Jón Hjaltalín: Eg er þessu máli meðmæltur, og það því fremur, sem nú er von til að það fái góðan enda; það er ekki langt síðan að eg var í heimboði á Englandi ásamt mörgum ríkum og merkum mönnum; þar kom mál þetta til umtals, og sögðu menn mèr þar, að aldrei væri hentugri tími en nú til þess, að koma máli þessu áfram, því gufuskip væru nú að fá fyrir svo gott verð, að þau að líkindum yrðu aldrei ódýrari. Viðvíkjandi tölulið

1. þá er eg samdóma þingmanni Suður-Þingeyinga í því, að eg vil breyta: *öllum löggiltum höfnum í helztu lögiltu höfnum.*

Magnús Jónsson: Eg vil taka mèr það breytingaratkvæði, að ferðir gufuskipsins verði ákveðnar af amtmönnunum á Íslandi eptir innbyrðis samkomulagi þeirra á milli.

Stefán Jónsson: Eg er samþykkur því, sem sagt hefir verið um tölulið 1.; en hvað varauppástunguna snertir, þætti mèr betur eiga við, að tiltekið væri víst árabil, til þess ekki söfnuðust ofmiklar skuldir á landið; fjárhagsaðskilnaðurinn getur ef til vill dregist nokkur ár hèr eptir, en ekki verða lengi að safnast skuldir, ef kostnaður til gufuskipsferðanna yrði 20,000, eins og einhvern tíma hefir verið tilgáta eða áætlun. Eg ætla því að taka mèr viðauka-atkvæði, sem tiltaki víst árabil.

Stefán Eiríksson: Af því að nokkurir þingmenn hafa tekið sèr breytingaratkvæði í þá stefnu að takmarka þær hafnir, er gufuskipið, skuli koma á, þá ætla eg að taka mèr það breytingaratkvæði, að skipið komi að minnsta kosti einu sinni á ári við á Papós.

Eiríkur Kúld: Eg tók ekki eptir, hvort hinn heiðraði þingmaður Árnesinga áskildi sèr viðauka-atkvæði um þá reglugjörð sem hann talaði um. Eg vildi annars áskilja mèr breytingaratkvæði í þá átt, að tiltekið sè fyrir fram hvort ár, á hverjar hafnir skipið skuli koma, en eg get má ske sameinað mig við hinn háttvirta þingmann um þetta.

Benidikt Sveinson: Með því breytingaratkvæði, sem eg þegar hefi áskilið mèr vildi eg bæta úr þeim galla, sem eg álít að sè á niðurlagsatriðum nefndarinnar, sem sè þeim, að eigi sè unnt að ákveða á hvaða hafnir skipið skuli koma. Þetta álít eg að eigi heima í *reglugjörð* en eigi í lögum, en það segir sig sjálft, að þessa reglugjörð ætti að birta almenningi.

Hjálmur Pèturson: Eg hafði reyndar hugsað að áskilja mèr breytingaratkvæði í þá átt, að gufuskipið kæmi á eina höfn í hverri sýslu, meira þarf líklega ekki með, en eg fell frá þessari hugsun minni, því mèr finnst breytingaratkvæði þingmanns Árnesinga vera langheppilegast og gjöra hin önnur breytingaratkvæði óþörf; en hvað vara-uppástungu nefndarinnar snertir, þá finnst mèr hún ískyggileg, og vona eg þingið hugsi sig vel um áður en það fellst á hana.

Forseti: Þar ekki taka fleiri til máls, er þessari undirbúningsumræðu lokið.

Kemur þá samkvæmt dagskránni til undirbúningsumræðu, málið um, að viðskiptabækur kaupmanna verði ritaðar á íslenzku.

Þingmaður Snæfellinga er framsögumaður.

Framsögumaður (*Sveinn Níelsson*): Eg skal leyfa mèr að lesa nefndarálitið.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 284).

Eg ætla ekki að tala meir að sinni, enda er mál þetta óflókið.

Konungssfulltrúi: Mèr þykir niðurstaða sú, sem hin heiðraða nefnd er komin til, í sjálfu sèr eðlileg, þegar ræðir um sönnunarafl það, sem til er ætlazt í tilsk. 13. dag. júním. 1787, 2. kap. 17. og 18. grein, og eg skal þess vegna ráða þinginu til að gefa vara-uppástungu nefndarinnar atkvæði sitt. Þegar þar á móti spursmál er um verzlunarviðskiptabækur og viðskiptareikninga, sem lögin ekki heimila þetta sönnunarafl, þykja mèr reglurnar um, á hverju máli þær eiga að ritast, vera löggjöfinni óviðkomandi, en þetta á að vera komið undir frjálsum samningi milli hlutaðeigenda.

Framsögumaður: Viðvíkjandi ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa vil eg geta þess, að mèr getur ekki skilizt betur, en að tilsk. 13 júní 1787 bendi til þess, að viðskiptabækurnar sèu sönnunarmeðal, sem taka verði til greiná t. d. í skiptum á búum, en þó sjálfsagt að vísa verður til höfuðbókarinnar um leið. Eg held að vara-uppástungan sè ómissandi.

Eiríkur Kúld: Eg verð að jata, að mèr er ekki ljóst, hver munur er á uppástungu og vara-uppástungu nefndarinnar; mèr virðast þær sem tveir hólkar, sem ekki verða ljóslega þekktir að, og vil eg því biðja hinn heiðraða framsögumann að skýra þetta ljóslega fyrir mèr.

Framsögumaður: Eg ætla einungis að benda hinum heiðraða þingmanni á orðin sjálf í uppástungunum; þau eru svo ljós, að eg held, að hver maður geti sèð muninn; aðaluppástungan gjörir mönnum að skyldu að rita bækur þessar á íslenzka tungu, en það gjörir vara-uppástungan ekki, heldur bindur hún einungis sönnunarafl þeirra við það, að þær sèu á íslenzku; það geta líklega allir sèð hvern mun þetta gjörir í lagalegu tilliti.

Benidikt Sveinsson: Eg vil áskilja mèr breytingaratkæði við vara-uppástungu nefndarinnar í þá átt að orðin «og viðskiptareikningar» falli burtu, því tilskipunin 13. júní 1787 gjörir einungis ráð fyrir viðskiptabókum og það af góðum og gildum ástæðum.

Framsögumaður: Eg skal svara hinum heiðraða þingmanni

Árnesinga því, að nefndin tók viðskiptareikningana með, af því þeir eru nú farnir svo mjög að tíðkast, þar sem áður voru hafðar viðskiptabækur, og veit eg eigi hvort þeir hafa þá verið til; að minnsta kosti veit eg, að eg hefi ekki séð annað en contrabækur fyrr en nú á seinni árum. Nefndinni fannst hún ætti að taka þá með, þegar þeir eru farnir svo mjög að tíðkast, þó þeir sèu ekki glögglega nefndir í tilskipuninni, og þótti sanngjarnt að þeir væru undir sama skilyrði og contrabækurnar, þegar þeir eru í þeirra stað.

Benedikt Sveinsson: Eg get ekki séð, að tilskipun 13. júní 1787 tali um viðskiptareikninga, eins og eg tók áðan fram, og þó ástæða væri til, sem eg neita, til að setja þá við hliðina á viðskiptabókunum, þá yrði það bein og óumflýjanleg afleiðing þess, að breyta niðurlagsatriðum nefndarálitsins meira en hingað til er gjört. Án þess að eyða frekari orðum, þykir mèr það nægja að *ítreka* það, að það er með berum orðum ráðgjört í vara-uppástungunni að viðskiptareikningar hafi eptir tilskipuninni sama gildi og viðskiptabækurnar, en þessu verð eg harðlega að neita. Eg vil því skora á hinn heiðraða framsögumann, að hann taki sèr breytingaratkvæði sem geti bætt úr þessum galla, ef *viðskiptareikningarnir* eiga að komast á.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil áskilja mèr viðauka-atkvæði við vara-uppástungu nefndarinnar. Mèr finnst menn eigi að gjöra mun á því, hvort viðskiptabókin er til þess manns, sem skilur vel það mál, er bókin er rituð á, eða til þess, sem ekki er skyldur til að skilja það. Hvað viðskiptareikningana snertir, þá er eg samdóma hinum heiðraða þingmanni Árnesinga, að þeir heyri engan veginn undir lagastað þann, er vitnað er til í tilsk. 13. júní 1787, enda getur það eigi átt sèr stað, því að þeir eru aldrei löggiltir eður autoriseraðir.

Stefán Jónsson: Það kemur nú hèr fram, að sinn er siður í landi hverju, því fyrir norðan hafa menn almennt viðskiptabækur við kaupmenn en ekki viðskiptareikninga, og gæti þetta mál því orðið tilefni til, að viðskiptabækurnar yrðu almennari annarstaðar hèr á landi, ef þær að eins væri löggiltar en eigi afreikningarnir. Eg felli mig því vel við breytingaratkvæði það, er hinn heiðraði þingmaður Árnesinga tók sèr, og það því heldur sem löggjöfin frá 13. júní 1787 talar einungis um viðskiptabækur en ekki reikninga.

Bergur Thorberg: Eg skal leyfa mèr að bæta því við, að eg

er á sama máli og hinn heiðraði þingmaður Árnesinga, að mèr finnst að orðin »og viðskiptareikningar» eigi að falla burt, því reikningarnir eru aldrei annað en eptirrit af höfuðbókunum, og þegar þær eru á dönsku, finnst mèr óeðlilegt að heimta að eptirrit af þeim sè á öðrum máli. En kontrabækurnar eru þar á móti frumrit, og þær verða til smátt og smátt, eptir því sem viðskiptin fara jafnhliða höfuðbók kaupmannsins; og þær hafa því meira gildi en reikningarnir sem að eins eru eptirrit. Ef reikningarnir eru sannaðir hafa þeir vissa þýðingu, en annars eru þeir að eins skýrsla um, hvernig viðskipti hafi gengið manna á milli. Að öðru leyti skal eg geta þess, að í tilskipun af 13. júní 1787, er að eins talar um bækur þessar hjá föstum kaupmönnum, en öldungis ekki hjá lausakaupmönnum. Eg felli mig annars betur við vara-uppástunguna en aðaluppástungu nefndarinnar.

Forseti: Dagskránni er þá lokið, og skal eg biðja þingmenn að senda mèr breytingaratkvæði sín í dag innan kvölds.

Fundi slitið.

---

11. fundur. — 19. júlí.

Allir á fundi nema þingmaður Húnvetninga og þingmaður Norður-Múlasýslu, er höfðu tilkynnt forseta, að þeir sökum lasleika ekki gætu mætt.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið skýrslu frá nefnd þeirri, sem kosin var til að skoða hin almennu lagaboð, að formaður sè kosinn hinn 4. konungkjörni þingmaður (Jón Pètursson) og til skrifara hinn 3. konungkjörni (Bergur Thorberg). Enn fremur skal eg geta þess, að eg hefi fengið uppástungu frá hinum 4. konungkjörna þingmanni, sem fer fram á, að þingið biði um, að kennari verði settur hèr í sögu Íslands og íslenskri fornfræði.

Þá er að taka til dagskrár, og kemur þá fyrst til undirbúningsumræðu nefndarálit í fjárkláðamálinu. Þingmenn hafa þegar sèð að þetta nefndarálit snertir einungis nokkurn hluta málsins alls, eða svo sem einstakt atriði þess. Það má líka vera öllum

fullkomlega ljóst, að ef menn legði það í vana sinn að koma inn á þing með nefndarálit í smápörtum, í því skyni að ræða hvern part fyrir sig sèr í lagi, þá yrði þetta til þess að slíta málin í sundur, og er þá auðsætt, að þetta getur valdið miklum málalengingum og tímatöf, af því þar við mundu fram koma tvennar umræður eða fleiri um hvert mál, sem svo væri farið með; þetta má því ekki eiga sèr stað sem leyfileg regla. Eg get ekki heldur sèð, að nefndin í þessu máli hafi haft neinar öldungis fullkomnar ástæður til að skipta málinu í tvennt. En eigi að síður verður því þó ekki neitað, að þessi kafli málsins, eða þetta atriði, sem nefndin hefir tekið út úr, er nokkuð annars eðlis en hitt, svo að það *má* skoða það sem sèrstaklegt mál; og af því hèr eru þessar sèrstaklegu ástæður fyrir hendi, hefi eg ekki sett mig á móti því, formsins vegna, að málinu að þessu sinni yrði þannig skipt, en eg álít það sem undantekning frá hinni almennu reglu. Framsögumaður málsins er þingmaður Borgfirðinga (Arnljótur Ólafsson) og mun hann lesa upp nefndarálitið og skýra þinginu frá málinu sem þörf gjörist.

Framsögumaður (*Arnljótur Ólafsson*): Eg skal leyfa mèr að lesa nefndarálitið:

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 295).

Eg veit ekki, hvort hinn háttvirti forseti og þingið álítur þess þurfa, að ræða fyrst meðferð þessa máls, eður það atriði, að málinu er skipt í sundur. Eg skal einungis leyfa mèr að taka það fram, sem knúði mig og nefndina til að fara þessa leið, og er það í stuttu máli, það samband, sem er milli þessa atriðis, sem hèr liggur fyrir, og hins aðalhlutans, sem eptir er. Þessi hluti málsins er hreint og beint innanþingsmál, sem má útkljá við amtmennina fyrir sunnan og vestan, en hinn hlutinn verður að ganga til stjórnarinnar í Danmörku og er efni í lagaboð. Það er og annað atriði, sem gjörir tvískiptinguna nauðsynlega, en það eru undirtektir amtmannanna; þær geta verið svo, að ekkert verði gjört við hinn hluta málsins, eins og þær líka geta verið á þá leið, að það sè brýn nauðsyn fyrir nefndina, að taka öðruvísi í málið, en hún nú þegar hefir hugsað sèr.

Forseti: Af því framsögumaður ekki var kominn á fund, þegar eg áðan lèt í ljósi fyrir þinginu álit mitt um þetta mál, skal eg geta þess, að það gekk í líka stefnu og það, er hann nú sagði. Eg gat þess þá, að hèr eru fyrir hendi nokkrar sèrstaklegar á-

stæður fyrir því, að undantekning megi gjöra og tvískipta málina, menn verða, eins og eg sagði áðan, að álíta það sem undantekning en ekki sem reglu.

Konungsfulltrúi: Eg skal ekki fara mörgum orðum um það, að hin heiðraða nefnd í þessu máli hefir farið óvenjulegan veg, með því að skipta málinu í sundur. Eg veit, að slíkt er skeð áður, þegar eitthvert mál eða einhver hluti þess þótti vera svo áríðandi, að ekki mætti bíða með meðferð þess, til þess að málið í heild sinni gæti orðið útkljáð. En eg get ekki séð, að það atriði fjárkláðamálsins, sem hin heiðraða nefnd nú leggur fyrir þingið, þurfi þessarar sérstaklegu meðferðar, því spursmálið um varðhald í sumar hefir ekki, nú sem stendur, neina praktiska þýðingu, það er að segja: Vörðurinn er, eptir því sem segir í nefndarálitinu, settur, og spursmálið, sem nú liggur fyrir í nefndarálitinu, en ekki um það, hvort honum eigi að framhalda, heldur einungis um kostnaðinn til hans, en þetta er að vísu, þó það geti verið af mikilli þýðingu fyrir hlutaðeigendur, sem hafa sett vörðinn, þýðingarlítið fyrir landið eða þingið.

Hvað málið sjálft snertir, skal eg geta þess, að þegar dómsmálastjórnin í brèfi frá 7. maí 1863 skoraði á stiptamtmanninn, að hann eptir samkomulagi við hina tvo amtmennina gjörði þær ráðstafanir, sem þörf væri á til þess, að skipaður yrði tryggilegur vörður til að varna útbreiðslu fjárkláðans, stóð svo á, að lög vantaði hèr í landinu um það, hvernig ætti að meðhöndla kláðann, og að þess vegna mörgu var skotið undir úrskurð yfirvaldanna, sem nú eptir að tilskipunin frá 5. janúar 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi eru komin út, ekki getur úrskurðazt á sama hátt og áður. Það er, held eg, öllum kunnugt, að tilskipunin ekki nafngreinir varðhald meðal þeirra ráðstafana, sem hún lögleiðir á móti kláðanum, og það er auðsætt, að með þessu er veruleg breyting gjörð á því, sem átti sèr stað árið 1863. Eg get ekki séð, að amtmennirnir nú sem stendur, hafi myndugleika til að skipa varðhald á kostnað jafnaðarsjóðanna, þegar ekki brýn nauðsyn eða öldungis «*extraordinære*» kringumstæður «*motivera*» slíkt; en þetta á sèr ekki stað nú í ár, því tilskipuninni hefir verið vandlega framfylgt, síðan hún var þinglesin, og það, að árangurinn enn þá ekki er orðinn full-ljós er ekki annað en það, sem menn hafa getað sagt sèr sjálfir. Það er þess vegna ekki neitt »*extraordinært*», heldur einungis það eptir tilskipuninni reglu-

lega ástand, sem nú á sèr stað. Eg held, að allir sèu mèr samdóma í því, að það er skylda yfirvaldanna ekki að brjóta lög en að beita þeim, og mèr þykir það efalaust, — eins og eg nýlega sagði —, að tilskipunin frá 5. janúar 1866 ekki heimilar varðhald eða leyfir amtmönnum að setja vörð upp á kostnað jafnaðarsjóðanna.

Hitt vil eg einnig taka fram, að hvorki hafa amtmennirnir komið sèr saman um það að setja vörð í sumar eða samþykkt það, að hann yrði settur, og þess vegna held eg að þeir, sem hafa sett vörðinn, án þess að amtmennirnir hafi samþykkt þessa ráðstöfun, eiga einir að borga þann kostnað, sem varðhaldið kann að hafa í för með sèr; þetta er samkvæmt bæði rètti og sanngirni, þar að auki er ástand jafnaðarsjóðanna nú sem stendur þannig, að þeir geta ekki borgað þenna kostnað — að minnsta kosti gildir þetta um jafnaðarsjóð Suðuramtsins.

Af þessum ástæðum held eg, að sú áskorun, sem nefndin stingur upp á, að gjörð verði til amtmannanna í Suður- og Vesturamtinu, ekki geti haft neinn árangur, því um það er eg fyllilega sannfærður, að þeir báðir vandlega hafa íhugað bæði málið sjálft, ástand jafnaðarsjóðanna, og skyldu sína, áður en þeir hafa fastráðið ekki að setja vörð í sumar; og að öðru leyti virðist mèr mál þetta, sem hèr liggur fyrir, vera alveg *administrativt* og þess vegna liggja fyrir utan verkahring þingsins; hafi amtmennirnir í þessu máli forsómað skyldu sína, þá getur þingið kvartað yfir því til stjórnarinnar; en þetta er sá einasti myndugleiki, sem veittur er þinginu í umboðslegum málefnum.

Bergur Thorberg: Þingið hefir í ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa fengið góða leiðbeiningu í máli þessu. Það getur eigi dulizt fyrir þinginu, hverjar undirtektir uppástungur nefndarinnar, ef þingið aðhyllist þær, muni fá frá amtmanninum í Suðuramtinu; eg skal einnig leyfa mèr að gefa þinginu tækifæri til að ganga úr skugga um, hverra undirtekta sè að vænta frá amtmanninum í Vesturamtinu. Eg skal geta þess, að mer þykir það undarlegt, að nefndin skuli ráða þinginu til að fara með mál þetta eins og það liggur fyrir til amtmannanna, því uppástungan fer fram á, að þeir eru beðnir að borga úr jafnaðarsjóðunum kostnaðinn við ráðstafanir, sem gjörðar hafa verið án þeirra tilhlutunar, sem þeir ekki hafa álítið nauðsynlegar, og sem þeir álíta, að ekki hafi meðhald í lögunum, og sem þeir þess vegna ekki hafa get-

að fallizt á. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók það fram, að það vantaði lagaheimild fyrir amtmennina að borga kostnað þann, er leiddi af því, að verðir væri settir, af jafnaðarsjóðunum; eg er sömu meiningar hèr um, og eg vil ganga einu feti lengra og segja, að það sè gagnstætt lögunum frá 5. jan, 1866. Í frumvarpinu til laga þessara, því er lagt var fyrir alþingi 1865, var ákvörðun um, að nokkuð af kostnaði þeim, sem orsakast af ráðstöfunum þeim, er gjöra þarf, þegar næmir fjársjúkdómar koma fyrir, skyldi borgast úr hlutaðeigandi jafnaðarsjóði, en þessa ákvörðun felldi alþingi og var hún því ekki tekin inn í lagaboðið. Það má því segja, að það sè móti lögum þessum, að nokkur kostnaður, er flýtur af fjársjúkdómunum sè borgaður af jafnaðarsjóðunum heldur ákveða lögin, að allur sá kostnaður, er þar af leiðir, borgist á annan hátt. Nefndin segir, að hèr sè brýn nauðsyn fyrir höndum; en menn verða vel að gá að því, að gefa ekki setningunni: «nauðsyn brýtur lög» of rúmt svið, því það gæti haft mjög ísjárverð eptirköst. Amtmennirnir í Suður- og Vestur umdæmunum hafa nákvæmlega borið sig saman um málefni þetta, og samkvæmt upplýsingum, byggðum á skýrslum, frá valinkunnum mönnum, er rannsakað hafa ástandið, hafa þeir komizt að þeirri niðurstöðu, að engin brýn nauðsyn væri til að skipa verði nú í sumar. Eg skal og geta þess, að það er því varúðarverðara fyrir amtmennina að setja vörð, sem amtmaðurinn í Norður- og Austurumdæminu á síðastliðnum vetri fór því á flot við dómsmálastjórnina, að hún skipaði svo fyrir, að vörður yrði settur, en stjórnin neitaði því, en bauð amtmönnunum að ráðgast um, hverjar ráðstafanir gjöra skyldi, ef ástandið versnaði, en eptir skýrslum valinkunnra manna, byggðum á rannsóknum, hefir það þvert á móti batnað, og slíkum skýrslum verður maður fremur að trúa en lausum fregnum að austan og norðan og vestan. Eg ímynda mèr, að þingið vilji ekki leiða embættismennina til þess, að breyta eptir því, sem er gagnstætt lögunum, og vona því, að það felli uppástungur nefndarinnar.

Framsögumaður: Eg get eigi neitað því, að mèr þykja undirtektir hins hæstvirta konungsfulltrúa og hins 3. konungkjörna þingmanns fremur þungar, en þetta er eins og hver annar kross, sem hver verður að bera, og þá er að reyna til að bera hann svo vel sem unnt er; með því og að lyktum verður spurt að því, hver bezt hafi borið sinn kross. Einhvern tíma verður sannarlega dómur upp kveðinn í þessu máli, og er þá vonandi, að ekki verði

einungis spurt um æsingar og flokkadrætti, heldur og um framkvæmdir, eður hvað hver hafi unnið til gagns í þessu máli. Hèr eru einkum tvö aðalatriði, sem eg vildi taka fram á þessu stigi málsins. Hið fyrra er þetta: Er Botnsvogavörðurinn *nauðsynlegur* eða ekki. Eg hefi ekkert enn þá heyrt sagt, og ekkert heyrt gjört, er gjöri hann ónauðsynlegan, og eptir ástandi kláðans nú á Suðurlandi að dæma, getur enginn kallað vörðinn ónauðsynlegan, hvorki eptir hinum almennu reglum kláða-erindsrekanna 14. sept. 1859 og brèfi þeirra 22. júní s. á., nè heldur eptir brèfi dómsmálastjórnarinnar frá 7. maí 1863. Hinn 3. konungkjörni þingmaður komst nú í berustu mótsögn við sjálfan sig í ræðu sinni, þar sem hann sagði, að ekki sè ráð að trúa fregnum að austan, sunnan, norðan og vestan, en fór þó sjálfur að tína til fregnir og skýrslur að sunnan, þótt hann sè sjálfur að vestan, og trúði sjálfur þessum fregnum. Sömuleiðis komst hann og í mótsögn við málið sjálft, þar sem hann talaði um amtmanninn fyrir norðan, því hann er þó í sannleika eins bær að dæma fyrir sitt amt, sem amtmaðurinn í Vesturumdæminu fyrir sitt; en allir vita nú, að skoðun þeirra og gjörðir í þessu máli eru alveg gagnstæðar. Meðan þeir herrar, amtmennirnir í Suður- og Vesturumdæminu ekki geta sýnt og sannað, að Botnsvogavörðurinn sè ónauðsynlegur, verða þeir að álíta hann nauðsynlegan, og þá verða þeir og — og það veit eg þeir gjöra með fúsum vilja — að beygja sig fyrir orðum og skipunum dómsmálastjórnarinnar, þó þeir eigi vilji beygja sig fyrir orðum og tilmælum þingsins nè þjóðarinnar. Önnur spurningin, sem eg vildi minnast á, er samband varðarins við lögin 5. jan. 1866. Mèr heyrðist eins og hinn háttvirti konungsfulltrúi, og þá *sjálfsagt líka* hinn 3. konungkjörni þingmaður telji sèr bannað að taka þátt í vörðum, samkvæmt lögum 5. jan 1866. Þetta virðist mèr þó vera undarlegt, þar sem þeir þó játa, að verðir í þessum skilningi, sem hèr ræðir um, eru eigi nefndir á nafn í lögunum. En liggur nú vörður þessi fyrir *utan* eða fyrir *innan* lögin frá 5. jan. 1866. Liggi vörðurinn fyrir *innan* lögin, þá er sjálfsagt, að 6. gr. laganna með orðunum: «aðskilnaði milli sjúks og grunaðs fjár», yfir grípur verði. Nefndin hefir nú hlífzt við að rannsaka, hvernig lögunum hingað til hefir verið beitt, og því vil eg leiða hjá mèr að tala um, hvort yfirvaldið hèr hafi gjört nægar og tryggar ráðstafanir til þess að halda hinu sjúka og grunaða fè aðskildu frá hinu heilbrigða, eptir 3. og 6. grein laganna; það á heldur ekki við á

þessu stigi málsins. Það er líka, eins og hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, hægt að kvarta seinna yfir aðgjörðum valdstjórnarinnar. En liggi nú vörðurinn fyrir *utan* lögin, og það vil eg ætla að sé, því bæði hefir verið sagt, og það með *fullum sanni*, að verðirnir væri eigi nefndir á nafn í tilskipun 5. jan. 1866, og svo er það auðsætt, að verðirnir og þær ráðstafanir, er að þeim lúta, ríða alls ekki í nokkurn *bága*, eður standa í nokkru »*Modsætningsforhold*« við tilskipunina, og þá eru verðirnir engan veginn af teknir með kláðalögunum, heldur standa óhaggaðir eptir boði dómsmálastjórnarinnar í brèfi hennar 7. maí 1863. En fyrst svo er, þá skil eg sannarlega ekkert í tali þeirra manna, er segja, að hlutteknìng amtmanna í vörðunum sè bönnuð eður jafnvel gagnstæð kláðalögunum.

Konungsfulltrúi: Eg skal svara hinum háttvirta framsögumanni upp á spursmál hans, og skal eg geta þess, að eg svara sem konungsfulltrúi hèr á þinginu, en ekki sem amtmaður í Suðuramtinu.

Hvað fyrra spursmálinu við víkur: Er vörðurinn nauðsynlegur eða ekki? þá skal eg skýrskota til þess, sem eg áður tók fram, að eg álít mál þetta alveg *administrativt*, og þar sem amtmennirnir í Vesturamtinu og Suðuramtinu ekki hafa álitið vörð þenna nauðsynlegan, þá er málið að því leyti útkljáð. En eins og eg áður sagði, þá liggur það á valdi þingsins að kvarta til stjórnarinnar yfir því, ef þinginu þykir amtmennirnir hafi í þessu efni forsómað skyldu sína.

Hvað hitt spursmálið snertir, hvort tilskip. 5. jan. 1866 heimili varðhald eða ekki, eða hvort varðhald liggur fyrir utan tilskipunina eða ekki, þá er það tvennt, bæði að tilskip. frá 5. jan. 1866, eins og eg áður sagði, ekki nafngreinir varðhald, og að það í ástæðunum, sem fylgdu frumvarpinu til þessarar tilskipunar, þegar það var lagt fyrir þingið, skýrt og beint er tekið fram, að stjórnin hefði ekki getað fallizt á að taka upp í frumvarpið ákvörðun um að skipa stöðugan vörð á takmörkunum milli hèraðanna. En þingið samþykkti frumvarpið, án þess að ráða til breytingar með tilliti til varðhaldsins, og eg fæ ekki betur sèð, en að þingið með þessu beinlínis hafi samþykkt það, að vörður ekki heyri til hinna lögskipuðu ráðstafana á móti fjárkláðanum.

Bergur Thorberg: Með tilliti til þess, að þingmaður Borgfirðinga sagði, að eg hefði komizt í mótsögn við sjálfan mig, þar

sem eg segði, að eigi mætti trúa lausum frèttum en tryði þeim þó sjálfur, þá er þetta eigi rètt; eg tók það fram, að eg byggði álit mitt á skýrslum valinkunnra manna, en ekki á sögum að utan og sunnan og það er engin mótsögn. Sömuleiðis sagði hann, að þar sem eg hefði minnzt á amtmanninn í Norður- og Austurumdæminu, þá hefði eg einnig komizt í mótsögn; en hinn háttvirti þingmaður verður að játa mèr því, að aðferð amtmannsins í Norðuramtinu getur ekki verið bindandi fyrir amtmanninn í Vesturamtinu, því þeir standa jafnhliða, og hèr er því engin mótsögn sem mèr verður gefin að sök.

Framsögumaður: Það var eins og hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður bæri nefndinni það á brýn, að hún færi eptir sögum að utan og sunnan. Þessu verð eg alveg að neita, og það finnast eigi spor til nokkurra sagna í nefndarálitinu; en hafi þingmaðurinn eigi bent orðum sínum til nefndarinnar, þá hefir hann í sannleika að eins kastað þeim lausum fram meðal þingmanna án þess þau skyldu nè gætu hitt nokkurn. Eg kalla það og tilhæfulausan áburð, er hann segir, að það líti svo út, sem nefndin vilji fá embættismenn til að víkja frá rèttum lagavegi; eg tek það eigi aptur fram, er eg hefi sýnt fram á um samband varðanna við lögin; vilji hann hrekja það, þá skal eg svara; en á meðan er það ástæðulaus áburður frá hans hlið. Það var satt, eins og við var að búast, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði um ástæðurnar fyrir stjórnarfrumvarpinu til laganna frá 5. jan. 1866; en með ástæðum frumvarpsins er ekki búin saga laganna. Hver sem les alþingistíðindin frá 1865, mun finna, að þingið innibatt verði undir orðum 6. gr. laganna; þessi skilningur er fyrst tekinn fram í nefndarálitinu, og þessi skilningur þingsins er tekinn fram í álitsskjalinu til konungs. En þetta atriði hefir stjórnin ekki tekið til greina, eða rèttara sagt gengið fram hjá því í ástæðunum við lögin; þessi þögn er þegjandi samþykki; en það vita allir, bæði lögfróðir og ólögfróðir, að þögnin kemur þó eðlilegar fram við hlutaðeiganda málsaðila, en við sjálfan sig. En að öðru leyti er mèr sama, hverja ályktun menn draga af þessari þögn, því endirinn verður jafnan sá: verðirnir eru annaðhvort fyrir *innan* eður *utan* tilsk. 5. jan. 1866.

Benidikt Sveinsson: Eg vona, að öllum sè það hugfast, sem eg sagði við inngangsumræðu þessa máls, að eg vil ekki bera neitt, og vil ekki að borið verði neitt það fram hèr í salnum, er veki

kapp eða æsingar í þessu máli; eg ætla þess vegna heldur ekki að fara út í hin einstöku atriði þess. Eg skal einungis taka það fram, að eg held, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi hafi öldungis rètt fyrir sèr í því, að lögin af 5. jan. 1866 gefi amtmönnunum hvorki bókstaflega nè eptir ástæðum og skilningi stjórnarinnar lagaheimild til þess að setja vörð á kostnað jafnaðarsjóðanna; og eg vil að eins bæta því við, að þessi lög ekki einu sinni *gjöri ráð fyrir* neinum *almennum vörðum*, eða *nauðsyn* þeirra. En orsökin til þess, að þetta ekki var beinlínis tekið fram af alþingi 1865, var sú, að þingið vildi við hafa alla tilhliðrunarsemi við stjórnina, en þó um leið gefa henni *bendingar* í þessa átt, og sýna fram á, að það væri almenn ósk Íslendinga, að *almennir* verðir væru *settir*, og *kostnaðurinn* til þeirra greiddur eptir hinum *sömu* reglum, sem tilskipunin inniheldur um meðferð sjúks fjár hjá einstökum mönnum, um *aðskilnað* og *lækningakostnað*. En þessi bending þingsins í ástæðunum, hefir orðið þýðingarlaus, og er hèr því, hvað hinn nú umbeðna varðkostnað snertir eigi í annað skjól að flýja en jafnaðarsjóðina. Spursmálið er þannig um það, að amtmennirnir úr suður og vesturumdæminu leggi úr jafnaðarsjóðum sínum sinn skerf móti Norðurlandi, sem ómótmælanlega hefir jafnan verið brjóstskjöldur landsins í kláðamálinu, til þess að borga enn á ný vörn gegn útbreiðslu kláðans að norðan og vestan. Þegar nú fulltrúar Íslendinga og þannig öll þjóðin fer þann bónarveg til amtmannanna og óbeinlínis stjórnarinnar, að þessi kostnaður verði lagður á jafnaðarsjóðina, þá skil eg ekki í, að amtmennirnir eða stjórnin *geti* tekið þeirri bón illa; Íslendingar fara hèr engan kröfuveg. Nei þeir fara þess að eins á leit, til að forðast meira volæði af kláðanum, en komið er, að gjald þetta verði lagt á þá *sjálfa*, og þessari bón álít eg, að stjórnin og amtmennirnir hafi enga sanna heimild að neita.

Konungsfulltrúi: Eg finn ekki ástæðu til að svara hinum háttvirta þingmanni Árnesinga öðru en því, að spursmál það, sem í dag liggur fyrir, er, eins eg sagði nýlega, þýðingarlítið, — því hæði er vörðurinn þegar settur í sumar, og honum verður líklega fram haldið; spursmál það, sem hèr er um að ræða er þess vegna einungis um endurborgun varðkostnaðarins.

Benidikt Sveinsson: Eg held hinn hæstvirti konungsfulltrú hafi misskilið orð mín; *einmitt af því* að vörðurinn er settur, og settur af að eins einni sýslu í Vesturamtinu og einni sýslu í

Suðuramtinu einmitt af þessari ástæðu, segi eg, er niðurstaða nefndarinnar um, að *allt amtið* taki þátt í kostnaði þeim, er stendur af verðinum í þessum tveim sýslum svo réttlát og sanngjörn; eg vil jafnvel segja, að bæn nefndarinnar sè réttlát, af þeirri ástæðu að heita má, að allt amtið sè «contraktmæssig» skuldbundið til að standa straum af verðinum, þó að eins ein sýsla í hverju þessara amta hafi tekizt hann á hendur, *því* Borgarfjarðarsýsla hefir sannarlega fyrir *allt Suðuramtið*, og *Mýrasýsla* hefir sannarlega fyrir *allt Vesturamtið* gjört það, sem allir amtsbúar vildu og áttu að gjöra. Eg vil því enn sem fyrr ámálga, að menn láti það eigi ásannast, að þetta mál sè gjört að kapps og flokkamáli, það ætti þvert á móti að verða að sættamáli, og það getur það svo bezt orðið, ef hvorki þingið, embættismenn landsins nè stjórnin, kasta slíkri bæn sem þessari fyrir fætur sèr.

Framsögumaður: Eg vil snúa mèr til hins háttvirta forseta og bera það undir hann, eptir því sem hann áður benti til, hvort eigi muni réttast, að svo vöxnu máli að bera undir atkvæði, hvort málið skuli eigi sent forsetaveginn til stiptamtmanns og amtmanns Vestfirðinga.

Bergur Thorberg: Út af því, sem hinn háttvirti þingmaður Árnesinga sagði, verð eg að segja það, að eg get ekki beðið stjórnina um að leggja á jafnaðarsjóðina, sem fullsett er á, að borga kostnað til ráðstafana, sem eg álít að ekki sèu nauðsynlegar. En ef öllum almenningi er svo um hugað um að fá þenna varðkostnað lagðan á sig, þá er eg viss um, að það verða engin vandræði úr því að fá kostnaðinn bættan með sjálfviljugum samskotum. Að öðru leyti virðist mèr hinn heiðraði þingmaður gjöra heldur mikið úr málefni þessu og gjöra það um of að allsherjarmáli landsins, því hèr er þó í þessu atriði málsins, eigi spursmál um annað en að borga nokkur hundruð ríkisdala.

Benidikt Sveinsson: Eg gjöri það nauðugur að svara hinni síðustu ræðu hins 3. konungkjörna þingmanns. Eg vil að vísu fúslega gefa honum það eptir, að jafnaðarsjóðirnir eru ekki ofsælir af sínu, og að þeir bera helzt of mikið; en hvað gelzt sanngjarnara úr jafnaðarsjóði en það, sem allir óska að verði á hann lagt; nú er svo um þessa verði; þó engin önnur skýrsla annars væri til um nauðsyn þessara varða, þá ætla eg að samhuga ósk allra fulltrúa Íslendinga á alþingi sè eins góð og betri en nokkur önnur skýrsla, sem amtmennirnir gætu haft í höndum um það, að

vörðurinn væri ekki nauðsynlegur. Þessar sýslur, sem nú setja vörðinn — gái menn vel að því —, hafa verið takmarkasýslur kláðans í 13 ár. Hversu mikið hafa þær liðið fyrir kláðann á þessum árum, til frelsis öllu landinu, það er æði miklu meiri kostnaður en það að borga 4—5 mönnum á Botnsvoga-varðstöðvunum. Enginn skal dirfast að segja, að þessir verðir sè haldnir af þrákelkni eður fyrir æsingarsakir; niðurskurðarmennirnir heimta eigi allt drepið niður; nei, þeir setja vörðinn á takmörkum kláðans, og lofa lækningamönnunum að reyna sig á lækningunum; þeir flytja vörðinn eptir því sem þeir sannfærast um að kláðinn upprætist, og þannig færðu þeir nýlega vörðinn um nærri heila sýslu, þar sem þeir fluttu varðstöðvarnar frá Skorradalsvatni til Botnsvoga. Það eina, sem hinar heilbrigðu sveitir heimta, er það, að kláðinn ekki útbreiðist til þeirra. Eg er því viss um, að öllum og því einnig amtmönnunum, hlýtur að finnast uppástunga nefndarinnar réttlát og hófleg; hèr er ekki genginn neinn umkvörtunarvegur heldur kurteysasti bónarvegur. Það er, segi eg, mesti misskilningur, að þingið með þessari bæn, vilji kvarta yfir valdsmönnum landsins, eða ráðstöfunum þeirra; nei, þinginu er að eins um það hugað, að firrast sundrungu milli alþingis og embættismanna landsins, sem hingað til hefir valdið öllum óhöppunum í málinu.

Framsögumaður: Eg ætla að leyfa mèr að hnýta ofurlitlum spotta aptan við það, sem eg áður hefi sagt, svo sem ofurlítið andsvar gegn því, er hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir sagt um vald þingsins í umboðslegum málum. Eg hefi haldið mèr við hina almennu ákvörðun í 1. gr. alþingistilsk. »og ráðstafanir«; en að öðru leyti vonast eg eptir, að eg fái á síðan það svar, er 69. gr. alþingistilsk. gefur mèr rètt til að heimta, en sem eg hefi hingað til saknað.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari undirbúningsumræðu lokið. Eg ímynda mèr, að hinum háttvirtu þingmönnum sè orðið það skiljanlegt af umræðunum, hvers svars þeir mega eiga von á, ef málinu verður vísað þann veg, sem nefndin hefir stungið upp á, svo það mætti heita óþarft að bera það undir atkvæði, nema þeir vildi sjá svarið sem menn kalla svart á hvítu. En af því eg ímynda mèr, að þetta muni vera ósk manna, þá vil eg biðja þingmenn að greiða atkvæði um, hvort þeir vilji, að farið sè að á þann veg, sem nefndin fer fram á, og leitað svars frá amtmönnunum.

Var því næst gengið til atkvæða, og samþykkt með 16 atkvæðum gegn 2, að leita skyldi svars frá amtmönnunum um málið, samkvæmt uppástungu nefndarinnar.

Forseti: Þar næst kemur til inngangsumræðu bænarskrá úr Vestur-Skaptafellssýslu um nýja skoðunargjörð á klaustrajörðum og Flögujörðum. Flutningsmaður hennar er hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga, og mun hann skýra málið fyrir þinginu, svo sem honum þykir þurfa.

Jón Guðmundsson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp bænarskrána.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 285).

Eg ætla fyrst að leyfa mèr að minnast þess, að það er eins ástatt með þessa bænarskrá og hina, sem kom inn á þingið um daginn frá kjördæmi mínu, og eg þá skýrði frá, að þær voru sendar á manntalsþingið, og undirskrifaðar þar, þó að þær sèu dagsettar á Hörgslandi. Bænarskrá sama efnis eins og sú, er hèr liggur nú fyrir, var eg flutningsmaður að á alþingi 1865, málefnið sjálft útlistaði eg þá, eins og alþingistíðindin 1865 sýna, en áður hafði það verið ítarlega rætt á þingi 1845, og að nokkru leyti 1847. Það var afráðið á þinginu 1865 að vísa máli þessu yfirvaldaveginn, eins og bænarskráin einnig fór fram á, og þó að það hafi að vísu engan árangur haft, enn sem komið er, þá vona eg þó, að það komist til fullrar rèttingar; en eg held samt, að það væri betra, að málinu væri enn vísað hinn sama veg frá þinginu, og gætu þá ef til vill komið fram þær ítarlegri skýrslur, er stjórninni kann að hafa þótt vanta, fyrst að jafnt svars og afsvars hefir þurft að bíða svo lengi. Á máli þessu stendur í stuttu máli þannig: Fáum árum síðar heldur en jarðabókin 1760 var fullgjörð, gjörði Skúli landfógeti Magnússon árið 1769, skoðunar- og skuldsetningargjörð yfir klaustrajarðirnar og Flögujarðir í Vestur-Skaptafellssýslu. Með þessari skoðunargjörð voru öll jarða-afgjöldin eða öll skuldsetning á tèðum jörðum hækkuð feykilega eigi að eins það sem ákveðið var í jarðabókinni 1760, heldur einnig langt fram yfir það sem forngildan hafði nokkru sinni verið á þeim jörðum; en það komst aldrei svo langt, að þessari skoðunargjörð væri fylgt í praxis, og því síður, að hún nokkru sinni næði lagagildi; því klaustralandsetarnir undu henni illa, og gjörðu almenna klögun yfir henni þá þegar beinlínis til konungs. Þetta gaf tilefni til konungsúrskurðar eður konungsbrèfs af 5. apr. (að mig minnir) 1774, er skipaði Birni

lögmanni Markússyni að gjöra nýja skoðunar- og skuldsetningargjörð, og er auðsætt, að skoðunargjörðin 1769 var þar með beinlínis felld úr gildi. En þessi nýja skoðunargjörð 1774 rèðist svo, að stjórnarráðið lýsti því yfir, að það treystist eigi til að bera hana undir konung til samþykkis eða staðfestingar; það mátti líka segja, að hèr skipti tvennum ósköpunum. Björn Markússon þræddi naumast neinn meðalveg í sinni skoðunargjörð og skuldsetningu þeirri, er þar með var ákveðin, og fór jafnvel langt niður úr allri forngildu, eins og skoðunargjörðin 1769 hafði yfirstigið hana. Skoðunargjörðin 1774 þótti þá einnig óhafandi, og var að vísu fjarstætt, að hún væri þar felld úr gildi, eins og hitt að hún næði staðfestingu konungs, og mun það að vísu hafa verið ráðgjört í stjórnarráðunum, þegar á hinum næstu árum, að láta nýrri skoðunargjörð verða framgengt, en hèr kom þá annað í milli og það var jarðeldurinn, er vall fram úr Skaptárgljúfri 1783; og eyddi hann mörgum jörðum um þau hèruð fyrir fullt og allt, en eyðilagði flestar jarðir meira og minna um öll hèröðin fyrir austan Mýrdalssand. Þetta skoðunargjörðamál lá því í salti fram til 1787; þá kom út nýr konungsúrskurður um að verða skyldi ný skoðunargjörð og skuldsetning á konungs- og klaustrajörðunum í Skaptafellssýslu, og fór hún fram á þeim árum. Skoðunargjörð þessi var gjörð af mestu vandvirkni og nákvæmni, og skuldsetning sú, er hún ákvað, mun eigi að eins mega álitast nærhæfis enn þann dag í dag, enda fór hún bil beggja í þeim uppástungum sínum milli skoðunargjörðanna 1769 og 1774, með hæfilegu tilliti til skemmda þeirra, er allflestar jarðirnar höfðu orðið fyrir af Skaptáreldinum 1783 og afleiðingum hans. Allt um það náði skoðunargjörðin frá 1787 heldur ekki konunglegri staðfestingu. Þar sem nú fyllstu ástæður þóttu til þess fyrir konungslandsetana þar um sveitir, að bera sig upp undan skuldsetningu skoðunargjörðarinnar 1769 þá þegar og *áður en* jarðirnar urðu fyrir tjóni því og áföllum, sem jarðeldurinn olli, þá sjá allir, að því minni ástæða var til þess að vilja gefa henni gildi *eptir* að eyðilegging þessi var gengin þar yfir hèröðin, og hinar einstöku jarðir. Enda lá hún í þagnargildi, og eins og þau hefði aldrei verið til í milli 40—50 ár frá því skoðunargjörðin 1787 var af gengin og þangað til um árin 1830. En um þau árin kom brèf frá rentukammerinu til umboðsmannanna, er skipaði þeim að fara beint eptir skoðunargjörðinni frá 1769, hve nær sem jarðir losnuðu; og þó að þessi rentukammerskipun virtist á engum rökum

byggð, þá hefir því samt verið fram fylgt, og er því eigi kynlegt, þótt menn hafi kvartað og kvarti enn undan þessari skuldsetningu jarðanna. Um árin 1839—47 veitti rentukammerið að vísu þá linun í eptirgjaldinu, að helmingur landskuldarinnar mátti borgast með 8 sk. alin, en hinn helmingurinn skyldi greiðast í ull, smjöri og tólg, eður með verðlagsskrár meðalverði þessara muna. En þetta kvað nú vera upphafið, og búið að setja alla landskuldina upp í landaura eður þá peningagjald eptir verðlagskrár meðalverði. Og þó að það kunni vel að vera, að eigi sè enn komin skuldsetningarupphæðin á allar jarðirnar beint eptir skoðunargjörðinni 1769, þá mun samt vera leitazt við því, eptir því sem jarðirnar losna. Og hvað sem um annað er þá, get eg til fært eina ástæðu og augljósa sönnun fyrir því, að umboðstekjurnar af klaustrajörðunum í Skaptafellssýslu hafi aukizt meir enn til helminga á hinum síðustu 20 árum; en að því skapi hafa þyngzt eptirgjöldin eptir jarðirnar á klaustralandsetunum yfir höfuð að tala. Um árin 1840—47 voru umboðstekjur mínar af Kirkjubæjarklaustri með Flögujörðum um 120 rd. árlega, og aldrei þar yfir að neinum mun; af Þykkvabæjarklaustri hafa þau sjálfsagt verið minni, því það klaustrið hefir jafnan verið heldur rýrara að tekjum; þau árin hafa því umboðsgjöldin, eður $^1/_6$ afgjaldanna verið að eins um 230—240 rd.; en það má sjá af þessa árs landshagsskýrslu, að þau eru orðin um 250 rd. árlega, og sýnir þetta ljóslega, að afgjöld þau, er á klaustralandsetanum liggja, eru orðin meiri en helmingi þyngri en þau voru fyrir 20 árum síðan.

Eg vil því mæla sterklega fram með því, að þingið vísi máli þessu með meðmælum sínum forsetaveginn til stiptamtmanns og hlutaðeigandi stjórnarráða, og vona eg, að það fái góðar undirtektir og afdrif.

Um hitt atriðið, er snertir landamerkin, finnst mèr síður ástæða til að fara á leit; vel veit eg það, að nóg stref er um rètt landamerki milli manna í Skaptafellssýslu, eins og víðar mun vera; en að þar sè eða hafi ekki til skamms tíma verið um nettt verulegt að ræða í þeim efnum, má sjá af því, að við jarðamatið nýja komu engi þrætulönd fram þar í sýslu, svo eg get ekki gjört svo mikið úr því atriði eða fylgt því sèrstaklega fram að svo komnu.

Benidikt Sveinsson: Mèr væri illa í ætt skotið, þar sem eg þó er Skaptfellingur, ef eg vildi eigi styðja þetta mál. Hinn heiðraði flutningsmaður bænarskrárinnar hafði líka beiðni fram að færa á

þingi 1865, og studdi þá málið kröptuglega, eg vil ekki segja með sömu ræðu, en það var sama hugsun í henni. En áður en gengið er til atkvæða um, hvort vísa skuli bænarskránni forsetaveginn til yfirvaldanna, óska eg, að hinn heiðraði flutningsmaður vildi gefa skýrslu um það, hverjar undirtektir málið hefir fengið hjá yfirvöldunum síðan 1865.

Jón Guðmundsson: Eg tók það áðan fram í ræðu minni, að ekki væri fyrir hendi neinar skýrslur um það, hverjar undirtektir málið hefði fengið. En eg gat þess um leið, að hlutaðeigandi stjórnarráði mundi eigi hafa þótt málið nógu upplýst.

Konungsfulltrúi: Mál þetta, sem af alþingi í hitt hið fyrra var vísað forsetsveginn til ráðstöfunar yfirvaldanna, er fyrst í gær komið til Suðuramtsins; eg skal leyfa mèr að lesa brèf það, sem fylgdi málinu frá hinum hæstvirta konungsfulltrúa á alþingi 1865:

Það hefir atvikazt svo, að mèr sem konungsfulltrúa á alþingi, hefir einhvern veginn yfirsèzt að senda stiptamtinu viðlagða bænarskrá frá Skaptafellssýslu, um að fengin verði á opinberan kostnað ný skoðunargjörð á klaustra- og Flögujörðum í Vestur-Skaptafellssýslu, er þingið vísaði forsetaveginn til hlutaðeigandi yfirvalda. Það verður nú ekki tekið aptur, sem orðið er, að því er drátt á málefni þessu snertir, en það er bót í máli, að það eptir kringumstæðunum ekki getur haft baga af biðinni.

Reykjavík, 17. júlí 1867.

Virðingarfyllst

Th. Jónasson.

Eg skal, þegar svona stendur á, skjóta því undir úrskurð hins háa þings, hvort það vill vísa bænarskránni án frekari umræðu forsetaveginn til hlutaðeigandi amtmanns, sem eg er viss um að muni láta rannsaka málið og þar eptir ráðstafa því, eptir því, sem þörf þykir.

Benidikt Sveinsson: Eg get eigi fundið annað, en að hinn hæstvirti konungsfulltrúi ráði til hins sama og flutningsmaður bænarskrárinnar. Og þótt eg fengi eigi þá skýrslu, er eg óskaði eptir, mun eg samt gefa atkvæði mitt fyrir, að málinu verði vísað forsetaveginn til yfirvaldanna.

Forseti: Þar ekki taka fleiri til máls, er þessari inngangsumræðu lokið. Það er enginn af þingmönnum, er óskað hafi, að nefnd verði sett; verður því leitað atkvæða um, hvort vísa skuli málinu til yfirvaldanna gegn um forseta þingsins.

Var því næst gengið til atkvæða og samþykkt með 15 atkvæðum, að vísa málinu forsetaveginn til yfirvaldanna.

Forseti: Eg skal geta þess, að konungsfulltrúi er genginn af fundi, og hefir sett í staðinn herra etazráð Þórð Jónasson. Sömuleiðis hafa tveir þingmenn hinn annar konungkjörni þingmaður og þingmaður Norður-Þingeyinga tilkynnt mèr, að þeir gætu eigi verið lengur á fundi.

Þá kemur næst til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um þjóðvegagjald. Hinn háttvirti þingmaður Rangvellinga er framsögumaður í málinu.

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 286.

Framsögumaður: Eg ætla þá fyrst að minnast á breytingaratkvæði það, er stendur undir tölul. 1. á atkvæðaskránni. Fyrri partur þess er alveg nýtt atriði, og er það í sjálfu sèr eigi svo óaðgengilegt, en mèr finnst það raunar hafa litla þýðingu; því þegar það er borið saman við 4. og 5. gr. vegabótatilskipunarinnar, og greinar þessar aptur bornar hvor saman við aðra; þá virðist tilgangurinn í 4. greininni um áætlunina að miklu leyti hverfa, því hvað þessa áætlun snertir, þá verður hún þýðingarlítil, þegar vegirnir verða boðnir upp eptir 5. gr., eða að öðrum kosti að sýslumaður hlýtur að semja við einstakan mann, ef aðgengilegt boð ekki fæst. Þessi samningur, og þessi boð, er sýslumaðurinn gjörir og samþykkir, hlýtur að vera svo bindandi fyrir amtmanninn, að honum sè næstum ófrávíkjanlegt. En viðvíkjandi hinum breytingaratkvæðunum skal eg geta þess, að mèr finnst þau að sönnu miða til að skýra uppástungu nefndarinnar en vera í rauninni óþarfi. Breytingaratkvæði þingmanns Borgfirðinga undir 2. tölul. mun eiga að miða til hins sama og nefndaruppástungan, og leitast við að skýra hana betur, sem mèr virðist þó harla lítið, og vera þess vegna líka óþarft. Sama er að segja um 3. tölul., að eg álít hann óþarfan, en af því hann fer einnig í sömu stefnu og uppástunga nefndarinnar, er eg ekki mótfallinn honum, þótt eg reyndar ímyndi mèr, að engum amtmanni detti í hug, að nefna tekjur þjóðveganna í öllu amtinu með einni tölu, heldur að minnsta kosti skýra frá, hve mikið hver sýsla og sveit hefir lagt til, og hvernig gjaldinu er varið í þeirri sveit og sýslu sem þar er brúkað það og það árið. Um viðauka-atkvæði þingmanns Borgfirðinga undir tölul. 5. get eg sagt það sama, að eg er ekki á móti því, að undanteknum þessum orðum, »eptir því sem föng eru til«, því þessi

orð finnast mèr nokkuð lin, og draga úr þessari krôfu. En að því leyti það grípur yfir tímann frá því lagaboðið kom út, þá væri slíkt æskilegt; því eg dreg ekki efa á, að næg föng sèu til að auglýsa reikningana fyrir þau árin, eptir reikningum þeim sem sýslumönnum ber að gefa til amtmanns samkvæmt 28.—29. grein vegabótatilskip. og eg efa engan veginn, að þeir hafi gefið undanfarin ár.

Eg skal svo eigi tala meira að sinni; að eins vil eg geta þess er eg áður hefi tekið fram, að eg er mótfallinn uppástungunni undir tölul. 7.

Konungsfulltrúi (*Þ. Jónasson*): Eg skal ekki fjölyrða um þessa atkvæðaskrá, en einungis leyfa mèr að taka fram, að mèr virðist það bæði ónauðsynlegt og jafnframt hljóta að verða bundið erfiðleikum og ómaki fyrir amtmennina, að gefa út skyrslu um vegabætur og vegagjörðir fyrir hvert ár, síðan vegabótatilskipunin varð að lögum, einkum ef skýrsla þessi á að verða eins nákvæm og atkvæðið undir tölulið 1. ætlaðist til, og eg get heldur ekki ætlað, að hlutaðeigandi amtmenn muni finna skyldu sína til, að fullnægja þessari krôfu, þó þingið fèllist á hana, sèrílagi þegar það athugast, að þeir, eptir því sem komið er fram undir umræðunum, enga lagaskyldu hafa haft til þess að birta á prenti reikninga yfir gjaldið til þjóðveganna.

Hvað atkvæðin undir tölulið 2. og 3. snertir, virðast þau eigi nauðsynleg, að því leyti sem þau eiga að vera til skilningsauka, en það getur ekki að öðru leyti verið neitt á móti því að aðhyllast þau.

Pètur Guðjónsson: Eg ætla að geta þess viðvíkjandi 1. tölul. að mèr er ekki ljóst hvað meint er með honum. Það eina er ljóst fyrir mèr, að eptir honum yrði yfirlitið svo yfirgripsmikið, að það gæti orðið nóg efni í heila bók upp á 10 eða 12 arkir, og yrði það að minni hyggju of mikill kostnaður fyrir vegabótasjóðinn, er hefir svo litlar tekjur, sem allir vita; eg verð því algjörlega að vera á móti þessari uppástungu. En aptur á móti vil eg gefa atkvæði mitt með 2. og 3. tölul. í sambandi við hinn 4.; en eg verð að halda því fast fram, að þessir reikningar nái ekki undir boðið frá 2. marz 1861. Af þeirri ástæðu verð eg og á móti 5. tölul., því það segir sig sjálft, að boð þetta snertir einungis þá menn, sem opinbera sjóði hafa undir höndum, og eiga að semja reikninga þeirra, og amtmönnunum verður því ekki gjört að skyldu að auglýsa reikningana, nema frá þeim tíma, að það er gjört að lög-

um. Eg hefi ekkert að segja móti 7. tölul. og ætla því að greiða atkvæði með honum.

Stefán Eiríksson: Eg hefi ekki talað fyrr í þessu máli og finn eg mèr því skylt, að láta í ljósi meiningu mína. Hvað aðalstefnu máls þessa viðvíkur, þá álít eg að það væri almenningi mjög kært að sjá glöggva reikninga yfir þjóðvegagjaldið bæði hvað gelzt úr hverjum einstökum hreppi og hverri sýslu, því þar með getur almenningur sèð, hvort vegagjaldið er allt notað eður ekki. Eg veit til þess í Skaptafellssýslu að það eru sumir hreppar sem hafa viljað fá vinnu en hafa ekki getað það vegna þess, að sjóðurinn er allur brúkaður, sem inn er kominn; og eptir því sem mèr er kunnugt, átti sýslumaðurinn í Skaptafellsýslum hjá sjóðnum í vor, víst 100 rd. eða meira. Hvað nú breytingaratkvæðin áhrærir, þá finnst mèr breytingaratkvæðið undir 1. tölul. fara í líka stefnu og nefndin, nema hvað það er yfirgripsmeira. Það getur verið, að það verði örðugt fyrir amtmennina að gefa reikninga þessa, eður að þeim þyki þeir nokkuð umfangsmiklir eptir þessu breytingaratkvæði, og eg get líka borið um það, að eptir skýrslum, sem farið hafa á milli stiptamtmannsins og sýslumannsins í Skaptafellsýslu, þá hefir þeim reglum, sem tilskipunin frá 15. marz 1861 ákveður, í 4. gr. verið þar stranglega fylgt, svo eg álít, að sú ákvörðun sem áminnzt breytingaratkvæði hefir inni að halda sè ekki nauðsynleg í tilliti til skyldna þeirra, sem ákveðnar eru í 4. gr. vegabótalaganna. Eg verð annars að lýsa því yfir, að sýslumaður Skaptfellinga hefir sýnt mikinn áhuga í máli þessu, og honum er annt um að koma því í það horf, sem við á, enda eru í Skaptafellssýslum víða komnir góðir vegakaflar, t. a. m. í Bæjar, Bjarnanes, Borgarhafnar og Dyrhólahrepp; þar eru komnar mjöggóðar brýr yfir svo kallað Reynishverfi, og einlæg brú frá Skagnesi vestur í Steigarháls og er sú brú mjög sómasamleg; um hin breytingaratkvæðin ætla eg ekki að tala en halda mèr til nefndaruppástungnanna þegar til atkvæðanna kemur.

Ólafur Sigurðsson: Það er mikið bágt, að þingmaður Borgfirðinga er genginn burt úr salnum, svo hann getur eigi haldið vörn uppi fyrir viðauka-atkvæði sínu. Mèr þykir það hafa verið dæmt nokkuð hart, því mèr finnst, að það sè í rauninni mjög hógvært. Eg held það sè hægt fyrir amtmennina að heimta skýrslur af hlutaðeigendum, hafi þeir eigi fengið þær svo greini-

legar sem þurfa þætti, og verð eg því að vera með þessu viðauka-atkvæði, því mèr finnst það í alla staði mjög sanngjarnt.

Jón Guðmundsson: Eg held, að það hafi ekki verið rèttur skilningur, sem hinn heiðraði framsögumaður vildi nú beita á 1. tölul. Honum fannst, að ef upppástungu nefndarinnar væri fylgt, þá kæmi allt það fram, sem 5. gr. í tilskipuninni áskilur, og væri þá 4. greinin í raunínni óþörf. Eg held, að hinn heiðraði þingmaður Austur-Skaptfellinga hafi haft rètt fyrir sèr, þar sem hann áleit, að tölulið þessum væri eigi ofaukið. Það var alls ekki meining mín, eins og þingmaður Gullbringusýslu hèlt, að amtmennirnir yrðu «skyldaðir til» að láta semja heila bók yfir reikningana, heldur að eins stutt yfirlit, eins og þess konar reikningar eru vanir að vera, yfir samþykktir háyfirvaldsins í byrjun ársins á vegabótagjörðum, í öllu amtinu. Vèr vitum um það hèr í suðuramtinu, að hver sýsla getur brúkað sitt vegabótagjald innan sýslu, en þar sem fjallvegir og öræfi liggja á milli sýslna, er ekkert gjört við þá. Þó það máske hafi verið nauðsynlegt að bæta vegina í Dyrhólahrepp og víðar í Skaptafellssýslu, þá væri þó eigi minni nauðsyn að bæta vegina yfir Hellisheiði og Svínahraun, og bæta brúna hjá Helli í Ölfusi; því fleiri fara þó um þann veg. Það er skrítið, og eg vil segja meira, það er alveg öfugt við anda og stefnu vegabótalaganna, ef það er álitið nóg og að lögunum sè fullnægt, ef að eins er rembzt við það að verja öllu vegabótagjaldinu í hverjum hreppi og hverri sýslu til að gjöra við vegina heima í sveitum, en ekkert er gjört við aðalvegina fyrir utan byggðina; því það er þó beinlínis tekið fram í 4. greininni, að fyrst skuli gjöra við þá vegi, sem sè verstir; og það eiga einmitt amtmennirnir að velja úr og ákveða, hvað af slíkum vegagjörðum nauðsynlegastar sè og liggi næst fyrir hendi. Þetta eiga *einnig* reikningarnir að bera með sèr eptir minni skoðun, og held eg þeir þyrftu ekki að verða neinum mun lengri, en fyrir það eða svarar hálfri örk, og gætu menn samt fengið af þeim glöggt yfirlit yfir vegabæturnar.

Eg verð að segja það um breytingaratkvæðin undir 2. og 3. tölul., að mèr finnast þau í sjálfu sèr meinlaus, en óþörf; það er æfinlega til tekið í jafnaðarsjóðareikningunum, hvað mikið gjaldið er úr hverri sýslu, enda þótt þetta sè eigi beinlínis tekið fram í konungsúrskurðinum frá 1861, og eins mundi verða um vegabótagjaldið úr hverri sýslu, ef þeir reikningar væri auglýstir á annað borð. Eg get ekki verið með 5. tölul., og kann eg sízt við hann

af öllum þessum breytingar- og viðauka-atkvæðum. Eg held það væri meiri en nóg, eptir því sem undirtektir þeirra tveggja amtmanna, sem hèr eru staddir, hafa komið fram, að vísa máli þessu forsetaveginn til háyfirvaldanna.

Torfi Einarsson: Hinn heiðraði þingmaður Austur-Skaptafellssýslu lýsti því yfir, að hann væri ánægður með nefndarálitið, en ekki veit eg, hvort það álit hans er óyggjandi. Það er allvíða að innansveitavegir hafa verið teknir fram yfir þjóðvegina, en það kemur af því, að margir eru þeir vegir innsveitis, sem menn eru neyddir til að halda við, t. a. m. vegir á annexíur, sem prestar eiga að fara; ef þeir eru þjóðvegir, en ekki endurbættir sem þjóðvegir, álítur enginn sèr skylt, að halda þeim við, og verða þeir þá brátt ófærir; af þessu kemur það, að allvíða verða fjallvegir á eptir innansveitavegum. Hvað tölulið 1. á atkvæðaskránni snertir, þá held eg, að ekki sè mikið unnið við hann, nema að meiri verða vafningar, þegar leita skal samþykkis amtmanns um áætlun sýslumanna; en nú vill enginn taka að sèr verkið með þeim skilmálum, og verður það því boðið upp; eg held þetta hafi litla þýðingu, eg mun því verða móti þessu breytingaratkvæði. Hinir tölul. innihalda að eins orðabreytingar, sem mèr finnast heldur bæta, en ganga í sömu stefnu og nefndin, og mun eg því gefa þeim atkvæði mitt.

Benidikt Sveinsson: Mèr þykir það leiðinlegt, að eg skuli eigi geta verið á sama máli og hinir heiðruðu þingmenn, sem þegar hafa mælt, og allrasízt föður breytingaratkvæðisins undir tölulið 1. á atkvæðaskránni; út af því vil eg leyfa mèr að skjóta því til hins háttvirta forseta, hvort þingið getur breytt því atkvæði, sem það þegar hefir staðfest; getur þingið, segi eg, greitt atkvæði um breytingaratkvæði, sem hnýtt er aptan í þeim skilmála, að því skuli mega víkja við á eptir. Eg ætla ekkert að fara að vefengja þetta breytingaratkvæði frekar, það væri heldur ekki drengilegt úr því höfundur þess má ekki mæla því lengur lið, en eg vona, að hinn háttvirti höfundur þess taki mèr það ekki illa upp, þó eg, vegna þessa skilmála, sem aptan við breytingaratkvæði hans er bætt, ekki geti greitt atkvæði um það. Annars finnst mèr bezta grundvallarstefnan koma fram hjá nefndinni sjálfri í þessu máli. Hún uppfyllir óskir þingsins, og mèr finnst vera ómögulegt að fara lengra en nefndin hefir gjört, án þess þó að fara of langt; mèr sýnist það vera öldungis rètt, sem hún fer á leit við amtmennina, því það lýsir hvorki oftrausti nè vantrausti til þeirra. Nefndin

hefir tekið til greina það sem þingið vildi, að sjást skyldi á þessu reikningságripi, það tvennt, upphæð þjóðvegagjaldsins, og hvernig því hafi verið varið. Ágrip þetta getur orðið bæði stutt og langt, það er satt, en hvar eru takmörkin? Ef ekkert vantraust til amtmanna á að koma fram, er eg óhræddur um, að það muni verða fullgreinilegt. Til þess enn fremur að skýra hugsun nefndarinnar, vil eg styðja töluliðina 2., 3. og 5. á atkvæðaskránni, því þeir fara í sömu stefnu og nefndin, án þess þó að fara út yfir þau takmörk, sem þinginu ber að gæta. Viðvíkjandi því sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að það mundi ýmsum vandkvæðum bundið, að semja aðra eins skýrslu, eins og viðauka-atkvæðið undir 5. tölulið fer fram á, þá finnst mèr þar vera farið svo sanngjarnlega og varlega að sem unnt er, þar stendur: »eptir því sem föng eru á»; þar í liggur að þeir gjöri þetta svo vel sem þeir geta og álíta haganlegt. Mèr sýnist þess vegna engin hætta fyrir þingið að fallast á uppástungur nefndarinnar með skýringum þeim, sem eru í töluliðunum 2., 3. og 5. Eg get að öðru leyti ekki skilið, hvernig hinn heiðraði þingmaður Gullbringusýslu fer að fallast á 7. tölulið, án þess að geta gjört sèr grein fyrir hinum 1.

Forseti: Hvað snertir formspursmál það, sem hinn háttvirti þingmaður Árnesinga setti fram, þá skal eg geta þess, að eg get ekkert ísjárvert sèð við skilyrði þetta, sem bæði á við 1. og 4. tölulið; því orðunum verður einungis vikið lítið eitt við, ef málinu verður vísað forsetaveginn til yfirvaldanna.

Arnljótur Ólafsson: Það er óþarfi fyrir mig að fara að halda vörn uppi fyrir viðauka-atkvæðum mínum; eg get skýrskotað til hins milda og rètta dóms, er hinn háttvirti þingmaður Árnesinga lagði á þau. Mín meining með þau var ekki önnur en sú, að taka skýrara fram það sem lá eins og fólgið eða dulið í uppástungu nefndarinnar. En það er þó eitt af viðauka-atkvæðum mínum, það sem er undir tölulið 2, sem eg álít fulla þörf á að taka fram, með því að eigi verður álitið, að það hafi legið fólgið í uppástungu nefndarinnar, það er að segja, hvaðan prentunarkostnaðinn eigi að taka. Eg fylgi þar sömu reglu, sem konungsúrskurðurinn 2. marz. 1861 hefir sett fyrir aðra opinbera sjóði, og þetta álít eg þurfi að taka beinlínis fram. En af þessu flýtur nú, að eg get ekki fallizt á 7. tölulið. Eg vil biðja menn að gæta þess, að þeir tveir amtmenn, sem hèr hafa átt kost á að tala, hafa sagt: Vèr höfum ekki auglýst reikninga yfir þjóðvegagjaldið, því það heyrir ekki undir konungs-

úrskurðinn 1861; þess vegna má ekki ganga þegjandi fram hjá kostnaðinum, því vèr getum þó eigi beðið amtmennina um að auglýsa skýrslu um vegabætur eptir konungsúrskurði þeim, sem þeir sjálfir segja, að eigi heimili þeim það. Það væri sannarlega að reyna til að afvegaleiða embættismenn til að brjóta lögin, eins og sagt hefir verið hèr í öðru máli í dag. Hvað 3. tölulið snertir, þá skal eg geta þess, að orðin: «í hverri sýslu» ættu að rèttu lagi að standa í niðurlagi greinarinnar, því þar við verður það ljóst að menn óska að sjá bæði upphæð gjaldsins í hverri sýslu og hvernig því hafi verið varið í hverri sýslu fyrir sig. Eg heyri sagt, að viðauka-atkvæði mitt undir tölulið 5 hafi fengið harðan dóm, þó eg ekki hafi sjálfur heyrt nema hinn væga og rèttláta dóm þingmanns Árnesinga. Eg vil nú spyrja þá sem eru vanir að gefa talnaskýrslur, hvort þeim þyki svo örðugt að gjöra það eptir því sem föng eru á, það er að segja eptir þeim *statitiske Data,* er þeir hafa. Vèr ættum þó að fá skýrslur yfir allar vegabætur frá upphafi þangað til nú, því það sjá allir, að það er mun fullkomnara heldur en að höggva svona niður í þær, og vegabæturnar eru þó ætíð til, og þess vegna eru þau föng til. Eg set nú sem svo, að hefði nú mál þetta eigi komið fyrir fyrr en eptir 20 ár frá því tilskipunin varð að lögum, og þá skyldi eigi hafa verið beðið um nema eins árs skýrslu, þá vantaði menn sjálfsagt allt hitt sem á undan var gengið. Eg veit, að hver sá maður, sem annars hefir nokkurn hug á skýrslum, vill eiga þær frá upphafi til enda, og hið sama gildir um þessar skýrslur. Hvað 1. tölulið snertir, þá fáum vèr eptir honum *tvöfalda* skýrslu. Fyrst á sem sè sýslumaður að gjöra áætlun, síðan á amtmaður að samþykkja hana, og hin fyrri skýrslan á að innihalda þessa *samþykktu áætlun.* En nú getur margt tálmað því, að hið áætlaða eður fyrirhugaða verði framkvæmt, svo sem veikindi, veðráttufar o. fl., og verður þá fyrsta skýrslan um *afráðnar* en *ekki framkvæmdar* vegabætur, og það er þó sitt hvað. Hin skýrslan verður um þær *framkvæmdu* vegabætur. Eg veit nú ekki til, að neitt sè unnið við þessar tvöföldu skýrslur; eg fyrir mitt leyti er vanur að byggja á því sem *gjört* er, og hneigist eg þess vegna frá skýrslum um það, sem á að gjöra, en verður á síðan ógjört (Jón Guðmundsson: Budget)? Það er góður hlutur þar sem það á við, en það er öðru máli að gegna um það, svo sem hèr er, þar sem margar tálmanir geta hindrað. Við ættum annars ekki að vera að gjöra

oss til af því að vera »constitutionelle», í þeim efnum, sem vèr ekki og enginn maður getur verið það. Það væri sannarlega allt annað mál, ef vèr værum eins og hinn heiðraði þingmaður Vestur-Skaptafellssýslu hefir líklega haldið, að ræða tekju- og útgjaldagreinir Íslands; en það sem hèr ræðir um er komið undir veðráttu og heilsufari manna, og það er hvorugt «constitutionelt».

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, er ályktarumræðu þessari lokið og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

1. Jón Guðmundsson; við þenna tölulið var viðhaft nafnakall.

»Já» sögðu:	»Nei» sögðu:
Eiríkur Kúld.	Halldór Kr. Friðriksson.
Björn Pètursson.	Arnljótur Ólafsson.
Jón Guðmundsson.	Benidikt Sveinsson.
Ólafur Pálsson.	Bergur Thorberg.
	Hjálmur Pètursson.
	Jón Bjarnason.
	Jón Pètursson.
	Jón Sigurðsson.
	Magnús Jónsson.
	Ólafur Sigurðsson.
	Pètur Guðjónsson.
	Pètur Pètursson.
	Sighvatur Árnason.
	Stefán Eiríksson.
	Stefán Jónsson.
	Sveinn Níelsson.
	Torfi Einarsson.

Og var þessi töluliður þannig felldur með 17 atkv. gegn 4.

2. Arnljótur Ólafsson; við þenna tölulið var viðhaft nafnakall.

»Já» sögðu:	»Nei» sögðu:
Eiríkur Kúld.	Halldór Kr. Friðriksson.
Arnljótur Ólafsson.	Jón Guðmundsson.
Benidikt Sveinsson.	Ólafur Pálsson.
Bergur Thorberg.	Pètur Pètursson.
Björn Pètursson.	
Hjálmur Pètursson.	
Jón Bjarnason.	
Jón Pètursson.	
Jón Sigurðsson.	

»Já sögðu:
Magnús Jónsson.
Ólafur Sigurðsson.
Pètur Guðjónsson.
Sighvatur Árnason.
Stefán Eiríksson.
Stefán Jónsson.
Sveinn Níelsson.
Torfi Einarsson.

Og var þessi töluliður þannig samþykktur með 17 atkv. gegn 4.

3. Sami; samþ. með 15 atkv. gegn 2.
4. Nefndin; með áorðnum breytingum, samþ. með 17 atkv. móti 3.
5. Arnljótur Ólafsson; við þenna tölulið var við haft nafnakall, og fèll það þannig:

»Já sögðu:	»Nei sögðu:
Arnljótur Ólafsson.	Eiríkur Kúld.
Benidikt Sveinsson	Halldór Kr. Friðriksson.
Björn Pètursson.	Bergur Thorberg.
Hjálmur Pètursson.	Jón Guðmundsson.
Jón Bjarnason.	Ólafur Pálsson.
Jón Pètursson.	Pètur Guðjónsson.
Jón Sigurðssou.	Pètur Pètursson.
Magnús Jónsson.	Sighvatur Árnason.
Ólafur Sigurðsson.	Stefán Eiríksson.
Stefán Jónsson.	Sveinn Níelsson.
Torfi Einarsson.	

Var þessi töluliður þannig samþ. með 11 atkv. móti 10.

6. Samþ. með 14 atkv. móti 6.
7. Jón Guðmundsson; fallið samkvæmt atkv.greiðslunni við tölul. 6.

Forseti: Þá kemur til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um viðskiptabækur kaupmanna; framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Snæfellinga.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 293—294.

Framsögumaður (*Sveinn Níelsson*): Að því er við kemur aðaluppástungu nefndarinnar, þá vil eg sjá, hvernig henni reiðir af, og ætla ekki að tala um hana. Eg kem þá að breytingaratkvæðinu undir tölulið 2., og þykir mèr það ógnarlega ónákvæmt, og finnst mèr það svo að segja vilja eyða öllu þessu máli; eg get ekki sèð, að þar sè neitt takmark milli þeirra, sem skilja dönsku

eða ekki skilja hana; enda þykir mèr bezt fara á því og enda sjálfsagt, að bækurnar sèu allar á sama máli; það væri líka gaman að vita, hver ætti að skera úr því, handa hverjum rita skyldi viðskiptabækur á öðru máli en íslenzku; eg verð að mæla á móti þessu breytingaratkvæði, því það bætir í engu tilliti málið. Hvað 3. tölulið snertir, þá held eg, að hvorki eg nè nefndin hafi á móti að taka hann með. Um vara-uppástunguna ætla eg ekki að tala, en halda mèr til þess, sem eg hefi áður sagt; óska eg svo helzt að gengið sè til atkvæða.

Arnljótur Ólafsson: Hinn háttvirti framsögumaður hefir eflaust misskilið breytingaratkvæði mitt, fyrst honum finnst það svo »ógnarlega ónákvæmt«. En má eg spyrja, hann þá? Hver skilningur er í vara-uppástungu hans sjálfs? Þar segir, að viðskiptabækur og reikningar skuli því að eins hafa sönnunarafl, að þær sèu ritaðar á íslenzka tungu. En á hverju er nú þetta byggt? Á rètti íslenskrar túngu? Nei engan veginn, heldur á mannrèttindum, það er að segja, að viðskiptabækur þessar geti eigi haft sönnunarafl móti þeim, sem ekki skilur eitt orð í þeim. Ef eg á að svara til skuldar, verð eg þó að minnsta kosti að skilja skuldakröfuna, svo eg viti, hvort eg hafi tekið út eður skuldi það sem í bókinni stendur eða ekki. Sem sagt, ef að framsögumaður skilur þessa ástæðu, þá finnur hann líka, að breytingaratkvæði mitt er ekki »*ógnarlega* ónákvæmt. Eg játa, að það er óviðfelldið, að kaupmenn skrifi t. a. m. sýslumönnum og sigldum prestum á dönsku, en hinum á íslenzku, en mannrèttindin gjöra þenna mismun. Hinn háttvirti framsögumaður veit víst vel, hverjir það eru, sem ekki eru skyldugir til eptir eldri og yngri konungsbrèfum að rita konungi bænarbrèf sín nè heldur að taka á móti embættisbrèfum á öðru máli en íslenzku, og viti hann það, þá á hann eigi örðugt með að draga línu milli þeirra og hinna; en ef hann getur það ekki, þá geta dómararnir gjört það.

Framsögumaður: Meiri partur af ræðu hins heiðraða þingmanns, er nú settist niður, finnst mèr nú reyndar ekki svaraverður. Eg vona, að hann þekki mig svo, að hann viti, að eg skil það sem hann setti fram í spurningum, og að eg skilji allt eins vel og hann, að þetta er byggt á mannrèttindum. Þessar línur, sem þingmaðinn var að tala um virðast mèr óþarfar (*Arnljótur Ólafsson:* framsögumaður bjó þær sjálfur til) Nei; það gjörði eg ekki, því eg myndaði enga flokka í þessu tilliti, heldur fór því fram að eitt

skyldi yfir alla ganga, en eg ætla ekki að fara í orðakíting um þetta. Nefndin vill hafa allar viðskiptabækurnar á sama máli, það er auðsèð af uppástungum hennar, og því get eg ekki skilið, að neinum geti verið kappsmál í að koma bókum þessum á 2 eða fleiri mál, því það eru fleiri þjóðir en Danir einir, sem geta haft verzlunarskipti við okkur og gæti þá hver brúkað sína tungu. Þannig gætum vèr fengið verzlunarviðskiptabækur á enska, frakkneska og þýzka tungu, sem fæstir mundu skilja, en að því má ætíð ganga vísu, að landsmenn allir skilji íslenzku; það er því eðlilegast og viðkunnanlegast og rèttast, að bækurnar sèu á því máli, sem allir skilja; eg skil eigi, hvernig nokkur Íslendingur getur fengið af sèr að vilja leitast við að traðka þessu máli, sem stefnir beint að framfarastigi í verzlunarsögu vorri. Hèr er þar að auki ekki farið mikils á leit; bón þessi er líka svo þjóðleg, að hún hefði engrar varnarræðu átt að þurfa með.

Eiríkur Kúld: Þótt hinn háttvirti framsögumaður aldrei nema hafi mælt fagurt fyrir uppástungu nefndarinnar, þá get eg fyrir það eigi gefið henni atkvæði mitt, með því hún fer því á flot, sem aldrei getur farið í góðu lagi. Uppástungu nefndarinnar hefir meðal annars verið talið það til gildis, að hún mundi halda lífinu í kontrabókum, en eg held, að það verði þvert á móti, og verði alls ekki til að koma þeim á, heldur til að eyðileggja þær, þar sem þær þó eru til. Í viðskiptabókunum hlýtur að koma fyrir grúi af orðum, sem íslenzkan alls eigi á til, svo að það er hrein frágangssök fyrir kaupmanninn að skrifa hana á íslenzku. Breytingaratkvæðið undir tölulið 2 tel eg öldungis óhafandi; eg skil eigi í því, hvernig menn eiga að vita, hverjir skilja aðra tungu en íslenzku, nema svo sè, að uppástungumaður ætlist til, að allir gangi undir eitthvert próf til þess að fá vitneskju um það, en þá er nú allbúið, að vandfenginn verði prófdómarinn. Kann ske hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hugsi sèr annan veg, svo sem að fá annaðhvort aukabók eða aukadálk í vanalega húsvitjunarbók prestsins(?!), þar sem taldir sèu þeir í sõfnuðinum, er numið hafi svo útlendar tungur, að óhætt sè að senda þeim kontrabókina á dönsku, ensku eða hvað útlenda málið nú annars kann að vera, og hafi svo verið, er leiðinlegt, að honum hefir gleymzt að koma með uppástungu um það.

Framsögumaður: Jafnvel þó fæst af því, sem enn hefir verið haft á móti uppástungu nefndarinnar, sè svaravert, vil eg þó svara

því nokkru; hvað snertir örðugleika þá, sem hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga fann á því, að íslenzka viðskiptabækurnar, þá verð eg að ætla, að honum hefði minna fundizt til þeirra hefði hann lesið nefndarálitið betur, en mèr nú heyrist hann hafi gjört; þar er það ljóst tekið fram, að ekki er til þess ætlazt, að farið sè að setja innlent nafn á hvern hlut, heldur einungis þá, sem slíku er auðvelt við að koma; það er enginn sem heimtar, að kaupmenn fari að smíða ný orð fyrir kaffi og tóbak o. s. frv.; þó þau sèu útlend, eru þau hèr alþekkt, slík lán frá einni tungu til annarar hafa ávallt viðgengizt og munu ávallt viðgangast, það veit hver ogeinn, sem nokkuð þekkir til málfræðissögunnar og hefir nokkra hugmynd um málfræði.

Benidikt Sveinsson: Athugasemdir þingmanns Barðstrendinga finnast mèr næsta lítilvægar; aptur kann eg nefndinni mikla þökk fyrir það, er hún hefir fundið hinn beinasta og greiðasta veg til þess, að íslenzk tunga á Íslandi fái þann rètt að vera viðhöfð í mikilvægum viðskiptum manna á milli hèr á landi.

Konungsfulltrúi (Þ. Jónasson): Eg verð að vera hinum heiðraða framsögumanni samdóma í því, að atkvæðið undir tölulið 2. eigi ekki við, heldur að það sè í alla staði rèttast, ef þingið, sem eg ekki efast um, aðhyllist bænarskrána, að viðskiptabækurnar sèu, hver sem í hlut á, samdar á íslensku.

Sú undantekning, sem atkvæðið undir tölulið 2 fer fram á, getur í praxis leitt til miskliða, þegar spursmál væri um það, hvort hlutaðeigandi hefði verið fullfær í málinu, og fyrir þær miskliðir er bezt að girða með því að gjöra regluna almenna, og leyfi eg mèr því að ráða þinginu frá að aðhyllast þetta breytingaratkvæði.

Björn Pètursson: Hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók það fullskýrt fram, og sýndi svo berlega, hvers vegna að 2. töluliður væri óhafandi, auk þess sem framsögumaður áður hafði tekið fram, að það er óþarft að taka það upp aptur. Eg ætla því ekki að tala um þenna tölulið nè heldur 3. tölulið, sem nefndin hefir samþykkt. Það er einungis ein mótbára móti vara-uppástungu nefndarinnar, sem kom fram frá þingmanni Barðstrendinga, sem ekki hefir verið svarað svo eg hafi tekið eptir. Mèr getur með engu móti skilizt, hvernig þingmaður Barðstrendinga fær það út, að vara-uppástunga nefndarinnar muni verða til þess, að enginn framar vildi hafa viðskiptabók; mèr finnst það liggja í augum uppi, að einmitt mundi fara þvert á móti, því öllum mun geta skilizt, að það er mikilsvert að hafa í höndum viðskiptabók, er hefir slíkt sönnunarafl, er

ráð er fyrir gert, og þætti mèr því líklegt, að hver og einn mundi setja það á við þann kaupmann, er hann ætti viðskipti við, að fá slíka bók, sem ekki heldur mundi verða fyrirstaða á, með því, að það hefir sömu þýðingu fyrir kaupmanninn sjálfan.

Ólafur Sigurðsson: Eg er einn af þeim, sem bæði vilja hlynna að hinni íslenzku tungu og líka viðskiptabókum, en bægja frá afreikningunum. Hvað sönnunarafl viðskiptabókanna snertir, var það eitt atriði, sem eg ekki man til, að nokkur hreifði við undirbúningsumræðuna, sem þó má ske ætti eigi illa við, að kæmi fram í umræðunum. Eg skil nefndarálitið svo, að hún ætlist til, að þær hafi þetta sönnunarafl því að eins, að þær bæði sèu ritaðar á íslenzku og líka *löggiltar,* eins og tilskipunin af 13. júní 1787 áskilur. Eg vildi að eins geta þessa, af því eg veit til, að margir kaupmenn eru farnir að vanrækja þessa skyldu sína.

Pètur Guðjónsson: Út af 3. breytingaratkvæði, að «og viðskiptareikningar» falli burt, verð eg að tala fáein orð. Hvar fyrir eiga afreikningar að vera undir öðrum kjörum en kontrabækur? Menn segja: Þeir geta ekki komizt hèr að, því þeirra er hvergi getið í tilskipun 13. júní 1787, en hèr til svara eg því, þeir hafa komizt að í praxi, og það svo, að þeir hafa nálega byggt út kontrabókunum, svo að eg ætla mèr muni óhætt að fullyrða, að nú sè varla 20. hver maður hèr á Suðurlandi, er hafi kontrabók, og tel eg það lítinn skaða, því að það eru mörg praktisk vandkvæði við kontrabækurnar, t. d. maður kemur í kaupstað, og bráðliggur á að fá eitthvað hjá kaupmanni, en hefir þá í svipinn hvorki vöru nè peninga móti að leggja, en kontrabókin er gleymd heima, eða hefir týnzt, svo að hann getur eigi fengið neitt, og er það stranglega tekið öldungis í eðli sínu. Mèr finnst því ísjárvert að fella undan viðskiptareikningana; það mun líka öllum skiljast, að menn engu fremur skilja afreikning á dönsku en kontrabókina á sama máli. Ef þingið fellst á þessa uppástungu, sem að öðru leyti snertir málefni, er ætti að vera og er í raun og veru svo prívat, sem verða má, þá er það sama sem að leggja nýjan skatt á kaupmenn og því bað þingmaður Barðstrendinga mig að skila til þingsins, með því að þeir þá yrði að fá sèr mann, er kann að snara verzlunarbókum þeirra á íslenzku.

Torfi Einarsson: Það er sýslumaður, sem á að löggilda viðskiptabókina en eigi kaupmaður; til þess nú að afreikningurinn hafi nokkra þýðingu, þá yrði sýslumaðurinn að löggilda hann, en

það mundi verða því nær ókljúfandi; finnst mèr því bezt, að afreikningarnir falli burt; með því fæst líka ein regla sem gengur yfir allt.

Stefán Jónsson: Það er auðsætt, að viðskiptareikningar geta að svo komnu eigi haft sama rètt og viðskiptabækur, því eins og fyrr var sagt er eigi talað um viðskiptareikninga í löggjöfinni 13. júní 1787, en til þess að gefa þeim sama sönnunarafl þyrfti því nýtt lagaboð, sem nú getur ekki komizt að. Þegar mönnum verður ljóst, að kontrabækur hafa þetta sönnunarafl, þá er það aðhald fyrir kaupmennina að láta af hendi slíkar bækur og líka að láta löggilda þær. Það er náttúrlegt, að þeir missi rètt sinn, sem týna kontrabókum, því það er þeirra eigin sök, skaðinn er ekki stór, þeir geta sjálfsagt fengið nýja bók hjá kaupmanni fyrir litla borgun. (Arnljótur Ólafsson tók optar fram í).

Forseti: Þingmaður Borgfirðinga hefir þann ósið, að vera sí og æ að grípa fram í ræður þingmanna. Þenna ósið vildi eg biðja hann að leggja niður.

Jón Pètursson: Eg gef atkvæði mitt fyrir tölulið 3. og 4. Framsögumaður tók fram, að nefndarálitið væri byggt á því sem ástæðu að gefa viðskiptabókum sem mest sönnunarafl við dómstólana. Það er líka auðsætt, að þær verða að hafa meira sönnunarafl, þegar þær eru ritaðar á íslenzku; því bændur sjá eigi á viðskiptabók ritaðri á útlendri tungu, danskri, enskri, þýzkri o. s. frv., hvað þar stendur, að þeir hafi átt að hafa tekið á móti og gefst því eigi kostur til að bera sig upp undan því, þó sitt hvað skakkt kunni að vera í þeim. Ekki er svo um viðskiptabækur, ritaðar á íslenzku; bóndinn skilur þær, og ef hann ekkert umtal gjörir út af þeim, má hann álítast að hafa samþykkt það með þögninni, er í þeim stendur. Einn þingmanna sagði, að það vær svo mýmörg orð, sem eigi yrði íslenzkuð. Ef þau hafa ekkert sèrskilt nafn fengið á íslenzku, má halda þeim óbreyttum, nafnið verður þá íslenzkt; t. d. orðið kaffi er orðið íslenzkt, sem hver maður skilur. Hvað viðskiptareikninga snertir, þá hafa þeir ekkert sèrskilt sönnunarafl. Einn þingmanna sagði, að viðskiptabók gæti bæði týnzt og gleymzt heima og hvernig ætti svo að að fara? Bóndinn fengi þá ekkert, ef hann ekki hefði hana með sèr, þegar hann kæmi í kaupstaðinn. En kaupmaðurinn á hægt með að bæta úr þessu. Ef hann vill, getur hann einlægt haft fyrirliggjandi margar viðskiptabækur, og miðlað þá bóndanum einni af þeim. Það hefir enginn beðið um, að afreikningar væri bannaðir, þeir geta viðhaldizt eins hèr eptir sem hingað til, en þeir hafa

heldur ekkert sönnunarafl, hvorki eptir eðli sínu nè löggjöfinni. Maður hefir enga vissu fyrir, að rètt sè tilfært í reikninginum, þó kaupmaður um árslok sendi hann; en í viðskiptabókina er jafnóðum innfært, og hún er einlægt í bóndans vörzlum, og honum gefst þá kostur á strax að hafa móti því, sem í hana er ritað, gjöri hann það ekki má álíta, að hann þegjandi hafi samþykkt það.

Halldór Kr. Friðriksson: Mèr finnst eigi um annað hèr að ræða en tölulið 4., því að með hinum töluliðunum hefir enginn mælt, og mèr skilst eigi betur, en að nefndin hafi sjálf, yfirgefið fyrri uppástungu sína. En um þessa 4. uppástungu vil eg geta þess, að eg vil vera með þingmanni Gullbringusýslu í því að halda í orðin: «og viðskiptareikninga»; eg er sannfærður um, að þótt þingið biðji að eins um, að lög komi um, að viðskiptabækur einar á íslenzku fái það sönnunarafl, sem gert er ráð fyrir í tilskipuninni 1787 og þótt stjórnin bjóði það, þá haldast eigi að síður við viðskiptareikningarnir. Aðaltilgangarinn er sá með uppástungunni, að bændur fái reikninga sína á því máli, sem þeir skilja, beint til þess, að sem minnst þras verði um viðskiptin. Hvort þetta verður nýr skattur á kaupmönnum, get eg eigi gjört mikið úr; flestir kaupmenn hafa auk þess einhvern þann í búð, sem kann íslenzku, og þeim er því engin vorkunn, að láta skrifa reikningana á íslenzku. Það er engin ástæða til þess að tala um, að ókleyft muni að leggja út á íslenzku hin útlendu nöfn á vörunum; það getur vel verið, að yfir margt af því finnist eigi forn orð, frá gullöld íslenzkunnar; en það heimtar enginn; en yfir margt eru þó íslenzk orð, og yfir hitt eru þó vissulega þau nöfn, sem ganga á milli kaupmanna og landsmanna, og meira þarf ekki. Menn segja, að viðskiptareikningarnir hafi ekkert sönnunarafl, en þetta er ekki rètt; nokkuð sönnunarafl hafa þeir, þar sem þeir eru eptirrit af löggiltri bók, enda þótt þeir hafi eigi fullt sönnunarafl eða sama sönnunarafl og viðskiptabækurnar. Um annan tölulið verð eg að segja það, að eg finn ekkert púður í honum, enda sannfærði ræða hins heiðraða uppástungumanns mig um, að hann sjálfur ekkert púður fann í honum, og ætla eg því, að sú uppástunga verði sjálfdauð.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg held að hinn 5. konungkjörni þingmaður, og þingmaður Gullbringusýslu, hafi alveg misskilið þetta mál. Þeir álíta sem sè, að lausir verzlunar viðskiptareikningar hafi og eigi að hafa sama sönnunargildi, sem löggiltar viðskiptabækur eða kontrabækur; en þessu er ekki þannig

varið, því að tilskipunin 13. júni 1787, gjörir einasta ráð fyrir löggiltum viðskiptabókum, en nefnir ekki á nafn þessa lausu kaupmannaseðla. Væri það því meiningin, að nauðsynlegt þætti, að slíkir seðlar hefði sama gildi sem kontrabækur, þá þyrfti að utvega til þess nýja laga-ákvörðun; en þetta held eg að hvorki sè ráðlegt nè heldur, að meining nefndarinnar hafi verið sú, að beina málinu í þá stefnu.

Forseti: Þar eð eigi taka fleiri til máls, bið eg að ganga til atkvæða:

Tölul.	1. felldur	með	14	atkv.	móti 4
—	2. —	—	20	—	— »
—	3. —	—	14	—	— 6
—	4. samþykktur	—	14	—	— 4

Eg verð að ítreka þá bón við þingmenn, að þeir komi á tilsettum tíma þegar fundur á að byrja á hverjum degi; sömuleiðis að þeir skirrist við svo mikið sem þeir geta, að biðja sèr orðlofs eða vera frá fundum, því þá getur hæglega farið svo, að eigi verði fundarfært, þar eð tilskipunin heimtar að þrír hlutar þingmanna sè á fundi, þegar atkvæði skal greiða.

Fundi slitið.

---

12. fundur. — 20. júlí.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið tilkynningu fra konungsfulltrua um, að hann sökum lasleika ekki geti mætt á fundi í dag, og er í stað hans mættur aðstoðarmaður hans, etazráð Þórður Jónasson.

Sömuleiðis hefir þingmaður Vestmanneyinga tilkynnt mèr, að hann sjái sèr eigi fært að mæta á fundi.

Síðan var þingbók lesin upp og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá fyrst til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið ákveður svo, uppástunga frá hinum 4. konungkjörna þingmanni um «að í Reykjavík verði stofnsett fast kennara-embætti í sögu landsins og fornfræðum Norðurlanda». Flutningsmaður þessa máls er uppástungumaður-

inn sjálfur, og mun hann gjöra grein fyrir uppástungunni og skýra hana fyrir þinginu.

Jón Pèturssonr: Eg skal þá leyfa mèr að lesa uppástunguna. (Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 311).

Eg ætla það muni ekki þurfa að mæla mikið fram með uppástungu þessari, því eg þykist vita, að þingmenn sèu sannfærðir um, hvílíkt nauðsynjamál þetta er fyrir landið og þjóðina. Mál þetta kom hèr til umræðu á þingi 1865, og er það að vísu satt, að eigi var sett nefnd í það þá, en það var að eins með mjög litlum atkvæðamun, eða 10 atkvæðum á móti 9, að það var fellt frá nefnd. Það er almennt viðurkennt, að vísindin sèu grundvöllur fyrir velmegun þjóðanna, og að hver sú þjóð, sem ekki hefir vísindi, má sín heldur ekki vel. Sú setning er óyggjandi, að því meira sem vísindin eflast hjá einhverri þjóð, því meir vex velmegun hennar. Það er að vísu satt, að vísindin eru ýmisleg; en þau vísindi, sem hvað mest efla þjóðirnar, er veraldarsagan; þekking í henni og einkum þekking í sögu síns eigin lands og þjóðar er eitt hið nauðsynlegasta fyrir hverja þjóð. Þá læra menn að þekkja fornöldina og fornmenn, í hverju þeim var ábótavant, hvort þjóð sinni hefir miðað áfram síðan, og eins hverjar orsakir eru til þess, hafi henni miðað aptur á bak, en eigi áfram. Meðan að Íslendingar voru frjálsir, blómgvuðust vísindin hjá þeim meir en annarstaðar, og urðu þeir því frægari en aðrar þjóðir einmitt fyrir vísindi sín, einkum vegna þekkingar á sögunni. Það væri því undarlegt, ef að vèr, afkomendur þeirra, ekki kynnum að meta neins þessi vísindi, þar sem aðrar þjóðir nú hafa þó svo miklar mætur á þeim. Eg er viss um, að enginn af þingmönnum vill láta segja það um sig, að hann láti sèr eigi annt um mál þetta. Það eina spursmál, sem hèr getur verið um að ræða, er, hvaðan taka skuli kostnaðinn, en það er ekki neitt, þótt vèr ættum að bera hann sjálfir. Því ef þessi vísindagrein væri kennd hèr, þá hefði landið jafnvel meiri ábata í peningalegu tilliti en 1600 rd., fyrir utan hinar andlegu framfarir, sem ekki verða metnar eptir peningum. Eg held, að ef fjárhagsaðskilnaður landsins kemst á, þá mundu landsmenn fúsir á að skjóta fè til þessa; og ef að þeir lètu þetta í ljósi við stjórnina, mundi hún leggja fèð til á meðan, þangað til hún gæti fengið það endurgoldið. Eg get ekki skilið í, að stjórnin vilji halda oss í *Barbarie,* ef eg mætti svo að orði kveða, og neita oss um, að koma á hèr á landi nokkurri menntunarstofnun.

Eg er langtum fremur fullviss um, að hún vill styðja hèr vísindin, og muni ekki horfa í fáeina dali í því tilliti, enda hefir hún sýnt það með því að styrkja til útgáfu ýmsra bóka, sem komið hafa út meðal vor, og ekki hafa verið eins þarflegar fyrir landið, sem þetta er.

Konungsfulltrúi (*Þórður Jónasson*): Þetta mál var borið upp á þinginu 1865, en hafði þar, eins og uppástungumaður sagði, hvergi nærri góðan byr, því þingið felldi uppástunguna. Kringumstæðurnar hafa síðan ekki breytzt, og að minnsta kosti ekki breytzt til hins betra, nema til hins lakara. Það er ekki tekið fram í uppástungunni, úr hverjum sjóði kennaralaunin eigi að greiða, en það yrði að borga þau annaðhvort úr ríkissjóðnum eða af landinu; að biðja um launin úr ríkissjóðnum, verð eg að álíta að yrði, eins og nú stendur á, árangurslaust, og því ekki farandi fram á það, en hvort landsmenn mundu vilja taka þessa borgun að sèr, veit eg ekki, en úr því getur þingið skorið. Mèr fyrir mitt leyti liggur við að efast um, að landsmenn, meðan svona stendur með fjárhagsmálið, mundu vilja taka að sèr að stofna hið umrædda kennara-embætti, hvað gott og gagnlegt sem það svo má álítast í sjálfu sèr. Eg get því ekki ráðið þinginu til að taka þetta mál fyrir, því eg álít, að tími sè ekki enn þá kominn til að bera það upp með von um árangur eða bænheyrslu.

Sveinn Skúlason: Eg man eptir því síðan 1865, er mál þetta var borið upp hèr á þingi, hvað mèr þótti það meinlegt, að eg hafði gengið allrasnöggvast fram á lestrarsalinn, en á meðan var málið útrætt og fellt frá nefnd; svo fljótt gekk það þá, enda hafa umræðurnar um það ekki tekið upp meira rúm í þingtíðindunum en 1 blaðsíðu, og vantar þó tvær línur á. Eg skil nú ekkert í þessu, því mèr finnst málið vera of stórt og of merkilegt til þess, að þingið hleypi því svo tilfinningarlaust fram hjá sèr, eins og það gjörði 1865. Eg held, að þingið hafi ekki athugað, hvaða þýðingu þessi stofnun hefir í þeim vísindum, sem haldið hafa uppi frægð Íslands frá alda-öðli. Því má eg spyrja, hverju er það að þakka, öðru en þessum vísindum, að Ísland, jafnlítið land og ómerkilegt, jafnkalt og harðbalalegt, eigi er alveg horfið úr meðvitund þjóðanna? Mèr finnst því, að Íslendingar eigi að gjöra sèr allt far um, að efla og styðja sem bezt þeir geta kennslu í þessum fræðum. Vèr höfum og dæmin hjá frændum vorum í Noregi. Síðan þeir fengu sjálfsforræði og jafnvel áður, hafa þeir á allar

lundir kostað kapps um, að efla fornfræðiskennslu og annað, er að henni lýtur, og lagt stórfè í sölurnar til þess. Það er líka víst, að það er ekkert það til, er betur veki þjóðarmeðvitundina, en nákvæm og stöðug iðkun sögu ættjarðarinnar. Eg vona að þingið hugsi sig nú betur um en 1865, og kasti eigi þessu máli frá sèr eins og þá. Viðvíkjandi því, er konungsfulltrúi sagði um kostnaðinn, að það hefði eigi breytzt til batnaðar með hann síðan 1865, þá held eg að megi segja um oss, að vèr höngum nú hèr um bil á sömu horriminni, og munum hanga það, þangað til vèr fáum fjárhaginn aðskilinn, og finnst mèr þingið hafa sömu skyldu, að láta eigi málið falla fyrir það.

Jón Hjaltalín: Eg vona, að þingmenn hafi tekið eptir því, að þegar bænarskrár hafa komið hèr inn á þingið, er haldið hafa einhverju því fram, er miðar til að efla almenna upplýsingu, þá hefi eg verið manna fúsastur til að styðja þær, og svo mun eg gjöra enn. Eg er nú samdóma hinum heiðraða uppástungumanni, að það væri illa farið fyrir oss Íslendingum, ef vèr vildum eigi meta að neinu svo mikilsvarðandi vísindi, sem hèr er um að ræða. Íslendingar geta staðið sig við að sloka niður í sig brennivín fyrir $1^1/_2$ tunnu gulls á hverju ári, en hafa þó ekki eða þykjast ekki hafa ráð til að verja nokkrum 100 dölum til nytsamra fyrirtækja, og þó eru hèr á landi um 70,000 manns. En ekki fyrir það, látum þá drekka, bara þeir vilji eitthvað borga. En það er þetta sama gamla viðkvæði, sem allt af gellur í eyrum vorum, að það sè ekki ástæða til þess núna. En má eg spyrja, hve nær kemur þessi ástæða, ef málinu er aldrei hreift? Eg verð að segja fyrir mig, að eg vantreysti ekki stjórninni um, að hún muni leggja fè til þessa, að minnsta kosti fyrst um sinn; því þetta er heldur ekki mál, er að eins snertir Ísland, heldur varðar það öll Norðurlönd. Eg skal ekki trúa því, að Íslendingar sèu orðnir þeir ættlerar nú, að vèr ekki þorum að feta í spor feðra vorra. Og eg get sagt mönnum það, að það er ekki vegna þjóðarinnar, er nú lifir, eða vegna vor, er sitjum hèr í salnum, að menn virða oss erlendis, heldur gjöra þeir það vegna forfeðra vorra og sögu þeirra. Eg ætla því að vona, að þingið gjöri sèr eigi þá skömm, að setja ekki nefnd í þetta mál.

Pètur Guðjónsson: Það er langt síðan eg lærði þetta spakmæli: »Geymdu hjarta þitt með allri virkt, þaðan kemur lífið»; eg kann líka annað, sem segir: «Geymt er ekki gleymt». Eg

játa það, að mál þetta er mikilsvarðandi, og vildi eg gjarnan hlynna að því, en eg álít, að meðan vèr ekki getum það sjálfir, þá eigum vèr eigi að leita hjálpar utan frá. Ef oss þykir þetta svo mikið áhugamál, álít eg að vèr eigum að geyma það, þangað til vèr getum sagt: «Hèr á skápurinn að standa».

Benidikt Sveinsson: Eg verð að lýsa því yfir, að það gladdi mig að heyra, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi kom þó eigi fram með annað móti þessu máli en *einmitt sömu ástæðurnar,* sem hann kom fram með móti öðru máli hèrna um daginn, nefnilega læknaskipunarmálinu, sem óneitanlega er eitthvert hið helzta *líkamlega* velferðarmál vor Íslendinga. Það gladdi mig, segi eg, að hann nú ekki kom fram með neinar ríkari ástæður móti þessu *andlega* velferðarmáli voru, en hann þá kom fram með á móti hinu *líkamlega*. Það gleður mig einnig, að hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður er þessu máli meðmæltur, og vona eg það sè góðs viti. Eg vil að eins athuga viðvíkjandi ræðu þingmannsins, að mèr virðist það heldur en ekki öfug aðferð, að vera að klifa á því hèr í salnum og gefa stjórninni undir vænginn, að vèr Íslendingar sèum svo sokknir niður í munað, og ofneyzlu, að vèr fyrir *þær* sakir eigi getum bætt úr þessum eða öðrum þörfum vorum. Þetta er, segi eg, sannarlega ekki sá rètti vegur til þess að beina Íslendingum eða stjórninni í rètta stefnu. En um leið og eg tek þetta fram um ræðu hins 2. konungkjörna þingmanns, þá þykist eg út af ummælum hins hæstvirta konungsfulltrúa um, að *þingið standi jafnvel ver að vígi með að fá fjárstyrk nú en í hitt eð fyrra,* þá þykist eg, segi eg, hafa fyllstu ástæðu til að krefjast skýrslu af hinum hæstvirta konungsfulltrúa um það, *hvers vegna* íslenzk mál standa *nú* ver að vígi hjá stjórninni en 1865. Eg ímynda mèr þó, að stjórnin þykist hafa gjört gott úr vondu, en ekki illt úr góðu, og eg skil því öldungis ekki, að vèr stöndum í nokkru tilliti ver að vígi nú en þá, hvorki í *andlegum* nè *líkamlegum* efnum.

Jón Hjaltalín: Þar sem eg áðan var að tala um, hvaðan taka mætti peningana, sem þarf til þessarar kennslu, þá má hinn heiðraði þingmaður Árnesinga ekki taka það svo, að eg hafi verið að lasta þjóðina. En það er hlægilegt að heyra allt af þessa sömu bjöllu gjalla í eyrum vorum: »Það vantar efni, það vantar peninga«. Eg fyrir mitt leyti hefi ekki það vantraust á stjórninni, að hún muni eigi vilja liðsinna oss í þessu máli, sem varðar öll

Norðurlönd. Það eru mörg dæmi til þess, að stjórnir í öðrum löndum styrkja slík mál, og það ekki að eins heima hjá sèr, heldur og hjá öðrum þjóðum. Eg vil nú sjá til að hvaða niðurstöðu nefndin kemst, því eg vona, að þingið gjöri það ekki tímanum til minnkunar að fella málið frá nefnd. Eg held það sè öldungis satt, sem hinn heiðraði uppástungumaður sagði, að vísindin sèu afl hverrar þjóðar; því ef vísindin hefðu verið vanrækt, þá hefðu menn ekki gufuskip, járnbrautir og *telegrapha;* og ef þær þjóðir, sem hafa mest af þessu, hefðu ekki viljað leggja fè til þess, væri það ekki komið í það lag hjá þeim, sem það nú er í.

Jón Pètursson: Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að stjórnin mundi ekki leggja fè til þessa, því kringumstæðurnar væri verri nú en 1865. Eg skal nú ekki dæma um, hvort þær eru verri nú, en þær voru þá; þingmaður Árnesinga hèlt, að menn eigi gætu sagt það enn. En eg álít mikið undir því komið, að málinu verði ekki frestað, því vèr höfum einmitt nú þá menn, sem eg álít að gætu lagt svo mikinn og góðan grundvöll, svo það væri mesta fásinna að fresta því, þangað til menn þessir væru undir lok liðnir.

Sveinn Níelsson: Eg stend nú ekki upp til að lýsa því yfir, að eg sè með máli þessu, og er eg þó fullkomlega sannfærður um, að það muni fá góðar undirtektir. Eg stend heldur ekki upp til að taka það upp aptur, sem búið er að taka svo vel fram, hve virðulegt og gott þetta mál er, og hve mjög það mundi prýða sögu vora, ef það kæmist fram; heldur stend eg upp til þess að taka það enn betur fram, er hinn heiðraði uppástungumaður talaði um, hvílík þörf er á að flýta þessu máli. Eg hefði gaman af að vita, hvað yrði úr mörgu máli, ef menn hefðu það ávallt fyrir reglu að bíða eptir morgundeginum. Má eg spyrja, hvað á lengi að vera að safna til sögu Íslands. Hvað lengi eiga menn að vera að hrúga saman í þessa ruslakistu? Eða á að bíða eptir því, að kvikni í henni og allt brenni upp, sem safnað hefir verið eins og alkunn dæmin, og það ekki svo ýkja gömul, sýna að getur að borið? Eg gjöri ekki svo mikið úr kostnaðinum, þegar um slíkt fyrirtæki er að gjöra, að það atriði ætti að vera fráfælandi. Eg óska opt í huga mèr og sú ósk og löngun kviknar ætíð hjá mèr, þegar eg sè eitthvað nýtilegt, sem heyrir til sögu Íslands, að einhver vildi vekjast upp til þess að semja söguna, því mig langar til að lifa svo lengi, að eg sjái hana vel og greinilega niðurraðaða og samda.

Eg held og að engum geti fundizt, að mál þetta sè nú í ótíma upp borið eða það komi ekki þjóðinni við.

Eiríkur Kúld: Eg skal ekki lengja umræðurnar, því það hafa þegar 8 talað í máli þessu, og eigi nema einn af þeim á móti því, en það var hinn heiðraði þingmaður fyrir Gullbringusyslu. Hann kvaðst að vísu vilja hlynna að málinu. en hann yrði samt að vera á móti því í þetta sinn, að nefnd yrði sett í það, heldur ætti mál þetta að bíða, þangað til fjárhagsmálið væri komið í kring og útkljáð. En þá vil eg spyrja hann, hvað lengi eigum vèr þá að bíða, eða getur hann sagt mèr, hve nær verður fjárhagur Íslands og Danmerkur alveg aðskilinn? Nær kemur sá tími, að vèr getum sagt, eins og hann sagði: »Hèr stendur skápurinn?». Eg get ekki sèð neina nauðsyn til, að leggja mál þetta eins og fleira er oss ríður á, á hylluna, þangað til vèr fáum fjárhagsaðskilnaðinn, því eg efast eigi um, að stjórnin vilji og finni enn meiri ástæðu til að styrkja þetta góða mál af sameiginlegu fè, einmitt af því, að fjárhagurinn eigi enn er aðskilinn. Hann færði til grein úr ritningunni, en eg kann líka aðra grein úr henni, sem allt eins á hèr við, eins og sú sem hann tók til, og hún er þessi: »Biðjið, og þreytist ekki». Eg sting því upp á, að sett verði 3 manna nefnd í málið.

Pètur Guðjónsson: Spursmáli því, er hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga beindi að mèr, hefir þingmaðurinn, er talaði næst á undan honum, svarað. Þegar einhver kemur fram með sögu Íslands, þá er tími til að styrkja þann mann, og þá er fyrst hvöt fyrir stjórnina að taka hann á arma sèr. Nú held eg, að ekki sè tími kominn til að fara með málið til stjórnarinnar, því það yrði árangurslaust, og er eg því á móti því, að nefnd verði sett í það.

Arnljótur Ólafsson: Eg er nú einn af þeim, sem vona, að allir þingmenn vilji styðja þetta mál. Hèr er að eins að gjöra um það tvennt: Er þetta mál svo mikið nauðsynjamál, að vèr eigum að styðja það? Og er það ósk þjóðarinnar, sem vèr biðjum hèr um? Það verða allir þingmenn að játa hið fyrra, að það sè nauðsynlegt, að fá færan mann til að kenna þessi fræði, því þessari nauðsyn var játað hèr í salnum í gær, er vèr báðum um, að hlynnt væri að rètti íslenzkrar tungu, því hvað verndar betur og fullkomlegar rètt tungu vorrar og þjóðerni, en kennsla í vorum fornu fræðum? Sumir eru á móti því, að nefnd verði sett í mál-

ið, af því oss vanti fè til að launa kennaranum, af því vèr sèum enn eigi búnir að fá fjárhagsaðskilnaðinn, og það sè svo hart, að vera að biðja Danastjórn um fè. En hvað liggur nú í þessum orðum og þessari hugsun? Mèr finnst þau lýsa svo miklu vantrausti á stjórninni í öllum nauðsynjamálum vorum, er fè þarf til, að enginn konungkiörinn maður og sízt konungsfulltrúi ætti að láta sèr slík orð um munn fara. En þótt Danastjórn sè eigi örlát, þá er hún samt ekki svo nízk, að eg sem fulltrúi þjóðarinnar geti verið þekktur fyrir að tala slíkt, hvað þá konungsfulltrúi. Eg álít því, að vèr eigum að treysta stjórninni og biðja hana að styrkja oss í öllum þeim málum, er hún styrkir í Danmörku úr ríkissjóði; en það er hennar, hvort hún liðsinnir oss eða ekki. Eg ræð því til, að nefnd verði sett í málið.

Sveinn Níelsson: Eg vildi að eins leiðrètta það hjá þingmanni Gullbringusýslu, er hann sagði, að eg hefði talað. Eg sagði aldrei, að sá, sem semdi sögu landsins, ætti að vera búinn að semja söguna eða eins og að »recommandera» sig með því til að fá þetta hèr um rædda embætti, heldur hitt, að launin ættu að gjöra honum mögulegt að safna til hennar og rita hana, svo hún gæti orðið sem bezt úr garði gjörð.

Pètur Guðjónsson: Eg hefi ekki hermt það, en þingmaðurinn kom við það í ræðu sinni, sem er reynsla allra þjóða. Vèr þurfum ekki annað en skoða söguna til að sjá, að þegar einhver hefir fundið upp eitthvað nýtt og nytsamlegt, þá eru það einhverjir prívatmenn, sem orðið hafa til að styrkja það. Má eg spyrja, hafði stjórnin á Englandi nokkuð gjört til þess, að koma þar upp gufu-afli? Nei, en hún fór fyrst að styðja það, þegar hún sá að það dugði, en áður voru það allt prívatmenn, sem styrktu það. Það er því og verður mín meining, að þegar einhver maður hefir sýnt sig framúrskarandi í þessu, þá sè fyrst tími til fyrir þingið að styðja þann mann, og þá mun stjórnin gjöra það líka.

Sveinn Skúlason: Það var nærri því hlægileg mótbára, sem þingmaður Gullbringusýslu kom fram með. Hann ætlast til, að einhver maður verji öllum kröptum og öllu lífi sínu til þessa, og þegar það loks er búið, þá fái hann fyrst einhvern styrk. Það var líka fjarri lagi dæmið sem hann tók, þar sem hann talaði um gufu-aflið á Englandi; því hann hefði átt að geta um alla þá, sem hafa verið að hugsa um þetta alla æfi sína, varið aleigu sinni í þess þarfir, en dáið þó í fátækt, og orðið hungurmorða þrátt fyrir

vit sitt. Eg held það sè óðs manns æði að halda, að nokkur maður í jafnfátæku landi, og Ísland er, muni stunda og geti stundað sögu þess til hlítar, án þess að fá nokkuð í aðra hönd.

Halldór Kristján Friðriksson: Eg ætla nú ekkert að tala um hverjar undirtektir stjórnin muni veita máli þessu, en hitt vil eg segja, að það er beinlínis skylda alþingis, að setja nefnd í því, ef það telur málið þess vert, að því sè gaumur gefandi. Hèr er ekki verið að spyrja um, að hvaða niðurstöðu nefndin muni komast, heldur um það, hvort málið sè svo mikils vert, að þingið eigi að taka það til meðferðar, og það getur þó sannarlega enginn efi verið á því um þetta mál. Mèr þykir það nokkuð undarlegur skilmáli, sem þingmaður Gullbringusýslu vill setja, að ekki eigi að bera þessa uppástungu fram, fyrr en einhver hafi sýnt sig framúrskarandi í þessum vísindum, það er að segja, að hann sè búinn að semja sögu Íslands, en hvernig getur hann ætlazt til, að nokkur verji eða geti varið til þess öllum efnum og öllum tíma sínum í þeirri von, að hann kunni að fá launin eptir á; hann veit þó, að margur verður að sleppa því fram hjá sèr, sem hann bæði hefir vilja og vit til að gjöra, af því að hann neyðist til að verja tíma sínum til annars, af því að hann hefir eigi efni til þess, en þarf að afla sèr fjár til daglegra nauðsynja sinna. Það er að vísu að nokkru leyti rètt, sem hann segir; maður þessi þyrfti að hafa sýnt sýnishorn nokkuð (*Pètur Guðjónsson:* Það er líka mín meining), og vèr höfum nóg af þeim mönnum, sem það hafa gjört. Eg vil biðja þingmanninn hugsa um, hvernig gufuvèlin komst upp á Englandi; hversu margir höfðu ekki eytt öllum tíma sínum og öllu sínu fè, þótt efnaðir væru til þess að finna hana, og dóu svo að lokunum í fátækt og örbyrgð; og hvernig hefði farið fyrir Fulton, sem var kominn á húsgangsþrömina, ef efnamenn hefðu ekki hlaupið undir bagga með honum.

Pètur Pètursson: Af því að eg óttast fyrir, að umræður þessar fari nú bráðum að höggva skarð í þau árslaun, sem stungið er upp á fyrir þenna embættismann og verða býsna kostnaðarsamar fyrir landið, og mèr finnst ekki eiga við nú þegar að tala svo ýtarlega um, kostnaðinn, vil eg leyfa mèr að skjóta því til hins háttvirta forseta, hvort ekki megi ganga til nefndarkosningar, með því enginn hefir mælt á móti, að málið yrði tekið til meðferðar.

Forseti: Þar eð enginn hefir mælt á móti nefnd, en stungið hefir verið upp á þriggja manna nefnd, skal eg skjóta því til atkvæða þingsins, hvort svo skuli vera.

Var þá gengið til atkvæða og það samþykkt með 22 atkvæðum að kjósa skyldi þriggja manna nefnd.

Voru síðan þessir kosnir:

Jón Þórsson með 20 atkv.
Sveinn Skúlason — 9
Þórður Guðjónsson — 8

Forseti: Þá kemur til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um gufuskipsferðir kringum Ísland; framsögumaður er þingmaður Norður-Þingeyinga.

Framsögumaður (*Sveinn Skúlason*): Mál þetta fékk svo góðar undirtektir hér við undirbúningsumræðuna bæði frá hinum hæstvirta konungsfulltrúa og frá þingmannabekkjunum, að eg þarf ekki að fara um það mörgum orðum; eg ætla því einungis að tala um breytingaratkvæðin, sem framsögumaður, fyrir hönd mína og nefndarinnar. Hvað þá breytingaratkvæðið undir 1. tölulið snertir, þá hefir nefndin víst ekki neitt sérlegt á móti því; en mér finnst það ónauðsynlegt, því það liggur í hlutarins eðli, að svo verði gjört sem það fer fram á; stjórnin hlýtur að sjá, að það er nauðsynlegt að láta almenning vita nákvæmlega um ferðir skipsins, svo það verði notað og fyrirtækið borgi sig, en það er annað sem eg hefi á móti því, sem er það, að það er óheppilega orðað til þess að koma inn í greinina; en ef hinn háttvirti forseti álítur það sem orðabreyting, er laga megi, þá hefi eg ekkert á móti því. Hvað tölul. 2. snertir, þá vona eg, að þinginu sé það skiljanlegt, að hann sé óhafandi. Ef amtmennirnir ættu að ákveða ferðir skipsins mundi það verða miklum vandkvæðum bundið, því hver þeirra mundi toga ferðir skipsins eptir megni til síns amts, og yrði svo einber hráskinnsleikur úr öllu saman. Viðvíkjandi 3. og 4. tölul., þá stendur mér hér um bil á sama hvor þeirra er, en þó vil eg heldur hallast að tölulið 4., því hann er samkvæmur bænarskránni, og, að eg hygg, vilja þjóðar og þings. Báðir endurbæta þeir 1. niðurlagsatriði nefndarinnar. Ef annarhvor þeirra verður tekinn, er 6. töluliður hér um bil sjálffallinn. Eg verð að vera móti 7. og 8. tölulið, af því þeir eru óþarfir. Allt þess konar verður ákveðið í reglugjörð stjórnarinnar. Það er heldur ekki hægt að hnýta þeim aptan við svo að það verði rétt í máli, nema með eintómum «og»; enda eru þeir þarflausir. Móti viðauka-uppástungunni undir tölulið 10 komu fram nokkur mótmæli við undirbúningsumræðuna. Nefndin játar, að henni hafi yfirsézt, ekki að

taka til neitt árabil, og þess vegna hefir hún nú bætt við viðauka-atkvæði, sem er 11. tölnliður á atkvæðaskránni; eg held því, að þeir sem mæltu á móti þá, geti nú orðið nefndinni samdóma. Nefndin kann betur við þetta en 12. tölulið; hún vill heldur hafa vissa áratölu en binda þetta við fjárhagsaðskilnaðinn, því að það verður þægilegra fyrir stjórnina að semja við gufuskipseigendur um 5 ára tímabil, viðlíka og er um gufuskipið milli Íslands og Danmerkur.

Stefán Eiríksson: Eg ætla nú ekki að tala mikið fyrir viðauka-atkvæðum mínum, þau hafa líka fengið mildan dóm, hjá framsögumanni. Tilgangur minn var einungis að styðja málið, og eg óska, að það gæti fengið sem heppilegust afdrif, því það er eins og opt hefir verið tekið fram eitt af velferðarmálum landsins. Hinn heiðraði framsögumaður sagði að, ef 3. og 4. tölul. yrði tekinn, þá væri 6. liður fallinn, eg held þó ekki að töluliður 6 sè fallinn eða með öllu ónauðsynlegur, því þó að í 3. og 4. tölul. sè talað um löggiltar hafnir, þá er þó ekki tekið til, hvort þar skuli vera byggt eða ekki, og það liggur þó í augum uppi, að það er gagnslaust fyrir gufuskipið að koma á þær hafnir, sem ekki er farið að byggja á verzlunarhús. Á móti 7. og 8. tölulið hafði framsögumaður ekki annað en það að bæta þyrfti »og« inn í, og er það víst vinnandi verk. Ef að nú gufuskipið kemur hvorki á Papós nè í Vestmannaeyjar, þá er loku fyrir skotið, að Skaptafellssýsla og Rangárvallasýsla hafi nokkur not af milliferðum þess, því ekki vita Skaptfellingar mikið af þó það komi á Djúpavog, því síðan verzlunin kom á Papós eru engar samgöngur milli Múlasýslna og Skaptafellssýslna.

Magnús Jónsson: Mèr finnst breytingaratkvæði mitt hafa fengið nokkuð harðan dóm hjá framsögumanni; það átti að miða til þess að skýra nákvæmar nefndarálitið og gefa málefninu ljósa og fasta stefnu, því mèr finnst meiningin ekki koma sem heppilegast eða vel fram. Eg vil spyrja: Hver á að ráða fyrir þessari «högun» (*Sveinn Skúlason:* Stjórnin), nú. Ætli hún sè kunnugri landshögum okkar og háttum en amtmennirnir? og þar að auki geta þessir hagir og hættir breytzt á stuttum tíma, sem brýn nauðsyn ber til að ráðin sè bót á. Eg hèlt, að amtmennirnir mundu vera svo kunnugir hver í sínu umdæmi, að þeir gætu bezt sagt til, hvar skipinu væri óhætt inn að leggja, og hvar mest þörf væri á því, eg er heldur ekki hræddur um, að þeir yrðu hlutdrægir í

þessu, því eg treysti réttsýni þeirra í því sem öðru, að gruna þá um »hráskinnsleik« ætla eg sè bæði óverðugt og óþarft, því þeir munu hvorki brúka hann í þessum efnum eða öðrum, nè fara að læra hann af þeim er betur kunna. Með því fyrirkomnlagi, sem eg stakk upp á, hèlt eg að hèraðsmenn mundu geta komið sèr saman um, hvernig þeir bezt gætu fært sèr gufuskipsferðirnar í nyt. Eg vil að skipið komi fyrst til Reykjavíkur, bæði af því það er höfuðbær landsins og þaðan verða flestar ferðir, og mest sent þaðan.

Framsögumaður: Eg verð að svara hinum heiðraða varaþingmanni Reykjavíkur því, að eg verð að standa við það, sem eg sagði áðan; ef hann hefir ætlað sèr að búa til reglugjörð fyrir stjórnina, þá sýnist mèr hún vera nokkuð stuttboruleg; þar sem hann tekur það fram, að skipið skuli koma fyrst til Reykjavíkur, þá er það óþarfi að taka það fram, því það liggur í hlutarins eðli. Það hlýtur að vera meining þingmannsins, að amtmennirnir skuli gjöra samning við gufuskipseigendur erlendis; en það getur enginn nema stjórnin gjört, og því er breytingaratkvæði þetta fráleitt.

Sighvatur Árnason: Eg skal ekki halda langa tölu fyrir viðauka-atkvæði mínu, sem hinn heiðraði framsögumaður álítur óþarft; en mèr þykir þó nauðsynlegt að geta þeirra hèraða, sem ver standa að en önnur til að geta orðið þessara ferða aðnjótandi, svo það geti verið að minnsta kosti bending fyrir stjórnina eða þá sem reglugjörðina semja um þessar gufuskipsferðir. Fyrir öllum Rangæingasandi, sem liggur frá Þjórsá allt austur að Jökulsá á Sólheimasandi, er hvergi lands að leita fyrir hið umrædda skip nema á Vestmannaeyjum, því eg ímynda mèr, að bæði Eyrarbakki sè og þyki óaðgengilegur til þeirra brigða, nema því að eins að sjór sè brimlaus, og veður svo stillt og gott, að skip geti legið úti fyrir á hafnarleysu, sem eigi mundi opt að bera, og hafa því öll þau hèruð er þar að liggja ekki annað gagn af skipinu en fyrir komu þess í Vestmannaeyjar. Það er því meining mín með þessu viðauka-atkvæði, að til þess að þessar gufuskipsferðir gætu komið áminnztum landshluta að verulegum notum, mundi ekki mega minna en skipið kæmi við á Vestmannaeyjum fram og til baka, þegar leið þess lægi þar um landið sunnanvert, það er þó víst tilgangurinn að þetta skuli vera til almennings gagns, og allir skuli hafa jafnrètti til þessa gagns eptir því sem föng eru til. Hvað viðvíkur kostnaðinum þá finnst mèr niðurlagsatriði nefndarinnar í því efni

mjög óaðgengilegt, og sama er að segja um viðauka-uppástunguna, það er að segja, hvort heldur talað er um ótiltekið eða tiltekið tímabil, þá virðist mèr það bæði ísjárvert fyrir þetta þing að undirkasta landsmenn þess háttar byrði á meðan þeir hafa ekki fjárhag sinn í höndunum eða nein fjárráð til þessa eða annars fyrirtækis. Ef Íslendingar tækist þetta á hendur gæti brátt safnazt ærin summa, sem þeir yrðu seint færir um að borga, og það því fremur sem vèr höfum að líkindum áður langt líður í býsna mörg horn að líta, ef vèr fáum fjárforráð vor; eg verð þess vegna að vera á móti þessari viðauka-uppástungu, en halda því einungis fram, að biðja stórnina að hlutast til um að vèr fáum gufuskipsferðir kring um landið sem fyrst, og vona eg að hún líti á nauðsyn vora í þessu efni líkt og annara hluta ríkisins og jafnframt láti tilleiðast að veita oss fè til þessa, eptir því sem á þyrfti að halda, á meðan fjárhagurinn er sameiginlegur, og vèr á hinn bógin erum svo langt frá öðrum hlutum ríkisins, bæði með þetta og annað sem Danastjórn hefir haft veruleg afskipti af í Danmörku.

Stefán Jónsson: Orsökin til þess að eg kom fram með mitt viðauka-atkvæði var sú, að nefndin þá eigi hafði komið með sitt viðauka-atkvæði. Nú hefir nefndin á líkan hátt bætt úr því með sínu viðauka-atkvæði. Mèr fannst það ísjárvert fyrir oss að binda oss við óvissan kostnað um ótiltekinn tíma; hvort tíminn verði takmarkaður á þann hátt sem nefndin stingur upp á í sínu viðauka-atkvæði, eða svo sem eg vil í mínu, úr því verður þingið að skera; eg býst við svo fari um nefndina og mig, að hvorum um sig þyki sinn fugl fagur.

Ólafur Pálsson: Sem nefndarmaður verð eg að láta þá meiningu mína í ljósi, að af þeim breytingum, sem gjörðar hafa verið við uppástungur nefndarinnar get eg að eins fellt mig við tölulið 3 og 4; það sem sumir hafa verið að hnjáta í tölulið 10 og 11 finnst mèr ísjárvert; þvert á móti get eg vel ímyndað mèr, að þær uppástungur kynni að verða sú taug sem málið hangir á, og muni þó varla af veita, en að málið falli ef þeirra missir við. Þingmenn ættu því að gæta varhuga við að fella þessar vara-uppástungur, svo framarlega sem þeim er það alvara að vilja fá gufuskipsferðir í kringum Ísland.

Pètur Pètursson: Eg verð að lýsa því yfir, að mèr geðjast mjög vel að breytingaratkvæðinu tölul. 1; það hlýtur að vera mjög gagnlegt, að almenningi sè birtur fyrir fram samningur stjórnarinn-

ar við eiganda skipsins um tilhögun á ferðunum. Eg verð líka að gefa atkvæði fyrir tölulið 4, að skipið skuli koma á sem flestar hafnir, er hitt álít eg óþarfa að benda stjórninni á það, hverjar hafnir helzt skuli sigla á. Á tölulið 10, get eg með engu móti fallizt, nema svo sé, að endurborgunin leggist á verzlunina; því auðsætt er það hverjum manni, að helzt eru það kaupmennirnir sem hafa munu hag á gufuskipsferðunum; þeir hafa að vísu kostnað af því að láta flytja vörur frá einum stað til annars, en þeir ná sèr niðri um þann kostnað með því að hækka verð vörunnar við landsmenn; finnst mèr því hart að láta dengja tvöföldum kostnaði á landsmenn bæði fyrir gufuskipsferðirnar og vöruflutninginn. Hugsunin í uppástungu nefndarinnar að koma gufuskipsferðum á í kringum landið er falleg, svo eg vil styðja hana, en móti staflið 10 greiði eg mitt atkvæði.

Benidikt Sveinsson: Það vill vel til, að hinn hæstvirti 1. konungkjörni þingmaður mælti með tölulið 1. Viðvíkjandi ræðu framsögumanns vil eg geta þess, að mín meining með breytingunni var sú, að mèr fannst eigi eiga við í lagaboði að tiltaka á hvaða hafnir gufuskipið ætti að ganga, heldur skyldi samin um það reglugjörð sèr á parti, sem sjálfsagt jafnframt yrði birt almenningi. Aldrei getur orðið vafi á, hvaða hafnir menn óska að skipið fari inn á, ef það er tekið fram í ástæðunum fyrir bæn þingsins, að þingið ætlist til að skipið komi inn á allar þær hafnir, sem því er hægt að koma á, svo ráðin verði bót á þeim skaða og vandkvæðum, sem rísa af samgönguleysinu í landinu og eg álít það meira að segja rangt að binda sig í þessu efni eingöngu við hinar löggiltu hafnir. Mèr finnst fyrsta breytingaratkvæðið vera einmitt rètt, því það tekur fram allt það sem unnt er eptir eðli þessa máls. Annað breytingaratkvæðið aptur á móti álít eg alveg óhafandi; því auðsèð er að eigi geta aðrir en stjórnin og gufuskipseigandinn samið um ferðir skipsins, og þó svo væri, að það væri hugsandi, að amtmennirnir gæti samið um þær, þá gæti vel svo farið, að það yrði til hins mesta baga, svo að það gæti jafnvel valdið því, að gufuskipsferðirnar tálmuðust svo misserum skipti. Að öðru leyti lýsi eg því yfir, að eg set mig móti því af alefli, að gefa nokkrar vísbendingar um það, hvaðan kostnaðurinn skuli takast. Nú sem stendur getum vèr í þessu máli ekki gert neitt annað, og þingið er eigi bært um annað, en sýna stjórninni fram á þær nauðsynjar, sem vèr eigi getum án verið. Stjórnin hefir gerzt og

er enn handhafi allra umráða yfir fè voru og fjárveitingum og er það því sanngjörn krafa af vorri hendi, að stjórnin standi straum af öllum nauðsynlegum velferðarmálum vorum og sèr í lagi þeim málum vorum, sem eins og þetta standa í óslítanlegu sambandi við þær samgöngur, sem ómissandi eru fyrir stjórnina sjálfa. Eg vil vara þingið við að gjöra neinar uppástungur um það, hvaðan fèð skuli til gufuskipsferðanna tekið, því með því móti getum vèr hæglega gripið fram bæði fyrir höndurnar á sjálfum oss og stjórninni.

Framsögumaður: Eg finn mèr skylt af nefndarinnar hendi að svara nokkru sumum af þeim mótbárum, sem uppástungur hennar hafa mætt og fara nokkrum orðum um breytingaratkvæðin. Hinum heiðraða þingmanni Rangvellinga þarf hvergi að vera annt um sitt breytingaratkvæði; þó það verði fellt, þá verða Vestmanneyjar allt að einu hèr um bil sjálfsagðar. Hinn háæruverðugi fyrsti konungkjörni þingmaður taldi það einsætt, að kaupmenn einir mundu hafa hag á gufuskipsferðunum, og vildi því leggja kostnaðinn, þegar hann yrði endrborgaður, eingöngu á verzlunina; en mèr finnst það liggja í augum uppi, að allir hafi hag af gufuskipsferðunum, bæði þeir sem ferðast þurfa úr einum stað á annan eður senda búshluti eða vörur, og svo getur þetta orðið ómetanlegur lèttir fyrir póstferðirnar hèr á landi, og verður þannig til mikils sparnaðar fyrir hið opinbera. Í formlegu tilliti getur eigi uppástunga þingmanns Árnesinga komizt að, nema sem ónotalegur fleigur, nema forseti þykist bær að vikja því svo við, að taka þetta sem viðauka við uppástungu nefndarinnar og skella því svo aptan við. Aldrei hefi eg enn heyrt það sagt, sem hinn háttvirti þingmaður Árnesinga bar fram, að þingið væri eigi bært um að gjöra uppástungur um fjárbeiðslur (*Benidikt Sveinsson:* Þetta er hreinn misskilningur. *Forseti* samsinnir honum). Eg mun aldrei hafa á móti því, að Danastjórn hafi skyldu til að leggja fram fè til nauðsynlegra velferðarmála vorra meðan fjárhagurinn er óaðskilinn, en þar í móti vil eg að þingið og þjóðin sýni góðan vilja til þess að taka þátt í kostnaðinum.

Eiríkur Kúld: Eg vona, að allir þingmenn geti skilið, hverju 1. breytingaratkvæðið við uppástungu nefndarinnar fer á flot, þótt framsögumaður ekki gæti skilið það, og mun það koma af því, að hann annaðhvort eigi hefir lesið rètt, eða alls ekki lesið. Hann sèr þó, að á atkvæðaskránni stendur við »breytingaratkvæði« og

hann hlýtur að sjá, hver breytingin verður eptir því á uppástungu nefndarinnar nr. 5. Með þessu breytingaratkvæði er gjörð veruleg breyting til batnaðar, því síðari hluti uppástungu nefndarinnar er að minni hyggju óhafandi. Framsögumaður getur með engu móti ætlazt til, að gufuskipið fari inn á allar hafnir, og þó vill hann biðja um það sem óvinnandi verk er, af því sumar hafnir eru eigi svo, að fært sè inn á þær fyrir gufuskip. Það sem framsögumaður hafði á móti þingmanni Árnesinga var sprottið af misskilningi, sem framsögumanni sjálfum nú að eg vona mun hafa skilizt. Vara-uppástungur nefndarinnar þykja mèr mjög viðsjárverðar; samþykkjum vèr þær, þá vitum vèr eigi, við hvern kostnað vèr bindum oss, einna helzt þar sem enn eru engar áætlanir um, hversu mikill sá kostnaðurinn verði. Að lyktum vil eg skora á forseta að bera upp til atkvæða nefndaruppástungunna með hinu fyrsta viðauka-atkvæði, og að sleppt sè seinni hluta af uppástungu nefndarinnar (tölul. 1.) frá orðunum »kringum Ísland« o: »og sè þeim — á Íslandi«.

Forseti: Þar eð eigi taka fleiri til máls vil eg skjóta málinu til atkvæða, en jafnframt vil eg geta þess, af því sem skotið hefir verið til mín, að leyfa einstakar orðabreytingar frá því sem stendur á atkvæðaskránni, að það er mesti munur, hvort það sem greiða á atkvæði um er frumvarp til laga, eða það eru uppástungur til þegnlegrar bænarskrár, því þar sè eg ekkert vandkvæði á að víkja við einstöku orðum eða setningum, ef breytingaratkvæðin eru svo löguð, að þess gjörist þörf, og það breytir ekki sjálfu efni þess, sem samþykkt er.

Síðan var gengið til atkvæða:

Tölul. 1. samþykktur með 13 atkv. gegn 8.
— 2.—4. fèll þar með burtu.
— 5. samþykktur með breytingu þeirri, sem nefnd er í 1. af öllum nema 1.
— 6. burt fallinn.
— 7.—8. felldir.
— 9. samþykkt með 16 atkv. gegn 6.
— 10. fellt með 16 atkv. gegn 4.
— 11.—12. burtfallnir.

Að rita bænarskrá um málið til konungs samþykkt með 21 atkv.

Því næst var tekið til undirbúningsumræðu konunglegt frumvarp um gjald spítalahlutanna.

Framsögumaður (*Halldór Kr. Friðriksson*) las upp nefndarálitið þannig hljóðandi:

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 287—293).

Eg vil eigi að sinni hafa mörg orð um þetta mál. Þingmenn sjá, að nefndin hefir ekki getað komið sèr saman um þá grundvallarreglu er taka skyldi spítalahlutina eptir. Meiri hlutinn gat eigi annað en fallizt á uppástungu stjórnarinnar. Bæði nefndin, sem sett var í Reykjavík 1864, amtmennirnir og stjórnin hafa ætlað, að eigi væri auðið, að heimta hlutinn eptir hlutarupphæð, nema spítalasjóðnum í stórskaða, þar eð slíkt mundi gefa bæði tilefni og freistni til þess á ýmsan hátt að draga undan. Þetta álítur minni hlutinn sè órètt, og vill halda þeirri grundvallarrèglu að taka spítalgjaldið eptir hlutarupphæð, og láta hreppstjórana týna þá saman. Út af þessum ágreiningi klofnaði nú nefndin, og áður en eg fer fleiri orðum um þetta mál ætla eg að bíða orða annara þingmanna.

Konungsfulltrúi: Það er langt síðan, að áhugi alþingis kom fram á þessu máli, eða á betra fyrirkomulagi á spítalatekjunum, og nú er svo komið, að hèr liggur fyrir þinginu frumvarp til laga í þessu máli, sem að vísu má álítast áríðandi og mikilsvert, þegar litið er til þess augnamiðs, sem með spítalatekjunum er ætlað til að komi fram. Það er því mjög vel orðið, að meiri hluti nefndar þeirrar, sem haft hefir málið til meðferðar, hefir fallizt á frumvarpið og að eins greint á við það í einstökum atriðum, sem þó ekki raska undirstöðu málsins nè þeim grundvallarreglum, sem frumvarpið er byggt á, því breytingar þær, sem meiri hluti nefndarinnar hefir stungið upp á, eru þess eðlis, að stjórnin bæði getur og líka mun taka þær til greina, þegar hún fær fyrir þeim skýrar ástæður, eins og hverjar aðrar. Meiri hluti nefndarinnar hefir einkum stungið upp á 3 breytingum í frumvarpinu og snertir hin fyrsta afgjaldið af þiljuskipum. Hvað þessa breytingu snertir, vil eg ekki halda því fast fram gagnvart nefndinni, að afgjaldið af þiljuskipum kunni ekki að vera í hærra lagi, og verð eg því að ætla, að stjórnin ekki mundi verða því mótstæð, að afgreiðslan yrði sett niður, ef þingið færi fram á það, þannig að afgreiðslan yrði minnst 50 ál., og afgjaldið úr því sett niður á hverri lest eptir þingsins áliti; og sama virðist að mega segja um næstu breytingu hjá nefndinni í frumvarpsins 1. grein stafl. d, er snertir afgreiðsluna af þeim skipum, sem haldið er til hákarlaveiða, þó hins vegar virðist mega fullyrða, að hákarlaveiði sè hèr yfir höfuð einhver hin

arðmesta veiði, er hèr gefst, og miklu arðsamari en aðrar fiskiveiðar, og þess vegna eðlilegt, að afgreiðslan af þessari veiði sè nokkuð hærri en af hverri annari, og á þessari skoðun er líka frumvarpsins ákvörðun byggð, að afgreiðslan skuli vera tvöfalt hærri af þessari veiði. En hvað um það, mundi stjórnin ekki verða nokkurri breytingu á þessari ákvörðun mótstæðileg, ef þingið gæti fært rök fyrir því, að of mikil áherzla hefði verið lögð á þetta atriði, sem mèr þó ekki virðist vera gjört, þegar á allt er litið.

Viðvíkjandi þriðju breytingunni, sem snertir innheimtuna á afgreiðslu spítalahlutanna, skal eg geta þess, að nefnd sú, sem fyrst fjallaði um þetta mál, hafði þá skoðun, að það ætti bezt við, að sýslumenn heimtu afgreiðsluna inn á manntalsþingunum, eptir skýrslum hreppstjóranna, og virðist ekki geta verið neitt verulegt á móti þessu fyrirkomulagi. Breytingar meiri hlutans á frumvarpinu geta því í öllu verulegu samþýðzt með stjórnarfrumvarpinu.

Hvað uppástungu minni hlutans því næst snertir, sem lítur að því, að leggja afgreiðsluna á afla-upphæðina, þá er hún byggð á því, að afgreiðslan komi með þessu móti jafnar niður á greiðendur, og því verður heldur ekki neitað, þegar þessi uppástunga er skoðuð út af fyrir sig, og án tillits til, hvernig hèr hagar til; en hún fær nokkuð annan blæ, þegar maður skoðar hana frá praktisku» sjónarmiði, því það yrði, ef ekki ómögulegt, þá að vísu mjög svo erfitt að halda nokkurn áreiðanlegan vörð eða «Control» með hlutar-upphæðinni, og það bæri því upp á sama skeri, sem þetta mál hefir strandað á frá upphafi vega sinna, en sem eptir frumvarpinu verður komizt hjá, og sem líka er aðalskilyrðið fyrir, að mál þetta geti komizt í gott lag. Það er sjálfsagt, að aflinn er misjafn bæði á bátum og skipum, en að koma á fullkomnum jöfnuði í afgreiðslunni er, eins og í ástæðum frumvarpsins segir, ekki unnt, og hèr stendur þá líka svo á, að afgreiðslan er svo lítil í sjálfu sèr og svo lèttbær, að hèr getur vart verið um nokkurn ójöfnuð að ræða, því mismunurinn getur ekki orðið nema mörk eða skildingar. Það hefir verið miklu meiri ójöfnuður í afgreiðslunni hingað til, þar sem spítalahluturinn hefir verið kominn undir afla-upphæð hvers eins spítalafisks-daginn, og sumir þannig goldið 5 þorska, en aptur aðrir 20 til 40, og þó hefi eg ekki tekið eptir neinni óánægju yfir þessu atriði frá greiðenda hálfu. Uppástunga minni hlutans raskar algjörlega grundvallarreglu frumvarpsins, og og afgreiðslan verður hvergi nærri eins viss og stöðug eins og

hún yrði það eptir frumvarpinu, að eg ekki tali um þau undanbrögð, sem af uppástungunni verður að leiða, eins og reynslan hefir sýnt hingað til, með þeirri tilhögun, sem verið hefir á spítalahlutunum. Það er líka sá kostur á stjórnarfrumvarpinu, að allt fyrirkomulagið eptir því verður svo einfalt og óbrotið, auk þeirrar tryggingar, sem það gefur fyrir því, að öllu verði til skila haldið. En þessa kosti hefir uppástunga minni hlutans ekki til að bera, og í þessu atriði virðist fólgin næg ástæða fyrir þingið til þess að fallast ekki á uppástungu minni hlutans, og því síður ætti þingið að fallast á hana, sem það gæti hugsazt, að þar af leiddi, að málið yrði lagt aptur fyrir, og væri það mikill ábyrgðarhluti fyrir þingið, ef svo yrði; þingið hefir, eins og eg áður sagði, lengi haft mikinn áhuga á því að koma máli þessu í betra horf, og nú býðst því þar til æskilegt tækifæri, ef það vill aðhyllast, sem eg vona og óska, stjórnarfrumvarpið, og það er þannig á þingsins valdi, að mál þetta geti ráðizt til eptirþráðra lykta.

Torfi Einarsson: Til þess að sporna við misskilningi vil eg gjöra grein fyrir skoðun okkar í minni hlutanum. Hreppstjórarnum mun standa hèr um bil á sama, hvort hann á að gefa skýrslu um bátatölu eða hlutarupphæð, honum mun hvorttveggja jafnkunnugt. Gjörum nú ráð fyrir því, að hann stundum viti ekki hlutarupphæðina; eitthvað mun hann setja í skýrslu sína; sýslumaður rannsakar það á manntalsþingum; hafi þá hreppstjórinn sett hlutinn of hátt, mun sá, sem fyrir hallanum er, hafa einurð á að bera sig upp undan því; hættara er við hann þegi, ef hlutur hans er settur í skýrluna of lágur, en við því má sjá að setja of lágt. Það eru annars eigi svo mikil vandkvæði á því, sem menn halda, að komast með vissu fyrir hlutarupphæð, slíkt fer eigi svo dult. Konungsfulltrúa virtist að geðjast að grundvallarreglu minni hlutans, ef hann ekki væri hræddur um, að spítalsjóðurinn missti við þann gjaldmátann; en á hitt er þinginu að líta, hver gjaldmátinn sè sanngjarnari.

Eiríkur Kúld: Mèr finnst þegar ný lög eru búin til eða endurskoðuð, þá eigi þeir, sem þetta er á hendur falið, að hafa það hugfast, að endurskoðunin sè til bóta, svo lögin batni við breytinguna. Eg efast eigi heldur um, að hin heiðraða nefnd hafi einnig haft þetta fyrir augum, en annað mál er það, hvort henni hefir tekizt vel breytingin. Meiri hluti nefndarinnar hefir aðhyllzt stjórnarfrumvarpið og þann grundvöll, sem það byggir á, en eg get

ekki verið honum samdóma, heldur verð eg að fallast í aðalstefnunni, á álit minni hlutans, því eg álít hann fari þá leið, sem er eðlilegri og langtum sanngjarnari og sem spítalasjóðnum er enda haganlegri. Meiri hlutinn var hræddur við undanbrögð, ef uppástungum minni hlutans væri fylgt, en eg held það sè hægt að sýna, að undanbrögð geta átt sèr engu að síður stað eptir áliti meiri hlutans; meiri hlutinn hefir líklega miðað við Gullbringusýslu, og er það vorkunn, því eg get sagt eitt dæmi þaðan, sem eg nýlega hefi heyrt af sannorðum manni, sem sè, að bátur einn hefði átt að róa snemma morguns í vor, þann dag er svara átti spítalahlut, og komið eptir lítinn tíma í land aptur með 5 í hlut, síðan róið aptur og komið að landi drekkhlaðinn, en því fer betur að þess konar dæmi eiga sèr ekki stað, þar sem eg þekki til. Grundvöllur fyrir gjaldmáta frumvarpsins og uppástungum meiri hluta nefndarinnar er að minni hyggju ekki nógu sanngjarn, nefnilega að leggja tollinn á bátinn í staðinn fyrir á aflann; það sjá allir, að það er hægra að greiða gjald af einhverju fengnu en engu fengnu; eg get tekið dæmi; eptir meiri hlutanum á 30 lesta skip að gjalda hèr um bil 56 rd. til spítalasjóðsins, hvort sem það aflar mikið eða lítið; þetta sjá allir heilvita menn, að er mjög svo ósanngjarnt, en eptir minni hlutanum getur þetta alls ekki komið fram, því minni hlutinn leggur gjaldið á eptir upphæð aflans. Reglugjörðin frá 26. maí 1824 fyrirskipar hærra gjald til spítalsjóðsins, en nokkru sinni er lagt á sjáfarútveginn, og hef eg þó aldrei heyrt óánægju með reglugjörðina frá 1824. Hinn háttvirti konungsfulltrúi gat þess, að hjá meiri hlutanum kæmi enginn ójöfnuður fram, en eg vona, að eg sè búinn að sýna fram á hið gagnstæða. Hvað undanbrögðunum viðvíkur, skal eg geta þess, að það þykir fremd á Vesturlandi að fá sem mesta hlutar-upphæð, og því er þar ætíð sagt rètt til um aflann, svo mig furðar á því, að eigi skuli vera eins hèr syðra. Meiri hlutinn hefir og gleymt að reisa skorður við þessum undanbrögðum, sem tilskipunin frá 1746 leggur þó þjófsstraff við; en þetta kynni að þykja of hörð hegning nú á tímum, og ekki eiga við, og að fèsektir ættu því hèr öllu betur við. Eg hef því í hyggju að taka mèr breytingaratkvæði í þá átt, að með undanbrögð í þessu tilliti verði farið eins og með tíundarsvik.

Sveinn Níelsson: Þingmaður Barðstrendinga hefir tekið það fram, sem eg ætlaði að segja; við þekkjum báðir til á Vesturlandi; eg fellst eins og hann á álít minni hlutans, því þar finnst mèr

þeir menn tali, sem þessu máli eru gagnkunnugir; eg skal og geta þess, að eptir þeirri reynslu, sem eg hef fengið, síðan eg kom á Vesturland, get eg borið um það, að hákarlsveiðin er tvöfalt eða þrefalt arðmeiri atvinnuvegur en þorskaveiðin. Það er og satt, að á Vesturlandi telja menn sèr það til fremdar að fá sem hæstan hlut. Þar sem ósanngirnin kemur berast fram hjá meiri hlutanum er þegar hann ræður til, að gjaldið ekki sè lagt á aflahæðina heldur á verkfærin, sem aflað er með; eg hef þekkt 10 lesta skútur, sem hafa aflað betur en 30 lesta skip, og reynslan sýnir árlega á Vesturlandi, að aflinn fer ekki eptir stærð eða lestatölu þilskipa.

Jón Sigurðsson: Þetta mun vera hin fyrsta tilraun stjórnarinnar til þess að leggja á nýja skatta hèr á landi, og þykir mèr hún næsta óheppileg; datt mèr í hug fyrst, þegar eg las frumvarpið, það sem segir í sögunni »ill var þín fyrsta ganga, og svo munu fleiri á eptir fara«. Það hlýtur sem sè hverjum að vera auðsætt, að frumvarpið fer alveg í gagnstæða átt við það, sem áður hefir hèr við gengizt, þegar um skattaálögur er að ræða, og byggir á þeim grundvelli, sem er mjög svo óeðlilegur. Eg skal taka dæmi, af tíundargjörðinni gömlu, sem er hinn elzti skattur, sem á oss hefir verið lagður, og sem ávallt hefir þótt sanngjarn og á rèttlátum grundvelli byggður. Tíundin er eins og kunnugt er, lögð á aflann, og þess vegna einn hluti ágóðans, eins og nafnið tíund, bendir til. Sama er að segja um alþingistollinn; hann er lagður á afgjald jarðanna en ekki á jarðirnar sjálfar, og hvílir því beinlínis á þeim, sem ágóðans nýtur. Eins er um skattinn, að þó hann þyki ranglátur, og komi ójafnt við, þá er hann þó miðaður við aflann, það er að skilja ákveðna eign, sem jarðirnar gefa af sèr og framfleyta. Þess vegna segi eg það, að frumvarpið fer í gagnstæða stefnu við þá grundvallarreglu, sem gilt hefir frá því landið byggðist, í skattalöggjöf vorri, og sem allir munu verða að játa, að sè í sjálfu sèr rètt og eðlileg. Skattgjaldið á sem sè að leggjast á aflann, en ekki á það, sem aflað er með, því það verður allajafna ósanngjarnt, eins og það í sjálfu sèr er óeðlilegt og ránglátt. Eg skal nú taka dæmi af 5 lesta og 15 lesta þiljuskipum þessu til sönnunar; eptir frumvarpinu á að greiða þrefaldan spítalahlut af 15 lesta skútunni á móti 5 lesta skútunni; en nú mun hægt að færa rök að því, að það muni hafa að borið, að 5 lesta skútan hefir aflað 5 falt við 15 lesta skútu; og liggur í augum uppi, hví-

líkt ranglæti það er, að hin síðartalda skuli bera þrefalt skattgjald við hina. Þessi skatta-álaga, sem frumvarpið fer fram á, yrði því beinlínis til þess að eyðileggja alla framför vora með tilliti til sjáfarútvegsins; því afleiðing hennar mundi verða sú, að hver kepptist við að hafa skipin sem minnst til að fríast við útgjöldin, og ætla eg, að engum hyggnum manni mundi þykja það vel farið. Eins mundu þeir, sem lítils afla eiga von, og í aflaleysisárum skoða huga sinn um það, hvort eigi væri hollara að láta skipið sitt standa upp í nausti til að fríast við útgjöldin, heldur en halda því út upp á von og óvon; mundi þetta allt miða til þess að draga úr áhuga manna við sjáfarútveginn, þvert á móti því sem ætti að vera.

Framsögumaður: Þingmaður Suður-Þingeyinga og þingmaður Strandasýslu hafa mikið talað um jöfnuð og sanngirni, þá er liggi til grundvallar fyrir áliti minna hlutans, án þess með einu orði að hafa sýnt eða sannað það. Það var og merkilegt að heyra þingmann Snæfellinga tala um kunnugleik minni hlutans á máli þessu, þar sem hann þó þvert á móti hefur sýnt allmikinn ókunnugleik. Hver sem þekkir til hèr kringum Faxaflóa verður að kannast við, að það er alls eigi auðið fyrir hreppstjóra að komast eptir hlutarupphæðinni á hverju skipi og hverjum bát í sínum hrepp, svo hann geti sagt á eptir, að það sè nokkurn veginn rètt. Það er ekki að furða, þó Vestfirðingar sèu ánægðir með reglugjörðina frá 26. maí 1824, þar sem spítalagjaldið af allri Barðastrandasýslu er litlu meira en það ætti að vera af Flatey einni, og sèu undanbrögð hèr syðra í þessu tilliti, þá eru þau sannarlega ekki minni fyrir vestan; þótt þingmaður Barðstrendinga vilji stemma stigu fyrir öllum undandrætti með fèsektum, þá er eg samt hræddur um, að þær verði ekki áhrifameiri hèr eptir, en þær hingað til hafa verið, og sama mun vera að segja um Staðarsveitinga, að þó þeim þyki fremd í hlutarhæðinni, mun fremdin minnka, og þeir ekki segja of vel frá upphæð hlutanna, þegar þeir eiga að fara að gjalda eptir henni.

Björn Pètursson: Eg get varla búizt við, að koma framsögumanni í skilning um, að það sè miklu sanngjarnara, sem minni hlutinn fer á flot en meiri hlutinn, fyrst engum þeirra, sem talað hefir, hefir tekizt það. En það gjörir ekki svo mikið til, ef allir aðrir þingmenn geta skilið það. Eg vona, að hver heilvita maður geti skilið það, ef hann annars vill, að það er mjög svo ósanngjarnt, að af þeim bát eða skipi, sem ef til vill, ekki nema einu sinni fer á flot um árið, og máske árangurslaust, skuli vera gold-

ið eins mikið og þeim bát eða skipi, sem er á fiskiveiðum árið um kring og máske aflar fyrir mörg 1000 dali. Yfir höfuð liggur það í augum uppi, að sá bátur eða skip, sem lítið eða ekkert aflar, er eigandanum fremur til byrði en gagns, og er því ranglátara að heimta spítalagjald af þeim, auk tíundarinnar, sem á þeim hvílir. Það er nú auðsèð af ástæðum stjórnarfrumvarpsins, að amtmanninum yfir Norður- og Austuramtinu hefir fundizt það mjög svo ósanngjarnt, að leggja jafnhátt spítalagjald á alla báta, hvort sem þeir afla mikið eða lítið. Þess vegna hefir hann stungið upp á, að gjaldið af bátum, sem hafðir eru á Norðurlandi eingöngu til fiskiveiða, sè fært niður um helming þ. e. í 5 fiska. Þetta kemur af því, að aflinn fyrir Norðurlandi er bæði mjög stopull, og misjafn í sjóplázunum. Sama er að segja um aflabrögðin fyrir austan, og mig furðar á því, að amtmaðurinn skyldi gleyma því, af því hann er þar líka kunnugur. Líti maður til spítalagjaldsins af þiljuskipunum, kemur sami ójöfnuður fram. Af 20 lesta skútu, sem fer á hákarlaveiðar, á að gjalda 306 ál. (hèr um bil 75 rd.), hvort sem hún aflar nokkuð eða ekkert. Það er þó sannarlega tilfinnanlegt gjald, einkum þegar vantar, eins og opt vill til, mörg hundruð dali til þess, að aflinn borgi útgjörðarkostnaðinn. Þessi tilhögun verður því eflaust til þess að fæla menn frá, að kosta eigum sínum til þiljuskipa, í stað þess, að menn ættu að hlynna að því með öllu móti.

Bergur Thorberg: Eg get ekki sannfærzt af ræðum þeirra, sem mælt hafa móti frumvarpinu og meiri hluta nefndarinnar. Eg álít, að frumvarpið sè byggt á réttum grundvelli. Minni hluti nefndarinnar vill taka spítalahlutina af aflanum og þykir sá grundvöllur betri en tala og stærð skipanna; en eg er hræddur um, að töluverð vandkvæði verði á að komast að hinni réttu upphæð hlutanna; án þess eg vilji gera nokkrum gersakir, þykir mèr þó líklegt, að ekki muni ávallt koma hin sanna upphæð fram, þegar það er þeim í hag, sem til á að segja, að draga úr tölunni. Ef að byggt er á tölu skipa og stærð þeirra, halda menn að gjaldið komi ójafnt niður; en gjaldið er svo lítið, að það verður ekki tilfinnanlegt jafnvel þó lítið aflist; þetta finnst mèr vera gott í frumvarpinu, hvað opin skip snertir; en eg er á sama máli og meiri hlutinn í því, að of mikið sè 20 fiskar af hverri lest þiljuskipa, og vil eg jafnvel lækka það meira en nefndin, vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði um, að því verði breytt í 10, en jafnframt þessu verð eg að álíta

rètt að halda óbreyttri ákvörðun frumvarpsins um að gjald af þiljuskipum skuli aldrei verða minna en 50 fiskar. Ef gjaldið er lagt á samkvæmt frumvarpinu, þá hefir það þann kost, að það er byggt á nokkurn veginn föstum grundvelli; menn geta eptir því nokkurn veginn vitað fyrir fram, hversu háar tekjur spítalanna af skipum muni verða, þar eð menn þekkja, að skipatalan, þó hún sjálfsagt nokkuð breytist, ekki breytist eins fljótt frá einu ári til annars; en fari menn eptir minni hluta nefndarinnar geta menn ekki vitað hvað læknasjóðurinn á í vændum árlega, því tekjurnar verða þá stopular, eins og aflinn æfinlega er, og kjör læknasjóðsins verða í þessu tilliti ápekk kjörum sjáarbændanna, og eins og kunnugt er, eru þau álitin að hvíla á mjög óvissum grundvelli. Ef frumvarpið verður gjört að lögum, þá verður það til verulegs hagnaðar fyrir læknasjóðinn með því tekjur hans mundu eigi all-lítið vaxa við hina fyrirhuguðu breytingu. Það hefir verið mikið talað um, að gjald þetta kæmi ósanngjarnlega niðnr, þar minni skipin opt öfluðu meira en hin stærri; það er sjálfsagt, að þetta getur komið fyrir, en það er þó undantekning, það eru þó æfinlega líkindi til, að stærri skipin afli meira, og þegar gjaldið er svo sanngjarnt, að það getur engu skipi orðið tilfinnanlegt, þá virðist þessi mótbára ekki hafa neina sèrlega þýðingu. Það var ekki heppilegt, að hinn heiðraði þingmaður Suðurþingeyinga skyldi tilfæra tíundina til að sýna, hversu óvanalegt það væri og ólíkt þeirri grundvallarreglu, sem farið væri eptir um önnur gjöld að leggja læknasjóðsgjaldið á skipin, því skipin eru einmitt talin fram til tíundar og tíund greidd af þeim en ekki af aflanum. Afla-upphæðin væri sjálfsagt nákvæmari mælikvarði, en samt hafa menn eflaust ekki sèð sèr fært að fara eptir þessu, heldur látið greiða tíundina af skipunum. Af þessum rökum hlýt eg að mæla með meiri hluta nefndarinnar og frumvarpinu.

Stefán Jónsson: Mèr þykir engin furða, þó þeir sem með málið hafa fjallað frá upphafi felli sig vel við það; en hitt þykir mèr undarlegra, að menn skuli ekki geta sannfærzt um það, að uppástunga minni hlutans sè sanngjarnari, og fara að spá fram í tímann um óráðvendni manna, og þar af leiðandi tjón fyrir spítalasjóðina. Eptir hinu konunglega frumvarpi eiga hreppstjórarnir að gæta að tölu skipanna, og sè þeim trúandi fyrir því, þá er ekki óvinnandi fyrir þá að komast eptir upphæð hlutanna; að minnsta kosti má eins vel spá því, að ruglingur komist á skipatöluna. En það eru líka fleiri annmarkar á þessu frumvarpi, og er einn sá,

að óþægilegt verður fyrir þann, sem á fleiri skip, og hásetar skiptast með hverri vertíð hèr á suðurlandi, og er þá oþægilegt að jafna niður gjaldinu rèttilega á þá hvern um sig, eg tek til dæmis: Einn maður á 3 skip, og gengur eitt þeirra um haustvertíðina; nú fara hásetar burtu, og þá tekur hann af þeim þann hluta gjaldsins, er hann ætlar að þeim beri; en hann getur ekki vitað, hversu mikið þeim ber að gjalda, nema með því að spá fram í tímann um vetrar og vorvertíðina. Meiri hlutinn vill að lagt sè á þiljuskip eptir stærð þeirra; afleiðingin af því verður að allir kosta kapps um að hafa skipin sem minnst í stað þess, að menn ættu að reyna til að stækka þau, og það svo, að þau gætu gengið til annara landa. Menn hafa talað um, hvernig gengið hafi með spítalagjaldið að undanförnu, og að hrekkir hafi verið viðhafðir; en ef menn eru vissir um það, því eru þá ekki hinir seku, sem menn segja, teknir í hnakkann; þegar menn vita að þessu er svona varið, þá geta menn leiðrètt það. Eptir uppástungu minni hlutans, er það einungis hlutarupphæðin, sem getur gjört nokkurn erfiðleika; eptir henni verða hreppstjórarnir að komast, og treysti eg þeim vel til þess, því optast eru til hreppstjóra valdir menn, sem kunnir eru að samvizkusemi. Eg hefi reyndar ekki verið í sjóplázi, en hefi í 16 ár verið við hreppstjórn, þar sem nokkrir bátar hafa gengið, og hefði mèr verið hægt að vita upphæðina á hverjum hlut, jafnvel eins og töluna á kindum mínum; þetta er sjálfsagt nokkuð erfiðara hèr, þar sem skipafjöldi er mikill, en vart mun þó ástæða til að semja ósanngjörn lög til þess að komast hjá dálítilli fyrirhöfn. Áður var gjald þetta bundið við afla á einum degi, og þó ekki alstaðar á sama degi, og gat því misjafnlegar farið með töluna; en nú vill minni hlutinn, að það sè tekið af öllum ársaflanum, og held eg að spítalasjóðunum græðist meira með því móti en eptir uppástungu meiri hlutans. Það er satt, sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður sagði, að menn geta ekki með þessu móti gjört áætlun fyrir fram um hvað inn muni koma, en eg sè ekki að þar af leiði nein vandræði; á þinginu 1865 var mikil kvörtun hèr um aflaleysi, eins og þá stóð á, nú er aptur bezta afla ár, og sjá menn að það er ósanngjarnt að gjalda jafnmikið spítalagjald í öllum árum, hvort nokkuð aflast eða ekkert.

Sighvatur Árnason: Það ber nú öllum saman um, að sá grundvöllur sè rèttur og sanngjarn, sem miðaður er við upphæð aflans, en aptur á móti álíta ýmsir þingmenn og sèr í lagi meiri

hluti nefndarinnar ómögulegt að heimta gjaldið inn á þann hátt. Eg vil einungis benda hinum heiðraða framsögumanni til fjárkláðamálsins; þar hefir hann sjálfur álitið og álítur þann dag í dag, allt mögulegt, en í þessu efni álítur hann allt ómögulegt, sem er þó lítils virði hjá þeim framkvæmdum, því þær eru sannarlega ómögulegar eptir landslagi voru, en þetta alls ekki heldur lítils virði hjá hinu, svo eg get engan veginn verið honum samdóma. Það er nú búið að taka svo margt fram, er styrkir mál minni hlutans, að eg þarf ekki að fara um það mörgum orðum; en samt vil eg geta þess, að veiðistöðum hèr á landi er mjög ólíkt háttað; fyrir söndum og í brim veiðistöðum verður ef til vill ekki róið nema tvisvar eða þrisvar á allri vertíðinni, og það á stórskipum, sem eptir frumvarpinu og meiri hlutanum 15 fiska gjaldið hvílir þó á, en þar á móti í sumum veiðistöðum er róið smábátum svo að segja daglega á öllum ársins tímum, sem afla stundum meira í hlut í einum róðri en stórskipið á allri vertíðinni, og þess utan komast þeir þriðjungi lèttara út af spítalagjaldinu eptir uppástungu meiri hlutans. Af því eg er kunnugur á Vestmannaeyum get eg sannað sögu hins heiðraða þingmanns Barðstrendinga um það, að manntalsfiskur er goldinn þar með gildum fisk af hverju tólfræðu hundraði, og hef eg aldrei heyrt kvartað um, að neinn undandráttur hafi þar átt sèr stað, heldur þvert á móti, er hlutarupphæðin heyrum kunn við lok hverrar vertíðar. Menn segja, að læknasjóðurinn tapi, þegar hlutir sèu lágir, það er að vísu satt, en er þá ekki eins víst á hinn bóginn, að hann græði þegar vel aflast, og hygg eg þetta muni vel jafna sig. Þegar menn bera nú landbúnaðarsveitirnar saman við sjáarsveitinnar, þá kemur þetta fasta skipagjald illa fyrir sjónir. Menn geta ekki neitað því, að landbúnaðarsveitir bera talsvert meira af þeim mörgu og miklu byrðum, sem hvíla á lausafènu heldur enn sjáarsveitirnar, og sumar af þessum landbúnaðarsveitum hafa að eins sjáarútveg á stórum skipum og bera æði sjaldan annað en kostnaðinn úr býtum af þessari sjáfarútgjörð sinni, og þar á ofan skyldu þessi hèruð fá þyngri skatt á skip sín nú, til læknasjóðsins heldur en þau hèrna, sem hafa sinn aðalafla og atvinnnveg af sjónum, án þess að vera þar af tollskyld undir að tiltölu við hin. Svo eg nú ekki fari lengra út í málið, ætla eg að áskilja mèr nokkur breytingaratkvæði við minni hlutann, fyrst við staflið *d,* þar eru eigi nefndar nema 4 fiskitegundir, en eg vil bæta við skötu, lúðu og fl. Hvað tölulið 4 snert-

ir, þá vil eg rýmka til um skýrslurnar; því tímabilið frá 12. maí til manntalsþings er mikils til ofþröngt til að ná inn öllum þeim skýrslum, sem með þarf um afla-upphæðina, og vil eg því áskilja mèr breytingaratkvæði í þá stefnu, að þetta tekju-ár sè reiknað frá ársbyrjun, 1. janúar og gjaldið heimtist þannig inn vorið eptir til ársloka. Eg vil einnig stinga upp á og áskilja mèr breytingaratkvæði í þá stefnu, að hverjum formanni eða útgjörðarmanni verði gjört að skyldu að gefa hreppstjórunum skýrslu við lok hverrar vertíðar um hlutarupphæðina og vil eg leyfa mèr að áskilja mèr rètt til að orða þetta allt betur síðar.

Forseti: Þar nú er orðið áliðið dags og 10 þingmenn hafa beðið sèr hljóðs, þykir mèr ráðlegast að slá umræðunum á frest þangað til á mánudaginn kl. 12. Þá mun eg líka setja á dagskrá til þess fundar uppástungu þingmanns Norður-Þingeyinga um 1000 ára hátíð 1874, í minningu byggingar Íslands.

Fundi slitið.

---

13. fundur. — 22. júlí.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið tilkynning konungsfulltrúa um, að hann geti ekki sökum lasleika mætt á þingi í dag, og að aðstoðarmaður hans herra etazráð Þórður Jónasson mæti hèr á þingi í hans stað. Samkvæmt dagskráuni, er að halda áfram undirbúningsumræðu um konunglegt frumvarp um spítalahlutagjald.

Framsögumaður: Eg ætla ekki að vera langorður í þetta sinn, því að eg býzt við, að svo miklar umræður verði um málið, að þingmönnum verði það full-ljóst á endanum. Eg skal einungis geta þess, að eg með engu móti get fallizt á breytingu minni hlutans á grundvallarreglu frumvarpsins; eg og hinir tveir nefndarmenn, sem í meiri hlutanum eru, munum halda fast við grundvallarreglu frumvarpsins, en á hinn bóginn munum vèr verða fúsir á að lempa ýmsar ákvarðanir stjórnarfrumvarpsins.

Arnljótur Ólafsson: Mèr finnst að tvö frumvörp liggi hèr fyrir, sem sè meiri hlutinn og stjórnarfrumvarpið annars vegar, og

hins vegar minni hlutinn. Minni hlutinn er svo frábrugðinn meiri hlutanum og stjórnarfrumvarpinu, að hann má álíta, sem nýtt frumvarp. Eg skal nú reyna að bera saman kosti frumvarpsins og meiri hlutans annars vegar, og minni hlutans annars vegar. Eg finn þá fyrst tvo kosti hjá frumvarpinu og meiri hlutanum; hinn fyrri er sá, að eptir því verður innheimtan miklu hægri, og hinn kosturinn er sá, að spítalatekjurnar verði bæði miklu fastari og jafnari, því skipatalan er svo miklu minni breytingum undirorpin, en aflinn, sem getur orðið helmingi minni að ári, en hann var í ár. Aptur á móti er sá galli á meiri hlutanum, að skattheimtan af skipum er á móti öllum skattgjaldsreglum. Er það eignaskattur, sem hèr ræðir um? Nei; sumir munu segja jú, af því bátarnir eru tíundaðir eptir gömlum lögum vorum; en það er auðsætt, að þetta er enginn eignarskattur, af því hèr er ekki farið neitt eptir því, hvers virði eignin er. Fráleitara er þó að álíta, að þessi bátaskattur sè tekjuskattur; hann er í einu orði eins konar neyðarúrræði eins og t. a. m. lestagjaldið hjá okkur. Hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga gat þess, að Íslendingar væru orðnir vanir við tekjuskatt; þetta er satt, því þannig er tíund, sem áður var eignarskattur nú orðinn að miklu leyti tekjuskattur. Það er því mikill kostur við minni hlutann, að hann hefir aðhyllzt þessa grundvallreglu að taka tekjuskattinn eður það sem nálgast honum mjög í raun rèttri, því reyndar verður skattur minni hlutans að bera nafnið *atvinnuskattur,* og þannig farið þá leið, sem meðvitund þjóðarinnar þýðist, enda álíta og allar þjóðir, að enginn skattur sè rèttlátari en tekjuskattur. Eg sè heldur ekki, að það sè meiri vandkvæðum bundið að innheimta skatt þenna hèr en annarstaðar; í Kaupmannahöfn er tekjuskattur hafður til bæjarþarfa, og er þar, að eg held, vel látinn; þegar menn því tala um, að innheimtan muni verða svo að segja ómöguleg hèr á landi sökum undanbragða og annara annmarka, þá er það að gjöra Íslendingum þær gersakir, að þeir sèu gjarnari á að draga undan en aðrar þjóðir; en það er þó að líkindum ekki meining meiri hlutans. Eg sakna þess mjög, að nefndin hefir ekki gefið svo góðar upplýsingar í máli þessu, sem eg hefði óskað. Hún hefir ekki rannsakað, hvort þurfa muni svona mikið gjald eður svona háan skatt á báta sem hún fer fram á; hún hefir ekki svo mikið sem skoðað spítalahlutina nú og upphæð þeirra, því síður gjört áætlun um tekjurnar, sem verða mundu eptir þeim reglum er hún stingur upp á. Þetta var það sem

sem nefndin fyrst átti að gá að, sem sè, að spítalatekjurnar ekki minnkuðu, heldur ekki átti hún að spenna þær svo hátt, að þær yxu um of; spítalasjóðurinn á að aukast, en ekki svo að fram úr hófi keyri. Eg vil reyna til að gefa nokkrar skýringar; en af því að eg get engan samanburð gjört um land allt, hvað minni hlutann snertir, þá verð eg að binda mig eingöngu við spítalahlutina hèr á Suðurlandi. Árið 1864 voru spítalahlutirnir hèr 819 rd., en árið eptir 412 rd. Væru nú spítalahlutirnir teknir eptir uppástungum meiri hlutans, eða af skipatölunni, þá hefði þeir orðið hèr á Suðurlandi 1734 rd., eptir því sem næst verður komizt, eða 1322 rd. meiri en spítalahlutirnir voru það ár, sem er rúmlega fjórfalt meir en nú er. Þess er vel að gæta, að eptir meiri hlutanum er gjaldið jafnmikið, hvort heldur er versta eða bezta fiskiár; en þetta sjá allir, að er mjög svo ósanngjarnt; aptur á mót er það mikill kostur við minni hlutann, að gjaldið verður því meira, sem aflinn er meiri, og aptur því minna, sem aflinn er minni; en þó gjaldið eptir uppástungum minni hlutans sè nokkuð hærra en eptir meira hlutanum, verður það samt miklu lèttbærara, því að spítalagjaldið fer alveg eptir mætti og megun gjaldenda til að greiða það, eður með öðrum orðum, því hærra sem það er, því færari er greiðandi til að borga, og svo eins á hinn bóginn; en það er með öðrum orðum, gjald þetta leggst alla tíð *jafnaðarlega á*. Eg skal reyna að skýra þetta betur: Árið 1864 — sem var meðal-fiskiár — hefði spítalagjaldið orðið, þá miðað er við útfluttan fisk, 1942 rd. — eg set 1 skippund saltfisks jafnt 120 fiska, og 1 skippund skreiðar jafnt $2^1/_2$ hundraði fiska —, en aptur árið 1865 að eins 580 rd. Spítalagjaldið eptir uppástungu minni hlutans fylgir því miklu fremur sömu reglu sem nú er. Þess skal og enn geta, að eg hefi ekkert tillit getað haft til alls þess fiskjar, er etinn er í landinu sjálfu.

Þó eg yfir höfuð halli mèr að minni hlutanum, eru samt að minni hyggju mjög miklir gallar á honum; þannig er í tölul. 2 a sleppt verulegu orði; þar er einungis talað um þorsk en ekkert um hans tegundir; eg veit nú að vísu eigi glöggt, hvað skilja eigi við þorsk, þótt eg ætli að hèr á Suðurlandi sè eigi kallað annað þorskur en *saltandi* eður *salttækur fiskur*, og vildi eg því leyfa mèr að skjóta því til hinna þorskfróðu þingmanna, hvort *stútungur* mundi komast hèr að. Í 2. grein frumvarpsins tölul. 3. hjá minni hlutanum, þar sem talað er um, að gjaldið skuli greitt eptir

meðalverði á fiski, þá finnst mèr þessu samkvæmt rèttast, að gjaldið af hákarlslýsi sè greitt eptir verðlagsskrá, eður þá að minnsta kosti eptir meðalverði á lýsi í verðlagsskránni. Það er og annað mikilsvert atriði, sem vantar hjá minni hlutanum; það stendur sem sè ekkert um hver borga eigi; þetta er slæmt; en það er auðsætt, að skipseigendurnir eiga þó að gjalda fyrir skipið, og leyfi eg mèr að taka mèr viðauka-atkvæði í þessa átt. Að lyktum skal eg geta þess, að gjald þetta er og eptir minni hlutanum mjög vægt, því af lýsi er það, þegar tunnan er reiknuð 25 rd. ekki nema 1%, eður þó rèttara $^5/_6$%, og enn þá vægara af fiski nefnil. $^1/_2$%; eg vil því geyma mèr rètt til breytingaratkvæðis í þá átt, að gjaldið verði hærra af þorki en ísu, o. s. frv.

Um tilsjón með spítalagjaldinu hjá minni hlutanum vil eg eigi minnast, því hún er í rauninni engin.

Jón Hjaltalín: Álit meiri hlutans í máli þessu hefir ekki átt að mæta góðum viðtökum á þinginu; eg skal ekki dæma um það, hvort þingmenn breyta hyggilega í þessu eða ekki; einungis skal eg leyfa mèr að taka það fram, sem hefir leitt meiri hlutann til þess að kveða upp þetta álit sitt; meiri hlutinn gjörði það ekki eingöngu af því, að hann vildi þræða stjórnarfrumvarpið, heldur var það af því, að allir þeir, sem máli þessu eru kunnugastir og mest hafa fjallað um það, hafa fylgt þessu áliti fram. Minni hlutinn hefir mikla erfiðleika í för með sèr, þetta er allt öðruvísi hjá meiri hlutanum; það er mikið unnið við það, að verkin sèu hæg; það er ekkert spaug, að þurfa að telja hvern þorskinn, skötuna og ísuna, sem á land kemur; það er sannarlega allt of miklum erfiðleikum bundið; eptir meira hlutanum er tekjustofninn miklu vissari og fastari, nefnilega báta- eða skipatalan er miklu vissari en hlutarupphæðin. Nú koma menn og segja, að eptir meiri hlutanum sè gjaldsálagan ranglát, af því hún sè lögð á dauða hluti, en eigi lifandi; en löggjöf flestra landa leggur einmitt skatt á dauða hluti, t. a, m. jarðarhundruð, skip o. s. frv. Grundvallarregla minni hlutans, að leggja gjaldið á aflann eða ágóðann er mjög hæpin og örðug; því hver á að telja og halda reikning yfir alla þá þorska o. s. frv,, sem á hvert skip kemur, eða að mæla grútarmerkurnar? og hver á að gjöra það? Líklega hreppstjórarnir! En ætli þeim sè ekki ætlað nóg að starfa fyrir ekki neitt? Það er og sagt, að spítalatekjurnar verði meiri eptir minni hlutanum en meiri hlutanum; þetta getur verið satt, en þó því að

eins, að öll kurl komi til grafar; en gjaldið er nægilegt fyrir spítalasjóðinn eptir meiri hlutanum, og hefir hann því ekki viljað leggja það hærra á; aptur á móti er gjaldsálagan eptir minni hlutanum mjög svo ranglát og ómögulegt að «controllera» henni; hún kemur langþyngst á dugnaðarmanninn, en hlífir letingjanum; er þá rètt að uppala með löggjöfinni leti og ómennsku í þjóðinni? Hvað «Controllet» snertir, þá fellur og álagan þyngra á hinn sannorða og rèttláta, sem sè þann, er segir skilvíslega til hlutarupphæðar sinnar, en hinn, sem er miður vandaður og dregur undan, sleppur lèttar; þetta eru svo miklir ókostir, að eg get ekki sèð, hvernig þess konar lög, eins og minni hlutinn fer fram á, geti nokkru sinni komið að haldi. Þessi mikla ósanngirni, sem talað er um hjá meiri hlutanum held eg og hverfi, þegar litið er til skýrslu þeirrar, sem sèzt í gömlu fèlagsritunum, og sem nær yfir 135 ár; þar af geta menn sèð, að einungis 5. hvert ár er bágt fiski-ár; aflinn verður því nokkurn veginn jafn, og við þetta hverfur þessi mikið umtalaða ósanngirni meiri hlutans. Minn háttvirti vin, þingmaður Borgfirðinga, gat þess, að það væri að gjöra landsmönnum gersakir, ef menn óttuðust fyrir, að þeir eigi mundu hreinskilnislega segja til hluta sinna, en eg svara honum því einungis, að þó hèr sèu margir góðir drengir, þá er þó vanalegu misjafn sauður í mörgu fè; hann gat þess og, að í vondum fiskiárum væri ósanngirnin hjá meiri hlutanum framúrskarandi; en þegar hann gætir þess, að hin góðu fiski-árin eru svo yfirgnæfandi, þá fellur þessi ósanngirni í burt. Þegar menn nú líta kapplaust á mál þetta og einungis hafa augnamiðið fyrir augum sèr, þá er það auðsætt, að gallarnir eru langtum meiri á áliti minni hlutans, en meiri hlutans, og vona eg því, að þingið af ástæðum þeim, er eg hefi tilfært, fallist heldur á meiri hlutann, með því eg nú líka er sannfærður um, að álit hans er miklu heilladrjúgara fyrir land og lýð.

Jón Bjarnasson: Nú er orðið svo margrætt um þetta mál, að eg ætla mèr ekki að halda langa ræðu. Öllum hefir komið saman um það, að spítalasjóðinn þyrfti að auka; en menn greinir á um veginn, sem til þess liggur; þegar gefa á lögin, ríður um fram allt á því, að þau sèu rèttlát, rèttlætið er hyrningarsteinn undir lögunum; það eina sem rèttlátt getur verið í spítalagjaldsheimtunni er að heimta af aflanum en ekki skipunum, móti þessu hefir engi borið annars vegna en þess, að ómögulegt sè að hafa

nægilegt eptirlit, og muni eptirlitsleysið freista misjafnra manna til klækja; en eg segi lögin eiga að vera sanngjörn og kristileg; og ef misbrotið er þá brjóti þegn eigi löggjafi. Eg hefi að vísu heyrt mjög ljótar sögur um það, hvernig menn fara í kringum lögin hèrna á Suðurlandi; en eg get varla trúað því, að menn sè svo smálátir að hafa undandrátt þenna eina dag, sem spítalinn á að taka hlut. Ef svo er, þá er skömm að því, ef eigi er reynt að venja menn af ósiðum og hegna lögbrotum. Þegar talað er um örðugleikana, sem á eru gjaldheimtunni, þá játa eg fúslega, að hægra er að telja skipin en hlutarupphæðina. Nú á sami 3 skip eða fleiri og rær sínu í hvert sinni, eður á víxl en aldrei öllum í einu; er það mikil sanngirni að taka toll af hverju þeirra sem stendur í fjörunni? Eg ímynda mèr, að hægt væri að koma inn í lögin grein um það, að strax verði auglýst hvað hvert um sig hefir aflað; meðan það gekk, og nú þar sem ný sakalög eru á seiði finnst mèr hæfilegt að koma inn í þau einhverri ákvörðun um hegning fyrir rangt hlutarframtal.

Hinn annar konungkjörni þingmaður sagði, að með því að leggja gjaldið á hlutarupphæðina, með því stöffuðu menn dugnaðarmanninn en hlífðu ónytjungnum; en þetta er engan veginn svo. Sá sem vel sækir sjó kemur opt með minna, en hinn sem miður stundar, sannast þar það sem sagt er.

»Gefur sèr eigi gæfu.
gildur þótt feginn vildi«.

Mèr finnst að allra sízt ætti menn hèr á Suðurlandi að kvarta undan örðugleikum á gjaldheimtunni, hvergi er hægra um en hèr; að hafa eptirlitið; hèr er hvorki fjöll nè firnindi milli veiðistöðva, hèr ætti og að vera nóg vald og vit til að heimta saman gjaldið, ef valdsmennirnir væri eigi allt of værugjarnir, er eg fullviss um, að uppástungur minni hlutans væri miklu betri en meiri hlutans, sem eru ósanngjarnar og óbrúkandi, en eg hefi eigi á móti, að nokkuð sè breytt og bættar uppástungur minni hlutans. Spítalasjóðurinn mundi fá töluvert meira árlega en hann nú fær, þó ekki yrði tekið nema ein alin af 300 fiskum, ef öll kurl kæmu til grafar. Vil eg nú bíða þess, hvað aðrir segja.

Eiríkur Kúld: Eg þyrfti að svara hinum háttvirta framsögumanni mörgu, ef eg myndi ræðuna hans þá í fyrra dag; eg ætla nú að geyma mèr hann fyrst um sinn og snúa máli mínu að öðrum. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga áskildi sèr breytingar-

atkvæði við 3. grein hjá minni hlutanum, það hafði eg og ætlað mèr, því það var verulegur ágalli hjá minni hlutanum, að hann hefir eigi hugsað sèr neitt aðhald, enda þótt meiri hluta nefndarinnar hafi ekki síður orðið það; en þetta aðhald hefi eg hugsað mèr gæti verið með því móti, að skipseigandi eða formaður yrði undir eið skyldaður til að segja rètt til um hlutarupphæð á sínu skipi; bregði hann af rèttu, þá varði það fèsektum líkt og við tíundarsvik. Hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður vildi sem von er styðja meiri hlutann, og fann margar ástæður til þess, en eg fann þær allar næsta lítilvægar. Hann fann minni hlutanum það til, að hann að eins vildi leggja gjaldið á lifandi hluti; þessu verð eg að þverneita; minni hlutinn vill ekkert gjald taka af þeim þorski, sem er í sjó, heldur eingöngu af þeim sem á land kemur, og gjöri eg ráð fyrir, að hann sè jafnaðarlega orðinn fjörlítill. Stjórnarfrumvarpið og meiri hlutinn er þó ekki rangskreiðara en svo, að vilja þoka oss aptur á bak aptur að 1746, en það finnst hinum háttvirta konungkjörna þingmanni of skammt; nei, hann vill verða oss nýr Eirikur plógpeningur, hann vill leggja skatt á bát hvern en ekki á fisk eins og Eirikur konungur tók skatt af plógi hverjum, en gleymdi að taka af korni, og veit hann að Eirikur heitinn fèkk lítið lof fyrir. Þar sem hann segir, að dugnaðarmauninum sè íþyngt en hlífzt við ónytjunginn, ef farið sè eptir uppástungum minni hlutans, þá er þetta eigi löstur minni hlutans eins, heldur allra skattalaga; menn verða nauðugir viljugir að leggja þyngri byrðar á dugnaðarmanninn en letingjann, svo sem þegar sveitarútsvari er jafnað niður á menn; að þar leggja menn skatt á þá guðs blessun, sem fylgir dugnaðinum.

Nú þyrfti eg að koma við ræðu framsögumannsins, ef eg þar eptir myndi hana alla. Hann bar Breiðfirðingum feykileg undanbrögð um fuglatollinn; en það þori eg að fullyrða, að ef nokkur tollur er skilvíslega goldinn, þá er það hann; hitt er annað mál, að tilhögunin á heimtu tollsins er næsta öfug og ambögulег. Hinn háttvirti framsögumaður ætti að hafa meiri ástæður, er hann fer að bera heilum hèruðum á brýn annan eins óhróður. Framsögumaður lofaði að lempa uppástungur meiri hlutans, hitt sýndi hann eigi fram á, hvernig hann mundi geta komið því við, svo að nokkur sanngirni yrði úr því; álít eg því það hans loforð tekið úr lausu lopti. Eg vil taka fram, að lög eiga að byggjast á rèttlátum grundvelli. Ef fylgt er uppástungum meiri hlutans, þá verður hin sama

freistni til að leita undanbragða sem til tíundarsvika, af því grundvöllurinn er ranglátur. Hvers vegna eru menn að svíkja tíund? menn hræðast skattinn sem er svo herfilega ranglátur, að fátæklingurinn sem telur fram 1 hndr. um fram fólkstal, borgar jafnt og hinn sem á 100 hndr. Eins færi bèr; bátur sem gerður er út til fiskjar, geldur 10 fiska toll jafnt, hvort sem á hann fæst 10 fiska hlutur eða 2000 fiska hlutur (*H. Kr. Friðriksson*: Tarna er skrítið), sagt er mèr að slík hlutarupphæð hafi orðið hèr syðra enda seinast í vetur. Eg geri lítið úr því sem framsögumaður segir um að ómögulegt sè að komast fyrir hlutarupphæðina; ávallt eru þó fleiri en einn á skipi, og fleiri en einn veit af hlutarupphæðinni, en eg get eigi trúað, að allir á skipinu sè þeir bófar að verða samtaka í undanbrögðunum, og ekki fáist úr neinum satt orð; en þó undanbrögð ættu sèr stað, þá má aptra þeim með því að leggja nægá refsingu við brotinu; en þetta hefir minni hlutanum eins og meiri hlutanum gleymzt. Vilji menn búa til ósanngjörn lög, af því ómögulegt sè að hlýða sanngjörnum lögum, þá er það skjótast að segja, að eg vil heldur engin lög en ósanngjörn. Eins gat framsögumaðurinn þess enn, að það væri sumar eyjar, sem alls eigi gyldi neinn spítalahlut; vill hann eigi segja mèr, hvar þær eru? þær eru ekki á Breiðafirði; en eg á bágt með að trúa, að þær sè hèr á Suðurlandi þar sem stjórnin og eptirlitin hlýtur að vera góð. En af því að þó margir hafi talað og enn ekki af þeim einu sinni 5 með uppástungum meiri hlutans, svo framsögumaður ekki er enn búinn að fá 5 í hlut á bátinn meiri hlutans, og — svo eg leyfi mèr að brúka hið sama orð og hèr kvað vera brúkað viðvíkjandi spítalahlutunum — hann enn ekki er kominn frá kerlingunni, þá ætla eg eigi að tala meira að sinni.

Benidikt Sveinsson: Það er öllum þingmönnum kunnugt, að eg er ekki mikið fyrir að hagga konunglegum frumvörpum, ef eg held að hjá því verði komizt, og var eg því lengi í vafa um, hvort eg ætti heldur að hallast að meiri eða minni hluta nefndarinnar. Allar hinar löngu ræður, sem fluttar hafa verið fyrir máli meiri hlutans hafa nú einmitt sannfært mig um, að eg ætti ekki að fallast á uppástungur hans; eg skal nú ekki tala um hverjar af ræðum þessum hafa hrifið á mig í þessa stefnu, en einungis geta þess, að ræða hins annars konungkjörna þingmanns og framsögumannsins hafa mest gjört að verkum. Það er að vísu viðurkennt af öllum hèr á þingi, að það sè sá kostur á frumvarpinu og upp-

ástungu meiri hlutans, að eptir þeim fái menn fastari grundvöll fyrir gjaldinu og því verður hægra að krefja inn gjaldið, og sjá um að eigi verði undanbögð viðhöfð af gjaldenda hálfu, en menn gæta ekki að því, að *þessi* kostur er *þýðingarlaus,* nema hann sè í sambandi við annan kost, *þann* kost, að álagan sè *rèttlát.* Eg vil biðja þingmenn að gæta að því, að þá fyrst, þegar *þessi* kostur liggur til grundvallar fyrir gjaldinu, geta menn farið að tala um kostinn, að gjaldið sè fast ákveðið. Ella kæmi það fram, að *ranglát* eða að minnsta kosti *ekki* rèttlát gjaldheimta ætti að vera svo *föst og óbifanleg sem mest mætti verða!*

Er nú þessi mælikvarði frumvarpsins og meiri hlutans þá rèttlátur eða ranglátur?

Líti maður *fyrst* og *fremst* á hlutfallið milli skipanna sjálfra, þá er það auðsjáanlega *ekki* rètt að leggja á skipin, eptir stærð þeirra. Menn gleyma því hèr að taka tillit til *nauðsynjar* þeirrar, sem liggur til grundvallar fyrir mismuninum á stærð skipanna. Sumstaðar og víða hagar svo til, að menn eru neyddir til að hafa stór skip og kostbær, og þetta vita allir að á sèr stað við allar suðurstrendur landsins, eg tiltek Skaptafells- Rangárvalla- og Árnessýslur auk Vestmanna-eyja. Á öllu þessu svæði er stærð skipanna óumflýjanleg sökum brims, en aflavon þó minni og stopulari en þar sem minni skip má viðhafa. Yrði nú eigendum þessara skipa ekki órèttur gjör í samanburði við þá er eiga smábáta t. d. við Faxaflóa, þar sem aflinn er margfalt meiri á þá, en stórskipin. Gæti menn að því, að það er munur, hvort menn brúka stóru skipin, af því þeir eru neyddir til þess, eða þeir viðhafa þau til þess að hafa meiri aflavon, og á hinn bóginn, hvort menn viðhafa smábáta af leti og menningarleysi, ellegar veiðistaðan gefur nærfelt eins mikla aflavon af bátnum eins og skipinu. Þetta atriði málsins tók að mig minnir hinn heiðraði þingmaður Rangæinga fram um daginn svo ljóslega, að eg þykist eigi þurfa að fjölyrða frekar um það. Hvað sèrstaklega viðvíkur þiljuskipunum, þá eru þau eins og allir vita í barndómi og allt of lítið tíðkuð hjá oss; það gengur með þau eins og með aðrar *gagnlegar nýjungar* hjá oss, að þau eiga örðugt uppdráttar. Má eg nú spyrja: Á þingið að hlynna að þeim fáu sem vilja koma upp þiljuskipunum eða ekki? Og er það ekki lítil hvöt fyrir menn að fjölga þeim, ef farið er að leggja hátt gjald á þau, bara *af því* það eru þiljuskip? Gæti menn að því, að það er mikill galli á þiljuskipa-eign-

inni og það er sá, að þau verða ekki »assureruð«, og þó þau sèu því stundum arðsöm, þá setja þau aleigu manna í hina mestu hættu Eg segi þiljuskipin eru opt aleiga skipseigenda. Eg vil leyfa mèr að spyrja hinn 2. háttvirta konungkjörna þingmann, hvort setning hans um letingjana geti átt við þiljuskipseigendurna, sem einmitt fremur öðrum hætta fè sínu og stundum fjöri? Eg gæti nefnt framúrskarandi dugnaðarmann, sem hefur misst bótalaust hvort þilskipið á fætur öðru og með þeim mikinn hluta af eignum sínum. Mèr getur því ekki skilizt, að ástæða sè til að leggja *hátt* gjald á skip þessi *af því* þau eru *þiljuskip* og stærri en önnur fiskiskip.

Þegar menn nú í *annan stað* bera saman, hvort rèttara sè að leggja gjald þetta á *skipin sjálf* eða *aflann*, þá þarf það ekki lengi að vefjast fyrir manni, því það liggur í augum uppi, að *ekki* á að borga af *kostnaðinum* heldur af *arðinum*. Eg er ekki eins hræddur og hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður um, að spítalagjaldið verði of mikið, ef það er lagt á aflann; því það mun varla vera hugsun Íslendinga að hætta við einn spítala, sem hann nú allt í einu virðist að gjöra sig ánægðan með fyrir allt Ísland, það hefir áður verið talað um 3, eins og hann mun minnast; ef að nú vestur, norður og austuramtið færu að koma sèr upp spítölum, mundi þá spítalagjaldið verða of mikið? Eg vil í þessu efni benda á skýrslu hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga. Eg ætla nú ekki að fara lengra út í málið sjálft að sinni, en áskilja mèr breytingatkvæði við minni hlutann til þess að reyna að bæta úr þeim göllum, er mèr virðast á honum vera. Eg sný mèr þá fyrst að tortryggni þeirra, sem efast um, að aflinn verði rètt fram talinn. Þessi tortryggni er eðlileg, því menn mega ekki byggja lög á því, að allir sèu *ráðvandir* en lögin einmitt eiga að girða fyrir óhlutvendnina, svo hún saki eigi rèttlát málefni. Á hinn bóginn verða menn þó að láta sèr það hugfast, þegar menn tala um vandkvæðin á innheimtunni, að það verður aldrei unnt í þessum eða öðrum efnum að semja svo góð lög, að ekki megi móti þeim brjóta. Að svo mæltu get eg þess að eg ætla nú að áskilja mèr fyrst breytingaratkvæði við staflíðina *a* og *b* til þess að leiðbeina hinum háttvirta 2. konungkjörna þingmanni, sem virtist halda, að þar sè talað um lifandi hluti; það getur nú ef til vill átt sèr stað með þessi hundruð af þorski, að þau væri lifandi, en hvernig lýsistunna getur verið lifandi, er mèr ekki alveg ljóst, nema ef eg ætti að ímynda mèr einhvern ódauðlegan hákarlamaur í henni, og það þori eg að segja,

að minn háttvirti vinur ekki fellst á. Við 3. og 4. grein mun eg áskilja mèr breytingaratkvæði, sem eg síðar skal orða; eg skal einnig áskilja mèr rètt til nýrrar greinar þeirrar meiningar, að hver sem segir rangt til afla skuli verða fyrir sömu refsing og sá, er vís er orðinn að tíundarsvikum. Eg vil skjóta því til hins háttvirta forseta, hvort nokkuð sè móti því í formlegu tilliti. (*Forseti*: Það er búið að stinga upp á því áður). (*Benidikt Sveinsson*: Ekki nýrri grein að mig minnir).

Stefán Eiríksson: Það er nú óþarfi fyrir mig að fara að lengja umræðurnar í þessu máli, en eg verð þó að láta það í ljósi, að eg get ekki fyllt flokk þeirra, sem hallmæla meiri hlutanum, því mèr finnst mikið vera unnið við frumvarpið, því þar við fæst fastari grundvöllur fyrir spítalatekjunum, og aðalaugnamið þessa lagaboðs er þó það, að spítalatekjurnar gætu aukizt. Þó nú grundvallarregla minni hlutans eigi að vera sú eina rètta, þá hefir hún þó þann ókost til að bera, að ómögulegt er fyrir hreppstjórann að komast eptir hlutarupphæðinni hjá hverjum formanni; því í sumum hreppum eru margar veiðistöður, en til þess að komast að rèttri niðurstöðu, þarf hreppstjórinn að vita hlutarupphæðina á hverjum degi, og þyrfti hann þá að halda dagbók yfir hlutarupphæðina árið um kring, og hvað aflast í öllum hreppnum þann og þann daginn. Það hefir þótt erfitt að vaka yfir þessari hlutarupphæð hingað til einn einasta dag, og í því efni hafa átt sèr stað hinar megnustu undantektir, hvernig geta menn þá vænt þess, að undanþágur eigi sèr ekki stað nú, eptir uppástungu minni hlutans, ef ekki hefir orðið passað upp á spítalatekjurnar áður einasta einn dag og því er það óhugsandi að það nú gangi betur yfir allt árið.

Þá kemur nú til yfirvegunar uppástunga minni hlutans um lýsistunnurnar. Getur nokkur maður ímyndað sèr, að hreppstjórinn geti gefið áreiðanlega skýrslu um lýsisupphæð þá, sem aflast árið um kring? Þetta er svo fráleit hugsun, að hún nær engri átt, það skyldi vera með því móti, að hreppstjórinn gæti í þessu gefið nokkurn veginn áreiðanlega skýrslu, ef kaupmönnunum væri gjört að skyldu að gefa hreppstjóranum skýrslu um lýsiskútana, en það yrði þá að taka það fram í lagaboðinu. Það kom fram hjá hinum heiðraða þingmanni Suður-Þingeyinga á næsta fundi, að þetta væri hin fyrsta tilraun stjórnarinnar með skatta-álögur hèr hjá oss, og það mætti segja um það, að ill væri hennar fyrsta

ganga, þetta er nú öldungis misskilningur hjá þingmanninum, það að vísu stendur nú öðrum nær en mèr, að taka svari stjórnarinnari og eg vil biðja menn vel að gá að því, að það er ekki stjórnin, sem hefir lagt þenna skatt á, heldur landsmenn, nefndin hèrna í Reykjavík og amtmennirnir; það er því engin ástæða til að hafna málinu af þeirri orsök, að það sè útlent. Eg skal nú ekki lengja umræðurnar meir, þær munu verða nógu langar samt; einungis vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði við 2. grein frumvarpsins á þá leið, að fyrir meðalalin á fiski verði sett meðalverð allra meðalverða.

Ólafur Sigurðsson: Það er nú búið að tala svo mikið og margt móti meiri hluta nefndarinnar, að eg vona, að hinn heiðraði framsögumaður að minnsta kosti sè nú orðinn sannfærður, þó hinn annar konungkjörni sè það ekki. Mèr fannst, þegar er eg las frumvarpið, að það væri byggt á mjög líkum grundvallarreglum og hin gömlu skattalög vor, sem lengi hafa verið óvinsæl, og er það mikið bágt teikn tímanna, ef menn nú færu að semja lög í líka stefnu. Það hefir verið sagt, að hættulegt mundi vera að trúa framtali skipseigenda, en eg get eigi sèð, að það sè meiri hættu bundið, en að trúa framtali fjáreigenda. Það hefir reyndar verið talað um tíundarvik, en það er eitt af því, sem hefir verið sagt en ekki sannað, og eg verð að álíta mjög leiðinlegt fyrir okkur bændur að heyra mikið talað um þau hèr á þingi, og það er heldur ekki þægilegt fyrir embættismennina, því það gefur grun um, að eptirlitið muni ekki vera svo gott sem skyldi. Minni hlutinn hefir sagt. að tvær væri grundvallarreglur í frumvarpi stjórnarinnar, en eg held að megi bæta hinni 3. við. Það leggur jafnt á tveggja manna för og fjögra manna för, og jafnt á sexæringa og tólfæringa, ætti þá samkvæmt því að leggja jafnt á 10 lesta skip og 20 lesta, og jafnt á 20 lesta og 40 lesta skip.

Þingmaður Austur-Skaptafellssýslu taldi vandkvæði á að vita hlutarupphæðina daglega, en það er meining nefndarinnar, að grein skuli fyrir því gjörð einu sinni á ári. Hinn háttvirti annar konungkjörni þingmaður hèlt að gjaldið mundi verða of mikið eptir uppástungu minni hlutans, og þykir mèr það skrítið af honum, sem ávallt hefir viljað efla læknasjóðinn, og honum er þó kunnugt, að ekki er vanþörf á spítölum víðar en hèr. Eg hafði hugsað mèr að áskilja mèr breytingaratkvæði við minni hlutann, 1. grein, staflið b, því hann gæti misskilizt, svo að þar væri meint allt lýsi,

en þorskalýsið fylgir sjálfsagt hlutnum, og vil eg að «hákarlslýsi» komi í staðinn. Eg ætlaði líka að áskilja mèr breytingaratkvæði við aðra grein í líka stefnu og hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga; vona eg að eg geti komið mèr saman við hann; einungis vil eg nefna *útgjörðarmann*.

Sveinn Skúlason: Það gleður mig, að umræðurnar um mál þetta hafa orðið langar, því þetta er vandamál mikið. Þegar menn hugsa sèr, að alþingi hefir síðan 1857 ávalt beðið stjórnina að koma betra lagi á innheimtu spítalatekjanna, þá er það hálf skrítið, að vèr, í stað þess að fá betra fyrirkomulag á þessu, höfum fengið frumvarp frá stjórninni, ekki um þetta umbeðna betra fyrirkomulag á innheimtingunni, heldur frumvarp til nýrra laga um tekjustofninn. Þingið hefir víst mjög sjaldan beðið um, að þessum fornu lögum yrði breytt, heldur einmitt beðið um betri tilhögun á innheimtunni. Það datt þess vegna ofan yfir mig, þegar eg sá, að frumvarpið öldungis kollvarpaði hinum gömlu lögum. Það er í sannleika varúðarvert bæði fyrir stjórn og þing að kollvarpa lögum þeim, er forfeður vorir settu, og hvað þetta snertir, þá er varla ástæða til að raska þeim, því dagarnir þegar greiða á spítalahlutina eru svo heppilega valdir, að þeir yrðu naumast betur valdir. En nú hefir hvorki stjórnin nè meiri eða minni hluti nefndarinnar gjört neina uppástungu um að kippa innheimtunni í lag. Nei það er komið meira fjör í strokkinn en svo, og því á að búa til nýtt smjör, og koma þeir því allir með nýjar grundvallarreglur fyrir spítalatekjunum. Eg fyrir mitt leyti get nú ekki fallizt á neitt af þessari þingþrenning. Frumvarp stjórnarinnar er óhafandi, nema með stórkostlegum breytingum, því það leggur t. a. m. svo fráleitlega hátt gjald á hákarlaveiðina, að það mundi, ef fallizt væri á það, alveg hnekkja framförum vorum í þeirri grein, því það mundi gjöra menn ófúsa til að afla sèr stórskipa, þegar gjaldið er þyngt svo mjög á þeim; þetta hljóta allir að sjá að er óhafandi. Meiri hluti nefndarinnar hefir nú reynt að gjöra skynsamlegar endurbætur á frumvarpinu, en hann hefir haldið grundvallarreglu þess. Meiri hlutinn hefði, jafn «conservativ» og hann í sjálfu sèr er, átt að halda grundvallarreglu hinna gömlu laga, fyrst hann á annað borð fór að stinga upp á nokkrum breytingum á frumvarpinu. Minni hlutinn, sem hefir fengið hèr svo dæilegan byr, á mikið lof skilið fyrir grundvallarreglu sína, ef að nauðsyn væri að gjöra breytingu á hinum fornu lögum, því það er auðvitað, að gjaldið á að

leggjast á það sem menn fá en ekki á það sem menn ekki fá, það er að segja, að gjaldið á að leggjast á aflann, en ekki á verkfærið. En það verður annar slæmur hængur á því að ná inn gjaldinu eptir uppástungu minni hlutans, og það held eg í reyndinni verði ekki mögulegt, svo margir agnúar eru á því; eg vil einungis benda til hinnar væntanlegu framtölu á öllum afla, hvernig ganga mundi með innheimtuna. Eg sè því ekki, að eg geti heldur gefið minni hlutanum atkvæði mitt. Eg kæri mig ekki um að fara að svara ýmsu af því, sem talað hefir verið, og vil ekki stinga upp á neinum breytingum, heldur vil eg halda «status qvo» eða þeim lögum sem um spítalagjaldið eru. Eg vil einungis svara einu orði sem kom af vörum hins háttvirta annars konungkjörna þingmanns, af því eg hafði sízt búizt við því úr þeirri átt. Hinn háttvirti þingmaður hèlt, að vèr eptir uppástungu minni hlutans mundum fá of mikið fè eða ekki þurfa jafnmikils. Þetta þykir mèr nú nokkuð undarlegt, þar sem hinn sami maður er nýbúinn að koma hèr fram með yfirgripsmikla uppástungu um nýtt fyrirkomulag og nýja endurbót á læknaskipun vorri og læknakennslu; eg vona þó, að hann sè ekki búinn að gleyma læknaskólanum og sjúkra húsum, bæði hèr og annarstaðar. Þegar hann gætir að þessu held eg varla hann þurfi að óttast fyrir, að vèr vöðum svo í fè, að vèr ekki fáum ráðið við það.

Pètur Pètursson: Menn eru vanir að segja, að þeir ætli ekki að lengja þingræðurnar, þegar þeir ætla að segja eitthvað mikið. Eg ætla ekki að fara út í það, hvort haganlegra sè að leggja gjald þetta á einn atvinnuveg, sem er mjög óviss og brigðull, eða hvort ekki væri rèttara að leggja það á fleiri gjaldstofna, þegar nú læknasjóðurinn á að fara að borga allt það, sem nauðsyn krefur til þess, að bæta læknaskipun vora. Þó þetta kynni nú að vera mín persónuleg sannfæring, þá skal eg ekki tala meira um það að sinni. Hèr er nú komið frumvarp frá stjórninni og hefir hún hyggt á þessum eina gjaldstofni, eins og verið hefir að undanförnu. Nefndin hefir skiptzt í tvennt, meiri hlutinn leggur stjórnarfrumvarpið til grundvallar, en minni hlutinn hefir yfirgefið grundvallarreglu þess, og búið til nýtt frumvarp. Eg skal játa, að það er rètt og sanngjörn hugmynd, að leggja gjaldið á aflann, en þessi sanngirni er ekki einhlít þegar á að semja lög, heldur verða menn líka að hugsa um, hvort lagaboðið verður framkvæmt og hvort því verði til leiðar komið, sem til var

ætlazt, og hvort lögunum verði framfylgt svo að tilgangi þeirra verði náð; það var vantraustið um þetta, sem gjörði að meiri hlutinn skildi við minni hlutann. Það hefir margt verið talað hèr gegn meiri hlutanum, svo eg get ekki verið að svara því öllu, enda er búið að svara mörgu af því. Hèr eru nú þrír vegir, sem menn geta kosið um, nefnilega, að fylgja reglu þeirri, sem nú gildir, eða þá annaðhvort meiri eða minni hluta nefndarinnar. Mèr er ekki hægt að gefa minni hlutanum atkvæði mitt, þó hinn háttvirti þingmaður Árnesinga hafi bætt úr nokkrum formgöllum, svo að hann að því leyti kynni að vera frambærilegur. En hvers vegna vilja menn nú fá breytingu á þessum lögum? Eg held að það sè einkum tvennt, sem vakir fyrir mönnum, bæði að koma á nákvæmara eptirliti með spítalatekjunum, og hitt að auka tekjur spítalasjóðanna. Hinn háttvirti þingmaður Norður-Þingeyinga sagði, að þetta hefði ekki verið meining þingsins að undanförnu, heldur að fá innheimtingunni komið í betra lag; eg verð þó að halda að þingið, að minnsta kosti áður, hafi meint þetta. Eg held að innheimtingin sè viðunanleg núna eptir þeirri grundvallarreglu, sem á er byggt, því það er í þeirra eigin hag, sem nú bjóða í spítalafiskinn á ári hverju, að hafa gætur á, að öll kurl komi til grafar. Eptir uppástungu minni hlutans er öllu eptirliti hreint sleppt; það getur verið, að hafa megi eptirlit með framtalinu í þeim veiðistöðum, þar sem ekki eru nema fáeinir bátar sem ganga til sjóróðra, en þar sem þeir ganga tugum, já hundruðum saman, sè eg ekki, hvernig það á að verða mögulegt. Menn mega þó ekki semja lög, sem auðsætt er, að ómögulegt er að framfylgja. Hvað tekjuupphæðina snertir, þá getur meiri hlutinn gjört áætlun sína með vissu, en það er langt frá því með minni hlutann; það er þó ekki svo lítið í þetta varið, einkum þegar að búið er að ákveða hin árlegu útgjöld læknasjóðsins; því, ef að fiskileysisár kemur, svo tekjurnar hrökkva ekki fyrir útgjöldunum, hvar á þá að taka það sem á vantar? Það hefir verið sagt, að ránglátt væri að leggja gjaldið á skipin af því þau væru *eign*, en það ætti að leggja það á arðinn. Þetta held eg þó að sè gjört opt og einatt og má snúa þessu aptur á bak og áfram. Þannig eru jarðirnar tollaðar en ekki heyin af þeim, skipin eru tíunduð en aflinn ekki. Einkanlega hef eg það á móti minni hlutanum, sem hinn háttvirti annar konungkjörni þingmaður tók fram, að eg er hræddur um, að uppástunga hans verði fremur til þess að draga dug úr mönnum til framkvæmda,

heldur en til að örfa þá; vèr ættum þó í sannleika ekki að efla ónytjungsskap, heldur hvetja til dugnaðar og atorku. Uppástunga minni hlutans leiðir menn einnig í freistni til undandráttar við framtalið, og lög eiga þó eflaust eigi að vera svo löguð, að þau freisti manns til að brjóta gegn þeim. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga tók það fram í ræðu sinni, sem í marga staði var merkileg, að tekjuskattur væri á lagður í Kaupmannahöfn; það er satt, en eg veit ekki betur en að þar sè nefnd, sem getur fært skattinn upp og niður eptir eigin vild, en eptir uppástungu minni hlutans er enga tilsjón hægt að hafa með að rètt sè talið fram. Eg sè það í hendi mèr, að ef uppástunga meiri hlutans eða frumvarpið fellur, þá muni mál þetta mega lengi bíða, og þykir mèr það slæmt, af því læknasjóðurinn verður á meðan að missa af ýmsum tekjum t. d. af þiljuskipum. Hvað snertir ójöfnuð þann, er menn bera uppástungu meiri hlutans á brýn, þá er engu minni ójöfnuður hjá minni hlutanum, þar sem hann leggur *sama* gjald á allar fiskitegundir, þótt sumar þeirra sèu langtum arðsamari en aðrar þannig leggur hann jafnt gjald á ísu, steinbít, auk allra þeirra tegunda sem hann hefir gleymt, og á þorskinn, sem þó selst svo miklum mun betur. Þetta er ætíð ójöfnuður og það skiptir litlu, hvort sem hann kemur niður á einn eður annan hátt. Skal eg svo eigi fara hèr um fleirum orðum.

Halldór Kr. Friðriksson (*Framsögumaður*): Það er nú búið að tala svo mikið og vel fyrir uppástungum meiri hluti nefndarinnar, að ef þingmenn ekki hafa sannfærzt af því, þá mun mèr ekki verða þess auðið að gjöra það. Fyrst ætla eg þá að svara hinum heiðraða þingmanni Borgfirðinga. Hann fann þó nokkra kosti á frumvarpinu og hjá meiri hlutanum, og í rauninni fundust honum kostirnir svo mikils verðir, að vilji hann satt segja, þá væru þeir nægir, til að fylgja grundvallarreglum frumvarpsins, þótt hann ekki vildi viðurkenna það í orðum sínum. Það er mikið í það varið að geta heimt gjaldið inn með hægu móti, en mikill galli, að það skuli vera mikilli fyrirhöfn bundið. Menn fá ekki gjaldið inn fyrir ekki neitt, eptir uppástungu minna hlutans, það mun verða komið skarð í tekjurnar þegar allt er inn heimt. Minni hlutanum hefir gleymzt að hugsa um þetta, en haldið, að þeir geti fleygt þessu upp á hreppstjórana fyrir ekki neitt. Hitt er mönnum ljóst af ræðu hins 1. og 2. konungkjörna þingmanns og ræðu þingmanns Borgfirðinga, hve mikið er í varið, að tekjurnar sèu fastar og heimtist

greiðlega. Þingmaður Borgfirðinga fann það að, að þetta væri hvorki eignarskattur nè tekjuskattur; hann vildi hafa eintóman tekjuskatt, eins og tíundin væri; en honum yfirsást þar mjög; hún er ekki hreinn tekjuskattur; menn tíunda hesta eins og kýrnar, en af hestunum er þó enginn beinn arður; eptir hús gjalda menn eptir stærð þeirra en ekki tekjum af þeim (*Arnljótur Ólafsson*: það er þá eignarskattur). Hann sagði, að rangt væri að leggja gjald á verkfærið en eigi á arðinn, en hèr er sama máli að gegna og um hestinn, hann er tíundaður, en um afrakstur af hestum hefi eg ekki heyrt talað. (*Sveinn Skúlason*: Það er þó rakað af hestum); hann fann það líka að, að meiri hlutinn hefði ekki neitt sýnt fram á, hversu mikið gjaldið mundi hækka, ef frumvarpinu væri fylgt, og ekki getið þess, hve mikið nú væri goldið; það fannst nefndinni alls engin þörf á, því að það er hægt að fá það að vita þegar vill eptir reikningum spítalasjóðanna. Árið 1865 voru spítalahlutirnir um 682 rd. og að jafnaði munu þeir hafa numið frá 600—800 dala hin síðustu ár. Hversu mikið spítalagjaldið hækkaði úr því, sem nú er, eptir uppástungum nefndarinnar verður ekki sagt með vissu. En síður hefir minni hlutinn gjört nokkra áætlun, hversu mikið það mundi hækka eptir hans uppástungum, því að honum er ómögulegt með öllu, að gjöra nokkra áætlun, hann getur eigi sagt svo mikið, sem hvort það yrði hærra eða lægra. Þingmaður Borgfirðinga gjörði áætlun um hve mikið gjaldið yrði af skipum hèr í Suðuramtinu eptir uppástungu meiri hlutans, en það var sá galli á hjá honum, að hann tók öll skip, og verður því reikningurinn skakkur. Vèr sjáum það reyndar af landshagsskýrslunum, hversu mörg skip eru til í Suðuramtinu, en það er eptir að vita, hversu mörg af þeim eru höfð til fiskiveiða. Ef þeim væri öllum róið til fiskjar, þá yrði gjaldið af þeim um 6000 rd. Ef þessi tala væri nú rètt, sem þó er eigi hægt að ákveða með vissu hèr í salnum, og ef menn svo draga þriðjunginn frá af sexæringum og stærri skipum, og helminginn frá af bátum, þá mundi gjaldið verða milli 3000 4000 rd., og yrði það þá talsvert hærra en það er nú, en það er þó spurningin um, hvort það yrði hærra en það ætti að vera nú, ef öll kurl kæmu til grafar. Nefndin, sem sett var hèr í Reykjavík 1864 ætlaði sèr aldrei að hækka gjaldið, heldur einungis, að koma því svo fyrir, að ekkert yrði undan dregið, og læknasjóðurinn fengi það sem honum bæri. Þingmaður Borgfirðinga gjörði nú einnig aðra reiknings

áætlun um, hve mikil upplæðin yrði, ef gjaldmátinn væri eptir uppástungu minni hlutans, og fór hann í þessari áætlun eptir verzlunarskýrslunum í Landshagsskýrslunum hinum síðustu. En hann gjörði ekki grein fyrir, hve margir fiskar fara í skippundið, og er þó töluverður munur á því (*Arnljótur Ólafsson:* 120). Það er stundum meira, eptir því hvaða fiskur það er, því að það geta farið 170 fiskar í skippundið, og stundum líka minna allt niður að 100 fiskum. Eptir þessu yrði nú gjaldið miklu meira eptir uppástungu minni hlutans, en eptir uppástungum meiri hlutans, og þó þótti honum það léttbært, en aptur yrði gjaldið minna eptir uppástungu metri hlutans, og það fannst honum óþolandi. Eg verð að segja fyrir mig, að eg skil ekki þessa röksemdaleiðslu.

Það hafa margir af þingmönnum talað um réttlæti það, er lýsti sèr í gjaldmátanum eptir uppástungu minni hlutans, en það getur einmitt orðið langtum meira ranglæti, en eptir uppástungu stjórnarfrumvarpsins með breytingum þeim, er meiri hlutinn hefir gjört við það; því að það er ósannað enn, hvað rètt menn muni segja til hlutarupphæðarinnar. Þingmaður Barðstrendinga vildi láta bæta úr því með sektum, að eigendurnir segðu eigi rangt til hlutarupphæðarinnar; en má eg spyrja hann að, hvað hefir það hjálpað við tíundarsvikin? Þingmaður Skagfirðinga barmaði sèr sáran yfir því, að bændum væri brugðið um tíundarsvik, og furða eg mig á því; eg get sagt honum það, að eg man ekki betur en að það yrði mál út af því eigi fyrir löngu, að bændur í hálfum hrepp eða jafnvel fleirum hreppum og það einmitt norður í Skagafirði gjörðu sig seka í tíundarsvikum, og trúi eg að hreppstjórinn sjálfur væri með í því. Mèr finnst hann því ekki þurfa að taka sèr það mjög nærri, þótt menn nefni tíundarsvik hèr á þingi eða láta sèr verða flökult við slík orð. Þegar menn nú sjá, að slíkur undandráttur hefir átt sèr og á sèr stað, því ætti þá að freista manna, til að draga meira undan? Þótt eg nú ímyndaði mèr, að skipseigendurnir eigi vildu draga neitt undan, verður það þó örðugt fyrir þá, að skrifa upp á hverjum degi, hversu marga fiska þeir fá af hverri tegund allt árið um kring. Eða treystir þingmaður Strandasýslu sèr til, þótt hann hristi höfuðið, að skrifa upp á hverjum degi hvað eina, sem úr sjó kemur, þótt ekki væri nema kolkrabbar og marhnútar. Þingmaður Barðstrendinga var heldur en ekki drjúgmæltur um ráðvendnina á Breiðafirði. En má eg spyrja, því er þá ekki meira gjald af allri Barðastrandarsýslu, en það ætti að vera af einni ey-

unni þar í sýslu. Mèr finnst hann, með því að segja þetta, bera amtmönnunum á brýn, sem þar hafa verið, hver fram af öðrum, hið mesta skeytingarleysi, sem mèr sýnist þeir ekki geta legið undir, því að þeir eru ekki þekktir að því, að vilja hafa af mönnum, og finnst mèr óþarfi að bregða þeim um slíkt. Hann sagði reyndar, að tilhöguninni væri um það að kenna, en það er hið sama og að kenna það amtmönnunum. Eg segi fyrir mig, eg verð að taka þetta mjög svo stinnt upp fyrir hönd amtmannanna. Við þekkjum báðir amtmann Vestfirðinga þann, sem nú er, að hann er bæði eljunarsamur og gjörir sig eigi sekan í neinu hirðuleysi og veit eg það víst, að hann mun eigi láta sitt eptir liggja að ná inn gjaldinu svo sem honum er auðið. Þingmaður Barðstrendinga fann einnig að því, að eg vildi lempa frumvarpið, en hefði eigi gjört það, en eg verð að svara honum því, að eg sè ekki þá galla á frumvarpinu með þeim breytingum, er meiri hlutinn hefir gjört, að það þurfi að lempa það meira; en eg sagði, og að ef þingmenn vildu gjöra einhverjar breytingar við það, mundi meiri hlutinn fúslega taka öllum skynsamlegum uppástungum, ef grundvellinum væri eigi breytt. En það er beinlínis til að fella það, ef menn fallast á uppástungur minni hlutans, og þá er nú óvíst, hvernig fer um læknamálið. Hann talaði og um, að hægt væri, að heimta gjaldið saman eptir uppástungum minni hlutans, og að það væri jafnvel óhægra eptir uppástungum meiri hlutans; það væru svo margir, sem vissu tölu-upphæð hlutanna, en sagði það væri mikil óhægð á að vita tölu á bátum og skipum; en eg verð að segja honum, að það er ekki svo hægt að ná í alla, sem vita hlutarhæðina; því það er ef til vill enginn af hásetunum úr sama hreppnum, og yrði þá örðugt fyrir hreppstjórana, að elta þá norður, austur eða vestur á land, en það eru líka fleiri en eigendurnir einir, sem vita um skipatöluna. Eg held það færi líkt um þetta frumvarp minni hlutans, ef það yrði að lögum gjört, og helgidagatilskipunina, sem þingmaðurinn barðist svo mikið fyrir hèr fyrrum á þinginu, en eg að minnsta kosti hefi ekki sèð neinn árangur af, að svo færi, að fáir vissu, hvort hún væri til, og enginn hirti um hana. Eg finn mèr og skylt að leiðrètta það, er hann sagði, að eg hefði talað um eyjar fyrir vestan, sem ekki væri goldið spítalagjald af; eg nefndi alls ekki eyjar, heldur fuglabjörg, en annars held eg og, að þær eyjar sèu til, þar sem ekkert gjald er greitt af fugli.

Eg ætla nú ekki að svara fleiru að sinni. En eg get sagt

þingmanni Árnesinga það, að eg gjöri lítið úr mótbárum þeim, er hann kom með móti frumvarpinu og meiri hlutanum, því það var eigi annað en upptekning af því, sem aðrir höfðu sagt, og fannst mèr ræða hans lítið sannfærandi, þótt hann þættist hafa sannfærzt af ræðum annara þingmanna.

Forseti: Eg ætlaði að láta þingmenn vita, að eiginlega hafa ekki talað enn í dag nema tveir menn; það er að segja, að þegar umræðurnar byrjuðu í dag, höfðu tíu þingmenn beðið sèr hljóðs, en nú eru átta þingmenn eptir, sem vilja fá að tala.

Jón Hjaltalín: Eg ætla ekki að svara þingmanni Barðstrendinga, því ræða hans fór svo mjög á víð og dreif, að það var ekki gott að átta sig á henni. Menn eru allt af að tala um ranglæti hjá meiri hlutanum og rèttlæti hjá minni hlutanum af því hann vill leggja gjaldið á arðinn. Það er annars skrítið að segja, að allur skattur liggi hèr á arðinum, en ekki eignum manna; því það er hægt að sýna, að tíundin er skattur, sem að minnsta kosti ekki ætíð er tekinn af arði. Eg vil taka til dæmis ærnar, allir sjá, að skatturinn er ekki tekinn af arði þeirra, því þá yrði að reikna, hvað hver ær mjólkar og hvað mikið ullin af þeim vegur. Það gæti nú farið svo, að eptir nokkur ár kæmi annar minni hluti, sem vildi leggja giald á allan arð, en ekki á skepnur, en arðurinn getur verið svo ójafn, og þá verður ekki mikill jöfnuður í gjaldinu. Það hefir verið sagt um mig, að mèr þætti gjaldið of mikið eptir minni hlutanum, en eg hefi eigi sagt annað en gjaldið yrði fullt eins mikið, ef farið væri eptir uppástungum minni hlutans, það er að segja, ef öll kurl kæmu þá til grafar. Eg krefst þessa af minni hlutanum, að hann gjöri grein fyrir, hver á að telja hluta-upphæðina (*Benidikt Sveinsson*: Formaðurinn). Eiga yfirvöldin að gjöra það allt, sýslumaðurinn, hreppstjórinn eða presturinn? Það hefir verið svarað, að formaðurinn ætti að gjöra það, en er það sagt hann vilji það, eða hann geti það; hann verður þá að skrifa allt á hverjum degi, hvað mikið hafi aflazt af þorski, ísu, steinbíti, háfi og o. s. frv. en eg held að eptirlitið yrði með þessu móti ómögulegt, því það vildi enginn takast það á hendur, og því álít eg að uppástunga minni hlutans sè óhafandi. Eg held því, að ef það ætti að byggja löggjöf á þessum grundvelli, þá færi nú jafnrèttinu að halla. En það er það sama, að ef menn eigi vilja sannfærast þá er ekki hægt að sannfæra þá.

Sighvatur Árnason: Eg ætla nú ekki að halda langa ræðu í þessu máli dag eptir dag, með því líka að margir hafa orðið til þess

að halda langar tölur um það, og enda taka upp aptur margt af því, sem sagt hefir verið um málið. Eg ætla einungis að taka mèr eitt breytingaratkvæði og þess utan viðauka-atkvæði. Það hefir komið fram, að tekjur spítalanna eptir uppástungu minni hlutans mundu aukast, ef vel væri á haldið, og það held eg nú líka. En að því er snertir mótbáru þá, sem komið hefir fram frá mótmælendum minni hlutans út af innheimtu gjaldsins, þá verð eg að játa, að þeir hafa nokkuð fyrir sèr í því, að á honum eru talsverð vandkvæði. En til þess að bæta úr þessum vandkvæðum, þegar maður á hinn bóginn álítur tekjustofninn bæði góðan í sjálfu sèr og gefa mikla upphæð til læknasjóðsins, hefir mèr dottið í hug, að stinga upp á því, að settur verði umboðsmaður í hverri sveit til að heimta inn gjaldið, sem hefði venjuleg umboðslaun, og að þeir hefðu rètt til að heimta þær umtöluðu skýrslur um upphæð aflans. Eg ætla til varúðar að áskilja mèr rètt til þessa viðauka-atkvæðis, og útlista það betur ef til kemur. Við staflið b, í uppástungu minni hlutans, vildi eg líka taka mèr breytingaratkvæði. Eptir því sem tíðkast nú að minnsta kosti hèr á Suðurlandi, eru almennt taldar lifrartunnur en ekki lýsistunnur, og álít eg því hagkvæmara að miða við lifrartunnu-aflann, og þá er að eins að koma sèr niður á mismuninum á lifur og lýsi, en hlutfallið er þannig eptir almennu áliti hèr syðra, að verðið á lifrartunnunni sè hálfu minna en á lýsistunnu, og ætti þá gjaldið af hverri lifrartunnu að vera 1 fiskur. Það er nú búið að koma fram með svo mörg og góð breytingaratkvæði við uppástungu minni hlutans, er eg vona að greiði svo götu hans, að hann verði aðgengilegur og affaragóður.

Björn Pèturssón: Það var einhver af þingmönnum, mig minnir þingmaður Árnessýslu, er tók sèr breytingaratkvæði við 3. gr. minni hlutans viðvíkjandi því, að gjöra formönnum að skyldu, að gefa undir eiðstilboð skýrslu um afla-upphæðina. Eg hafði einmitt ætlað að taka mèr breytingaratkvæði í sömu stefnu. En eg hefi ekki tekið eptir því, að nokkur hafi áskilið sèr breytingaratkvæði á þá leið, að formaðurinn skyldi líka vera skyldur til að greiða af hendi spítalagjaldið, og vil eg því áskilja mèr það breytingaratkvæði. Innheimtumaður gjaldsins gæti þá ætíð átt vísan aðgang að formanninum um leið og hann afhendir skýrslu um afla-upphæðina, og þurfi ekki að elta hásetana eða að minnsta kosti skipseigendurna um allar trissur. Það er kunnugt hèr syðra,

að það eru opt margir eigendur að einu og sama skipi, og að þeir opt búa sinn í hverri sveit, og, ef til vill, enginn í þeirri sveitinni, sem skipinu er róið. En það væri samt hægt fyrir formennina að semja bæði við þá og hásetana, að svo miklu leyti þeir ættu að gjalda af sínum hlut um greiðslu spítalagjaldsins. Eg ætlaði einnig að taka mèr sama breytingaratkvæði og þingmaður Rangæinga við 1. gr. minni hlutans stafl. b. Eg þekki til, að það er eins fyrir austan, eins og hann lýsti hèr syðra, þar eru 2 tunnur lifrar metnar á við 1 tunnu lýsis, og því verður að færa spítalagjaldið niður til helminga nefnil. í hálfa alin. Formenn á þiljuskipum vita ætíð með vissu, hvað margar tunnur lifrar þeir hafa aflað, en ekki, hvað margar tunnur lýsis, því lifrin bræðist misjafnt eptir gæðum, þeir geta því gefið áreiðanlega skýrslu um lifrartunnu fjöldann en ekki lýsistunna.

Eg vildi spyrja hinn háttvirta 2. konungkjörna þingmann, hvort honum ekki mundi finnast að ef leggja ætti eitthvert gjald á embættismennina, yrði það að vera mismunandi, eptir því, hvað laun þeirra væru há, en ekki jafn mikið á öllum. Ef hann hugleiðir þetta vona eg hann sjái, að það er rètt, að spítalagjaldið sè mismunandi á mönnum eptir því sem þeir afla.

Jón Sigurðsson á Gautlöndum: Það má heita óþarfi fyrir mig að taka til orða í þessu máli, því þingræðurnar eru þegar orðnar býsna langar; en eg verð þó að tala nokkur orð. Þeir fáu, sem orðið hafa til mæla stjórnarfrumvarpinu bót, hafa verið að fegra skatta-álögu-aðferð þá, sem þar er við höfð, en eg verð að segja það, að ræður þeirra hafa eigi getað sannfært mig, enda er hèr illt mál að verja. Það verður nefnil. ekki varið, að sú skatta-álögu-aðferð, sem frumvarpið og meiri hluti nefndarinnar fylgir, er alveg móthverf öllum rèttum grundvallarreglum, sem fylgt er, og fylgt hefir verið þegar um skatta-álögu er að ræða. Það er sem sè almennt álitið, að skatta-álögum — hverju nafni sem heita — eigi að vera svo hagað, að þær að öðru leyti veiti fulla trygging fyrir því, að með þeim hætti fáist talsvert fè inn, til að disponera yfir; og á hinn bóginn, að skatturinn sè þó svo vægur, og svo á lagður, að engum gjaldenda sè of þyngt í. En að þetta verði þó opt og einatt tilfellið, ef reglum frumvarpsins er fylgt, er nógsamlega búið að sýna og sanna hèr í salnum, og þarf eg eigi að færa fleiri dæmi því til sönnunar en þegar er skeð. Eigi nú að brjóta þá grundvallarreglu, sem eptir áður sögðu ber að fylgja,

þegar er að ræða um nýjar skatta-álögur, þá verða að vera fyrir því tilknýjandi orsakir; en að það sè tilfellið með tilliti til spítala-hlutanna, er alls eigi búið að sanna. Þó búið sè að svara hinum 2. konungkjörna þingmanni verð eg að bæta þar nokkru við. Það var svo að heyra á orðum hans, að hann gerði ráð fyrir, ef að uppástungum minni hlutans yrði fylgt, þá mundi læknasjóðnum safnast svo mikið fè, að því yrði varla komið í lóg; þetta er nú nokkuð kynleg skoðun af honum. Hann þekkir manna bezt, hve mjög læknaskipuninni hèr á landi er ábótavant, og hann hefir manna mest strítt fyrir því, að hrinda henni í lag; skyldi læknasjóðnum veita af öllu því, sem hann getur fengið í spítalahlutum og öðru, til að standast kostnaðinn af öllum þeim umbótum, sem hinn háttvirti þingmaður hefir stungið upp á í læknaskipuninni. Hèr er líka eins og allir verða að játa um mjög sanngjarna og væga álögu að ræða. Eptir uppástungum minni hlutans verður spítalahluturinn hèr um bil 1 af hundraði aflans; beri menn nú þetta saman við það, sem búið er að dyngja á lausafèð, og enda þó miðað sè við gjöld þau, sem nú orðið hvíla á jörðum, þá sjá menn fljótt mismuninn. Hinn sami þingmaður, og fleiri þingmenn hafa sagt, að minni hlutinn legði skatt á dugnað manna, en lèti leti og ómennsku sleppa frí; þetta er að einu leytinu rètt, en á hina hliðina órètt; það er satt, að af því dugnaðarmaðurinn aflar meira, þá þarf hann að láta meira af hendi rakna; en gjaldið hvílir eigi að síður lèttara á honum og honum veitir hægra að láta það úti en hinum, sem minna aflar. En geta menn þá sagt með fullri vissu, að það sè dugnaðurinn einn, sem ræður afla-upphæðinni. Vita menn þá eigi dæmin deginum ljósari, að þó tveir dragi út á djúpið jafnvel búnir að dugnaði og atgjörfi, þá aflar annar mikið, en hinn lítið. Vita menn eigi, segi eg, að sjáfaraflinn er einatt eins undir heppni kominn og öðrum kringumstæðum eins og undir atorku. Eða er það tómri leti að kenna og ómennsku, að Norðlendingar afla minna en Sunnlendingar? Vita menn ekki, að hafísinn fyrir norðan hefir opt og einatt meinað mönnum alla sjósókn, allt vorið og fram á mitt sumar; eða er það ódugnaði Norðlendinga að kenna að hafísinn leggst þar fyrir strendur landsins. Eg skal einmitt við þetta tækifæri geta þess, að eg held, að amtmaður Havstein hafi haft fullkomlega rètt fyrir sèr, þegar hann stakk upp á, að hálfu lægri spítalahlutur greiddist af skipum á Norðurlandi en Suðurlandi. En þessa sanngirnisreglu gat stjórnin þó eigi aðhyllzt, eptir

því sem ráða er af ástæðum frumvarpsins. Það hefir af ýmsum þingmönnum verið fundið minni hlutanum til foráttu, að ef hans reglu væri fylgt með spítalahlutina, nefnilega að leggja á aflann, en ekki á skipin, þá mundi það valda ótal undanbrögðum og afdrætti; hafa menn tilfært sem dæmi þessu til sönnunar, hin miklu tíundarsvik, sem skulu eiga sér stað víðs vegar um landið. Þetta kann nú vel að vera, að tíundarsvik eigi sér of mjög stað; en eg verð að biðja menn vel að gá að því, hvort jafnmiklar hvatir eru fyrir gjaldendurna, til að draga af aflanum eins og af tíundinni. Aðalhvötin til tíundarsvika er eflaust sú að fríast við útgjöldin, og mér er vel kunnugt um, að margur hefir svikið tiund, til að komast hjá hinum rangláta skatti; og þó það nú ekki sé, þá ber þess að gæta, að þar sem nú hvíla útgjöld svo dölum skiptir á hverju tíundarbæru hundraði, þá er fátækum mönnum vorkunn, þó þeir dragi af tíundinni, þegar þeir sjá sér fært. Hvernig geta menn nú ímyndað sér, að sá sem hefir freistazt til að draga af tíund sinni til að létta á sér háum gjöldum, muni þar fyrir fara að draga af afla sínum, til þess að fríast við þetta lítilvæga gjald til læknasjóðsins, sem er svo einstaklega lágt og léttbært. Allar þessar og þvílíkar mótbárur virðast mér í lausu lopti byggðar. Eg skal þá ekki tala meira, en lýsi því yfir, að eg mun heldur halla mér að minni hlutanum.

Eiríkur Kúld: Eg skal ekki tala langt mál að þessu sinni, því eg býst svo ekki við, að mér takist að sannfæra hinn heiðraða framsögumann, eins og honum heldur ekki heppnaðist að sannfæra mig. Því það var það eina, sem eg sannfærðist um af þessari löngu tölu hans, að »sjáandi sér hann ekki og heyrandi heyrir hann ekki«. Eg áskil mér að bera mig saman við minni hlutann og taka mér viðauka-atkvæði um hvalveiðarnar; hann hefir ef til vill sleppt þeim vegna þess, að það er sagt í ástæðunum fyrir frumvarpinu á bls. 6, að ekki sé nú sem stendur ástæða til að leggja gjald á þær að sinni, enda sé lestagjaldið talsverðar tekjur af þeim skipum, sem höfð eru til hvalaveiða; en þar er ekki getið um, að hér eru önnur skip, sem eru á fiskiveiðum, sem líka gjalda lestagjald. Framsögumaður fann að reikningsáætlum þingmanns Borgfirðinga, og sagði, að hann hefði ekki sannað það, sem hann hefði ætlað að sanna, og áætlun hans tekin úr lausu lopti, en mér fannst þó reikningur hans sjálfs byggður á enn lausari grundvelli, því hann var byggður á eintómum *ef er* og *ef er ekki*. Hann ætlaði, að bera í bætifláka fyrir það, sem hann sagði

um Breiðfirðinga um daginn, og sagði, að eg vildi velta því yfir á amtmennina og gruna þá um gæðsku í þessu tilliti, en það ætla eg að vona, að enginn hafi heyrt mig gjöra, því enginn hefir heyrt mig í þessu máli enn nefna amtmann á nafn fyrri en nú, svo þetta er alveg rangt hermt. Og vil eg biðja hann um, að gjöra mèr ekki slíkar gersakir, þótt hann hafi gjört Breiðfirðingum þær, en ranglega og ástæðulaust. Hann skoraði á mig að gefa skýrslu um gjaldmáta af fuglatekju fyrir vestan, og skal eg gjöra það fyrir hann, þótt hann sè Vestfirðingur, og þekki því eins vel til um hann eins og eg. Má eg spyrja hann, hvort hann heldur það sè rèttur máti, að fuglatollurinn er þar boðinn upp á vorin, og spurt, hvað menn vilji gefa fyrir hann í sumar í ágústmánuði? Þegar nú einhver gjörir eitthvert boð, þá er honum náttúrlega slegið, ef enginn býður hærra. Honum þótti hart er eg sagði, að sjáandi sæi hann ekki og heyrandi heyrði hann ekki. Hann sá enga galla á frumvarpinu, en játaði þó að þörf væri að *lempa* eitthvað við meiri hlutann og hann hefir ekki heyrt, að það er búið að margsanna, að krafa meiri hlutans er ekki sanngjörn. Hann spáði, því og, að það mundi fara eins um uppástungur minni hlutans, ef menn aðhylltust þær, eins og um helgidagalögin, að þær yrðu ekki vel haldnar; en eg þekki ekki annað til á öllu Vesturlandi, en helgidagalögin sèu vel haldin. Hann bar það einnig fyrir, að ef menn samþykktu minni hlutann, væri það til að fella málið, en þó eg sè ef til vill ekki annar eins spámaður og hann, þá spái eg samt, að það yrði einmitt til að reisa málið við. Því eg ber það traust til stjórnarinnar, að hún muni fallast á uppástungur minni hlutans, þegar hún sèr, að þær eru byggðar á sanngjarnari grundvelli en frumvarpið sjálft, og ef hann vill biðja stjórnina að fella þær einmitt fyrir það, þá get eg ekki að vísu bannað honum það en vil ráða honum frá því sem vini mínum.

Torfi Einarsson: Mikið er nú komið af ræðunum í þessu máli, svo eg vil ekki úr þessu lengja þær. Eg vil að eins spyrja að einu: Hvers vegna er lögum eigi hlýtt? Tveir eiga jafnan hlut að máli, annar að gjalda, annar að heimta. Þegar heimta skal ranglátt gjald, verður tregðan meiri til að gjalda, og hvötin sterkari til að hafa undanbrögð, og sá sem heimtir á bágara með að ganga hart eptir því sem lög krefja, þegar lögin eru ósanngjörn; þegar hreppstjórinn kemur til manns til að heimta spítalagjald, sem að eins hefir róið tvisvar eða þrisvar á báti og lítils aflað, og hann

leiðir honum fyrir sjónir að það sè ekki næsta sanngjarnt, að hann greiði sama gjald sem hinn, er hefir fengið á sinn bát svo þúsundum skiptir, hverju á þá hreppstjórinn að svara; ef eitthvað er áfátt hjá minni hlutanum, þá getur umboðsstjórnin ráðið bót á því, þingið á eigi að ábyrgjast og getr eigi ábyrgzt það, hvernig skatturinn sè heimtur, hitt á það að ábyrgjast, að skatturinn sè lagður á eptir réttlátum og sanngjörnum grundvelli.

Jón Guðmundsson: Það má nú reyndar heita að bera í bakkafullan lækinn að fara að tala í þessu máli úr þessu; en mèr þykir málið svo mikilsvert, að eg álít skyldu mína að láta meiningu mína í ljósi. Í þessu máli koma til greina tvær grundvallarreglur, og er þá að skoða hver réttari eða betri sè. Önnur er sögð sanngjörn, hin ósanngjörn; látum svo vera. En hvernig skal að fara, þegar búa skal til skattalög? þá tjáir eigi að eins að líta á annars hag. Þingmaðr Strandasýslu tók fram réttilega, að í slíkum lögum ættu tveir hlut að máli, heimtandi og gjaldandi, og til beggja verður að taka hæfilegt tillit, en nú er svo lagað eptir þeim sanngjarna grundvelli, sem minni hlutinn hefir lagt, að sá sem úti á að láta, getur eptir minna hlutans uppástungum skamtað gjaldið og þar með sanngirnina úr hnefa þeim sem á að þiggja, en þetta má eigi vera. Allir þeir mörgu, sem hingað til hafa talað fyrir minni hlutanum, hafa nú tekið sèr mörg breytingaratkvæði við minna hlutans uppástungur, þessi breytingaratkvæði virðast nú eigi að sanna, að sanngirnin sè svo afar mikil, eða að hún liggi í augum uppi, breytingaratkvæða mergðin ríður þessari háttprúðu sanngirni nærri á slig. Grundvallarregla frumvarpsins er góð í sjálfu sèr; þó hafa menn með fullum rètti og rökum tekið fram, að annmarkar sè á, og þeim annmörkum verða menn burt að bægja. Það er sitt hvað, að einhver grundvallarregla sè óhafandi í sjálfri sèr, eða að henni sè svo óheppilega fyrirkomið eða beitt í lagaboðinu, að þetta þurfi að laga; þetta má vel takast eins og allir sjá án þess grundvallarreglunni sè kastað. Það er engan veginn ósanngjarnt eða ranglátt að leggja skatt á skipatöluna, ef menn að eins gjöra mismun á skattgjaldshæðinni eptir útræðum, vertíðum og öðrum kringumstæðum, þó þarf hèr ekki margra breytingaratkvæða til þess að vel sè viðvært uppástungur meiri hlutans. Aptur á móti þessir mörgu sem talað hafa fyrir uppástungum minni hlutans hafa hver vefengt annars breytingaratkvæði og niðurbrotið sjálfa sig, og þar með hafa þeir sýnt, að eitthvað er rotið við þetta þeirra hið

fyrirhugaða og mjög lofaða sanngirnis fyrirkomulag minni hlutans hvað sem öllu öðru líður; þá er að minnsta kosti eigi það að virða við minni hlutann og hans fylgjara, að hægt sè að átta sig á því hvað hann hugsi sèr. Þó eg lifi það að sjá á prenti allar hans mörgu uppástungur og breytingaratkvæðin, sem við þær eru gjörð, er eg hræddur um, að eg deyi jafnheimskur og nú um það, hvernig þeir ætla sèr að kljúfa fram úr því að fá eitthvað heimt saman handa spítalasjóðnum.

Eg áskil mèr breytingaratkvæði við 1. uppástungu meiri hlutans staflið *a* og *b* þess efnis, að þar sem eigi er róin nema ein vertíð, þar sè gjaldið helmingi minna, þar sem rónar eru tvær eða þrjár vertíðir sè gjaldið fullt; verið getur og eg slái mèr inn á minni hlutann eða á eitthvert breytingaratkvæðið er þar að lýtur, sem *vara-uppástungu* við frumvarpið.

Þar sem farið er fram á það í 3. grein frumvarpsins, að í kaupstöðum skuli bæjarstjórn heimta gjaldið, þá mun það vera af ókunnugleik, því bæarstjórnin hefir ekkert með skattheimtur að sýsla eða tíundarframtal, tíundargjald og þess leiðis, það varðar lögreglustjórnina, að minnsta kosti áskil eg mèr því að gjöra við þetta leiðrèttingu.

Torfi Einarsson: Milli mín og hins háttvirta þingmanns Vestur-Skaptfellinga er líklega miklu skemmri leið en hann hugsar: Hann kannast við það, að grundvöllur minni hlutans sè rèttlátur og sanngjarn, en hneixlast á því að vilmælendur hans gjöri svo mörg breytingaratkvæði við hann; og þó er það aldrei nema náttúrlegt; því að eins verður gott hús upp af góðum grundvelli, að margur góður steinn sè álagður grnudvöllinn; hitt þótti mèr meira að hann sjálfur skyldi fara að leggja stein á þann grundvöll, sem eigi er meir en miðlungi góður, já enda fleiri steina. Eg átti nú sízt von á því frá þeim háttvirta öðrum konungkjörna þingmanni, að hann mundi finna að því við minni hlutann, að gjaldið til læknasjóðsins verði of mikið, þar sem hann hefir ætíð barizt með svoddan karlmensku fyrir læknaskipunarmálinu sem þó styðst á þeim grundvelli.

Ólafur Pálsson: Eg áskil mèr lítilfjörlega orðabreytingu við stjórnarfrumvarpsins 1. gr. *d* að í stað orðanna: »sem höfð eru til hákarlaveiða» verði sett: »sem eingöngu eða með fram eru höfð til hákarlaveiða«, og hefir konungsbrèfið 26. mai 1824 gefið mèr tilefni til þess.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg áskil mèr fyrir nefndarinnar hönd breytingaratkvæði við 1. gr. stafl. *a*, í þá átt, að spítalagjaldið skuli greitt fyrir hverja vertíð, og getur vel verið, að eg eða meiri hluti nefndarinnar getum komið oss saman við hinn virðulega þingmann Vestur-Skaptfellinga.

Arnljótur Ólafsson: Eg áskil mèr rètt til breytingaratkvæðis við 3. gr. minni hlutans þess efnis: hreppstjórarnir skulu með 3 eða 5 mönnum eptir stærð hreppanna»; enn fremur uppástungu til vara: Spítalahlutur verður framvegis tekinn af öllum hákarlsafla þannig: 1 pd. hákarls af hverjum 100 pundum og 1 pott lýsis af hverri lýsistunnu. Skipseigandi skal greiða gjald þetta af hendi, ef hann er innan hrepps, ella formaður, og á hvor þeirra, er gjald innir af hendi, rètt til endurgjalds hjá öllum þeim, er hlut taka af skipi, svo sem tala rennur til. Þessi yrði þá 1. gr. frumvarpsins, en 6. gr. frumvarpsins yrði 2. gr.

Jón Guðmundsson: Eg áskil mèr viðauka-atkvæði, eða vara-atkvæði, ef minni hlutinn sigrar; þá sè öllum formönnum uppálagt að gefa skýrslu um hlutarupphæð undir eiðstilboð í líku formi og erfðaskýrslur. (*Margir:* Það er komið áður).

Forseti: Þar eð eigi taka fleiri til máls álít eg þessari undirbúningsumræðu lokið. Eg bið þá sem hafa áskilið sèr breytingaratkvæði að senda mèr þau skrifuð í síðasta lagi fyrir fund á morgun.

Eg skal geta þess, að eg hefi fengið uppástungu frá tveimur þingmönnum, þingmanni Vestur-Skaptfellinga og hinum fimmta konungkjörna þingmanni (Halldóri Kr. Friðrikssyni) um að útvega til alþingis jarðamatsbækurnar frá 1849, og um styrk til að gefa út jarðabók.

Að síðustu var lesin upp og samþykkt af þinginu bænarskrá til konungs um, að viðskiptabækur kaupmanna skyldu ritaðar á íslenzku.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 304—305).

Og að því loknu var

Fundi slitið.

---

14. fundur. — 23. júlí.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið skýrslu frá þingmanni Vestur-Skaptfellinga um að hann sè hindraður frá að mæta í dag að minnsta kosti framan af fundi.

Eg skal líka geta þess, að eg hefi nýlega fengið bænarskrá úr Ísafjarðarsýslu með skýrslu frá prestinum á Eyri, sem send er með brèfi frá stiptsyfirvöldunum, og fer bænarskráin því fram, að prestssetrið Eyri verði aðskilið frá Ísafjarðarkaupstað. Bænarskrá þessa mun eg bráðum setja á dagskrá, og senda konungsfulltrúa afskript af henni.

Þá er að taka til dagskrár, og kemur þá fyrst til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið ákveður svo, uppástunga frá þingmanni Norður-Þingeyinga um að halda hátíð árið 1874 í minningu þess, að Ísland hefir þá verið byggt í 1000 ár. Uppástungumaðurinn mun gjöra svo vel að lesa hana upp, og skýra málið fyrir þinginu, eptir því sem honum þurfa þykir.

Sveinn Skúlason: Eg skal þá leyfa mèr að lesa uppástunguna. (Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 305—306).

Eg fór ekki mörgum orðum um mál þetta hèr á síðasta þingi, því eg áleit þess ekki þörf og bjóst við, að mál þetta mundi sjálfsagt komast í nefnd. Ef vèr Íslendingar höfum nokkra tilfinningu fyrir þjóðerni voru og fyrir fornsögu vorri, þá er það enginn tímapúnktur, sem ætti að vera oss eins mikilsverður, og ekkert tímabil, sem fremur ætti að binda huga vorn við endurminninguna um frægð forfeðra vora, en einmitt sá tími, er liðin eru 1000 ár frá því, er þeir »reistu sèr byggðir og bú í blómgvuðu dalanna skauti«. Mèr datt ekki í hug hèr á síðasta þingi, að máli þessu mundi verða hrundið frá nefnd, því þá komu engin mótmæli fram á móti því, og umræðurnar vöruðu ekki nema 10 minútur! Eg vona því, að, áður en þingið hrindir því frá nefnd, gjöri það betri grein fyrir atkvæðum sínum, en það gjörði þá. Eg óska, að nefnd verði sett í málið, og vil eg biðja hinn háttvirta forseta að hafa við nafnakall, til þess að sjá, hverjir þingmenn greiða atkvæði á móti því.

Forseti: Er enginn af hinum háttvirtu þingmönnum, er vill taka til máls? Fyrst það er ekki, verður gengið til atkvæða um, hvort nefnd skuli setja í málið.

Var síðan gengið til atkvæða og við haft nafnakall eptir beiðni uppástungumannsins.

»Já sögðu:	»Nei sögðu:
Eiríkur Kúld.	Halldór Kr. Friðriksson.
Arnljótur Ólafsson.	Magnús Jónsson.
Benidikt Sveinsson.	Páll J. Vídalín.
Bergur Torberg.	Pètur Guðjónsson.
Björn Pètursson.	Pètur Pètursson.
Hjálmur Pètursson.	Stefán Eiríksson.
Jón Bjarnason.	Stefán Thordersen.
Jón Hjaltalín.	Torfi Einarsson.
Jón Pètursson.	
Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.	
Ólafur Pálsson.	
Ólafur Sigurðsson.	
Páll Ólafsson.	
Sighvatur Árnason.	
Stefán Jónsson.	
Sveinn Níelsson.	
Sveinn Skúlason.	

Var þannig samþykkt með 17 atkv. gegn 8, að nefnd skyldi kosin í málið.

Forseti: Hèr hefir verið stungið upp á þriggja manna nefnd, og enginn mælt í móti, vil eg þá biðja þingmenn að kjósa 3 menn í nefndina.

Var þá kosin 3 manna nefnd, og urðu þessir fyrir kosningu:

Sveinn Skúlason með 16 atkv.
Pètur Guðjónsson — 11 —
Pètur Pètursson — 11 —

Var málið síðan afhent uppástungumanni, er hafði flest atkvæði í nefndinni.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá næst til undirbúningsumræðu nefndarálit í málinu um konunglegt frumvarp til opins brèfs um flutning á þurfamönnum. Framsögumaður er þingmaður Húnvetninga, og mun hann lesa upp nefndarálitið og skýra þinginu frá málinu, sem þörf er á.

Páll J. Vídalín (*Framsögumaður*): Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið.

(Sbr. síðari part alþingislíðindanna, bls. 320.

Eg ætla mèr ekki að bæta neitt við það, sem fram er tekið í nefndarálitinu, því eg álít það full-ljóst í aðalatriðunum, og að þar sèu færðar nægar ástæður fyrir áliti meiri hluta nefndarinnar. Einn af nefndarmönnum, nefnil. þingmaðurinn úr Norðurmúlasýslu, hefir að vísu greint á við oss hina nefndarmenn, en hann hefir ekki komið fram með neinar ástæður fyrir ágreiningsáliti sínu, og fyrst hann ekki hefir gjört það eða með neinu hrakið ástæður meiri hluta nefndarinnar, þá finn eg enga þörf á að svo komnu að taka fram ítarlegri ástæður fyrir áliti meiri hlutans en gjört er í nefndarálitinu.

Páll Ólafsson: Það verður víst að litlu liði, þó eg vilji kasta orði fyrir stjórnarfrumvarpið, sem eg hefi að mestu aðhyllzt. Því er það gagn, að það er svo úr garði gjört, að það þarf þess lítið við. Eg vil með fáum orðum gjöra grein fyrir, hvers vegna eg ekki varð samdóma hinum heiðruðu nefndarmönnum. Það sem mèr þótti að breytingu þeirra var einkum það, að þeir tóku lausafèð eingöngu fyrir gjaldstofn, og ríghundu sýslumennina við að gjöra niðurjöfnun hreppa á milli eptir því. Eg get ekki betur sèð en þessi grundvöllur sè illa valinn, því það er margt annað en lausafè, sem efnahag hreppanna má og á að miða við; því sè litið á lausafèð eingöngu, er loku fyrir skotið, að nokkurt tillit verði haft til þeirra bænda, sem fasteign eiga; sama er að segja um sjávarbændur, sem búnast vel og eru gróðamenn, en eiga þó litla fjáreign; eins er um þurrabúðarmenn og þá, sem búa í verzlunarstöðum. Allir þessir, sem nú eru taldir, komast hjá að hlaupa undir baggann, með öðrum orðum: Hrepparnir, sem þessir menn búa í, er nú voru taldir, þeir borga ekki nærri nóg að tiltölu við aðra hreppa.

Þó nú sè farið eptir frumvarpi stjórnarinnar get eg ekki sèð, að sýslumönnum sè ofætlun að jafna borgun fyrir ómagaflutninginn sanngjarnlega milli hreppanna, «eptir efnahag og öðrum kringumstæðum» eins og í frumvarpinu stendur. Sýslumennirnir hafa allt í höndum, smátt og stórt, sem þeir þurfa til að geta jafnað gjaldinu niður með mestu nákvæmni, og geta því búið sèr til reglur fyrir því, sem styðjast við góð rök. Það er meira að segja, eg álít skyldu sýslumannsins, eins og hvers annars embættismanns, þótt hann hafi nýtekið við embætti, að kynna sèr nákvæmlega allt, sem að því lýtur, að hann geti gætt vel skyldu sinnar. Að ætla sýslumönnum hlutdrægni í þessum niðurjöfnuði finnst mèr ástæðulaust.

Af þessu get eg ekki betur séð, en frumvarpið hafi stórum breytzt til verra í höndum meiri hlutans, og það er sannarlega óheppilegt að fara svo með góð frumvörp frá stjórninni. Í stuttu máli finnst mèr þessi breyting og nefndarálit meiri hlutans mjög viðvaningslegt, rètt eins og það, sem eg nú hefi sagt. Eg bið nú hina heiðruðu þingmenn, sem vanir eru við, að bæta um fyrir mèr, því það er ekki eptir betra að vænta frá minni hendi.

Konungsfulltrúi: Nefndin hefir fallizt á grundvallarreglu þá, sem frumvarpið er byggt á, og eg skal þess vegna einungis fara nokkrum orðum um breytingar þær, sem hin heiðraða nefnd hefir stungið upp á í álitsskjali því, sem nú liggur fyrir.

Meiri hluti nefndarinnar stingur upp á, að allur síðari hluti fyrstu greinar falli burt, en í staðinn fyrir þetta orðist niðurlag hennar þannig: «um kaupstaðina, sem eru lögsagnarumdæmi sèr, gildir hin sama regla sem verið hefir».

Eg fæ nú ekki séð, hvers vegna meiri hlutinn vill favorísera kaupstöðunum eða vilna þeim í á þenna hátt, því víst er það, að kaupstaðirnir, nú sem stendur, gefa meira tilefni til flutnings þurfamanna, en hreppamir, og mèr þykir það ekki sanngjarnt, að þeir ekki borgi að minnsta kosti eins mikið og hver hreppur. Eg skal taka eitt dæmi: Maður nokkur, sem er sveitlægur í Akraneshreppi kemur sem vinnumaður til Reykjavíkur; eptir 9 ára dvöl hèr þiggur hann af sveit, vegna þess að hann hèr í bænum er orðinn drykkjumaður, en máske væri hann ekki orðinn það, ef hann hefði dvalið í Akraneshreppi eða í öðrum hreppum, hvar freistingin ekki er eins mikil og í kaupstaðnum. Nú — hann á að flytjast hèðan til Akraneshrepps, ef reglugjörðinni frá 8. jan. 1834 ekki verður breytt, þá flytur fátækrastjórnin í Reykjavík hann til hreppstjórans í Seltjarnarneshreppi, og þaðan er hann fluttur gegnum Seltjarnarnes, Mosfells, Kjósar, Hvalfjarðarstrandar og Skilmannahreppa til Akraneshrepps. Kostnaðurinn fyrir flutning hans verða þá nokkrir skildingar fyrir Reykjavík, en fleiri dalir fyrir Gullbringu, Kjósar og Borgarfjarðarsýslu. En verði frumvarpið lögleitt óbreytt, þá held eg, að svo fari með flutning hins sama þurfamanns, að hann verður sendur með bát hèðan til Akraneshrepps, og þá skiptist kostnuðurinn við flutning hans með nokkrum mörkum annaðhvort milli Reykjavíkurkaupstaðar og Borgarfjarðarsýslu eða á milli beggja þeirra og Gullbringu og Kjósarsýslu.

Af þessum ástæðum get eg ekki mælt með breytingu þeirri,

sem upp á er stungið í 3. tölulið. Hvað snertir 2. tölulið, get eg ekki verið hinum heiðraða meiri hluta nefndarinnar samdóma í því, að það sè með öllu ómögulegt fyrir sýslumenn, að þeir geti ákveðið með nokkurri vissu jöfnuð milli hreppanna, því bæði koma hvert ár til sýslumanna reikningar sveitasjóðanna frá hverjum hreppi, og á skýrslum þeim, sem hinn heiðraði minni hluti nú nafngreindi, getur sýslumaðurinn byggt skoðun sína um efnahag hreppanna í sýslunni, og þessi skoðun getur verið byggð á góðum og gildum rökum, og þar að auki mun smám saman myndast einhver föst regla um hlutfallið á milli hreppanna í tilliti til þessara gjalda, sem seinna verður tekin til greina í hverju sèrstöku tilfelli. En á hinn bóginn getur uppástunga meiri hlutans verið brúkanleg, og þess vegna skal eg ekki hafa neitt á móti því, að hún verði tekin til greina, ef þingið álítur, að hún eigi betur við en ákvörðun frumvarpsins. Eg skal að eins taka það fram, að ef þessi breyting kemst á, held eg að tilsvarandi breyting ætti að gjörast við síðari hluta fyrstu greinar, til dæmis svona: «og skal amtmaður þá leita álits bæjarstjórnarinnar um málið, og síðan eptir efnahag kaupstaðarins og öðrum ástæðum ákveða hversu mikil» o. s. frv». Að nema burt þann hluta greinarinnar: «sè nokkur óánægður o. s. frv». þykir mèr alveg þýðingarlaust, því hann inniheldur einungis hina almennu reglu í öllum þess konar málefnum.

Eptir minni meiningu verður tilgangi nefndarinnar með 1. niðurlagsatriðinu betur náð, ef menn vilja halda 2. grein frumvarpsins með þessari breytingu: «Sè þurfamaður fluttur sýslna á milli eða um fleiri sýslur, borgar hver sýsla þann kostnað, sem rís af flutningnum innan takmarka hennar, og á kostnaður þessi að jafnast niður eptir reglum þeim, sem ákveðnar eru í 1. grein».

Halldór Kr. Friðriksson: Eg ætla að biðja nefndina að skýra fyrir mèr breytingar þær, er hún hefir gjört við frumvarpið, því mèr finnast þær ekki vel ljósar. Það er t. d. 1. breytingaratkvæðið; mèr finnst það ekki koma vel heim við orðin, sem standa næst á eptir í 1. grein »skal sýslumaðurinn«. Hvaða sýslumaður á nú að jafna niður kostnaðinum? Er það sýslumaðurinn í þeirri sýslu, sem ómaginn er fluttur frá, eða í þeirri sýslu, sem hann er fluttur til? (*Páll J. Vídalín:* Auðskilið). Nei, það er ekki auðskilið. Mèr finnst rètt ákvörðun frumvarpsins um flutning þurfamanna á milli sýslna eða um fleiri sýslur, og vil eg því halda annari greininni óbreyttri. Viðvíkjandi 3. breytingaratkvæðinu,

skal eg geta þess, að það er í sjálfu sèr rètt, að eigi sèu fleiri málskot frá lægra yfirvaldi til æðra en nauðsýn ber til, því það er opt að eins til málalengingar og trafala. Það er reyndar líklegt, að menn mundu ekki svo opt þurfa að kæra sýslumenn fyrir amtmönnum, er hann á að jafna kostnaðinum eptir tíundarhundruðunum, en það sýnist þó rètt, að amtmaður hafi það vald, sem áskilið er í frumvarpinu, því að verið getur, að sýslumanni yfirsjáist. Það getur auk þess orðið ágreiningur milli fleiri sýslna, og þá er nauðsynlegt, að amtmaður skeri úr því, og því finnst mèr ekki ætti að sleppa þeirri ákvörðun. En aptur á móti er eg með nefndinni í ákvörðun hennar um skyldur kaupstaðanna. Því þegar ómagi er fluttur um sýslu, þar sem kaupstaður er, en kemur alls ekki í kaupstaðinn þá sýnist það óviðurkvæmilegt, að kaupstaðurinn taki þátt í flutnings kostnaðinum. En aptur sýnist það sanngjarnt, að kaupstaðurinn taki að sínu leyti jafnan þátt í kostnaðinum, við eina sýslu, þegar ómaginn er fluttur úr honum eða í hann. Kaupstaðurinn gæti orðið hart úti, ef fylgt væri frumvarpinu, en eg vil að hver beri sína byrði, því það er mín grundvallarregla.

Framsögumaður: Það er auðsætt á stefnu nefndarinnar, hvernig hún hefir hugsað sèr þetta; nefndin skoðaði hverja sýslu eins og eitt fèlag út af fyrir sig, sem ætti að kosta flutning þurfamanna bæði innan sinna eigin takmarka og til þess hún hefir komið þurfamanninum af hendi sèr til næstu sýslu, sem þá tekur við á sama hátt, ef þurfamaðurinn á að flytjast lengra. Nú eru kaupstaðirnir eins og hver sýsla lögsagnarumdæmi út af fyrir sig, og áleit nefndin því, að þeir ættu að skoðast á sama hátt og sýslurnar sem fèlag sèr, auk þess sem hún varð að álíta það ekki sanngjarnt, að kaupstaðirnir tækju þátt í kostnaðinum við þann flutning, sem ekki varðar þá hið minnsta heldur næstu sýslu; þetta ætla eg hverjum að skilja. Breyting nefndarinnar við 1. gr. frumvarpsins var því byggð á þessari skoðun nefndarinnar, að hún áleit, að hver sýsla ætti sem fèlag ekki einungis að kosta flutninginn innan sinna eigin takmarka, heldur og inn í næstu sýslu; en þá tekur sú sýsla aptur við, sem ómaginn er fluttur í. Þetta virðist mèr fullkomlega ljóst hjá nefndinni, eins og það er auðsætt, að það er sýslumaðurinn í hverri sýslu, sem jafnar kostnaðinum við flutninginn í henni niður á hreppana eptir jöfnuði þeim, sem nefndin hefir sett. Að því er snertir 2. grein frumvarpsins sýnir nefndarálitið ljóslega þann ójöfnuð, er af því leiddi, og er það enn ó-

hrakið af hinum 5. konungkjörna þingmanni, enda er og þessi grein óþörf eptir breytingu nefndarinnar við 1. grein. Þingmanni Norðurmúlasýslu þótti það svo fagurt og gott að binda niðurjöfnunina við efnahag manna og aðrar ástæður, en eg álít það mjög valt, því það sjá allir, að það er ætið vafa og ágreiningi undirorpið, sem bundið er álitum. Sýslumaðurinn getur komizt í vandræði, þegar hann á að jafna niður milli hreppanna, því hann er ekki nógu kunnugur efnahag þeirra og mundi því niðurjöfnun hans þannig eptir álitum valda sífelldum ágreiningi hreppa á millum og klögunum til amtmanns. Eða hver á að tilkynna sýslumanni, hvað margir jarðeigendur eru í hverjum hreppi? (*Arnljótur Ólafsson:* alþingistollsskýrslurnar). Nei, þeir geta átt jarðir bæði utan og innan hrepps, sem alþingistollsskýrslurnar gefa alls enga upplýsingu um, og því þótti nefndinni réttara að jafna niður eptir fastri reglu eða eptir lausafjártíundinni, af því hún gat ekki fundið aðra betri reglu. Hún vildi ekki byggja niðurjöfnunina á tekjum hreppsins, því þær fara eptir ómagafjöldanum, það er að segja, að því fleiri sem ómagarnir eru á einni sveit, því meira verður útsvar sveitarbænda og sýnir það því allra sízt efnahag þeirra. Ekki er heldur hægt að byggja á hinu gagnstæða. Eg þykist nú hafa sýnt, hvaða kostir eru við breytingar nefndarinnar, en þingið ræður, hvort það vill fallast á þær eða ekki.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg get nú ekki fellt mig við, að sú sýsla, sem á þurfamanninn og á að taka við honum, skuli sleppa við að borga kostnaðinn, en hin, sem flytur hann, á að borga hann allan. Stundum getur ómagi verið fluttur frá einum enda til annars í einni sýslu, þar sem hann á ekki framfæri, inn í næsta hrepp í annari sýslu, þar sem hann á sveit, þá á sú sýsla að sleppa, þar sem hann á framfæri, en hin á standast allan kostnaðinn; mér þætti eðlilegra, að sú sýsla, sem ætti þurfamanninn, annaðist kostnaðinn allan, en hin slyppi, það væri hið rétta, eða þá að minnsta kosti, sú sýsla, sem á þurfamanninn, borgi helming kostnaðarins, hvort sem þurfamaðurinn er fluttur í næsta hrepp eður í aðra hreppa, og get eg því ekki fallizt á breytingu þá, er nefndin hefir gjört.

Framsögumaður: Eg skil ekki í þessu skilningsleysi hins háttvirta 5. konungkjörna þingmanns. Nefndin skoðaði sýsluna eins og eitt félag, og því ætti hún að kosta flutninginn innan sinna eigin takmarka og inn í næstu sýslu; hin sýslan gjörir það sama

aptur, svo allt jafnast, og hver lèttir annarar byrði. Aðalatriðið er, að hèr á að jafna byrði þá, er áður hefir hvílt á hinum einstöku hreppum, niður á hverja sýslu sem fèlag, og kostar sýslan þannig í heild sinni það sem áður hvíldi á hinum sèrstöku hreppum hennar. Þetta er samkvæmt grundvallarreglu frumvarpsins og sem amtmaðurinn í Vesturamtinu hefir ráðið til, eins og sjá má í ástæðunum fyrir frumvarpinu.

Stefán Jónsson: Það vita allir, hvernig hagar til hèr á landi, að menn geta ekki bundið flutninginn einungis við takmörk sýslnanna, því þau liggja víða uppi á fjöllum og heiðum, og geta menn þó ekki skilið ómagann þar eptir, heldur verður að koma honum til manna byggða til næsta hreppstjóra. Þessi flutningur getur opt verið erfiður og kostnaðarsamur, þar sem um langa fjallvegi er að fara, en stundum er það ekki nema lítill spölur frá sýslutakmörkunum til næsta hreppstjóra í þeirri sýslu, þangað sem ómaginn á að flytjast og væri þá ósanngjarnt, ef sú sýsla ætti að borga helming flutningskostnaðarins fyrir þenna litla spöl vegarins. Eg þekki dæmi til, að ómagi, sem þess utan var svo mikill auming, að það varð að flytja hann á kviktrjám, var fluttur austan úr Múlasýslu vestur í Eyjafjarðarsýslu og hefði það verið hart fyrir Eyjafjarðarsýslu að borga helming flutningskostnaðarins um svo langan veg gegnum fleiri sýslur. Það sýnist því eigi nema sanngjarnt, að ein sýslan hjálpi upp á aðra með slíkar byrðir. Það er líka opt ekki að eins einn ómagi, sem flytja þarf, helzt hjón með fjölskyldu, og verður þá flutningurinn erfiður; er því rètt, að hver sýsla borgi kostnaðinn, er af flutningnum leiðir innan sýslu og yfir í næstu sýslu. Það er sú orsök til, að mál þetta er komið hèr inn á þing, að menn voru óánægðir með ákvarðanirnar um flutningana í reglugjörðinni frá 8. janúar 1834, því eptir henni urðu einstakir hreppar í sýslunum að kosta flutninginn, og það opt yfir fjöll og firnindi. Viðvíkjandi því, sem talað hefir verið um niðurjöfnunina, þá vil eg geta þess, að eg veit ekki betur, en sýslumenn sumstaðar jafni niður milli hreppanna eptir lausafjártíund kostnaði þeim, er gengur til þeirra, er sendir eru á heyrnar- og málleysingjaskólann í Kaupmannahöfn. Þeir eiga kost á að taka annan mælikvarða, ef þeir vildu, en þeim hefir þótt tiltækilegast að velja þenna niðurjöfnunarmáta. En að því, er snertir kaupstaðina, þá hafði bæði eg og fleiri nefndarmenn hug á að koma þeim inn í, en vèr sáum oss það ekki fært, því þeir eru lögsagn-

arumdæmi sèr. Hefði verið slegið saman 2 sýslum, þá gátu þeir komizt inn í. En þótt kaupstaðirnir sèu innan takmarka sýslunnar, þá eru þeir þó ekki partur af henni, því hèr eru að eins meintir þeir kaupstaðir, er hafa fullan kaupstaðarètt.

Halldór Kr. Friðriksson: Hinn heiðraði þingmaður Eyfirðinga var að tala um, að það mætti ekki skilja ómagann eptir uppi á heiðum, en það hefir mèr heldur aldrei dottið í hug, en eg ætlaðist til, að hann væri fluttur til næsta hreppstjóra í sýslunni. En eg vil taka til dæmis, að ómagi væri fluttur sunnan úr Hafnahrepp upp í Strandahrepp í Borgarfjarðarsýslu, þá þykir mèr það ójafnt skipt, að allur kostnaðurinn skuli lenda á Kjósar- og Gullbringusýslu, en ekkert á Borgarfjarðarsýslu, og það bætir ekkert úr, þó að það sè hafi sem ástæða, að hið sama kunni að koma síðar fyrir Borgarfjarðarsýslu. Þessi ójöfnuður kemur af því, að nefndin hefir sleppt grundvallarreglu frumvarpsins. Að því er snertir 2. breytingaratkvæðið, sem svo mikið hefir verið rætt um, að jafnað sè niður kostnaðinum á hreppana eptir lausafjártíund, þá getur það valdið ójöfnuði; því eg set, að 2 hreppar hafi jafnmörg lausafjárhundruð, en annar þeirra 10, en hinn 20 ómaga fram að færa, þá er ósanngjarnt að þeir borgi báðir jafnmikið.

Jón Guðmundsson: Mèr hefir fundizt á þessum 3 ræðum, sem hinn heiðraði 5. konungkjörni þingmaður hefir haldið, að hann hafi hvorki lesið nefndarálitið eða frumvarpið. Eg skal nú brátt reyna að sanna það. Það er skýrt tekið fram í nefndarálitinu, hvers vegna nefndinni fannst ástæða til að víkja við ákvörðuninni í frumvarpsins 1. gr. án að þess breyta grundvallarreglu þess, að hver sýsla beri kostnaðinn af þeim þurfamannaflutningi, sem á sèr stað þar innan sýslu eða yfir sýsluna. Því getur engi neitað, að þar sem 1. gr. frumvarpsins bindur sig einungis við flutning innan sömu sýslu, þá ræðir aptur önnur gr. um það, þegar flutningurinn á að vera sýslu úr sýslu, eða yfir fleiri sýslur í senn, og þar er að óþörfu vikið frá þeirri grundvallarreglu, sem sett er í 1. gr. um flutninginn að eins innan einnar og sömu sýslu. Þetta virðist óþarfa útúrdúr og óhafandi, því auðsætt, er að hvort ómaginn sem fluttur er yfir alla sýsluna, eða nokkurn hluta hennar t. d. 2—3 hreppa, hefir komið yfir sýslutakmörkin úr annari sýslu eða hefir verið gjörður upptækur til flutnings þar innan sýslu, kemur alveg upp á sama, og er öllum sömu atvikum bundinn flutningurinn fyrir það; hver sýsla annast um flutninginn innan sinna

takmarka og borgar kostnaðinn, er þar af leiðir, hvaðan sem þurfamanninn ber að. Þess vegna varð nefndin að álíta, að hinn tilbreytti mælikvarði, er hún stingur uppá í 1. gr. fyrir sýslumennina að fara eptir, væri bæði réttari og fastari að ganga eptir heldur en mælikvarði frumvarpsins, og að honum mætti allt að einu halda, þegar um flutning væri að ræða yfir fleiri sýslur en eina, eins og við flutninginn innan sýslu, og að þess vegna yrði 2. gr. óþörf og ætti að falla burtu. Ef 2. grein frumvarpsins væri haldið, og þó að það væri með þeirri endurbót, sem hinn 5. konungkjörni þingmaður ráðgjörði nú á henni, þá mundi hún jafnan leiða til óendanlegra skripta, vefenginga, umkvartana og rekistefnu á milli yfirvaldanna, og úrskurðarvafsturs, og er ekki lítið í varið, að lögin hafi þann mælikvarða, að hjá því verði komizt. Þá er nú 2. breytingaratkvæði nefndarinnar, er svo mikið hefir verið talað um, og minni hlutann einkum greindi á um við oss hina nefndarmennina; en mótmælum þeim, er komið hafa fram gegn því, hafa bæði framsögumaður og þingmaður Eyfirðinga andmælt svo vel, að mèr finnst óþarfi að bæta þar við. En það var að eins eitt, sem eg vildi bæta við, það hefir vakað fyrir hinum 5. konungkjörna þingmanni, að þessi ákvörðun um mælikvarða þann, er sýslumenn skyldi fylgja, ætti að vera til þess að jafna kostnaðinum *niður*, eða *niðurjöfnun*, en það er alveg skakkt hugsað hjá honum. Sýslumaðurinn fær reikninga yfir flutningskostnaðinn frá hreppstjórum í þeim hreppum 1, 2 eða fleiri, sem hafa tekið þátt í flutningnum sjálfum; samanlagðri upphæð þessara reikninga *skiptir* hann niður á *alla* hreppa í sýslunni, og *miðar* að tiltölu því af kostnaðinum, sem hann ákveður, að hver hreppur fyrir sig skuli bera, við lausafjárhundruðin í hverjum hreppi; og eptir þeim *miðar* hann við lausafjárhundruðin, en ekki *jafnar* sýslumaður kostnaði þessum *niður* á einstaka búendur í hreppnum; það gjörir einmitt sveitarstjórnin innan hrepps ásamt með öðru útsvari eptir efnum og ástæðum hvers búanda fyrir sig. Þá er nú 3. atriðið um kaupstaðina, og hefir því fyllilega verið svarað af framsögumanni og þingmanni Eyfirðinga. Það er undarlegt, og það er meira að segja óskiljanlegt, hvernig frumvarp frá *stjórninni* fer að tala um kaupstað í *sýslunni*; hefði verið talað um kaupstað í amtinu, þá gæti maður skilið það, því hèr í frumvarpinu er orðið eða nafnið kaupstaður brúkað um þá einu verzlunarstaði, sem eru kaupstaðir í eiginlegum skilningi, þ. e. þeir

verzlunarstaðir, er hafa fengið kaupstaðarrèttindi að lögum: bæjarstjórn og bæjarfógeta, og eru lögsagnarumdæmi út af fyrir sig. Eg hefði reyndar að öðru leyti ekki verið á móti, að nokkuð harðari ákvörðun hefði verið gjörð um hluttöku kaupstaðanna í þurfamanna flutningum, en þegar eg sá, að það mundi eigi geta orðið nema með því að raskað yrði grundvallarreglunni eptir uppástungu nefndarinnar við 1. gr., fannst mèr betra að sleppa því. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að það mætti skilja breytingu nefndarinnar um kaupstaðina svo, að Reykjavík t. d. gæti brúkað sömu flutningsaðferð eins og verið hefir. Eg þori ekki að neita því, að þetta gæti misskilizt svo, og að bæjarfógeti eða fátækrastjórnin flytti ómaga, sem ætti framfærsluhrepp á Akranesi, fyrst fram á Seltjarnarnes, svo upp í Mosfellssveit og svo landveg áfram upp á Akranes. En þó þykir mèr hitt líklegra, að bæjarfógeti mundi láta flytja þurfamann sjóveg beint upp og sæta fallandi ferð til þess, er sjaldnast er löng bið á hèr á Akranes. Eg skal annars bera mig saman við meðnefndarmenn mína, hvort þeir ekki vilji orða það öðruvísi, svo það ekki geti valdið misskilningi, og áskil eg mèr til vara breytingaratkvæði í þá stefnu. Það er enn eitt atriði hjá hinum 5. konungkjörna þingmanni, að honum þótti hart, þegar ómagi er fluttur inn í einhvern hrepp i næstu sýslu, þá ætti sú sýsla, sem ómaginn væri fluttur í, ekkert að borga, en hin sem hann væri fluttur úr standast allan kostnaðinn. Þessi vefenging eða viðbára hins 5. konungkjörna kemur af því, að hann skilur ekkert í því, sem hann gjörir hèr að umtalsefni. Eg vil taka til dæmis, að ómagi væri fluttur fyrst eptir endilangri Rangárvallasýslu og svo áfram að eins inn í Dyrhólahrepp í Skaptafellssýslu, þá væri það næsta fráleitt, ef Skaptafellssysla ætti að borga helming alls þess flutningskostnaðar, er kom niður á Rangárvallasýslu. Hreppurinn fær þá líka svo mikla gleðju af þessum flutningi, þótt hann sleppi við að borga hann.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg get gefið hinum heiðraða þingmanni, er síðast talaði, ákúru þá, er hann gaf mèr, að eg skildi eigi nefndarálitið, þar sem hann sjálfur skilur eigi frumvarpið, því að það er auðsèð hverjum manni, að það eru 2 grundvallarreglur í því, sú fyrri um flutninga innan sýslu, og hin um flutninga sýslna á milli. Hann segir sömu grundvallarregluna um flutninga innan sýslu, og milli sýslna í frumvarpinu, og er þetta misskilningur hjá honum. Eg sè heldur ekki, að það þyrfti að valda svo

miklum vandkvæðum, þótt ákvörðununum í 2. greininni væri haldið; það kostaði í mesta lagi fáein brèf milli sýslumannanna. Seinasta dæmið sem hann tók, að þegar fluttur væri, ómagi í yzta hreppinn í Skaptafellssýslu, þá yrði kostnaðurinn svo lítill, og hreppurinn fengi líka nóga gleðju í ómaganum, þótt hann borgaði ekkert af flutningnum. En fyrst kostnaðurinn er svo lítill, þá munar Skaptafellssýslu heldur ekki mikið um að borga nokkuð af honum. Að síðustu áskil eg mèr breytingaratkvæði í 2. gr., að á eptir »sýslna« sè bætt inn í »eða lögsagnarumdæma«.

Björn Pètursson: Þó eg eigi væri sá, er gjörði ágreining við meiri hluta nefndarinnar, eins og þingmaður Vestur-Skaptfellinga sagði, heldur þingmaður Norður-Múlasýslu, þá skal eg fúslega játa, að eg felli mig betur við minni hluta nefndarinnar, sem vill halda stjórnarfrumvarpinu að mestu leyti óbreyttu af því mèr sýnist frumvarpið miklu betra en allar breytingar meiri hlutans. Mèr þykir það yfirhöfnð skrítið, þegar menn eins og gjöra leik til þess að breyta frumvörpum stjórnarinnar, þegar menn eigi breyta til batnaðar, heldur jafnvel til hins verra, eins og mèr virðist hèr eiga sèr stað. Eg ætla eigi að þessu sinni að fara að tæta málið í sundur, það er búið að ræða um það svo mikið á báðar hliðar. En eg skal einungis geta þess, að eg ann svo mikið jöfnuði og sanngirni, að eg eigi vil brjóta þau niður eingöngu til þess að spara embættismönnum að skrifa fáeinar línur. Eg vil því, til þess að gjöra sanngirnina og jöfnuðinn jafnvel enn meiri, en hann verður eptir 2. gr. stjórnarfrumvarpsins, áskilja mèr breytingaratkvæði á þá leið: Að amtmaður jafni kostnaðinum niður á sýslurnar eptir þeim reikningum, er hann fær frá hlutaðeigandi sýslumönnum, eptir sömu reglum og settar eru í fyrstu grein stjórnarfrumvarpsins.

Framsögumaður: Eg vona, að öllum hafi getað skilizt, að meining nefndarinnar hafi verið sú, að niðurjöfnun kostnaðarins milli hreppanna færi eptir lausafjártíundinni, en síðan er hluti hvers hrepps tekinn af fátækrasjóðinum og jafnast þannig niður á hvern einstakan í hreppum sem auka útsvar beint eptir frumvarpinu. Þar sem hinn fimmti konungkjörni þingmaður sá tvær grundvallarreglur í frumvarpinu og áleit þær gætu samþýðzt, og ættu að haldast, þá er það ekki annað en ofmikil skarpskyggni hans, sem hann hefði betur varið til þess að gæta að, hverja sanngirni mundi leiða af því, ef báðum þessum reglum er haldið. Eg vil taka til

dæmis: Flytja skal þurfamann úr Húnavatnssýslu í einhvern hrepp í Mýrasýslu; flutningurinn yfir Húnavatnssýslu kostar 40 rd, yfir Strandasýslu 10 rd., um Mýrasýslu 40 rd., allt saman 90 rd., nú vill hann láta jafnt koma niður á öllum sýslunum sem um er flutt eptir frumvarpinu 30 rd., á hverja. En eg vil spyrja er þetta sanngjarnt? Nei; en nefndin hefir farið réttan veg, sem skoðar hverja sýslu sem félag út af fyrir sig, sem hefir þá félagsskyldu, að hver hreppur innan hennar létti að réttu hlutfalli undir með öðrum að bera þann kostnað af ómagaflutningi sem eptir hinni eldri löggjöf var velt upp á einstaka hreppa.

Stefán Jónsson: Eg skyldi eigi vel, hvað hinn 5. konungkjörni þingmaður fór. Mér virðist auðsætt, að það eitt var tilætlun nefndarinnar, að sú sýsla, sem þurfamaðurinn fer um skuli bera allan þann kostnað, sem stendur af flutningi hans þar, og þangað til hann kemur til hreppstjóra þess, sem næstur er sýslutakmörkunum í næstu sýslu; kostnaðurinn á flutningum frá sýslutakmörkunum til næsta hreppstjóra nemur svo litlu, að ekki mundi vera vert að gera langa rekistefnu út af honum; svo sé ómaginn fluttur upp á kostnað þeirrar sýslu hreppstjóra frá hreppstjóra, þangað til hann kemur til næsta hreppstjóra í næstu sýslu; þá tekur sú sýsla við að standa straum af flutningskostnaðinum um þá sýslu og inn í aðra sýslu, ef lengra þarf að flytja, og þá kemur réttur jöfnuður á. Stjórnarfrumvarpið, eða ástæður þess, gjöra að vísu að eins ráð fyrir flutningi milli tveggja sýslna, en það ber opt við að ómagi er fluttur milli 3 eða 4 sýslna, ef ekki lengra að.

Arnljótur Ólafsson: Eg áskil mér breytingaratkvæði við 1. tölulið á þá leið, að í stað orðanna, «til næstu sýslu» komi: til næsta sveitarstjóra í annari sýslu eða lögsagnarumdæmi; með því tekst allur vafi af, svo þessar umræður hefði jafnvel eigi þurft, ef svo hefði staðið. Þegar talað er að eins um næstu sýslu, getur á stundum verið vafi. Það er auðvitað, að Borgarfjarðarsýsla er ekki næsta sýsla að sveitinni til, ef flytja skal mann úr Reykjavíkurlögsagnarumdæmi á hrepp sinn í Borgarfjarðarsýslu, heldur er Gullbringusýsla næst; en hitt er víst, að það er beinasti og greiðasti vegur, að flytja hann héðan sjóveg upp á Akranes. Eg get nú eigi skilið, hverja þörf nefndarmenn hafa séð til þess að deilast í meiri hluta og yfirgefa frumvarpsins 1. grein, heldur eigi skil eg þær ástæður, er framsögumaður bar fram til varnar breyt-

ingu meiri hlutans. Hitt finnst mèr ljóst, að sýslumanni muni vera til þess trúandi, að jafna niður gjaldinu eptir «efnum og á-stæðum», fyrst hreppstjórunum er til þess trúað að jafna sveitar-útsvari niður eptir efnum og ástandi. Framsögumaðurinn veit þó, að sýslumaður hefir alla sveitarreikninga handa á milli, og á að gjöra við þá athugasemdir sínar og yfirfara þá. Framsögumaður segir, að hreppstjórinn geti eigi vitað um jarðeigendur í hreppn-um; þetta er eigi rètt. Það er föst regla, að minnsta kosti víða hèr á landi, að auka-útsvar er lagt beinlínis á jarðeigendur, og því vita hreppstjórar, hve mikið hver einn á í fasteign utanhrepps og innan. Hreppstjórar gefa sýslumönnum skýrslur um jarðeig-endur, til að taka alþingistollinn eptir; svo geta og sýslumenn litið í veðskuldabækur og jarðakaupabækur sýslunnar. Þingmaður Suður-Þingeyinga tók fram, að sýslumaður ætti að jafna á flutn-ingskostnaðinum eptir lausafjárframtalinu, en það finnst mèr vera undarlegt að binda hendur á sýslumönnum svo, að þeir megi ekki eptir neinu öðru fara en lausafjárhundruðum hreppanna.

Sighvatur Árnason: Eg vil að eins svara þingmanni Borg-firðinga út af breytingaratkvæði því, er hann tók sèr við 1. tölul. af orðunum «til næstu sýslu». Mèr getur eigi skilizt, að þetta orð verði misskilið, þar sem enginn þurfamaður er fluttur án vegabrèfs frá sýslumanni þeirrar sýslu, sem hann er fluttur frá, sem segir til hverrar sýslu þurfamanninn skuli flytja; eptir vegabrèfinu verð-ur því ávallt auðvitað, hvað svo sem hann er kominn á leiðinni, og þó yfir margar sýslur sè að fara, hver er hin næsta sýsla, sem hann á að flytja til. Mèr fannst hjá hinum 5. konungkjörna þing-manni koma fram töluverður misskilningur, þar sem hann fyrst í ræðu sinni lèt í ljósi, að hann vildi halda grundvallarreglu frum-varpsins á niðurjöfnun kostnaðarins, en aptur skildist mèr af orð-um hans, að hann ætlaðist til, að sú sveitin, sem þurfamaðurinn er fluttur upp á, skyldi ein standa straum af flutningskostnaði þurfa-mannsins, en það er hvorttveggja, að þetta yrði ókljúfandi byrði fyrir hreppinn og það er ekki heldur meining frumvarpsins. Það er þegar búið að taka fram, hvað nefndin hafði fyrir sèr, er hún stakk upp á, að hver sýsla bæri út af fyrir sig kostnað við flutning þurfamanna, því það mundi varla svara þeirri fyrirhöfn, sem skýrslur og aðrir vafningar mundu hafa í för með sèr, ef blandað væri saman mörgum sýslum, og það þá þegar ekki er um meira að ræða en t. d. 20 rd., sem mundi að meðaltali vera flutningskostnaður þurfa-

manns gegnum sýslu sem er meðallagi hæg yfirferðar; væri nú 10 hreppar í sýslnnni, sem mun vera nálægt meðaltali hreppa í hverri sýslu, þegar litið er á tölu sýslna og hreppa á öllu landinu, koma eptir því ekki meir en svo sem 2 dalir á hvern hrepp, þó að eins sè jafnað á eina sýslu, en 1 rd. á hvern hrepp ef jafnað er á tvær og fjögur mörk á hvern hrepp ef jafnað er niður á þrjár sýslur, og komi það á fleiri, þá fer að gjörast heldur smátækt; það gæti hugsazt eptir þeirri reglu, að þessi tíningur næði yfir heilan landsfjórðung, og væri það leiðinlegur rekstur fyrir þvílíkt lítilræði.

Benidikt Sveinsson: Mèr virðist að vísu svo, sem nefndin í öllu verulegu hafi haldið fast við grundvallarreglu stjórnarfrumvarpsins, en á hinn bóginn finnst mèr þó nefndin og frumvarpið hafa farizt nokkuð á mis. Sökum þessa finn eg tilefni að áskilja mèr breytingaratkvæði við uppástungu nefndarinnar, eða rèttara við 1, gr. stjórnarfrumvarpsins í þá átt, *að* 1. málsgrein haldist óbreytt, *að* 2. málsgrein falli burt, og að 3. málsgrein verði breytt í þá stefnu, að kaupstaðir verði settir jafnhliða einum hrepp. Svo áskil eg mèr breytingaratkvæði við 2. gr. frumvarpsins þannig, að hún gefi sömu reglur sem 1. gr., þegar um fleiri sýslur er að ræða. Hinn háttvirti þingmaður Rangvellinga tók fram, að það mundi óheppilegt að slengja saman sýslum, þegar heimta ætti flutningskostnaðinn, og á sömu skoðun er eg; auk þess þykist eg vita, að þeir sem skyldir eru til að flytja ómaga, muni verða að bíða nógu lengi eptir endurgjaldi fyrir kostnaðinn, þótt þeir sè eigi dregnir enn lengur á því með því að bíða eptir amtmannsúrskurði.

Forseti: Með því eigi taka fleiri til máls, álít eg þessari undirbúningsumræðu lokið. Vil eg biðja þingmenn þá, sem sèr hafa áskilið breytingaratkvæði, að afhenda mèr þau sem fyrst.

Samkvæmt dagskránni kemur þá næst til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um laun prófasta fyrir kirkjuskoðanir.

Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 307.

Framsögumaður (Sveinn Níelsson): Eg vil í fám orðum minnast á nokkuð af atkvæðunum. Fyrst er þá atkvæðið undir tölul. 1. Eg þakka hinum háttvirta þingmanni Vestur-Skaptfellinga fyrir þá sanngirni, er hann sýnir við prófasta, þar sem hann viðurkennir bæði að þeir sè þarfir embættismenn, og sem embættismenn eigi laun skilið fyrir ómak sitt, og því hefir hann viljað bæta nokkuð þeirra hag. Það eina, sem eg get fundið að hans breytingaratkvæði er það, að hann telur vísitazíulaunin í álnum, þar sem af-

gangstekjur kirknanna eru taldar eptir dölum. Nefndin vissi, að það sem bænarskráin, er þinginu var send, fór fram á, vildi heldur draga úr en auka laun prófasta; hefir því nefndin farið mjög varlega í að rifka vísitazíulaunin, engan veginn þó af því, að hún ekki finni, að launin eru ónóg handa prófastunum, svo að þeir eru í því efni miklu lakar haldnir en aðrir embættismenn, er annars standa jafnfætis prófastunnm í fèlagslegri stöðu.

Tölulið 2. get eg sagt það til lofs, að hann nákvæmlega fylgir uppástungum nefndarinnar um upphæð vísitazíulaunanna, þegar miðað er við núverandi verðlagsskrá, en á þessu breytingaratkvæði er sami annmarki og hinu fyrsta, að það telur til álna og fer þess utan of langt; nefndin þóttist eigi geta farið lengra en til 6 rd.

Viðvíkjandi 3. tölul. a, get eg eigi skilið í því, hvers vegna prófasturinn skyldi vera sá eini embættismaður, er sè skyldur til að ferðast fyrir alls eigi neitt; á þetta atkvæði getur nefndin alls eigi fallizt. Eg lýsti því þegar yfir við undirbúningsumræðuna, að kirkjuskoðunarlaunin væri tekin, eptir að búið væri að skoða, hvað kirkjan hefði í tekjur, þetta veit eg er vani þar sem eg þekki til; má hèr draga dæmi til af öðru, t. d. skiptalaun. Um 6. tölulið vil eg ekkert tala, meðan eg ekki veit, hvort það er alhugað uppástungumanni að halda fram atkvæðinu; heldur ekki vil eg fjölyrða um smámunina í 7. tölulið. 9. tölulið get eg eigi svarað, því þetta kemur eigi málinu eiginlega við; ef prófastar gjöra eigi skyldu sína, þá er hægt að kæra þá fyrir byskupi. Um 10. tölulið get eg það eitt sagt, að eg skil það eigi vel; eg held þingið sè eigi bært um að biðja þess til handa byskupi, eins og eg ekki heldur veit, hvort byskupinn vill þiggja það sem hèr er farið fram á að biðja um; mèr er til efs hann hirði um meira vald en honum er gefið í konungsbrèfi 1. júlí 1746 § 21. Nú vil eg bíða þess, hvaða upplýsingar byskupinn vill gefa um þetta efni.

Konungsfulltrúi: Eins og eg tók fram við undirbúningsumræðuna hefi eg ekki neitt verulegt á móti uppástungu nefndarinnar, og sèrstaklega þykir mèr ákvörðun borgunarinnar til prófasta í dalatali vera samkvæm tilskip. 27. jan. 1847, sem miðar borgunina við tekjur kirknanna í dalatali. Þess vegna vil eg ráða þinginu til að gefa þessari uppástungu (tölulið 8) atkvæði sitt.

Breytingaratkvæði þau, sem eru undir tölulið 1, 2, 3, 4, 5, 6 og 7, greinir nokkuð frá uppástungu nefndarinnar, en eins og í þess konar málum, sèrhver maður getur haft sína skoðun um

þá haganlegustu niðurröðun, líkar mèr bezt uppástunga nefndarinnar. Mèr þykir viðauka-atkvæðið undir tölulið 9 ekki eiga sem bezt við í þessu máli, hvar einungis ræðir um borgun til prófasta fyrir kirkjuskoðanir, en ekki um skyldustörf prófastanna yfir höfuð að tala, og hið sama gildir að miklu leyti um tölulið 10, þó þessi uppástunga standi í nokkru sambandi við málið.

Hjálmur Pètursson: Eg þarf eigi að gjöra langort í þetta sinn; framsögumaður hefir eigi dæmt þau atkvæði á atkvæðaskránni, sem eg er viðriðinn, svo hart, að eg þurfi að halda vörn uppi fyrir þeim. Eg vil að eins gjöra grein fyrir því, hvað mèr gekk til, að koma fram með þau; eg lèt í ljósi við undirbúningsumræðuna, að mèr fèll allvel sú grundvallarhugsun, sem framkom hjá nefndinni, nefnil. að miða vísitazíulaunin við efnahag kirknanna, en þessu hafði nefndin þó ekki alveg fylgt, því eptir hennar uppástungu verða hinar fátækari kirkjur miklu harðara úti; þess vegna hefi eg haldið fram því, sem breytingaratkvæðið undir tölulið 5. sýnir; en af því eg er samdóma þeim, sem hafa talað um, að laun prófasta væru lítil, þá álít eg rètt að fara fetinu lengra upp á við, en nefndin hefir gjört, því eg vil gjarnan hlynna að prófastunum, og af þeirri hugsun er viðauka-atkvæðið undir tölul. 10. sprottið, því ef laun þeirra kynnu minnka, vildi eg líka fría þá við óþarfaferðir; sem og líka af því, að eg skil ekki, hvers vegna sumir prófastar ættu að vera skyldugri til að vísitera á hverju ári, heldur en þeir hinir, sem hafa leyfi til að láta það hjá líða annaðhvort ár, þetta mætti líklega vera alstaðar eins; en að öðru leyti er mèr ekki sárt um þetta viðauka-atkvæði, því ef þingið fellir það, þá álít eg, að þingið ályktí, að allir prófastar skuli vísitera á hverju ári, og hefi eg þá náð því augnamiði, að þeir sèu allir gjörðir jafnir; um hin önnur breytingaratkvæði þarf eg ekki að ræða, framsögumaður hefir tekið fram, það sem eg vildi hafa sagt um 1. og 2. tölul. Ef tölul. 5. fellur, mun eg gefa atkvæði með 6. tölul., því þessi breytingaratkvæði fara bæði í mjög líka stefnu.

Stefán Thordersen: Eg vil áður en þingmaður Borgfirðinga, minn heiðraði vinur, tekur til máls, tala fáein orð og eingöngu beinast að 10. tölulið; það er sorglegt teikn tímanna, að bænarskrárnar um þessar kirkjuskoðanir eru komnar svo lagaðar sem þær eru, og get eg ekki látið vera að mótmæla þeim anda, sem mèr finnst koma fram í bænarskránum, því síður sem önnur þeirra er úr því prófastsdæmi, sem eg er prestur í; það lítur nefnilega

svo út eptir þeim sem vísitazíur prófasta sèu eingöngu orðnar að peninga spursmáli; en þetta er rangt. Eg þykist ekki í neinu hirðulausari um mín skylduverk en aðrir, og játa eg það án kinnroða, að eg hefi aðhald í því að vita vísitazíur prófasts yfir mèr. Á Íslandi er líka svo viðvikið, að ótækt er að slaka til um þau bönd sem eru, þau eru sannarlega ekki of föst, og eg vona, að allir sem til þekkja, játi, að bæði eigi að vera og geti verið kristilegt band milli prófasts og presta, og presta og safnaða, og að einmitt þetta sè tilgangur kirkjuskoðananna.

Stefán Eiríksson: Af því eg hefi ekki talað neitt í þessu máli, þá ætla eg með fám orðum einungis að láta í ljósi, hvernig eg muni greiða atkvæði í þessu máli. Það má nú segja um þessa atkvæðaskrá, að sínum augum lítur hver á silfrið. Framsögumaður hèlt nú að vísu, að 1. töluliður á atkvæðaskránni gæfi prófstum of mikil laun; en þegar vel er að gáð, þá er þetta eigi þannig; því þó eg nú taki það hæsta gjald, sem 1. töluliður hefir inni að halda, nefnil. 30 álnir, þá gera þær eptir núverandi meðalalin í verðlagsskrá Skaptafellssýslnanna rúma 6 rd., en skyldi nú verðlagsskrárnar lækka niður í 14 til 16 skildinga, þá lækkar þetta álnatal að því skapi, svo eg get eigi sèð, að betra sè fyrir prófastana að fá vísitazíulaun sín eptir þessum mælikvarða heldur en eptir uppástungum nefndarinnar, og þó álnatalið sè sú grundvallarregla, sem öll kirkjugjöld byggjast á, þá álít eg þó allt eins gott fyrir prófasta, að laun þeirra sèu ákveðin eptir vissum mælikvarða í peningum, og af því eg vil gjarnan, að prófastar fái sem mest fyrir starfa sinn, þá ætla eg að gefa atkvæði mitt fyrir 6. tölulið; en ef hann fellur, þá held eg mèr við töluł. 7. og 8. á atkvæðaskránni; það hefir ætíð verið mín meining, að því betur sem embættismaðurinn er launaður, því meiri hvöt hefir hann til þess að gegna rækilega skyldum þeim, er á honum hvíla. Um hina aðra töluliði á atkvæðaskránni ætla eg eigi að tala, því eg gef atkvæði mitt á móti þeim.

Jón Bjarnason: Það, sem kom mèr til þess, að taka mèr viðauka-atkvæðið undir tölulið 9, var sá mikli misbrestur, sem mèr finnst vera orðinn á því, hvernig sumir prófastar í þessu tilliti gegna skyldu sinnar, sem þó mest ríður á, að trúlega sè af hendi leyst; í þessu efni hefi eg þó hèr um bil 50 ára reynslu. Eg játa það fúslega, að mèr er kunnugt, að margir prófastar rækja þessa skyldu sína trúlega, en því miður á þetta engan veginn

heima hjá öllum próföstum, því verður ekki neitað. Það hefir verið sagt, að hægt væri að fara aðra leið, sem sè að gjöra umkvörtun til æðri yfirboðara; en hver á að klaga? Ekki gjörir presturinn það, ef hann vanrækir skyldu sína, ekki heldur bóndinn, ef hann er sekur um að hafa vanrækt uppfræðingu þá, er honum bar að láta börnum sínum í tè, og þá fer allt í sama ólestrinum og áður; byskupinum er ekki hægt að vita, hvernig til gengur, því á hverju á hann að byggja, þegar hann í þessu tilliti má ske fær engar skýrslur? Það getur verið, að mönnum þyki einungis vera að ræða um peningaspursmál, og að prófastarnir vilji því heldur láta vera að vísitera en að taka á móti hálfum launum fyrir ómak sitt; en það sjá nú allir, hvort þetta muni vera samkvæmt því eptirliti, sem prófastar eiga að hafa á prestum sínum og söfnuðunum. Eg álít hinar árlegu vísitazíur prófastanna mjög svo nauðsynlegar, ef þær eru framkvæmdar eins og lögin skipa fyrir, og vil því biðja þingið vel að hugsa sig um áður en það fellir viðauka-atkvæði mitt.

Sighvatur Árnason: Eg verð að neita því fyrir hönd bænarskrárinnar úr Rangárþingi, sem hinn háttvirti þingmaður Vestmanna-eyinga sagði um anda bænarskránnar, og því að andi hennar á nokkurn hátt kvarti sérstaklega yfir prófastinum þar, heldur var tilgangur hennar sá, að fá meiri jöfnuð á milli ríkra og fátækra kirkna, er eg álít í augum uppi, þegar rètt er að gáð; eg verð því að neita því, sem þingmaðurinn sagði, «að það væri sorglegt tímanna teikn, að vísitazíur prófasta væru eingöngu gjörðar með þessu móti, að peningaspursmáli», því þýðing þeirra liggur öldungis fyrir utan þenna jöfnuð, sem hèr ræðir um. En eg vil líka svara honum því í tilefni af bænarskrá Mýramanna, að það væri sorglegt tímanna teikn, að vilja hafa lögin ströng, en láta sèr ekki jafnannt um hagkvæmni þeirra og sanngirni. Hvað tölulið 7. viðvíkur, þá ætla eg mèr ekki að hjálpa honum neitt kappsamlega fram, eg tók mèr einungis breytingaratkvæðið, af því mèr fannst mun þyngra gjald á fátæku kirkjunum en hinum efnaðri eptir uppástungu nefndarinnar, þar sem skoðunarlaunin af 12 rd. kirkjum yrðu $^1/_4$; en væri tekjutakmark þetta fært upp í 15 rd., þá yrðu skoðunarlaunin $^1/_5$ og þaðan af minna, og við það kæmi meiri jöfnuður fram og samsvaraði betur hlutföllum nefndarinnar. Eg ætla svo ekki að tala meira um þessi breytingaratkvæði mín, en hvað hinum öðrum breytingaratkvæðum viðvíkur, skal eg geta

þess, að mèr finnst sinn gallinn á hverju, og verð því að vera þeim öllum mótfallinn.

Arnljótur Ólafsson: Eg hef litlu að bæta við það, sem eg sagði við undirbúningsumræðuna; það er því einungis, að eg með nokkrum orðum skal leyfa mèr að fara yfir atkvæðaskrá þá, er hèr liggur fyrir. Það, sem þá fyrst verður fyrir, er 1. og 2. töluliður og hafa þeir þann ágalla, að þeir ákveða vísitazíulaun prófastanna í álnum, en ekki í dalatali; tölul. 1. setur þar að auki launin of hátt, þegar meðalalin er 24 sk. þá eru þau frá 2 rd. 48 sk. til 7 rd. 48 sk. en 2. tölul. heldur sèr nær nefndinni og er því betri. Menn kunna nú að segja: Það gjörir ekki til, þó launin sè ákveðin í álnum, því ef verðlagsskráin hækkar, þá hækka tekjur kirkjunnar, og þá sè rètt, að vísitazíulaunin hækki; en ef verðlagsskráin hækkar verða menn og að gá að því, að þá kemst kirkjan smám saman í hærri flokk og verður að gjalda hærri skoðunarlaun; lækki þar á móti verðlagsskrá, kemst kirkjan niður í annan flokk og borgar minni vísitazíulaun. Sama er með vísitazíulaunin, ef þau eru ákveðin í landaurum, þau hækka og lækka beinlínis eptir verðlagsskránni. Þetta er því með öðrum orðum, launin hækka og lækka *tvöfalt*. Þetta hlýtur að vera öllum þeim ljóst er gá að því, að hækkun og lækkun í verðlagsskrá, er *hlutfallsbreyting* milli peninga og skileyris þess, er um er að ræða. Við tölul. 3. hef eg ekkert sèrlegt að athuga, því hann fer mjög nálægt minni skoðun, en er þó frábrugðinn tölul. 5. í tvennu, það er að segja, að af tekjum undir 10 rd. eru engin skoðunarlaun borguð, og svo er haldið ótakmarkað áfram, upp að 100 rd. tekjum, og verða þá launin 11 rd. Eg hefi heldur ekki neitt sèrlegt á móti tölulið 4. nema það, að þar standa sem víðar orðin: »árleg nauðsynjagjöld« er hafa verið skilin á svo sundurleitan hátt um allt land, og það enda af þeim tveim prófföstum, er hèr sitja á þingi. Til þess nú að komist fyrir allan vafa í þessu efni, þá hefi eg og þingmaður Mýramanna, og tekið í því efni tillit til orða hins háttvirta konungkjörna varaþingmanns, tekið okkur breytingaratkvæði undir tölul. 5. og er breytingin einkanlega fólgin í því, er vèr settum orðið »afgangstekjur« fyrir »nauðsynleg ársútgjöld«. Um tölulið 6. er líkt að segja og tölul. 3. og 5., þó hef eg þar á móti orðunum »árleg nauðsynjagjöld«, og álít eg því 5. tölul. vera heppilegast orðaðan, af því hann tekur af allan vafa, því allir skilja orðið »afgangstekjur«, að það eru þær tekjur, sem verða afgangs eður um fram árs-

útgjöldin. Skoðunarlaunin eru mjög lík í fyrsta bragði eptir 3. 5. og 6. tölul., þó verða þau minnst eptir 6. tölul. bæði af því, að prófastar hafa engin laun af þeim kirkjum, er hafa 10 rd. í afgangstekjur og þar undir, og svo geta þau aldrei orðið hærri en 6 rd., svo má og þess geta, að þau eru að eins $^1/_{10}$ af tekjunum. En eg hefi þó eigi viljað farið lengra en það, að láta prófastana að minnsta kosti hafa eitthvað fyrir ómak sitt, eður að þeir fengi þó *að minnsta kosti* $^1/_{10}$ af þeim kirkjum sem hafa 10 rd. í tekjur og þar undir. Eg vil skoða málið frá báðum hliðum, bæði frá prófastanna hlið og kirknanna. Þegar eg skoða það frá prófastanna hlið, þá játa eg það fúslega, að þeir ekki hafa of mikil laun; en skoði maður það frá hlið kirknanna, þá eru sumar kirkjur í sannleika svo fátækar, að þær ekki geta borgað þessi laun, og þá vil eg að menn minnist þeirrar setningar, sem á að vera alkunn í kirkjunni, að prestar og prófastar eiga ekki allt af að vera að hugsa um það að lifa *af* kirkjunni, heldur eiga þeir og að lifa *fyrir* kirkjuna. Það mun enginn geta neitað því, sem ferðast hefir um Ísland, að það er sorglegt að sjá, hvernig kirkjur almennt eru byggðar hèr á landi; menn hafa, sem rètt er og lofsvert, tilfinningu fyrir því, að byggja skuli vel íveruhús sín, skemmur, fjárhús, hesthús og fjós; ættu menn þá ekki líka að hafa tilfinningu fyrir því, að kirkjurnar væru sómasamlega byggðar? En hverju er hið sorglega byggingarástand kirknanna að kenna? Optast er það eingöngu fátækt kirknanna sjálfra að kenna; því verður eigi neitað. Skoðum sjóði kirknanna, þar af getur maður sèð, að þær eru margar svo á sig komnar, að þær geta ekki borgað próföstum laun þeirra, nema með því að gjöra sig miklu ófærari, já alveg ófærar, til að byggjast upp eður borga skuld þá, er þær eru komnar í. Það er því óþægilegt fyrir prófasta að vita til þess, ef niðurstaðan verður optlega sú, að vísitazíur prófasta fremur yrðu kirkjubyggingum til fyrirstöðu eður ógagns en til gagns.

Það, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi hafði á móti 10. tölul. var, að hann ekki kæmi þessu máli við; en eg skal þó í þessu tilliti geta þess, að hann hefir að styðjast við bænarskrá úr Mýrasýslu, er nefndin hafði til meðferðar, og það hefir ætíð verið álitið rètt og leyfilegt eptir þingsköpum vorum, að byggja breytingaratkvæði sín á því málefni, er fengið hefir verið nefnd í hendur, þótt hún hafi ráðið frá því. Minn háttvirti vin, þingmaður Vestmannaeyinga hèlt svo hjartnæma ræðu til mín og breytingaratkvæðis míns, að eg

hèlt hann mundi aðhyllast það; en það sem hamlaði honum frá að fallast á það, var, að hann hèlt það mundi rýra vináttu milli presta og prófasta í prófastsdæmi hans, og hefir honum líklega dottið hið forna máltæki í hug, að svo fyrnast ástir sem fundir! En eg get huggað hann með því, að hann getur hæglega hagað því svo, að prófasturinn komi til hans árlega eptir sem áður. Eg skal biðja hann að gæta vel að því, að í tölul. 10 er einungis talað um *leyfi*; það er því hrein «Conduitesag» fyrir prófastana, að skoða eður eigi skoða einhverja kirkju. Ef hann álítur prest þurfa aðhald, þá mun prófastur láta sig sjá, og ef hann er mikill vinur prestsins, mun hann trauðla sneiða hjá heimili hans. Hvað sem nú annars nauðsyn vísitazíanna líður, þá mega menn naumast gjöra svo mikið úr þeim, að «Conduite» *ekki megi* eiga sèr stað hjá próföstum. Svo verð eg að geta þess, að seinni liður 10. stafl. gefur próföstum aðhald um leið, því hèr stendur: «þó mega þeir eigi sjaldnar vísitera nokkra kirkju en þriðja hvert ár». Eg veit að vísu, að byskup getur eptir 21. gr. í erindisbrèfi sínu frá 1. júlí 1746 leyft próföstum að vísitera ekki nema annaðhvort ár, en eg ímynda mèr hann hafi ekki vald til að leyfa próföstum að vísitera að eins 3. hvort ár. Þetta vald vildi eg því útvega byskupi; en hafi hann það, þá er eg fús til að taka uppástungurna aptur, því hún er þá óþörf. Að lyktum skal eg geta þess, að í tilskipun 29. maí 1744, 15. gr. er tiltekið, að prófastar eigi enga þóknun að fá fyrir að vísitera fátækar kirkjur; en í Synodussamþykkt 17. júlí 1749 er ákveðið, hverjar þær kirkjur sè. Eg vildi leyfa mèr að skjóta því til hins háttvirta forseta, hvort ekki mætti kljúfa tölul. 5 og tölul. 6, þannig að ganga mætti til atkvæða um upphaf 5. töluliðs aptur að «1 rd.», og verði hann samþykktur að skeyta hann við 6. tölul. *a* «borgi ekkert» o. s. frv., og gjöra á síðan sjálfsagða orðabreyting á stafliðnum *b* undir 6. tölul., eður með öðrum orðum, láta ganga til atkvæða um 5. og 6. tölul. þannig í tvennu lagi.

Pètur Guðjónsson: Eg mundi fella mig bezt við tölul. 6., ef mèr þætti hann ekki fara of skammt í uppástungu sinni um vísitazíulaunin, og jafnvel gjöra það að verkum, að þau verði, ef til vill engin. Það eru sem sè svo margar fátækar kirkjur, t. d. í Stranda- og Ísafjarðarsýslum, að prófastar fengju svo að segja enga borgun fyrir vísitazíuferðir sínar um þessar erfiðu og víðlendu sýslur. Eg er enn þá sannfærður um, að 2. tölul. er byggð-

ur á rèttu hlutfalli milli tekja kirknanna og vísitazíulauna prófastanna, þrátt fyrir þau mótmæli, sem þingmaður Borgfirðinga hefir hafið móti honum. Tekjur kirkjunnar að dalatali eru á því byggðar, að lögin einmitt ákveða þær, bæði tíund, legkaup og ljóstoll í álnatali, og er það meðalalin verðlagsskrár, sem ræður dalatalinu, þó ljóstollurinn stundum fari eptir annari og má ske lægri alin, en þess vegna standa ávallt vísitazíulaunin eptir breytingaratkvæði þessu í sama hlutfalli við tekjurnar; en þar eð þetta mundi gjöra vísitazíulaunin ofurrýr, þegar verðlagsskráin stendur lágt, þá hefi eg til þess að bæta þetta upp að nokkru leyti farið lengra en hin önnur breytingaratkvæði gjöra, svo að hin lægstu vísitazíulaun verða hèr um bil eptir staflið *a* $^1/_6$ af tekjum kirkjunnar, eptir *b* hèr um bil $^1/_7$, eptir *c* milli $^1/_7$ og $^1/_8$, eptir *d* $^1/_8$, og af hinum hæstu tekjum 100 rd., hèr um bil $^1/_{10}$, og má það álíta víst, að því betri tekjur, sem kirkjan hefir, því færari er hún um að greiða prófasti sómasamlega borgun, eða rèttara endurgjald fyrir ferðakostnað hans, og eg skil ekki, að prófastur skuli ekki, eins og hver annar embættismaður, sem hefir aukatekjur fyrir embættisverk sín, hafa rètt til að fá þau nokkurn veginn borguð.

Framsögumaður: Eg þarf ekki að svara miklu; einungis skal eg svara hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga nokkrum orðum, út af því, sem hann talaði um, að menn ættu jafnt að líta á hag kirknanna og þjóna hennar; en eg veit eigi, hversu vel honum hefir tekizt þetta, og eg held sanngirnin fari að hallast hjá honum, þegar prófastarnir eiga að vísitera fyrir ekkert; hann sagði og, að betra væri að viðhafa orðið «afgangstekjur», en eg held það sè óákveðnara en orðatiltæki nefndarinnar, og eg get borið um, að það stríðir á móti «Praxi», enda álít eg og mjög svo varúðarvert, að brjóta hèr um þvert, þar sem þetta hefir svo lengi tíðkazt umkvörtunarlaust. Þar á móti felldi eg mig vel við skýringu hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga, á hlutfallinu milli tekna og dalatala og vísitazíulauna í dalatali. Um hitt, sem talað hefir verið móti nefndinni, skal eg ekki tala frekar, að sinni, því eg álít þess ekki þurfa, enda er eg og sannfærður um, að þeir menn hèr í salnum muni svara því, sem færari eru til þess en eg.

Jón Pètursson: Eg get nú ekki fellt mig við neitt af því, sem eg sè hèr á atkvæðaskránni, og ekki einu sinni við breytingaratkvæði það, sem eg áskildi mèr, þó eg álíti það skárst. Eg get sem sè ekki álitið, að vísitazíulaun prófasta sèu embættislaun, því

eg get ekki álitið, að prestar og bændur eigi að launa þeim, heldur beinlínis hið opinbera sem öðrum embættismönnum sínum; menn verða líka að skoða prófasta að nokkru leyti sem konunglega embættismenn; því þó byskupinn nefni þá út, gjörir hann það vízt svo gott sem í umboði konungs, þar konungur sjálfur útnefnir prófasta í Danmörku. Að vísu hafa nú prófastar engin embættislaun hèr á landi, nema nokkur hlynnindi, sem mestmegnis eru þá fólgin í því, að þeir eiga að ganga fyrir öðrum til bezta brauðsins í prófastsdæmi þeirra. En þó hið opinbera þannig eigi sjái sèr fært um að launa þessum embættismönnum sínum, þá leiðir engan veginn þar af, að kirkjurnar hèr á landi og kirkju-eigendurnir eigi að launa þeim, það væri í sannleika fáheyrt, að hið opinbera dembdi þvílíkri byrði á einstaka menn, og það er engin ástæða til að halda, að hinu opinbera nokkurn tíma hafi dottið slíkt í hug. Þar á móti skoða eg vísitazíulaun prófasta sem borgun, er þeir fá fyrir fyrirhöfn sína og kostnað, sem ferðalaginu fylgir, og það er með öllu rèttlátt, að bæði prestar og kirkju-eigendur borgi prófastum sómasamlega fyrir að skoða kirkjur þeirra, því þeir eru skyldugir til að halda kirkjum sínum í sómasamlegu ástandi, svo þær ávallt sèu sómasamlegt guðshús, og eg vil jafnvel segja, hvað bændurna snertir, þó portionin ekki hrökkvi til, úr því þeir á annað borð vilja eiga þær. En af þessum skyldum presta og bænda flýtur aptur rèttur fyrir hið opinbera til að láta rannsaka, hvort þeir uppfylli þær, eður til að láta prófastana rannsaka það við og við, og það er ekkert ranglátt, þó hver prestur og kirkju-eigandi sè látinn vera skyldur, að borga þann kostnað, er af slíkri skoðun leiðir. Þessari skoðun, að vísitaziulaunin væru ekki embættislaun prófasta, heldur nokkurs konar borgun fyrir fyrirhöfn þeirra og útgjöld, er leiddu af kirkjuskoðununum, hefir og einlægt verið hèr fylgt, og það allt til þessa. Það var ákveðið í tilsk. 29. maí 1744, að prófastar ekkert skyldu hafa af fátækum kirkjum. Þetta var að sönnu hart fyrir prófastana, að fá enga borgun hèr fyrir, en löggjafanum datt ekki í hug, að slengja þessari borgun upp á ríkari kirkjurnar; hver þeirra borgaði að eins fyrir sig, og þó að tilskipun 1847 segi, að prófastar skuli hafa 10 álnir af þessum fátæku kirkjum, sem áður þurftu ekkert að borga, þá gjörir það þó enga breyting á grundvallarreglu hinna eldri laga, að hver kirkja skyldi að eins borga skoðunina á sèr, því þar er ekkert tekið frá hinum efnaðri kirkjum til að borga fyrir skoðunina á hinum fátæku kirkjum, og

ekki heldur neitt lækkuð við þetta borgunin fyrir að skoða hinar ríkari. En nú þar á móti á að fara að koma með spánýja grundvallarreglu, og gengur hún í gegnum alla atkvæðaskrána. Það er satt og auðvitað, að það er engin sómasamleg borgun fyrir prófast, að ríða t. a. m. frá Stað í Steingrímsfirði út í Árnes, til að skoða kirkjuna þar og fá að eins 10 áln. fyrir; því menn geta þó ekki ætlazt til hann sè einn, heldur verður hann að hafa meðreiðarmann og nokkra hesta; en nú vill uppástungan bæta úr þessu með því að láta hinar efnaðri kirkjur bæta prófastunum skaða þann, er þeir hafa af að vísitera fátæku kirkjurnar; en þessi nýja grundvallarregla er ekkert annað en hreinn og beinn Communismus», öldungis eins og við gekkst í katólskum sið (*Jón Guðmundsson*: Og fyrstu kristni), þegar byskuparnir voru að taka frá einni kirkjunni og leggja til annarar. Eptir þessari sömu reglu gætu menn með tímanum farið að heimta og með sama rètti, að ríku kirkjurnar skuli leggja fè til til þess að byggja upp hinar fátæku, sem ekki hafa efni til þess, því þær ættu þá að bera byrðina með þeim jafnt í einu sem öðru. Þetta er þó nokkuð skrítið; eg skal taka til dæmis, þegar prófasturinn í Eyjafirði fer út í Grímsey til að vísitera kirkjuna þar, sem er konungseign — því það þarf eins að vísitera hana fyrir því — þá ætti kirkju-eigandinn á Urðum, sem er rík kirkja, að borga honum það, en ekki eigandi Grímseyjarkirkju, sem sè konungur (Nokkrir: Hann borgar); nei, ekki ef uppástungu nefndarinnar verður framgengt. Það er enn einn galli á uppástungu nefndarinnar, og hinn sami er á öllum breytingaratkvæðunum, sá, sem sè, að hún víða gæti ekki náð tilgangi sínum, þó hún yrði að lögum, sem verður að vera sá, að prófastarnir fái skaða þann, sem þeir hafa af að vísitera fátæku kirkjurnar, bættan af hinum ríkari. Góð lög eiga þó að vera svo löguð, að þau geti náð tilgangi sínum. Hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu tók dæmi af Strandasýslu, og var það rètt, því prófastur fengi þar, ef til vill, ekki 2 rd. af nokkurri kirkju, og hvaða gagn hefir hann þá af uppástungu nefndarinnar, þó að ríkar kirkjur sèu í næsta prófastsdæmi; en uppástungan gæti verið góð, t. a. m. fyrir prófastinn í Húnavatnssýslu, þar sem hver kirkja leggur svo og svo mikið upp á ári og eru svo ríkar, en hvað verður prófasturinn í Strandasýslu bættari við það? Annars skal eg geta þess, að mèr finnst þau lög, sem nú gilda um borgunina fyrir vísitazíur prófastanna vel viðunanleg; 20 ál. kalla eg að meðaltali sómasamlega borgun fyrir

hverja kirkjuskoðun, en 10 álnir get eg að vísu ekki sagt, að nú sè orðin sómasamleg borgun. En samt úr því þetta nú á annað borð eru orðin lög, og hefir verið álitið viðunanlegt 1847, þá borgun þessi var ákveðin, mundi eg, ef eg væri prófastur eira við það af fátæku kirkjunum, en ef nú í nýjum lögum ætti að fara að ákveða borgunina 10 ál., mundi eg una því mjög illa. Eins og eg hefi nú sagt, þá finnst mèr uppástungan bæði ranglát, þar sem hún vill innleiða «Communisme» meðal kirknanna, og eins hefi eg það móti henni, að hún ekki er svo úr garði gjörð, að hún geti náð tilgangi sínum, eins og eg hefi sýnt, því hún bætir ekkert fyrir próföstunum, þar sem meginhluti kirknanna eður þær allar eru fátækar. En auk þessa hvorstveggja mundi hún verða orsök til eilífs ágreinings milli prófasta öðrumegin og presta og kirkju-eigenda hinumegin. Þegar svona er smásmuglega farið að, verða prestarnir og kirkju-eigendurnir smásmuglegir líka, vilja telja nú þetta nú hitt með hinum nauðsynlegu útgjöldum, svo prófastslaunin verði minni, og skjóta hverju smáræði til byskups-úrskurðar; verður svo úr öllu þessu óvild milli prófasta og presta, og prófasta og kirkjueigenda. Yfir höfuð held eg ráðlegast sè að láta mál þetta bíða, og sjá hvort að hið opinbera getur ekki með tímanum sèð próföstunum fyrir sómasamlegri borgun af fátæku kirkjunum, án þess að fara svona að því.

Pètur Pètursson: Hinn háttvirti framsögumaður hefir tekið flest það fram, sem eg hefði getað sagt. Eg held, að nefndin hafi farið meðalveginn í máli þessu; eg sè á atkvæðaskránni, að sumir hafa viljað hækka þóknun þessa til prófastanna, en sumir lækka, og er það sönnun fyrir, að nefndin hafi þrætt meðalveginn. Eg verð öldungis að mótmæla því, að nefndin hafi tekið aðra grundvallarreglu, en þá sem er í hinni gildandi löggjöf, því á henni hefir hún einmitt byggt allt. Finnist mönnum ójöfnuður eða ósanngirni í uppástungum nefndarinnar, og sè svo, þá liggur ójöfnuður sá í tilsk. 1847, því að nefndin ætlaði ekkert annað að gjöra en að jafna hlutfallið milli tekja kirknanna og borgunar prófastanna. Hvort að nauðsynlegt sè að gjöra breytingu á hinum núgildandi lögum, skal eg að mínu leyti láta ósagt, en nefndin vildi reyna til þess, úr því þinginu þótti þörf á að taka málið til meðferðar, að koma meiri jöfnuði á. Nefndinni þótti ófært að sleppa hinum fátæku kirkjum öldungis, svo að prófasturinn skyldi vísitera fyrir ekkert, og á hinn bóginn þótti henni ísjárvert að fara

hærra en gjört er, það er að segja til 6 rd.; því bæði er það, að kirkjur hafa allvíða eigi meiri tekjur en svo, sem til er fært í stafl. *c* hjá nefndinni, svo sú ákvörðun yrði þýðingarlítil og einungis á pappírnum, og líka þurfa hinar efnaðri kirkjur meiru til að kosta en þær fátækari, af því að þær eru stærri; þetta er líka allsómasamleg borgun, þegar það er borið saman við borgun prófasta í Danmörku, sem fá $1\frac{1}{2}$ byggtunnu af kirkjum, sem eru svo langtum ríkari, þó reyndar sè miklu erfiðara að vísitera hèr. Eg ætla mèr ekki að fara að tala um hin einstöku breytingaratkvæði á atkvæðaskránni, því það er búið að segja svo mikið um þau; einungis vil eg minnast dálítið á tölulið 9 og 10. Eg get nú ekki sèð annað, en að höfundunum hafi gengið gott eitt til. Hvað tölulið 9 snertir, þá held eg, að það yrði erfitt í hinum einstöku tilfellum að skera úr því, hvort prófastur hafi gjört skyldu sína eða ekki; það má það reyndar, hvað formið snertir; prófastur kemur og skoðar kirkjuna, lætur prestinn spyrja börn, og spyr þau ef til vill sjálfur, spyr eptir samkomulagi milli prests og safnaðar o. s. frv.; en það er munur á, hvernig þetta er gjört, hvort það er gjört með alúð og áhuga, eða hirðulaust og með hangandi hendi, og má þá koma því af á fáum mínútum. En hver á nú að skera úr, hvernig þetta hafi verið af hendi leyst. Það er örðugt fyrir byskupinn að dæma um það, þegar hann fær skýrslu um, að prófastur hafi, að minnsta kosti að nafninu, gjört allt sem honum ber. Hvað tölulið 10 snertir, þá þakka eg fyrir komplimentin, þar er farið fram á að veita mèr meira vald en erindisbrèf byskupa af 1. júlí 1746 21. gr. heimilar mèr, með því að eg á að fá leyfi til að lofa próföstunum að sitja heima í 2 ár; en eg kæri mig öldungis ekki um þetta vald. Mèr sýnist, að vèr í kirkjulegum málefnum eigum að gjöra allt til að herða eptirlitið en ekki rýmka um það, því það er nauðsynlegt, að embættismennirnir hafi aðhald, og að minnsta kosti ætti löggjöfin ekki að gefa tilefni til að menn vanræktu skyldu sína. Eg get þess vegna ekki fallizt á tölulið 10. Eg fyrir mitt leyti get vel unað við gömlu löggjöfina, en ef menn fara að breyta, þá felli eg mig bezt við nefndina, og get ekkert annað aðhyllzt á atkvæðaskránni, því hún vill ekki hlynna um of að próföstunum á kostnað kirknanna en vill láta þá fá sómasamlega borgun fyrir störf þeirra, sem eru mjög erfið og vandasöm, ef þau eru vel og samvizkusamlega af hendi leyst.

Páll Vídalín: Eg verð að leyfa mèr að tala nokkur orð, þó

eg væri ekki við undirbúningsræðu máls þessa, og sè því þess vegna ef til vill ekki svo kunnugur sem skyldi. Eptir því sem ræður manna hafa fallið í dag finnst mèr, að hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður einn hafi tekið fram hina rèttu hlið málsins. Hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður sagði, að nefndin gjörði enga breytingu á grundvallarreglu hinna gildandi laga, en eg get ekki verið honum samdóma í því, því eptir hinum gömlu lögum er ekki ein kirkjan látin borga fyrir aðra. Mèr finnst hèr vera vikið talsvert frá hinni gömlu reglu, því nefndin byggir einmitt á á því, að hver kirkjan skuli bæta aðra upp, en það hygg eg, að leiða muni til óánægju kirkju-eigenda og presta þegar þeir sem eiga eða hafa umráð yfir hinum ríkari kirkjum eiga að fara að borga fyrir hinar fátækari, sem og er ósanngjarnt. Eg vil einnig biðja þingið gæta vel að því, hvort uppástunga nefndarinnar muni ná tilgangi sínum. Eg held það sè fjarri því. Þar sem kirkjur eru fátækar verður prófastur fyrir skakkafalli, en þá segir nefndin, að hann skuli vinna það upp á hinum ríkari kirkjum, en nú eru þessar ríkari kirkjur í annari sýslu. Eða má eg spyrja, hvaða gagn hefir prófasturinn í Strandasýslu af því, þótt kirkjur sèu ríkari í Húnavatnssýslu. Þegar nú og þessi nákvæmi mismunur er gjörður á skoðunarlaunum kirknanna eptir efnahag þeirra, er hætt við og sjálfsagt, að prestar og bændur fari líka að verða nákvæmir í að telja nauðsynjagjöld þeirra; vèr höfum nú heyrt, að jafnvel prófastarnir sjálfir geti verið á sundurleitri skoðun um það, hver þau sèu; einn álítur t. d., að bikun sè það, en annar ekki, og getur þetta því orðið hreint dómsmál. Eg segi fyrir mitt leyti, að mig gildir einu, hvað þingmenn hèr tala fram og aptur um þetta og segja það og það álit sitt um það, því eg álít mig því með öllu óháðan, svo framt bein ákvörðun ekki komi út um það í lagaboðinu. Yfir höfuð verð eg nú að álíta rèttast að halda hinni gömlu löggjöf.

Eiríkur Kúld: Það hafa nú 2 af hinum heiðruðu þingmönnum látið í ljósi, að þeir vildu helzt enga breytingu gjöra á hinni gömlu löggjöf, og verð eg að játa, að eg læt mèr það að nokkru leyti vel segjast, og skal því alls ekki verja uppástungur nefndarinnar með neinu kappi. En þegar eg nú lít á atkvæðaskrána get eg ekkert fundið, er bæti uppástungu nefndarinnar; annars ætla eg ekki að fara að elta þessa runu af breytingaratkvæðum, því það eru svo margir búnir að segja kost og löst á þeim. Hinn heiðr-

aði þingmaður Húnvetninga var óánægður yfir því, að bændakirkjur mundu verða fyrir halla, og skal eg ekki neita, að svo gæti farið, ef tölulíður 2. yrði samþykktur; en til þess eru ekki mikil líkindi, því hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður tók það svo ljóslega fram, hvers vegna eigi væri ráðlegt að fara hærra en nefndin hefði gjört. Þingmaður Húnvetninga var líka hræddur um, að ágreiningur mundi verða um, hvað telja skyldi til nauðsynlegra útgjalda kirknanna, og mundi það verða þrætu-efni milli presta og prófasta. En þó liggur einn vegur beint við, nefnilega að láta byskup skera úr (*Páll J. Vídalín*: Nei), og þarf þetta þá ekki að verða dómsmál. Hvað 10. tölulið snertir, þá er einn galli á honum, sem ekki hefir verið tekinn fram; þar stendur: »er honum þykir þess eigi þurfa«, en hver er nú meintur með *honum,* byskupinn eða prófasturinn? (*Arnljótur Ólafsson*: prófasturinn, sjálfsagt). Ef það er prófasturinn á hann þá að taka fram allt sem honum þykir mæla fyrir því, að hann megi sleppa að vísitera, og láta svo byskup skera úr? Ástæðurnar verða nú líklega ýmislegar, svo sem: Eg gjörði það svo vel í fyrra, að eg get ekki verið að því núna; það kunna nú sumir að álíta þetta gilda ástæðu, en ekki gjöra það allir. Eg álít háskalegt að fækka vísitazíunum, því aðhaldið er ekki svo mikið í kirkjulegum efnum, að vert sè að rýra það úr því sem er.

Framsögumaður: Áður en gengið er til atkvæða ætla eg að tala fáein orð. Skýrskota eg þá yfir höfuð til þess, sem eg sagði áðan. Hvað tölulið 5. snertir, þá finnst mèr enn að orðið *afgangstekjur* sè engu betra en »að frádregnum hennar árlegu nauðsynjagjöldum«, heldur miklu ónákvæmara; að því er talað hefir verið um, hvað skilja ætti við *nauðsynja-útgjöld*, þá situr það við sama og áður, og enginn nýr skilningur kemur á orðum og orðin standa í löggjöfinni. Bænarskrárnar fóru ekki heldur fram á að til væri tekið, hvað skilja ætti við þetta orð, og kemur það þess vegna ekki málinu við.

Jón Sigurðsson: Eg ætlaði ekki að taka til máls í þetta skipti, en eg verð þó að svara hinum háttvirta framsögumanni, nokkrum orðum, af því að svo fáir eru eptir til andsvara. Mèr virðist það ekki jafnþýðingar lítið, og mèr skyldist hann álíta það, hvað menn skilja við nauðsynja-útgjöld kirknanna. Spursmál þetta hefir að vísu sjaldan komið fyrir, eða sjaldan staðið svo á, að ágreiningur hafi getað af því risið, sökum þess, að ekki hefir verið

nema eitt stig á vísitazíulaununum, og að þær kirkjur hafa verið næsta fáar, sem eigi hafi átt að svara nema þeim hálfum. En ef uppástungur nefndarinnar verða samþykktar, eða einhver töluliðurinn á þessari löngu atkvæðaskrá, þá hið fyrsta mun ágreiningurinn hefjast; því það getur opt verið einmitt undir því komið, hvað menn skilja við nauðsynja-útgjöld, hvort kirkjan hefir meira eða minna en til dæmis að taka 10 — 20 — 30 rd. o. s. frv. í afgangstekjur, og hèr af leiðir, að þetta spursmál verður því harla títt hèr eptir, og ágreiningur milli prófasta og kirkna um það, hvort vísitazíulaunin eigi að verða einum dal meiri eða minni. Finnst mèr því nauðsynlegt að fá nýja ákvörðun um þetta efni inn í löggjöfina til þess að fyrirbyggja þann ágreining, sem hèr af getur risið; það er heldur ekki óliklegt, að slikt geti komið fyrir hèr á eptir, þar sem vèr heyrum, að þeir 2 háttvirtu prófastar, sem hèr eru meðal vor, hafa hver sína skoðun, eða hafa fylgt hver sinni aðferð í þessu efni. Það er eins í þessu sem öðru, að bezt er að einni og sömu reglu sè fylgt yfir land allt.

Benidikt Sveinsson: Eg vildi taka fátt eitt fram, áður en þessari löngu umræðu er lokið. Eg tel það þá fyrst, að mèr finnst þingmenn mjög hafa misskilið mál þetta. Það hefir verið sagt, að þetta mál, nefnilega vísitazíur prófasta, væri *andlegt mál*, og það er í fyrsta máta að nokkru leyti satt; en eg hefi ekki getað sèð, að þinginu sè það ljóst, að þessi andlega hlið vísitazíu prófastanna sè allt annað, en sú grein þeirra, að prófastar *skoði kirkjurnar og reikning þeirra; þetta eina* kemur kirkjunum við, og þetta eina eiga þær að borga prófastinum, en ekki vísitazíuna yfir höfuð, sem yfirgrípur svo margt annað, sem beinlínis heyrir þeirra embætti til. Það stendur að vísu í tilskipuninni 1847, að laun prófastanna, sem hèr um ræðir, sèu *vísitazíulaun*, og margur mætti hugsa, að af því mætti útleiða, að kirkjurnar ættu að borga vísitazíu prófastanna í heild sinni. En þetta er ekki svo að skilja. Eg segi og staðhæfi, að það sè alveg rangur skilningur á hinni eldri löggjöf um vísitazíulaun prófasta, að þar sè meint til annars en borgunar til prófasta fyrir skoðanir á kirkjunum og reikningum þeirra, en getur verið, að sú skoðun hafi smátt og smátt rutt sèr til rúms, að prófastar fái þessa borgun af kirkjunum fyrir vísitazíuna *yfir höfuð af því*, að prófastar hafa «factisk» skoðað kirkjurnar og reikninga þeirra um leið og þeir hafa gegnt öðrum embættisskylduverkum sínum, svo sem spyrja börn, grennslast ept-

ir samkomulagi safnaðarins og prestsins m. fl., sem öldungis ekki koma kirkjunum við sem slíkum. Eg þarf ekki að gjöra ljósari grein fyrir þessu, því eg vísa að eins til lagaboða sem sýna það, sem eg hefi bent á, að tilskip. 1847, er ranglega skilin, ef menn skyldu vilja leggja í hana þann skilning, sem vakir fyrir nefndinni. Þessi lagaboð eru tilsk. 29. maí 1744, konungsúrsk. 5. júlí 1781, og reglugjörð 17. júlí 1782. Eg er allt svo sannfærður um, að allt annað en kirkjuskoðunin er visitazíunum óviðkomandi, að því leyti kirkjan á að borga þær, heldur heyrir undir hið almenna embætti prófastanna, og út frá þessu sjónarmiði gekk eg, þegar eg áskildi mèr breytingaratkvæðið undir tölulið 6. Menn verða, eins og hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga og þingmaður Vestmannaeyja tóku fram, ekki einungis að líta á hag og rètt prófastanna, heldur einnig kirknanna. Það er hart fyrir kirkjur, og þó það væri eitthvert óveglegra hús en guðshús er, að þurfa að taka lán fyrir það, sem á að vera henni til viðreisnar; það er hart fyrir hana að borga prófastinum af því, sem á að byggja hana fyrir, þannig að hún einmitt aldrei verði byggð. Má eg spyrja: Hvar eru takmörkin, þegar þær kirkjur eiga að borga 2 rd. sem hafa 10 dala afgangstekjur og þaðan af minna. Þetta *þaðan af minna*, þess bið eg gætt, innibindur allar tölur frá 10 til 0, já það innibindur að segja allt, sem er minna en 0 eða ekki neitt í hið óendanlega. Eg vil leyfa mèr að spyrja þá háttvirtu herra prófastana, hvort það sè sannarlega meining þeirra, þegar þeir hugsa sig vel um, að kirkjan skuli *borga* þeim fyrir að skoða galla þá, sem hún hefir ekki efni á að bæta? Ef að kirkjan hefði mál, mundi hún segja: Eg vildi heldur ekki sjá svona veglegan herra í tötrum mínum, en að þurfa að borga honum það, sem eg hefi ekki til. En tökum nú þörf andlegu stèttarinnar á Íslandi til greina, og látum kirkjur þær sem geta það, borga dálítið, en er þá ekki $^1/_{10}$ af öllum afgangstekjunum hennar nægilegur. Mèr finnst að öðru leyti óbrotnara að taka til $^1/_{10}$, heldur en hafa þessar mörgu tölur; þetta talnaband er ónauðsynlegt og óviðkunnanlegt í svo litlu máli sem þessu. Það skyldi gleðja mig, ef hræðsla mín fyrir að fallast á uppástungu nefndarinnar væri ekki á rökum byggð, en aptur á móti yrði það að hryggja mig, ef þingið kastaði tölulið 6, nema því að eins, að nefndarálitið sè á betri rökum byggt, en eg er sannfærður um, að það er það ekki, þó það hafi þenna andlega blæ (*Jón Guðmundsson*: Sætt sameiginlegt skipbrot).

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, er álýktarumræðu þessari lokið, og skal eg þá biðja þingmenn að ganga til atkvæða eptir atkvæðaskránni, sem eg vona þeir hafi prentaða fyrir sèr.

Því næst var gengið til atkvæða, og fèllu þau þannig:

1, Jón Guðmundsson, fellt með 19 atkv. móti 2.

2. Pètur Guðjónsson, fellt með 17 atkv. gegn 3.

3. Halldór Kr. Friðriksson, fellt með 23 atkv. gegn 1.

4. Sami, fellt með 21 atkv.

5. Arnljótur Ólafsson, fellt með 16 atkv. móti 8.

6. Benidikt Sveinsson og Jón Pètursson; af því atkvæðagreiðslan var óglögg, var við haft nafnakall.

«Nei sögðu:	«Já sögðu:
Eiríkur Kúld.	Arnljótur Ólafsson.
Halldór Kr. Friðriksson.	Benidikt Sveinsson.
Bergur Thorberg.	Björn Pètursson.
Jón Guðmundsson.	Hjálmur Pètursson.
Jón Pètursson.	Jón Bjarnason.
Jón Sigurðsson.	Magnús Jónsson.
Ólafur Pálsson.	Páll Ólafsson.
Ólafur Sigurðsson.	Stefán Eiríksson.
Páll J. Vídalín.	Stefán Jónsson.
Pètur Guðjónsson.	Sveinn Skúlason.
Pètur Pètursson.	
Sighvatur Árnason.	
Stefán Thordersen.	
Sveinn Níelsson.	
Torfi Einarsson.	

Og var þannig 6. tölul. felldur með 15 atkv. móti 10.

7. Sighvatur Árnason, fellt með 15 atkv.

8. Nefndin; af því atkvæðagreiðslan varð ógreinileg, var viðhaft nafnakall.

«Já sögðu:	«Nei sögðu:
Eiríkur Kúld.	Halldór Kr. Friðriksson.
Bergur Thorberg.	Arnljótur Ólafsson.
Hjálmur Pètursson.	Benidikt Sveinsson.
Jón Bjarnason.	Björn Pètursson.
Jón Sigurðsson.	Jón Guðmundsson.
Magnús Jónsson.	Jón Pètursson.

«Já sögðu:	«Nei sögðu:
Ólafur Pálsson.	Ólafur Sigurðsson.
Pètur Pètursson.	Páll Vídalín.
Sighvatur Árnason.	Páll Ólafsson.
Stefán Eiríksson.	Pètur Guðjónsson.
Stefán Jónsson.	Sveinn Skúlason.
Stefán Thordersen.	
Sveinn Nielsson.	
Torfi Einarsson.	

Var þannig uppástunga nefndarinnar samþykkt með 14 atkv. gegn 11.

9. Jón Bjarnason; við þenna staflið var haft nafnakall eptir ósk uppástungumanns.

»Nei sögðu:	»Já sögðu:
Eiríkur Kúld.	Halldór Kr. Friðriksson.
Arnljótur Ólafsson.	Hjálmur Pètursson.
Benidikt Sveinsson.	Jón Bjarnason.
Bergur Thorberg.	Jón Guðmundsson.
Björn Pètursson.	
Jón Pètursson.	
Jón Sigurðsson.	
Magnús Jónsson.	
Ólafur Pálsson.	
Ólafur Sigurðsson.	
Páll Vidalín.	
Páll Ólafsson.	
Pètur Guðjónsson.	
Sighvatur Árnason.	
Stefán Eiríksson.	
Stefán Jónsson.	
Stefán Thordersen.	
Sveinn Níelsson.	
Sveinn Skúlason.	
Torfi Einarsson.	

Hinn fyrsti konungkjörni þingmaður greiddi ekki atkvæði.
Var þannig 9. töluliður felldur með 20 atkvæðum móti 4.

10. Hjálmur Pètursson og Arnljótur Ólafsson; við þenna tölulið var einnig óskað nafnakalls, og fór það þannig:

»Já sögðu:	»Nei sögðu.
Arnljótur Ólafsson.	Eiríkur Kúld.
Benidikt Sveinson.	Halldór Kr. Friðriksson.
Hjálmur Pètursson.	Bergur Thorberg.
Jón Guðmundsson.	Björn Pètursson.
Jón Pètursson.	Jón Bjarnason.
Páll Ólafsson.	Jón Sigurðsson.
	Magnús Jónsson.
	Ólafur Pálsson.
	Ólafur Sigurðsson.
	Páll Vídalín.
	Pètur Guðjónsson.
	Pètur Pètursson.
	Sighvatur Árnason.
	Stefán Eiríksson.
	Stefán Jónsson.
	Stefán Thordersen.
	Sveinn Níelsson.
	Sveinn Skúlason.
	Torfi Einarsson.

Var þannig 10. töluliður felldur með 19 atkvæðum gegn 6.

Því næst lèt forseti ganga til atkvæða um, hvort rita skyldi konungi bænarskrá samkvæmt uppástungu nefndarinnar og var það fellt með 12 atkvæðum móti 12.

Forseti: Dagskránni er þá lokið. Eg skal leyfa mèr að vekja athygli hinna háttvirtu þingmanna á því, að hinn lögskipaði þingtími er liðinn í næstu viku, verðum vèr þá að fara að biðja um lengingu þingtímans. Eg verð því að skora á þingmenn að láta mig fá sem allra fyrst nefndarálit, einkum í hinum smærri málum. Þar eð ekkert er nú fyrir hendi nema ályktarumræða í þurfamanna málinu og spítalamálinu, held eg ekki fund á morgun, en mun síðar birta dagskrá til fundar á fimmtudag.

Fundi slitið.

---

15. fundur. — 25. júlí.

Allir á fundi nema hinn 2. konungkjörni þingmaður, er hafði tilkynnt forseta forföll sín.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið tilkynning frá nefnd þeirri, er kosin var í málið um stofnun kennara-embættis í sögu Íslands, og fornfræðum Norðurlanda, að til formanns sè kosinn hinn 4. konungkjörni þingmaður og til skrifara þingmaður Norður-Þingeyinga.

Samkvæmt dagskránni kemur þá til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið ákveður svo, uppástunga frá þingmanni Vestur-Skaptafellssýslu og hinum fimmta konungkjörna þingmanni, um undirbúning til prentunar á nýrri jarðabók með skýrslum o. s. frv.

Hinn 5. konungkjörni er flutningsmaður uppástungunnar.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg skal leyfa mèr að lesa uppástunguna:

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 309—310).

Eg hefi litlu við þetta að bæta; það er kunnugt, að þingið tók vel í mál þetta 1865, og að það sendi uppástungu okkar með meðmælum sínum forsetaveginn til stjórnarinnar, en stjórnin synjaði um að uppfylla bænina, án þess eg fái sèð, að hún hafi komið með nægar ástæður fyrir neituninni. Eg skal geta þess, að jarðamatsbækurnar beinlínis eru eign landsins, og eiga því helzt að liggja eða geymast hèr við skjalasafn alþingis; enda er og auðsætt, að hægra er að ná þeim upplýsingum, sem menn kunna að þurfa að fá úr bókum þessum, þegar bækurnar eru geymdar hèr, en í hvert skipti að þurfa að sækja þær til Kaupmannahafnar; þurfi stjórnin upplýsinga við úr bókum þessum, þá er henni innanhandar að láta taka eptirrit af hinu helzta úr þeim. Viðvíkjandi 2. atriðinu skal eg geta þess, að það er hreinn misskilningur hjá stjórninni, þegar hún heldur, að við höfum áformað að búa til nýja jarðabók; við álítum einungis, að það væri bæði þarflegt og fróðlegt fyrir almenning, að ný jarðabók kæmi út með jarðlýsingum, og svo nákvæmum lýsingum allra jarðeigna hèr á landi, sem auðið væri, til þess menn þó vissu, hvernig á jarðeignum alls landsins stæði, og því fremur álítum við, að þessa væri þörf, sem enginn þess háttar jarðabók er til; því þótt jarðatal Johnsens í

mörgum greinum sè gott, þá er það þó samt hvergi nærri fullkomið, enda farið að eldast. Eg vona því, að þingið taki þetta mál til meðferðar og setji nefnd í því, og sendi síðan konungi bænarskrá um málið, og vil eg leyfa mèr að stinga upp á 3. manna nefnd.

Konungsfulltrúi: Eg skal fara fáeinum orðum um þau tvö atriði, sem uppástungan fer fram á.

Hvað þá fyrst snertir, að jarðamatsbækurnar 1849—1850 ásamt öllum þeim skjölum, sem þeim fylgja, verði sendar aptur hingað til landsins þegar í haust, og verði framvegis geymdar við skjalasafn alþingis.

Eg skal vera allra manna fúsastur til að játa það, að það sè miður heppilegt, að jarðamatsbækurnar og fylgiskjöl þeirra, ekki eru til staðar hèr í landinu, og til að óska þess, að þær verði sendar hingað hið bráðasta, en þetta er nú komið undir atkvæði þingsins í öðru máli, sem fyrir það er lagt, nefnilega stjórnarskipunarmálinu, sem, ef þingið aðhyllist það, beinlínis hefir það í för með sèr, að vèr fáum innlenda stjórn. En sjálfsagt er það, að jarðamatsbækur og fylgiskjöl þeirra eptir hlutarins eðli eiga að geymast af stjórninni og ekki af alþinginu, sem eptir alþingtilskipuninni og stjórnarskipun landsins, sem nú er, að eins á að segja álit sitt um málefni þau, sem verða borin undir það, eða að *petitionere* um málefni, sem snerta löggjöf og hið almenna fyrirkomulag landsins eða að kvarta yfir, að lögunum ekki verði framfylgt eða þess konar, — að aðministrativt vald hefir alþingið öldungis ekki og getur heldur ekki haft í geymslu sinni neitt skjal, sem snertir stjórn landsins. Að bækur þessar eru eign landsins, því verður ekki neitað, en spursmálið er einungis, hvort þær eigi að geymast annaðhvort af stjórninni ellegar af öðrum, og þessu spursmáli er, eins og eg nýlega tók fram, vafalaust að svara á þá leið, að stjórn landsins er skyldug til að geyma þær. Að því er hið síðara atriði snertir, er eg hinum háttvirtu uppástungumönnum samdóma í því, að mjög æskilegt og fróðlegt mundi vera, að lýsing allra jarðeigna landsins væri fengin svo fullkomin í öllum efnum sem auðið væri og hún svo prentuð, svo að allir gætu haft aðgang að henni; og eg vildi feginn gefa atkvæði mitt til þess, að samtals 800 rd. af tekjum landsins yrðu veitt til þessa augnamiðs, en eptir uppástungunni fæ eg ekki sèð, að þessi lýsing geti orðið prentuð fyrir þann kostnað og komið landsmönnum í hendur, og

yfir höfuð þykir mèr áætlun sú, sem innihelzt í uppástungunni að vera of óákveðin til þess að byggja á henni nokkra áreiðanlega skoðun um kostnaðinn, sem þetta mál getur haft í för með sèr.

Eg skal ítreka það, sem eg nýlega tók fram, að þegar við fáum innlenda stjórn, þá koma jarðamatsbækurnar af sjálfu sèr hingað, og þá verður tími til að rannsaka og ákveða, hvort og á hvern hátt lýsing sú, sem hèr ræðir um, geti orðið samin og prentuð.

Jón Guðmundsson: Ef vèr ættum eins víst að fá innlenda stjórn sem fyrst, og vèr höfum nú fengið skýlaus loforð fyrir því frá konungsfulltrúastólnum, að fá jarðamatsbækurnar hingað til landsins, þegar stjórnin er komin á hèr á landi, þá skyldi eg fyrir mitt leyti ekki kæra mig um að halda lengra fram í þetta mál; en eg ímynda mèr, að nú sem fyrr, geti enn þá orðið dráttur á, að þessi innlenda stjórn komist á hjá oss; eg skal einungis taka það fram, að mèr finnst það óbærilegt og ótilhlýðilegt, að eins merkar bækur og jarðamatsbækurnar skuli vera geymdar í Kaupmannahöfn, þar sem bækur þessar eru eign landsins, og jarðamatið sjálft ekki einungis var kostað af landinu sjálfu, heldur og þeir skrifstofupeningar, er til þess gengu; hitt er það, að eg skyldi ekki vera harður á því, að þær væri geymdar í skjalasafni alþingis, því eg álít þær eins vel geymdar í skjalasafni stiptamtsins. En mèr finnst allshendis ótilhlýðilegt, að stjórnin neiti um, að bækurnar sè geymdar hjá þeim, sem eiga þær. Þó stjórnin þurfi að leita upplýsinga í bókum þessum, þurfa landsmenn þessa miklu framar og optar við; þessu ætti og stjórnin hægt með að láta bæta úr fyrir sig; hún þyrfti ekki annað en að láta taka afskript af þeim upp á sinn kostnað. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók vel undir 2. atriðið, og sagði, að það væri þarft og gagnlegt fyrir landsmenn að fá nýja og fullkomna jarðabók; þetta er og satt, og það því fremur, sem það er alveg skakkt í stjórnarbrèfinu frá 1864, að jarðabókin frá 1861 sè gefin út öldungis eptir því frumvarpi, sem lagt var fyrir alþingi 1857, og þingið síðan samþykkti; þetta er skakkt og ekki satt. Þingið 1857, samþykkti jarðabókina að öllu eptir frumvarpinu sem stjórnin lagði fyrir, eins og það kom frá jarðamatsnefndinni, og stakk upp á «amtadeilir» til að finna hundraðatölurna. Stjórninni líkaði ekki amtadeilirinn og hèlt fram almennum «landsdeili» (sama deili yfir land allt), og þetta var hið eina af jarðabókar- eða jarðamatsfrumvarpinu, sem lagt var fyrir þingið

1859 til álita eða samþykkis, — prentaða frumvarpið, sem stjórnin lagði þá fyrir, kom ekki og gat ekki komið til álita að neinu öðru leyti, heldur en einmitt sú hundraðatala jarðanna, sem var útreiknuð eptir þessum eina og sama deili; að öllu öðru leyti var jarðabókarfrumvarpið frá 1857, eins og stjórnin hafði fengið það frá jarðamatsnefndinni og lagt það fyrir þingið, *samþykkt*; en allir sjá, að stórmikill og verulegur munur er á því frumvarpi og á jarðabókinni 1861; það mátti aldrei minna vera en að jarðabókin hefði orðið eins fullkomin að öllu eins og frumvarpið 1857. Hvað útgáfu bókarinnar snertir, þá þótti konungsfulltrúa, að 2. atriðið vera fremur óákveðið, þetta er að nokkru leyti satt; en eg skal geta þess, að meining okkar var sú, að þessir 800 rd. ættu einungis að vera ritnefndarþóknun. Eg er nú orðinn gamall og veit eigi hvort eg mundi lifa það, að bókin verði gefin út, en svo að þetta ekki væri til fyrirstöðu því, að bókin kæmi á prent, þá skyldi eg óhræddur, ef eg lifði, taka að mèr útgáfu bókarinnar upp á minn kostnað; hvað upphæðinni viðvíkur, þá skil eg ekki í, að stjórninni þyki hún vera sett of há; en eg veit ekki betur en að justizráð Johnsen fengi 600 rd. eða meir sem styrk fyrir að gefa út jarðatal sitt. Að öðru leyti er þetta ekki neitt kappsmál fyrir mèr, því eg hefi nóg að gjöra og arðsamara en þetta, liggur fyrir mèr, ef eg hefði tíma til þessa aflögum frá daglegum störfum, en eg hefi að eins gjört kost á þessu, af því eg hèlt, að það gæti orðið löndum mínum að liði.

Eiríkur Kúld: Eg hefði ekki mælt með nefnd í þetta sinn, ef hinn hæstvirti konungsfulltrúi ekki hefði gefið mèr tilefni til þess; eg man svo langt, að það hefir verið sagt hèr á þingi, að jarðamatið væri eigi svo gott, sem það vera skyldi, en þó er samt víst ekki sú meining uppástungumannanna, að þeir með útgáfu bókarinnar eigi að laga gallana á jarðamatinu eða lýsingum jarðamatsmannanna á jörðunum. Það er og galli á 2. atriðinu, þar sem talað er um þessa 800 rd. þóknun, sem ritnefndarmennirnir eiga að hafa í 2 ár, að þar er ekkert talað um eða skuldbinding sett fyrir þá að hafa lokið þessum starfa sínum á 2 árum. Nú þegar þessi 2 ár eru liðin og þeir þá eru ekki búnir, þá get eg hugsað mèr, að þeir þá biðji um hið sama um 2 ára tíma, en þá eru nú komin 1600 rd. fyrir 800 rd, o. s. frv. Af því sem nú hefi eg sagt, ætlaði eg að gefa atkvæði mitt móti nefnd í þessu máli, en þegar eg nú heyrði hinn hæstvirta konungsfulltrúa taka það fram,

að stjórnin en ekki alþingi ætti að geyma bækur þessar og þar af flyti, að bækur þessar og skýrslur hlytu að geymast út í Kaupmannahöfn, en ekki hèr á landi, þá held eg að eg verði fremur að mæla fram með nefnd í málinu, ef þar af gæti leitt, að bækur þessar og skjöl yrðu geymd hèr á landi. Eg skal spyrja, eru bækurnar ekki eign landsins? Jú, því stjórnin hefir engu fè varið til jarðamats þessa heldur hefir landið kostað það eingöngu og þetta viðurkendi og hinn hæstvirti konungsfulltrúi, og því finnst mèr mjög svo ótilhlýðilegt, að þetta sem er eign landsins sè eigi geymt hèr heldur út í Danmörku. Hann sagði að vísu, að þegar stjórnarskipunin væri komin hèr á, þá fyrst mundu bækurnar verða geymdar hèr; en hver er kominn til að segja, hve nær stjórnarskipunin kemst hèr á? Væru bækurnar geymdar annaðhvort í skjalasafni alþingis eða í skjalasafni stiptamtsins, sem eg álít allt eins gott, og öllu betur eiga við, þá ætti þó stjórnin ekkert óhægra en Íslendingar með að fá þær upplýsingar, er hún þyrfti, því gufuskipsferðir falla opt milli Reykjavíkur og Kaupmannahafnar en póstgöngur út um landið eru strjálar og óhægar og ófært fyrir Íslendinga hèr að leita upplýsinga úr bókum þessum, meðan þær eru geymdar út í Kaupmannahöfn. Eg mæli því með því, að nefnd verði kosin.

Konungsfulltrúi: Eg skal svara hinum háttvirta þingmanni því, að þar sem hann sagði, að eg í ræðu minni hefði sagt, að jarðamatsbækurnar með fylgiskjölum þeirra ætti að geymast hjá stjórninni en ekki hèr í landinu, þá voru þetta ekki orð mín, því eg sagði, að spursmálið væri hèr, hvort stjórnin eða alþingi ætti að geyma þær, og eg lýsti því þá yfir, að það sjálfsagt væri stjórnin. Þar sem hann enn fremur spurði mig, hvort jarðamatsbækunnar væru eign landsins, þá sagði eg það með skýrum orðum, að þær væru eign landsins. Hvað það snertir, hvort stjórnin ætti að geyma jarðamatsbækur í Kaupmannahöfn eða hèr í landinu, til dæmis í skjölum stiptamtsins eða hinna amtanna, þá er þetta öldungis *administrativt* mál, sem að eins stjórnin sker úr en enginn annar.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg gat ekki betur sèð, en að hinn hæstvirti konungsfulltrúi tæki svo vel í mál þetta, sem hann gat eptir stöðu sinni, og styrkti hann því fremur málið, en hitt, að hann væri því mótfallinn. Eg er samdóma konungsfulltrúa í því, að það væri eins rètt, að bækurnar ættu eins vel að geymast í skjala-

safni stíptamtsins, eins og af alþingi, en að skipta þeim milli amtmannanna, álít eg engan veginn við eigi. Út af því sem hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga talaði um útgáfu bókarinnar, skal eg geta þess, að okkur hefir aldrei dottið í hug að gefa hana út með öllum fylgiskjölum jarðamatsins frá 1849. Að öðru leyti get eg þess, að mèr er þetta ekki neitt kappsmál, og þar sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi og þingmaður Barðstrendinga sögðu, að 2. atriðið væri óákveðið, þá get eg ekki fundið það, því þar stendur, að sá styrkur sem við beiðumst, eigi að vera til undirbúnings. Að því er útgáfu bókarinnar snertir, þá er eg sannfærður um, að bæði mundi útgefandi fást, og hann verða skaðlaus af fyrirtækinu, því bókin gengi sjálfsagt vel út; því að mörgum mundi þykja fróðlegt, að kynna sèr, hvernig stæði á jarðeignunum hèr á landi.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari inngangsumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða um hvort nefnd skuli kjósa eður ekki.

Var málið síðan fellt frá nefnd með 14 atkvæðum gegn 4.

Forseti: Þessu næst kemur til inngangsumræðu, og, ef þingið ákveður svo, til nefndarkosningar bænarskrá frá bændum í Eyrarhrepp í Skutulsfirði, um að prestssetrið verði aptur skilið frá kaupstaðnum á Ísafirði. Hinn 5. konungkjörni þingmaður er flutningsmaður.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg skal leyfa mèr að les bænarskrána.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 328—331).

Þessi bænarskrá er að því leyti ekki komin í sem heppilegastar hendur, þar sem hún er til mín komin, því að eg get ekki mælt mikið fram með henni, og alls ekki, að farið sè að rita konungi bænarskrá út úr henni. Mèr finnst sem sè næsta viðurhluta mikið, að breyta nýjum lögum, nema því að eins, að brýn nauðsyn beri til; en svo er ekki ástatt hèr. Sú þræta sem hèr liggur fyrir er að líkindum ekki einungis út af fátækra útsvari, heldur mun einnig vera risin af misskilningi um lóðartoll og landamerkjaþrætum. Mèr er kunnugt, að ágreiningur er um, hvar lóðartakmörkin eru; hèr er því einungis um að gjöra, að fá rètt takmörk milli prestsetursins og kaupstaðarins; en presturinn á lóðartoll af þeim húsum, sem standa á hans lóð, en aldrei getur verið spurning um, að leggja skatt á lóð prestsetursins, heldur á húsið sem á lóðinni stendur. Vegna krits þess og ágreinings sem kom-

inn er á í þessu efni, sting eg upp á því, að nefnd verði sett í málið, með því móti, að byskupinn yfir Íslandi treysti sèr til að gefa nokkrar upplýsingar er skýrðu málið.

Konungsfulltrúi: Eg fyrir mitt leyti er hinum háttvirta flutningsmanni samdóma í því, að það yfir höfuð er ísjárvert, að stinga upp á breytingum á lögum þeim, sem ekki eru eldri en tilskipunin frá 26. janúar f. á.; en eg ætla þó ekki að mæla á móti því, að nefnd verði sett í máli þessu, af því að það er sent stiptsyfirvöldunum, til þess að þau sæu um að það yrði borið undir þingið.

Pètur Pètursson: Eg get ekki annað en stutt að því, að nefnd verði sett í málið; því eins og hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður tók fram hefir þegar risið kritur, og hann ekki lítill út af skilningi á 1. gr. reglugjörðarinnar 26. janúar 1866; út úr því hafa menn viljað fá, að prestsetrið heyri undir kaupstaðinn, og megi því leggja skatt á lóð þess. Fá menn þá út þetta, sem er svo afleitt og óeðlilegt, að túnið ofanvert með öllum bæjarhúsum og fjárhúsum heyrir undir kaupstaðinn, en hitt allt af jörðinni, nokkur hluti túnsins, beitiland og útengi heyrir undir annan hrepp og lögsagnarumdæmi. Það er þá líka ranglátt, að presturinn tíundi alla jörðina til kaupstaðarins. Það er líka óhagkvæm tilhögun fyrir prestinn að láta prestsetrið heyra undir kaupstaðinn; brauðið er lítið, presturinn hefir eigi efni á að lifa bæjarlífi. Bæjarstjórnin hefir sýnt, að hún getur stjórnað málefnum bæjarins og allt farið þar vel fram, þótt prestsins missi við úr henni, aptur á móti má hann eigi missa sig úr sveitarstjórninni með því að þar í sveitinni er lítil völ á menntuðum mönnum. Presturinn býr í opinberum húsum, sem hann ekki má breyta og stendur því ver að en bæjarbúar. Eg verð því að mæla með nefnd í málinu, sem ætti að vinna að því, að fá breytingu á 1. gr. laganna 26. janúar 1866 þess efnis, að prestsetrið Eyri standi alveg fyrir utan Ísafjarðarkaupstaðarlögsagnarumdæmi; en þó heldur en allt um þrotni, væri það næstum tilvinnandi, að sá partur Eyrarlands, er liggur milli túnsins á prestsetrinu Eyri og kaupstaðarins, sè gefinn kaupstaðnum eptir, þó með afgjaldi til prestsins á Eyri.

Ólafur Pálsson: Eg er hræddur um, að nefnd muni aldrei geta gjört mikið gagn í þessu máli, með því að það er því til fyrirstöðu, að bæði vantar allar upplýsingar af hendi bæjarbúa, sem þó hljóta að vera annar málspartur, og þyrfti að vita, hvernig þeir líta á þetta mál; og ekki heldur er til neitt álit prófasts, sem

skýrskotað er til í yfirlýsingu sóknarprestsins um bænarskrána; eg ræð því frá, að nefnd verði sett, því eg skil ekki, hvað hún ætti að geta gjört að svo komnu.

Bergur Thorberg: Ef nefnd verður sett í þetta mál, þá finnst mèr það hljóta að vera ætlunarverk hennar að segja álit sitt um, hvort biðja skuli um breytingu á 1. grein laganna 26. jan. 1866; það sem menn hafa fundið þessum lögum til saka er það, að út úr þeim sè risinn kritur, af því þau hafi misskilizt; en engi orsök er til þess, að breyta lögum fyrir það, þó þau sè misskilin; til þess eru dómstólarnir að skera úr misskilningi á lögum. Það finnst mèr auðsætt, að menn eigi hafi rètt til að kalla lögin óhagkvæm meðan menn eigi vita, hvernig á að skilja þau. Ein af þeim ástæðum, sem tekin hefir verið fram með málinu, er óvissa um takmörk milli Eyrarlands og kaupstaðarins; en þetta er engin ástæða; það er jafn nauðsynlegt að vita takmörk milli bæjarlóðarinnar og prestseturslóðar, hvort sem Eyri heyrir undir lögsögn sýslumanns eða bæjarstjóra. Að það væri hart og ósanngjarnt fyrir sveitarbúa að missa prestinn úr sveitarfèlagi, það áttu þeir að sjá fyrr, áður en lögin voru gefin, og þá neita því, er þess var farið á leit við þá, en þá lètu þeir það eptir; nú bæði er og á það að vera hagur fyrir bæjarbúa að hafa prestinn í sínu sveitarfèlagi. Eg vil hèr ekkert fara inn í skilning á lögunum, slíkt heyrir undir dómstóla. Eg verð því að vera á móti nefnd, þar sem málið er óupplýst og enn ekkert komið fram af hendi annars málspartsins, sem hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður tók fram. Málið kemur auk þess svo seint á þing, nú þegar hinn lögboðni þingtími er nálega úti, að mèr finnst sjálfsagt að vísa því frá nefnd.

Eiríkur Kúld: Af sömu ástæðum og hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður, verð eg einnig að vera á móti nefnd í þessu máli. Hann tók og fram, að það væri dómstólarnir en eigi alþing sem ætti að útskýra lögin; þó ímynda eg mèr að málið hafi haft eitt gott af ferð sinni hingað á þing, nú veit presturinn framvegis hverja leið hann á að fara. Ástæða hins háttvirta 1. konungkjörna þingmanns, að presturinn megi ekki missast úr sveitastjórninni, af því engin sè völ menntaðra manna þar í sveitinni er að mèr sýnist nokkuð veik; eg veit að þar í sveitinni eru ekki menn vel menntir en þó eru þar hreppstjórinn, sigldir iðnaðarmenn og fleiri. Oss vantar hèr allar upplýsingar nema frá öðrum parti máls-

ins, ekki einu sinni er hèr komið álit viðkomandi prófasts um málið; eg er því mótfallinn nefnd.

Halldór Kr. Friðriksson: Þótt nefnd verði sett í málinu, þarf það alls ekki að vera til þess, að fara fram á breytingu á lögunum; en nefndin gæti útvegað ýmsar upplýsingar og gefið þannig skýrslur um málið. Þó eg alls eigi vantreysti stiptsyfirvöldunum til þess að gera allt það í málinu sem gjöra þarf, vil eg mæla fram með nefnd, eða að minnsta kosti biðja þingmenn um að vísa málinu gegnum forseta til stiptsyfirvaldanna. Hvað þá mótbáru snertir, að það vanti álit bæjarbúa og prófasts, þá er það engin ástæða til þess að fella málið frá nefnd fyrir hana. Þar sem hinum háttvirta 1, konungkjörna þingmanni finnst það óeðlilegt, að nokkuð af prestsetrinu heyri undir kaupstaðinn en nokkuð undir hreppinn, þá ætla eg það sè hans misskilningur, að minnsta kosti hefi eg aldri skilið lagagreinina svo, eg verð því enn að mæla með nefnd.

Pètur Pètursson: Móti hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni verð eg að geta þess, að hvort sem þingið hefir skilið eða ætlazt til að svo yrði skilið sem hann vill, þá veit eg það, að reglugjörðin hefir annarstaðar verið skilin eins og eg gat um; og eg get eigi sèð, að það geti verið neitt til fyrirstöðu því að setja nefnd í málinu til að fá hinni áminnztu grein reglugjörðarinnar breytt, úr því hún hefir verið undirorpin svo ólíkum skilningi og leitt af sèr megnan ágreining.

Bergur Thorberg: Nefndarinnar ætlunarverk gæti aldrei verið að eins það að skýra lögin og láta svo þar við lenda; hún yrði að gjöra uppástungur um það, hvort halda skyldi lögunum óbreyttum eða breyta þeim. Ef eg hefi skilið rètt hinn háttvirta 1. konungkjörna þingmann, þá ætlast hann til, að þingið gefi autentiska skýringu á lögunum; en það er bráðlæti mikið að láta sèr liggja svo á henni; og þingið getur eigi heldur gefið hana; málið hefir enn eigi verið fyrir dómstólum eður yfirvöldum til úrskurðar. Málið er þess vegna of snemma upp borið; menn hefðu átt að bíða þess, hverja stefnu málið þar mundi taka; hefði það þá orðið uppi, að prestakallinu yrði svo í þyngt, ef lögin, rèttilega skilin, stæðu óbreytt, að eigi mundi við það vært, þá væri mál að beiðast breytingar. Hjá hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni er eflaust misskilningur á 1. gr. laganna. Hann ætlar að öll landareign prestsetursins heyri undir kaupstaðinn, en það er eigi svo,

heldur að eins tanginn, sem svo er nefndur, og vita allir, sem kunnugir eru landslagi, að hann er einkennilega afmarkaður, svo það er ekkert óeðlilegt í því, að hann heyri til kaupstaðnum, en hinn parturinn af landareigninni sem liggur upp til fjalls og meðfram sjó til beggja handa heyrir til sveitinni. Eg verð enn sem fyrr að vera á móti nefnd; málið fær aldrei þær upplýsingar gegnum nefndina, að það ekki geti fengið jafngóðar hjá stiptyfirvöldunum.

Halldór Kr. Friðriksson: Hinn háttvirli 3. konungkjörni þingmaður mælir móti nefnd sökum þess, að það væri nú ótímabært, að biðja nú þegar um *authentiska* skýringu á skilningi lagaboðsins; en eg get ekki verið honum samdóma í því, því að mèr finnst þá einmitt tími til kominn, að fá þessa authentisku skýringu, þegar kritið er komið, og nefndin gæti einmitt stutt að því, að fyrirbyggja þetta krit framvegis; en því lengur sem á kritinu stendur, því meiri verður óánægjan. Enda þótt eg engan veginn vantreysti stiptsyfirvöldunum, að gefa þessar skýringar, gæti þó nefndin fengið þær upplýsingar, að stiptsyfivöldunum veitti það hægra á eptir. Eg ætla ekki að þrátta um skilninginn á 1. greininni lagaboðsins, en hitt virðist nú auðsætt, að ekki sè fremur ástæða til eptir orðum lagaboðsins að láta þann hlutann af lóðareign prestsetursins, sem óræktuð er fyrir neðan túnið, heldur en þann hlutann, sem er fyrir ofan túnið heyra undir lögsagnarumdæmi kaupstaðarins; því að ef menn ætla að fylgja skoðun hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns, þá ættu það einungis að vera húsin á prestssetrinu, sem heyra kaupstaðnum til, og í hæsta lagi túnið með, en hvorki sú lóð, sem er fyrir ofan eða neðan.

Pètur Pètursson: Eg vil einungis geta þess, að það getur vel verið, að það sè rètt sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður sagði, að það kunni að vera dómsmál að gefa útskýringu á rèttum skilningi 1. greinar í reglugjörðinni; en hèr er alls ekki farið fram á að fá slíka þýðingu, heldur breytingu á þessari grein og þessu má ekki blanda saman því að það er sitt hvað.

Eirikur Kúld: Eg skil ekki í því, að það sè rètt, sem hinn heiðraði flutningsmaður sagði, að þingið gæti fyrirbyggt þetta krit, og því ætti að setja nefnd í málið. Eg held það væri langtum rèttara, að láta málið ganga yfirvaldaveginn, eins og hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður einnig tók skýrt fram. Mèr finnst að

þingið geti ekki beðið um breytingu á lagaboðinu núna, enda vantar líka alveg allar skýrslur frá hinum partinum.

Halldór Kr. Friðriksson: Flutningsmaður hefir aldrei farið því fram, að þingið bæði um breytingu á lagaboðinu, og heldur ekki því, að alþingi ætti að fyrirbyggja þetta krit með því að setja nefnd í málið, en hann hefir að eins sagt, að nefndin gæti stutt að því, að kritið hætti.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari inngangsumræðu lokið, og skal eg þá skjóta því til atkvæða þingsins, hvort nefnd skuli sett í málið.

Var síðan gengið til atkvæða og bænarskráin felld frá nefnd með 15 atkv. gegn 9.

Af því að flutningsmaður þá óskaði, að málinu væri vísað forsetaveginn til yfirvaldanna, skaut forseti því til atkvæða þingsins, hvort svo skyldi gjöra, og var það samþykkt með 18 atkv. gegn 3.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit í málinu um jafnrètti prentsmiðjanna; þetta mál verður nú lagt á lestrarsalinn og afskript af nefndarálitinu send konungsfulltrúanum, en síðan mun það verða sett á dagskrá til undirbúningsumræða.

Dagskránni er þá lokið, og ekki meira að starfa í dag.

Fundi slitið.

---

16. fundur. — 26. júlí.

Allir á fundi nema hinn konungkjörni varaþingmaður, og hafði hann tilkynnt forseta, að hann sökum lasleika ekki gæti mætt.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg fekk eptir fund í gær álit nefndarinnar, er sett var í málinu um að stofna kennara-embætti í fornfræði hèr í Reykjavík. Sömuleiðis hefi eg í dag fengið nefndarálit um konunglegt frumvarp til tilskipunar um það, hvernig eigi að halda hunda á Íslandi.

Þá er að taka til dagskrár, og kemur til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu konunglegt frumvarp til opins brèfs handa Íslandi um það, hvernig borga eigi kostnað þann, er rís af flutningi þurfamanna. Framsögumaður er þingmaður Húnvetninga.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 326—327).

Framsögumaður (Páll Vídalín): Mál þetta var rætt mjög ítarlega við undirbúningsumræðuna. Það eru nú komin fram nokkur breytingaratkvæði við nefndarálitið, en þau eru þó ekki mörg, og mèr liggur við að segja heldur ekki mjög merkileg. Það er þá fyrst 1. breytingaratkvæðið á atkvæðaskránni. Það er víst meiningin, að það hafi átt að útlista betur breytingu nefndarinnar undir tölulið 2, en mèr finnst það reyndar ekki vera heppileg útlistun. Það er ekki sagt, að þurfamaðurinn sè ætíð fluttur til hreppstjórans sjálfs, enda væri það ekki ætíð sem haganlegast. Eg vil taka til, að hreppstjóri sá, sem flytja ætti ómagann til, byggi langt frá þjóðbrautinni, ef til vill á hinum enda hreppsins fleiri mílur í burtu, þá yrði það bæði örðugra og kostnaðarsamara að flytja ómagann til hans, heldur en flytja hann á næsta bæinn, sem væri við þjóðbrautina, þegar í hreppinn kæmi, og því er það opt, að hreppstjórar tiltaka, þegar flytja þarf þurfamenn, á hvern bæ í hreppnum þá skuli flytja og hvaðan flutningnum er framhaldið. En ef þingið álítur þetta breytingaratkvæði haganlegra en nefndarinnar, þá er eg fyrir mitt leyti ekki svo mjög á móti því, því það fer í líka stefnu og nefndin. Viðvíkjandi 3. breytingaratkvæðinu skal eg geta þess, að orsökin til þess, að nefndin vildi gjöra þessa breytingu á frumvarpinu, var sú, að henni þótti sýslumönnunum með því gefið ofmikið vald. Því það væri sannarlega hægt að búa til skattalög á voru landi Íslandi, ef embættismenn ættu þannig að leggja skatt á landsbúa eptir álitum. Nefndin gat ekki fundið annan rèttari niðurjöfnunarmáta en þann, að miða hann við lausafjárhundruðin eins og nefndarálitið sýnir. 4. breytingaratkvæðið er eptir meiri hluta nefndarinnar og þingmann Árnesinga, sem hefir fallizt þar á álit meiri hlutans og stendur í sambandi við reglu hans um niðurjöfnunina milli hreppanna. En ef menn eigi fallast á 3. breytingaratkvæðið, þá getur nefndin eigi fallizt á þetta. Að því er snertir 6. breytingar-atkvæðið, þá hefir nefndin verið á því, að hver kaupstaður eigi að vera út af fyrir sig sem hvort annað lögsagnarumdæmi, því kaupstaðurinn myndar hèr eitt fèlag eða »commune», eins og sýslan eptir skoðun nefndarinnar. Ef menn fylgja þeirri reglu, að hver sýsla eigi að annast flutninginn innan sinna takmarka, þá á kaupstaðurinn að gjöra það líka, eins og hann hefir gjört hingað til. Eg held það þækti heldur ekki mikill heiður t. a. m. fyrir Reykjavík, að vera skoðuð jöfn hreppi, eða ekki betri en hreppur. 8. Breytingaratkvæðið þykir mèr leggja nokkuð mikið

á vald embættismannanna, að minnsta kosti væri þá ekki mikill vandi að leggja skatt á landið. Menn gætu þá látið stiptamtmanninn eða landstjórnina jafna sköttunum niður á ömtin eptir álitum, amtmennina á sýslurnar, sýslumennina á hreppana, og hreppstjórana á einstaka menn allt eptir sömu reglu. Maður gæti hæglega fengið næga skatta með þessu móti, og vèr værum þá ekki lengi að fá spítalamálið í stand, ef því væri fylgt. Ef breytingaratkvæðið undir 9. tölul. þykir betra en uppástunga nefndarinnar undir tölul. 2., þá er eg ekki svo mjög mótfallinn því.

Eg ætla svo ekki að tala meira að sinni, því eg álít þess ekki þörf, fyrri en eg heyri ræður þingmanna.

Konungsfulltrúi: Eg skal fara fáeinum orðum um breytingaratkvæði þau, sem eru á atkvæðaskránni. Breytingar þær, sem stungið er upp á við 1. grein miða til þess sumpart að breyta jafnaðarmáta frumvarpsins á milli hreppanna, sumpart að ákveða nýja reglu fyrir kaupstaðina. Eg gat þess við undirbúningsumræðuna að mèr ekki þættu mótbárur meiri hlutans á móti ákvörðunum frumvarpsins um hlutfallið á milli hreppanna á gildum rökum byggðar, en að eg hefði ekki neitt verulegt á móti því, sem meiri hlutinn hafði stungið upp á, að jafna kostnaðinum niður eptir tölu tíundarbærra lausafjárhundraða hvers hrepps —; en þessi breyting, ef hún kemst á, getur komið í bága við ákvarðanirnar um kaupstaðina, og eptir minni meiningu er regla sú, sem meiri hlutinn stingur upp á í tilliti til þeirra, ósanngjörn; eg skal þess vegna ráða þinginu til að gefa atkvæði sitt með 1. grein óbreyttri.

Hvað snertir aðra grein, skal eg taka það fram, að regla sú sem frumvarpið inni heldur er meira praktisk eða umsvifaminni en regla sú, sem stungið er uppá undir tölulið 8, en að þessi á hinn bóginn getur samrýmzt 1. grein frumvarpsins, og ekki er fleiri vandkvæðum bundið, en að hún getur verið brúkanleg. Breytingaratkvæðið undir tölulið 9 stendur í sambandi við spursmálið um, hvort fyrstu grein verður haldið óbreyttri eða ekki; ef henni verður breytt af þinginu held eg að þessi töluliður eigi betur við en breyting sú, sem stungið er upp á undir tölulið 2.

Arnljótur Ólafsson: Eg þarf nú ekki að tala mikið um breytingaratkvæði mitt undir 1. tölulið, því hinn heiðraði framsögumaður tók það hèr um bil fram, sem eg vildi um það segja. En

það var þó eitt, sem hann ekki tók eins skýrt fram og eg vildi, en sem eg lagði mesta þýðingu í. Hjá nefndinni stendur undir 2. tölul. »til næstu sýslu, en hjá mèr »til næsta sveitarstjóra í *annari* sýslu«. Eg hefi, ef til vill, til ógæfu, bætt við þessum orðum: »til næsta sveitarstjóra«. Það eru eiginlega 2. atriði í breytingaratkvæði mínu. Annað er það, að eg hefi sett »*aðra* sýslu«, þar sem nefndin hefir *næstu* sýslu. Eg sýndi fram á það við undirbúningsumræðuna, að það væri óheppilegt hjá nefndinni að rígbinda eður einskorða þetta svo, að menn væru ætíð og alstaðar skyldir til að flytja ómagann til *næstu* sýslu. Eg tók þá dæmi, ef flytja ætti ómaga hèðan úr Reykjavík upp í Borgarfjarðarsýslu. Enginn getur neitað því, að Gullbringusýsla er næsta sýsla við Reykjavik, og ætti því að flytja hann þangað; en beinast og kostnaðarminnst verður að flytja hann sjóveg upp á Akranes. Eg játa það reyndar, að þetta á sèr ekki stað, nema þar sem ómaginn verður fluttur sjóveg. Þetta kom mèr til að setja *aðra* sýslu í staðinn fyrir *næstu*. Það vita allir, að *önnur* sýsla innibindur eins í sèr *næstu* sýslu, en það getur líka innibundið aðra sýslu, þá er nú eptir að minnast á fyrra atriðið, það er að segja, að flytja eigi ómagann til «næsta sveitarstjóra». Þetta er nú í rauninni engin breyting, því það breytir ekki þeirri reglu, sem nú gildir. Í vegabrèfunum fyrirskipa sýslumenn að flytja ómagann til næsta hreppstjóra, en þó eru vegabrèfin ekki skilin svo, að það megi ekki skilja ómagann eptir á bæ, sem er jafngott að hann sè fluttur að, sem til hreppstjórans; og þó það stæði í lagaboðinu «til sveitarstjóra», þá þyrfti ekki að skilja það svo, sem það endilega ætti að flytja ómagann á heimili hreppstjórans, eins og það ekki er skilið svo í vegabrèfunum nú (*Páll J. Vídalín*: Það er rangt). Ef þetta væri rangt, þá er það rangt sem tíðkazt nú. Ef menn þora og siðferðislega geta flutt ómagann á aðra bæi, en sýslumaðurinn skipar, þá geta menn og eins vikið frá orðinu í lagaboðinu. Og ef menn þora og geta lagt þenna skilning í vegabrèfin nú, þá geta menn eins skilið lagaboðið svo; því aðgætandi er, að skipun sýslumanns í þessu efni er eins gild eins og lagaboðsgreinin. Mèr fyrir mitt leyti er annars hèr um bil sama um 1. tölul., hvort hann stendur eða fellur. En úr því eg fór nú að tala, þá vil eg minnast á mismuninn á meiri og minni hlutanum. Meiri hlutinn vill jafna niður eptir lausafjárhundruðum, en frumvarpið og minni hlutinn eptir efnahag og ástæðum. Það er þá sá munurinn, að meiri

hlutinn bindur sýslumennina við vissa reglu. En eg vil nú spyrja: Hvers vegna álítur meiri hlutinn það nauðsynlegt? (*Jón Guðmundsson*: Lesa breytingaratkvæðið). Maður *sèr* ekki skilninginn á því, þó maðnr lesi það. En má eg nú aptur spyrja, hví álítur meiri hlutinn þetta nauðsynlegt? Er það af því, að þetta sè sú eina rèttláta regla? Annaðhvort verður þó að vera, að meiri hlutinn gjöri þetta af því, að hann álítur sýslumönnunum ekki trúandi fyrir að jafna niður, eða af *því*, að honum þykir þessi regla sú eina rètta regla. En eg verð að vefengja alveg rèttlæti þessarar reglu. Vèr þurfum ekki annað en að taka einn hrepp, sem tíund er lítil í, af því hann liggur við sjó, en annar hefir mikla lausafjártíund af því hann er til sveita. Má eg nú spyrja, er ástand þessara hreppa einungis komið undir tíundarupphæðinni? Ef það er ekki, þá er þessi regla röng. Það undrar mig stórlega, að hinn heiðraði framsögumaður, sem mun þykja manna bezt að sèr í sveitamálefnum og sveitabúskap, skuli setja þá reglu, sem hann sjálfur verður að fordæma. En skoðum nú hitt, er þörf á þessari óyndisreglu handa sýslumönnunum til þess að binda þá? Eg verð að segja nei, og eg veit, að nefndin og einkum hinn heiðraði framsögumaður segir einnig nei; því hann þekkir, eins og eg, sýslumanninn sinn, sem ef til vill er einhver sá færasti af sýslumönnum á landi hèr, og eg veit, að hann þorir að trúa honum fyrir að jafna niður þessu lítilræði. Þessi regla verður þá fyrir vonda en ekki góða sýslumenn. En sýslumenn eru skyldir til að þekkja efnahag manna nærri eins vel og hreppstjórar, því þeir hafa í höndum sèr allar þær skýrslur, er að því lúta, og eiga að senda þær til amtmannanna með athugasemdum sínum. Ef vèr eigum að byggja á því, að sýslumenn ekki þekki efnahag hreppanna, þá segi eg að það sè það mesta «Mistillidsvotum» á móti umboðslegu stjórninni. Eg tek þetta fram, af því eg veit, að hinn heiðraði framsögumaður þekkir svo vel til þessa; en af því hann þekkir það, þá finnst mèr ómögulegt fyrir hann að koma fram með slíkt breytingaratkvæði, að af því að sýslumenn forsómi skyldu sína, þá verði menn að búa til þessa reglu fyrir þá. Að öðru leyti hefi eg ekkert sèrlegt að athuga.

Framsögumaður: Eg finn mèr skylt að þakka hinum heiðraða þingmanni Borfirðinga fyrir þá virðingu sem hann veitti bæði mèr og sýslumanni mínum. En að því er snertir breytingaratkvæði meiri hlutans undir 3. tölul., þá held eg nú enn sem fyrr,

að það sè ómögulegt fyrir sýslumann að þekkja svo hvern hrepp og ástandið í honum, að hann geti jafnað rètt niður á hreppana eptir reglu frumvarpsins, og þetta hefir hinn heiðraði þingmaður ekki borið við að hrekja. Eg get líka upplýst hann um það, að þegar sýslumaður sá, er hann talaði um áðan, á að jafna niður gjaldi til heyrnar- og málausra, þá hefir hann ekki sèð sèr annað fært en að jafna niður eptir fastri reglu og það einmitt lausafjárhundruðunum. En þar sem hann sagði, að sýslumenn þekktu eins vel efnahag hreppsbúa eins og hreppstjórarnir sjálfir, þá furðar mig hreint á að heyra hann tala svo, sem er upp alinn í sveit og hefir verið þar svo lengi. Eg neita því alveg, að sýslumaður viti, hvað mikið hver jarðeigandi í hverjum hrepp eigi af jörðum, því það er ekkert, sem getur upplýst þá um það (*Arnljótur Ólafsson:* Alþingisgjaldið). Eg neita því; alþingistollsskýrslurnar gefa þeim að eins upplýsingar um jarðir þær, sem eru í hreppnum og afgjaldið af þeim, en menn geta átt jarðir annarstaðar, jafnvel í öðrum sýslum, sem sýslumaður veit ekkert um. Það er ekkert, sem getur skyldað hreppstjóra til að snapa upp, hvað mikið þeir eiga af jörðum, og þótt þeir nú gætu vitað það stundum eða optar, þá er það þó ekki nærri ætíð, því eg þekki, engin lög, er skyldi jarðeigendur til að segja frá því. (*Halldór Kr. Friðriksson*: Aukaútsvörin). Þau sanna ekki neitt í þessu tilliti; sá hreppur, sem hefir mikil auka útsvör, getur verið miklu fátækari en annars, sem hefir þau lítil og sýnir ekkert um jarðeignina; auka-útsvörin sýna nefnilega ekkert um það, hvort hreppurinn er fátækur eða ríkur og vil eg taka til dæmis Flateyjarhrepp á Breiðafirði, hvar útsvör eru mikil og hreppurinn þó ríkur, svo menn geta ekkert byggt á þessu hvorki til nè frá. Eg vona því að þingið vilji ekki byggja lög á svona óvissri reglu, og að það fallist heldur á uppástungu meiri hlutans, sem er byggð á föstum grundvelli.

Benidikt Sveinsson: Eg gat þess við undirbúningsumræðuna, að eg ætlaði að taka mèr breytingaratkvæði til þess að reyna til að *sameina* uppástungu nefndarinnar við hið konunglega frumvarp, og eg vona, að hinir heiðruðu þingmenn sjái það af breytingaratkvæðum mínum að mèr hafi tekizt það. Hinn háttvirti framsögumaður sagði, að breytingaratkvæðið, undir 1. tölulið væri útskýring á hugsun nefndarinnar, en hún sè *óheppileg* útskýring af því hún nefni »til næsta *sveitarstjóra*« en eg er hræddur um, að hann hafi misskilið áhrif þau, sem þetta breytingarat-

kvæði hefir á uppástungu nefndarinnar, því ef sá töluliður yrði samþykktur, yrði öll regla nefndarinnar ónýt, svo ekkert stæði eptir nema reglan fyrir flutningi þurfamanna innan sýslu og til næsta hrepps í annari sýslu, þetta verður segi eg öll sú lagaregla sem eptir yrði fyrir flutningskostnaði þurfamanna, ef að önnur grein frumvarpsins væri numin burt eins og nefndin vill, og mun þá allmörgum veita erfitt að draga þar út úr hugsun hins háttvirta framsögumanns, að hver sýsla skuli mynda félag út af fyrir sig, að minnsta kosti mun það ekki verða annara meðfæri en lögfræðinga. Mèr þykir það vera fremur óheppilegt að spara nokkur orð, þegar af því leiðir að reglur þær, er menn gefa, verða svo flóknar að fáir skilja. Ef 2. tölul. þar á móti verður samþykktur fá menn reglu fyrir flutningum þurfamanna til næstu sýslu, en ekki lengra. Þetta er nú líka ófullkomin regla, sem engan veginn svarar til skoðunar nefndarinnar sjálfrar. Eg verð því að mæla fastlega fram með að fyrsta málsgrein í 1. grein frumvarpsins verði samþykkt óbreytt.

Um það atriði, hvort jafna skuli niður eptir efnahag og ástæðum, eða eins og nefndin hefir stungið upp á eptir tölu tíundarbærra lausafjárhundraða, þá vil eg að nokkru leyti skýrskota til þess, er hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga tók fram; en þó finnst mèr, að meira mæli með uppástungu nefndarinnar; eg játa reyndar, að það lýsir óþarfa vantrausti á sýslumönnum, að halda þeir *geti* ekki jafnað sanngjarnlega niður, og því fráleitara er að berja því við, að þeir *vilji* ekki gjöri það. Mèr er segi eg ekki hægt að sjá, hvers vegna þá ætti að vanta *vit* eða *vilja* til að jafna sanngjarnlega á hreppana; þeir hljóta að hafa þekkingu til þess, og engin ástæða er til að ætla þá hlutdræga í því efni. Á hinn bóginn verð eg að játa, að mælikvarði nefndarinnar er viss og óyggjandi, og verður eptir honum enginn vafi eða vafningar á niðurjöfnuninni; þannig vil eg að vísu *helzt,* að þessi málsgrein standi óbreytt, en er að öðrum kosti tilleiðanlegur til að gefa þessari breytingu nefndarinnar atkvæði mitt. Hvað breytingaratkvæðið undir tölulið 6. snertir, þá vona eg að allir sjái, að það er sanngjarnt. Í kaupstöðunum sjálfum geta ekki verið miklir flutningar á þurfamönnum, því svæði þeirra er svo lítið, en optar er líklegt, að meiri verði flutningur úr þeim og í þá heldur en milli sýslanna; því finnst mèr eðlilegt, að kaupstaðir taki nokkurn þátt í kostnaðinum. Eg vona að þingmenn hafi tekið eptir því, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að ef breyting yrði gjörð í 1. grein þá væri bezt að samþykkja tölulið 9; enda er

það auðsèð að uppástunga nefndarinnar undir 2 getur með engu móti verið nægileg, og eg hefi tekið það fram áður, að þingið eigi ekki að spara fáein orð og gjöra með því lagaboðið ónógt og óskiljanlegt.

Björn Pèturssón: Það er líklega ekki til neins að spyrja í hverri meiningu hinn háttvirti þingmaður Árnesinga hafi gjört breytingaratkvæðið undir tölulið 9., þar hann nú ekki má taka til máls framar. Hinn hæztvirti konungsfulltrúi var að vísu ekki mótfallin breytingaratkvæði mínu undir tölulið 8., en tók þó tölulið 9. fram yfir án þess eg heyrði neina ástæðu fyrir því. Eg vil spyrja: Hver á að jafna kostnaðinum niður á sýslurnar eptir reglum þeim, sem settar eru í 1. grein, eins og farið er fram á í breytingaratkvæðinu undir tölulið 9? Eg held hlutaðeigandi amtmaður. Og þetta liggur einmitt í breytingaratkvæði mínu. Eptir 1. grein er hvergi talað um, að amtmenn skuli jafna niður á sýslurnar, heldur einungis ákveða, hve mikill hluti kostnaðarins skuli koma á *kaupstaðina* í sýslunni eptir að hafa leitað álits bæjarstjórnarinnar um málið. Eg get þess vegna ekki tekið 9. tölulið fram yfir meiri hluta nefndarinnar; heldur væri þá að fallast á tölulið 8, ef menn víkja frá reglu meiri hlutans, að hvert lögsagnarumdæmi skuli bera kostnaðinn út af fyrir sig. Þó þessi atkvæðaskrá sè ekki sèrlega löng, koma samt á henni fram margar skoðanir á þessu máli. Meiri hlutinn hefir byggt sína skoðun á því, að engum væri treystandi nema bara hreppstjórunum einum til að jafna niður eptir efnum og ástæðum. Stjórnin hefir byggt sitt frumvarp á því, að sýslumönnum væri líka treystandi í því efni, en breytingaratkvæði mitt sýnir það bezt, að eg geng lengra og treysti líka amtmönnunum; þess vegna vill meiri hlutinn binda sýslumennina við borð, að reikna út gjaldið eptir lausafjárhundruðum, sem ekki þarf einu sinni sýslumenn til, það getur hver maður gjört; og þá er auðsèð að sýslumanninum er ekki trúað fyrir neinu nema einungis reikningnum. Stjórnin hefir líka treyst sýslumönnunum og því vill hún láta þá jafna gjaldinu niður á hreppana eptir efnum og ástæðum, en treystir ekki amtmönnunum fullkomlega, eins og sjá má af 2. grein, þess vegna hefir hún sett þá reglu, að kostnaði þeim er rís af flutningi þurfamanna, skuli skipt í jafnmarga parta og sýslurnar eru margar, er þurfamaðurinn kemur við í. Eg fyrir mitt leyti verð að segja, að eg hefi hvorki sýslumanna nè amtmanna «skrekk», og get ekki annað en trúað þeim allt eins vel og hreppstjórunum.

Eg veit til þess að amtmenn hafa jafnað niður á sýslurnar kostnaði þeim er gengur til þess að lækna heyrnarlausa og mállausa, og aldrei nokkurn tíma heyrt neina óánægju með *niðurjöfnunina.* Meiri hluti nefndarinnar hlýtur að byggja skoðun sína á því, ef hún er á nokkru byggð, að sýslumenn og amtmenn sèu annaðhvort ókunnugir, hlutdrægir eða vitlausir, svo þeir annaðhvort ekki geti eða vilji jafna kostnaðinum niður að rèttu hlutfalli; en þó svo væri, að ókunnugleiki á efnahag sýslunnar, því hitt vil eg ekki nefna, kynni að valda, að jöfnuður yrði ekki alveg fullkominn upp á dal eða skilding, þá kæmi aldrei slíkur ójöfnuður fram, sem eptir uppástungu meiri hlutans. Eg skal taka til dæmis: Ómagi, sem á sveit hèr í Reykjavík, er fluttur frá Suður-Múlasýslu, þaðan sem skemmst er; það kostar sýsluna 5 rd., því það er ein heiði milli hennar og Austur-Skaptafellssýslu; yfir báðar Skaptafellssýslur kostar flutningurinn 60 rd., yfir Rangárvallasýslu 15 rd., yfir Árnessýslu 20 rd. og yfir Gullbringusýslu 3 rd., alls 103 rd., en Reykjavík borgar ekki neitt fyrir að fá sinn eigin besefa. Ef menn ekki vilja jafna kostnaðinum niður á allar sýslurnar, heldur ganga eptir ströngum rètti, þá ætti annaðhvort Múlasýsla, sem vill verða af með ómagann að borga kostnaðinn, eða Reykjavík, sem á að taka móti honum. Það er auðsjáanleg ósanngirni, að hver sýsla fyrir sig skuli borga kostnað þann, er rís af flutningi þurfamannsins, því þá verða Skaptafellssýslurnar ætíð harðast úti, af því þær eru lengstar yfirferðar. Þess vegna álít eg betra, að amtmenn jafni kostnaðinum niður eptir efnum og ástæðum, og eptir því, hvort þurfamaðurinn hefir verið fluttur um lengri eða skemmri veg. Eg heyrði framsögumann ekki hafa neitt verulegt á móti breytingaratkvæði mínu, annað en að ef skatt ætti að leggja á Ísland, þá þyrfti ekki annað en láta stiptamtmann jafna honum niður. Mèr heyrðist hann segja svo. En eg vil spyrja hann, hvernig hann geti fengið þá meining út úr tölulið 8. Það er skrítilegt, að meiri hlutinn hefir gengið út frá þeirri reglu sem hann hefir sjálfur sett í nefndarálitinu, að eðlilegast sè, að byrðin komi jafnt á alla, en þegar til framkvæmdanna kemur, þá vill meiri hlutinn í rauninni engan jöfnuð.

Forseti: Eg vona reyndar, að enginn hafi tekið til sín þessi hörðu orð, sem þingmaðurinn úr Suðurmúlasýslu hafði um vantraust á embættismönnum, en eg verð að geta þess, að það er rangt

að eigna það vantrausti, þó menn vilji hafa fastar reglur að ganga eptir, og ekki eiga allt undir áliti embættismanna reglulaust.

Eiríkur Kúld: Þó hinum heiðraða þingmanni Suður-Múlasýslu kynni að þykja það undarlegt, ætla eg að gefa atkvæði mitt með tölulið 9 og stjórnarfrumvarpinu. Mèr heyrðist honum ekki vera ljóst, hvernig þingmaður Árnesinga vildi jafna kostnaðinum niður, en eg hef skilið það svo, að það ættu sýslumenn og hreppstjórar að gjöra. Það hefir engin sönnun komið fyrir því, að sýslumenn geti það ekki, og engin tortryggni við amtmanninn getur átt sèr stað fyrir það, þó menn trúi sýslumannium fyrir þessu, það verður þó hinn heiðarði þingmaður Suðurmúlasýslu að sjá. Mèr þykir það undarlegt, að hinn heiðraði framsögumaður skuli segja, að ómögulegt sè fyrir sýslumenn að vita hver jarðeigandi sè, því þeir hafa þó skýrslur um jarðarafgjöld og eins eptirrit af sveitarbókinni, sem sýnir þeim á upphæð sveitarútsvarsins, hvar farið er eptir tíundarupphæð, eða öðrum efnum, svo sem fasteign, að minnsta kosti gefur þeim kvöð til að athuga hver jarðeigandi sè, og um það láta sýslumenn sèr líka víst fremur annt, vegna fasteignarskattsins. Það er satt, að Flateyjarhreppur hefir þungt útsvar, en tíundir eru þar mjög litlar og verður þar því eigi sagt, að hin háu sveitarútsvör sèu byggð á tíundinni heldur öðrum efnum gjaldendanna, svo dæmið sem framsögumaður þar tók, átti, að mèr fannst ekki sem bezt við, þar að auki sýnist það hægt fyrir sýslumann að komast eptir, hvernig á því stendur, að þessi og þessi hreppur hefir meira útsvar en hinn, og á hverju útsvörin eru byggð, eins og það er líka skylda hans.

Framsögumaður: Það eru nú komin fram nokkur mótmæli gegn meiri hluta nefndarinnar, og vil eg svara þeim fáum orðum Sný eg mèr þá fyrst að hinum heiðraða þingmanni Árnesinga. Hann sagði, að breytingaratkvæði þingmanns Borgfirðinga gæti ekki staðizt jafnframt uppástungu nefndarinnar; en nefndinni hefir aldrei dottið í hug, að taka það fram yfir sína uppástungu, eins og eg tók áður fram, heldur væri það á þingsins valdi. Ef 9. töluliður á að standa þá verður töluliður 2. að falla, en það er komið undir atkvæðagreiðslu þingsins, annars getur atkvæðagreiðslan komizt í mótsögn, og þess verður þingið að gæta. Aðalspurningin í þessu máli er um niðurjöfnunina. Þingmaður Barðstrendinga heldur, að sýslumenn geti ætíð vitað um hverjir sèu jarðeigendur; en hann hefir misskilið orð mín, því eg hefi ekki neitað því, en eg sagði

einungis, að sýslumaður gæti ekki vitað, *hve mikla* fasteign sá og sá ætti, þar sem engin lög væru fyrir, að hann gæti heimtað skýrslu um slíkt. Hann tók Flateyjarhrepp til dæmis til sönnunar því, að sýslumenn viti um jarðeignir, en það er ekki sagt, að þó sá hreppur hafi mikil útsvör, að margir sèu þar jarðeigendur, eða eigi margar jarðir; því í einum hrepp geta verið lètt útsvör, þó þar sèu menn ríkir, og í öðrum þungt, og menn þar þó fátækir. Þetta sýnir því ekkert um jarðeignina. Sýslumenn, sem ekki þekkja til, yrðu því að smíða jöfnuð þenna milli hreppanna af handahófi, og þá er undir því komið, hvernig þeim tekst að smíða; þeir mundu brátt finna sig knúða til að setja sèr fastar reglur fyrir niðurjöfnuninni og einn fylgja þessari reglunni og annar hinni, og þegar sýslumannaskipti yrðu í sýslunum, er engan veginn sagt, að hinn nýi sýslumaður fylgdi reglu hins fyrra. Þetta sýnir því, hvað þessi niðurjöfnunarmáti er valtur. Eg tortryggi ekki sýslumennina, en eg vil í engan máta leiða frá reglunni, að þeir geti lagt gjöld á menn eptir eigin geðþótta. Hinn heiðraði þingmaður Suður-Múlasýslu hefir einna hátíðlegast sýnt, hversu langt menn komast þegar menn fara þannig að, og uppástunga hans sýnir, eins og eg hefi áður ljóslega tekið fram, enda hefir stjórnin áður ekki viljað fallast á slíka aðferð. Þetta sýna meðal annars vegabótalögin nýju, því þegar vegabótagjaldið átti að leggjast á, þá var stungið upp á, að það skyldi gjalda eptir efnahag og ástæðum, en stjórnin fèllst eigi á það (*Arnljótur Ólafsson*: Það er gjört), nei; því er jafnað niður á hreppana eptir fastri reglu, nefnil. þannig að ½ dagsverk er reiknað af hverjum verkfærum manni, en síðan er því jafnað niður á hreppana á hina einstöku, eins og fátækra útsvari.

Forseti: Út af því sem hinn háttvirti framsögumaður beindi orðum að mèr, þá skal eg geta þess, að röðin á atkvæðaskránni er sett af mèr og á henni hefi eg ábyrgð, en eg verð að taka það fram, að þingmenn verða sjálfir og gera sèr ljóst hverjum atriðum á skránni þeir ætla að gefa atkvæði sitt, og í hvaða sambandi þau standa hvað við annað.

Framsögumaður: Mèr datt eigi í hug að setja neitt út á atkvæðaskrána.

Forseti: Eg sagði ekki heldur þetta í öðru skyni, en einungis til að fyrirbyggja misskílning.

Jón Guðmundsson: Hinn háttvirti framsögumaður hefir þegar tekið allt fram af því verulega, sem hrekur mótbárur þær, er risið

hafa gegn uppástungum meiri hlutans, hið verulegasta umtalsefni í þessum löngu ræðum finnst mèr vera «niðurjöfnunin» sem þeir kalla á kostnaðinum, og grundvallarregla sú, hvar eptir kostnaðinum sè niðurjafnað, það er að segja, hvort sýslumaður sè bundinn við lausafjárframtalið, þegar hann ákveður, hve mikið af kostnaðinum skuli lenda á hverjum hreppi sýslunnar, eður hvort hann skuli miða þetta við efni og ásigkomulag hreppsins. Hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga tók fram, að efni og ásigkomulag væri engi regla; má eg spyrja hann; ætlar hann það betra að fara eptir engri reglu, en hafa reglu að halda sèr til? (*Arnljótur Ólafsson*: Þeir hafa auka-útsvarið) — já, en að fara eptir því er hróplegt ranglæti. Ef í einum hrepp er 60 vætta auka-útsvar, í öðrum að eins 10 vætta, er þá rèttlátt að leggja sexfalt hærri flutningskostnað á hreppinn með sexfalda auka-útsvarinu, en hinn með $^1/_6$ parts útsvarinu (*Arnljótur Ólafsson:* misskilningur). Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hreifði því enn framar, að margur sjóarhreppur væri betur farinn að efnahag sínum, en margur landhreppur, sem hefði hærra lausafjárframtal; þetta kom og til orða í nefndinni, en oss taldist svo til, að munurinn væri næstá lítill og miklu minni en menn gætu gjört ráð fyrir eptir hina miklu fjárfækkun sem hefir átt sèr stað í sjóarhreppunum hèr nærlendis í samanburði við sveitahreppana hèr nærlendis, þar sem fjárfjölgunin hefir þó aukizt á hinum síðustu árum. Eg sè ekki, úr því hann eigi hefir viljað binda allt við regluleysi, hvað honum hefir getað gengið til að hafna breytingu nefndarinnar, sú breyting rèttlætir, að 2. grein frumvarpsins megi falla burtu; en sú grein sè henni haldið, verður bæði í allmikilli mótsögn við 1. gr., eins og eg sýndi í fyrri umræðunni, og eilíflega til vasturs og rekistefnu, menn fara að heimta úrskurði og rekistefnur um hvern titlingaskítinn; hún getur því að eins verið hafandi, að menn haldi fast við grundvallarreglu frumvarpsins um niðurjöfnunina, en sú grundvallarregla er einmitt óhafandi. Eg get vel skilið, að vanur sýslumaður og vel að sèr og gagnkunnugur öllum högum og háttum í sýslunni, geti ákveðið svo að vel viðunandi sè, hvað mikið eigi að koma niður á hvern hrepp eptir álitum á efnum og ásigkomulagi, en eg þori að fullyrða, að hann vill allt eins hafa fasta reglu til að binda sig við; nýr sýslumaður öllum högum ókunnugur vill náttúrlega miklu heldur hafa reglu eptir að fara en hugboð sitt. Menn segja hann hafi sveitarreikningana, en það er margsýnt og sannað, að þeir einmitt

geti leitt í villu um hinn sanna efnahag og ástand hreppanna. 9. breytingaratkvæði skil eg eigi, hvernig ætti að geta haldizt allra sízt sem nauðsynlegt nema því að eins, að 1. grein frumvarpsins haldist óbreytt. 6. breytingaratkvæðið þykir mèr undarlegt; hinn háttvirti uppástungumaður, þingmaður Árnesinga sagði reyndar, að það ætti að vera til þess að hafa fram meiri jöfnuð; en sjálf ákvörðun þessa breytingaratkvæðis inniheldur nokkuð sem niðurbrýtur hana; það er enginn kaupstaður til «í sýslu», og getur aldrei átt sèr stað í þeim skilningi sem hèr er hafður á frumvarpinu og breytingaratkvæðinu; væri það látið standa og kæmist inn í lagaboðið þá skyldi eg fá hvaða dóm sem vera skyldi og jafnvel yfirrèttardóm fyrir því, að enginn kaupstaður þyrfti að taka neinn hinn minnsta þátt í þurfamanna flutningum af því enginn kaupstaður er til «*í sýslu*». Um þetta langa 8. breytingaratkvæði vil eg ekkert fást, það er svo breitt og digurt að mèr finnst eigi eigandi við það, og að það þó felli sig sjálft.

Sighvatur Árnason: Eptir því sem ræður manna falla um málið, hefir meiningamunurinn orðið mestur út af breytingu nefndarinnar um niðurjöfnun kostnaðarins milli hreppanna. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hefir borið nefndinni á brýn, að henni hafi hèr yfirsèzt sökum ókunnugleika, en eg verð að álíta eptir því sem honum fórust orð, að hann sè ekki kunnugri í því efni. Allir menn sem þekkja til sveitarstjórnar viðurkenna, að auka-útsvars niðurjöfnunin sè eitt hið vandasamasta, sem geti fyrir mann komið í sveitastjórn; af því þá er farið eptir efnum og ásigkomulagi, enda leiða opt af því umkvartanir og óánægju. Til þess nú að forðast þvílíkar umkvartanir og óánægju yfir niðurjöfnun sýslumanns á kostnaði þeim, sem hèr ræðir um, vildi nefndin víkja frá reglum frumvarpsins, og þar á móti gjöra niðurjöfnunina eptir lausafjárframtali hreppanna eins og ljóslega er búið að taka fram. Þótt nú hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga fyndi að því við nefndina, að hún vildi fylgja vissri reglu með þetta, virtist mèr eigi betur en að sú yrði niðurstaðan hjá honum sjálfum, að hann einnig vildi hafa reglu sem sè auka-útsvarið, sem nú reyndar er nokkuð hvikull mælikvarði. Ef eg hefi skilið hann rètt þá ætlaði hann svo til, að sá hreppurinn sem mest hefir sveitarútsvarið skuli borga minnst í flutningskostnað. Nú vil eg til taka, að 2 hreppar svari jöfnu auka-útsvari, en þrátt fyrir það getur þó annar þeirra verið tvöfalt ríkari en hinn, því þetta fer allt eptir því, hvað mikill

þungi hvílir á hverjum hreppi, hvað margir ómagar eða þurfamenn yfir höfuð, og svo mikill þungi getur legið á einum hreppi, að hann svari jafnmiklu auka-útsvari og stærsti hreppur sýslunnar og ef þeir ættu að bera jafnt af flutningskostnaðinum mega allir sjá hver jöfnuður slíkt er; þessi regla finnst mèr því öldungis óhafandi. (*Arnljótur Ólafsson*: Allar reglur skakkar).

Framsögumaður: Ef eg heyrði rett, þá sagði hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga, að allar reglur væri skakkar; sè svo þá mun eigi hans síður skökk, sem gefa mundi tilefni til sífelldra umkvartana, þjarks og þrefs og klagana til amtmanna. Þar sem talað er um 2. grein frumvarpsins, þá vona eg þingið sjái, að hún er eigi brúkanleg. Eg tók sem dæmi við undirbúningsumræðuna, að það væri lítil sanngirni að jafna svo niður, ef þurfamannaflutningur um Húnavatnssýslu kostaði 40 rd., um Strandasýslu 10 og Mýrasýslu 40, þá að gjöra hverri sýslu um sig 30 rd. 9. breytingaratkvæðið vildi eg heldur taka til greina en 2. gr. frumvarpins, því sjálfsagt er, að hver sýsla beri sinn kostnað og að eins sinn kostnað; þar sem menn tala um niðurjöfnunina, þá er skýlaust, að betra er að fylgja fastri reglu en álitum sýslumanna. Sveitarútsvarið er svo sem hinn háttvirti þingmaður Rangvellinga tók fram mjög hvikull mælikvarði; útsvarsupphæðin getur verið jöfn en efnahagur hreppanna mjög ólíkur. Eptir hverju getur nú sýslumaður farið? Eptir engu öðru en lausu hugboði eða geðþótta.

Stefán Eiríksson: Það er nú þegar búið að ræða svo mikið í þessu máli, að mèr finnst óþarfi að lengja umræðurnar; en af því eg hefi eigi fyrr tekið til orða í þessu máli vil eg nú lýsa því yfir, að eg get eigi annað en fallizt á uppástungur meiri hlutans, þar sem hann hefir bundið við fasta reglu til niðurjöfnunarinnar lausafjárhundruðin; allir vita hversu mikill ágreiningur og þras hefir risið út úr fátækramálum, og þegar menn loksins hafa fengið úrskurð í þeim, þá eru allir vanalega óánægðari eptir en áður, svo eg get ekki sèð, hvers vegna að menn vilja halda þessu úrskurðarþrasi. Það sem mèr fellur lakast við meiri hlutann, er það, að eptir hans uppástungum komast kaupstaðirnir svo að heita hjá öllum kostnaði af flutningi þurfamanna, en þeir ætti þó að bera þann þunga eigi síður en hin lögsagnarumdæmin, en úr því nú að nefndin hefir komizt að þeirri niðurstöðu að láta hvert lögsagnarumdæmi bera sinn kostnað þá er það að vísu rètt, að kaupstaðirnir beri sinn þurfamanna flutningskostnað. Hvað mótbárur hins

háttvirta þingmanns Suðurmúlasýslu áhrærir, þá vona eg og óska að sýslumennirnir verði ekki eins fljótfærir í niðurjöfnun sinni, og fari með meiri varkárni yfir ömtin, heldur en hann fór, því eptir hans niðurjöfnun væri víst þörf á úrksurðum, hvort sem þeir leiddu af sèr ánægju eður óánægju fyrir hlutaðeigendur.

Stefán Jónsson: Í þessum umræðum hefir komið fram töluverður ágreiningur og misskilningur, einkum um það, hvort það sè hægt fyrir hreppstjórana að vita annað um efnahag hreppsbúa en það sem fram kemur eptir lausafjárframtali. Þeir sem á hefir greint hafa hver um sig farið eptir því sem hann þekkir til, og því sem viðgengst í hans byggðarlagi. Þannig hefir hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga farið eptir því sem hann þekkti til úr Eyjafjarðarsýslu; í flestum hreppum þeirrar sýslu er svo háttað, að tekið er tillit til afgjalda, sem hver jarðeigandi fær af fasteign sinni, og verður honum þar eptir gjört tiltölulega hærra auka-útsvar en annars mundi eptir framtali hans. En í öðrum sýslum er þetta ekki svo (*Sveinn Skúlason:* líka í Þingeyjarsýslunum); en í sumum öðrum sýslum fær sýslumaður enga aðra skýrslu en að eins um lausafjárframtal og auka-útsvars upphæð hvers eins, en allt ósundurliðað og þess vegna getur sýslumaður, þar sem svo á stendur, ekkert vitað um jarðeigendur í sýslu hans. Eg get eigi skilið í því, hvernig menn fá það út úr nefndarálitinu að það sè tortryggni við sýslumenn, þó menn ætli honum verði erfitt að skipta þessu gjaldi reglulaust milli hreppanna, menn verða þó að játa, að sýslumaður getur verið ókunnugur enda danskur og því ókunnugur öllum landsháttum og efnahag; og það er mesti munur að vera kunnugur í einum hrepp, eða að vera það í 10. Mèr þykir það án efa betra að hafa fasta reglu en enga reglu, og það eitt finnst mèr ráð að fylgja meiri hlutanum. Það er tómur misskilningur, að ekki eigi að jafna innanhrepps á eptir, eptir efnum og ásigkomulagi, því það liggur í því, að gjaldið á að takast úr sveitarsjóði.

Sveinn Skúlason: Eg býst ekki við að geta skýrt þetta mál fyrir þingmönnum til hlítar, eptir þeim umræðum, sem fram hafa farið um það, en eg skal einungis geta þess, að mig furðar á því, að svo margir þingmenn og einkanlega framsögumaður og þingmaður Eyfirðinga skuli efast um það, að sýslumenn sèu færir um að jafna þessum kostnaði niður. Þessir menn lýstu málinu svo, að það væri einhver hulinn leyndardómur, hvað menn hèr á landi

ættu í fasteignum, og því mundi það vera ókljúfandi verk fyrir hreppstjórana að komast að því, hvað menn innanhrepps ættu í fasteign í öðrum hreppum; eg veit að það er satt, að það er engin lagaskylda fyrir hreppstjóra að gefa sýslumönnum þessar upplýsingar, en eg veit það líka, að prívateignir manna hèr á landi ekki eru svo miklar, að ekki sè hægt fyrir hreppstjóra að komast að því, hvað hreppsbúar þeirra eiga mikið í fasteign utanhrepps, þær eru ekki svo stórar eignir okkar Íslendinga, þó efnaðir þyki, að það megi ekki tölum telja, eða vita það nokkurn veginn. Þegar nú hreppstjórarnir eru svo kunnugir í sínum hrepp, að þeir geta jafnað niður auka-útsvörum, sem jafnað er niður eptir efnum og ástæðum, þá er líklegt að þeir geti gefið sýslumanni þær skýrslur, er til fullnustu geti leiðbeint honum við niðurjöfnun þessa kostnaðar, því sèu þeir færir um að jafna niður auka-útsvörum í hreppnum eptir efnum og ástæðum, þá hljóta þeir og að geta gefið sýslumanni nægar skýrslur í þessu efni. Þá var og önnur mótbára er kom fram, sem sè sú, að sýslumenn gætu verið óvanir, nýkomnir eða danskir, og væri því ómögulegt fyrir þá að þekkja til ástands manna í þessu efni; en þessi mótbára er jafnástæðulaus og hin fyrri, því þeir geta þó alltènd, ef þeir komast í svo mikinn bobba með þetta, hlaupið í þessa góðu reglu, sem meiri hlutinn er að mæla fram með að fara eptir lausafjárhundraðatíundinni, og eptir henni getur hver bóndinn jafnað kostnaðinum niður, en eg fæ ekki sèð, að þingið eigi að mæla með því, að það verði að lögum, sem í sjálfu sèr er ranglátt, og ekki hefir annað en hægðina til síns ágætis. Um breytingaratkvæðin þarf eg ekki að vera margorður. Eg álít tölul. 6 óhafandi, því hann gengur út á að gjöra kaupstaðina að hreppum; það getur aldrei verið rètt að segja að kaupstaður, sem er lögsagnarumdæmi fyrir sig, liggi í þeirri og þeirri sýslu, heldur að hann liggi í amtinu, eins og sýslurnar, því annars geta menn eins sagt, að lögsagnarumdæmið liggi í lögsagnarumdæminu; að því, er snertir 8. tölul., þá lítur út fyrir að höfundur breytingaratkvæðisins hafi gengið í skóla hjá þingmanni Vestur-Skaptfellinga, hvað lengd og breidd töluliðsins snertir, en þrátt fyrir þessa lengd og breidd breytingaratkvæðisins álít eg það mjög óheppilegt, þar sem amtmennirnir eptir því eiga að jafna kostnaðinum niður, því það er auðvitað, að því nær sem yfirvaldið er, þess meiri er kunnugleikinn í slíkum efnum.

Ólafur Sigurðsson: Það er að vísu satt, sem þingmaður

Norður-Þingeyinga sagði, að það er ekki óvinnandi fyrir hreppstjóra, að vita hverjir jarðeigendur eru í hreppnum, en þar fyrir getur það verið ómögulegt fyrir sýslumenn að vita þetta, því hreppstjórar eru að lögum ekki skyldugir til að gjöra sýslumönnum grein fyrir því, eins og búið er að taka fram; eg skal geta þess, að gjaldið til heyrnar- og málleysingjaskólans er víða lagt á eptir lausafjártíund, en eg þekki og þar til, sem það er lagt á eptir efnum og ástæðum, en mèr er líka kunnugt, að það hefir valdið talsverðri óánægju. Mèr finnst þingið eigi þess vegna að fallast á uppástungu meiri hlutans, hvað þetta atriði snertir, því þá er alveg girt fyrir það, að sín regla verði viðhöfð í hverri sýslu, og líka fyrir hitt, að hreppstjórar þurfi opt að vera að rekast í þessari niðurjöfnun sýslumanna.

Jón Bjarnason: Það er eins og menn sèu að togast hèr á um geitarhársvirði, þar sem um þenna flutningskostnað er að ræða: að undanförnu var þetta eins og allir vita svo, að hver hreppur bar sína byrði, á þessu er nú ráðin bót hjá nefndinni í því, að kostnaðinum á að jafna á alla sýsluna sem fèlag, eins og frumvarpið ætlast til; ættu nú sýslumenn að jafna niður flutningskostnaðinum einungis eptir efnum og ástandi, þá hefir sýslumaður enga fasta reglu að byggja á, og mundu þar af rísa sífelldar deilur og umkvartanir, sem þá hlytu að lykta með amtmanns úrskurði, og leiddi af þessu miklar skriptir, drátt á málinu og fleiri ónot, sem hreppstjórar, sýslumenn og amtmenn ættu að komast hjá, og því hefir nefndin stungið upp á, að lausafjártíundin væri mælikvarðinn, eptir hverjum sýslumaður fyndi hlutfallið milli hreppanna, og fellî eg mig betur við það. Menn hafa haft það sem ástæðu móti meiri hlutanum, að þeir hreppar yrðu harðar úti, þar sem lausafjártíundin er há; en eg vil spyrja, skyldi það ekki vera merki upp á fremur gott ástand í hreppnum að lausafjártíundin er há. Það hefir verið nýlega sagt hèr á þinginu, þegar verið var að ræða um spítalagjaldið, að sjávarhrepparnir yrðu svo hart úti með gjald þetta, þá virðist sem hæfilega kom á móti, að sveitahrepparnir, hvar tíundin er optast hærri, gjaldi meiri flutningskostnað en hinn hreppurinn, og svo er þá í annan stað þessi mismunur svo lítill sem á gjaldinu verður, að um hann er varla talandi; ef niðurjöfnunin færi fram eptir áliti, þá mundu menn geta fengið þá ánægju, að rífast um svo sem 3 rd. gjald í 3 ár; meiningar manna um þetta einfalda mál erú svo sundurleitar og breytingaratkvæðin

svo margvísleg og smásmugleg, að eg held, að jafnvel hinir útvöldu sèu leiddir í villu, og mèr finnst sem sumar ræður þingmanna miði að því, að allt snúist í kring eins og skopparakringla; þetta mál virðist þó að vera einfalt sveitamál. Þar sem talað var um flutninginn yfir heiðar, þá er það siðferðisleg og lögskylda, að flytja ómagann skemmstu leið, eins og stendur í vegabrèfinu til næsta hreppstjóra, eða þá einhvers annars góðs manns, sem tekur móti flutningnum.

Framsögumaður: Það var auðheyrt, að þingmaðurinn frá Norður-Þingeyjarsýslu vildi tala með minni hluta nefndarinnar, en hann kom ekki með neitt nýtt fram, er veikti ástæður meiri hlutans, enda skyldi eg heldur ekki, hvað hann var að sanna. Eg neita því, enn sem fyrr, að hreppstjórinn geti með vissu vitað hvað mikið í jörðum hver maður á hreppnum. Það er engin lagaskylda fyrir neinn mann að telja fram fyrir hreppstjórum hvað hann á í jörðum, eða getur þingmaðurinn nefnt mèr nokkur lög, er skyldi menn til slíks; geti þingmaðurinn það ekki, því segir hann þá þetta? Það er meira að segja, að fátækra reglugjörðin frá 8. janúar 1834 hefir hvergi ákveðið beinlínis, að fátækra útsvör skuli leggja á jarðagóz; það er enda misskilningur, að hún heimili að leggja útsvör á eptir efnum og ástandi; hún bindur einmitt útsvörin við fasta reglu nefnilega tíundina, en með þeirri tilmiðlun sem þar er tekin fram, og að því leyti geta menn sagt, að jarðeignir manna geti komið til greina, en þar af leiðir eigi, að hreppstjórinn þurfi að vita um allar jarðatekjur eða jarðeignir manna, heldur kemur það fram í búsæld hvers eins eða búnaði sem hreppstjórinn þekkir, og það vona eg þingmaðurinn verði þó að játa að menn eru eigi skyldugir að gjalda skatta, sem eigi eru lögskipaðir, en þetta sýnir og ljóslega að menn eru eigi skyldir að telja fram jarðeign sína, og að það því er ómögulegt fyrir sýslumenn að vita um hana. Sýslumenn yrðu því í þessum efnum, ef þeir ættu að jafna á hreppana eptir efnum og ástandi, að fara eptir ágizkun, og þó þeir nú gætu vitað um jarðeign manna, væri þeim þó ómögulegt að þekkja svo búnað hvers manns í allri sýslunni, að þeir gætu gjört nokkurn jöfnuð hreppa á milli nema af handahófi; því ekkert geta þeir heldur byggt á ómagafjölda eða útsvarshæð hvers hrepps, þar eð það stendur í engu hlutfalli við efnahag hreppanna eins og eg hefi áður tekið fram. Þingmaðurinn játaði og að sýslumaðurinn sem ókunnugur yrði stundum að fara að eins

eptir lausafjártíundinni og játaði þannig, að regla nefndarinnar væri hin tiltækilegasta.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða um málið samkvæmt atkvæðaskránni, sem eg vona, að þingmenn hafi prentaða fyrir sèr.

1. tölul. felldur með 14 gegn 4 atkv.
2. — — — 13 — 12 —
3. — samþ. — 13 — 12 —

Við tölul. 4. var viðhaft nafnakall.

»Já sögðu»:	»Nei sögðu»:
Eiríkur Kúld.	Halldór Kr. Friðriksson.
Benidikt Sveinsson.	Arnljótur Ólafsson.
Jón Guðmundsson.	Bergur Thorberg.
Jón Pètursson.	Björn Pètursson.
Jón Sigurðsson.	Hjálmur Pètursson.
Magnús Jónsson.	Jón Bjarnason.
Ólafur Sigurðsson.	Jón Hjaltalín.
Páll J. Vídalín.	Páll Ólafsson.
Sighvatur Árnason.	Pètur Guðjónsson.
Stefán Eiríksson.	Pètur Pètursson.
Stefán Jónsson.	Stefán Thordersen.
Sveinn Níelsson.	Sveinn Skúlason.
	Torfi Einarsson.

Var þannig tölul. 4. felldur með 13 atkv. gegn 12.

5. tölul. felldur með 12 atkv. gegn 12.
6. tölul. felldur með 11 gegn 4.
7. tölul. samþykktur með áorðnum breytingum með 20 atkvæðum gegn 4.
8. tölul. felldur með 15 atkv. gegn 5.
9. tölul. samþykktur með 19 atkv. gegn 3.
10. tölul. fallinn.
11. tölul. samþykktur með 17 atkv. gegn 3.
12. tölul. samþkyktur með 18 atkv.
13. tölul. samþykktur án atkvæða.

Við 14. tölul. var viðhaft nafnakall.

»Já sögðu»:	»Nei sögðu»:
Halldór Kr. Friðriksson.	Eiríkur Kúld.
Benidikt Sveinsson.	Arnljótur Ólafsson.
Bergur Thorberg.	Björn Pètursson.

«Já» sögðu:	«Nei» sögðu:
Hjálmur Pètursson.	Páll Ólafsson.
Jón Bjarnason.	Pètur Pètursson.
Jón Guðmundsson.	Sveinn Skúlason.
Jón Hjaltalín.	
Jón Pètursson.	
Jón Sigurðsson.	
Magnús Jónsson.	
Ólafur Sigurðsson.	
Páll Vídalín.	
Pètur Guðjónsson.	
Sighvatur Árnason.	
Stefán Eiríksson.	
Stefán Jónsson.	
Stefán Thordersen.	
Sveinn Níelsson.	
Torfi Einarsson.	

Var þannig tölul. 14. samþykktur með 19 atkv. gegn 6.

Forseti: Þá er dagskrá lokið, og með því ekki eru fleiri mál fyrir hendi, þá segi eg þar með

Fundi slitið.

---

17. fundur — 27. júlí.

Þrír þingmenn, hinn 3. konungkjörni þingmaður, og þingmennirnir úr Vestur-Skaptafells- og Suður-Þingeyjarsýslum, höfðu tilkynnt forseta forföll sín; aðrir þingmenn voru á fundi.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá fyrst til undirbúningsumræðu málið um jafnrètti prentsmiðjanna. Þingmaður Borgfirðinga er framsögumaður, og mun hann lesa upp álitsskjal nefndarinnar, og að öðru leyti skýra þinginu frá máli þessu.

Framsögumaður (*Arnljótur Ólafsson*): Nefndarálitið hljóðar þannig.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 331—332).

Eg skal að svo stöddu ekki fara neinum orðum um efni máls-

ins sjálfs, og það því síður sem málið fèkk góðar undirtektir hèr á þingi við inngangsumræðuna; eg vona og að þingið sjái, að vèr höfum ekki farið fram á annað en það, sem er hóflegt. Nefndin gat hvorki farið fram á meira nè í rauninni minna. Hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður hefir að vísu gjört sína «Reservation»; en þetta má ekki skilja svo, að hann í rauninni sè mótfallinn skoðun meiri hlutans, heldur er það af því, að hann sem annar forstöðumaður landsprentsmiðjunnar ekki vill binda hendur sínar, með því að kveða of fljótt upp álit sitt um málið.

Konungsfulltrúi: Eg er hinum háttvirta 1. konungkjörna manni samdóma í athugasemdum þeim, sem hann hefir bætt við nefndarálitið, bæði í því að unna Norðurlandi alls góðs, og í því, að álíta alla góða keppni í verkum og viðskiptum æskilega; þar að auki þykir mèr einkarèttur sá, sem hèr ræðir um, vera svo þýðingarlítill fyrir stiptsprentsmiðjuna, eptir að hún er komin í eins gott horf og hún nú er, að eg fyrir mitt leyti, ef málið verður borið undir álit stiptsyfirvaldanna, ekki ætla að vera mótmæltur því, að stiptsprentsmiðjan sleppi þessum *Monopol* með þeim skilyrðum, sem stungið er upp á í niðurlagsatriði nefndarinnar.

Á móti öðru niðurlagsatriði nefndarinnar hefi eg í rauninni ekki neitt, en á hinn bóginn þykir mèr það ónauðsynlegt, að biðja um eins og *Censur* við guðfræðisbækur þær, sem hèr ræðir um, af því að eg álít prentfrelsislögin nægileg til að girða fyrir misbrúkun í þessu efni.

Pètur Guðjónsson: Eg get ekki gefið það eptir, að það sè rètt og sanngjarnt, að prentsmiðjan fyrir norðan fái jafnrètti við prentsmiðjuna hèr, ef þar með er skilið, að hún fái jafnan rètt við stiptsprentsmiðjuna í að prenta þær bækur, sem hún um langa hríð hefir gefið út og aldrei látið vanta í landinu, og ofan í kaupið selur með svo vægu verði, sem framast er unnt, og það af því, að eg ætla það muni vera viðurkennt í lögum, að þegar sá sem er orðinn eigandi forlagsrèttar að einhverri bók aldrei lætur hana vanta, heldur syrgir ávallt fyrir nægum byrgðum af henni og á rèttum tíma, þá geta ekki aðrir gripið inn í rètt hans til bókarinnar að svo komnu máli. Eg álít og, að þó prentsmiðjan nyrðra fengi það, sem óskað er eptir, þá væri hún engu nær, því eptir núverandi ástandi hennar væri hún ekki fær um að nota þann rètt sèr til nokkurs hagnaðar; álít eg því, að það væri eintómt gabb, að veita henni hinn umbeðna rètt, og rètt eins og þegar einhver

prívatmaður setur öðrum þá afarkosti, sem hann ekki getur þegið eða haft nema ógagn af.

Framsögumaður: Það gladdi mig og eg veit nefndina að heyra hinar góðu undirtektir hins hæstvirta konungsfulltrúa, en eg veit ekki, hvort það hefir hryggt nefndina að heyra, að hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu tók svo í málið, sem hann gjörði, en líklega hefir það komið henni á óvart. Hann talaði um, að hèr væri gripið inn í rètt prentsmiðjunnar syðra; en eg veit ekki, hvort hann kallar það að grípa inn í annars rètt, þegar beðið er um, að rèttindin sèu afnumin með lögum. En hver eru þessi einkarèttindi? Hefir prentsmiðjan hèr *sannan* einkarètt til þeirra Hólabóka, sem hún hefir annaðhvort eigi gefið út eða sem hún ekki hefir staðið í skilum með að gefa út? Eg held ekki. Það er að ætlun minni einungis Passíusálmarnir og Hallgrímskver er hún hefir stöðuglega gefið út, og sem einkarèttindin ná því til. Þar sem hinn sami þingmaður talaði um, að þetta einungis væri gabb fyrir prentsmiðjuna nyrðra, þá get eg ekki skilið í því, hvernig jafnrètti nokkurn tíma er gabb. Jafnrètti á að vera lagaregla, en hitt kemur lögunum eigi við, hvort hlutaðeigandi er af sjálfum sèr fær til að nota jafnrèttið eður eigi.

Þar sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi hèlt, að nefndin aptur vildi innleiða «Censur» þá er þetta engan veginn meining nefndarinnar, heldur var það einungis gjört til þess, að sneitt yrði hjá háskalegum prentvillum í guðsorðabókum, sem því miður, hafa átt sèr stað, þar sem þó hefir verið opinber tilsjón með, og það af bezta tægi.

Eiríkur Kúld: Eg stend upp til þess ekki að lengja umræðurnar heldur ef mögulegt væri stytta þær, með því að stinga upp á því, að málinu verði vísað forsetaveginn til stiptsyfirvaldanna; eg get þess og, að eg er samdóma þingmanni Gullbringusýslu þar sem hann segir, að hèr sè ekki um mikið að ræða, þetta staðfesti og framsögumaðurinn hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga, og skil eg því ekki í, hvers vegna menn eru þá að berjast með öllum vopnum fyrir svo litlu. Nefndin sjálf lýsir og vantrausti sínu á norðanprentsmiðjunni, þar sem hún vill veita jafnrèttti með skilyrðum, en þessi skilyrði eru nauðsynleg, sökum þess, að prentsmiðjan nyrðra ekki getur gefið eins vel og vandlega út bækur og prentsmiðjan hèr nema með meiri kostnaði en prentsmiðjan fyrir norðan getur má ske risið undir. Viðvíkjandi 2. tölul. finnst mèr það næsta óviðfelldið, að prófasturinn í Eyjafjarðarsýslu skuli

eiga að hafa þenna starfa á hendi, nema meint sè að hann hafi prófarkalestur á hverri guðsorðabók, er út kynni að koma nyrðra, og þyki mèr það undarleg tilhögun.

Halldór Kr. Friðriksson: Framsögumanni kom það óvart, að þingmaður Gullbringusýslu skyldi taka svo í mál þetta og hann gjörði, en honum kemur það víst ekki óvart, þótt eg mæli á móti því (*Arnljótur Ólafsson*: Ónei!). Eg hefi allt af verið og er enn þá þeirrar skoðunar, að þetta jafnrètti sè ekki til annars en að tvískipta kröptunum, sem getur endað á því, að eyðileggja báðar prentsmiðjurnar; eg skil ekki í, hvað mönnum gengur til að vilja draga þenna litla ágóða frá prentsmiðjunni hèr, sem hún hefir af því að gefa út þessar fáu Hólabækur, úr því það ekki getur verið til neins hagnaðar fyrir Akureyrar prentsmiðjuna, eins og ljóslega hefir sýnt verið. Eg skal og geta þess, að hafi prentsmiðjan hèr ekki rètt til að gefa út þessar fornu Hólabækur, þá er það undarlegt af prentsmiðjunni nyrðra aldrei að leita fyrir sèr um að mega prenta þær; það er þó ógnarlega einfalt að skrifa stiptsyfirvöldunum til um þetta og spyrja, hvort Akureyrarprentsmiðjan megi eigi prenta þær, en það á ekki við í öðru eins máli og þessu að senda bænarskrá til stjórnarinnar og yfir höfuð eru þessar bænarskrár til þingsins ekki til annars en að vekja sundrung milli amtanna og landsmanna. Viðvíkjandi 2. tölul. finnst mèr það mjög undarlegt, að prófasturinn í Eyjafjarðarsýslu eigi að hafa prófarkalestur á hverri guðsorðabók, sem prentsmiðjan gefur út nyrðra; þar að auki eru bækur þær, sem norðan prentsmiðjan gefur út ekki svo vel úr garði gjörðar, að það sè hvöt fyrir menn að fleygja í hana til prentunar þeim bókum, sem verða eiga almennings bækur, enda sè eg ekki, að henni yrði borgnara fyrir passíusálmana eina.

Pètur Guðjónsson: Eg verð að rèttlæta mig og leiðrètta það sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga sagði í tilefni af því er eg mælti um rèttindi stiptsprentsmiðjunnar; hann tók tal mitt svo sem eg vildi meina Akureyrarprentsmiðjunni að gefa út allar þær bækur, sem Hólaprentsmiðjan hefði gefið út; þetta var engan veginn meining mín, heldur þessi, að allar þær bækur sem Reykjavíkurprentsmiðjan hefir gefið út og aldrei hafa vantað hjá henni, þær má Akureyrarprentsmiðjan ekki gefa út. En hitt tel eg þar á móti sjálfsagt og álít það bæði lögum og venju samkvæmt, að Norðurlandsprentsmiðjan megi gefa allar þær bækur út, sem prent-

smiðjan hèr annaðhvort aldrei hefir gefið út, ellegar þá ekki lengur fást til kaups, af því hún er hætt við að gefa þær út, og það án þess að spyrja nokkurn að eða að biðja um leyfi til þess.

Benidikt Sveinsson: Eg áskil mèr breytingaratkvæði við *fyrri* tölulið nefndarálitsins, þess efnis, að niðurlag þess töluliðs eður orðin: «þó með því skilyrði» o. s. frv. «falli burt». Eg óska nefnilega, að prentsmiðjurnar fái jafnrètti, en með þeim skilyrðum, sem sett eru í niðurlagi fyrri töluliðs, er jafnrètti milli prentverkanna óhugsandi. Í þessu máli hefir að mèr finnst komið fram tvöfaldur misskilningur. Það er fyrst mikill misskilningur að ímynda sèr, að prentsmiðjan hèr hefði svo mikinn baga af því, að sleppa einkarèttindum sínum; það er í annan stað misskilningur að ætla að prentsmiðjan fyrir norðan eigi mundi hafa hagnað af jafnrèttinu, sem neinu næmi. Eg þori að fullyrða, að báðar prentsmiðjurnar mundu hafa gagn af jafnrèttinu, því það mundi verða hvöt til keppni milli þeirra, en allar stofnanir sem standa í keppni hver við aðra þroskast og þróast einatt fyrir keppnina. Eg er manna fúsastur til þess að kannast við, að prentsmiðjan hèrna gengur mjög sómasamlega frá því, sem kemur út á hennar kostnað, en er hún svo fullkomin, þess vil eg spyrja, að hún eigi geti tekið framförum? Kæmist á jafnrètti milli beggja og þar með keppni, er eg viss um að báðum færi fram. Eg er viss um, að þótt prentsmiðjan hèrna missti einkarèttindi sín, þá mundi hún standa jafnrètt eptir sem áður, og enn sem fyrr sèr í hag, geta selt nauðsynjabækur; sè þessi meining mín skökk; sè einkarèttindin nauðsynleg fyrir hana, til þess hún geti staðizt, þá væru einkarèttindi hennar enn ranglátari og enn meiri ástæða til þessi að fá þau af numin. Þingmenn ættu eigi að láta sèr vaxa í augum ímyndaðan skaða prentsmiðjunnar hèrna, eða láta sèr svo hugfastan hag hennar, að þeir fyrir það styðji rangt mál; þetta, að halda upp á einkarèttindi landsprentsmiðjunnar, er einn af þessum gömlu ávöxtum góðu reglunnar, sem gengið hefir hèr á landi, því miður allt of lengi: «Svona er og hefir það verið, það getur þá ekki verið öðruvísi». Þess konar setningar eru nú dauðar meðal allra siðaðra þjóða, og vèr ættum þó einhvern tíma að sjá, að þær eru ekki góður grundvöllur til framfara. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók líkt í málið og eg, og eg vona af hinum sömu ástæðum; eg vil að eins það meira, að skilyrðin fyrir jafnrèttinu verði burt felld. Eg get eigi verið á máli hins háttvirta þingmanns Barð-

strendinga, að vísa málinu forsetaveginn, því á því er hinn mesti munur, að fá yfirvaldaraðstöfun, og að fá ólög úr lögum numin með lögum.

Halldór Kr. Friðriksson: Allar setningar hins háttvirta þingmanns Árnesinga eru frá upphafi til enda falskar. Hvar á byggðu bóli finnst það jafnrètti, að hver útgefandi sem vill megi láta prenta hverja bók, sem annar hefir eignarrètt að? Nei jafnrètti er allt annað, og engum dettur í hug að meina Akureyrarprentsmiðjunni jafnrètti; kaupi hún eða eignist hún á annan löglegan hátt prentunarrètt að hverri bók sem hún girnist, rètt eins og prentsmiðjan hèrna. Það er enn fremur rangt, er hann segir, að prentsmiðjan hèrna muni missa lítið í, en hin mundi græða, ef leyfi fengist fyrir hana að prenta þessar fáu bækur, sem landsprentsmiðjan hefir ein eignarrètt að. Græði hin við það, hlýtur þessi að tapa; það sèr þó hver maður að það er munur, hvort hún getur látið prenta 3000 ex. eða 1500 ex. í senn; gróðinn verður dreifari, og því verður annaðhvort að hækka verðið eða prentsmiðjan að bíða tjón, þetta liggur í hlutarins eðli. Keppni út af fyrir sig skil eg eigi geti aukið tekjur prentsmiðjunnar; vèr erum svo fámenn þjóð og tala kaupenda á bókum svo lítil, að eigi er skiptandi á milli margra. Þegar farið er að keppa, þá getur vel svo farið, að annar hlutaðeigandi fari á höfuðið, eins og fór á Englandi um árið, þegar járnvegafèlögin hvert í kapp við annað fóru að lækka flutningskaupið, þau fóru á höfuðið hvert um annað þvert.

Benidikt Sveinsson: Eg verð að biðja þingmenn að taka eptir því, að hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður hefir hraparlega misskilið mig; eg hèlt því fram, að Akureyrarprentsmiðjan fengi jafnrètti til að gefa út *vissar* bækur; er það nú ekki merkilegt að blanda því saman við, að hún hafi rètt til prentunar á *hverri* bók. Menn þurfa eigi að verða öfundssjúkir út af því, þó norðlenzka prentsmiðjan blómgist, og enda þótt landsprentsmiðjan styddi að því, því landið er eigi síður sannur eigandi að henni en að landsprentsmiðjunni; landið á gegnum stjórn sína að útvega báðum skynsamleg lög. Upp á dæmi hins háttvirta þingmanns, sem hann tók frá Englandi svara eg að eins þessu: Látum þá landsprentsmiðjuna «ruinera» Akureyrarprentsmiðjuna; já svo getur hún hlotið þann margfalda hag sem því fylgir að standa ein uppi, svo enginn keppi við hana, sem hinum háttvirta þingmanni er svo um-

hugað. Þessi einkarèttindi sem landsprentsmiðjan hefir, eru að vísu lögleg, en hvaðan eru þau komin henni; það eru einkarèttindi Hólaprentverksins, sem komin eru frá Norðurlandi; hversu mikið hefir nú landsprentsmiðjan gefið fyrir þessi einkarèttindi? eru þau keypt? nei alls ekki, en þau eru flutt með lagaboði. Fleiru í ræðu hans get eg eigi svarað, því eg skildi hann eigi.

Eiríkur Kúld: Eg stend upp aptur af því eg gleymdi þegar eg talaði síðast að áskilja mèr rètt til þess breytingaratkvæðis, að vísa málinu forsetaveginn, og gjöri eg það nú. Eg skil ekki, hvað hinum háttvirta þingmanni Árnesinga gengur til að byggja á því, að þessi einkarèttindi landsprentsmiðjunnar eigi sè keypt, og eins og vilja heimta reikninga af henni og rentureikninga þess vegna, þar sem hann þó játar, að þessi einkarèttindi sè lögð til prentsmiðjunnar með lagaboði, og fyrst svo er, hvort álítur hann þá, að hún sè ekki rètt að þeim komin?

Benidikt Sveinsson: Eg vil upplýsa hinn heiðraða þingmann Barðstrendinga um þetta; þótt hvorttveggja, einkaleyfi fengið með *lagaboði*, og einkaleyfi keypt við verði sè lögleg rèttindi, þá er þó sá mikli munur á þeim, að sanngirni getur svo hæglega mælt með því, að nema burt það einkaleyfi, sem að eins er með lögum gjört. Nú hefir landsprentsmiðjan haft mikinn arð af einkaleyfi því, sem hún fekk að norðan; er þá ekki kominn tími til þess, að hún líti náðarauga til systur sinnar fyrir norðan, sem er landinu eins ómissandi eins og hún?

Framsögumaður: Eg vildi spyrja hinn háttvirta þingmann Barðstrendinga þess, hvern skilning hann leggur í breytingaratkvæði sitt. Hann ætti þó að skilja það, þótt eigi skilji hann þingmann Árnesinga. Ætlast hann til, að stiptsyfirvöldin útvegi konunglegan úrskurð fyrir því, að einkarèttindi landsprentsmiðjunnar sè úr lögum numin, eða ætlast hann til þess, að þau upp á sitt eindæmi upphefji einkarèttindin? Mèr finnst þó auðsætt, að fyrst einkarèttindin voru gefin með lögum, þá muni þurfa annaðhvort lög eða konungsúrskurð til að nema þau úr lögum.

Eiríkur Kúld: Mèr hefir aldrei dottið í hug að vísa stiptsyfirvöldunum þann veg er þau skyldu fara, eg ætla þau einfær um þetta mál, hvort sem þingmaðurinn heldur það eða ekki.

Framsögumaður: Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga ætti þó að vera sjálfur einfær um að skýra frá, hvað hann vill þau skuli gjöra.

Eiríkur Kúld: Eg vil lofa hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga að ráða hyggju sinni um það; og eins hvort það er til stuðnings fyrir málið eða ekki.

Framsögumaður: Það er ætíð til stuðnings að vita hvað maður vill.

Forseti: Þar eð eigi taka fleiri til máls álít eg þessari undirbúningsumræðu lokið og kemur þá samkvæmt dagskránni til undirbúningsumræðu málið um stofnun kennara-embættis í sögu landsins og fornfræðum norðurlanda. Þingmaður Norður-Þingeyinga er framsögumaður, og mun hann lesa nefndarálitið upp og skýra frá málinu sem nauðsyn þykir á vera.

Framsögumaður (*Sveinn Skúlason*): Eg skal leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið.

(Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 323—326).

Eg þarf eigi að sinni að fara mörgum orðum um þetta mál; það fèkk svo góðar undirtektir um daginn af hálfu þingmanna, og nefndarálitið hefir farið því einu á flot, er þá var vel rómað af nálega öllum þeim, er töluðu. Það að nefndin hefir deilzt, þarf eigi að fá mjög á oss; þessi minni hluti er enn sem komið er, ekki nema ein rödd á þinginu, og eg vona að hún verði aldrei meira.

Konungsfulltrúi: Þar sem hin heiðraða nefnd tekur fram það æskilega og mikilsvarðandi í að þekkja og útbreiða þekkingu á sögu föðurlandsins og á sögu Norðurlanda yfir höfuð, er eg henni öldungis samdóma; en þegar spursmálið er um það, hvaðan taka skuli nú sem stendur hið nauðsynlega fè til þess að stofnsetja fast kennara-embætti með 1600 rd. launum hèr í Reykjavík, þá get eg ekki komizt til eins álitlegrar niðurstöðu og hinn heiðraði meiri hluti nefndarinnar. Mèr þykir þar á móti minni hlutinn hafa skoðað þessa hlið málsins og ástandið sem nú er alveg *correct,* og eg skal þess vegna ráða þinginu til, eins og minni hlutinn stingur upp á, að skjóta málinu á frest til þess tíma, að við fáum vald til að leggja á oss sjálfir fè það, sem til þess þarf.

Sveinn Skúlason: Mèr þykir sorglegt fyrir nefndarinnar hönd, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi heldur hefir hnigið að minni hluta nefndarinnar, en eigi hinum meiri hluta hennar, sem eg sjálfsagt líka vona að verði meiri hluti þingsins; því góðar tillögur hins hæstvirta konungsfulltrúa eru nauðsynlegar fyrir málið til þess það fái framgang. Mèr finnst eigi vafi á, að þar sem vèr

biðjum berar og brýnar nauðsynjar og konungsfulltrúi er oss meðmæltur, þar muni stjórnin eigi neita. En það er ekki rètt af hinum hæstvirta konungsfulltrúa. og engan veginn correct af minni hlutanum, eins og konungsfulltrúa þótti, að líta eingöngu á það, að enn sè allt á huldu um stjórnarskipun vora og fjárforráð, og segja að öll mál eigi að bíða eptir úrslitum þessara mála. Vèr viljum fúslega bera allan þann kostnað, sem leiða mundi af því, að þetta kæmist í kring, en vèr getum það eigi, oss er eigi leyft enn að leggja á oss gjald til þess. Það er ranglátt, hve nær sem nauðsynjamál kemur fyrir, er horfir oss til framfara, þá að hlaupa ætíð í þetta mál, og hafa það fyrir slagbrand fyrir framkvæmdum allra velferðarmála vorra.

Forseti: Þar eð eigi taka fleiri til máls, álít eg þessari undirbúningsumræðu lokið.

Fundi slitið.

---

18. fundur. — 29. júlí.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eins og hinum háttvirtu þingmönnum er kunnugt, er hinn lögskipaði alþingistími nú þegar á enda, en fjöldi mála, og meðal þeirra hin yfirgripsmestu og vandasömustu, eru enn eptir órædd að mestu eða öllu. Það verður þess vegna óumflýjanlega nauðsynlegt, að fá lengdan þingtímann, svo framarlega sem hugsað verður til að fá lokið öllum þingmálum. Af því eg gjöri ráð fyrir, að hinn háttvirti konungsfulltrúi muni eins og áður hafa umboð af stjórnarinnar hendi til að lengja þingtímann eptir því, sem nauðsyn krefur, skal eg leyfa mèr þingsins vegna að beina þeirri spurningu til hans, hvort hann vilji lengja þingtímann og hversu lengi.

Konungsfulltrúi: Upp á áskorun hins háttvirta forseta skal eg svara því, að eg að vísu ekki hefi fengið sèrstaklegan myndugleika til að lengja þingtímann, en að eg eins og venjulegt hefir verið að undanförnu, er fús til að gjöra það upp á mína ábyrgð. Mèr þykir það í öllu tilliti betur henta, nú strax að tiltaka, hversu langur þingtíminn þarf að vera, en fyrst um sinn að lengja hann

nokkuð, og seinna aptur að gjöra það. Eg skal þess vegna leyfa mèr að biðja hinn háttvirta forseta að gjöra svo vel að skýra mèr frá, hvað mikið hann álítur að þurfi að lengja þingtímann, til þess að þingið geti orðið búið með hin konunglegu frumvörp, en meðal þeirra eru hin stærstu og mestvarðandi enn þá ekki komin frá nefndum þeim, sem kosnar eru til að meðhöndla þau.

Forseti: Það er einmitt af ástæðum þeim, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi drap á, nefnilega að mörg málin, og þar á meðal hin allramerkilegustu, eru svo skammt á veg komin, að ekki er auðvelt að segja með vissu, hversu langan tíma muni þurfa til að ljúka alveg við málin, einkanlega af því eg get ekki vitað hve nær nefndarálitin muni koma inn í þeim málum, sem eptir eru. En eptir því sem eg get næst komizt, þá geta málin ekki orðið fullrædd fyrr en 21. dag ágústmánaðar, og það þó með því skilyrði, að þingmenn, einkum þeir sem kosnir eru í nefndir og til framsögumanna í hinum stærstu og erfiðustu málum, neyti allra krapta sinna og noti tímann sem framast er unnt. En með þeim skilmála, sem eg þykist viss um þeir muni uppfylla eptir megni, held eg að nægja megi lenging tímans til 21. ágústmánaðar.

Konungsfulltrúi: Eptir upplýsingum þeim, sem hinn háttvirti forseti nú hefir gefið, skal eg ákveða lengingu þingtímans til 21. ágúst, og vona eg, að allir þingmenn vilji kosta kapps um, að öll mál, sem þingið hefir til meðferðar, en sèrstaklega hin konunglegu frumvörp, sem lögð eru fyrir það, geti orðið útkljáð innan þess tíma.

Forseti: Eg skal þá lýsa því yfir, að þingtíminn er lengdur til 21. dags ágústmánaðar, að þeim degi með töldum.

Samkvæmt dagskránni kemur þá til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um gjald á spítalahlutum á Íslandi. Framsögumaður er hinn 3. konungkjörni þingmaður, og veit eg ekki hvort hann vill taka til máls.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 298 -303).

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Það er nú að öllum líkindum óþarfi fyrir mig að taka til máls, því eg býst við, að þingmenn sèu nú þegar búnir að staðráða með sèr, hversu þeir skuli greiða atkvæði í máli þessu. Atkvæðaskrá þessi ber þess ljósast vitni, hversu ber og nakinn minni hlutinn hefir frá fyrstu fæðingu verið, þótt hlaðið hafi verið á hann bót á bót ofan, skín þó í nekt hans. Það mundi til eintómrar tímalengingar að fara að rekja atkvæðaskrá þessa að endilöngu, og ætla eg þess

vegna ekki að hafa fyrir því. Þegar menn sjá tillögur þær, sem minni hlutinn og þeir, sem honum virðast fylgja, hafa komið fram með, til þess að gjöra mönnum skiljanlegan þenna mikla jöfnuð og sanngirni, sem vakað hefir fyrir þeim, með því, að vilja leggja gjald á allan fiski-afla, sem á land kæmi, þá er það merkilegt, að þeir, þrátt fyrir öll þessi breytingaratkvæði við breytingaratkvæði og viðauka-atkvæði við viðauka-atkvæði, skuli ekki hafa náð út yfir allan sjávarafla; því þrátt fyrir nákvæmni hins virðulega þingmanns Rangæinga, þar sem hann er að telja upp fiskitegundir verða þó allmargar fiskitegundir undan skildar, því ef fara á að tína hvað eina til, þá held eg að hrognkelsin mættu vera með; síldarveiði er líka eigi all-lítil á sumum stöðum hèr við land, og þó vonandi að hún fari vaxandi (*Björn Pèturssyn*: Þá eru hornsílin!!). Þá er enn ein fiskitegund, sem þingmaðurinn líklega ekki þekkir, en það er hlýrinn; það er þó töluvert til af honum á Vestfjörðum; meiri er nákvæmnin ekki. Öll þessi sanngirni verður því nokkuð götótt, og sanngirnin verður heldur eigi eins mikil og þeir ætlast til, sem sjá má af því, að minni hlutinn vill leggja sama gjald á þyrsklinginn og golþorskinn. Ekki er það þá heldur síður, hversu hentuglega og höndulega öllu er fyrir komið, sem sjá má af tölulið 9. á atkvæðaskránni; eptir honum á að taka 1 pund af hákarli af hverjum 100 pundum; hreppstjórarnir fá þá nokkuð að gjöra, ef þeir eiga að standa yfir hverju skipi, sem að landi kemur með hákarlsafla og vega allan hákarlinn blautan í fjörunni. Eg vil nú ekki tala um, þó orð vanti, sem vera ættu, og þótt orð séu, sem ekki eiga að vera, og ekki um það, þótt taka eigi 1 pott af hverri lýsistunnu sem aflast, þótt að lifur sè í honum, en ekki lýsi brætt. Það nægir ekki að setja sömu ákvörðunina einu sinni, heldur verður að taka hana tvisvar fram, því það sem er í tölulið 9, er tekið upp aptur í 30. tölulið, til þess menn skuli ekki villast. Að því er frumvarpið og meiri hlutann snertir, þá kynni að vera ástæða til að vera honum mótfallinn, ef gjaldið væri nokkrum tilfinnanlegt. Ef gjaldið verður lagt á eptir uppástungu minni hlutans, þá á gjaldið að verða svo mikið, en þó eg sè enginn spámaður, þá þekki eg svo mikið til hèr á landi, að minna mun úr verða en þeir gjöra ráð fyrir á pappírnum. Að því er breytingaratkvæðin og uppástungurnar snertir við frumvarpið, þá fellst eg ekki á eitt, sem fer í sömu stefnu og minni hlutinn, en verð móti þeim. Tölulið 15 ætla eg að fallazt á, því 20 fiskar var langt of

hátt gjald, og 15 töluvert líka; en 10 fiskar er eigi ósanngjart gjald. Breytingaratkvæði þau, er eg hefi tekið mèr undir tölulið 11 og 13 setti eg til þess, að sýna, að eg væri fús á að miðla málum, ef minni hlutinn vildi nokkuð til slaka, og skal eg ekki halda þeim fast fram. Að því er 10. tölulið snertir, þá er í honum lík hugsun, og fyrir mèr vakti, og get eg ekki sèð neitt á móti honum, því hann fer í sömu stefnu og frumvarpið og meiri hlutinn. Eg ætla nú ekki að tala lengra að sinni, umræðurnar verða líklega nógu langar samt.

Forseti: Eg skal geta þess, hvað atkvæðaskrána snertir, að uppástungan undir tölulið 9. er ekki kominn á þann stað, sem hún átti að vera og uppástungumaður hefir hugsað sèr hana, og kemur það af því, að það var ógreinilega ritað á uppástungunni, hvar hún ætti við, en meiningin er, að hún á að vera vara-uppástunga við allar fimm fyrstu greinirnar frumvarpsins, ef allar þessar greinir fèlli, og allar þær breytingar, sem þar til heyra, bæði frá meira og minna hlutanum, og svo öðrum þingmönnum. Uppástunga þessi kemur því fyrst til atkvæða eptir tölul. 41. Eg vona, að enginn þingmanna villist á þessu, og þess vegna hefi eg tekið þetta fram nú þegar.

Benidikt Sveinsson: Eg vil leyfa mèr að beina þeirri spurningu til hins háttvirta forseta, hvort breytingaratkvæðið undir tölulið 37 og einkum töluliður 44 sè löglega upp borinn og geti þannig komið til atkvæða.

Forseti: Hvað 37. tölulið snertir, þá er það að minni ætlun sjálfsagt; en um 44. tölulið er nokkuð meiri vandi á; þó skilzt mèr svo, að ef minni hlutinn sigrar, en frumvarpið og meiri hlutinn fellur, þá geti 44. töluliður komið til atkvæða seinast, til þess að vita, hvort þinginu þætti vara-uppástungan aðgengileg. Ef nú uppástunga þessi yrði þá samþykkt, þá yrðu menn að fara fram fyrir aptur, og leita atkvæða um þá liði sem heyra saman við frumvarpið og meiri hlutann, og þau breytingaratkvæði, er í sömu stefnu ganga. Uppástungumaður er reyndar ekki kominn, svo eg veit ekki, hvort hann hefir hugsað sèr nokkurn annan gang í atkvæðagreiðslunni, en eg sè ekki að töluliður þessi geti með öðrum skilningi en þessum komizt til atkvæða.

Konungsfulltrúi: Mèr þykir breytingaratkvæðið undir tölulið 44. að vera að minnsta kosti mjög undarlegt, og þar að auki ekki vera samkvæmt alþingistilskipuninnar § 61, sem heimilar minni hlutanum að framfæra áátæður sínar í álitsskjali þingsins, en gef-

ur ekki meiri hlutanum heimild til þess að taka upp í álitsskjalinu bæði ástæður meiri og minni hlutans. Ónauðsynlegt er þar að auki breytingaratkvæði þetta af því, að þingið að eins er ráðráðgjafaþing, sem á að segja álit, en konungurinn og stjórn hans ákveður eptir að hafa fengið álit þingsins, hvort frumvarpið eigi að lögleiðast óbreytt eða með þeim breytingum sem þingið hefir stungið upp á, ef þær þykja aðgengilegar.

Forseti: Að því er snertir það, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi mælti, þá er það öldungis satt, að það er reyndar ekki heppileg aðferð, ef þingið veldi þann veg, sem uppástungan fer fram á, en úr því verður þingið sjálft að skera. Eg álít það skyldu mína, sem forseta, að beina öllum uppástungum veg, að svo miklu leyti sem þingsköp vor leyfa. Líkt þessu hefir fyrr átt sèr hèr stað; t. d. um kosningarlögin 1849, þá kom fyrst frumvarp stjórnarinnar, eptir að frumvarp frá landsmönnum var samþykkt, og voru þá nokkrar greinir úr öðru teknar, sem vara-uppástungur við hitt. Eg skal fúslegu játa, að þetta er í þinglegum skilningi ekki sem heppilegast; en þingsköpum vorum, sem eru í alþingistilskipuninni, er í sumum þess konar greinum mjög ábótavant, og margt frábrugðið því, sem viðgengst á löggjafarþingum, en þar af leiðir á hinn bóginn, að hún rýmkar meira um formið, en venjulegt er eptir þeim reglum, sem nú tíðkast á löggjafarþingum.

Jón Hjaltalín: Þegar eg sá fyrst þessa miklu atkvæðaskrá, datt mèr í hug: Hve nær ætli þú fáir tíma til að lesa hana og átta þig í henni. Eg skil ekki, hvernig þingið ætlar með slíkum blöðum, sem eru á stærð við «placöt», þau sem slegið er upp á götuhornum í Lundúnum, að fara að varðveita heiður sinn. Slíkt er ekki annað en «Comœdiespil« eða leikspil eitt, og vil eg láta það sjást í þingtíðindunum, að eg hafi álitið svo. Það er ekki langt síðan, að hèr fèll mál með 12 atkvæðum móti 12 eptir langar umræður. Fyrst að enginn vill geta um þetta, ætla eg að gjöra það, því það heyrast margar raddir út um landið, sem kvarta yfir hvað yèr sèum langorðir, og hvað einföld mál vefjist fyrir okkur. Mèr sýnist að hver ærlegar þingmaður ætti að halda uppi heiðri þingsins (*Sveinn Skúlason*: Eg vona að forseti svari þessu — (*Forseti:* Sjálfsagt). Eg ætla ekki að fara að elta hina einstöku töluliði; það mætti æra óstöðugan. Töluliðirnir 1.—10. sýna sig sjálfir, að þeir eru risnir af einhverri mótspyrnu, sem engar skynsamlegar ástæður duga til að útrýma.

Forseti: Eg álít það ekki tilhlýðilegt fyrir þingmann, að hafa þess konar orð, svo sem að kalla atkvæðaskrána, sem er byggð á alvarlegum uppástungum þingmanna, leikspil eitt; þess konar orð eiga hvorki við á þessu þingi nè líklega á nokkru öðru, þar sem alvarlegir og vandaðir menn sitja. Hvað mál það snertir, er hann benti til, þá er það alls ekki nein undarleg meðferð, sem hèr er höfð í frammi á þinginu, heldur er það hin sama aðferð, sem við gengst á öllum þingum í víðri veröld. Það yrði lítið úr þingum, ef menn mætti ekki gjöra þar fleiri uppástungur en svo, sem einstökum mönnum þætti mátulegar. Vèr mundum kalla slík þing dauð og doðaleg. Vèr viljum hafa umræðurnar um málin fjörugar og ítartegar, eins og alstaðar við gengst annarstaðar, þar sem nokkuð líf er í mönnum, og þó þær verði nokkru lengri fyrir það, þá er það ekki að lasta.

Jón Hjaltalín: Það er sorglegt, ef það er satt, sem hinn háttvirti forseti segir, en sorglegra er þó, ef menn mega ekki tala eptir sannfæringu sinni; eg talaði þetta ekki af neinni reiði eður til að hnióra þinginu, en vildi einungis láta það heyra, hvað fjöldi landsmanna segir. Mèr sýnist nú líta út fyrir, að minni hlutinn ætli að fara að verða meiri hluti, og ætla eg ekki að tala langt um það, því eg vona, að þó menn hèr á þinginu sjái það ekki, þá sjái þó menn út um landið, að ómögulegt er að framfylgja uppástungum minni hlutans, og ef menn ekki geta sèð þetta, vil eg gefa minni hlutanum rètt; annars sýnist mèr þetta vera hið sama og að gefa lög, sem ekki geta staðizt. Eg hefi talað við marga og hefir sumum dottið í hug, að þetta mundi gjört til þess að eyða málinu. Eg verð að lýsa því yfir, að allir hafa verið samdóma um, að gjaldstofn sá, er stjórnarfrumvarpið gengur út frá, sè mjög hægur, og gjaldið getur þó aldrei orðið tilfinnanlegt, þótt gjalda ætti 1 dal eptir bátinn. Þetta er beinasti vegurinn; honum ættu menn að fylgja. Eg ætla að fara fljótt yfir breytingaratkvæðin, því eg ætla ekki að standa upp fyrir neinu þeirra; því þegar eg sè menn gjöra sèr leik til að sundra og eyða máli, þá sýnist mèr óþarfi að hafa svo mikið við sem að standa upp úr sæti sínu. Eg býst við, að nú fari af logn það, sem var á þinginu, og að stormur komi, en eg er ekki hræddur við hann, því bæði er það, að eg hefi opt í stormum verið bæði á sjó og landi, enda er eg ekki svo lèttur fyrir, að eg óttist fyrir, að hver gusturinn kollvarpi mèr.

Forseti: Þar sem þingmanninum þótti eg hæla þinginu um

of, eða taka málstað þess meira en réttu hófi gegndi, þá er það sjálfsagt, að eg gjöri það, þegar því eru bornir á brýn þess konar gallar, sem hverju þingi hljóta að fylgja; það má ekki lýta þetta þing fyrir það, fremur en önnur, þótt umræður verði stundum langar, eða lengri en þurfa þykir, því öll þing eru með því marki brennd. Menn verða að þola það, ef menn vilja hafa þing, eins og menn þagga ekki niður í þeim mönnum, sem hafa mjög fljótar og fjörugar hugsanir og liðugan talanda. Það stoðar ekki að binda slíka menn mjög fast við þinglegar reglur, þegar þeir kveikja fjör í umræðunum um málin, og mörgum þykir skemmtilegt á þá að heyra.

Torfi Einarsson: Það var fyrr talað um að vísa málinu hinn greiðasta eða breiðasta veg, eg heyrði ekki glöggt hvort heldur. Eg veit nú ekki, hvort vegur meiri hlutans er svo greiður. Frumvarpið á að vera svo gott af því, að Reykjavíkurnefndin og amtmennirnir hafi verið samdóma, en að svo hafi eigi verið með öllu má sjá af ástæðum frumvarpsins. Nefndin vildi leggja 30 fiska á hvert þiljuskip, en einn amtmaðurinn vildi láta það vera 20 af hverri lest. Amtmaðurinn fyrir norðan vildi hafa gjaldið þar hálfu lægra en syðra af fiskibátum; einn þeirra, sem hefir viljað komast að meiri jöfnuði, hefir stungið upp á að leggja gjaldið á eptir áratali, og einn hefir nú gjört breytingaratkvæði um að lækka gjaldið á þiljuskipum til helminga við uppástungu frumvarpsins. Þar sem menn eru allt af að berja því við, að ómögulegt sé að framkvæma uppástungur minni hlutans, þá ætla eg ekki að svara því, það er nógsamlega búið. En það vita þó allir, að menn eru til hèr á landi, er kunna að telja, og aldrei hef eg heyrt um getið, að neinn hafi svo fáfróður til sjáfar farið, að eigi gæti hann sagt húsbónda sínum hlutarhæðina þegar heim kom. Um breytingaratkvæðin ætla eg ekki að tala. Það er sjálfsagt að allir hafa gjört þau í góðum tilgangi, því eg ímynda mèr, að enginn sè sá sem ekki vilji hverju máli hið bezta. Mèr fannst á hinum háttvirta öðrum konungkjörna þingmanni, að hann vildi ekki láta minni hlutann fara eptir sannfæringu sinni, heldur ætti hann að gefa sig fanginn undir hlýðnina við meiri hlutann.

Stefán Eiríksson: Það er nú reyndar óþarfi fyrir mig að tala núna, og því síður að eg ætli að rekja mig aptur eptir þessum 46 töluliðum, sem hèr liggja fyrir mèr; eg býst ekki við, að mèr takizt að sannfæra marga af þeim, sem á móti mæla. Eg lèt þá

skoðun mína í ljósi, þegar við undirbúningsumræðuna, að eg væri með meiri hlutanum, eg hefi heldur ekki breytt þeirri skoðun minni síðan, þrátt fyrir þessar löngu umræður, er orðið hafa af þeim er halda fram áliti minni hlutans; aðaltilgangur þessa lagaboðs, sem hèr ræðir um er sá, að auknar verði tekjur spítalasjóðsanna, og þingið hefir beðið um, þessar endurbætur þráfaldlega, við getum ekki komið upp spítala, af því okkur vantar peninga, og við höfum enga lækna, og viljum þó fjölga þeim, allt strandar á peningaleysinu, og til þess nú að ná þeim aðalgrundvelli, er hèr ræðir um, nefnilega að auka tekjur spítalanna, þá er það í augum uppi, að meiri hlutinn byggir á fastari og vissari grundvelli en minni hlutinn, því eptir uppástungum minni hlutans, verður sama ofan á og áður, að engin vissa er fyrir að ná því upp sem þarf, til þess að spítalatekjurnar aukist. Hvað breytingaratkvæðin snertir, þá ætla eg ekki að elta þau öll. Mèr finnast þau undir tölulið 2. og 8. mjög óviðkunnanleg og óhafandi, því þar sem þar er talin upp skata, lúða, langa, keila, steinbítur og háfur, er aldrei er nefnt í verðlagsskrám, og þykir mèr þá eitthvað hlægilegt í því að hafa það hèr, til undirstöðu nýrrar skatta-álögu, og það mun líka sannast að menn verða mjög óánægðir með að svara af þessum aflategundum spítalahlut. Hvað viðvíkur tímabili því, sem tekið er til í 26. og 30. tölulið, um skýrslur hreppstjóranna frá 12. maí til 12. maí, þá getur það í Austur-Skaptafellssýslu eigi gagnað, því sýslumaður er jafnan búinn að þinga þar fyrir 12. maí og því gæti hann ekki fengið spítalaskrána fyrri heldur en á manntalsþingum árið eptir að spítalahluturinn fèll til. En ef þingið fèllist á 28. tölulið getur þetta lagazt. Eg vona að þingið fallist á mitt breytingaratkvæði undir tölul. 21., ef það fellst annars á nokkuð af breytingaratkvæðunum, og skal eg svo ekki orðlengja um þetta mál meira.

Konungsfulltrúi: Það er sá verulegasti ágreiningur á milli breytingaratkvæða meiri hlutans og minni hlutans í þessu máli, því meiri hlutinn aðhyllist frumvarpið með einstökum breytingum, sem ekki raska grundvelli þeim, sem það er byggt á, og heldur ekki spilla augnamiði frumvarpsins, en uppástunga minni hlutans miðar eptir minni meiningu til þess að ónýta frumvarpið, og þess vegna skal eg ráða þinginu frá að gefa breytingum minni hlutans og þeim, sem byggðar eru á sama grundvelli, atkvæði sitt.

Hver er tilgangur frumvarpsins? Það er skýrt sagt í ástæð-

unum, eins og hinn háttvirti þingmaður Austur-Skaptafellssýslu hefir réttilega tekið fram, að stjórnin hefir látið semja frumvarpið eptir ítrekuðum áskorunum alþingsins, um endurbót á læknaskipuninni og nýja reglugjörð um betri tilhögun á tekjum spítalanna, er tekjur læknasjóðsins mundu með því aukast ekki all-lítið. Tilgangurinn er þá, samkvæmt beiðni alþingisins, bæði að koma á betri tilhögun á tekjum spítalanna og að auka tekjur læknasjóðsins. En má eg spyrja, hvernig hefir minni hlutinn skoðað þessar tvær hliðar málsins. Eg held að hann annaðhvort ekki hafi gjört sèr grein fyrir því, sem hèr er um að ræða, eða hvernig því verði framgengt. Heldur hann, að betri tilhögun komist á, en nú er, ef uppástunga hans verður tekin til greina. Eg held að minnsta kosti ekki að svo fari; því það er skilyrði fyrir hverju lagaboði, sem á að kallast gott, að því geti orðið framfylgt, að það verði *controllerað*; en þetta er ómögulegt með uppástungu minni hlutans; það sanna meðal annars spítalahlutírnir af fuglatekju eptir konungsbr. 26. maí 1824, en sem eptir því, sem mèr er sagt af áreiðanlegum manni, ekki svara til þess, sem menn gætu ætlazt til, og þetta er má ske orsökin til þess, sem segir í áliti minni hlutans, að ekki nein óánægja með það hafi átt sèr stað. En hvað nú snertir hina hlið málsins, að aukatekjur læknasjóðsins, þá er eg viss um það, að þær heldur muni minnka en hækka, ef þessi tilhögun kemst á; eg hefi áður getið þess, að ómögulegt sè að *controllera* gjaldgreiðsluna með þessu fyrirkomulagi, og eg vil ekki fara mörgum orðum um það, að konungsbrèfið frá 26. maí 1824 ákveður 4 pCt. eða einn tuttugasta og fimmta part af fuglatekjunni, en að minni hlutinn að eins stingur upp á $^5/_6$ pCt af fiski-aflanum, og eg skal taka það fram, að nú sem stendur er upphæð spítalahlutanna á öllu landinu hèr um bil 10—11 hundruð ríkisdalir um árið, en til þess að sama upphæð haldist eptir breytingu minni hlutans, útheimtist að fiski-aflinn ekki að eins í raun og veru verði að minnsta kosti á milli 1 og 2 millíóna fiskjar, það er að segja af stórþorski, en að hann einnig verði talin fram til þessarar upphæðar; í suðuramtinu eru tekjurnar af spítalahlutum hèr um bil 800 rd., en til þess að upphæðin eptir uppástungu minni hlutans verði framvegis eins mikil, útheimtist, ef menn reikna tölu fiskimanna hèr 2000, minnst 500 í hlut til hvers.

En sè tilgangurinn ekki að eins frá stjórnarinnar hálfu en

einnig frá hálfu alþingsins að auka tekjur læknasjóðsins, þá er það auðsætt, að uppástunga minni hlutans spillir þessum tilgangi.

Eg ætla ekki að fara fleirum orðum um uppástungur minni hlutans eða breytingaratkvæði þau, sem eru byggð á sama grundvelli og þær, en eg skal að eins nefna breytingaratkvæði þau, sem stjórnin eptir minni meiningu ekki getur tekið til greina; en það eru breytingaratkvæðin undir tölulið 2.—8.

Mér þykir ekki breytingaratkvæðið undir tölulið 10. að eiga sem bezt við, af því að hér er að ræða um ekki einungis að leggja skatt eða afgjald á fiski-aflann, en að útvega það, sem nauðsynlegt er til þess að koma betri læknaskipun á í öllu landinu, og að gjöra þetta með því að breyta hinum gildandi lögum, en bæði hafa þessi ákveðið sömu spítalahluti af öllum bátum, sem hafðir eru til fiskiveiða, án nokkurs tillits til þess, hvort einum eða fleirum vertíðum sè haldið, og nauðsynin til betri læknaskipunar er hin sama í öllu landinu.

Eiríkur Kúld: Hinn hæstvirti konungsfulltrúi gaf mèr með ræðu sinni tilefni til að standa upp. Eg lèt það í ljósi þegar við undirbúningsumræðuna, að eg felldi mig betur við minni hluta nefndarnnar, því mèr þykir hann byggja á sanngjarnara grundvelli, og eykur líka spítálatekjurnar meir en meiri hlutinn, og skal eg sanna það með dæmi áður en eg sezt niður. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi hèlt, að haldið mundi vera upp á konungsbrèfið frá 1824, fyrir þá skuld einungis, að menn hefði getað beitt við því undanbrögðum. Hann tók dæmi af Snæfellsnessýslu, og sagði að þar kæmi að eins 3 dala gjald af 100,000 fuglum, því svo væri mikil fugla (kofna) tekja í þeirri sýslu; eg ætlaði eg væri þar nokkuð kunnugur, og eptir því sem eg þekki til verð eg að segja að þessi upphæð aflans geti ekki náð átt, en eg vil þess vegna ekki fara um þetta mörgum orðum, því eg tel víst, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi byggi hèr um orð sín á skýrslum, er eg alls ekki þekki til, og á meðan eg veit eigi frekara um þær, skal eg ekki rengja orð hans meir, hvað þetta snertir. En ef nú þessi lýsing á gjaldinu og gjaldstofninum í Snæfellsnessýslu er rètt, og menn hafa vitað, að þar hafi svona fá kurl til grafar komið, þá er sannarlega undarlegt, að yfirvöldin skuli ekki fyrir löngu síðan hafa kippt þessu í lag, því það var auðsjáanlega skylda þeirra. Mèr heyrðist hinn háttvirti annar konungkjörni þingmaður um daginn vera hræddur um, að spítalatekjurnar mundi minnka, ef uppástungu minni hlutans yrði

framgengt, af því að menn mundu ekki kunna að telja fiskinn; eg er nú ekki hræddari um það en um að menn muni eigi komast yfir að telja peninga læknasjóðsins, þó að hann aukist af spítalahlutaverðinu, en má ske þessi sami háttvirti þingmaður sè núna orðinn hræddur um þetta, ef spítalahlutirnir aukast eptir gjaldmáta þeim, sem uppástungur minni hlutans ætlast til!! Eg get fullvissað þingmanninn um, að Íslendingar kunna að telja bæði peninga og fisk; af hvorugu er svo mikið til í landi voru. Eg held enginn sá skinskiptingur sè til, ef hann getur róið, að hann geti eigi talið hlut sinn. Hvað eptirlitið («Controllet») snertir, þá held eg menn geti fengið það eptir 37. og 26. tölulið, og eg er ekki viss um, að auðveldara verði að «controllera» bátafjöldanum hèr syðra, eptir því sem sumum farast hèr orð um eptirlitið. Hvað breytingaratkvæði mitt undir 3. tölulið snertir, þá hef eg áður getið hvers vegna eg áskildi mèr það. Eg sè reyndar á ástæðunum fyrir frumvarpinu bls. 6, að hlynna á að hvalaveiðum, með því að leggja ekki gjald þetta á hvalaveiðaskipin, og það af þeirri orsök, að þau borgi svo hátt lestagjald. En má eg nú spyrja, hvort skip þessi borga lestagjald þetta hèr. Eg hefi heyrt þau gjörðu það ekki, og sè eg þá því síður ástæðu til að losa þau við gjald til spítalanna, heldur en önnur skip, sem þess utan borga lestagjald. Eg ætla nú að reyna til að sanna það, sem eg lofaði áðan, að gjaldið yrði hærra eptir uppástungu minni hlutans en meiri hlutans. Eg sá að hinn háttvirti framsögumaður hefir tekið sèr hèr breytingaratkvæði undir tölulið 13. og ætla eg að taka það til samanburðar. Hèr mun ekki þurfa að gjöra ráð fyrir á ári nema 2 vertíðum, á suðurlandi fyrir sama bátinn. Setjum nú, að einn sexæringur gengi 1 ár á Suðurlandi í 2 vertíðir og geldur hann þá samkvæmt breytingaratkvæðinu undir tölulið 13, 16 fiska; sem eg vil reikna á 11 sk. = 1 rd. 80 sk. Þessi sexæringur fær, ef til vill, 12 hundruð í hlut, og verður þá, ef skipt er í 8 hluti, eptir uppástungu minni hlutans allt spítala gjaldið 96 fiskar = 11 rd. 80 sk. Nú tek eg dæmi af sexæring fyrir vestan; hann gengur þar opt á Vesturlandi 4 vertíðir (*Halldór Kr. Friðriksson*: Nei) eg skal þá telja þær upp, og biðja framsögumann sjálfan að telja. Fyrst gengur sexæringurinn í Bjarneyjum, Höskuldsey eða Eyrarsveit frá vetrarnóttum til jólaföstu, því næst undir Jökli frá jólaföstu til miðs einmánaðar; þá eru nú komnar tvær vertíðir; vill framsögumaður segja mèr hvort ekki er rètt talið? Næstu vertíð gengur sexæringurinn enn

undir Jökli frá miðjum einmánuði til krossmessu, og loksins getur sami sexæringurinn gengið frá Látrum vestra eða Brunnum eða Keflavík, frá krossmessu til jónsmessu — og nú eru þá taldar 4 vertíðir, eins og framsögumaður sèr. Sè nú farið eptir uppástungu hans undir tölulið 13., þá verður gjaldið af þessum sexæring 3 rd. 64 sk., sem er helmingi meira gjald en sá sexæringur syðra, sem gjöra má ráð fyrir að hluti vanalega hálfu meira, en sexæringur vestra á að svara; sèr er hver sanngirnin! En þó nú þessi sexæringur vestra fengi helmingi minni afla en gjört var ráð fyrir að sexæringurinn fengi syðra, þá ætti hann samt að gjalda eptir uppástungu minni hlutans, 5 rd. 91 sk., sem eptir uppástungu minni hlutans er í rèttu hlutfalli við það, sem hann ætlast til að greiðist af sexæringnum hèr syðra. Þetta dæmi sýnir því fyrst ósanngirni meiri hlutans en sanngirni minni hlutans, og þar næst sýnir það líka tjón það, sem spítalinn hefir af því, ef farið er eptir meiri hlutanum og frumvarpinu; því dæmið um sexæringana sýnir, að eptir meiri hlutanum verður gjaldið af báðum bátunum samtals 5 rd. 48 sk., en af sömu bátum eptir minni hlutanum 16 rd. 81 sk., og tapar þá spítalinn á þessum 2 sexæringum eptir uppástungu meiri hlutans 11 rd. 33 sk. Af þessu mun mönnum verða það full-ljóst, að auk þess sem grundvallarregla minni hlutans er langt um sanngjarnari, þá aukast og tekjur læknasjóðsins langtum meir eptir henni.

Bergur Thorberg: Mèr finnst það vera aðalgallinn á minni hlutanum, að hann víkur frá grundvallarreglu frumvarpsins, af því þessi grundvallarregla miðar til að bæta fyrirkomulagið á spítalagjöldunum. Þingið hefir beðið um breyting, af því óvissar væru heimtur á gjaldinu, en frumvarpið kemur líka einmitt með fastan grundvöll, svo gjaldið fáist reglulega inn, það ákveður slíkt fyrirkomulag á gjaldi þessu, sem geti gefið trygging fyrir því, að gjaldið komi reglulega inn og án þess að töluverður undandráttur geti átt sèr stað, og leitast þannig við að bæta úr þeim brestum, sem menn hafa fundið að ættu sèr stað í máli þessu, og sem þingið hefir viljað fá bætt úr. Minni hlutinn tekur ekkert tillit til þessa, heldur hefir uppástunga hans í för með sèr alla þá galla og erfiðleika er hið forna fyrirkomulag hafði. Það er líka tilgangur frumvarpsins að auka tekjurnar, og það hefir verið sýnt fram á, að þær muni aukast talsvert, ef ákvarðanir frumvarpsins yrðu að lögum, en óvíst er hvað þær vaxa eptir uppástungum minni hlutans, og reikningar þingmanns Barðstrendinga eru svo óvissir, að ekkert verð-

ur á þeim byggt. Eg verð að álíta, að frumvarpið sè sanngjarnt, og eigi menn því ekki að yfirgefa grundvallarreglu þess. Breytingaratkvæðið undir tölul. 15 tók eg mèr af því mèr þótti gjaldið af þiljuskipum of hátt, ef illa fiskaðist, Hvað tölulið 10. snertir, þá fer hann svo langt sem mögulegt er í þá stefnu, að gjaldið verði aldrei tilfinnanlegt, því þar er gjört ráð fyrir því tilfelli, að skip verði lítið brúkað, þeir sem því halda, að ákvarðanirnar eptir frumvarpinu geti nokkurn tíma orðið ósanngjarnar, sem eg held ekki geti orðið, ef breytingaratkvæði mitt viðvíkjandi þilskipum verður samþykkt, þeir hljóta þó að játa, að gjaldið geti aldrei orðið tilfinnanlegt, ef fallizt er á þenna tölulið, og vil eg ráða til þess, ef ekki verður fallizt á frumvarpið. Aðalgallinn á uppástungum minni hlutans er sá, að það er svo afarerfitt að fylgja þeim fram, og menn geta aldrei haft neina vissu fyrir því, að þeim væri vandlega hlýtt. Það er reyndar sjálfsagt, að það fyrirkomulag, sem nú er, er ekki gott, og því væri þörf á að breyta því, eins og líka er fyrirhugað í frumvarpinu. En það hefir verið sagt, að gallarnir á fyrirkomulagi þessu lægi mest í því, hvernig hinum núgildandi ákvörðunum væri framfylgt af yfirvöldunum, en þetta er alveg skakkt álitið. Þær ákvarðanir, sem nú gilda um spítalahlutina og uppástungur minni hlutans, leggja mönnum svo að segja í sjálfsvald að skapa sèr skatt, því þeir, sem gjaldið eiga að greiða, eiga að segja til gjaldstofnsins, og þeir hafa sjálfir hagnað af að segja ósatt til, og leiða þessar ákvarðanir þá þannig í freistni. Dæmið, sem tekið var úr Snæfellsnessýslu, sannar ekki, að neitt hirðuleysi eigi sèr stað frá yfirvaldanna hlið, heldur að eins, að menn segja ekki rètt til. Sú innheimtu-aðferð á spítalahlutunum, sem hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga talaði um, á sèr ekki stað nú fyrir vestan, reikningar hlutaðeigandi sýslumanna bera engan vott þar um, heldur sýna þeir einmitt hið gagnstæða, nefnilega, að þessi aðferð á sèr nú ekki stað, en eg veit ekki um, hvað verið hefir í hans ungdæmi. Allt það, sem fram hefir komið í máli þessu, sýnir annars bezt, hvað það er óhafandi, að láta menn sjálfa leggja á sig skatt eptir eigin geðþótta. Breytingaruppástungur þær, sem gjörðar hafa verið við uppástungur minni hlutans eru ónógar, því þó sumar af þeim bæti að vísu uppástungur minni hlutans, þá eru þær þó byggðar á hinum sama valta grundvelli. Það er sjálfsagt, að það kann að geta orðið nokkur ójöfnuður á gjaldinu eptir ákvörðunum frumvarpsins, en þetta er óumflýjan-

legt við alla skatta, og ójöfnuðurinn yrði hèr mjög lítill í samanburði við það, hvað hann yrði, ef menn fèllust á uppástungur minni hlutans; því af því gæti hlotizt mikill ójöfnuður, bæði milli einstakra manna og heillra sveita og veiðistaða, því þar sem eptirlitið er svo torvelt og jafnvel ómögulegt, er hætt við, að mjög misjafnlega verði sagt til hlutarhæðarinnar, sumstaðar vel og sumstaðar illa. Eg álít því mjög óráðlegt fyrir þingið, að fallazt á uppástungur minni hlutans, svo framarlega sem það vill málinu vel, og vill auka tekjur læknasjóðsins, heldur ætti þingið að fallast á frumvarpið sjálft, eða með breytingum þeim, sem minni hlutinn hefir gjört við það.

Stefán Jónsson: Þeir fáu, sem enn hafa talað, einkum framsögumaður og hinn 2. konungkjörni þingmaður, finnst mèr hafa heldur hallað á minni hlutann; og ýmsar getur hafa þeir leitt að því, hvað minni hlutanum hafi gengið til að breyta út af grundvallarreglu stjórnarfrumvarpsins; um það mun nú hver maður verða að ráða meiningu sinni, en þó vona eg, að allir sjái, að tilgangurinn hefir eigi verið sá að rýra tekjur spítalasjóðsins, þó hann breyti grundvallarreglu stjórnarfrumvarpsins. Hvað er það sem einkum hefir knúð meiri hlutann og hans fylgjara til þess að halda svo fast við stjórnarfrumvarpið? Það er þessi «control» sem lærðu mennirnir kalla, þetta eptirlit sem þeir segja að vanti í grundvallarreglu minni hlutans. Það getur vel verið eptirlitið sè nokkuð torvelt; en að það sè svo ómögulegt, sem þeir vilja segja, trúi eg ekki; það væri sannarlega sorglegt, ef allur þorri manna væri svo gjörspilltur, að ekki hikaði hann sèr við að ljúga til framtals afla síns til þess að komast hjá lítilfjörlegum sanngjörnum útgjöldum. Eg vona, að menn hafi svo mikla samvizkusemi, að menn segi rètt frá gjöfum drottins. Hvað er þess helzt valdandi, að lögunum er eigi hlýtt, það er að sanngirni vantar sem grundvöll þeirra; ósanngirni laganna er það, er freistar manna til þess að fara í kring um lögin; eg segi það skýlaust, að *sanngirni* — þetta orð sem mèr virðist sumum þingmönnum láta svo illa í eyrum — er meiri hjá minni hlutanum en hinum. Menn tala um örðugleika þá, sem á því sè, einkum hèr í Gullbringusýslu, að hafa eptirlit á því, hve hár aflinn er. Um það skal eg ekkert segja, með því eg ekki þekki hèr vel til, en hitt veit eg, að þar sem eg þekki til, eru þessir örðugleikar eigi ókleyfir. Þar sem menn segja, að þetta ali upp ósómann í óráðvöndum, þá segi eg: Eg vil heldur, að sek-

ur sleppi en saklaus líði; þetta ætla eg sè líka grundvallarregla fyrir lögum; það er auðvitað betra, að einstaka maður, sem er ódrengur, sleppi hjá gjaldi, en að margir ráðvandir gjaldi ranglátt gjald. Menn tala um, að gjaldið af skipunum aldrei nemi nema svo litlu, ekki nema fáum dölum, jafnvel 1 dal; það getur þó komið fyrir, að það nemi æði-miklu milli 50 og 80 rd. af stórum þilskipum. Þá finnst mèr engum ætti að dyljast það, að það er eigi rèttvíst að taka jafnt gjald, þegar illa fiskast og þegar landburður er. Eitt af því, sem talið er stjórnarfrumvarpinu til gildis, er það, að komist heimta spítalagjaldsins á eptir því, þá fái menn fast yfirlit yfir tekjur sjóðsins; þetta er satt, en eg get eigi skilið í öðru en að spítalasjóðurinn geti aukizt, þótt óvissar sè árstekjur hans. Það væri í sannleika hart, ef, af því að ein sýsla gjörir það erfitt, að hafa allt eptirlit, að þá skuli allar hinar sýslur landsins verða að beygja sig undir hana; eg held líka, að erfiðleikinn sè eigi óyfirvinnanlegur, því eg vona að menn hèr í Gullbringusýslu, eins og annarstaðar sem eg þekki til, sè svo vandaðir, að trúa megi orðum þeirra. Einhver fór að færa að því, að vèr minni hlutinn, mundum svo ánægðir með fuglareglugjörðina frá 1824, af því að menn hefði átt svo hægt með að hafa undanbrögð með henni. En það er ekki minni hlutinn einn, heldur bæði stjórnarfrumvarpið og meiri hluti nefndarinnar sem hefir látið þessa ákvörðun standa óhaggaða. Það var sagt, að minni hlutinn hefði rótað grundvallarreglu frumvarpsins; satt er það að vísu, en stjórnarfrumvarpið hafði líka rótað öllum gömlum reglum nema þessari frá 1824, og er óreynt, hvernig hin nýja muni gefast. Við undirbúningsumræðuna var tekið fram, að regla minni hlutans mundi ala upp ónytjunga og letingja, er þeir sjá, að aflamaðurinn sætir töluverðum álögum, en þetta ætla eg fjarlægt; afla-upphæðin er ekki óbrigðull mælikvarði fyrir dugnaði manna; sitt hvað er gæfa og gjörfugleiki; margur vinnur baki krotnu og blessast eigi. Það ekki þetta þing sem á að dæma um slíkt, því gæfan er gefin hèr að ofan. Eg get eigi annað sèð, en að vel megi bæta úr þeim göllum, sem á eru uppástungum minni hlutans, ef menn samþykkja nokkur af breytingaratkvæðunum, sem flestöll skýra hann, þótt sum þeirra eigi geti samþýðzt.

Sveinn Nielsson: Eg hefði eigi staðið upp, ef eg eigi hefði verið frá því hèraði, sem lagafrumvarpinu er stefnt að. Það er enn eigi búið að sanna, að sanngjarnara sè og rèttlátara að taka

skattinn af amboðinu eða verkfærinu, en af aflanum. Það verður hollast og affarabezt að búa til lögin svo, að þau sè sanngjörn og styðjist við hugsunarhátt þjóðarinnar og hagsmuni, og þetta vona eg vaki fyrir þingmönnum, svo þeir fari ekki að búa til lög, sem bersýnilega fara í gagnstæða stefnu. Menn eru að tala um, hvað bágt verði að ná niðurstöðu um afla-upphæðina. Mikið af þessum vandræðum er byggt á spádómum. Allir vita það, hversu hægt það er að vita, hvað aflazt hefir; menn hafa það í skýrslum, enda í 100 ára gömlum annálum. Eg held því þessi mótbára hverfi, þegar menn sanza sig. Það er satt, að hægra er að telja báta en hlutarhæð, en því hefir enginn enn getað hrundið, hvernig sem það hefir verið reynt, að það er eðlilegra og sanngjarnara að leggja skattinn á aflann en á bátinn; mönnum hefir vaxið það of mjög í augum, hvað þessi tollheimta muni verða erfið og umstangsmikil; en eg vil spyrja: Hvað er það, sem menn fá fyrirhafnarlaust af nokkrum gæðum? Einhver sagði, að sjólýðurinn mundi ringlast í reikningunum, ef hann ætti að fara að telja allt til, þar til vil eg svara því, það þarf engan sèrlegan reikningsmann til að telja hlut. Sú mótbára, sem menn hafa tekið til rengingar minni hlutanum út af fuglatekjutollinum er lítilvæg, og hvernig sem í því máli kann að liggja, getur hún eigi hrundið grundvallarreglu minni hlutans, því hún er byggð á sannri og verulegri undirstöðu. Eg nenni ekki að fara að elta breytingaratkvæðin; eg kann aldrei við að fara í þá lúsareikninga, þegar um verulega hluti er að gjöra; eg vil halda mèr við það verulega í hverjum hlut, en aldrei eltast við smámunina.

Framsögumaður: Eg stend eigi upp í þetta sinn, til að hrekja ástæður minni hlutans, því þær eru enn sem fyrr einar og hinar sömu, og marghraktar. Einlægt hringir sama bjallan, þessi sanngirni sem á að vera. Hversu óspilltir sem Íslendingar eru — og þingmaður Skagfirðinga ætlar þá englum líkari en mönnum — þá eru þeir eigi svo óspilltir, að eigi viti bæði guð og menn, að þeir draga opt undan af gjaldstofni sínum. Þegar þeir á Breiðafirði eigi geta talið rètt fram fuglinn, og það verður eigi haft eptirlit með því, þá mun eigi verða hægra að telja margfalt fleiri fiska í kringum allt land af ýmsum tegundum. Þar sem þingmaðurinn í Strandasýslu sagði, að amtmennirnir hefðu ekki verið samdóma um greiðslu spítalagjaldsins, þá er það eigi allskostar rètt. Þeir voru samdóma um grundvallarregluna að leggja gjaldið á skipin;

frá þeirri grundvallarreglu vildi eigi amtmaðurinn í Norðurumdæminu víkja, þótt hann væri ósamdóma um upphæð gjaldsins; eg ætla og, að hvorki konungsfulltrúi nè stjórnin hafi neitt á móti því, að gjaldið yrði fært upp og niður eptir því sem við eiga þykir. Þar sem hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga þóttist finna ósanngirni i breytingaratkvæði mínu undir 13. tölul., þá er mèr hvergi sárt um breytingaratkvæðið, en sjálfur sannaði þingmaðurinn bezt, að það var engan veginn ósanngjarnt, því eptir hans reikningi mundi það skip borga 16 rd. eptir uppástungum minni hlutans, sem eg hafði að eins gjört að borga 5 rd., svo það er ekki mín uppástunga sem mundi í þyngja með gjöldum. Þingmaður Rangvellinga fèkkst svo mikið um það, hversu ósanngjarnt það væri að taka jafnt gjald, hvort sem vel aflaðist eða illa; en sú ósanngirni hverfur, þegar tekin ern fleiri ár þótt illa fiskist eitt árið, bætir annað árið það upp. Eg sè ekki heldur, að það sè meiri ósanngirni í því að taka jafnhátt gjald af skipinu, hvort sem vel aflast eða illa, en það er að taka jafnt gjald af sauðfè, hvort sem er bezta ár eða þau harðindi, að inni verður að gefa allan veturinn. Eg get eigi betur sèð en að þá mundi margt fara að verða ósanngjarnt og ósamkvæmt hugsunarhætti Íslendinga, ef það að leggja gjald á eignina en eigi ágóðann, á að gera það; allir vita þó, að skip eru tíunduð jafnt hvort sem illa fiskast eða vel. Það er nokkuð undarlega til orða tekið að segja að menn viti um afla-upphæð eptir annálum og hver maður viti, hversu mikið hver fiski; þetta er tekið úr lausu lopti, og eg er hræddur um, að menn segi slíkt móti betri vitund. Hafi menn ástæðu til að draga undan um tíund og fuglatekju, því þá eigi líka um fisk? Það er þó auðið að sanna tíundarsvik, en eigi ósatt framtal um hlutar upphæð.

Jón Bjarnason: Það eru blessaðir fuglarnir á Breiðafirði, sem koma mèr til að tala fáein orð í þessu máli. Það er vissulega merkilegt, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi veit og skýrir frá að 100,000 fuglar fáist árlega í Snæfellssnessýslu; þar af væri eins og hann segir 4000 spítalahluturinn. Þetta væri talsverð inntekt fyrir sjóðinn (nálægt 100 rd); en jafnframt gat hann þess, að gjaldið sem sjóðurinn fengi úr Snæfellssnessýslu væri að eins fáir dalir. Eg vil spyrja, hvernig stendur á þessu? Amtmennirnir eru þó lögverjarar eða fjárhaldsmenn spítalasjóðsins, því láta þeir sjóðinn, sem er skjólstæðingur þeirra, verða fyrir slíkum órètti; það væri æskilegt, að amtmaðurinn í Vesturamtinu fengi að vita af

þessum óþolandi rangindum, sem eiga sèr þarna stað og mundi hann fljótt taka í taumana, því það er skylda hans. Eg vil spyrja hinn hæstvirta konungsfulltrúa, hvað er mikil fuglatekja og spítalahlutur af Vestmannaeyjum og fleirum stöðum, sem hafa fuglatekju hèr syðra? Eg vil geta þess, að nýlega hefir komið út lagaboð, sem bannar öll selaskot á Breiðafirði, en þó er í almæli, og mun rètt, að hvergi sè meiri selaskot á Breiðafirði viðhöfð en í Stykkishólmi; þar á þó valdið og vitið fast heimili; þar liggja og fuglatekjulöndin í sýslunni nálega hringinn í kringum yfirvöldin, og hvað sýnir nú allt þetta? Það sýnir, að þar sem lögreglustjórnin er of afskiptalítil að innræta mönnum virðingu, hlýðni og ótta fyrir lögunum, þar á sèr mest óhlutvendni stað. Það mun annars mega fullyrða, að allur fèlagslíkaminn sè veikur og kaunum sleginn, ekki síður þeir yfirboðnu með eptirlitaleysi, en þeir undirgefnu með svik og undandrátt í þegnskyldunni. Eg verð því alveg í nafni gjaldenda að mótmæla því, sem meiri hlutinn og hans menn hafa fyrir ástæðu, að vegna svika og afdráttar gjaldenda verði gjaldið að byggjast á föstum grundvelli, skipskrokknum, en ekki þeim rètta og eðlilega sem er afla-upphæðin. Eptir meiri hlutans fyrirmælum er spítalahluturinn fundinn þegar farið er að hvolfa upp eða setja fram til fiskiróðra. Eg held þá hefði verið nær að telja einu sinni á ári öll skip sem til væri, þar sem aflað verður og leggja gjaldið á þau; hinn heiðraði framsögumaður hefir sagt, að gjaldið eptir hans vilja og uppástungum yrði engum tilfinnanlegt, en mundi þó eins og allir vilja og er lífs og heilsu nauðsyn, auka mikið tekjur sjóðsins, aptur á móti segir hann, að eptir uppástungu minni hlutans, yrði gjaldið sumum *of tilfinnanlegt,* en auka lítið tekjur sjóðsins; eg tek í þessu atriði orðið tilfinning fyrir fjárútlát; þá vil eg spyrja: Hvað verður af gjaldinu frá þeim sem finnur ofmikið til útlátanna, ef að sjóðurinn fær ekki að því skapi ríflegari tekjur? Það er í þessu máli vel athugandi, að hinn heiðraði framsögumaður er einn af nefndarmönnum þeim hèr í Reykjavík, er sömdu og sendu stjórninni uppástungu til frumvarpsins, svo það að nokkru leyti er hans afkvæmi; það stendur stöðugt: »Enginn hefir um aldur sitt eigið hold hatað, heldur nærir hann það og fóstrar«. Þannig er það eðlilegt, þó hann vilji halda í því lífinu, en það er næsta erfitt, þar sem um slíkan óburð er að ræða, enda er hann sjálfur fóstrinn og framsögumaðurinn orðinn býsna reikandi í stefnunni, þar sem hann í nefndinni kemur

með aðra gjaldtröppu en í frumvarpinu er, eða hans fyrsta álit, og svo nú aptur er hann skilinn við sjálfan sig í nefndinni og kominn að annari niðurstöðu, eins og sýnir 11. og 13. töluliður á atkvæðaskránni. Þetta allt sýnir og sannar, að undirstöður minni hlutans eru byggðar á sanngjarnari, fastari og réttlátari grundvelli en meiri hlutans.

Pètur Pètursson: Eg hefi enn eigi heyrt neina nýja ástæðu af hendi minni hlutans móti meiri hlutanum; menn hafa í dag verið að taka það upp aptur, sem talað var við undirbúningsumræðuna. Þá var talað um sómatilfinningu Íslendinga, sem svo mikla, að óhætt væri að eiga undir framtali þeirra eptirlitslaust; þetta hafa, sè eg er, sumir, er þó halda með minni hlutanum, farið að rengja og vilja nú hafa öruggt eptirlit, samanber 26. atkvæði á atkvæðaskránni; ef þetta ríka eptirlit þarf, sem þar er farið fram á, þá er þetta mikill stökkur frá sómatilfinningunni; einn af minni hlutanum hefir viljað skerða að $^1/_6$ spítalahlutinn með því að ætla hann til launa fyrir þetta eptirlit; því nú sýnist traustið á sómatilfinningunni alveg farið og launalaust eptirlit á förum.

Minni hlutinn ber meiri hluta á brýn ósanngirni, er hann vill taka skatt af eign en eigi af arði; allir vita þó, að tíund er tekin bæði af jörð og skipi, eigi af heyjum, sem jörð gefur af sèr nè aflanum. Þótt í góðum árum skattur af sjávaraflanum yrði meiri en skipagjaldið, þá er hann svo óviss; aptur eru viss föst útgjöld á læknasjóðnum; menn kynni þá má ske í góðárunum að bendla læknasjóðinn við einhver gjöld, er hann eigi gæti borið, þegar óhappa-ár koma. Það gengur hreint yfir mig, að jafnfróður maður og sá var sem sagði, skyldi segja, að enda í 100 ára gömlum annálum gætu menn fengið að vita um hlutarupphæð. Í gömlum annálum fær maður sjálfsagt ekki að vita hlutarupphæð á hverjum báti, en hitt kann að standa í annálum, að þá hafi aflazt svo eða svo mikið á einn einstakan bát, ef það hefir þótt einstaklega mikið. Hèr á Suðurlandi vita menn eigi, hver hlutarupphæð er á öllum fjölda skipa, er hèr fer til sjávar, og eptir uppástungu minni hlutans verður eptirlitið miklu minna en það er nú, því svo sem til hagar hèr, er það í hag þeirra manna, sem boðið hafa í spítalahlutinn að hafa eptirlit á, að eigi sè undan dregið. Það sem minni hlutinn fer fram á, leiðir auk þess, svo sem tekið var fram við undirbúningsumræðuna, menn í freistni og spillir góðum sið-

um með eiðstilboðum; það er mjög ísjárvert að gefa lög, sem gjöra nauðsynlega allt of tíða brúkun á eiði, af því að öðrum sönnunum verður eigi við komið.

Ólafur Sigurðsson: Þó eg eigi tvö breytingaratkvæði hèr á atkvæðaskránni, er eg eigi svo fastur á að halda þeim fram, en þó vil eg leyfa mèr að geta þess í tilliti hins fyrra undir tölul. 4, að eg vildi skýra með því meining minni hlutans; því eg áleit að það mætti misskilja hann svo, að hann ætlist til, að spítalahlutur verði goldinn af öllu lýsi, en það vissi eg að aldrei var meining hans, en um breytingaratkvæðið undir tölul. 3, sem fer í líka stefnu, vil eg eigi neitt segja, með því eg eigi veit, hvort það getur komizt heim við niðurlagsatriði nefndarinnar, því þar er að eins talað um fiski- og hákarlsafla. Hvað útlenda hvalveiðamenn snertir, þá er ekki gott fyrir hreppstjóra að taka þá upp á skrárnar, því eg held að eigi sè hægt að segja frá hvaða hrepp skip þeirra ganga; auk þess sèst glöggt af ástæðunum fyrir frumvarpinu, að stjórninni þyki ísjárvert að leggja skatt á hvalveiðarnar, sem enn eru í bernsku. Hvað snertir mitt annað breytingaratkvæði undir 23. tölulið, þá felli eg mig allt eins vel við 30. tölulið á atkvæðaskránni, og mun því gefa honum atkvæði mitt, ef þetta fellur. En hvað því viðvíkur, sem framsögumaður sagði, að það hringdi allt af sú sama bjalla hjá minni hlutanum, að álit hans væri byggt á sanngirni, þá held eg megi líka segja, að það hringi allt af hin sama bjalla hjá framsögumanni, nefnilega að svik verði höfð í frammi með aflatöluna, svo gjaldið fáist ekki inn. Þessa skoðun byggir hann á Sunnlendingum sínum, sem hann þykist þekkja svo vel, og eg skal játa það, að slíkum undanbrögðum sè hægast að koma við hèr syðra; en hann vill ekki heldur láta norðurland hlutlaust, og í því skyni mun hann hafa komið með Skagfirzku söguna um daginn, þegar þetta mál var rætt til undirbúnings. En hversu mikið sem hann þandi hana út, þá sannaði hún aldrei það sem hann vildi sanna, og þó hefði hún gjört það enn síður, ef hann hefði sagt hana til enda, en þar á móti sannaði hún miklu fremur, að eptirlitið af hálfu hins opinbera sè í góðu lagi, eða jafnvel strangt fyrir norðan, og hvernig getur framsögumaður vantreyst valdstjórninni hèr til hins sama? Hann mun þó, fyrst hann er svona sögufróður, hafa heyrt eins og fleiri söguna af manninum hèr í Reykjavík sem eitthvað lítið braut á móti tilskipuninni af 5. jan. 1866, að hann mátti svara fyrir það töluverðum fèbótum.

Það sýnir þó ljóslega, að hèr eru til þau yfirvöld, sem ekki láta troða lögin undir fætur sèr.

Konungsfulltrúi: Eg get ekki upplýst hinn háttvirta þingmanni Dalamanna um það, hversu mikill spítalhlutarinn sè af fuglatekjunum á Vestmannaeyjum, af því eg ekki hefi hjá mèr skýrslur þar um, en eins og hinum háttvirta þingmanni mun vera kunnugt hafa hingað til spitalahlutir af fuglatekjunni á Vestmannaeyjum verið greiddir til fátækrasjóðsins þar á eyjunum en ekki til læknasjóðsins, og þeir hafa fyrst síðan árið 1865 runnið inn í læknasjóðinn, samkvæmt opnu brèfi af 24. marz 1863. Hvað snertir dæmi það, sem eg áður tiltók frá Snæfellssýslu, skal eg ítreka það, sem eg skýrt sagði, að eg hefði heyrt það af áreiðanlegum manni, en að eg ekki hefði vissar skýrslur um það.

Sighvatur Árnason: Eg verð að játa það, að skoðun mín í þessu máli hefir eigi breytzt á þá leið, að eg geti aðhyllzt grundvallarreglu frumvarpsins, og undir eins skal eg játa það, að eg vil hlynna að því, að tekjur læknasjóðsins gætu aukizt úr því sem verið hefir, enda virðist mèr grundvallarreglur minni hlutans hljóta að leiða það í ljós með tímanum ef þær yrði að lögum, og vel væri á haldið, að tekjur sjóðsins jykist talsvert, eins og búið er að sýna ljóslega fram á. Eg skal ekki fara fleirum orðum um málið yfir höfuð að tala, því eg býst ekki við, að röksemdaleiðsla mín bæti upp á það sem fram er komið, en einungis ætla eg að fara nokkrum orðum um sum þau breytingaratkvæði, sem hèr liggja fyrir.

Þar sem hinn háttvirti framsögumaður beindi orðum sínum til mín fyrir stuttu út af upptalningu fiskitegunda undir 2. tölulið og gat um, að þá hefði eins átt að telja annað fleira, hvar á meðal hann nefndi hlýrann; en eg hugsaði að hann mundi bæði þekkja það orð og jafnframt vita, að hlýri er steinbítstegund, og almennt kallaður steinbítsbróðir, og þess háttar er líkt því, að gjöra aðgreining á færafiski og netafiski, sem hann veit mikið vel, að enginn ætlazt til. Þessum tölulið skal eg að öðru leyti eigi halda fast fram, en vil geta þess, að svo framarlega sem minni hlutinn og þeir þingmenn sem hann vilja styðja, álíta betur eiga við að nefna nokkrar aðrar fiskitegundir en þorsk og ísu, og hafa ekki viljað fella háf og steinbít úr þessu tali undir 8. tölul., þá finnst mèr ekki minni ástæða til, að nefna þær fiskitegundir, sem eru undir 2. tölul.; því eg held menn verði að játa, að þær fiskitegundir eiga sèr engu síður stað í sjáfarafla landsmanna.

Töluliðunum 5. og 6. skal eg heldur ekki halda fast fram, jafnvel þó eg álíti lifrartunnutalið eigi miklu betur við en lýsistunnutal, því hákarlsafli er víðast hvar rakleiðis talinn eptir lifrartunnum en engu öðru. Hèr sunnanlands er almennt álitið, að úr hverri lifrartunnu fáist hálftunna lýsis til jafnaðar, og væri þá hálf alin af hverri lifrartunnu í sama hlutfalli og ein alin af lýsistunnunni.

Undir eins og eg sá þessa atkvæðaskrá bjóst eg við að sjá jafnframt, að meiri hluti nefndarinnar mundi hafa aðhyllst 10. tölul. en það er ekki að sjá af atkvæðaskránni, og finnst mèr það lýsa ósamkvæmni þeirra, sem fylgja frumvarpinu, því það er þó sannarlega óeðlilegt að af skipum sem ganga á fiskiveiðar einungis fáa daga á öllu árinu og afla jafnaðarlega lítið, og á þetta sèr einkum stað í brim veiðistöðum, þar sem eingöngu verður að hafa stóru skipin til brúkunar, skuli goldið annað eins gjald eða meira en af þeim skipum sem haldið er úti svo að segja árið um kring og eiga að jafnaði eins víst að afla 10 hndr. á ári hverju eins og hin 1 hndr. á ári.

Breytingaratkvæðið undir 26. tölul. er að miklu leyti samvaxið hugsun minni eða næsta tölulið, nema hvað eg álít mjög óhagkvæmt að ætlast til, að allar skýrslur frá öllum formönnum í hreppnum skuli vera svo fljótt komnar til hreppstjórans eptir 12. maí, að hann hafi nægan tíma til að yfirfara þær og semja eina aðalskýrslu allt saman til að leggja fyrir sýlumanninn á næsta manntalsþingi, þar sem þingin eru vanalega haldin eða byrjuð hèr á Suðurlandi strax eptir miðjan maí nefnilega frá 15-18.; ættu eptir þessu allar skýrslur að komast í kring og fullgjörast á 3—6 dögum; þetta álít eg óhugsandi; en þar á móti væri þetta tímatakmark haft 1. janúar, yrði nægur tími til að ná inn þessum skýrslum, og því auðveldara fyrir hreppstjórann að ganga ýtarlega eptir upphæð aflans í hreppnum og ganga vel frá aðalskýrslunni, sem gjaldið á að heimtast eptir. Af því eg ímynda mèr nú, að þingmenn sjái þetta vel, og að eg á hinn bóginn býst við, að menn kunni að aðhyllast 26. tölulið, og sá næsti falli þar fyrir af sjálfu sèr, þá vil eg leyfa mèr að stinga upp á því, að 28. töluliður verði borinn upp til atkvæða á undan þeim 26. Það annað, sem mèr finnst athugavert við breytingu 3. greinar, nefnil. það sem stendur undir 30. tölul., að skipseigendur greiði gjaldið af hendi; sú regla er talsvert brotameiri en áskilið er undir 29. tölul., því

stundum eru margir eigendur að sama skipi, og yrði þá að krefja þá alla hvern fyrir sig um gjaldið, eða einn þeirra, og yrði þá má ske ofan á, að hver vísaði til annars, og er hvorugt greiðlegt; en þar á móti, ef formaður ætti einn að greiða gjaldið af hendi fyrir allt skipsfèlagið móti endurgjaldi, yrði innheimtan einfaldari og brotaminni; eg álít líka, að þetta eigi betur við, bæði vegna þess, að ef formaður gefur skýrsluna, að hann þá undir eins annist um gjaldgreiðsluna samkvæmt skýrslunni, og að formaðurinu er í það heila tekið nokkurs konar ábyrgðarmaður alls skipsfèlagsins. 37. töluliður á atkvæðaskránni hefir orðið fyrir nokkuð hörðum dómi, og færður á lakara veg af hinum háttvirta 1. konungkjörna þingmanni, er eg átti einna sízt von á af honum. Tilgangur uppástungunnar var einkum sá, að þessum skýrslum væri ekki svona borgunarlaust fleygt á hreppstjóra ofan á allt annað, sem þeir hafa að gjöra því nær launalaust; og mèr finnst mjög ísjárvert að hlaða þannig á þá aptur og aptur án nokkurs endurgjalds; þetta var tilgangur minn með uppástungunni, en áleit á hinn bóginn, að tekjur læknasjóðsins mundu samt sem áður aukast með þessari grundvallarreglu, ef ýtarlega væri eptir henni gengið, þótt $^1/_6$ gengi til borgunar fyrir innheimtuna, og undir eins væri þetta aðhald fyrir hreppstjórann til að ganga rækilega eptir, bæði góðri tilsögn og góðum skilum á gjaldinu; þó menn segði nú, að þessi þóknun til hreppstjóranna yrði eigi nema í sjóarsveitunum, þá er líka auðvitað að einungis í þeim sveitum er um þessar skýrslur að ræða, og mundi ekki hreppstjórinn verða of íhaldinn fyrir þessar spítalaskýrslur og innheimtuna út af fyrir sig, þó hann hefði þenna sjötta part af gjaldinu. Að öðru leyti skal eg ekki fara fleiri orðum um málið, því það verður að vera á þingsins valdi, hvað það ræður af í þessu efni.

Jón Sigurðsson: Það er vandi fyrir mig að tala í þessu máli, þar sem eg er enginn sjómaður, og þekki því allt of lítið til þess, hvernig til hagar við sjávarsíðuna. Ágreiningurinn er mestur milli þeirra manna, sem bezt þekkja til, hvernig í þessu tilliti hagar til við sjóinn. Eg skal samt geta þess, að eg get ekki betur sèð, en að eptir allar þessar miklu umræður, sem fram eru komnar um málið, sèu ástæður þær, sem fram eru færðar af hendi minni hlutans, enn þá með öllu óhraktar. Það hefir verið sagt bæði nú í dag og við undirbúningsumræðuna, að þessi breytingaratkvæðamergð við minni hlutann, sýndi berlega á hve veikum

fæti álit hans stæði; en eg skal að eins geta þess, að öll þessi breytingaratkvæðatrossa, ekki í minnsta máta raska grundvallarreglu minni hlutans, heldur miða þau flest af þeim til að skýra meiningu hennar og koma sem beztri samhljóðun í frumvarpið. Framsögumaður hefir enda sjálfur viðurkennt, að grundvallarregla minni hlutans væri sanngjarnari en meiri hlutans, og einungis haft það á móti áliti hans, að eptirlitið og innheimtan á spítalahlutunum yrði miklu erfiðari og jafnvel ómöguleg, ef uppástungur minni hlutans yrði teknar, en eins og honum hefir ekki tekizt að sanna þetta, eins er það víst, að það er ekki rètt, að hafna rèttri og sanngjarnri reglu, þegar um skatta-álögur er að ræða, en þótt það sè nokkrum erfiðleikum bundið, að framfylgja henni. Það var og eitthvað skrítið bæði hjá framsögumanni og hinum 2. konungkjörna þingmanni, þegar þeir báðir í dag bera það á borð fyrir þingið, að ef minni hlutanum sè fylgt, þá verði spítalatekjurnar mun minni en hjá meiri hlutanum, en við undirbúningsumræðuna voru þeir að vandræðast yfir því, að tekjur þessar yrðu allt of miklar eptir áliti minni hlutans, og því of þung álaga fyrir gjaldendur; þetta er nú eitthvað undarleg ósamkvæmni hjá þeim, sem mest og bezt vilja verja mál meiri hlutans. Það er margbúið að sýna og sanna, að læknasjóðurinn vinnur eptir uppástungum minni hlutans talsvert í tekjum, og að hann vinnur það á eðlilegan og sanngjarnan hátt, þar sem það er gjald, sem engum greiðanda getur orðið tilfinnanleg byrði í. Hèr er sem sè um 1% af hreinum og beinum afla að ræða, og það sjá allir heilvita menn, að engum gjaldenda getur verið íþyngt með þessu gjaldi. Dæmi það sem hinn 1. konungkjörni þingmaður tók af tíundinni, fannst mèr óheppilega valið; það sýndi einungis, að annaðhvort skildi hann ekki sig sjálfan, eða hann villtist í dæminu, því verður sem sè ekki móti mælt, að grundvöllur tíundarinnar var í öndverðu sá, að hún skyldi vera $^1/_{10}$ hluti ágóða þess fjár, sem talið var til tíundar, og því er hún beinlínis tekjuskattur. Hið sama er um jarðatíund að segja, því þó leiguliðinn greiði hana af hendi, eptir ómunatíðarvenju, þá er hún engu að síður einn hluti landskuldarinnar og þess vegna hreinn tekjuskattur, eða með öðrum orðum: landsdrottinn fær þeim mun minni landskuld, sem nemur tíundarupphæðinni. Mèr finnst því, að önnur samlíking hefði legið beinna við en þessi, og það er, að ef sú setning frumvarpsins er rètt, að leggja spítalahlutina á skipin, þá væri í samhljóðun þar

við einnig rètt, að afnema tíundina og öll önnur gjöld, sem byggjast á tíundarframtali, og leggja þau á búsgögn bóndans, keraldið, trogið, kvörnina o. s. frv. Því verður sem sè ekki móti mælt, að skipið er búsgagn á sama hátt og orfið og hrífan, og því arðlaus hlutur, nema mannshöndin sè til að beita því og nota það. Það hefir verið sagt, að af því, að spítalagjaldið ætti að leggjast á framtölu gjaldenda sjálfra, þá mundi leiða af því siðaspillingu með tilliti til þess, að af því mundi fljóta vanbrúkun eiðsins. En eg skal benda á eitt gjald, sem beinlínis byggist á framtölu hlutaðeigenda undir eiðstilboð; það er erfðagjaldið eða hundraðsgjaldið til konungssjóðs, þar sem myndugir erfingjar eiga hlut að máli, og sem annaðhvort er $^1/_2$%, nefnilega þegar lífserfingjar erfa, eða $4^1/_2$% þegar úterfingjar taka arf; gefa þá erfingjar, eins og kunnugt er, skýrslu um upphæð arfsins undir eiðstilboð, og greiða gjaldið eptir því. Veit eg ekki til, að nokkurn tíma hafi leitt ágreining, eða siðaspillingu af þessu gjaldi, og sèr þó hver maður, hvað miklu þyngra þetta gjald er, en spítalagjaldið yrði, það er að segja, þegar um útarfa er að ræða, og hefi eg þó aldrei heyrt menn kvarta yfir því. Eg ætla ekki að fara neitt út í atkvæðaskrána, en lýsi því yfir, að eg aðhyllist álit minni hlutans og þau breytingaratkvæði, sem eg álít að bæti hann og skýri.

Arnljótur Ólafsson: Þingmenn hafa nú leitt saman gæðinga sína, bæði af hálfu meiri og minni hlutans, og af beggja hendi eru mótbárur komnar fram. Það er einkum ein mótbára frá hendi meiri hlutans, sem mèr þykir undarleg; framsögumaður gat þess einkum, að ef þingið aðhylltist minni hlutann, mundi stjórnin aldrei geta fallizt á, að uppástungur hans yrði að lögum; framsögumaður tók enda svo djúpt í árinni, að hann talaði rètt eins og hann væri ráðgjafi konungs, og mundi sèr aldrei detta í hug, að ráða konungi til að fallast á álit minni hlutans. Það var þó góð huggun, að hann eigi ógnaði þinginu með að segja af sèr allri ráðsmennskunni, eður þingmennsku! En mótbára þessi hefir lítið að þýða, er menn bezt fá sèð, þegar menn skoða samband það sem bæði minni og meiri hlutinn standa í við hina eldri löggjöf. Eg vil nú spyrja framsögumann hvor þessara tveggja hluta nefndarinnar standi í meiri samkvæmni við hin eldri lög tilsk. 27. maí 1746 og konungsbrèf, 26. maí 1824. Það er þá auðsèð þegar í stað, að grundvallarregla sú er minni hlutinn fylgir fram, það er að segja, að leggja gjaldið á aflann en ekki á verkfærið, stendur *ein-*

mitt bæði í tilskipuninni 27. maí 1746 og konungsbrèfinu 26. maí 1824. Af þessu leiðir beinlínis, að það væri mjög svo óeðlilegt, ef stjórnin ekki aðhylltist álit þess hluta nefndarinnar, sem auðsjáanlega vill fylgja þeirri grundvallarreglu, sem stjórnin hingað til sjálf hefir fylgt. Það skyldi þá vera af því, að stjórninni þætti minni hlutinn fylgja sèr of fast og vel, en þess konar ósamkvæmni dettur mèr ekki í hug, að stjórnin gjöri sig seka í. Eg veit annars vel, að stjórnin í þessu frumvarpi hefir fallizt á gagnstæða reglu, þeirri sem hún áður hefir fylgt, eða á þá reglu, sem nefndin í Reykjavík, sællrar minningar, fann upp. Þessu næst vildi eg fá upplýsing hjá framsögumanni um það, hví hann, og þeir, sem með honum eru, hafi vikið frá sinni eigin grundvallarreglu; en þetta hefir þó meiri hlutinn gjört, þar sem hann leggur töfalt meira á hákarlaskip en á fiskiskip. Það er auðsèð, að meiri hlutinn hefir hèr misst fótanna, og hlaupið inn á grundvallareglu minni hlutans; hann hefir yfirgefið verkfærin að hálfu leyti og lagt gjaldið á arðinn eða aflann. Eður, má eg spyrja, hverja ástæðu hefir nefndin haft til að leggja helmingi þyngra gjald á þilskipið, þegar það er haft til hákarlaveiða en þegar það er haft til fiskiveiða? Víst enga aðra en hinn ímyndaða meiri arð af hákarlsaflanum, því þilskipið er hið sama í sjálfu sèr, hvort sem það er haft til fiski- eður hákarlaveiða.

Það hefir mikið verið talað um óvissu spítalatekjanna eptir minni hlutanum; það er satt, þær eru óvissar, að því leyti sem þær breytast, eptir því, hvort fiskast vel eða illa, og þess vegna hækka þær og lækka; en allt að einu er ástatt með *ósanngirni* meiri hlutans, hún færist upp og niður, hún stækkar og minnkar eptir því sem hún fer fjær eður nær rèttu hlutfalli við aflann; hún er í öfugu hlutfalli eður fer í öfuga átt við aflann, eður með öðrum orðum: regla meiri hlutans er *ósanngjörn,* af því að hún fer ekkert eptir arði verkfærisins; en regla minni hlutans er *óviss*, af því að hún fer eptir aflanum. Nú geta menn borið saman þessa galla hjá báðum hlutum nefndarinnar; það er að segja óvissuna hjá minni hlutanum og ósanngirnina hjá meiri hlutanum. Báðir gallarnir eru jafnir að stærð, svo sem eg hefi sýnt, en þeir eru eigi jafnslæmir nè jafn óheppilegir. Það er reyndar satt, að framsögumaður hefir nýlega búið til skýringu yfir orðið sanngirni, sem er viðlíka rètt og heppileg sem útskýring sú, er vèr nýlega sáum á prenti yfir orðið »franco«. Eitt er það og, sem eg er viss um að

muni mæla fram með minni hlutanum hjá stjórninni, en það er það, að hann fer í öllu eptir sömu reglu, sem stjórnin sjálf lætur haldast um fuglatekjuna í 6. gr. frumvarpsins. Þá er og sagt, að eptir minni hlutanum muni undanbrögð í meira lagi eiga sèr stað; en hvar er það, má eg spyrja, sem undanbrögð ekki komast að þegar um skatta er að ræða? Það er einungis einn skattur, þar sem þau komast ekki að, og það er *nefskatturinn*. En eg ímynda mèr, að meiri hlutinn vilji þó eigi verða svo hræddur við undanbrögðin, að hann fari að stinga upp á, að enginn skattur skuli greiddur hèr á landi nema *nefskattur*. Það hefir og verið farið mörgum þungum og hörðum orðum um, að þessi grundvallarregla minni hlutans freistaði manna og leiddi til siðaspillingar. En eg ætla að spyrja fyrir hönd alþýðu. Er það alþýðu að kenna að ekki hefir verið tekið spítalagjald af hákarlaskipum í Vestur- og Suður-umdæminu, nè af lundatekju í Suðurumdæminu eptir konungsbrèfi 26. maí 1824? Nei, þetta er engan veginn alþýðu að kenna. Til þess að fara að dæmi þingmanns Dalasýslu, þá getum vèr snúið setningunni við og sagt, *undanbrögð* í þessu efni, eru ekki annað en mælikvarði fyrir eptirgangsleysi og eptirlitsleysi yfirvaldanna í því að framfylgja lögunum, eða þá að sjá um að þeim sè hlýtt, og því hlýtur meiri hlutinn að komast að þeirri ályktun, að nauðsynlegt sè að setja *ósanngjarna* reglu fyrir letisakir yfirvaldanna, fyrir sakir eptirlitsleysis þeirra og ódugnaðar.

Eg skal að endingu í fám orðum minnast á nokkur breytingaratkvæði, einkum 10. tölulið í sambandi við 19. og svo 15. tölulið. Tölul. 15 setur gjaldið niður um helming á öllum þilskipum, og 10. tölul. um helming á sumum skipum og 19. tölul. á enn fleiri skipum. En eg vil nú leyfa mèr að spyrja, hafa nú uppástungumennirnir gjört sèr nokkra grein fyrir því, hver áhrif þetta muni hafa á spítalagjaldið, eða hvað mikið það muni rýra þenna skipaskatt meiri hlutans, þeir ætti þó að geta ábyrgzt að spítalasjóðurinn hefði eigi að lyktum einnig skaða af öllum þessum niðurfærslum. Þar sem hinn heiðraði framsögumaður sagði um 9. tölulið, að vega þyrfti hvern hákarl, þá kemur þetta til af ókunnugleik hans á reglum þeim er hafðar eru fyrir norðan til að framfylgja konungsbrèfinu 26 maí 1824, *b.*; en þessar reglur, skal eg útvega honum í vináttu og virðingarskyni.

Framsögumaður: Eg þarf að eins fáu að svara þingmanni Borgfirðinga, því að hann gjörði ekki annað en afbaka orð mín,

og vil eg ekki elta slíkt; þinginu má fyrir mèr þykja það gott og ágætt, að menn leitast þannig við að vefja málin, og ef til vill, villa sjónir fyrir mönnum og telja slíkt vott um góðan þingmann. Að því er snertir það, er hann sagði, að það væri meiri samkvæmni milli minni hlutans og konungsbrèfsins 26. maí 1824 og tilskipunarinnar 1747, en á milli meiri hlutans og þeirra, þá getur það verið, en það er hið gamla fyrirkomulag, sem hefir þótt óhentugt. Það var auðheyrt á orðum hans, að hann hvorki hefir lesið nefndarálitið nè atkvæðaskrána (*Arnljótur Ólafsson*: Eg meinti Reykjavíkurnefndina). Eg held þingmaðurinn viti lítið um uppástungur hennar (*Arnljótur Ólafsson*: Þær sjást í ástæðunum). Nei, það sèst þar ekki, og eg kæri mig ekki um að fræða hann um álit hennar, enda kemur það ekki málinu við, og skýrir það ekkert. Hann vildi verja minni hlutann með því, að undanbrögð ættu sèr alstaðar stað, en því meiri undanbrögð sem eiga sèr stað, því heldur eiga menn að forðast, að gefa tilefni til þeirra. Eg skal heldur ekki svara þingmanni Dalamanna mörgu. Hann var að drótta að yfirvöldunum á Stykkishólmi, að þau liðu þar selaskot; en eg verð að svara honum því, að það er annað, að þykjast vita, og geta sannað, þótt menn þykist sannfærðir um þess konar, þá er eptir að sanna það; því að þótt menn fái þess konar fregnir, þá er það annað, en að hafa votta að því; og eins er fyrir þingmanni Barðstrendinga um fuglatekjuna á Breiðafirði (*Eiríkur Kúld*: Eg get sannað það). Nei. Það var líka annar misskilningur hjá honum og þingmanni Suður-Þingeyinga um, að eg hefði sagt, að gjaldið yrði tilfinnanlegra eptir uppástungum minni hlutans; en þeir gættu ekki að, að þar kom viðbót við; menn mega ekki slíta þannig í sundur setningar, og taka að eins helminginn (*Jón Sigurðsson* frá Gautlöndum: Jú)) Eg sagði, að það kynni að verða, að spítalahlutirnir yrðu meiri eptir uppástungu minni hlutans, heldur en eptir uppástungu meiri hlutans, ef öll kurl kæmu til grafar. Eg ætla hvorki að hrósa yfirvöldunum hèr eða fyrir norðan; en dæmi það, er þingmaður Skagfirðinga kom með, sannar ekki röggsemi yfirvaldanna þar nyrðra. Það er ekki ástæða til að bregða yfirvöldunum hèr syðra um hirðuleysi, þótt tíundarsvik komizt upp fyrir norðan, heldur skyldi menn einmitt ætla, að hèr sè strangara eptirlit og tíundarsvikin því minni, svo að eigi sè ástæða til að höfða mál á hendur bændum. Dæmið úr Skagafirði sýnir, að menn eru eins breiskir í þessu fyrir norðan og annar-

staðar (*Arnljótur Ólafsson*: Ósannað). Jú, það er sannað (*Björn Þórsson*: Ekki um Austfirðinga). Þingmaður Rangæinga vildi afsaka sig með því, að eg vissi ekki að hlýri væri sama sem steinbítsbróðir, en eg get sagt honum, að steinbítsbróðir er annað orð en steinbítur. Hann sýndi nú bezt sjálfur, hversu uppástungur minni hlutans eru óhafandi, því að það væri ekki hægt að fá skýrslurnar um hluta-upphæðina í tæka tíð, eða fyrri en árið eptir. En hvar er formaðurinn þá? Hann er ef til vill dauður og grafinn. Það er einmitt það, sem vakir fyrir meiri hlutanum, að skýrslur þessar sem minni hlutinn stingur upp á, verða ætíð ónákvæmar, þótt þær fáist. Hann afsakaði uppástungu sína undir 37. tölul., en hélt að tekjur sjóðsins mundu samt aukast, ef öll kurl kæmi til grafar, en þar strandar allt á. Þingmaður Suður-Þingeyinga var einnig að berja það fram, að þessi gjaldstofn minni hlutans væri svo samkvæmur hugsun þjóðarinnar; hann sagði, að tíundin væri $^1/_{10}$ partur af arðinum. En má eg spyrja hann, er þá tíundin af skipi einn tíundi partur af arði þess (*Jón Sigurðsson*: Nei). Eg skal svo ekki tala um fleira að sinni.

Jón Guðmundsson: Þótt umræðurnar um mál þetta séu nú orðnar langar, verð eg samt að leyfa mér að leiða athygli að því, að eg held, að þingið hafi gefið of lítinn gaum að einu, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi benti á og tók ljóslega fram í ræðu sinni, en það var þetta, að tilefnið til þessa máls væri sprottið frá þinginu sjálfu; því það er þingið, sem hefir beðið stjórnina um frumvarp eða ákvarðanir um betra fyrirkomulag á spítalatekjunum, og það ekki að eins einu sinni, heldur 5 eða 6 sinnum, þing eptir þing, og meira að segja, það sitja hér nú á bekkjunum meira en $^3/_4$ partar af þessum sömu þingmönnum, sem hafa beðið áður um betra fyrirkomulag á tekjunum. En hvað skeður nú? Vér, hinir sömu þingmenn, sem höfum beðið stjórnina svona aptur og aptur um nýtt fyrirkomulag, því vér álítum það óhafandi, sem verið hefir til þessa, vér berjumst nú með hnefum og hnúum móti því, að þetta betra og margfalt tryggara fyrirkomulag, er stjórnin gjörir nú um síðir kost á í frumvarpi þessu, en viljum nú hverfa til annars miklu verra en þess sem verið hefir, og leitum allra bragða til þess að fylgja því fram. Mér var sagt um daginn, að í framanverðri undirbúningsumræðunni, áður en eg kom þá á fund, hefði einn af þingmönnum sagt, að þetta væri ill ganga stjórnarinnar fyrsta sinn, er hún færi að leggja skatta á oss Íslendinga. En

má eg spyrja, er þetta þá ekki ganga ill, þessi hin fyrsta ganga alþingis, eða er hún að nokkru fegri, þar sem hinir sömu þingmenn, sem aptur og aptur hafa beðið um betra fyrirkomulag, hafna því, en gjöra sèr allt far um, að leiða í lög annað sem miklu er verra en það sem verið hefir. Nú er sem sè minni hlutinn og allir þeir sem honum fylgja, að berjast fyrir því, að taka gjaldið *af aflanum* eins og áður, en gjald þetta verður sjálft miklu stopulla og fyrirkomulagið til að heimta það og ná því margfalt umstangsmeira en áður: Það er auðskilið, að þetta er ekki nema til að blekkja þjóðina, þar sem þèr eruð hèr allt af að tala um sanngirni og sanngirnisástæður, látizt byggja á henni og berið fyrir á öðru leytinu að menn vilji ekki íþyngja á gjaldendum, en á hinn bóginn, að fyrirkomulagið sem þèr stingið upp á, hljóti að verða til mestu hagsmuna fyrir læknasjóðinn og margfalt meiri, heldur en yrði eptir grundvallarreglu frumvarpsins. Þar sem þingmaður Borgfirðinga var að tala um jöfnuð minni hlutans og ósanngirni meiri hlutans — hann sagði nefnilega á þá leið, að sanngirnisástæða minni hlutans hefði að eins nokkra óvissu (um gjaldið) í för með sèr, en aptur væri vissa fyrir ósanngirninni fólgin í uppástungum meiri hlutans — þá vil eg gefa honum rètt í þessu að nokkru leyti, ef hver regla fyrir sig ætti að gilda að eins fyrir *eitt* ár, því allir vita, að það getur verið mjög mismunandi fiski-ár. En með því hèr er að ræða um stöðugt og viðvarandi gjald hjá meiri hlutanum, sem aldrei breytist, þó að fiski-árin sè misjöfn en er mjög vægt í sjálfu sèr, þá jafnar sig eða vegur sig upp um nokkurra ára röð ójöfnuður sá, sem hèr virðist að vera mesta umtalsefnið; allt eins og það sem liggur til grundvallar í landslögum vorum og landsvenju um fastákveðin jarðagjöld og kúgildisleigur o. fl. þessleiðis gjöld, hvernig sem veltist og hvernig sem í ári lætur. Hver eða hvar er sá maður á Íslandi, er hafi nokkurn tíma til hugar komið eða farið fram á, að jarða-afgjaldið ætti að setjast niður, þótt grasleysisár eða þerrileysisár kæmi yfir? Eg held, ef leiguliðinn færi fram á, að sett yrði niður afgjaldið af slíkum rökum, þá segði jarðeigandinn: Eg hefi aldrei heimtað meira gjald af þèr í bezta ári, heldur en það sem ákveðið er í byggingarbrèfi þínu, og þess vegna getur þú eigi ætlazt til linunar af mèr, þó að nú sè bágt ár og harðæri; »þú segist ekki hafa fengið nema eina 200 í garð í þessu einstaka óári, og eg veit vel að þú færð allt að 500 í garð í meðalári, en eg hækkaði ekki landskuldina við þig í hitt eð fyrra,

þegar guð gaf þèr 800 í garð. Sama er um leignagjaldið, engum manni kemur til hugar að hækka það, þótt málnytan verði margfalt meiri eitthvert árið, og þó að allar kúgildisærnar sè tvílembdar; og ekki heldur kemur neinum til hugar að fá eptirgjöf í leigunni að því skapi sem málnytubresturinn verður eða þó að drepist undan allt að helmingnum af kúgildisánum. Þetta styðzt við þá ómuna lenzku og venju, að hver einfaldasti leikmaður og kotungur hèr skilur það og álítur á óyggjandi rèttum rökum byggt; en nú koma alþingis þingmenn Íslendinga, þessir útvöldu þjóðarinnar, og segjast vilja setja og leiða í lög grundvallarreglu, sem þessu er gagnstæð og móthverf þeirri reglunni, sem haldizt hefir almennt og verið viðurkennd rètt og góð síðan land þetta byggðist fram á þenna dag; þingmenn segja nú: Vèr komum hèr með margfalt betri reglu byggða *á sanngirninni(!)* Eg álít nú óþarfa að fara út í þær einstöku mótbárur, sem minni hlutinn hefir komið fram, því sumar af þeim eru næsta hlægilegar, enda hefir eigi vantað, að þær hafi bakað megnan hlátur hèr í dag í salnum. Það hefir t. d. verið sagt, að það væri ekki svo hætt við, að menn mundu draga undan af því, sem guð gefur manni, Íslendingar sèu ráðvandari og guðhræddari en svo, að þeir gjöri það. Þetta lætur fagurt í munni, og eg skyldi ekki gjöra lítið úr því, ef vèr gætum átt von á, að guð sjálfur gæfi okkur líka skýrslurnar yfir það, sem hann gefur, þá værum við góðir. Það sagði einu sinni merkur maður í mín eyru, og má ske meðfram í spaugi: «Enginn getur kallað það þjófnað, þó að maður taki rekabút á sandinum, heldur en fara með lausa hestana heim, það er ekki víst, að guð hafi gefið það fremur einum en öðrum». «Vei þeim manni, frá hverjum freistingarnar koma»; það stendur fast; en þá segi eg þrefallt vei yfir lögum, sem eru til ásteytingar og hneykslis, og yfir þeim mönnum, sem styðja að því, að búa til lög, sem eru svo úr garði gjörð, að þau leiði menn í freistni. En öll þessi breytingaratkvæði, viðauka-atkvæði og vara-atkvæði, sem fylgismenn minni hlutans hafa fundið; nauðsyn á að bera upp við uppástungur hans, þau sýna bezt, hvað sjálfum þessum mönnum hefir verið ljóst ágæti þeirrar grundvallarreglu, sem þeir eru hèr að berja fram, og hvað auðgefið mun verða að fylgja henni fram í verkinu eða hvað ljóst þeim hefir verið allt hið margbrotna fyrirkomulag, sem það hlýtur að hafa í för með sèr. Það er t. a. m. óskiljanlegt, að þingmanni Borgfirðinga, annar eins hagfræð-

ingur og hann er, skuli hafa yfirsèzt að taka svo mýmargt fram, sem er algengt að ákveða í þess konar lögum, t. d. þar sem minni hlutinn miðar gjaldið við tólfræð hundruð, að þá er ekkert ákveðið um, hvort æfinlega skuli vera fullt hvert hundrað hundruð, til þess að fullt gjald skuli greiða, eða eins og þegar hálft hundrað sè og þar yfir, en aptur falla niður, ef ekki nái hálfu hundraði. Eg get vel ímyndað mèr, eptir því, sem eg þekki landa mína, að þegar þetta væri orðið að lögum, sem minni hlutinn ráðgjörir, þá yrði mörgum formanni að segja: «já, ekki náði hluturinn hjá mèr fullum 5 hundruðum stórum, það voru aldrei nema 95 til 5. hundraðs tíræðs», það er að segja, vantaði 5 fiska upp á 5 hundruð tólfræð; um þetta hefði þó reglur minni hlutans, sem eru svo smásmuglegar að öllu, átt eitthvað að taka fram. En það er einnig í öðru atriði, sem þingmanni Borgfirðinga hefir yfirsèzt skemmilega í, og orðið of nákvæmur, þar sem hann t. a. m. vill láta fara að bita niður og vega hákarlinn; en hvort það eigi að vega hann með skrápnum á eða ekki, eða í fjöru eða upp úr kösinni, eða það á að vega hann, þegar hann er orðinn harður og 2—3 ára gamall, eða kann ske að eins 7 ára gamlan hákarl, eins og tröllskessan heimtaði. Þingmaður Dalamanna kenndi eptirlitsleysi yfirvaldanna um, að spítalagjaldið greiddist svo illa, og hafa fleiri úr þeim flokki orðið til þess, að taka í þann strenginn, og að tala digurmannlega um það, að yfirvöldunum væri engi vorkunn, og ætti sízt að hlífast við að hafa lögin svo, að yfirvöldin bæði hefði nóg að gjöra og mættu til að gjöra skyldu sína. En geta þessir þingmenn álitið, að yfirvöldin muni hafa betra eptirlit, þegar þeim verður gjört það miklu erfiðara og ómögulegt sem næst, með margbrotnum og vanhugsuðum lögum? Er það meðalið til að bæta úr eptirlitsleysinu að gjöra eptirlitið margfalt erfiðara? En breytingar- og viðauka-atkvæði minni hlutans sýna að svo verður þó, ef hans atkvæði yrði framgengt. Og svo eru menn allt af að klyfa á eptirlitsleysi og eptirgangsleysi æðri yfirvaldanna, og eg neita ekki að í þessu kann þeim að vera áfátt mörgum hverjum, en menn gæta eigi þess, að í þess leiðis efnum, sem hèr ræðir um, þá er það optast eptirlitsleysið og tilhliðrunarsemi umsjónarmanna á *lægra stigi*, sem allt strandar á. Hvernig var ekki þegar átti að fara að fylgja fram hinum margbrotnu reglum um þorskanetalagnirnar hèr syðra á árunum 1819—1821; duglegustu og merkilegustu mennirnir í hverri sveit voru kvaddir til umsjónarmanna og falið eptir-

litið fyrir ákveðin laun, sýslumaður reið þangað suður í hverri viku, setti þar politírètt hvern af öðrum, dæmdi þá sem út af brugðu í sekt; en hverjir voru þeir, sem helzt brugðu út af? Það voru einmitt þessir aðkvæða- og dugnaðarmenn, sem settir voru til umsjónar, því þetta voru líka mestu og duglegustu útvegsmennirnir, er þóttust eiga mest í húfi, ef hinum þröngvuðu lögnum væri haldið uppi, og þeir mættu eigi leggja net sín svo djúpt fyrir þorskgönguna sem þeir höfðu stór skip til og mannafla. Þetta gjald, sem frumvarpið og meiri hlutinn stingur upp á, er alls ekki tilfinnanlegt, en gjaldið verður langtum vissara fyrir sjóðinn, sem á að þiggja, og gjaldheimtan margfalt auðveldari og óbrotnari, og þetta finnst mèr menn gjöra of lítið úr. «Betri er einn biti brauðs með ánægju en fullt hús matar með þrætu; það á eigi sízt heima um fasta og vissa skattatöku og gjaldgreiðslu í hverju sem er. Þetta vil eg biðja minni hlutann að yfirvega, því hèr er allt af verið að sýna fram á, að uppástunga minni hlutans frambjóði læknasjóðnum «fullt hús matar», margfalt meiri tekjur heldur en hann hafi haft og heldur en hann geti fengið eptir frumvarpinu; en hèr kemur sannlega fram þetta «fullt hús matar með þrætu», fyrir undandrátt, og alls konar undanbrögð þeirra, sem gjaldið eiga að greiða, og ýmist arg og tortryggni, eður eptirlitsleysi, tilhliðrunarsemi og afskiptaleysi þeirra sem eiga að hafa eptirlitið á hendi einkum á hinum lægri stigum. Um breytingaratkvæði mitt undir 10. tölul. tók hinn hæstvirti konungsfulltrúi það fram, að eigi væri ráðlegt að fallast á það, því fyrir það mundu tekjur læknasjóðsins verða miklu rýrari heldur en ef reglu frumvarpsins væri haldið; það er auðvitað, að tekjurnar yrði nokkuð minni með svo felldu, en ef gjaldið verður rèttlátara og sanngjarnara á greiðendunum með þeirri reglu, sem breytingaratkvæði þetta heldur fram, og það munu allir verða að játa, þá er varla næg ástæða til að hafna henni fyrir þá sök; maður má þó sannarlega ekki einblína svo á hag og þarfir þess, sem á að bera gjaldið úr býtum, að ekki sè haft neitt tillit til þess, hvort það sè ranglátt og misbjóði sumum gjaldendunum, en verði aptur til tilslökunar og ívilnunar öðrum; það sjá þó allir, að ekkert rèttlæti eða sanngirni talar fyrir því, að róðrarskip er aldrei gefa nema 1—300 hlut að meðaltali allan árshringinn, skuli bera jafnmikið og alveg sama árlegt fast gjald eins og þau róðrarskip sem afla að meðaltali 1000 til hlutar allt árið og enda talsvert þar yfir. Ef það yrði upp á, að gjaldið reyndist oflítið yfir allt land, ef það

væri tekið eptir 10. tölul., þá væri auðgefið að hækka það *í réttu hlutfalli* á hvorutveggja skipaflokknum, með nýju lagaboði, án þess grundvallarreglunni væri raskað. Áður en eg sezt niður vildi eg leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta forseta að því, hvort nokkuð sè á móti, að bera uppástunguna undir 44. tölul. fyrst upp til atkvæða.

Forseti: Eg tók það áðan fram, áður en þingmaðurinn var kominn á fund, að þetta gæti alls ekki látið sig gjöra. Eg gat þess þá einnig, að sá einasti hugsanlegi máti, sem eg gat fundið til þess að koma þessari uppástungu undir atkvæði, væri sá, að hún gæti orðið borin upp seinast, hvort heldur minni hlutinn eða frumvarpið yrði ofan á, og ef að hún þá yrði samþykkt, að maður tæki fram fyrir sig aptur, og gengi til atkvæða um þau helztu atriðin í þeim uppástungum sem heyrðu til hinum flokknum, til þess að gjöra úr þeim vara-uppástungu. Þetta væri undarleg aðferð og óvanaleg, en hún, það játa eg, er hugsanleg, og ekki dæmalaus hèr á þingi, eins og eg hefi áður skýrt frá, eins og eg get ekki heldur sèð hún sè móti alþingistilskipuninni, sem gefur heimild til að hver minni hluti þingmanna geti komið fram sèrstaklega með sínar uppástungur. Eg skal leyfa mèr að geta þess, að þar sem þingmaður Vestur-Skaptfellinga og hinn háttvirti konungsfulltrúi töluðu um, að þingið sýndi nú ósamkvæmni í máli þessu, þá get eg eigi sèð, að svo sè. Eg var sá, sem fyrstur kom fram með uppástungu um það hèr á þingi 1847, að bætt væri fyrirkomulagið á heimtingu spítalahlutanna og búin til ný reglugjörð um það efni. En það var ekki mín meining, og eg held fæstra annara, að gefin væri út ný lög, heldur að eins að meira aðhald væri haft, en áður hafði verið með heimtingunni á spítalahlutunum, því það þótti brenna við, eins og þykir enn, að gjaldið heimtist ekki vel inn. En nú hefir stjórnin komið með nýtt frumvarp til laga, sem er enda byggt á annari grundvallarreglu en þeirri, sem áður gilti um spítalahlutina, og þá sè eg ekki annað, en að þetta sè alveg nýtt mál, sem stjórnin ber ábyrgð á, hversu það er úr garði gjört, og að það sè því öldungis rètt og eðlilegt, þó nýjar skoðanir komi fram hèr á þinginu; eg get ekki fundið í því neina ósamkvæmni.

Ólafur Pálsson: Viðvíkjandi breytingaratkvæði mínu undir 17. tölul. skal eg geta þess, að eg legg ekki áherzlu á það að öðru leyti en því, að ef stafliðurinn *d* í fyrstu grein frumvarpsins verður samþykktur, kann eg betur við þessa orðabreyting, sem eg hefi

gjört. Hvað mikið sem menn lofa minni hlutann, get eg ekki fallizt á hann, því það er búið að sýna fram á marga annmarka hjá honum og hvernig öll hans nákvæmni verður að ónákvæmni, og sá grundvöllur, sem hann byggir á, er ekki fastur. Eg mun því gefa atkvæði mitt með meiri hlutanum, einkum með tilliti lil 10. töluliðs.

Framsögumaður: Eg verð að svara hinum háttvirta forseta um það, að þingið hefði ekki beðið um ný lög, að hann veit vel, að málið hefir gengið frá stjórninni til amtmannanna og frá amtmönnum til stjórnarinnar, og þeir lýst því yfir, að þeir gætu ekki fundið aðra betri reglu en þá sem nú er. Þess vegna hefir stjórnin álitið þörf á nýjum lögum, sem byggð væru á nýjum grundvelli, og held eg, að með þessu sè ástæða forseta hrakin.

Forseti: Eg held reyndar þvert á móti. Eg sagði, að alþingi hefði ekki beðið stjórnina um nein ný lög, heldur um reglugjörð, til þess, að læknasjóðurinn fengi full not af hinum eldri lögum.

Benidikt Sveinsson: Eg ætlaði mèr ekki að tala í þessu máli, en ræður framsögumanns neyða mig til þess. Eg verð að segja, að eg hefi aldrei heyrt mál sótt með meira kappi en þetta mál. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók það skýrt fram, að ef grundvallarreglu frumvarpsins væri hrundið, þá gæti frumvarpið ekki orðið að lögum, og að hinu sama stefndu ummæli hins annars og þriðja konungkjörna þingmanns, og jafnvel fleiri þingmanna. Það vakir nú fyrir mönnum þessum auðsjáanlega, 1. að grundvallarregla stjórnarfrumvarpsins og minni hlutans sè svo *ólík,* og 2. að grundvöllur frumvarpsins sè svo *ómissandi*: En eins og eg hefi aldrei heyrt meira kapp á þingi, en nú er um þessi atriði milli minni hlutans og meiri hlutans og þeim sem halda fram stjórnarfrumvarpinu, eins hefi eg aldrei sèð minni ástæðu til kapps, en einmitt í þessu máli, því mismunurinn á milli minni hlutans og stjórnarfrumvarpsins er í rauninni enginn, nema að því leyti einu, að frumvarpið er sjálfu sèr ósamkvæmt. Eg ætla að biðja þingmenn að skoða 6. grein frumvarpsins; grundvöllur minni hlutans, sem meiri hlutinn álítur óhafandi, hann er einmitt grundvöllurinn fyrir greininni. Hèr er því að eins spursmál um, hvort þingið álitur rèttara að byggja á einni og sömu grundvallarreglu, eins og minni hlutinn hefir gjört eða á 2 gagnstæðum grundvallarreglum, eins og stjórnin hefir gjört. Eg bið þess gætt, að meiri hlutinn, minni hlutinn og stjórnin eru samdóma um regluna viðvíkjandi fuglatekj-

unni, og synd minni hlutans er nú að eins í því fólgin, að hann fylgir *sömu grundvallarreglunni* um aðra veiði. Eg verð nú að mæla þessari reglu liðsyrði. Sumir hafa sagt, að hún mundi meiða góða siði, af því að menn mundu ekki segja rètt til hlutanna undir eiðstilboð. Ætla menn þá, má eg spyrja, að ganga út frá því, að eiðsins þyrfti ekki við í borgaralegum lögum, já þá ætti hann líka að vera numinn burt úr kirkjulegum lögum. Eg verð að segja, að það er svo langt frá því, að eiðurinn sè undirrót siðferðislegrar spillingar, að eiðurinn er einmitt ómissandi máttarstólpinn í lögunum, *af því* lögin *eru* byggð og *verða að vera* byggð á *siðferðislegri nauðsyn,* og *þess vegna* er eiðurinn líka siðferðislegt band. Það hefir líka komið fram sem ástæða móti minni hlutanum, að tekjurnar væru óvissar, en eg held að þetta sè röng mótbára. Óvissan liggur þá í því, að menn viti ekki fyrir fram, hvað mikil guðs blessun verði, og skyldi menn ekki mega treysta þeim sem ákveða útgjöldin að grípa *ekki* fram fyrir *höndurnar á guði?* Hinn háttvirti forseti hefir tekið það skýrt fram að öðru leyti, að þingið hafi alls enga ósamkvæmni sýnt í þessu máli; það er einmitt stjórnin sjálf, sem er sèr ósamkvæm. Eg er á móti meiri hlutanum, en fylgi minni hlutanum einmitt af þeirri ástæðu, að eg vil sýna, að þingið 1867 er samkvæmari stjórninni, en hún sjálf er; að öðru leyti álít og tölul. 44. ólöglega upp borinn.

Framsögumaður: Þingmaður Árnesinga talaði mikið um, að mál þetta væri sótt með kappi; en eg verð að segja, að eg hefi engan heyrt beita meira kappi í því, en einmitt hann sjálfan. Það er ekkert kapp, þótt menn færi ástæður fyrir máli sínu, en hann kom með enga ástæðu nema eina og hana rammskakka. Hann veit það sjálfsagt, að það er sitt hvað fugl og fiskur, en eg sè enga ósamkvæmni í því, þó ekki sè tekið eins gjald af báðum (*Arnljótur Ólafsson:* Er það samkvæmni?) Hann lýsti því einmitt vel, að þessi samkvæmni hjá minni hlutanum verður að ósamkvæmni, en ekki hjá meiri hlutanum og frumvarpinu. Eg sè nú ekki ástæðu til að standa upp framar í þessu máli, því það mun ekki heldur verða neitt nýtt, sem þingmenn hèr eptir koma fram með. Þingið ræður, hvað það gjörir við það, það verður þess ábyrgðarhluti, ef það fleygir frumvarpinu. Meiri hlutinn hefir viljað beina málinu áfram, en minni hlutinn aptur á bak.

Jón Pètursson: Hinn háttvirti þingmaður, sem nú settist niður, hèlt að menn hèðan af ekki mundu geta komið fram með neitt

nýtt í máli þessu; en eg ætlaði mèr samt að tala fáein orð, og held eg, að það sè nýtt atriði í málinu, sem eg ætla að taka fram og biðja menn athuga. Allir, sem talað hafa, hafa verið að þjarka um uppástungur meiri og minni hlutans, en eg hefi því nær engan heyrt minnast á stjórnarfrumvarpið. Eg er nú þeirrar meiningar, að ekki eigi að breyta lögum, nema að brýn nauðsyn beri til, allra sízt skattalögum. Að öðru leyti skal eg geta þess, að það er mjög bágt, að engar þær skýrslur liggja fyrir þinginu sem sýni, að útgjöld læknasjóðsins sèu svo mikil, að auka þurfi tekjur hans; þvílíkar skýrlur virðist þó sem þingið hefði átt að fá, til þess að geta fellt nokkurn dóm um málið; en eg efast nú ekki um, að stjórnin hafi haft þvílíkar skýrslur, og því búið frumvarpið til eins og það er, og álitið að gjaldið ekki mætti vera lægra en í því stendur, sökum útgjaldanna, er á læknasjóðnum liggja; þetta gjald hefir nú meiri hlutinn út í bláinn stungið upp á að yrði minnkað, og þar með gjört uppástungu sína óhafandi, að mèr sýnist, því tekjur sjóðsins hljóta að verða eptir henni auðsjáanlega oflitlar; en um uppástungu minni hlutans er það að segja, að þingið getur ekki vitað, hvort gjaldið eptir henni verður oflítið, eður ónauðsynlega hátt; eg álít því rèttast, annaðhvort að halda sèr beinlínis til stjórnarfrumvarpsis, ellegar að láta hin nú gildandi lög í þessu efni standa; hèr í Suðuramtinu hefir yfir höfuð lengi verið góð stjórn á spítalasjóðunum. Að ekki verður altjend mikið úr spítalagjaldinu annarstaðar er alls eigi undandrætti að kenna, heldur liggur það í allri tilhöguninni, er yfirvöldin víst geta breytt; sem dæmi upp á þetta skal eg leyfa mèr að geta þess, að eg var 3 ár sýslumaður í Strandasýslu, og þar fylgdi eg þeirri reglu sem formaður minn hafði fylgt, að eg bauð upp spítalahlutina á manntalsþingum, og gengu þeir með þessu móti allir hèr um 3 eður 4 rd., en seinasta árið, sem eg var þar gaf amtmaðurinn mèr myndugleika til uð selja þá á hvern helzt hátt sem eg bezt gæti, og það gjörði eg, og fekk liðuga 40 rd. fyrir; en nú sè eg að spítalahlutirnir í fyrra hafa í Strandasýslu að eins verið liðugir 7 rd. Eg held því, að með góðri stjórn kynnu spítalahlntirnir að verða nægir, þó þeim nú gildandi lögum eigi væri breytt.

Konungsfulltrúi: Eg skal með tilliti til þess, sem hinn háttvirti framsögumaður nýlega tók fram, nefnilega, að ef þingið ekki aðhyllist frumvarpið með breytingum þeim, sem stjórnin vildi taka til greina, þá mundi málinu að minnsta kosti verða frestað í fleiri

ár, geta þess, að konungurinn og stjórn hans, eptir að hafa fengið álit þingsins, sjálfsagt getur gefið frumvarpið óbreytt út eða með þeim breytingum, sem þykja aðgengilegar eins og eg áður sagði.

Forseti: Út af orðum hins háttvirta konungsfulltrúa skal eg geta þess, að eg þykist vera sannfærður um, að stjórnin muni eins taka tillit til hinna fram færðu ástæðna, hvort sem þær koma frá meiri eða minni hluta þingmanna, svo að engin þurfi þess vegna að vera hræddur við að fylgja sannfæringu sinni.

Þar ekki taka fleiri til máls er þessari ályktarumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskrá þeirri, sem eg vona að þingmenn hafi prentaða fyrir sèr.

1. tölul. samþ. með 25 atkv.
2. — felldur með 16 atkv. gegn 6.
3. — — — 15 — — 7.
4. — — — 14 — — 9.
5. — — — 14 — — 9.
6. — — — 22 — — 2.
7. tölul. samþ. sem orðabreyting.

Við 8. tölul. var við haft nafnakall

«Já» sögðu:	«nei» sögðu:
Eiríkur Kúld.	Halldór Kr. Friðriksson.
Arnljótur Ólafsson.	Bergur Thorberg.
Benidikt Sveinsson.	Jón Guðmundsson.
Björn Pètursson.	Jón Hjaltalín.
Hjálmur Pètursson.	Jón Pètursson.
Jón Bjarnason.	Magnús Jónsson.
Jón Sigurðsson.	Ólafur Pálsson.
Ólafur Sigurðsson.	Pètur Guðjónsson.
Páll Vídalín.	Pètur Pètursson.
Páll Ólafsson.	Stefán Eiríksson.
Sighvatur Árnason.	Sveinn Skúlason.
Stefán Jónsson.	
Stefán Thordersen.	
Sveinn Níelsson.	
Torfi Einarsson.	

Var þannig 8. tölul. samþ. með 15 atkv. gegn 11.

Töluliðirnir 9 til 19 fallnir við að 8. tölul, var samþykktur.

Við 20. tölul. var við haft nafnakall

«já» sögðu:	«nei» sögðu:
Eiríkur Kúld.	Halldór Kr. Friðriksson.
Arnljótur Ólafsson.	Bergur Thorberg.
Benidikt Sveinsson.	Jón Guðmundsson.
Björn Pètursson.	Jón Hjaltalín.
Hjálmur Pètursson.	Jón Pètursson.
Jón Bjarnason.	Magnús Jónsson.
Jón Sigurðsson.	Ólafur Pálsson.
Ólafur Sigurðsson.	Pètur Guðjónsson.
Páll Vídalín.	Pètur Pètursson.
Páll Ólafsson.	Stefán Eiríksson.
Sighvatur Árnason.	
Stefán Jónsson.	
Stefán Thordersen.	
Sveinn Níelsson.	
Sveinn Skúlason.	
Torfi Einarsson.	

Var tölul. 20 þannig samþ. með 16 atkv. gegn 10.
21. tölul. felldur með 12 atkv. gegn 10.
22. — — — 12 — — 10.
23. — — — 15 — — 5.
24. — samþ. — 25 —
25. — felldur — 11 — — 10.
26. — samþ. — 16 — — 9.
27. — fallinn við 26. tölul.
28. — felldur með 15 atkv. — 8.
29. — — — 14 — — 11.
30. — samþ. — 18 — — 8.

tölulíðirnir 31 til 34 fallnir við að 30. tölul. var samþykktur.

35. tölul. samþ. með 17 atkv. gegn 8.
36. — fallinn við 26. og 30. tölul.
37. — felldur með 11 atkv. gegn 10.

Við tölul. 38 var viðhaft nafnakall.

«Já sögðu:»	«Nei sögðu:»
Arnljótur Ólafsson.	Eiríkur Kúld.
Benidikt Sveinsson.	Halldór Kr. Friðriksson.
Björn Pètursson.	Bergur Thorberg.
Hjálmur Pètursson.	Jón Guðmundsson.
Jón Bjarnason.	Jón. Hjaltalín.

«Já sögðu:»	«Nei sögðu:»
Jón Sigurðsson.	Jón Pètursson.
Ólafur Sigurðsson.	Magnús Jónsson.
Páll Vídalín.	Ólafur Pálsson.
Páll Ólafsson.	Pètur Guðjónsson.
Sighvatur Árnason.	Pètur Pètursson.
Stefán Eiríksson.	
Stefán Jónsson.	
Stefán Thordersen.	
Sveinn Níelsson.	
Sveinn Skúlason.	
Torfi Einarsson.	

Var þannig töful. 38. samþykktur með 16 atkv. gegn 10.
39. tölul. felldur með 16 atkv. gegn 8.
40. — samþ. — 16 — — 1.
41. — — — 19 — — 5.
42. — — — 24 —
43. — fallinn við 9. tölulið.
44. — felldur með 17 atkv. — 4.

Við 45. tölul. var viðhaft nafnakall.

«Já sögðu:»	«Nei sögðu:»
Eiríkur Kúld.	Halldór Kr. Friðriksson.
Arnljótur Ólafsson.	Bergur Thorberg.
Benidikt Sveinsson.	Jón Guðmundsson.
Björn Pètursson.	Jón Hjaltalín.
Hjálmur Pètursson.	Jón Pètursson.
Jón Bjarnason.	Magnús Jónsson.
Jón Sigurðsson.	Ólafur Pálsson.
Ólafur Sigurðsson.	Pètur Guðjónsson.
Páll Vídalín.	Pètur Pètursson.
Páll Ólafsson.	Stefán Eiríksson.
Sighvatur Árnason.	Sveinn Skúlason.
Stefán Jónsson.	
Stefán Thordersen.	
Sveinn Níelsson.	
Torfi Einarsson.	

Var tölul. þannig samþykktur með 15 atkv. gegn 11.
46. tölul. samþykktur í einu hljóði.

Forseti: Dagskrá er þá lokið og mun eg ákveða fund á morgun kl. 12 og boða dagskrá til þess fundar í kvöld.

Fundi slitið.

---

19. fundur — 30. júlí.

Forseti: Eg hefi fengið tilkynning frá þingmanni Húnvetninga um að hann geti ekki mætt á þingi í dag. Af því atkvæðagreiðslan var svo löng í gær, hefir þingbókin ekki getað orðið búin, svo það verður að bíða til morguns, að fundargjörðirnar frá í gær verði lesnar upp.

Eg skal geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit í málinu um forngripasafnið; mun það verða lagt á lestrarsalinn, og síðan einhvern daginn tekið á dagskrá.

Þá er að taka til dagskrár, og liggur þá fyrst fyrir málið um jafnrètti prentsmiðjanna, en af því framsögumaður í málinu er enn þá ókominn á þing, verður að byrja á máli því, er næst stendur á dagskránni; kemur því til ályktarumræðu málið um kennara-embætti í sögu Íslands og fornfræði. Þingmaður Norður-Þingeyinga er framsögumaður, og vill má ske taka til orða.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 327).

Framsögumaður (Sveinn Skúlason): Eg þarf ekki að tala neitt í þessu máli, bæði af því, að mál þetta var tekið inn á þing með miklum atkvæðafjölda, og svo hefir enginn þingmanna tekið sèr neitt breytingaratkvæði við uppástungu nefndarinnar; en verði engar umræður um málið, skal eg einungis beiðast þess, að nafnakall verði við haft við atkvæðagreiðsluna.

Pètur Pètursson: Eg skal einungis skýra frá því, að enda þó eg gjöri mèr enga von um, að fè það, er til þessa fyrirtækis þarf, fáist að þessu sinni, gef eg þó atkvæði mitt fyrir málinu, af því eg sè, að það er skynsamlegt og gott, og getur orðið góð bending, bæði fyrir komandi þing, sem og fyrir stjórnina um, að það sè margt, sem hèr enn þá þurfi að komast á gang.

Jón Pètursson: Eg verð að hafa beztu vonir til stjórnarinnar um, að hún veiti þann fèstyrk, er við þarf í þessu tilliti, og það af því, að allar siðaðar og menntaðar stjórnir láta sèr hvervetna annt um að efla vísindi meðal þegna sinna. Danska stjórnin

eflir og á margan hátt vísindi, bæði með vísindastofnunum og styrki til einstakra manna, og slíks styrks hafa og ýmsir Íslendingar orðið aðnjótandi af hennar hendi. En hèr á landi er engin vísindastofnun, og vèr Íslendingar værum í sannleika bágstaddir, sem erum svo afskekktir frá öllum þjóðum, ef stjórn vor áliti sèr eigi skylt, að koma upp neinni vísindastofnun meðal vor, og mèr liggur við að segja, að ef vèr höfum rètt til nokkurs, þá er það, að stjórn vor styrki þjóð vora í að afla sèr þekkingar á sögunni, einkum sögu landsins og fornfræðum Norðurlanda. Þetta álít eg siðferðislega skyldu stjórnarinnar, þar sem Danir og önnur Norðurlönd mest og bezt hafa að þakka forfeðrum vorum fyrir þekkingu þeirra á fornöld sinni.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, sem eg vona, að þingmenn hafi fyrir sèr.

Var síðan við haft nafnakall við uppástungu nefndarinnar.

«Já sögðu:	«Nei sögðu:
Eiríkur Kúld.	Bergur Thorberg.
Halldór Kr. Friðriksson.	Jón Guðmundsson.
Björn Pètursson.	Ólafur Pálsson.
Hjálmur Pètursson.	Páll Ólafsson.
Jón Bjarnason.	Pètur Guðjónsson.
Jón Hjaltalín.	
Jón Pètursson.	
Jón Sigurðsson.	
Magnús Jónsson.	
Ólafur Sigurðsson.	
Pètur Pètursson.	
Sighvatur Árnason.	
Stefán Eiríksson.	
Stefán Jónsson.	
Stefán Thordersen.	
Sveinn Níelsson.	
Sveinn Skúlason.	
Torfi Einarsson.	

Fjærverandi voru: Arnljótur Ólafsson, Benidikt Sveinsson og Páll J. Vídalín.

Var þannig uppástunga meiri hluta nefndarinnar samþ. með 18 atkv. gegn 5.

Forseti: Af því framsögumaður í málinu um jafnrètti prentsmiðjanna er enn þá ókominn, kemur seinasta málið á dagskránni til undirbúningsumræðu nefnil. nefndarálit í málinu um hundahald á Íslandi. Framsögumaður er hinn annar konungkjörni þingmaður.

Framsögumaður (*Jón Hjaltalín*): Nefndarálitið hljóðar þannig: (Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 311—320).

Eg þarf ekki að vera margorður um þetta mál, en bið þingið einungis um eitt, og það er, að hafa ekki mál þetta í fíflskaparmálum; málefnið er í sjálfu sèr of mikilsvert og of alvarlegs efnis til þess; eg þori að leggja þetta nefndarálit undir dóm allra minna embættisbræðra, því eg er sannfærður um, að þeir mundu verða mèr samdóma í flestu. Eg skal með ánægju taka öllum þeim bendingum í þessu máli frá þingsins hálfu, sem eg er sannfærður um, að bæti þetta mikils umvarðandi mál, sem kostar svo margra manna líf og heilsu hèr á landi.

Konungsfulltrúi: Tilgangurinn með tilskipununni, sem þetta frumvarp ætlar að leiða í lög, er, eins og segir í ástæðunum, ekki að auka tekjur hins opinbera heldur að vernda heilbrigði manna, eða með öðrum orðum, tilgangur frumvarpsins er ekki *fiscal* heldur *sanitær*. Nefndin hefir vandlega skoðað þessa hlið málsins, en er kominn til annarar niðurstöðu í því tilliti en frumvarpið, með því að hún stingur upp á að fækka hundum hèr í landinu — eg held með niðurskurði, þó það sè ekki beinlínis sagt — svo mikið sem verður, eptir því sem hreppstjóri og lögreglustjóri í bæjum ákveður með beztu manna ráði, og þar næst að lækna alla hunda þá, er eptir eru með »kamala«, en frumvarpið stingur upp á að fækka hundum hèr í landinu með því að leggja á alla óþarfa hunda hundaskatt. Skoði eg nú málið, eins og það liggur fyrir bæði frá hendi nefndarinnar og frá hálfu stjórnarinnar, þykir mèr stjórnarfrumvarpið eiga langt um betur við eins og hagar til hèr í landinu, því að reglur frumvarpsins, þó að þær að vísu sèu nokkrum vandræðum bundnar, eru ekki að síður *praktikable,* en uppástungur nefndarinnar þykja mèr alveg ópraktiskar, og ógjörningur að framkvæma þær. Í vísindalegu tilliti hafa uppástungur nefndarinnar má ske fyrirrúmið, en hvernig vill nefndin láta hafa nægilegt eptirlit með því, að hver lifandi hundur hèr í landinu fái einu sinni á ári 2 skamta af «kamala», og sè 1 kvintin í hverjum. Eg get vel skilið, að landlæknirinn geti samið góðar reglur um það, hvernig hundum skuli gefa þetta meðal, en þótt eg beri þá mestu virðingu

fyrir honum, treysti eg honum samt ekki til þess að ábyrgjast lækningaframkvæmdir á öllum hundum hèr í landinu. Eg hefi veitt því eptirtekt, að 4. grein nefndarinnar uppáleggur hreppstjórunum að annast um lækningar þessar á hundum, og að 6. grein nefndarinnar ákveður 5 rd. sekt fyrir afbrot á móti lækningameðferðinni; en hvernig eiga menn að geta haft nægilegt eptirlit með þessu, þar sem þessi lækningarmeðferð líklega ekki verður vinsælli meðal landsmanna en lækningameðferðin á kláðasjúkum kindum. Nefndin verður sjálf að hafa haft eins konar grun á þessu, þegar hún í nefndarálitinu á óvenjulegan hátt ávarpar landsmenn í þessu efni. Það sama gildir um ákvörðunina í 8. gr. nefndarinnar, sem eg að vísu álít æskilega, en sem eg held, að ómögulegt sè að hafa eptirlit með; en eins og eg áður hefi haft tækifæri til í öðru máli að lýsa yfir hèr í þinginu, er að eins það lagaboð gott, sem getur orðið framkvæmt og *controllerað*. Eg skal þess vegna ráða þinginu frá að gefa breytingum nefndarinnar atkvæði sitt, ekki af því, að eg í vísindalegu tilliti hafi neitt á móti þeim, — um verkun «kamalas« er eg sjálfsagt ókunnugur — heldur af því, að mèr þykja þær ekki praktiskar; en í gær tók hinn háttvirti framsögumaður skýrt fram, að þetta sè nægileg ástæða til þess að vera þess konar ákvörðunum mótmæltur.

Eg get ekki lokið þessari ræðu án þess að láta í ljósi þá skoðun, að mèr hefði líkað nefndarálitið betur, ef ekki hefði í því verið lýst yfir óánægju nefndarinnar eða hins háttvirta framsögumanns yfir því, að ekki hefir verið leitað álitsskýrslu landlæknisins og hèraðslæknanna hèr í landinu um málið, því þetta þykir mèr vera málinu óviðkomandi, eins og það liggur fyrir. Það er auðsætt af ástæðunum, að þær álitsskýrslur, sem stjórnin uppálagði amtmönnum landsins að semja, voru einungis um það, hvort það eigi betur við að fækka hundum hèr í landinu beinlínis eða óbeinlínis, — en þetta spursmál er eptir minni meiningu ekki læknisfræðislegs eðlis —, og þar að auki var það ekki fyrirboðið amtmönnunum að *conferera* með læknum landsins um þetta spursmál, ef þeir hefðu álitið það í sjálfu sèr vafasamt, eins og eg held, að stiptamtmaðurinn muni hafa munnlega talað við landlæknirinn um málið, þegar það var borið undir álit hans. Bending sú, sem nefndin gefur um þann mann, sem hún álítur að hafi haft mikil áhrif á undirbúning þessa máls hjá stjórninni, er mèr óskiljanleg, og að öðru leyti málinu óviðkomandi.

Stefán Thordersen: Eg hefi beðið mèr hljóðs, af því eg er hræddur um, að mèr má ske seinna undir umræðunum, ekki auðnist að komast að fyrir ös. Eg vil einungis leyfa mèr að bera upp eitt breytingaratkvæði, sem eg áskil mèr rètt til að orða seinna; það er ekki stórt; það á að ganga í þá átt, að fella allar uppástungur nefndarinnar, en að frumvarpið standi; nema hvað eg vil taka mèr breytingaratkvæði við 1. gr.; eg vil nefnilega ekki láta gjöra neinn aðskilnað milli hundanna, heldur leggja toll á þá alla en lækka hann, því eg ætla mèr ekki að fara að krabbast inn í neina vísindalega rannsókn, enda vona eg að hamingjan gefi, að við Íslendingar, sem búnir erum að brenna okkur á lækningasoðinu hvað sauðfè snertir, förum nú ekki að «ganga í hundana».

Eiríkur Kúld: Mèr gat ekki betur skilizt, en að hinn hæstvirti konungsfulltrúi tæki það fram, að nefndin hefði vikið of mjög frá frumvarpinu og skoðað málið fremur frá einni hlið, og er það að vísu satt, en þó skal eg geta þess, að tilgangur nefndarinnar er líkur því, sem stjórnin hefir fyrir augum í frumvarpinu; hann tók það einnig fram, að tilgangur stjórnarfrumvarpsins væri ekki sá, að fá neinar nýjar opinberar tekjur fyrir landið, en eg skal þó minna menn á það, að eptir uppástungum nefndarinnar eða sjálfu nefndarálitinu, er hèr um töluverðan vinning að gjöra, þar sem talað er um að spara 2 tunnur gulls eða meira. Það skal ekki fæla mig frá að vera nefndinni hlynntur, þó menn berji því við, að hèr sè «Control» ómögulegt, því eg vil spyrja menn að því, til hvers eru yfirvöldin, ef þau ekki geta verkað neitt í þessa átt? Eg mun aldrei gefa atkvæði mitt fyrir því, að uppástungur nefndarinnar í þessu máli verði látnar stranda á því sama skerinu, sem hugað var minni hlutanum í spítalamálinu. Áður en eg tek mèr breytingaratkvæði í málinu, leyfi eg mèr að óska þess, að hinn háttvirti framsögumaður vildi skýra þinginu frá, hverjar þessar ósönnu þjóðmeiðandi sögur eru, sem hann gat um.

Jón Pètursson: Eg álít stjórnarfrumvarpið í mörgu tilliti mikið gott; það leggur skatt á óþarfa hunda, og stuðlar til þess á óbeinlínis hátt, að þeim hundum verði fækkað, sem hafa kvillann og mögulegleika til að fá hann; og af því eg álít það rètt, að skattur sè lagður á allan óþarfa, verður það og einnig rètt að minni hyggju að leggja hann á alla óþarfa hunda; nefndarálitið þar á móti gengur beinlínis út á að útrýma hundaveikinni. Frumvarpið og uppástungur nefndarinnar, stríða ekki hvort á móti öðru, og hefði

því verið æskilegt og mögulegt, að nefndin hefði haft meira tillit til frumvarpsins, en hún hefir gjört, og bundið uppástungur sínar meira við hinar einstöku ákvarðanir þess.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg verð að játa það, að það er auðsèð á þessu langa nefndaráliti, að nefndinni hefir gengið gott eitt til með breytingar sínar við stjórnarfrumvarpið; stefna stjórnarfrumvarpsins og nefndarinnar er í rauninni hin sama; sá er einungis munurinn, að nefndin vill fara beinustu leið að því, að hinni svo kölluðu sullaveiki verði útrýmt; en frumvarp stjórnarinnar miðar líka óbeinlínis til hins sama. Eg verð að viðurkenna, að vegur nefndarinnar er ef til vill eðlilegri, en það er sá galli á honum, að í tilliti til framkvæmdanna er hann bundinn þeim torveldleikum og ómögulegleikum, að hann er ófarandi. Eg skal einungis benda til þess, að eptir uppástungum nefndarinnar er öllu þessu hunda lækninga masi dembt yfir á hreppstjórana, og yfir höfuð allri framkvæmd þessa máls fleygt yfir á þá; það hlýtur nú að vera sèrhverjum ljóst, að það yrði hèr um bil óvinnandi verk fyrir hreppstjórana, sem bæði eru launalausir, og hafa mikið og margt að starfa, að aðstanda þessar hunda lækningar, svo í lagi færi, eða svo að almenningi væri að borgnara eptir en áður. Þar að auki eru hreppstjórarnir misjafnir, sumir eru duglegir, sumir trassar og dugleysingjar; og af þessu mundi leiða, að hundalækningarnar færu eptir því, hvernig að hreppstjórarnir yrðu; þar sem þeir eru ötulir og duglegir mundu þær verða að nokkru liði; en þar sem öðruvísi stæði á að alls engu; auk þess sem þær yrðu hreinn og beinn nauðungarstarfi fyrir flesta hreppstjóra, og því mjög svo óvinsælar hjá alþýðu yfir höfuð; nefndin hefir að vísu ætlað að bæta úr þessu með því að ætla hreppstjórunum 16 skildinga fyrir hvern hund, sem inn væri gefið, en eg ímynda mèr, að þetta mundi lítið ganga í augun á flestum hreppstjórum, með því að þetta getur ekki heitið borgun fyrir ómök þeirra; höfuð annmarkinn á frumvarps uppástungum nefndarinnar er því þessi, að allri framkvæmdinni í þessu máli og hundalækningunum yfir höfuð að tala er dembt á hreppstjórana, sem ómögulega geta aðstaðið þær að nokkru ráði; hvers vegna að frumvarp nefndarinnar, ef það yrði að lögum, mundi reynast ópraktist þegar fram í sækti, og alls eigi hafa þær verkanir, sem nefndin virðist að hafa ímyndað sèr.

Það er enn eitt atriði, sem eg vil vekja að athygli þingsins; er nú þetta kamaladupt óyggjandi meðal til þess að drepa band-

ormana í hundunum? Hinn háttvirti framsögumaður telur oss upp álit margra merkra lækna því til sönnunar; en engu að síður er það þó ósannað, að það sè einhlítt við hunda hèr á landi; reyndist nú það, að það eigi væri einhlítt, mundi almenningur undir eins missa trú á lækningum, og mundi það verða til þess að eyðileggja gjörsamlega framkvæmd málsins. Í nefndar-uppástungunum er heldur eigi gjört ráð fyrir neinu æðra aðhaldi eða eptirliti með lækningunum; allt er komið undir umsjón hreppstjóra og því, hvern aðdugnað þeir veita lækningunum; en þetta mundi fara að mestu eptir því, hverja trú að þeir sjálfir og almenningur hefði á gagnsemi lækninganna. Allt svo er það mikilvægt atriði í þessu máli, að menn hafi fulla vissu um áreiðanlegleika þessa áminnzta læknismeðals. Eg vil geta þess, að ákvarðanirnar um 6. og 8. grein um sektirnar þykja mèr æði-harðar; að leggja 5 rd. sekt við því, ef það ferst fyrir, að gefa hundi inn í fyrsta sinn, er býsna-mikil sekt, og þó ef til vill, enn harðara og enda alveg óhafandi, að leggja 5 rd. sekt við því, þó einhver af gáleysi eða vanvara gleymi að grafa niður sult eða brenna. Eg vil því lýsa því yfir, að mèr fellur öllu betur við stefnu stjórnarfrumvarpsins, og eg ætla það ekkert efamál, að það eigi hèr betur við; nefndarfrum-varpið ætla eg þar á móti verði alla daga ópraktiskt, svo sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi veik á.

Framsögumaður: Þó konungsfulltrúi segi, að stjórnarfrum-varpið sè betra og eigi betur við hèr, þá vil eg spyrja: Hvaða gagn er að því? Þó hundunum nú verði fækkað eptir því sem stjórnin fer fram á, mundu þó altènd verða hèr eptir 13 eða 14 þúsundir hunda, og þetta er nógur fjöldi til þess að hleypa ólyfj-an í tvöfalt fleira fólk en er á landi hèr; nú er þar hjá ekki einu sinni sagt, að hundunum verði stórum fækkað, þó þessi umtalaði skattur kæmist á, og eg held það gerði aldrei mikið til, enda þótt hèr væri krökt af hundum er alls eigi sagt, að meira væri hèr af sullaveiki. Til þess að einhver kvilli geti útbreiðzt, þarf sem sè tvennt, sóttarefni og móttækilegleika fyrir sóttarefnið hjá mönnum eða skepnum; nú er engan veginn sagt manni sè meiri hætta búin, þótt maður sè í sama húsi og 10 typhusveikir en þar sem að eins eru tveir. Eg lái stjórninni alls eigi, þótt hún hafi óbeinlínis viljað neyða menn til að fækka hundunum, hafi hún gengið út frá þeim ýkjum, að hundafjöldinn væri hèr 56 þúsundir. En fækkun þessi yrði aldrei að miklu gagni. Bið eg menn nú vel gæta

að því, hversu margar bænarskrár ætla menn mundu koma um breytingu á lögunum, ef eigi sæist á mannsaldri nein merki bata, eins og merkasti náttúrufræðingur í Danmörku hefir fullyrt. Svo eg nú snúi mèr að mótbárum einstakra, sem talað hafa, þá verð eg að telja það mikið bágt með hinn heiðraða þingmann Vestmannaeyinga, að hann gat eigi skilið nefndaruppástungurnar; það er þá ekki annað en við leggjum hann á hnè okkur og reynum að útþýða fyrir honum, ef hann vill láta fræðast; hann var hræddur um, að færum við að lækna hunda, þá færum við í hundana; já þarna gægist upp úr honum niðurskurðarmaðurinn. Þingmaður Barðstrendinga var tvíbentur, kom eigi með neitt, hvorki með nè móti sem á væri festandi. Hinn 4. konungkjörni var mjög ískyggilegur; þó er hann ekki út af eins bágur og þingmaður Suður-Þingeyinga. Eitt var þó fallegt í fari hans; hann gat þó sèð í þetta sinn kosti á stjórnarfrumvarpi, sem eigi kemur opt fyrir, og honum þótti þetta stjórnarfrumvarp eðlilegt. En eg ætla, að hann geti eigi sannað, að hundarnir fækki mikið eptir stjórnarfrumvarpinu nè heldur að mögulegleiki til útbreiðslu sullaveikinnar minnki. En það, sem merkilegast var við hann, var það, að í dag fór hann að vorkenna hreppstjórum að hafa eptirlit með að gefa inn nokkrum hvolpum, en í gær vorkenndi hann þeim alls ekki að telja upp hvern þorsk, ísu, löngu, steinbít, upsa, háf og skötu, og þar fram eptir götunum sem kæmi úr sjó og það kauplaust. Þetta viðurkenndi eg nú, og vorkenni miklu minna eptirlitið með hundunum, því ekkert kvikindi er betra að controllera en hundur, hann segir vanalega til sín sjálfur. Það er auðvitað, að það er hægt að segja, að allt sè ómögulegt, en sízt datt mèr það í hug, að þeir sem í gær ætluðu hreppstjóranum að telja hverja skepnu sem kæmi úr sjó, færi að telja öll tormerki á því fyrir hann, að hafa eptirlit á því, að hvolpaskammirnar fengi einu sinni á ári inntöku. Víða þar sem flestir eru hundar, mun þeim alls eigi fækkað; hèr í sókn eru 500 býli; hèr mun margur vilja borga 2 rd. til að mega halda hundi sínum. Vèr skulum sjá, þegar þeir eru búnir að borga skatt í 10 ár af hundum, og sullaveikin í jafnmiklum blóma og fyrr, hvort þeir þá ekki láta til sín heyra. Hinn heiðraði þingmaður rengdi krapt kamaladuptsins; eg get eigi annað svarað til þess, að allir sem mest og eingöngu hafa gefið sig við þessum ormalækningum álíta það óbrigðult; og eg hefi með eigin augum sèð, að eptir inntöku kamaladuptsins hafa band-

ormarnir komið frá hundinum eigi að eins steindauðir, heldur alveg uppleystir. En það vil eg segja mönnum, að eg óska eigi, að uppástungur nefndarinnar sigri nema með því móti, að vèr allir getum orðið sáttir og samhuga um það að fylgja einhugað lækningu á hundunum, því að eins getur gagn að orðið, að ekki sè svikizt um það sem gjöra þarf. Menn hafa sagt, að lækningar hafi fyrr, þegar um annað ræddi, farið svo út um þúfur, að almenningur enga tiltrú hefði til þeirra; en eg vil segja, að geti menn fengið almenning til að fallast á þetta, þá gengur allt af sjálfu sèr.

Sveinn Skúlason: Eg verð að játa, að það er vandi að tala í þessu máli, því munurinn er svo mikill á stjórnarfrumvarpinu og nefndarálitinu; því þótt tilgangurinn sè sá sami hjá báðum, fara þau í mjög ólíka átt, og er því vandi að vita, hvort menn eiga að taka; eða hvort menn eiga nokkuð af þessu að taka, því það eru svo miklir agnúar á hvorutveggju, að eg held, að þingið geti að hvorugu gengið, nema með því móti að gjöra við það verulegar breytingar. Einn af þessum agnúum er sá, að mál þetta er líkt undir komið og spítalamálið, sem rætt var hèr í gær, og má þó enn betur um þetta mál segja, að það kemur utan að frá stjórninni, án þess að þingið eða þjóðin hafi á nokkurn hátt beðið um það. Mál þetta er byggt á vísindalegum bollaleggingum, mestmegnis útlendra manna, sem ekki einu sinni læknar hèr hafa sagt álit sitt um, en sem amtmennirnir síðan hafa sagt álit sitt um, og stjórnin svo rutt því í þingið. Frumvarp þetta leggur verulega þungan skatt á landið. Nefndin hefir reiknað, að á öllu landinu mundu verá um 24,000 hundar; ef nú væru lagðir 2 rd. á hvern hund, eins og frumvarpið fer fram á, og svo dreginn þriðjungurinn þar frá fyrir hunda þá, sem nauðsynlegir eru álitnir á hverju heimili, þá yrði þó skatturinn árlega 32,000 rd. og þar við bætist þó 6000 að auki, sem inn kæmu fyrir teiknin; þetta yrði þannig meira fè, en allar hinar árlegu tekjur Íslands nú eru, og kalla eg það merkilegt að leggja meira á hundana á Íslandi, því ekki eru þeir svo arðberandi. Þótt menn nú gangi inn á að leggja þenna skatt á landið, þá er þó ómögulegt að ganga inn á 4. grein frumvarpsins; því það yrði sannarlega ekki síður siðum spillandi en uppástungur minni hlutans í spítalamálinu, er svo mikið var hnjátað í í gær; því það verða víst nógir óráðvandir til að stela þessum teiknum, ljóstra því næst upp um menn, og fá svo helming sektanna fyrir bragðið; og þetta yrði alveg nýr og ekki siðbætandi atvinnuvegur

í landinu. Hugsunin í 3. og 4. grein er líka svo útlend og óþjóðleg, að hún er óhafandi, og allt það umstang er henni fylgir, og ætla eg því að taka mèr breytingaratkvæði um það, að allir hundar sèu markaðir undi fjármark húsbændanna eða því um líkt. Ákvörðuninni í 1. greininni um að húsbóndi skuli innan 8 daga skýra hreppstjóra frá, ef hundarnir fjölga, verður opt næsta erfitt að fylgja. Eg vil setja t. d., að húsbóndinn á heiðabæjunum upp undir Möðrudal á fjöllum eignist hund í byrjun sláttar, þegar mikið er að starfa; þá verður hann að ríða út í Jökulsárhlíð, því hreppstjórinn býr þar optast, til þess að segja honum frá, að nú sè fjölgað á heimilinu. Ákvörðun þessi er lík hjá nefndinni, nema að þar er miðað við 14 daga og þannig lítið eitt bætt úr. Það er enn einn agnúi á frumvarpinu, en það er, að 2 hundar á hverjum bæ skuli vera undanþegnir þessu almenna gjaldi; sumstaðar þarf eigi fleiri hunda en 2, en á sumum bæjum þarf 6 eða 8 hunda, og er það bæði komið undir fjárfjöldanum og smalamennskunni, því hún er svo misjafnlega örðug, undir fjallgöngum og afrèttarlöndum og er þessi ákvörðun því óhafandi. Í 4. greininni er ákveðið, að drepa megi búhund, er menn hitta teiknlausan, en áður á að auglýsa það «á þann hátt sem tíðkast í hverjum stað». Eg þekki nú engan vana um, hvernig þess konar er auglýst; því það er þó víst ekki ætlazt til, að því sè lýst af stól? Í 5. grein frumvarpsins er talað um bækur, sem hreppstjórarnir eiga að hafa, og á meðal annars að tilgreina í þeim, fyrir hverja hundana eigi að greiða gjald og af hverjum ekki; þeir þurfa þá að rita nafnaskrá yfir alla hundana á hverju heimili, sem yrði að vera á þessa leið: Á þessum bæ eru 6 hundar; af þeim eru Strútur og Lappi undanþegnir gjaldinu, en fyrir Snata, Hvít, Surt og Semþú skal greiða 2 rd. fyrir hvern, þetta finnst mèr nú umsvifamikið og óhafandi.

Nefndin hefir nú að vísu fundið ástæðu til að víkja frá frumvarpinu, en það eru því nær eins miklir annmarkar á áliti hennar. hún vill láta fækka hundum líkt og á Færeyjum; og álít eg það einnig gott, og það mætti koma því við í sjóplázum, en það verður lakara til sveita. Í 2. gr. í uppástungu nefndarinnar eru undanteknir skot- og varðhundar, og eiga þeir að vera settir undir sèrlega umsjón útvaldra manna, eins og annað metfè. Eg vona að hinn háttvirti framsögumaður skýri betur 3. greinina. Hvað er þetta meðal dýrt? Er nóg til af því? Hvar fæst það? Hann sagði reyndar, að það fengist á Indlandi; en hreppstjórarnir eiga þó víst

ekki að sækja það til Indlands? Er þetta meðal óbrigðult? Hver á að annast um, að það sè ætíð á reiðum höndum þegar á þarf að halda? Þetta þurfa menn að vita, og þessu vona eg hann svari. Nefndin ætlast víst til, að hreppstjórarnir vegi sjálfir þessa skamta í qvintinum ofan í hundana; þeir verða þá að hafa metaskálir við hendina.

Sömu vandkvæðin verða hjá nefndinni í 4. grein hennar og í frumvarpinu; því þá þarf að stefna mönnum saman á einn stað og það opt um langan veg. Hundarnir fylgja vanalega sínum herrum, og yrði þá húsbóndinn að taka með sèr alla vinnumenn sína, sem eiga hunda, og griðkur, því þær eiga líka stundum hunda, og ríða svo með allan flokkinn á staðinn, til þess að fá þessi kvintin ofan í hundana. Nefndin hefir ef til vill hugsað sèr, að hreppstjórarnir ferðuðust um sveitina og kölluðu nágranna saman á fleiri stöðum, eins og prófastar ferðast milli presta, en þá gengi æði tími til ferðarinnar, og held eg að markið sem þeir eiga að fá yrði þá lètt í vasanum. Þetta líkist því mest, eins og þegar boðað er til bólusetningar á bæjarþingstofunni hjerna í bænum, og árangurinn mundi verða viðlíka. Að því er snertir aðhaldið, sem talað er um í 5. grein, þá er að vísu hægt að vita tölu þeirra hunda, sem mæta á þessum hundahreppaskilum, en hvernig eiga menn að vita, hvað margir hundar sleppa undan í þessum hundagöngum, og hvernig eiga hreppstjórarnir að hafa upp á þeim. Sektirnar eru hinar sömu hjá nefndinni og stjórninni, og eru þær óhæfilega háar. Það er óþolandi, að brot í svo litlu máli skuli í fyrsta sinni varða 5 rd sekt. Sama er að segja um 8. greinina, að hún er óhafandi, því það er ómögulegt að fylgja henni, enda gæti það valdið háskalegum lygum og uppljóstri. Hvernig á að passa það í sláturtíð í kaupstöðum, þar sem slátrað er mörg hundruðum fjár, að grafnir sèu allir sullir þegar í stað djúpt niður? Það er öldungis ómögulegt.

Eg ætla ekki að tala meira, enda vona eg, að málið fái þau afdrif á þinginu, að menn nú ekki þurfi að taka sèr breytingaratkvæði.

Pètur Pètursson: Eg skal ekki tala mikið, því það er búið að taka flest það fram, er eg vildi segja. Það hefir verið sagt um nefndarálitið, að það hafi sama tilgang og frumvarpið, en nefndin hefir farið annan veg. Eg skal heldur ekki verða margorður um grundvallarreglu þá, er nefndin hefir fylgt, því það er búið að

ræða svo margt um hana. Það er að eins eitt, sem eg ekki hefi heyrt tekið fram um 3. greinina í uppástungu nefndarinnar, að mèr þykir þar nokkuð óheppilega til orða tekið, þar sem segir: »hverjum hundi skal gefa inn fyrst um sinn um 5 ára tímabil einu sinni á ári» o. s. frv. Eg held það væri betra að orða þetta öðruvísi, því það er ekki sagt, að hundur lifi í 5 ár, ef árin eru reiknuð eptir mannatölu. Eg vildi gjöra fáein breytingaratkvæði við frumvarp stjórnarinnar. Við 1. grein vil eg setja árið 1869, og í staðinn fyrir »8 daga», 3 vikur. Einnig vil eg fella þessi orð: »heimilismaður hans» úr greininni; eg held tilganginum yrði betur náð með þessu, því það gæti einhver afbæjarmaður komið hundi fyrir hjá húsbóndanum, og ætti hann þá eins að skýra frá honum. Við 4. grein vil eg bæta inn í eptir orðin »teiknlaus eptir árið 1869», og í stað 5 rd. vil eg setja 3 rd. Við 7. grein áskil eg mèr viðauka-atkvæði, er eg síðar skal nákvæmar orða.

Stefán Eiríksson: Það er nú búið að taka flest það fram, sem eg vildi hafa getið um. Eg er samdóma hinum heiðraða þingmanni Norður-Þingeyinga, að það væri rèttast að fleygja öllu þessu hundamáli. Það er heldur ekki svo vel úr garði búið frá nefndinni sem skyldi, eins og allir sjá, að vert sè að halda í það. Það er öllu dengt upp á hreppstjórana; þeir eiga að smala hundunum saman, telja þá og lækna, en þeir fá líka heldur en ekki sómasamlega þóknun fyrir það, þessa 16 sk., það er rækalls mikið. En þegar menn nú bera 7. greinina saman við 2. grein, þá er líklegt, að hreppstjórarnir, að minnsta kosti þeir, sem eru eigingjarnir, vilji fækka hundunum sem minnst, svo þeir fái þó dálítið í vasann, því eptir 2. grein eru það hreppstjórarnir einir, sem eiga að ráða hve mörgum hundum fækka skal, og þá er það hvöt fyrir óhlutvandan hreppstjóra, að hafa hundana sem flesta til að ná í sem mesta borgunina. Í 3. greininni er talað um, að það eigi að gefa hundunum þetta kamaladust inn um 5 ára tímabil; en hver getur þá sagt um, hvort þeir verða þá allæknaðir? Það er enginn rannsóknarmaður settur til að sjá um, hvort hundarnir sèu þá orðnir heilbrigðir, og setjum við nú svo, að hundarnir læknist á þessu 5 ára tímabili — eg vil nú ekki blanda mèr í að dæma um þá vísindalegu rannsókn — og nú á alveg að hætta lækningum, má eg þá spyrja, geta þá ekki hundarnir jafnframt fengið í sig þessa sullaveiki aptur? Eg held víst. Hreppstjórarnir eiga nú sjálfsagt að kaupa þessa kvintinavigt og hundagrallara, þá fer nú að skerðast

upp á 16 sk. gjaldið. Nefndin hefir reiknað, að hèr á landi mundu vera 10,000 manns með þessa sullaveiki, og helmingurinn af þeim sveitarómagar. Eg veit nú um það, að í mínum hrepp eru 20 ómagar, sem reyndar eru flest gamalmenni og börn, en hvort þeir eru sullaveikir eða ekki, þar um get eg ekki dæmt, en svo mikið veit eg, að allir þessir ómagar hafa dágóða matarlist. Eg vil reyndar ekki, eins og eg hefi tekið fram, rengja þá vísindalegu hlið þessa máls, en mèr finnst eitthvert krabbamein í öllum þessum bollaleggingum. Það væri fróðlegt, ef fleiri menn vildu gefa upplýslýsingar um það úr sínum hreppum, hvort helmingur sveitarómaganna mundu vera þjáðir af veiki þessari.

Bergur Thorberg: Eg verð að álíta, að það sè í vissu tilliti heppilegt, að hèr liggja fyrir tvennar uppástungur, sem fara þá tvo vegi, sem spursmál getur verið um að fara til að ná hinu sama augnamiði, nefnilega til að eyða orsökum til sullaveikinnar hèr á landi, eður að minnsta kosti að minnka þær, og þannig að ráða bót á veiki þessari svo sem unnt er; þegar nú þessir tveir vegir liggja fyrir í þessum tvennum uppástungum geta menn hugleitt hvern veginn sè áreiðanlegra að fara. Það er nú óþarfi að bera saman annmarka þá, er menn þykjast finna á stjórnarfrumvarpinu við annmarkana á nefndarálitinu, ef menn komast að þeirri niðurstöðu, að aðrarhvorar uppástungurnar hafi einhvern þann galla, er gjöri þær óhafandi sem lög. Þótt ýmsar mótbárur hafi komið fram móti stjórnarfrumvarpinu, þá eru þær samt ekki byggðar á þeim rökum, að það sè ómögulegt eða neitt sèrlega erfitt að framfylgja því; en það er þó skilyrði fyrir, að lög geti haft hina tilætluðu þýðingu, að mögulegt sè að framfylgja þeim. Það er ekki nóg, eins og hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga hèlt fram, að það sèu til lög og yfirvöld er gæti skyldu sinnar til að framfylgja þeim; en hitt er einnig nauðsynlegt, að lögin sèu svo úr garði gjörð, að þeim verði framfylgt með þeim kröptum, sem eru fyrir hendi og undir þeim kringumstæðum sem hèr eiga sèr stað. Það er búið að sýna fram á það, einkum af hinum heiðraða þingmanni Norður-Þingeyinga, að af því þessi skilyrði vanta og að eptirlitið, það sem þarf eptir uppástungum nefndarinnar verður ómögulegt, þá sèu uppástungurnar sjálfar óhafandi í lög og beri því að fella þær, og á þessa skoðun verð eg algjörlega að fallast, Það hafa einnig komið ýmsar mótbárur fram móti frumvarpi stjórnarinnar einkum frá hinum sama þingmanni, og meðal annara sú,

að það væri ekki sprottið frá þinginu eður þjóðinni, heldur komið utan að. En mèr sýnist, að þingið og þjóðin ætti að taka því með þökkum, þegar stjórnin að fyrra bragði vill reyna að bæta úr þeim meinum vorum, sem þurfa mikilla bóta við. Eptir því sem eg hefi heyrt marga menn tala, yrði þessi hundaskattur ekki óvinsæll. Hann yrði heldur ekki eins þungbær, og hinn sami heiðraði þingmaður hèlt, því hann reiknaði skatt að mèr skildist af öllum hundum á landinu, en í frumvarpinu er gjört ráð fyrir að 2 hundar á hverjum bæ verði skattfríir. Skattur þessi fer heldur og ekki einu sinni út úr sveitinni út úr landinu, heldur rennur hann í sveitarsjóðina og til hreppstjórans. Viðvíkjandi því, að það mundi verða svo örðugt að skýra hreppstjórum frá, þegar hundar fjölguðu á heimilinu, þá felli eg mig vel við breytingu nefndarinnar, að breyta 8 dögum í 14. Það hefir verið sagt, að ekki væri ákveðið í 4. gr., hvernig ætti að auglýsa um hundana, en slíkrar ákvörðunar þarf engan veginn við í lögunum, en lögreglustjórarnir eiga að geta ákveðið það. Það hafa komið fram efasemdir um það, hvort frumvarpið mundi leiða til hinna tilætluðu nota; en mèr finnst ekki þurfa læknislega þekking til að sjá, að þegar sjúkdómsefnið minnkar, þá minnkar einnig sjúkdómurinn. Ef skatturinn er nógu hár, fækka hundarnir, og finnst mèr fremur ástæða til að hækka hann úr því sem hann er ákveðinn fremur en að lækka.

Eg skal svo ekki tala fleira að sinni. Uppástunga hins háttvirta 1. konungkjörna þingmanns við 1. gr. finnst mèr fremur til bóta; hún gjörir ákvörðun greinarinnar almennari.

Hjálmur Pètursson: Þótt eg sè einn af þeim, sem ekki er ánægður með nefndarálitið, játa eg þó fúslega, að nefndinni hefir gengið gott eitt til, en af því hún hefir vikið svo langt frá stjórnarfrumvarpinu, þá liggja hèr nú 2 frumvörp fyrir, og er eg því hræddur um af undanfarinni reynslu, að svo kunni fara, að hvorttveggja geti orðið ónýtt. Eg vil því stinga upp á því við nefndina, hvort hún eigi vill taka málið aptur til meðferðar. Hinir helztu gallar á nefndarálitinu hafa verið teknir fram einkum af þingmönnum Þingeyinga; en auk þess sem þeir tóku fram, skal eg geta þess, að eg óttast fyrir, að hreppstjórar hafi hvorki vit, vilja nè kringumstæður til að takast á hendur þessar hundalækningar, auk hinna annara margbrotnu verka þeirra, og sama kynni líka geta átt sèr stað um lögreglustjórana. Eg vona því að þingið fallist heldur á stjórnarfrumvarpið en nefndarfrumvarpið, þó það líka, að mínu á-

liti hafa sína galla, einkum að því leyti, að það leggur toll á marga nauðsynlega hunda, en eg verð að vera því öldungis mótfallinn og vil eg stinga upp á nokkrum breytingum á frumvarpi stjórnarinnar í þá átt. Það er þá fyrst við 2. gr. að eg vil láta hreppstjórana ásamt beztu mönnum ákveða, hvað marga hunda skuli halda á hverju heimili, því það mun óhætt að trúa þeim fyrir því, og vil eg, að þessir hundar sèu allir gjaldfríir, en hafi menn fleiri hunda, skal leggja á þá skatt og eigi minni en 2 rd. á hvern. Við 3. grein vil eg einnig áskilja mèr breytingaratkvæði, sem leiðir af áminnztri breytingu við 2. gr. og fer í sömu stefnu, og skal eg orða það seinna. Þingmaður Barðstrendinga bað framsögumann að skýra frá þessum *þjóðmeiðandi sögum,* sem talað er um í nefndarálitinu, og óska eg einnig, að hann vildi gefa upplýsingar um þær.

Framsögumaður: Það er leiðinlegt að verða að standa upp til þess að taka það sama upp aptur og aptur, því eg er búinn að sýna og sanna, að þessi vandkvæði, sem menn segja að sèu á að framfylgja uppástungu nefndarinnar, liggi mest í hugsun manna. Eg ætla að spyrja skynsama menn utanþings, ef menn ekki hafa vit á að skilja það hèr á þingi, að þar sem vèr nú að eins höfum 8 lækna handa 70,000 manns, hvort það þá muni vera ofætlun fyrir 200 hreppstjóra að gefa inn svo sem 20,000 hundum þessa skamta einu sinni á ári. Hefir enginn af þingmönnum sèð hunda við kirkju hèr á landi? Eg held það væri lítil vanhelgun á sabbatsdeginum, þótt hreppstjórarnir spyrðu menn þá að, hvað margir hundar væri á þeim og þeim bæ, og tækju til dag, er menn skyldu safna hundum saman til að gefa þeim inn það sem ákvarðað væri. Hinn heiðraði þingmaður Austur-Skaptfellinga dró efa á, að svo margir mundu vera sullaveikir í Skaptafellssýslu, en eg hefi það einmitt eptir hèraðslækninum þar Skúla Thorarensen, því hann hefir sagt mèr, að hann þekki hvergi til, þar sem sullaveikin sè eins almenn og þar (*Jón Guðmundsson*: Í Vestur-Skaptafellssýslu). Menn hafa sagt hèr, að þegar hundarnir fækkuðu, minnkaði sóttnæmisefnið, en það er engan veginn gefið, því sóttarefnið er eins til í þessum hundum, er eptir eru, og því er jöfn hættan eptir sem áður; þessi setning þeirra er því öldungis grundvallarlaus. Eg skal setja, að það sèu 2 hús, og liggi 10 typhusveikir í öðru en 2 í hinu, þá er jöfn hætta búin við sóttnæmi í báðum húsunum, því það fer ekki eptir fjöldanum, svo frumvarpið er að því leyti þýðingar-

laust. Í Vestur-Skaptafellssýslu eru að tiltölu fáir hundar, eða ekki yfir 2 á bæ, en héraðslæknirinn þar hefir sagt mèr, að nálega 3. hver maður sè þar sullaveikur. Prinz Napoleon sagði við mig og stiptamtmanninn, sem hèr var þá, þegar hann var á ferðinni hèr um árið, að það væri engin von á að Íslendingum miðaði neitt áfram, því þeir væru komnir á þann vana að álíta allt ómögulegt, og hló hann mikið að þessu. En það eru í rauninni ekki margir ómögulegleikar til, ef menn hafa nógu sterkan vilja, og dug í sèr til að framfylgja honum. Hinn háttvirti þriðji konungkjörni þingmaður áleit frumvarp stjórnarinnar ágætt, og vil eg einungis óska, að það verði honum og hans sinnum að góðu, en það er spá mín, að áður en hálfur mannsaldur er liðinn, muni margar bænarskrár komnar þess efnis, að biðja um, að skattur þessi verði af numinn, því eins og áður er sagt, hefir einhver lærðasti maður í Danmörk sagt, að ekki mundi sullaveikin horfin hèr á landi eptir einn mannsaldur, þó frumvarp stjórnarinnar verði lögleitt, og eg held að honum hefði verið óhætt að segja tvo. Sumum þykja 2 dalir of lágur skattur, eg fyrir mitt leyti hefi ekkert á móti, að þeir hækki hann, ef þeir hafa gaman af að leggja skattinn á. Hinn heiðraði þingmaður Mýrasýslu var hræddur um, að hreppstjórarnir mundu ekki hafa vit á að lækna hundana; það ætlast enginn til, að þeir hafi vit á lækningum; en það útheimtist ekki svo mikið til að gefa hundi inn 1 kvintin eptir þar um settum reglum, og held eg að þeim hreppstjóra sem ekki er trúandi fyrir því, sè naumast trúandi fyrir hreppstjórn. Hann hèlt, að skatturinn mundi ekki verða þungbær, og er það mikið gott og gleðilegt, en ógæfan er, að hann verðnr ónýtur til að útrýma veikinni; ef menn geta sannað mèr, að hann geri það, skal eg með ánægju fylgja þeim; en á sama stendur, hvort sóttarefnið kemur frá mörgum eða fáum. Hitt sem þingmaður Mýramanna stakk upp á, að nefndin skyldi taka við málinu aptur, þá tek eg það ekki í mál; nefndin hefir leyst verk sitt af hendi svo vel sem henni var unnt; eg hefi látið sannfæringu mína í ljósi í nefndarálitinu, og hinir heiðruðu meðnefndarmenn mínir eru mèr samdóma. Af því nokkrir hinna háttvirtu þingmanna hafa skorað á mig að segja þeim sögu þá, sem drepið er á í nefndarálitinu, má eg til með að gjöra það. Sullaveikin er kunnug um alla Norðurálfuna, og eru læknar í ýmsum löndum, sem eingöngu fást við að komast fyrir eðli og uppruna ormaveikinnar, sem hún heyrir undir,

og finna ráð við henni; einn af þessum mönnum er Dr. Krabbe í Danmörku, á Þýzkalandi Siebold, Kuchenmeister og Leuchart, á Englandi Spencer, Cobbold. Hann hefir skrifað stórt rit um ormaveikina og gefur sig ekki við öðru; hann gaf mèr mörg rit, og þar á meðal eitt, sem er ágrip af hinni stóru bók hans, ætlað handa stúdentum. Í þessari bók stendur bls. 57—59: Leuckhart ber Dr. Krabba fyrir því, að í Íslandi sèu ellefu hundruð gripir fyrir hvert hundrað manns, og hver bóndi hafi að meðaltali, sex hunda. «Það er ekki ótítt, að sumir læknar á Íslandi hafi *yfir hundrað sjúklinga*, þjáða þessari veiki, *undir hendi í einu*. En langflestir þessara sjúklinga eru, því miður, í höndum skottulækna, og eru áhrif þeirra á hugsunarhátt hinna veiku því meiri, sem reglulegir læknar eru færri; því í öllu landinu eru að eins sex lögskipaðir læknar, og hefir hver þeirra umdæmi að gegna, er nemur 1500 ferhyrningsmílum með tíu þúsundum íbúa. Lækninga-aðferð skottulæknanna miðar beinlínis til þess að halda við meinsemd þessari, því aðal-inntökumeðal þeirra er hland og þrekkur hundanna sjálfra? Það er ekki ólíklegt, að þessar vesalings sárþjáðu skepnur haldi, að sýkin sè álaga guðlegrar hegningar, en þar fyrir ættu þeir að taka upp hreinlátari heimilisháttu og rífa sig lausa frá skottulæknunum, er lifa á trúgirni aumingjanna, mundi þá sýkin fljótt rèna, og fólkið sjá, að lækningin er í þess eigin hendi; eða að forsjónin hjálpar þeim, er sjálfum sèr hjálpa». Eg las þetta rètt áður en eg fór frá Englandi, og fór eg þegar til Spencer, og sagði honum að þetta væri vitleysa ein, og bað hann leiðrètta áður bókin yrði prentuð næst, sem bráðum verður; hann bar Leuckhart fyrir sig, og bað eg hann að skrifa honum sem fyrst til þess að leiðrètta þetta.

Ólafur Sigurðsson: Eg er samþykkur þeim sem álíta, að nefndinni hafi ekki gengið annað en gott til, þegar hún samdi þessar lækningagreinir, en þá ríður á, að grundvallarreglurnar fyrir þeim sèu áreiðanlegar. Hinn háttvirti framsögumaður hefir nú reyndar svarað spurningu þingmanns Suður-Þingeyinga og sagt að meðalið væri gott; en mèr finnst þó sem Dr. Krabbe sè eitthvað veikur í því; hann segist að sönnu hafa reynt það á nokkrum hundum hèr í Reykjavík, ef eg man rètt, en frekari reynslu getur hann ekki um. Eg hef líka átt tal við áreiðanlegan mann, sem sagðist hafa reynt meðalið, og kvað hann það mundi dugað hafa í þrjá mánuði. Ef að nú svo væri, þyrfti að gefa hundunum inn 4 sinnum á ári, og þá færi það að verða nokkuð vafningasamt.

Eg verð að játa, að mèr er nokkuð þungt um að trúa því alveg, að sullaveikin komi einungis af hundum; eg þori nú reyndar ekki að rengja hina hálærðu herra hvað bandormana snertir; en hvað höfuðsóttinni viðvíkur, þá má eg fullyrða, að hún gengur í erfðir (sumir nei, sumir jú), reikningar nefndarinnar eru því að eins áreiðanlegir, að öll sullaveiki komi frá hundunum; en einhverstaðar er talað um, að menn geti fengið brjóstveiki og jafnvel sullaveiki af illa læknuðu kvefi, og sumir halda, að hún geti líka komið af vosbúð. Mèr fannst líka, að framsögumaður brióta niður sína eigin setningu að nokkru leyti, með dæmi því er hann tók af Vestur-Skaptafellssýslu. Það ættu fæstir að vera sullaveikir þar, fyrst þar eru svo fáir hundar. Það ætti líka að bera mest á þessari veiki, þar sem óþrifnaður er mestur, en því fer opt fjærri að svo sè. Af ástæðum þeim, sem eg nú hefi talið, get eg ekki fallizt á uppástungur nefndarinnar. En af því eg finn líka marga agnúa á frumvarpi stjórnarinnar, svo eg ímynda mèr að mögulegt væri að hvorttveggja fèlli, vil eg áskilja mèr vara-uppástungu í líka stefnu og Dr. Krabbe ræður til, sem sè algjörða lógun á gömlu hundunum, er sè svo hagað, að menn hafi nægan tíma til að koma sèr upp hvolpum í stað þeirra og mun eg nákvæmar orða hana síðar.

Framsögumaður: Eg verð að svara hinum virðulega þingmanni, sem nú settist niður, því hann talaði vel og greinilega. Hann þykist hafa sèð, að sullaveiki komi stundum af kvefi; það getur vel verið, að hann finni þá skoðun í 100 ára gömlum bókum, því trúi eg vel, en hann mun ekki finna hana hjá neinum nú sem til hennar þekkja. Hvað það snertir að kamala dugi ekki nema 3 mánuði, þá er saga hans engin sönnun fyrir því, þar eð enginn getur sagt hvort sá, sem gaf það inn, hafi farið í öllu rèttilega að, og þess hefir líklega heldur ekki verið gætt, hvort hundurinn hefir etið sull eða orma-egg litlu síðar. Að minni hyggju nægir ekki minna en 5 ár til þess að eyðileggja ormana í hundunum. Sumir eru hræddir um, að ekki muni fást nóg af meðali þessu og eru í efa um, hvernig eigi að brúka það; um þetta geta þeir fengið upplýsingar í Þjóðólfi frá 1862 af þeim manni sem þekkir það bezt, nefnilega Dr. Leared; að því er mig minnir kostar kvintinið 3—4 skildinga. Eg get fullvissað menn um að kamala hefir í langan tíma verið brúkað á Indlandi með hinum beztu verkunum, og þar sem það hefir verið viðhaft í Evropu, efast enginn um ágæti þess, ef rètt er áhaldið. Eg skyldi vera fús á að fall-

ast á frumvarp stjórnarinnar, ef eg sæi að það gæti orðið að nokkru gagni, hvað veikina snertir, og þess vegna hefi eg reynt til að steypa það í þetta form. Eg bið þingmenn vel gæta þess, að eg ætla öldungis ekki að berja uppástungu nefndarinnar blákalt fram, því ef allir geta ekki orðið á eitt sáttir og fengið áhuga á málinu, þá verður engu til leiðar komið.

Björn Pèturssón: Vegna þess að eg slysaðist inn í hundanefndina, sem svo er kölluð, finn eg mèr skylt að tala nokkur orð. Það hafa margir orðið til þess að hnjáta í nefndarálitið, og sumir jafnvel gjört gis að því, en það sýnist mèr ekki eiga við um svo heiðarlegt málefni. Nefndinni hefir verið borið það á brýn, fyrst og fremst af hinum hæstvirta konungsfulltrúa, að hún hafi vikið frá grundvelli stjórnarfrumvarpsins og byggt á öðrum grundvelli, þessu verð eg að neita, því aðaltilgangur stjórnarfrumvarpsins og nefndarinnar er einmitt sá sami, að eyða sullaveikinni. Til þessa vill stjórnin fækka hundunum; hið sama vill nefndin, en stjórnin vill koma fækkun þessari á með skatti, en nefndin vill gjöra það á líkan hátt og á Færeyum hefir lengi tíðkazt, það er að segja eptir því sem lögreglustjóri eða hreppstjóri koma sèr saman um við beztu menn í sveitinni. En það er aðalmunurinn á frumvarpi stjórnarinnar og nefndinni, að hún vill lækna þá hunda, sem eptir verða, því annars verður tilganginum ekki náð. Þess er getið í nefndarálitinu, og hinn háttvirti framsögumaður hefir optlega tekið það fram í dag, að jafnmikil hætta sè búin af þeim mörgu hundum, sem eptir verða, ef þeir eru ekki læknaðir, og hvað ætti það þá að þýða að vera að leggja skatt á þá. Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður hèlt að skattur þessi mundi hvorki verða þungbær nè óvinsæll. Eg verð þó að vera á öðru máli. Dr. Krabbe stakk upp á annaðhvort að fækka hundum hèr á líkan hátt og á Færeyjum, eða þá með því að leggja skatt á hundana. Það er auðsèð á ástæðum frumvarpsins að stjórnin hefir verið í miklum vafa um, hvern veginn hún ætti að fara, þess vegna leitaði hún ráða til amtmanna, og hefir nú fylgt tillögum þeirra; má því allt eins vel kalla frumvarp þetta amtmannafrumvarp, eins og stjórnarfrumvarp. Það hafa nú margir orðið til þess, að finna galla á frumvarpi þessu, en einkum var það þingmaður Norðurþingeyinga, sem tætti það allt í sundur taug fyrir taug. Þó vildi eg bæta því við athugasemdir hans við 2. grein, að

hún heimilar sumum að hafa óþarfa hunda skattlausa, en leggur þar á móti skatt á þarfa hunda hjá sumum. Það eru mörg þau heimili, að ekki þarf nema einn hund; en aptur þekki eg, og það vona eg allir játi, sem kunnugir eru fyrir austan, mörg heimili, þar sem ekki er hægt að komast af með minna en sex hunda; af þeim 4 sem í skatti eru, verður skatturinn 8 rd., og efast eg ekki um, að mörgum muni þykja það mjög tilfinnanleg viðbót ofan á aðra tolla, einkum þegar þeir sjá, að enginn verður árangur af því; því varla munu bandormar og egg þeirra hlaupa úr hundum, þó skattur sè á þá lagður. Þó nú aldrei nema að sleppt væri kamalalækningunum, þá er uppástunga nefndarinnar þó sýnu betri en frumvarp stjórnarinnar, því eg tel það hina mestu bót, er í 8. grein nefndarfrumvarpsins er tekið fram, að grafa skuli alla sulli úr sláturdýrum eða brenna. Ef að þingið ekki skyldi fallast á uppástungu nefndarinnar eins og hún liggur fyrir, vil eg áskilja mèr rètt til vara-uppástungu í þá stefnu, sem eg nú gat um, ef mèr sýnist þörf á að koma með hana, og mun eg þá orða hana seinna. Af því að nefndin vildi flýta sèr með málið, gaf hún sèr ekki tíma til að hefla uppástungu sína eins og fremst mátti verða. Eg ætla því að áskilja mèr breytingaratkvæði til þess að fyrirbyggja misskilning eða rèttara sagt útúrsnúning. Það er þá fyrst við 2. grein, að fyrir «hreppstjóri» komi hreppstjórar í *sveitum*, og svo held eg mætti fella aptan af greininni, því sama kemur í næstu grein. Í 4. grein vil eg bæta inn í fyrir orðin: «á þann stað» komi: á þá staði í *bœnum eða hreppnum*. Sumum hefir þótt sektin of há, og vil eg áskilja mèr það breytingaratkvæði, að hún verði færð niður í 3 dali að minnsta kosti í fyrsta skipti, sem brotið er. Í 7. grein er prentvilla; þar stendur «2. grein» í staðinn fyrir 3. grein, og vil eg áskilja mèr rètt til að orða hana öðruvísi, og yfir höfuð til orðabreytinga við nefndarfrumvarpið, þar sem mèr þykir þurfa. Skal eg svo ekki tala fleira að sinni.

Eiríkur Kúld: Það gladdi mig mjög, að hinn háttvirti framsögumaður á endanum dró dularhaminn af sögu þessari, og að hann hefir reynt, eins og búast mátti við af honum, að hrinda óhróðrinum af Íslendingum. En það kom annað fram í ræðu hans, sem eg öldungis ekki átti von á, sízt af honum, og það var það, að mèr þótti hann ekki þakklátur við þingmann Barðstrendinga, sem hafði lýst því yfir, að hann mundi fremur styðja uppástungu nefndarinnar en frumvarp stjórnarinnar, því eg hefi fundið

marga galla á því, þó þeir sèu kann skè ekki jafnmargir og þingmaður Norður-Þingeyinga fann, því hann vildi, eptir því sem mèr skildist, jafnvel ráða til að fleygja því alveg; mætti þá segja, að sætt er sameiginlegt skipbrot, því eg hefi sèð á dönskum dagblöðum, að samkynja frumvarpi um hundaskatt var kastað í Danmörku með 27 atkvæðum móti 8. Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður hèlt frumvarpinu mjög fram. Hann var nú eins og í gær, hræddur um, að ef uppástunga nefndarinnar væri gjörð að lögum, þá mundi ekki hægt að framfylgja þeim, og skal eg játa, að svo má gjöra þau úr garði, að það verði ómögulegt; það væri sjálfsagt hægast við að fást, ef að lögin væru ætíð þannig löguð, að menn gætu framkvæmt þau heima á skrifstofu sinni, án þess að þurfa að hreifa sig. En eg fyrir mitt leyti vil ekki aðhyllast þá reglu, að hafna góðum lögum fyrir það, þó framkvæmd þeirra kosti yfirvöldin dálitla fyrirhöfn. Tilgangur nefndarálitsins er að firra oss vandræðum, því ef það er áreiðanlegt, að sullaveiki komi frá hundunum, liggur í augum uppi, að ekki er nóg að fækka þeim, því hundurinn er og verður vort handgengnasta húsdýr, og þó það sè ekki nema einn hundur, ef hann hefir í sèr sjúkdómsefnið, getur hann sýkt allt eins og enda 10 hundar, hèr er ekki undir tölunni komið. Þingmaður Skagfirðinga efaðist um, að sullaveikin kæmi af hundum, og dró það af því, að höfuðsótt væri ættgeng; en það er engan veginn fullsannað, eg get sagt honum dæmi á móti því; sè t. a. m. höfuðsóttarhrútur hafður til ánna, koma stundum ekki fleiri lömb með höfuðsótt fyrir það. Hann hèlt líka, að framsögumaður hefði brotið niður fyrir sjálfum sèr með dæmi því, er hann tók af Vestur-Skaptafellssýslu, en eg vil biðja hinn háttvirta þingmann vel að gæta þess, að framsögumaður tók dæmi þetta til að sína gallann á stjórnarfrumvarpinu, en aðalgalli þessi er, að það fyrirbyggir ekki með þeirri hundafækkun og hundasköttum og sektum, er það ráðgjörir, það sem það átti að fyrirbyggja, ɔ: sullaveikina. Eg vil áskilja mèr breytingaratkvæði við 2. grein, er eg síðar mun orða; eg man ekki hvort nokkur hefir tekið sèr breytingaratkvæði við 6. grein um upphæð sektarinnar, annars vil eg gjöra það, og eins við 8. grein. Við 2. grein frumvarpsins vil eg taka mèr breytingaratkvæði í þá stefnu, að skattur verði lagður á alla hunda, en þó eigi hærri en 48 sk. og að 3 hundar komi í staðinn fyrir 2. Tollurinn verður samt ekki svo lágur sem hinn 3. konungkjörni þingmaður hèlt, því hann þekkir hèrað nálægt sèr, sem býsna

margir hundar eru í. Þó að nefndin leggi nú hreppstjórunum nokkurt ómak á hendur, þá fá þeir þó þóknun fyrir það, en það er nú rètt eins og komið væri við hjartaræturnar á mönnum, þegar nefnd er einhver þóknun til þeirra; en eg fyrir mitt leyti ann þeim þess vel, og vil eigi mæla það af þeim.

Forseti: Þar eð nú er orðið áliðið og margir hafa enn beðið sèr hljóðs, held eg ráðlegast sè að slá umræðunni á frest til morguns; það verður heldur ekki þingmálunum til neinnar tafar, því sem stendur, er ekki nema eitt mál fyrir hendi, þegar þetta er talið frá.

Fundi slitið.

---

20. fundur. — 31. júlí.

Allir á fundi, nema þingmaður Vestur-Skaptafellssýslu, er hafði tilkynnt forseta forföll sin.

Þingbók frá tveimur síðustu fundum lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hef nýlega fengið nefndarálit í málinu um lögleiðslu almennra lagaboða, verður sem vandi er til konungsfulltrúa sent eptirrit af því, og það síðan lagt á lestrarsalinn.

Eptir dagskránni kemur þá áframhald af undirbúningsumræðu í málinu um hið konunglega frumvarp um hundaskatt á Íslandi.

Jón Pètursson: Það gekk öldungis yfir mig í gær, þegar eg heyrði hinn háttvirta framsögumann segja, að eg hefði verið móti nefndarálitinu, því eg var hèr um bil sá eini, sem mælti því bót, en hitt lèt eg í ljósi, að mèr hefði þótt betra, ef nefndin hefði hnýtt áliti sínu við frumvarp stjórnarinnar, því mèr sýnist hvorttvegja vel geta rýmzt saman; Eg vildi benda nefndinni á, hvort ekki mætti koma þessu til leiðar, án þess hún þó tæki við málinu aptur, með breytingaratkvæðum, og vil eg nú áskilja mèr nokkur breytingaratkvæði við frumvarpið til þess að reyna að samrýma það og nefndarálitið. Við fyrstu grein frumvarpsins hefir nefndin engu breytt nema 8 dögum í 14 daga og tveggja mánaða tímanum hefir hún breytt í fjögra.

Hvað 2. grein frumvarpsins snertir, þá vil eg halda henni,

og það getur nefndin líka gjört. Nefndin fer að nokkru leyti fram á niðurskurð á hundunum; það finnst mèr ekki eðlilegt; mèr þykir hart að gjöra menn ómynduga yfir þeim skepnum sínum, sem engum geta gjört tjón; mèr sýnist eðlilegt að lofa hverjum og einum að eiga svo marga hunda sem hann vill, en láta hann borga fyrir þá; með því móti geta menn óbeinlínis komið mörgum til að farga óþarfa hundum, án þess beinlínis sè skipað að skera þá niður, og get eg því ekki fallizt á 2. grein nefndarálitsins. Fækkun hundanna er og eigi nauðsynleg fyrir nefndina til að ná tilgangi sínum með lagaboðinu, sem verður að vera sá, að fá hundana læknaða. Aptur á móti fellst eg á 3. grein nefndaruppástungunnar, einungis þyrfti að breyta henni lítið eitt; hún kemur alls ekki í bága við stjórnarfrumvarpið. 4. grein í uppástungu nefndarinnar er nauðsynleg; einungis vildi eg breyta »á þann stað» í á þá staði»; því það gæti verið erfiðleikum bundið, að safna öllum hundunum á einn stað; hægra mundi veita að safna þeim á ýmsa staði, eptir því sem hreppstjóri kæmi sèr saman um við menn. 5. grein hjá nefndinni er sama efnis sem 3. og 5. grein frumvarpsins, nema að í frumvarpinu er talað um teikn; eg veit ekki nema menn kynnu að geta fundið eitthvert annað ráð til að auðkenna hundana, því teiknin geta misbrúkazt, eins og einn hinna heiðruðu þingmanna hefir tekið fram. Eptir þessu fellur 4. grein frumvarpsins burtu, 6. grein nefndarinnar kemur fyrir 6. grein frumvarpsins, en 7. grein frumvarpsins stendur óbreytt, nú vil eg skjóta inn í 7. og 8. grein nefndarinnar, og svo kemur 8. grein frumvarpsins óbreytt. Eg skal bera mig saman við hina heiðruðu nefnd til þess að vita, hvort hún getur ekki orðið mèr samdóma; en ef hún eigi þykist geta fellt sig við breytingaratkvæði mín, skal eg ekki neitt halda þeim fram til streitu.

Stefán Jónsson: Eg verð að lýsa því yfir, að eg álít þetta fullkomið alvörumál, og finnst mèr því ekki eiga við að gjöra lítið úr því, eða að spaugast um það; hvort frumvarpið er af útlendri rót runnið, eða frá landsmönnum komið, gjörir ekkert til, því það er í góðum tilgangi framborið. Það hafa nú margir reynt að sýna, að þetta, sem frumvarpið og nefndin fer fram á, muni ómögulega verða komið við; þetta er nú einmitt gamla viðkvæðið, þegar um eitthvað nýtt er að ræða, að ekki sè til neins að byrja á neinu, þegar því ekki verði undir eins komið í bezta og fullkomnasta horf; þarna kemur aptur þessi »kontrol» sem á að vera

svo torvelldur, að ekki sè byrjandi á neinu. Eg er sannfærður um, að ef almenningur fellst á, að lækningar á hundum geti verið til bóta fyrir heilsu manna, þá má mikið aðgjöra; ef alþýða fær þá trú, að sullaveikin komi frá hundunum, og að meðalið sè gott þá er það auðsèð, ef hreppstjórar og bændur leggjast á eitt og koma sèr saman, þá muni þetta verk ekki vera óvinnandi. En — munu menn segja, hvernig á almenningur að fá þessa trú? Eg spyr þá: Hverjir geta með nokkrum rökum talað á móti því, sem beztu læknar og vísindamenn eptir langar rannsóknir þykjast vera komnir að raun um. Eg segi fyrir mig að í slíkum málum, sem eg ekki hef vit nè þekking til, gef eg mig fanginn undir trúna, þó að eg kunni að verða ónotalegur og hafa á móti hinum lærðu mönnum í málum, sem eg þykist hafa vit á, eins og þeir, t. d. sveitamálum, þá dettur mèr ekki í hug að mótmæla þeim, í málum sem eg hefi ekki skynbragð á, og svo get eg ímyndað mèr að sè um fleiri alþýðumenn. Það getur vel verið, að torvelt sè að koma þessum lækningum á, en á að hrinda málinu fyrir það? Hvað er það, sem fæst hrundið í lag án ómaks eða fyrirhafnar? Það getur vel verið, að ekki verði hver einn og einasti hundur læknaður, þó menn kosti kapps um það, því svo hagar hèr til, að hundar komast í æti af skepnum þeim, sem drepast út um haga, og enginn fær viðgjört og fá þannig sullina. Mèr þykir illt, ef mál þetta skyldi verða ónýtt, og ef það fengi engan framgang, sem nefndin hefir stungið upp á til þess að bæta heilbrigðisástand manna. Það er víst, að fjöldi hunda mætti missast hèr á landi, samt þyrfti að hafa tilhlýðilega gætni á, að hverju heimili væri borgið, og þetta hefir nefndin reynt að gjöra eptir því sem unnt er. Hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður áskildi sèr nokkur breytingaratkvæði, er miðuðu til að rýma saman frumvarpið og uppástungu nefndarinnar, og held eg, að þau geti orðið til mikilla bóta. Eg heyrði í gær mikið gjört úr um ómak það sem væri á að tilkynna hreppstjóra, að hundi væri fjölgað eins og frumvarpið nefnir, á svo stuttum fresti, sem þar er nefndur, en eg held að þetta gæti án tjóns beðið til hreppaskila; í kaupstöðunum eru þetta engin vandræði, þar er svæðið ekki svo stórt; það getur verið, að eg áskilji mèr breytingaratkvæði í þessa stefnu. Eg vil eins og eg hefi áður sagt, styðja mál þetta en fella eigi, því mèr virðist það ekki full ástæða til þess, þó málinu verði ef til vill ekki komið í hið fullkomnasta horf þegar í upphafi; það er skrítið að fella málið, fyrir það þó

einhver hundur kynni að skjótast undan lækningum eða einhver fiskur að verða ótalinn, þegar um spítalahlut er að ræða. Mèr finnst hver maður vera skyldur að gjöra það sem í hans valdi stendur, einkum þegar um líf og heilsu manna er að gjöra, því það er ekkert spaug að liggja veikur. Eg tek það upp aptur, að eg vil eigi mótmæla vísindalegum rannsóknum eða vefengja þær, og vil þess vegna styðja mál þetta en ekki fella.

Torfi Einarsson: Eg er nú einn af þeim, sem vil heldur styðja en fella mál þetta, þó framkvæmd þess kunni að vera nokkrum örðugleikum bundin, en þeir held eg minnki nú, ef eptir því sem mèr skilst á ræðum manna, að fleiri menn eigi að veita hreppstjórunum aðstoð í þessu. Bæði þetta og annað strandar á því, að lögreglustjórarnir í sveitunum eru ekki launaðir, og losa sig svo við þann starfa, þegar þeir geta; af þessu leiðir að, eptir því sem nú gjörist, eru hreppstjórar víða hvar nr. 10, 11 og 12 af bændum, en bændur í flestum hèruðum lítt menntaðir eða æfðir í dýralækningum. Eg tek þetta ekki fram, af því að eg vilji byggja mótvörn á móti þessu máli á því. Eg er öldungis samdóma hinum heiðraða þingmanni Eyfirðinga um það, að eg vil ekki rengja það sem lærðir og vitrir menn segja í því máli, er eg hefi ekki vit á, og held eg að margir bændur muni svo gjöra. Eg þarf víst ekki að taka mèr breytingaratkvæði um það, að hjálparmenn þessir verði ekki valdir af hreppstjórunum, heldur af sveitarmönnum. Það kemur líklega frá einhverjum öðrum, en ef það ekki verður áskil eg mèr rètt til þess.

Sighvatur Árnason: Það er auðvitað, að grundvöllur hinna tveggja skjala, er hèr liggja fyrir, bæði frumvarpsins og nefndarálitsins er öldungis hinn sami, nefnilega að koma í veg fyrir sullaveikina; en til þess að koma því fram eru tveir ólíkir vegir valdir, þar sem frumvarpið velur óbeinlínis veg til að fækka hundunum með því að leggja toll á þá, sem óþarfir eru. En eg ímynda mèr, eins og hinn háttvirti framsögumaður tók skýrt fram í gær, að þessi vegur gjöri lítið sem ekkert gagn, þó með því móti kynni að fækka um 1 af 10 í mesta lagi. En til hvers er fyrir menn, eða þetta þing að vera að ráðgjöra skyldur og skatta á landsmenn, sem á hinn bóginn er ekki að sjá, að leiði til neins gagns eða nokkurs árangurs í þá stefnu sem til er ætlazt, og ekki svo mikið sem borga það ómak og umstang sem af þessu leiðir, auk heldur til að auka á nokkurn hátt tekjur eða tekjugreinir landsins, það

dugir ekki nóg, þó tilgangurinn sè góður, ef ekki er valinn sá vegur, er sýni meira eða minna gagn þegar öllu er á botninn hvolft.

En nefndin hefir þar á móti valið þann veginn, sem beinlínis fer fram á tilraunir til að ná augnamiðinu, og sem mèr virðist að hljóta að gjöra meira eða minna gagn til að uppræta sullaveikina, og maður hefir enga ástæðu til að rengja þessar lækningatilraunir eða hið umrædda tilefni til sullaveikinnar. Það er vitaskuld, að allri þessari framkvæmd á að demba á hreppstjórana, og það er nú líka tilgangur frumvarpsins. Mig undrar það að sönnu mikillega, að aldrei skuli vera hlífzt við að hlaða á þessa launalausu menn aptur og aptur, í hverju málinu af öðru, og þó ekki sè litið á launaleysið, heldur einungis á það, hvað störf þeirra eru orðin og verða meir og meir ókljúfandi fyrir þá menn, með öllu því, sem þeim er bæði fyrr og seinna lagt á herðar; enn ef menn vilja styðja þetta mál á annað borð, dugir að sönnu ekki að berja þessu við, heldur ætti þingið einkum að leita þeirra ráða, sem lètti hreppstjórunum þær framkvæmdir, sem af því leiða, og sem gæfi þeim áreiðanlega vissu fyrir ómakslaunum þeirra; en af því umræður þingmanna lúta meir að frumvarpinu en nefndarálitinu, efast eg um, hvort það sè til nokkurs að gjöra breytingar við nefndarálitið, samt sem áður ætla eg að áskilja mèr að bera upp breytingaratkvæði við nefndarálitið í þessa stefnu: að afrit sè gefið sýslumanni árlega af bók þeirri, sem áskilin er í 5. grein nefndarinnar, og við 7. grein; að hin umrædda borgun fyrir framkvæmd lækninganna og fyrir meðölin sjálf sè innheimt af sýslumanni á manntalsþingum, og leiðir þar af að klippa verður af 2. grein «til lögreglustjóra eða hreppstjóra»; að orða þetta betur síðar vil eg einnig áskilja mèr rètt til og gjöra þær breytingar við nefndarálitið sem af þessu kunna að leiða. Svo eg minnist aptur á frumvarpið vil eg fara fáum orðum um 2. og 3 grein þess; þar er talað um 2 rd. gjald fyrir hvern hund með þeirri undanþágu, að hver maður sem fènað hefir megi hafa 2 hunda frjálsa, en á þeim á að hvíla 24 sk. tollur fyrir lögregluteiknið. Eg vil nú taka til dæmis 1 hrepp, sem hefir 80 búendur og hver búandi hefði 2 hunda frjálsa og þess utan álít eg að yfir höfuð megi gjöra ráð fyrir, að allur helmingur sveitabænda verði að hafa 3 hunda og þá eru það alls 200 hjá þessum 80. búendum. Teiknin á 160 frjálsa gjöra til samans 40 rd. gjald og 2 rd. tollur a 40 ófrjálsum gjörir 80 rd., allt svo er gjaldið á 1 ári af þessum hrepp 120 rd. Nú

má líka gjöra ráð fyrir, að ekki veiti af 3 hundum hjá hverjum búanda og þá hækkar þessi skattur um 80 rd. Allur þessi skattur gengur einungis til borgunar fyrir teiknin og umsjón á hundahaldinu, en eykur ekki á neinn hátt tekjur hreppsins eða landsins yfir höfuð, og það sem til ómaksins heyrir mundi enginn verða ofsæll af, þegar á allt er litið. Þessa og því um líka tolla, sem maður sèr engan árangur af, þó tilgangurinn sè óneitanlega góður, ætti þingið að vara sig á að demba á landsmenn ofan á allt annað sem þeim ber að greiða.

Það hefir verið talað um að leggja toll á alla hunda, en hafa hann þeim mun lægri, sem hann þá kæmi niður á fleiri hunda; þetta álít eg mjög óráðlegt og ósanngjarna hugsun, því þar af leiðir, að landbúnaðarmaðurinn verður nauðugur viljugur að búa undir þeim skatti af 2, 3 eða 4 hundum en öllum sjáfarsveitum sem lítið hafa við hunda aq gjöra, getur aptur verið innan handar að losa sig við þann toll að mestu eður öllu leyli með því að afmá því nær alla hunda, og þegar maður nú þar á ofan lítur á, hvað mikið hvílir á lausafjárhundruðum landsins, og hve miklu færri þessi lausafjárhundruð eru í sjáfarsveitunum en hinum, sem landbúnaðinn hafa mestmegnis eða eingöngu, og hvar af leiðir að þær síðartöldu hljóta að greiða talsvert hærra gjald til almennra þarfa en hinar; og ef þingið þar að auki færi nú að ráða til að leggja nýjan skylduskatt á landbúnaðarhèröðin, en ekki sjáfarsveitirnar, nema hvað þær vildu gjöra sjálfkrafa sèr til gamans eða skemmtunar, sem þó trautt mundi verða nema einstaka maður sem væri svo að efnum búinn, að honum lægi tollurinn í lèttu rúmi, þá virðist mèr jafnrèttinu vera farið að halla meðal vor, og eg skil ekki að menn haldi þessu og öðru eins fast fram.

Framsögumaður: Mèr finnst sami misskilningurinn allt af koma fram, en þó held eg að nú verði lèttar að leiðrètta hann, því nú heyrist mèr hinn heiðraði þingmaður Rangæinga vera farinn að komast í skilninginn. Það er einhver óskiljanleg skattelska komin inn í þingið, sem eg held að hljóti vera risin af misskilningi. Ef eg vildi eyðileggja málið, skyldi eg gjöra allt mitt til, að frumvarpið fengi lagagildi, því þá mundu menn á eptir safna bænarskrám hópum saman um að það yrði aptur úr lögum numið; en slíkt væri að draga bæði stjórn og lýð á tálar; stjórnin hefir blindað sjálfa sig með skatti þessum; hún hefir ekki gjört sèr hugmynd um, hversu mikill hann mundi verða, og ekki að hve miklu leyti hann mundi

gagna tilgangi stjórnarinnar. Hinn háttvirti þingmaður Suður-Múlasýslu sagðist vita, að víða veitti ekki af 6 hundum og verður þá tollurinn af þeim 8 rd., þar að eins 2 eru fríir. Eg veit nú ekki, hve margir hundar eru nauðsynlegir, en það hygg eg, að ekki muni veita af 4 til 6 upp til fjalla þar sem auk þess að smala, þarf að gæta túns og engja. Fólk neyddist til að halda hundana; án þeirra geta menn ekki verið; það sást bezt í hundafaraldrinu síðast í hvaða verð þeir komust. Fækkun þessi er enginn hægðarleikur. Stjórnin hefir líka eflaust verið leidd afvega, eins og áður er sagt, hvað hundagrúann snertir, því það kæmi aldrei upp þó talið væri, að 6 hundar væru á hverju heimili. En þetta þarf eigi til, því á meðan 2 hundar veikir eru á bæ, stendur af þeim jafnmikil hætta eins og væru þeir fleiri; menn vita að það þarf ekki margt kláðafè til þess að smitta; í raun og veru eru það fjárhundarnir sem smitta fèð og það svo aptur mennina; þetta hefir prófessor Steenstrup tekið fram og er eg honum samdóma í því, án þess eg þó neiti, að stundum geti ormarnir komið beinlínis frá hundunum. Það var tekið fram í gær, að veiki þessi væri mjög tíð í Vestur-Skaptafellssýslu, en þó væru þar fáir hundar. Eg hefi talað um þetta við hèraðslæknirinn þar, Skúla Thorarensen, og kom okkur saman um, að hún væri þar ekki, að minnsta kosti ekki eingöngu, komin frá hundunum, heldur af fènu; því þar viðgengst sá ósiður, að menn borða mikið hrátt hangikjöt, en það getur verið mjög hættulegt, ef sullir eru í því, sem auðveldlega getur skeð. Eg get tekið annað dæmi að vestan. Á Breiðafirði eru mjög fáir hundar, og sumstaðar engir, og þó er þar sullaveiki ekki svo óalmenn. Á Flatey er t d. enginn hundur, en þó er þessi veiki þar. Það hefir mikið verið talað um, að skattur sá, er eptir frumvarpinu á að leggjast á hundana, verði þungbær, en það versta er, að hann verður ónýtur til þess sem hann á að þèna, og eg verð að lýsa því yfir, að eg vænti engrar bótar á veikinni, meðan fjárhundarnir ganga með orma í sèr, og það þó að ekki sèu nema 2 á bæ. Hinn heiðraði þingmaður Skagfirðinga lèt það í ljósi, að höfuðsóttin í kindunum mundi ganga í erfðir, og eg skal ekki neita því, að eg hefi heyrt marga menn hèr segja það, svo menn þurfa ekki að hneykslast á því. En eg skal segja honum dálitla sögu til að upplýsa þetta, sem Dr. Krabbe hefir sagt mèr. Það var bóndi einn á Þýzkalandi, er hafði mikla höfuðsótt í fè sínu. (Feiri: Vèr höfum heyrt hana). Læknir einn þar rèði honum til

að grafa í jörð niður höfuðin af vankakindum sínum og lækna hundana, og eptir það hann fór að gjöra þetta, missti hann enga kind úr höfuðsótt. Eg held, þegar stjórnin skoðar þetta mál vel frá báðum hliðum, mun hún ekki efast um, að nefndinni hafi gengið gott til, og þykja það náttúrlegt, að hún hefir farið þenna veg. Eg skil nú ekki enn í þessum ómögulegleikum, sem talað var svo mikið um hèr í gær, fyrir hreppstjórana að gefa hundunum inn; eg held þeir verði að hverfa smátt og smátt. Einkum sýnist lítið í þá varið, þegar menn gæta að, hvað fáa lækna vèr höfum í samanburði við fólksfjöldann og ýmsa erfiðleika. Ætli vèr þættumst ekki góðir, ef vèr hefðum einn lækni í hverri sýslu? Og þeir þurfa þó sannarlega meira að gjöra en að gefa sjúklingum sínum einu sinni inn á ári hverju. Hreppstjórarnir vinna heldur ekki fyrir gíg, því þeir fá 1 mark fyrir hvern hund, og þar sem 6 hundar eru á bæ, fá þeir 1 dal. Ef vèr Íslendingar getum ekki annað eins og þetta, sem ætlazt er til af hreppstjórunum, þá held eg verði nú minna um gjörðir vorar. Hinn heiðraði sessunautur minn, þingmaður Vestmannaeyinga efaðist um að kamala mundi duga til þess að drepa þessa orma í hundunum, af því að hann og einhver annar, sem talað var hèr um í gær, hefðu reynt það á hundum, án þess að þeir læknuðust. En hafi nú þessir hundar komizt í sulli degi seinna, þá er það ekki furða. Mig undrar annars, að hann, sem er svo vel viti borinn, skuli setja sig þannig á móti reynslu lærðra manna. Eg hefi sjálfur sèð, að það ekki einungis hefir drepið, heldur nærri því uppleyst ormana, og eg vissi til, að Dr. Krabbe hafði mikla trú á því. Það er víst um það, að eg skyldi ekki vera á móti tollinum í frumvarpinu, ef eg sæi, að það rèði nokkra bót á þessum veikindum, en eg er hræddur um, að það bæti þau ekki neitt. Eg get ekki trúað öðru en margir af löndum mínum, muni taka vel undir þessar lækningar; því margir, sem til mín hafa komið núna tvö seinustu árin, og talað hafa um þetta, hafa kvartað yfir því, að meðal þetta fengist ekki í lyfjabúðinni. Eg held það væri gott, að hreppstjórarnir fengju beztu mennina í sveitunum til að aðstoða sig við þessar lækningar, eins og einhverjir þingmanna hafa farið fram á, því margar hönður vinna lètt verk.

Stefán Thordersen: Það er að miklu leyti óþarfi fyrir mig að tala núna, því hinn háttvirti þingmaður Skagfirðinga var í raun inni búinn að hreifa því flestu, er eg vildi sagt hafa, en af því eg

sè, að skoðanir okkar á máli þessu án þess við höfum átt þar um nokkurt tal, koma hèr um bil algjörlega saman, þá vil eg þó aptur hreifa því, sem hann lagði hvað mesta áherzluna á, og sem eg einnig gjöri, en það er efi sá, er eg hefi um, að sullaveikin komi frá hundunum. Eg er mjög svo hræddur um, að þessi «móðins» vísindalega skoðun ekki sè annað en vísindalegur »reykur, sem sèzt um stund en hverfur á síðan». Hinn háttvirti framsögumaður er nú að vísu sá einasti hèr á þingi, sem hefir vísindalega þekkingu á þessu máli, og þarf eg ekki að segja honum það, því það veit hann áður, að eg ber mikla virðingu fyrir hans framúrskarandi marghliðuðu þekkingu, en hann má samt ekki reiðast mèr, þó eg rengi sannleika þeirrar skoðunar, er hann nú fram fylgir og stjórnin einnig lætur í ljósi í frumvarpi sínu. Hann má ekki reiðast mèr, segi eg, fyrir það og álíta mig, annaðhvort eins og einhvern sèrvitring, sem ætli að fara að búa mèr til einhverjar nýjar hugmyndir í því máli, sem eg að vísu verð að játa, að eg enga vísindalega þekkingu nè reynslu hefi á, eða þá eins og þann, er ekki vilji viðurkenna neinar vísindalegar skoðanir, en hitt vona eg, að jafnvel sjálfur hann verði fús á að játa, að þessa heims höfðingi «móðurinn» sem menn svo kalla, hefir ekki hvað minnst álirif á læknisfræðina og hennar hugmyndir, og að ef einhver læknir, sem hefir orð á sèr, kemur fram með einhverja «Theorie», þá er hún skoðuð opt og einatt eins og einhvers konar nýtt «Dogma» eður trúargrein, og hver sá sem trúarníðingur, er vefengir hana. Það er samt engan veginn svo að skilja, að eg vilji eyðileggja málið, en mèr finnst nefndin ekki hafa bætt það mikið með því að víkja frá frumvarpi stjórnarinnar. Í 3. greininni hefir nefndin farið að gefa *Recept,* og er eg henni þakklátur fyrir það, þó eg ímyndi mèr það þurfi umbóta við. Í 2. greininni er nú nokkuð vikið frá »Principi» landlæknis vors, því þar kemur nefndin fram með þá skoðun, sem eg ímynda mèr, að í afleiðingum sínum gæti orðið hættuleg, og gjört það að verkum, að skottulæknar kæmust á, því þeir væru rètt í standi til að fara að færa sig upp á skaptið þessir hundalæknar og fara líka að káka við menn. Um þetta kamaladupt, sem talað er um í 3. gr., og sem álitið er óbrigðult, *veit eg*, að það er ekki einhlítt til að lækna hundana, og ef mèr, eins og framsögumaður efaðist um, er ekki trúandi fyrir að gefa það inn, þá veit eg eigi, hvort menn detta ofan á marga upp í sveitum, sem fremur er trúandi fyrir því. Hinn háttvirti fram-

sögumaður sagði í gær, að eg vildi ekki lækna ferfætt dýr, af því eg væri niðurskurðarmaður, en vildi þó gjarna lækningar, þá eg sjálfur yrði veikur, en þetta er ekki satt um mig, því að svo miklu leyti sem eg er niðurskurðarmaður, þá er eg það af því, að eg hefi tilfinningu fyrir líðunum hinna ferfættu. Eg áskildi mèr í gær breytingaratkvæði við 2. grein frumvarpsins um að skattur yrði lagður á sèrhvern hund, en þingmanni Rangæinga þótti það óhafandi, og sömuleiðis framsögumanni, af því það gætu orðið svo óbærilegar álögur á þann búanda, sem þyrfti á mörgum nauðsynjahundum að halda. En eg segi fyrir mitt leyti að eg vildi óska, að eg ætti svo mikið bú, að eg þyrfti að halda 100 hunda, og því fleiri því betur, því þá stæði eg mig líka við að borga skattinn. Eg skal að öðru leyti ekki fást um nefndarálitið eða frumvarpið meir. Eg vona eg geti komið mèr saman við hinn háttvirta 4. konungkjörna þingmann, sem vill sameina nefndarálitið við frumvarpið, og finnst mèr, að allir ættu að fara í þá stefnu sem hann fer, því mèr finnst hún sú eina rètta og mögulega, ef að þingið ekki ætlar að eyða máli þessu, en það vil eg, eins og eg áður hefi drepið á, ekki.

Framsögumaður: Það er einmitt stjórnarfrumvarpið, sem með ákvörðun sinni um skattinn að eins mundi gjöra málið óvinsælt. Mótbáran móti kamaladustinu er eigi mikilvæg, því eg gjöri lítið úr efasemdum þingmanns Vestmanna-eyja, sem eru gripnar úr lausu lopti, þegar þar á móti er reynsla og rannsóknir vísindamanna.

Páll Vídalín: Eg held það sè að bera í bakkafullan lækinn fyrir mig að fara að tala í máli þessu, enda á eg og örðugra með að tala vegna þess, að eg var hèr eigi við umræðuna í gær, en verð þó að standa upp til að lýsa yfir hinu sama sem hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga tók fram, að eg nefnilega einnig álít þetta mál fullkomið alvörumál, þar sem um líf manna og heilsu er að tefla, og að eg því álít, að þingið hvorki eigi nè megi kasta því frá sèr. Stjórnin hefir borið málið upp fyrir þinginu, af því hún álítur, að hundarnir valdi sullaveiki á mönnum. Þetta álit byggir hún á rannsóknum vísindamanna, rannsóknum læknanna, og sá einasti læknir, sem hèr situr á þingi er þessu einnig samþykkur; hvernig eða hverjar ástæður höfum vèr þá til að hafa á móti skoðunum þeirra eða áliti? Eg vona að þingið finni sèr skylt að bjarga málinu á annanhvorn háttinn, annaðhvort eptir stjórnarfrumvarpinu eða nefndarálitinu. Eg vil nú skoða hver munur er á hvorutveggja, og hvort betur

nái tilganginum. Stjórnin í frumvarpi sínu vill ná tilganginum með með því, að tolla hunda þá, er hún álítur óþarfa á hverjum bæ, en það er auðsætt, að sèu hundarnir annars skaðlegir heilsu manna þá eru þeir það eins þó þeir sèu tollaðir. Þar að auki er engan veginn sagt, að 2 hundar, eins og frumvarpið segir, sèu nægir á hverjum bæ. Aptur á móti hefir nefndin viljað fela það hreppstjórum með beztu manna ráði að ákveða hundafjöldann á hverjum bæ, og álít eg það miklu rèttara, því það getur verið misjafnt sem þörf er á í því efni. Sömuleiðis hefir hún viljað láta lækna alla hunda og verð eg að álíta það einnig alveg nauðsynlegt. Eg verð því að álíta nefndarálitið betra til að byggja á, en eg verð þó að gjöra nokkur breytingaratkvæði við það. Í 1. grein vil eg breyta 1869 í 1868, því eg get eigi annað ætlað, en lagaboðið verði þá komið út og þinglýst. Í 2. grein vil eg setja 1 rd. fyrir 16 sk., því mèr sýnist rètt að tolla þessa skot- og vakthunda. 3. grein vil eg orða þannig: Síðan skal lækna hunda þá, sem eptir eru á kostnað eigenda eptir reglum þeim, sem þar um verða settar *af landlœkninum;* þó getur skeð eg breyti þessu seinasta; mèr sýnist engin þörf að til taka meðalið í lögunum, sem lækna skal með. Í 4. grein vil eg bæta við eptir orðin «í næstu grein á undan», og kveðja þeir aðra menn í hreppnum sèr til aðstoðar í þessu efni; því þar sem menn hafa haft það á móti því að setja þetta upp á hreppstjóra, af því þeir hefði svo margar annir, þá þykist eg þekkja svo vel á það, hvað hreppstjórar hafa að gjöra, að eg get ekki vorkennt þeim þetta, þegar þeir geta tekið aðra sèr til aðstoðar eptir sem þeir vilja. Byrjun 6. greinar vil eg orða þannig: «Nú hefir einhver fleiri hunda en ákveðið er í 2. grein eða forsómar það o. s. frv. Þar vil eg og breyta 5 rd. í 2 rd. Byrjun 7. greinar vil eg orða svo: Auk þess sem *lækningarnar* samkvæmt 3. gr. kynni að kosta o. s. frv. Eg áskil mèr að orða þessi breytingaratkvæði betur síðar.

Jón Hjaltalín: Eg skal bera mig saman við mína heiðruðu meðnefndarmenn um það, hvort við getum aðhyllzt nokkuð af þessum breytingaratkvæðum.

Eiríkur Kúld: Það fór að fara um mig í gær, er eg hèlt, að stjórnarfrumvarpið yrði ofan á, og uppástungur nefndarinnar falla; en það hefir glatt mig í dag að heyra á ræðum þeirra sem talað hafa, að nú er annar vindur kominn í seglin. Mèr finnst auðsætt, að uppástungur nefndarinnar eru stórum betri; eptir þeim

vinnst hvorttveggja að fækka hundunum og lækna hina, stjórnarfrumvarpið vill að eins annað, fækka hundunum, sem hinn háttvirti framsögumaður ætlar muni lítið gagn gera. Þó nú svo yrði, að þingið tæki nefndarfrumvarpið fram yfir stjórnarfrumvarpið, þá eru það engi eins dæmi, að konunglegt frumvarp falli um hunda; samkynja frumvarp var fellt í ár 5. júlí í landsþinginu. Eg tók mèr nokkur breytingaratkvæði í gær, en þar á eptir heyrði eg, að hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður vildi sameina stjórnar- og nefndarfrumvarpið með því að draga kamala-lækningarnar inn í frumvarp stjórnarinnar; mèr finnst því má ske líklegt eg geti sameinað mig við hinn 4. konungkjörna þingmann. Það er nú orðið svo margrætt um, að eigi sè hægt að hafa nægilegt eptirlit; eg get nú ekki annað skilið en hægt muni að fá það eptirlit. Eg held mest sè komið undir því, að almenningur sjái nauðsyn þeirra ráðstafana sem gjörðar eru, og það mun hægra að fá menn til að sjá hana eptir nefndaruppástungunum en stjórnarfrumvarpinu, því þær en ekki frumvarpið taka það fram, sem nauðsynlegt virðist til að útrýma sullaveikinni og bandormunum. Eg verð svo sem hinn heiðraði þingmaður Eyfirðinga að gefa mig fanginn undir trúna, úr því annar konungkjörni, sá eini, sem skyn ber á málið, er sannfærður um að grundvöllurinn sè rèttur. Hinum heiðraða þingmanni Rangvellinga þótti skatturinn of hár og auka útgjöldin á sveitarsjóðina, en eg vil biðja hann gæta þess, að ef uppástunga mín verður tekin, og á hvern hund í landinu verður lagður 3. marka skattur þá koma gjöld, langtum meiri inn í sveitarsjóðina. Þingmanni Austur-Skaptfellinga þótti of mikil byrði lögð á hreppstjórana, ef þeir ætti að hafa eptirlit með lækningum hundanna, og eg skal fúslega játa að þeir eiga undir miklu að rísa; en mèr finnst engin ástæða til þess að mæla þá undan þessari byrði, sem er því næst sá eini starfi, sem þeir fá laun fyrir, og það svo nokkru nemur; því setjum svo sem eptir orðum hins háttvirta framsögumanns að gjöra má ráð fyrir, að á Íslandi sè hèr um, 26000 hunda; og ef 48 sk. skattur er á hverjum hundi þá geldst af þeim 13000 dala skattur, en af þeim skatti fer helmingurinn til hreppstjóranna og það er 6500 rd., og sjá menn að það er þó lítið sè, heldur styrkur handa þeim. Viðvíkjandi lækningunum áskil eg mèr það breytingaratkvæði, að kamaladustið skuli fást gefins á opinberan kostnað, eða úr sveitarsjóði; það nemur eigi miklu því það kostar milli 6 og 8 skildinga fyrir hvern hund.

Jón Sigurðsson: Eg hefi eigi skilið ræður þingmanna á þá leið, að nokkur hafi verið móti málinu, þvert á móti hefir mèr skilizt, að allir væru málinu hlynntir, menn hafa að eins greint á um það, hvor vegurinn væri heppilegri stjórnarfrumvarpsins eða nefndarinnar. Eg hefi nú ekki enn getað sannfærzt af ræðum þeirra þingmanna, sem mælt hafa með nefndinni um að sá vegur sem hún hefir farið sè í nokkru betri en stjórnarfrumvarpsins. Menn hafa borið á móti því, að torvelt væri að koma uppástungum nefndarinnar í verk, en fyrir því hafa menn ekki fært fram neina ástæðu. Mèr finnast uppástungur nefndarinnar bera sína eigin eyðileggingu í sjálfum sèr. Hreppstjórarnir, sem helzt er tilætlað að framkvæmi það sem gera skal um eptirlit og lækningar á hundunum, er eg hræddur um muni bregðast því trausti, sem nefndin virðist að hafa á þeim í þessu efni, ekki einungis af því að þeir hafi vantraust á lækningunum eða sè á móti þeim, heldur af því að suma hreppstjóra kann að bresta lag og elju til að fá þeim framgengt. Eg vona að öllum megi vera það full-ljóst, að það er ekki eins og hèr til hagar nú, þó að það sè sett á pappírinn, að þetta eður hitt skuli framkvæmast; eptir er að framfylgja lögunum og framkvæma það er þau skipa fyrir. Við höfum ljóst dæmi fyrir okkur, þar sem tilsk. frá 1861 um vegabæturnar uppáleggur hreppstjórum alla framkvæmd og forsjá með tilliti til aukaveganna. Eg vil spyrja hreppstjórana, sem eru hèr á þingi: Hefir öllum þar að lútandi ákvörðunum löggjafarinnar verið fylgt í þeim hèruðum sem þeir eru frá? Eg leyfi mèr að segja nei? (*Páll Vídalín*: Alstaðar í Húnavatnssýslu). Eg held það hefði nú átt betur við, og mèr hefði fundizt miklu heppilegra, ef nefndin hefði beinzt að prestunum um þetta mál, sem er alveg læknisfræðislegs efnis, því prestar hafa eins og kunnugt er öll afskipti af læknamálum upp til sveita, t. d. bólusetningar og fl., en hreppstjórum er allt þess konar óviðkomandi. Svo finnst mèr það að uppástungum nefndarinnar að þær eru eitthvert sambland af laga-ákvörðunum og lækningareglum, sem alls eigi eiga við í lagaboði. Fyrsta grein nefndarinnar, sem tekin er upp úr frumvarpi stjórnarinnar, er hið eina hjá henni, sem hefir löggjafarblæ á sèr; hinar greinirnar eru þessar hundalækningareglur. Eg ætla nú, að það megi vera hverjum ljóst, að eins og löggjafinn á ekki og má ekki setja sig í sæti læknisins, til að fyrirskrifa lækninga «recept», hvort sem heldur er handa mönnum eða hundum, eins má læknirinn heldur

eigi setja sig upp í sæti löggjafans, og fara að setja mönnum lög. Hver þeirra á að vinna innan síns verkahrings. Mèr finnst stjórnarfrumvarpið fara þann veginn, sem eðlilegastur er, þar sem það vill koma reglu á hundahaldið, og með því að lögbjóða skattinn á alla óþarfa hunda fækka þeim óbeinlínis, hvar við lækningarnar verða hálfu auðveldari viðfangs; lengra á og þarf eigi löggjöfin að fara, því þá á læknirinn að koma til sögunnar, með sínar lækninga reglur. Eg vil benda hinum háttvirta framsögumanni á, að fyrir norðan hefir verið í ráði að stofna heilbrigðisnefndir í hverri sveit; kæmist nú þessar nefndir á um land allt, sem víst væri æskilegt, mundi að mèr finnst eðlilegast, að hundalækningarnar og allar þar að lútandi ráðstafanir heyrði undir þær. Það er eigi ólíklegt, að hreppstjórar og aðrir helztu menn í sveitinni yrðu skipaðir í þvílíkar nefndir, ef þeir þættu hæfir til þess; og finnst mèr að framsögumaður, sem landlæknir hefði átt að gangast fyrir því að stofna slíkar nefndir áður eða jafnframt því sem hann er að berjast fyrir þessum hundalækningum. Af þessu, sem eg hefi sagt, má ráða það, að eg muni halda mèr að stjórnarfrumvarpinu með ýmsum breytingum á 1. og 2. gr., sem ýmsir þingmanna hafa stungið upp á; líka finnst mèr, eins og þingmanni Norður-Þingeyinga, að menn mundu geta sloppið hjá að hafa þessi lögreglu-teikn, sem gjört er ráð fyrir í 3. gr. frumvarpsins.

Framsögnmaður: Þrálátur maður finnst mèr þessi heiðraði þingmaður Suður-Þingeyinga, og æði djúpt tekur hann í árinni, enda standa ómögulegleikarnir fastir í höfðinu á honum, þar sem eg ekki get sèð nein vandkvæði. Ekki get eg bannað honum að halla sèr að stjórnarfrumvarpinu, geri hann það sem honum líkar, en það get eg fullvissað hann um, að verði stjórnarfrumvarpið gert að lögum, þá munu innan skamms streyma inn á þingið bænarskrár um að fá þeim lögum breytt. Honum finnst það óheyrt að blanda læknareglum inn í lög; honum eru þá illa kunnug lög; en eg vil segja honum að sóttvarnalög hvar svo sem eru einmitt í lagaformi innihalda varúðarreglur og lækninga-ávísanir móti sóttinni. Ósköp er hann líka brjóstgóður við hreppstjórana, hann telur það eptir þeim að hafa þetta eptirlit með hundunum, eins og það væri einhver ósköp, og það er þó merkilegt með hann, sem er svo kunnugur í sveit, og veit að hreppstjórar eiga erindi jafnaðarlega á hvern bæ í sveit sinni. Mèr finnst hreppstjórarnir mega þakka fyrir að fá eitt verk sem þeir fá fyrir, þeir væri svei mèr

betur farnir en þeir eru, ef þeir fyrir ½ stundar verk fengi 2, 3 eða þar sem svo eru margir hundar kanske 6 mörk fyrir ómak sitt. Að leggja prestum það á herðar að hafa þetta eptirlit finnst mèr óviðurkvæmilegt.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg verð að telja það mjög áríðanda í þessu máli, að menn án allrar keppni leiti sannleikans, því að hèr er um mikilsvert mál að ræða, þar sem er líf og heilsa manna. Enginn hefir enn fært sönnur á móti því, að hundarnir eða bendilormar þeirra sè orsök til sullaveikinnar, þótt sumir hafi efazt um það; því að þótt svo kunni að vera, að þeir sèu eigi hin eina orsök hennar, þá verð eg að gefa mig fanginn undir trúna, að þeir sèu að minnsta kosti aðalorsökin. Vinur minn, hinn háttvirti framsögumaður og eg, höfum lengi fylgzt að í lækningum á dýrum, og verð eg enn að vera með honum í þeim, þar eð mèr virðist stjórnarfrumvarpið alls eigi ná tilgangi sínum nema lækningar sèu viðhafðar; því skatturinn á hundunum getur aldrei, svo sem opt hefir verið tekið fram, útrýmt sýkinni. Það eitt hefi eg að setja út á uppástungur nefndarinnar, að hún er sjálfri sèr ósamkvæm, þar sem hún vill hafa niðurskurð á hundum, en eg sem er lækningamaður verð að vera á móti öllum niðurskurði, hvort sem er á hundum eða öðrum dýrum, ef lækningum verður við komið. Fyrir hverja sök á að fækka hundum fremur en þörf krefur; óþarfa hundarnir verða aldrei margir, ef hæfilegur skattur er lagður á. Það er enn ein ástæða, sem eg hefi móti þessari uppástungu nefndarinnar, að enginn megi hafa hund sem sveitarstjórnin eigi álítur nauðsynlegan, og sem gjörir hundafækkunina mjög ísjárverða, sú, að hèr gengur svo opt hundafár, að hætt er við, að hundar yrði alveg ófáanlegir, ef enginn ætti rakka um fram það, sem bráðliggur á til búþarfa. Úr því hinn háttvirti framsögumaður álítur, að fækkunin eigi gagni í sjálfu sèr, þá finnst mèr nefndin komast í mótsögn við sjálfa sig, þar sem hún vill fækka hundunum. Mèr finnst það öldungis eiga að vera á eiganda valdi, hvort hann vill halda hund, ef hann að eins kostar upp á að borga skatt af honum, og svo lækna hann á eptir. Menn ætti að halda skattinum og svo lækningunum jafnframt, því að skatturinn kemur að minnsta kosti reglu á hundahald hèr á landi. Af þeim uppástungum, sem fram hafa komið, felldi eg mig bezt við uppástungur hins háttvirta 4. konungkjörna þingmanns; hann fór því fram að sameina nefndaruppástungurnar og stjórnarfrumvarpið, hundaskatt og

lækningar. Annað mál er það, hvort skattagjald það, sem stjórnarfrumvarpið fer fram á, er of lágt eða of hátt. Mèr getur eigi betur skilizt, en að menn sè óþarflega hræddir við skattinn; hinn háttvirti þingmaður Rangvellinga var hræddur um, að skatturinn mundi hreinlega útarma sveitina; þessi skattur er lagður á innsveitis og fer aldrei lengra, lendir í sveitinni sjálfri, og lækkar önnur sveitargjöld; eg get eigi betur sèð, en hverjum og einum bónda megi standa á sama, undir hvaða nafni hann borgar sveitargjöld sín, ef ekki kemur þyngra gjald á hann við það; hvort gjaldið heitir auka-útsvar eða hundaskattur eða tiund er það sama; hundaskatturinn er að því betri, að þá veit maður þó fyrir hverja sök maður borgar svo eða svo mikið, og getur eigi grunað sveitastjórnina um neitt gjörræði eða hlutdrægni. Eg get eigi sèð, hvernig menn ætti að geta komizt hjá því að hafa teikn, og verð þess nemur aldrei svo miklu, að það geti útarmað neinn; það hægir einnig eptirlit, og kemur reglu á hundahaldið. Að eptirlitið verði nokkrum erfiðleikum bundið tel eg sjálfsagt, en setjum svo, að það verði eigi fyrst í stað svo gott sem bezt má verða, þá verður þó alltjend allur þorrinn hundanna læknaður, og að því skapi verður háskinn, sem af bendilormum hundanna stendur, að minnka; þessi mótbára út af eptirlitsvandkvæðunum getur aldrei verið svo rík, að hun geti gefið mönnum ástæðu til að fleygja málinu frá sèr. Þar sem menn hafa efazt um, hvort sullaveikin ætti rót sína að rekja til hundabendilormanna, þá gef eg mig fanginn undir trúna á reynslu, þeirra sem vit hafa á því, því eg er engi læknir; en dæmi það sem þingmaður Vestmanneyja tók því til vefengingar að kamaladustið væri óbrigðult til að farga ormunum, sannar lítið, meðan hann eigi getur sannað, að hundinum hafi verið auðið að fá efnið í sýkina aptur rètt eptir að honum var gefið inn og hann var læknaður. Þykkvabæjardæmið sannar heldur eigi neitt, því að það getur verið margt, sem varnar kvillanum; margt er til í náttúrunni, sem vèr eigi þekkjum. Eg verð að geta þess, að eg er á þeirra máli, sem eigi vilja setja hundalækningarnar upp á hreppstjórana; mèr finnst til þeirra ætti að setja sèrstaka menn. Eg vona annars eg geti í flestu verulegu samrýmt mig við hinn háttvirta 4. konungkjörna þingmann.

Framsögumaður: Þar sem hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður sagði, að nefndin hafi verið sèr ósamkvæm í því að vilja fækka hundum, en þó lækna, þá get eg eigi sèð það; með því að

fækka hundunum sparazt töluvert af lækningakostnaðinum; auk þess eiga margir hunda, sem aldrei ætti hunda að eiga, lausamenn flækingar, krakkar, og þess háttar rakkar finnst mèr megi fækka. Dæmi það, sem tekið er af Þykkvabænum er rètt, en þar kemur það til greina, að af kjöti til lifa þeir mest á hrossakjöti og styrkir þetta þá meiningu, að sullaveiki kunni að koma allt eins mikið úr sauðakjöti og fra sjálfum hundunum.

Hjálmur Pètursson: Eg skal geta þess, að eg er einn af þeim sem vil vera málinu hlynntur yfir höfuð, eins og eg hefi áður látið í ljósi; en eins og fyrri verð eg að álíta, að frumvarpið fari nær þeim rètta vegi, þegar talað er um að setja lög, heldur en nefndarálitið gjörir, sem skoðar málið að mestu frá læknislegri hlið. Eg álít það verulega bót og framför til reglusemi, ef óþörfum hundum yrði fækkað, en eg er og á því, að þeir hundar, sem ómissandi eru, ættu að vera skattfríir, því mèr finnst óviðkunnanlegt, að leggja þungan skatt á nauðsynleg verkfæri, en flestir munu álíta hundinn verkfæri, en ekki arðberandi skepnu; en eptir frumvarpinu ætti að gjalda 2 rd. toll af fjölda mörgum þarflegum hundum, og er eg því mótfallinn frumvarpinu í þessu atriði, og hefi eg áður áskilið mèr breytingaratkvæði í þá átt; annars hefi eg ekkert á móti því, sem sumir hafa stungið upp á, að sameina frumvarpið og nefndarálitið. Það sem eg hefi mest á móti nefndinni er að hún óumflýjanlega vill dengja þessum starfa upp á hreppstjórana, rètt eins og enginn væri brúkanlegur til þess nema þeir; mèr þykir það undarlegt, að nefndin eða þeir þingmenn, sem þessu framfylgja, ekki skuli hafa fundið neinn annan veg í þessu efni, og þó játa þessir sömu menn að hreppstjórar hafi langt of miklum störfum að gegna; mig furðar það stórlega, að þeir menn, sem eru nákunnugir þeirri örðugu, margbrotnu og launalausu stöðu hreppstjóranna, skuli gefa það hljóð af sèr, að þá muni ekkert um, að bæta þessu á sig, og það kveður svo rammt að, að sumir hèr á þingi eru þeirrar meiningar, að hreppstjórar muni gangast upp við 16 skildinga þóknun, en eg fæ ekki sèð, hvernig hreppstjórar eigi að komast yfir þetta, sem hafa svo mikinn og vandasaman starfa á hendi, og það launalaust, eg verð því fastlega að mæla á móti því, að þessu verki sè kastað á þeirra bak. Eg áskil mèr því það breytingaratkvæði, að 4. gr. nefndarálitsins falli burt og komi ný grein í staðinn, í þá átt að annaðhvort landlæknirinn eða sýslumenn útnefni vissa menn til

að annast um lækningar á hundum, og ef þeir hefðu um stórt svæði að sjá, gætu þeir máske fengið laun úr læknasjóðnum.

Framsögumaður: Mèr þykir það skrítið, að þingmanni Mýramanna skuli þykja þær skyldur, sem nefndin hefir lagt hreppstjórunum á herðar í þessu tilliti; vera svo þungbærar þar sem bæði eg og margir aðrir eru búnir að sýna honum fram á, að þær í rauninni eru mjög svo lèttbærar. Að öðru leyti skal eg geta þess, að mèr fannst þingmaður Húnvetninga fara ljósum orðum um mál þetta, og hefi eg helzt í hyggju að halla mèr að áliti hans.

Jón Bjarnason: Það verður lítið og lint högg, sem eg slæ í þetta hundaveður, tilgangur minn er að bera friðar og sátta-orð milli manna í þessu máli; eg er einn af þeim sem álíta lækningarnar þarflegar, og að því leyti gef eg minn skilning fanginn undir hlýðni trúarinnar. Hinn heiðraði framsögumaður álítur það lítið ómak eður auðvelt að gefa hundunum inn, en eg get því að eins verið honum samþykkur, að meðalið sè tekið inn í mjólk, því hún er ljúffeng, og hundar mundu gjöra það með góðu að taka inn meðalið í henni. Það tjáir ekki að fara að hundunum og ætla um leið að spenna upp kjaptinn á þeim nauðugum, og segja: Góðurinn minn, allar menntaðar þjóðir í Evrópu viðurkenna að þetta sè hollt fyrir þig góðurinn minn! Hundurinn mundi allt eins fljúga á læknirinn, rífa og bíta hann fyrir það, því skolla kornið hann skilur það. Nefndarálitið í 4. gr. stingur upp á, að húsbændur sèu skyldir að flytja hundana á þann stað, er lögreglustjóri eður hreppstjóri fyrir skipar, þetta sýnir, að nefndin hefir ekki hugsað, hversu erfitt þetta mundi verða, því eg þori að fullyrða, að margur hundur er þannig skapi farinn, að hann fer ekki á lækningastaðinn nema smalamaður fylgi, sumum mætti húsfreyjan til að fylgja og sumir hlytu að flytjast sem fangar, og er eg með öllu mótfallinn, að hreppstjórar eigi í styrjöld þeirri, er af þessu leiddi; mèr er ekkert spaug í huga þegar um þetta velferðarmál er að ræða, og tek eg það fram aptur, að ef gefa mætti hundum inn í mjólk, mundu lækningarnar ganga af með góðu, bæði hvað eigendur og hundana sjálfa snertir, og geta framkvæmzt á hverju heimili, sem er mikill hægðarauki, og vildi eg spyrja hinn heiðraða framsögumann, hvort ekki mætti hafa mjólk að gefa hundunum meðalið í, og verði svarið já, þá áskil eg mèr viðauka-atkvæði í 3. grein í þá átt, að mjólk verði brúkuð við lækningarnar. Það er nokkuð merkilegt, sem framsögumaður sagði, að sullir eður bandormar mundu ekki vera í

hestum, nú vita þó allir að hestar naga allra skepna mest, hundaþúfur og hlaðvarpa, hvar úr hundunum hlýtur að liggja mest af bandormaeggjum, eður efnum; eg er þeirrar meiningar, að bezt og rèttast væri, að einhver löggiltur og með erindisbrèfi útbúinn maður annar en hreppstjórinn, færi um í fyrsta sinn og framkvæmdi lækningarnar, og um leið setti teiknið á hundana, við það yrði framkvæmdin og reglan alvarlegri. Eg er stjórnarfrumvarpinu samþykkur að því leyti, að rèttast sè að leggja skatt á hunda, en hann ætti að vera mjög lítill, á alla þá sem nauðsynlegir eru, að minnsta kosti ætti hann þó að vera svo mikill, sem lækningunni svaraði. Eg er alveg sömu meiningar og hinn heiðraði 5. konungkjörni þingmaður, að skatturinn þegar hann, eins og sýnt hefir verið, á að renna í sveitasjóðinn, þá taka bændur að lækningakostnaðinum frá dregnum, sem borgast ætti af sjóðnum, við því aptur, sem goldið er í hundaskattinn, svo við það sem sveitasjóðurinn vex þannig af tekjunum, verða auka-útsvörin minni, sem bændur þurfa að svara til þurfamanna í hreppnum.

Björn Pèturssson: Það er búið að tala mikið og margt um þetta mál bæði í gær og í dag, en ekki hefi eg þó heyrt nema tvær raddir sem talað hafa móti því, að sullaveikin stafi af hundunum; þetta voru þeir herrar þingmaður Skagfirðinga í gær og þingmaður Vestmanneyinga í dag. Hinn fyrrnefndi færði enga ástæðu fyrir sínu máli, en sagði að eins, eins og Tómas sálugi: Eg trúi því ekki. En eg get ekki að því gjört, að eg treysti betur vísindalegri rannsókn og reynslu en trúleysi hans, enda þó eg virði manninn mikils. Þingmaður Vestmanneyinga, sem líka er veikur fyrir í trúnni, vildi byggja það á Þykkvabænum, sem að hans sögn er mjög hundauðugt pláz, en sullaveiki í mönnum mjög sjaldgæf, að hundafjöldi og sullafjöldi í mönnum fari ekki saman. En hann sannar ekki mikið með þessu dæmi, þegar hann gáir þess, sem bæði hann sjálfur og aðrir hafa sagt mèr, að í Þykkvabænum lifa menn mest á hrossakjöti, en alkunnugt er, að sullir eru ekki í hestunum; svo það er víst þessum lifnaðarhætti þeirra að þakka, að þeir verjast sullaveikinni; líkt hefi eg heyrt um þá í Stokkseyrarhverfinu; þar kvað menn lifa mjög af hrossakjöti, en fáir vera sullaveikir; þar á móti er sullaveikin að sögn almenn í Skaptafellssýslu, enda lifa menn þar mikið á sauðakjöti, og það enda hráu hangikjöti, sem framsögumaður álítur mjög hættulegt.

Það hafa margir kvartað yfir því, að enginn skattur væri lagð-

ur á óþörfu hundana, en það er þá hægt að gjöra þessum mönnum það til skaps, að bæta slíkri ákvörðun aptan við 2. grein, og vil eg áskilja mèr rètt til þess.

Pètur Pètursson: Eg skal leyfa mèr að bera upp breytingaratkvæði við 2. gr. frumvarpsins; eg hefi reyndar heyrt líkt breytingaratkvæði áður borið hèr upp, en það var við nefndarálitið; eg vil nefnil. að fyrir «2 hunda» komi: svo marga hunda sem lögreglustjórar og hreppstjórar ákveða eptir kringumstæðunum og einkum eptir skepnufjölda hvers eins.

Arnljótur Ólafsson: Þó margt og mikið hafi verið talað í þessu máli, ímynda eg mèr samt, að menn verði að játa, að sumir þingmanna ekki hafi gjört sèr full-ljósa grein fyrir tilgangi stjórnarfrumvarpsins; eg bendi þessu einkum til þeirra, sem vilja sameina frumvarpið og nefndar-uppástungurnar. Tilgangur beggja er að eyða sullaveikinni í mönnum, en stjórnarfrumvarpið tekur til tvö meðul eður tvö ráð, sem sè fækkun hundanna og álaga skattsins, en hefir hallað sèr einkum að skattinum. Eg vil nú spyrja þá, sem vilja taka skattinn upp í nefndarálitið, í hvaða tilgangi þeir gjöra það? Gjöra þeir það í sama tilgangi og stjórnin? Eg held eigi; en gjöra þeir það þá í þeim tilgangi að fá laun handa hreppstjórum? Því verður ekki neitað, að í þessa átt hafa raddir hèr komið fram á þingi. Nefndin áleit aptur á mót, að *lækningar* væru eina ráðið til að ná tilgangi frumvarpsins, og eg er einn meðal þeirra, sem í þessu tilliti gefa sig *fangna* undir trúna. Nefndin treysti lækningunum og studdi því allt á þeim, þess vegna gat hún eigi tekið eður aðhyllzt skattinn, sem stjórnin hefir sett eins og nokkurs konar «prohibitiv»-skatt, varnaðar- eður hindrunarskatt; með því líka að nefndin áleit, að skatturinn væri ónýtur til að ná tilgangi lagaboðsins.

Í 2. grein hefir nefndin að vísu haldið hundafækkuninni, sem hún reyndar leggur enga áherzlu á, með því að fækkunin gjörir hvorki til nè frá um sullaveikina, heldur er allt komið undir lækningunum. Eg vil taka mèr það breytingaratkvæði við þessa grein, að «fækka skal *óparfa* hundum», og að niðurlag greinarinnar sè orðað líkt og þingmaður Húnvetninga stakk upp á. Sömuleiðis tek eg mèr viðauka-atkvæði við 7. grein nefndarinnar þannig, að við enda greinarinnar verði bætt: «sem inn er gefið» eður því um líkt, til þess að taka betur fram þá hugsun nefndarinnar, að þessir 16 skildingar sè enginn hundaskattur, heldur endurgjald til hrepp-

stjóranna fyrir lækninguna á hundinum og ómak þeirra, og því verður orðið: »læknismeðal» í upphafi greinarinnar að standa óbreytt, hvort heldur sem meðalið er gefið inn í mjólk, vatni eða grasagraut. Nefndin getur ekki fallizt á, að aðrir hafi afskipti af málum þessum en hreppstjórarnir, sem eru lögregluþjónar, með því að þau heyra alveg til heilbrigðismála; en heilbrigðismál heyra til almennra lögreglumála, að því leyti þau eru eigi læknismálefni. Mig furðar því, að jafnreyndur og greindur maður, sem þingmaður Suður-Þingeyinga er, skuli skoða þetta frá öðru sjónarmiði, hann sem ekki einungis hefir verið lögregluþjónn heldur og lögreglumeistari.

Ef menn eru að hugsa um að fella allt málið af eintómum *efa* um hvort lækningar þessar muni vera tryggjandi eða ekki, þá verða menn þó að gæta þess vandlega, að hér liggja fyrir ríkar sannanir byggðar á vísindalegri reynslu. Þingmaður Vestmannaeyinga veit að sullir eru í mönnum og bendilormar í hundum; nú hefir hin vísindalega rannsókn læknanna sýnt og sannað, að sterk líkindi muni vera fyrir því, að sullaveikin muni vera sprottin af bendilormum hundanna, en það sem er álitið líklegt af þeim mönnum, sem vel hafa vit á (læknunum), verður að álítast miklu líklegra en það, sem þeir kalla líklegt, er ekki bera skyn á þetta mál. En það sem er líklegra af tvennu, það er líklegast, sennilegast; en það sem er sennilegast í þessum og þvílíkum efnum, er hér ræðir um, er fullkomin sönnun, með því og að enga aðra sönnun er að fá. Eg verð því að segja að minnsta kosti, að sönnun sú er fullkomin *fyrir mig,* sem fram er komin í þessu efni, og það því fremur, sem engin mótsönnun er komin fram. Setjum nú, að kenning þessi sè vafasöm eður jafnvel *ósönn;* hvað eigum vèr þá að gjöra? Eiga menn að sitja hèr og rífast út í bláinn? Nei, við skulum gjöra tilraun; þar við getum vèr fengið reynslu um, hvort kenning þessi sè *í sjálfri* sèr sönn eður ósönn; en reynslan er ætíð dýrkeypt, svo þó hún í þetta skipti kosti svo sem 16—24 sk. á ári fyrir hvern hund, þá getum vèr eigi kallað reynslu þessa eiginlega dýrkeypta um of. En sè nú kenning þessi *sönn,* þá hafa þessir menn, sem í móti mæla, ábyrgð fyrir því, að hafa gjört sitt til að viðhalda sullaveikinni, sem nú á að vera í hèr um 10,000 mönnum hèr á landi, einungis til að geta *sparað* nokkur ómök.

Framsögumaður: Minn háttvirti sessunautur álítur að það,

sem stjórnarfrumvarpið er byggt á sè «humbug», og þó vill hann leggja skattinn á þetta «Humbug» eða narrastrik, og það þykir mèr undarlegt.

Stefán Thordersen: Eg vil leggja skattinn á til þess að komast að sama augnamiði og nefndin, sem sè að fækka hundunum; það er ekki satt, sem þingmaður Borgfirðinga sagði, að eg hefði neitað því, að sullaveikin stæði af hundunum, heldur hefi eg að eins *efazt* um það. Eg skal og með ánægju taka móti þeirri ábyrgð, sem hann vildi velta yfir á mig; vèr Íslendingar náum fullt eins háum aldri og aðrar þjóðir, því: «þetta tórir Þorgerður, þó að hinir deyi». Þar sem þingmaður Suður-Múlasýslu sagði, að sullir væri ekki í hestum, þá verð eg alveg að neita því; eg hefi sèð mörg dæmi upp á það, að hestar væru sollnir. Að endingu skal eg geta þess, að eg, eins og eg áður hefi sagt, helzt vil halla mèr að meiningu hins 4. konungkjörna þingmanns, sem mèr finnst að hafi stungið upp á því, sem er skynsamlegast, og eitt geti sameinað frumvarpið og nefndarálitið.

Framsögumaður: Hinn háttvirti þingmaður er nú settist, hefir eigi mikla hugmynd um lífsaldur þjóðanna (*Stefán Thordersen:* Jú, sem Homöopath); en taki menn 50 ára tímabil, gæti hann sèð þá, að manndauðinn á Íslandi er miklu meiri en annarstaðar, og gjörir ekki sullaveikin lítið til í þessu efni; eg veit ekki betur, en að eptir skýrslum þeim, sem prestar hafa gefið, hafi 7. hver maður dáið úr sallaveiki; þó sullaveikin ekki allt af beinlínis sè drepandi, þá gjörir hún það samt að verkum, að menn hèr hafa minni krapt til að standa á móti öðrum veikindum, svo sem landfarsótt og kvefsótt, og því deyja á Íslandi að tiltölu fleiri úr þessum sóttum en annarstaðar.

Ólafur Sigurðsson: Eg ætlaði að eins að svara hinum heiðra þingmanni úr Suðurmúlasýslu því, að hann hefir víst misskilið orð mín í gær. Eg var aldrei svo sèrlega vantrúaður um þetta meðal, en eg sagði einungis, að það væri *mest* komið undir því, að það væri áreiðanlegt. Hinn heiðraði framsögumaður tók sèrlega vægilega á þeim orðum mínum, sem hrærðu við því, að fleiri orsakir gætu verið til innvortis meinsemda og sulla en þær sem koma frá hundunum, því hann kannaðist fullkomlega við, að menn allt til þessa tíma hefðu álitið, að sullaveikin væri komin af öðrum orsökum, en menn nú álíta, og því trúði hann mikið vel, að eg hefði sèð þetta í 100 ár gömlum lækningabókum. Þetta virðist mèr

vera eitt af því sem berlega sýnir ófullkomlegleika mannlegrar vizku, ef svo mætti að orði komast, því eptir sömu reglu gæti sú skoðun sem menn nú hafa, verið fallinn úr gildi eptir næstu 100 ár. Eg áskil mèr breytingaratkvæði við 7. grein frumvarpsins í þá stefnu, að tekjur þær, sem þar eru nefndar, skuli innfærast í hvers árs jafnaðarreikning, því mèr þykir óþarfi að gefa sèrstakan reikning fyrir þeim á hverju ári, og skal eg nákvæmar orða það síðar.

Eiríkur Kúld: Hinn heiðraði þingmaður Suður-Þingeyinga hafði það mest á móti uppástungu nefndarinnar, að hreppstjórunværi lögð svo þung byrði á herðar, því hann vill hlífa hreppstjórunum og álítur þeim varla trúandi fyrir að sjá um lækningarnar. Eg átti sízt von á þessu frá honum, sem sjálfur hefir verið hreppstjóri og sæmdur heiðursmerki fyrir hreppstjórn sína. Ef þetta eptirlit yrði ómögulegt fyrir hreppstjórana í Þingeyjarsýslu, þá vil eg spyrja hinn háttvirta þingmann, hvort þar muni eigi hvað helzt nógir menn á lausum kjala, er fá mætti hreppstjórum þar til aðstoðar við hundalækningarnar svo sem þessir Brasilíufarar sem aptur hafa sezt, mundu þeir ekki komast til þess? Hann vildi heldur láta prestana annast þetta og hèlt að það væri hægra fyrir þá af ýmsum orsökum, en eg verð að segja honum; þótt hreppstjórarnir hafi mikið að gjöra, þá hafa prestarnir það líka ekki sízt í stórum sóknum. Eptir hugmynd þeirri, sem alþýða hefir um presta og hreppstjóra, þá held eg það ætti þar auki betur við, að hreppstjórarnir sæju um lækningarnar, það liggur auðsjáanlega nær stöðu þeirra en prestanna, og þingmaðurinn veit, að hreppstjórar eru lögregluþjónar og ganga stundum sýslumönnum til handa um þau störf, er prestsstöðunni eru mjög fjarstæð!?! Það er líka sú hjátrú víða hjá alþýðu, að prestarnir megi ekki blóðga neina skepnu og það gæti þó komið fyrir, að það þyrfti að skjóta hund. Hann fann það og til, að sumir prestar væru læknar og hèr væri um lækningar að ræða, en hann hefir víst meint með því «homöopatha» eg að minnsta kosti man núna eigi eptir öðrum prestum sem fást mikið við lækningar, og gæti það þá ef til vill orðið hagnaður fyrir klerkana þar nyrðra, og hafi þingmaður meint til þess, þá er lakast að hèr liggur engin «homöopathisk» uppástunga fyrir í þessu máli. Hann sagði og að það væri nær, að skottulæknar hefðu þetta starf á hendi, en hreppstjórar. Eg vil þá ráða manninum að fá hann Jón á Hellu, því það gæti orðið gott fyrir Jón, því þá fengi hann þó launin sem menn hafa verið að biðja um handa honum!!!

Forseti: Það hafa 11 þingmenn beiðst að umræðunum yrði hætt, en tveir hafa beðið sèr hljóðs. Þingmaður Dalamanna er sá fyrri af þeim, og leyfi eg honum orðið, ef þingmenn eru ekki á móti því, sem eg ímynda mèr að ekki sè.

Jón Bjarnason: Mèr var full alvara áðan, er eg spurði, hvort ekki mætti gefa hundinum meðalið inn í mjólk; það yrði held eg erfitt að neyða því ofan í þá og það er ekkert spaug að fljúgast á við hunda í illu. Eg skora því aptur á framsögumann, að hann svari þessari spurningu.

Framsögumaður: Það er ekkert á móti því, að gefa það inn í mjólk, helzt þá undanrenning, því hún er ódýrust. Eg held það yrðu annars lítil vandræði að koma svo sem einni teskeið ofan í hund, ef minnsta lag er á.

Stefán Eiríksson: Eg ætlaði að eins að svara þingmanni Barðstrendinga fáeinum orðum. Hann hèlt það yrði ekki svo lítil borgun, sem hreppstjórarnir fengju eptir áætlunarreikningi nefndarinnar um hundatölu hèr á landi, því það væri af öllu landinu 6,500 rd. Nú eru 167 hreppar í landinu og kæmu þá 39 til 40 rd. niður á hvern hrepp, og er það ekki svo ýkja mikið. Ef nú hundunum verður fækkað til helminga, og svo má telja víst að laun þessi ekki fást inn, hvað hafa hreppstjórarnir þá í aðra hönd eg held alls ekkert. Svo dregst líka frá þessum miklu hreppstjóra launum, því þeir þurfa þó víst sjálfir að kaupa þessar vigtir og bækur, því það mundi ekki þykja góð læknisaðferð, ef samsetning inntökunnar væri svo, að hún dræpi meira og minna af hundunum, eins og hefir átt sèr stað með fjárlækningarnar hèrna á Suðurlandi. Mig furðar á því, hvað mörgum þingmönnum þykir eðlilegt, að demba þessu öllu á hreppstjórana, sem hafa svo margt annað að annast, þeir hafa yfirumsjón aukavega, og að nokkru leyti mega þeir gefa yfirgripsmiklar skýrslur í tilliti til þjóðvega, og nú er dengt upp á þá öllu eptirliti með spítalahlutina og það er þó ekki svo lítið umstang. Eg álít það því öldungis rètt, sem hinn 5. konungkjörni stakk upp á, að setja nefnd í hverjum hrepp sem annast skyldi lækningarnar, ef þingið kemst að þeirri niðurstöðu að halda þeim fram.

Framsögumaður: Það lítur út fyrir að þingmaður sá er nú settist niður, muni ekki vel eptir því, að hann hefir barizt fyrir því hèr áður á þingum, að hreppstjórar fengju laun, og þá var þó

ekki talað um að láta þá fá meir en 6000 rd., en nú vill hann ekkert láta þá fá.

Hjálmur Pètursson: Eg áskil mèr breytingaratkvæði við 5. gr. nefndarinnar í sömu stefnu og við 4. greinina og sem eðlilega leiðir af þeirri breytingu, sem eg hefi ráðgjört við hana.

Jón Pètursson: Eg áskil mèr orðabreyting við 2. grein stjórnarfrumvarpsins, svo að þar komi «húsbændur, sem tún eður engjar hafa að verja» í stað þess sem í frumvarpinu stendur um það efni og sömuleiðis breytingaratkvæði við 3. gr. í uppástungu nefndarinnar þannig: að fyrir reglur þær, sem þar eru settar um lækningu hundanna komi, «eptir reglum þeim, sem þar um verða gefnar». eður annað í þá átt.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls er þessari undirbúningsumræðu lokið. Það er orðið nokkuð framorðið, því umræðurnar hafa orðið langar og ímynda eg mèr, að flestir þingmenn óski að fundur hætti nú. Eg skal því setja mál það sem eptir er á dagskránni á dagskrá til annars fundar.

Fyrir nokkrum dögum bað eg formennina í nefndunum að segja mèr, hve nær þeir gætu orðið búnir með nefndarálitin og lofuðu þeir þá nefndarálitum i 10 málum innan ákveðins tíma. En nú er þessi tími liðinn, sem þeir þá skriflega tiltóku, og ekki kominn inn nema 5 af þessum 10. Eg verð því að biðja nefndirnar enn, að hraða sèr sem mest, því það er nauðsynlegt, að ekkert nefndarálit verði ókomið inn þann 10. ágúst. En nefndarálitin í smámálunum ættu að koma inn öll í dag eða á morgum, svo að öll þessi mál gætu orðið fullrædd áður en áðalmálin koma til umræðu. Sömuleiðis vil eg biðja þingmenn, er hafa áskilið sèr breytingaratkvæði í máli því, er rætt var í dag, að koma þeim til mín í kvöld eða fyrir fund á morgun.

Fundi slitið.

---

21. fundur — 1. ágúst.

Allir á fundi, nema hinn 3. konungkjörni þingmaður, er hafði tilkynnt forseta forföll sín.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Við tökum þá til dagskrár, og kemur þá fyrst til

ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um jafnrètti prentsmiðjanna. Þingmaður Borgfirðinga er framsögumaður.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 334—335).

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Eg skal að eins fara fáeinum orðum um breytingaratkv., og skal eg þá fyrst geta þess, að nefndin fellst á breytingaratkvæði þingmanns Árnesinga, sem sè að seinni hluti af 1. uppástungu nefndarinnar falli burt. Hvað 5. tölulið snertir, þá getur nefndin ekki fallizt á hann að öllu óreyndu, með því að þingmaður Barðstrendinga vildi ekki gefa neina útskýringu af uppástungu sinni við undirbúningsumræðuna, eða til hvers hún miðaði; meðan nefndin ekki heyrir neitt um þetta, getur hún ekki fallið frá því, að bænarskrá verði send til konungs, og skýrskota eg í þessu efni til þess, er eg sagði við undirbúningsumræðuna, að þetta er lagaboðsmál (Gjenstand for Lov). Að öðru leyti er óþarfi fyrir mig að mæla meir með málinu, því hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók svo vel undir það við undirbúningsumræðuna.

Eiríkur Kúld: Eg skal hvorki halda neina lofræðu nè gjöra þingmanni Borgfirðinga það til geðs að fara að skýra fyrir honum meiningu uppástungu minnar, þess mun varla þurfa, hann er svo skilningsgóður, að hann skilur hana vel, og þetta því fremur sem enginn þingmanna, er töluðu við undirbúningsumræðuna, kvörtuðu um, að þeir hefðu eigi skilið hana til hlítar, nema hann einn. Það sem kom mèr til að gjöra uppástunguna var, að af því eg vissi, að á nefndarálitinu voru gallar, þá álít eg að málinu yfir höfuð væri betur borgið, ef því væri vísað forsetaveginn til stiptsyfirvaldanna, einkum eptir að eg heyrði undirtektir hins hæstvirta konungsfulltrúa við málið. 3. tölul. álit eg enn sem fyrri óþarfan; það getur aldrei verið hentugt, að prófasturinn í Eyjafjarðarsýslu, sem máske býr á enda sýslunnar, því ekki er víst að hann búi ætíð á Akureyri eða Hrafnagili, hafi ef til vill, prófarkalestur á hendi, ef sú er meiningin, og varla getur hún önnur verið. Hjá þessum göllum nefndarálitsins vildi eg sneiða með því að vísa málinu forsetaveginn; en í sjálfu sèr er mèr ekki annt um þetta mál, því í sannleika er hèr um lítið að gjöra.

Framsögumaður: Eg skal einungis svara þingmanni Barðstrendinga því, að það er öldungis ekki af vantrausti til stiptsyfirvaldanna, að eg ekki vil fara forsetaveginn með málið, þvert á móti álít eg málið þar í góðum höndum, heldur var það af því,

að eg álít lagaboð eða konungsúrskurð nauðsynlegan til að af nema þessi einkarèttindi.

Pètur Pètursson: Skilyrðið undir tölul. 2. miðar til þess, að koma í veg fyrir, að þessar bækur verði miður úr garði gjörðar og seldar dýrara af prentsmiðjunni fyrir norðan, en landsprentsmiðjan hèr gjörir, því ættu menn ekki að sleppa þessu skilyrði; þetta er almenningi fyrir norðan og austan í hag, svo menn ekki glæpist á að kaupa bækur þessar hægðarinnar vegna, og til að komast sem mest hjá flutningskostnaði.

Sveinn Skúlason: Það er rètt, sem hinn háæruverðugi 1. konungkjörni þingmaður tók fram, að það var einmitt þetta, að prentsmiðjan nyrðra ekki skyldi selja bækur þessar ver úr garði gjörðar og dýrari en landsprentsmiðjan, sem vakti fyrir nefndinni, þegar hún setti þetta skilyrði; en eptir því sem bæði hinum hæstvirta konungsfulltrúa og hinum 1. konungkjörna fórust nú orð um hina góðu og eðlilegu keppni, sem ætti að vera á milli prentsmiðjanna, þykir mèr auðsætt, að þessi viðauki sè óþarfur. Eg get ekki, þó eg sè einn í nefndinni, verið samdóma hinum háttvirta framsögumanni í því að sleppa tölul. 3., því eg ímynda mèr að prófasturinn í Eyjafjarðarsýslu eigi eins hægt með að fá einhvern trúverðugan mann til að sja um útgáfu þessara bóka nyrðra og stiptsyfirvöldin eiga það hèr syðra, því það sem hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður sagði við undirbúningsumræðu þessa máls, að prófastarnir yrði þá sjálfir að lesa prófarkirnar, nær engri átt, því stiptsyfirvöldin hèr syðra, sem eru umsjónarmenn landsprentsmiðjunnar, gjöra það víst ekki, en fá einhvern áreiðanlegan mann, t. a. m. einmitt hinn 5. konungkjörna, til þessa starfa, og það að fá áreiðanlegan mann á Akureyri til þessa starfa væri prófastinum í Eyjafjarðarsýslu innan handar, hvar sem hann svo væri settur í sýslunni. Þar sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi talaði um »Censur», þá er þetta að nokkru leyti satt, því þess konar eptirlit getur hèr aldrei haft mikla þýðingu; og hvað útgáfu guðsorðabókanna snertir, þá fæ eg ekki sèð, að þær sèu betur eða eins vel útgefnar af stiptsprentsmiðjunni, og ýmsar guðsorðabækur, sem einstakir menn hafa gefið út, og vil eg nefna til þess rit byskups vors, sem prívatmaður hefir gefið út, og að öllu leyti eru eins vel úr garði gjörð og bækur þær er landsprentsmiðjan gefur út.

Ólafur Pálsson: Eg verð að álíta, að 3. tölul. sè alveg óþarfur, því hann er ekki til annars en að setja óþarflegt ómak upp

á prófastinn í Eyjafjarðarsýslu. Tilgangurinn er ekki annar, en að aptra því, að nokkuð komi fram í bókum þeim, er prentaðar verða á Ákureyri, sem í guðsfræðislegu tilliti er rangt. En prentsmiðjan á Akureyri stendur, eins og auðvitað er, undir lögunum rètt eins og hver önnur prentsmiðja, svo að frjálst er fyrir hvern mann sem vill, hvort hann er heldur yfirboðinn eða annar, að kæra, ef hún brýtur eitthvað á móti gildandi lögum.

Konungsfulltrúi: Af því að eg enn þá ekki hefi haft tækifæri til að láta í ljósi skoðun mína um tölulið 1. á atkvæðaskránni, skal eg taka það fram, að eg fyrir mitt leyti ekki ætla að vera honum mótmæltur.

Hvað tölulið 5. á atkvæðaskránni snertir, held eg, að það eigi vel við í þess konar málum, sem geta afgreiðzt á umboðslegan hátt, að vísa þeim forsetaveginn til hlutaðeigandi yfirvalda, þegar eins og í þessu máli, þingið getur treyst því, að þau vilja mæla með málinu, því það er sjálfsagt, að þegar lagaboð eða konungsúrskurður útheimtist, þá eiga yfirvöldin að annast um það í því tilliti nauðsynlega.

Framsögumaður: Eptir því sem hinum hæstvirta konungsfulltrúa nú fórust orð, get eg fúslega fallizt á 5. tölulið.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls er þessari ályktarumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, sem eg vona, að þingmenn hafi prentaða fyrir sèr.

Við 1. tölulið var haft nafnakall

«já» sögðu:	«nei» sögðu:
Eiríkur Kúld.	Halldór Kr. Friðriksson.
Arnljótur Ólafsson.	Jón Sigurðsson.
Benidikt Sveinsson.	Magnús Jónsson.
Björn Pètursson.	Ólafur Pálsson.
Hjálmur Pètursson.	Páll Vídalín.
Jón Bjarnason.	Pètur Guðjónsson.
Jón Hjaltalín.	Stefán Eiríksson.
Jón Pètursson.	Sveinn Níelsson.
Ólafur Sigurðsson.	
Páll Ólafsson.	
Sighvatur Árnason.	
Stefán Jónsson.	
Sveinn Skúlason.	
Torfi Einarsson.	

Var þannig 1. töluliður samþ. með 14 atkv. gegn 8.
2. tölul. samþ. með 15 atkv. gegn 6.
3. tölul. felldur með 17 atkv.
4. tölul. felldur með 16 atkv. gegn 6.
5. tölul. samþ. með 20 atkv. gegn 2.

Forseti: Þessu næst stendur á dagskrá til undirbúningsumræðu nefndarálit í málinu um forngripasafnið, en af því framsögumaður er enn þá ókominn, verður að fresta þeirri umræðu, og kemur því málið um lögleiðing danskra lagaboða til undirbúningsumræðu. Hinn 4. konungkjörni þingmaður er framsögumaður.

Framsögumaður (*Jón Pètursson*): Nefndarálitið hljóðar þannig: (Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 335).

Eg þarf ekki að tala neitt fyrr en eg heyri álit þingmanna.

Eiríkur Kúld: Það er að vísu satt, að nefndin fer fram á, að þingið biðji um, að þessi tvö lagaboð verði lögð sem frumvarp fyrir næsta þing, en þó svo sè, þá eiga menn að þessu leyti að greiða nu atkvæði um þessi lagaboð, en eg vil spyrja, hvert eiga menn að gefa atkvæði um það, sem er á öðru máli en íslenzku? — þingmenn eru ekki skyldugir til þess; mèr finnst því, að nefndin hefði átt að sjá um, að lagaboðum þessum hefði verið snarað á íslenzku.

Framsögumaður: Eptir því, sem þingmanni Barðstrendinga fórust orð, þá hefði átt að leggja öll lagaboðin út á íslenzku, svo þingið hefði getað dæmt um þau; en hvernig á nefndin að gjöra þetta? Eptir hinni konunglegu auglýsingu til alþingis 1861 mun og stjórnin leggja fram fyrir næsta þing bæði á dönsku og íslenzku frumvörp til laga um hin umræddu málefni, ef þingið nú beiðist þess.

Páll Vídalín: Eg vil leyfa mèr að spyrja, hvort þingið sè skyldugt til að skilja dönsku? Sè það ekki, og vèr þó eigum að greiða atkvæði um það, er þingið ekki skilur, þá virðist mèr það sama sem að heimta, að vèr greiddum atkvæði um það, sem væri á frönsku og ensku, eða öðrum tungumálum, en slíkt sýnist mèr ekki eigi að bjóða þinginu, og er eg því á sama máli og þingmaður Barðstrendinga, að nefndin hefði átt að sjá um, að lagaboðunum hefði verið snúið á íslenzku.

Sveinn Skúlason: Þetta er undarlegur misskilningur; aðferð nefndarinnar er samkvæm því sem áður hefir tíðkast hèr á þingi, og sem þingmaður Barðstrendinga mátti vita. Nefndin ræður þing-

inu til að biðja stjórnina að leggja út þessi lagaboð, og síðan leggja þau sem frumvörp fyrir þingið.

Páll Vídalín: Þingið verður þó að gá að því, að það á nú að gefa atkæði í málinu, og því er nauðsynlegt, að það skilji hvað það er sem það gefur atkvæði um.

Framsögumaður: Skilur þá þingmaðurinn ekki, hvað það er að biðja um, «lög um eptirmyndun ljósmynda o. s. frv.»; maður þarf hvorki að skilja dönsku, ensku nè frönsku til þess.

Páll Vídalín: Það er annað að skilja nafnið á lagaboðinu eða lagaboðið sjálft, sem nefndin ræður til að biðja um og sem menn því eiga að greiða atkvæði um.

Konungsfulltrúi: Eg skal geta þess, að af því að uppástunga nefndarinnar er svo látandi, að þingið beiðist þess, að hann (konungurinn) láti leggja fyrir næsta þing frumvarp til ápekkra tilskipana og þessar eru, sem hèr ræðir um, þá er eg hinum háttvirta þingmanni Barðstrendinga samdóma í því, að það eigi betur við, að þessi dönsku lagaboð, sem hèr ræðir um, verði utlögð á íslenzku, áður en málið kemur til atkvæðagreiðslu hèr á þinginu.

Jón Hjaltalín: Mèr þykir þingmaður Húnvetninga heldur heimtufrekur við stjórnina; eg held allir þingmenn sèu svo vel að sèr eða í hið minnsta ættu að vera það, að þeir skilji dönsku.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg verð að vera með hinum heiðruðu þingmönnum, þingmanni Barðstrendinga og Húnvetninga; þingið á fulla heimting á, að lagaboðin sè lögð út, því að í niðurlagsatriði nefndarálitsins stendur, að biðja skuli um frumvarp til ápekkra tilskipana; hvernig á þingið að biðja um nokkuð líkt því, sem það ekki þekkir. Auk þess hefir það verið vandi, að nefndirnar sem settar hafa verið um hin dönsku lagaboð, hafa annazt um, að þau lagaboð yrðu lögð út á íslenzku áður en þau kæmu til umræðu á þinginu. Það liggur í uppástungunni sjálfri, að þingið þekki lagaboðin, menn geta eigi heimtað, að allir skilji dönsku hèr á þingi. Vil eg því stinga upp á því, að forseti annist um að þessi lagaboð verði útlögð.

Forseti: Eg er einnig alveg á þessu máli og eg vona að við tveir, hinn háttvirti framsögumaður og eg getum komið okkur saman um að láta íslenzka þau lagaboð, sem nefndin hefir aðhyllzt áður en ályktarumræða verður.

Framsögumaður: Eg verð að mótmæla því sem hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður sagði um, að það hefði verið síður

að leggja út hin umræddu lagaboð. Eg hefi verið framsögumaður í þessum málum og hefir það ekki verið gjört í neitt skiptið, sem eg hefi haft framsöguna. Þingið á hèr ekki heldur að gefa atkvæði um lagaboðin sjálf, heldur að eins um það, hvort það álítur nauðsyn eður gott, að fá lagaboð um þau málefni, sem dönsku lagaboðin hljóða um.

Benidikt Sveinsson: Það eru eigi rèttar mótbárur móti nefndinni, að þingið eigi þekki lagaboðin. Nefndin ræður stjórninni að eins til að leggja fyrir næsta þing frumvarp sjálfsagt á íslenzku til laga áþekks efnis og þau, sem hèr ræðir um. Að bæta úr þeim vandkvæðum, sem þingmaður Barðstrendinga og Húnvetninga taldi á málinu, að þingið eigi skildi lögin, er nú um seinan; mótbárau kemur of seint, hún átti að koma áður en nefndin var sett, ef ástæða hefði verið til hennar. Eg hlýt því fastlega að halda því fram, að málið sè rètt skilið og meðhöndlað af nefndinni; maður getur eigi ætlazt til þess, að stjórnin upp á von og óvon leggi út öll þau lagaboð, sem koma út í Danmörku, án þess að vita hvort þingið álítur nokkurt þeirra nauðsynlegt eður ekki.

Forseti: Mèr finnst málið ekki vera svo mikilsvert, að menn þurfi að gjöra þref út úr því; með velvilja tilhliðrun má lítið verða úr þessum halla, ef nokkur er; forseti og framsögumaður geta sjálfsagt komið sèr saman um að íslenzka lög þau sem um ræðir, þegar þess er þörf.

Framsögumaður: Ef lögin væri lögð nú út á íslenzku, þá væri eigi þörf að leggja þau aptur fyrir þingið, heldur gæti menn þá nú strax gjört breytingaratkvæði við þau; en það væri þó móti rèttum þingsköpum, að eg held. Annars hefi eg fyrir mitt leyti móti því, að þessi tvö umræddu lög verði lögð út á íslenzkn.

Forseti: Í orðunum «áþekkra lagaboða» getur eptir því sem mèr virðist ekki legið neitt annað en það, að þingið vill ekki taka lögin nú, heldur benda stjórninni á, að lög svipaðs efnis mundu eiga hèr vel við, og biður því um til næsta þings frumvarp til slíkra laga.

Eiríkur Kúld: Af því hinn heiðraði þingmaður Árnesinga sagði, að þingmaður Húnvetninga og Barðstrendinga eigi þættust geta greitt atkvæði um þessi lagaboð af því þeir skildu þau ekki, þá vil eg hugga hinn háttvirta þingmann með því, að þessir þingmenn báðir skilja dönsku, sem hann kveið fyrir, að þeir eigi mundi gjöra, en hitt ætla eg óefað mál, að sem þingmenn eru þeir alls

eigi skyldir til þess, nema kosningarlögunum sè breytt, og þetta gjört að skilyrði fyrir kjörgengi.

Benidikt Sveinsson: Eg verð að vera hinum háttvirta forseta samdóma í því, að málið er eigi mikilsvert í sjálfu sèr, það er að segja að efninu til, en hitt er eigi lítilsvert að láta brjóta þingreglur umtalslaust; en eg verð að neita því, að nefndinni hafi í nokkru yfirsèzt hvað þetta snertir.

Jón Hjaltalín: Eg vil fylgja uppástungu forseta. Eg vil líka biðja góða menn hèr hugleiða, hvort löndum vorum sè þènt með, að við sitjum hèr og körpum og tefjum tímann með því sem á engu stendur.

Pètur Pètursson: Mèr sýnist þeir menn, sem heimta þessi tvö lagaboð útlögð, sè sjálfum sèr ósamkvæmir, ef þeir eigi heimta hin öll útlögð. Þessi aðferð þingsins virðist lýsa vantrausti á nefndinni. Eg fyrir mitt leyti álít þessar útleggingar ónauðsynlegar; eg hafði það traust til þeirra manna, sem kosnir voru, að þeir sæi út þau lagaboð sem oss væru nauðsynleg. Eg verð því að vera á móti, að nokkurt af lagaboðunum sè lagt út; þingmenn ætti eigi að gjöra það að gamni sínu af tómum formástæðum að vera að auka landinu óþarfakostnað.

Halldór Kr. Friðriksson: Það er eigi af neinum formástæðum, að vèr heimtum lögin útlögð; það er nauðsynlegt fyrir oss, að sjá hvað vèr eigum að bera um, og lýsir þetta engu vantrausti til nefndarinnar. En óþarfi finnst mèr að biðja konung um að leggja öll lagaboðin fram á íslenzku.

Páll J. Vídalín: Málið væri einfalt, ef það væri skoðað óbrotið; en hefir fengið óeðlilegan gang, og því eru menn í vandræðum; menn leggja hèr dönsk lagaboð fram á dönsku, og segja oss að velja úr þeim það sem oss lystir, þeir gæti eins vel sent oss böggul af frakkneskum, enskum eða tyrkneskum lagaboðum (*Sveinn Skúlason:* Þetta er torf). Vèr erum eigi skyldir til að skilja dönsku, og þó ætlast nefndin til að vèr biðjum um «*ápekkt*» lagaboð lagaboði sem er lagt fyrir oss á dönsku, og vèr enga hugmynd eigum að hafa um hvernig sè.

Jón Guðmundsson: Mèr finnst þingmaður Húnvetninga og þeir sem honum fylgja, gjöra þetta litla og einfalda mál tvöfalt og helzt til of margbrotið; eg get eigi betur sèð, en sami rèttur til íslenzkunnar verði þó að ná til lagaboðanna allra. Stjórnin leggur öll lagaboðin fyrir þingið til þess það velji úr þeim; nefndin

hefir nú hallazt að tveimur, en þingið hefir náttúrlega breytingaratkvæðarètt og fullan uppástungurètt til að fá önnur lagaboð lögð fyrir næsta þing, en þau, sem nefndin hefir stungið upp á, það yrði eptir því sjálfsagt, að leggja þau út líka. En þetta er allt tekið út úr loptinu. Annað mál var á meðan sú regla gilti, að þingið átti ekki að eins að velja úr lagaboðunum þau, sem þætti hèr eiga við, heldur líka einnig að *ræða* þau lagaboð sjálf, hvert fyrir sig eða öll í einu, á sama þinginu með öllum breytingum, sem menn áliti nauðsynlegar, og biðja svo konung að gjöra þau að lögum hèr á landi eptir svo ónógan undirbúning og meðferð á þinginu, í stað þess, að nú er að eins beðið um að leggja *frumvarp* fyrir næsta alþingi til þeirra *laga-ákvarðana*, sem þingnefndin í lagaboðamálinu finnur tilefni til að stinga upp á og benda þinginu til. Yfir höfuð finnst mèr þessu máli í mesta ótíma hreift, þar sem það eigi er gjört fyrr en nú, þegar nefndarálitið er komið til umræðu, og mèr sýnist reyndar, að fyrst hinn háttvirti forseti álítur *nú* nauðsynlegt að láta útleggja lagaboðin, þá hefði hann átt að vera búinn að annast um það fyrr.

Forseti: Þingmaður Vestur-Skaptfellinga þykir mèr nú sjálfur blása málið allt of mikið upp, og þenja það miklu meira en það er vert.

Jón Guðmundsson: Eg get eigi skilið, að eg eigi hafi uppástungurètt til að fá *önnur* af lagaboðunum, en þau sem nefndin stingur upp á, tekin til greina, og lögð í frumvarpsformi fyrir næsta þing, og þá yrði þó að bera að sama brunni, að þeir sem ekki skilja eða ekki þykjast skilja dönsku, gæti ekki dæmt um eða gefið atkvæði um það breytingaratkvæði mitt, nema lögin væri þá fyrir fram útlögð á íslenzku; en það sjá allir að er fásinna, og hreinn óþarfi.

Forseti: Mál þetta er svo einfalt, að mèr sýnist ekki þurfa langar umræður um það. Ef einhver af þingmönnum vill stinga upp á, að eg láti snúa fleiri af þessum lagaboðum á íslenzku, þá gjöri hann svo vel.

Sveinn Skúlason: Mèr finnst hafa orðið töluverður misskilningur út af orðinu *ápekkra*. Eg álít, að nefndin hafi farið öldungis rèttan veg, því það liggur í þessu orði, að nefndin ætlast ekki til, að stjórnin leggi sama lagaboðið fyrir þingið óbreytt, heldur annað frumvarp, sem er líkt þessu, því það kann eitthvað það að vera í þessum lögum, sem ekki eigi við hèr á landi. Ef

lagaboðin væru útlögð, eins og hinn háttvirti forseti talaði um, þá vil eg spyrja hann að því, hvort hver af þingmönnum hefir rètt til að stinga upp á breytingum við þau, og þau svo geti undireins orðið að lögum með þeim breytingum, sem þingið samþykkir, því það á víst ekki að prenta og útleggja þessi lagaboð í sama skyni, og upplýsingar þær, er forseti lèt prenta í laxveiðamálinu til leiðbeiningar handa nefndinni? Hèr er nefndin búin að ljúka starfa sínum, svo útleggingin verður þýðingarlaus.

Forseti: Nefndin hefir stungið upp á, að stjórnin leggi frumvörp fyrir næsta þing, sem sèu *ápekk* þessum lagaboðum. Það er auðvitað, að þingmönnum er leyfilegt að stinga upp á, að fleiri af þessum lagaboðum verði lögleidd; ef svo yrði, má íslenzka þau. Það er eins og sumir af þingmönnunum álíti kostnaðinn, sem leiddi af útleggingu og prentun þessara tveggja lagaboða, eins og einhvern ógurlegan kostnað, sem landið geti varla risið undir, og þó er þetta ekki nema fárra augnablika verk og fárra skildinga kostnaður.

Jón Bjarnason: Það fer víst líkt fyrir mèr, þegar eg fer að tala í þessu máli eins og þegar gaukur dæmir um svanahljóð. Það eru allt lærðir menn, sem talað hafa, og skilja vel dönsku, það glaptist enginn á því að velja menn í nefndina, sem ekki skildu dönsku, en eg hefði viljað og álít rètt, að nefndin hefði látið leggja íslenzkar útleggingar af þessum lagaboðum fram á lestrarsalinn með nefndarálitinu. Eg er einn af þeim, sem vil ganga eptir þeim rètti, sem þing vort og tunga hefir öðlazt, hann er, að allt sem greiða á atkvæði um, liggi fyrir á íslenzku, og því á eg bágt með og vil ekki gefa atkvæði í því máli, sem lagt er fyrir á þeirri tungu, sem eg ekki skil og er ekki skyldugur til að skilja.

Benidikt Sveinsson: Eg vil leyfa mèr að spyrja, hvaða formleg afleiðing mundi verða af því, ef þingmaður Vestur-Skaptfellinga, eins og mèr virtist hann ráðgjöra, tæka 3 eða 4 lagaboð, lèti leggja þau út og kæmi síðan með þessi lagaboð sem frumvörp fyrir þingið. Væri nú þetta formleg og lögleg meðferð á stjórnarfrumvörpum? því lagaboðin kæmu undir þessu skilyrði fram sem stjórnarfrumvörp. Nei, alls ekki. Það yrði þá annaðhvort að vísa aptur öllu málinu til nefndarinnar, eða setja nýja nefnd. Það er annars sannarlega skrítin aðferð að setja fyrst nefnd í mál til að velja úr þessum lagaboðum, sem hèr um ræðir á dönsku, og fara svo að leggja þau út

aptur, þegar nefndin er búin að kveða upp álit sitt um þau einmitt í því ástandi, sem *þingið vissi að þau voru í þegar það setti nefndina*. Eg skil því ekki í því, hvernig þingið getur haft ástæðu til að hallmæla nefndinni fyrir það, að hún hefir haft þessa aðferð, að biðja stjórnina um að leggja fyrir næsta þing frumvarp til áþekkra tilskipana.

Forseti: Eg held að enginn leggi þungan dóm á nefndina fyrir það. Eg er samdóma hinum háttvirta þingmanni Árnesinga, að nefndin er ekki neinna víta verð. En úr því, að nokkur einn af þingmönnum æskir þess, að lagaboð þessi verði lögð út, virðist það ekki nema sanngjörn krafa, og slíkum kröfum á maður að fullnægja.

Arnljótur Ólafsson: Mèr finnst ljóst, líkt og hinn háttvirti forseti tók fram nýlega, að verði lagafrumvörp þessi lögð út á íslenzku, þá sè þingmönnum sjálfsagt leyfilegt að gjöra breytingar við frumvörpin sjálf og því eins biðja um, að frumvörpin komi út sem lagaboð, en verði eigi lögð fram sem frumvörp á næsta þingi. Eg verð að biðja menn gæta vel að, við hvað þessi málsmeðferð hefir að styðjast. Samkvæmt konungsúrskurði 10. nóvember 1843 voru hin almennu dönsku lagaboð lögð fram á alþingi á dönsku sem *álitsmál*; alþingi kaus nefnd til að tína úr þeim þau, er hún áleit að gæti átt við hèr á landi, gjörði breytingar sínar við lagaboðin, og var þessum lagaboðum þá snúið á íslenzku. Síðan voru lagaboðin rædd þannig í einu. Alþingi 1859, að mig minnir bar sig upp undan þessari aðferð, og bar það einkum fyrir, að óhentugt væri að ræða svo mörg lagaboð í einu máli. Í auglýsingu konungs til alþingis 1861 fèllst stjórnin á þessa uppástungu alþingis; en hún hefir þó haldið áfram að leggja lagaboðin dönsku fram sem álitsmál. Eg hefi nú ætlið skilið þetta svo, að konungsúrskurðurinn 10. nóvember 1843 standi við hliðina á konungsúrskurðinum 6. jan. 1861 þannig, að stjórnin leggur þau af hinum dönsku lagaboðum í frumvörpum sèrstaklega fyrir alþingi, þegar henni finnst sjálfri þau *eiga við* hèr á landi, svo sem orðin í hinni konunglegu auglýsingu og úrskurðinum 6. jan. 1861 benda til; en ef stjórnin er *í vafa* um það, þá fer hún eptir fyrra úrskurðinum, þeim frá 10. nóvbr. 1843. Nefndin hefir nú bundið sig auðsjáanlega við síðari úrskurðinn; en mèr finnst hún hefði beinlínis átt að fara eptir hinum fyrri konungsúrskurði, og verði nú lagaboðin lögð út þá verður meðferð málsins bersýnilega eptir

þeim hinum fyrri úrskurðinum, og hefir það mikla þýðingu, sem eg hefi áður drepið á, því að þá getum vèr fengið lagaboð þessi sem hèr um ræðir, annaðhvort breytt eður óbreytt, tveim árum fyrr en ella, og af því eg álít, að þau sèu bæði mikil rèttarbót, þá er eg meðmæltur því, að þessi aðferð sè viðhöfð sem nú hefir verið upp á stungið og sem eg álít að sè alveg samkvæm konungsúrsk. 10. nóv. 1843, nema hvað örðugt veitir að koma að breytingaratkvæðum, af því að málið er nú komið svo langt á leið.

Konungsfulltrúi: Eg skal geta þess, að stjórnin ekki — eins og hinn háttvirti þingmaður Árnesinga sagði — hefir lagt þessi lagaboð fyrir þingið, en hún hefir sent þau til þingsins, til þess að gefa því tækifæri til að sjá, hver lagaboð sè út komin í Danmörku, og til þess, ef þingið óskar þess, þá að biðja um *ápekk* frumvörp í þessa stefnu til næsta þings. Það spursmál, sem þingmaður Árnesinga hefir tekið fram, hefir verið svo opt og ítarlega rætt hèr á þinginu, að mèr þykir það vera eintómt kappsmál nú aptur að taka það fram, þar sem hèr að eins ræðir um eins lítilfjörlegt mál og þetta er. Hinn háttvirti forseti hefir skorið úr málinu, að hann og framsögumaðurinn skuli koma sèr saman um það að útleggja lagaboðin á íslenzku, eða þá að vísa málinu samkvæmt § 70 í alþingistilskipuninni til meðferðar nefndarinnar á ný.

Benidikt Sveinsson: Eg skal leyfa mèr að geta þess í tilefni af því, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að það var alls ekki meining mín, nè heldur orð mín, að lagaboð þessi lægi nú sem frumvörp fyrir þinginu, heldur þvert á móti, að þau einmitt nú lægju *ekki* fyrir sem frumvörp. Eg skal einnig taka það aptur fram, að taki menn sèr breytingaratkvæði um að biðja stjórnina að leggja fleiri af þessum lagaboðum sem frumvörp fyrir næsta þing, þá getur það eigi orðið nema með því móti að vísa málinu aptur til nefndarinnar, eða þá að setja nýja nefnd til að íhuga þau.

Jón Hjaltalín: Mèr þykir það skrítið, að menn eru eins og að gjöra sèr að leik að lengja þingið. Og þótt mönnum þyki tæpur tími nú fyrir þingið, þá er ekki að vita, nema næsta þing hafi nóg að gjöra. Eg er því alveg samdóma hinum háttvirta forseta, og eg skil ekki í, hvað þingið vill vera að tefja sig svo lengi með svo litilfjörlegt mál.

Forseti: Það hafa margir af þingmönnum óskað, að umræðunum um mál þetta yrði hætt.

Jón Guðmundsson: Eg skil ekki annað en, ef menn vilja

láta útleggja þessi lagaboð hèðan af, þá verði að vísa málinu aptur til nefndarinnar.

Forseti: Það hefir enginn af þingmönnum stungið upp á því, að málinu væri vísað aptur til nefndarinnar. (*Halldór Kr. Friðriksson:* Eg gjöri það að minni uppástungu). Eg skal þá bera upp til atkvæða, hvort vísa skuli málinu aptur til nefndarinnar.

Var síðan gengið til atkvæða og uppástungan um að vísa málinu aptur til nefndarinnar felld með 18 atkv. gegn 5.

Forseti: Þá er þessari undirbúningsumræðu þar með lokið, og skal eg koma mèr saman við hinn háttvirta framsögumann, svo að við getum báðir sèð um, að þau lagaboð, sem hèr koma til umræðu verði íslenzkuð og prentuð lögð fyrir þingið áður en ályktarumræðan byrjar.

Þá kemur því næst til undirbúningsumræðu málið um forngripasafnið í Reykjavík og styrk til þess. Þingmaður Vestmanneyinga er framsögumaður, og mun hann lesa upp álitsskjal nefndarinnar og að öðru leyti skýra frá málinu, svo sem þörf er á.

Framsögumaður (*Stefán Thordersen*): Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 333—334).

Eins og hinir háttvirtu þingmenn heyra er nefndarálit þetta hvorki langt nè snjallt. Nefndin áleit, að mál þetta mundi vera færast um að verja sig sjálft, og mundi að mestu geta án verið frekari varnar. Þess vegna vil eg líka, áður en eg orðlengi meira, leyfa mèr að skora á hinn hæstvirta konungsfulltrúa að láta í ljósi, hverja meðmælingu hann mun gefa máli þessu, því eg veit að tillögur hans hafa svo mikið að þýða hjá stjórninni, að mèr þykir mest undir þeim komið, og hvort hann álíti að menn geti gjört sèr von um bænheyrslu. Þetta gjöri eg af því, að undir andsvörum hans og undirtektum er, ef til vill, komið hvort nefndin vill áskilja sèr breytingaratkvæði við uppástungu sína.

Konungsfulltrúi: Eg held að allir, sem hèr eru á þinginu, sèu mèr samdóma í því, að æskilegt væri, að mál þetta væri stutt, svo því gæti orðið framgengt, en á hinn bóginn er eg eptir atkvæðagreiðslu þeirri, sem hefir átt sèr stað í nokkrum með þessu áþekkum málum hèr í salnum, hræddur um það, að þingmenn ekki skoði hina *finansiellu* hlið málsins á sama hátt og eg. Það er sagt í hinni konunglegu auglýsingu, að bænarskrá alþingis frá í hitt eð fyrra um, að úr ríkissjóðnum verði fyrst um sinn veittir

300 rd. á ári handa forngripasafni því, er stofnað hefir verið í Reykjavík, hafi ekki orðið tekin til greina vegna þess, hvernig allt er nú á reiki um fjárhagsstöðu Íslands. Stjórnin hefir ekki neitað styrk þeim, sem um var beðið, af því, að hún vildi ekki hlynna að málinu, en af því, að hún, eins og nú stendur á, ekki hefir getað útvegað peninga til þess. En hvernig er ástatt nú í fjárhagslegu tilliti? Þinginu er það kunnugt, að ríkisdagurinn ekki vill ákveða ný útgjöld til Íslands, áður en útkljáð er um málið um fjárhagsaðskilnaðinn, og einnig að stjórnin ekki hefir komið skattalögum þeim, sem frumvörp voru lögð til fyrir þingið í hitt eð fyrra, lengra áleiðis, vegna hins nána sambands, sem þau eru í við fjárhagsmálið. Þetta ástand er enn þá óbreytt, en það breytist á einn eður annan hátt, þegar þessari samkomu alþingis er lokið.

Eg hefi áður tekið það skýrt fram í öðru máli, og eg skal ítreka það nú í þessu. Annaðhvort verður árangurinn af þessari samkomu þingsins, að alþingið fær fullkomin fjárforráð, og þá vona eg, að hið löggefandi alþingi ekki muni synja að veita þann styrk, sem hèr ræðir um, eða að alþingið fellst ekki á stjórnarbreytinguna, sem boðin er í hinu konunglega frumvarpi, og þá verður fjárhagsmálið útkljáð á þann hátt, að stjórnin fylgir fram grundvallarreglum hinna núgildandi laga, það er tilsk. 8. marz 1843 og 28. maí 1831, og samkvæmt þeim útvegar hið nauðsynlega fè til þarfa landsins, og þegar hún á þann hátt fær það nauðsynlega fè, þá vona eg, að hann muni uppfylla ósk þingsins í þessu máli og í öðrum. Eg tek það aptur fram, það er ekki viljann en efnin, sem í þessu tilliti vantar.

Framsögumaður: Mèr líst nú fremur dauflega á framgang máls þessa, er eg heyri undirtektir hins hæstvirta konungsfulltrúa. Það er mjög sorglegt, að Danastjórn skuli ekki hafa ráð á, eða vilja til, að leggja fram eina 300 dali til þess, sem hún þó sjálf álítur og hefir viðurkennt að gagnlegt og nauðsynlegt sè; en eigi er það óbágara, að allt af skuli sama öxin vera sett til rótar trjánna, þessi sama öxi, sem stjórnin reiðir svo hátt, að hún ber hana hærra en Skarphèðinn nokkru sinni bar öxina Rimmugýgi, það er að segja, að *af því* að allt fjárhagsástand vort sè á reiki, *þá* verði allt að vera í *sama sukkinu*. En nú kom huggunin frá konungsfulltrúa, að vèr mundum geta fengið þetta, *þegar* stjórnarbótin er komin í kring. En vèr getum ekki beðið, því þetta er brýn nauðsyn. Fyrst að undirtektirnar voru nú svona dauflegar, þá held eg

verði að áskilja fyrir nefndina, eða að minnsta kosti fyrir mig og annan meðnefndarmanna minna breytingaratkvæði eða vara-uppástungu í líka stefnu og farið er fram í bænarskránni, að ef fé þetta fæst ekki úr ríkissjóði, að það þó fáist úr *einhverjum* sjóði. Því eptir því sem eg hefi heyrt sagt eigum vèr þó nokkra sjóði hjá Dönum. Það stendur svo á máli þessu, að vèr megum ekki bíða eptir þessu *þegar* eður *ef* sem óvíst er hvenær kemur.

Konungsfulltrúi: Eg skal vera allra manna fúsastur til að játa það, sem hinn háttvirti framsögumaður nú tók fram, að þetta ástand í sjálfu sèr sè sorglegt, en það dugir ekki einungis að kvarta yfir því. Það dugar ekki að grafa eptir, hver hafi valdið því, að ástandið nú sè svona. Eg veit að þingið kennir stjórninni og ríkisdeginum danska um það, en eg veit einnig, að ríkisdagurinn kennir alþingi um það, en báðir eru hlutdrægir í þessu máli, og þess vegna er það að eins til málalengingar að keppa um það. Það eina sem dugar, það er, að við allir kostum kapps um það að bæta úr því. Frá stjórnarinnar hálfu er nú gjörð alvarleg tilraun til þess, — hvernig þingið muni taka í málið, það er mönnum enn þá ókunnugt; — en eins og eg nýlega tók fram; málið mun verða útkljáð á einn eða annan hátt, þegar þessari samkomu alþingis er lokið,

Sveinn Skúlason: Mèr skyldi vera það mjög kært, að fá að vita, hvernig fara mundi, ef hið seinna, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi benti til, yrði ofan á. Mèr þykir reyndar nokkuð snemmt og ekki eiga sem bezt við, að fara nú þegar að tala um, hver afdrif frumvarpið um stjórnarskipunarlögin muni fá, en setjum nú hið versta, að frumvarpinu yrði hafnað, þá hlýtur þó stjórnin samt sem áður að leggja fè til þeirra útgjalda, sem algjörð nauðsynja og velferðarmál hafa í för með sèr, eins og þetta mál sannarlega hefir; hún hlýtur að hjálpa í slíkum efnum, hvort sem nokkur fjárhagsaðskilnaður verður eða ekki. Það getur engin stjórn verið svo kærulaus og samvizkulaus, að hún neiti þegnum sínum um fè til þeirra fyrirtækja, er hún sjálf verður að játa, að sèu ómissandi fyrir land og lýð. Hvað hótanir þær snertir sem í frumvarpinu eru, og hinn hæstvirti konungsfulltrúi nú endurtók, þá held eg ekki að þær sèu svo þýðingarmiklar, því hvernig sem fer, er stjórnin neydd til annaðhvort að líta á brýnar þarfir vorar eða að öðrum kosti selja okkur, eða losast við okkur á einhvern annan hátt.

Framsögumaður: Eg vildi einungis bæta því við, að gjöra hinn hæstvirta konungsfulltrúa varan við, að þar sem um aðra eins smámuni er að ræða, getur virðing stjórnarinnar legið við, ef hún lætur ekkert af hendi rakna; virðing landsins er nú sjálfsagt í veði, en það gjörir nú líklega ekkert til í augum stjórnarinnar. Það væri þá líklega bezt fyrir okkur að fara í einhvern útlendan auðugan prívatmann, því eg er viss um, að hann mundi ekki láta sig muna um þetta lítilræði, úr því danska stjórnin ekki hefir ráð á því.

Benidikt Sveinsson: Viðvíkjandi því, er hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, vil eg taka það fram, að eg finn að vísu eigi síður en hver annar mjög vel til þess, hversu sorglegt ástand það er, sem vèr erum í, og virðist mèr því skylt, að *allir* kraptar leggist á eitt til að koma því í betra lag. Eg segi að þingið, stjórnin og ríkisdagurinn danski, að því því leyti, sem málið kemur honum við, sem næst guðs hjálp eru þeir vinnandi kraptar í þessu efni, eigi að leggjast á eitt til þess að breyta því núverandi ástandi. En á hinn bóginn verð eg að taka það sterklega fram, að þetta sama sorglega ástand á ekki að geta verið máli þessu til fyrirstöðu; málið á ekki fyrir þá sök að fá enga áheyrn. Eg skil það vel, að ef stjórnin ekki vill sinna neinu máli af því, að það muni *víst,* að hin æskilega breyting komizt á eptir þenna fund alþingis, þá muni þessi viðbára gegn framgangi málsins ekki geta leitt til eilífs kapps milli þingsins og stjórnarinnar, sem öllum málum vorum hefir hingað til orðið til hindrunar. Eins og hitt er víst, að þetta lagast nú allt bráðlega, ef þinginu tekst að koma sèr saman við stjórnina. En gjörum nú ráð fyrir því versta, nefnil. að ekki gangi saman með þinginu og stjórninni. Já, breytist þá, má eg spyrja, ástandið svo, að ekki verði vandræði út úr peningaskorti í þessum eða öðrum málum? Eg vildi gjarna fá skýrslu um, hvernig þetta ætti að ske, að þá fengi stjórnin einhverja útvegi til að koma áfram nauðsynjamálum vorum. Eg held að hèr sè hinn sama *aðalveg* að fara til þess að útvega peninga þá, sem þingið með góðum ástæðum biður um, hvort svo sem fjárhagsaðskilnaður kemst á eða ekki. Því fjárhagsaðskilnaðurinn er sjálfur engir peningar, en getur að vísu gefið nýjan mögulegleika til að fá fè *af Íslandi.* Eg meina að hvort sem það verður meira eða minna eða jafnt og það nú er, kemur fjárhagsaðskilnaðinum ekki við, nè þá heldur þessu máli, og þetta sèr hver maður, því hèr

er ekki beðið um peninga þessa úr ríkissjóði með öðru skilyrði en því, að það verði tekið til greina við fjárhagsaðskilnaðinn, sem einn hluti fjártillagsins til Íslands frá Danmerkur hálfu.

Jón Hjaltalín: Mèr finnst það öldungis ófært, að þessu sè engin gaumur gefinn. Annar forstöðumanna safns þessa hefir nú verið í mörg ár að berjast fyrir þessu án nokkurs styrks, og er þó sárfátækur. Eg held eg verði því að reyna að koma þessu áfram með því að taka mèr breytingaratkvæði í þá stefnu, að biðja stjórnina að veita styrk þenna úr einhverjum sjóði íslenzkum; eg skil ekki annað en hún geti það. Það væri sorglegt, ef maður þessi, sem hefir svo vel og lengi barizt, yrði að leggja árar í bát af því ekki er hlaupið undir bagga með honum.

Stefán Thordersen: Eg ætla að stefna vara-uppástungu minni í sömu stefnu og hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður, nl. að fè þetta verði tekið annaðhvort til bráðabyrgða af þeim 4000 rd., er ætlaðir eru til óvissra útgjalda Íslands, eða af kollektusjóðnum, eða af jafnaðarsjóðum amtanna, eða þá af einhverjum sjóð, því eg vil fyrir hvern mun ná í þessa 300 dali.

Páll J. Vídalín: Eg vil áskilja mèr viðauka-atkvæði við vara-uppástungu framsögumanns eða nefndarinnar í þá stefnu, að fè þetta verði einnig borgað af læknasjóðnum, en það getur samt skeð að eg falli frá þessu aptur!!

Jón Hjaltalín: Eg skyldi ekki hafa á móti, að svo væri gjört, ef hinn heiðraði þingmaður, að eins gæti sýnt mèr, hvaða samband er milli forngripasafnsins og læknasjóðsins; eg held annars að ýmsir sjóðir mundu þola þetta, t. d. kollektusjóðurinn; honum hefir verið varið til svo margs áður, að eg sè ekkert á móti að þessu sè bætt við.

Forseti: Þar eð nú ekki taka fleiri til máls, er undirbúningsumræðu þessari lokið. Eg er ekki viss um, hvort fundur getur orðið á morgun, það er undir því komið, hvort málið um hundaskatt getur orðið tilbúið til ályktarumræðu; fari svo mun eg birta dagskrá í kvöld.

Fundi slitið.

22. fundur. — 3. ágúst.

Forseti: Eg skal geta þess, að hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir tilkynnt mèr, að hann hafi kvatt hinn 3. konungkjörna þingmann í sinn stað til að gegna konungsfulltrúastörfum í dag. Eg hefi og fengið tilkynning frá nokkrum þingmönnum, svo sem frá hinum 2. konungkjörna þingmanni, frá þingmanni Vesturskaptafellssýslu og þingmanni Húnvetninga, að þeir geti ekki mætt á fundi í dag.

Þá var þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg hefi nýlega fengið nefndarálit í þremur málum, nefnilega í málinu um að taka íslenzk skip upp á skipaskrá, í málinu um skipamælingar og í málinu um fiskiveiðar útlendra. Sömuleiðis skal eg skýra þingmönnum frá, að eg hefi fengið brèf frá hinum háttvirta konungsfulltrúa með fylgiskjali, sem er eptirrit af brèfi frá amtmönnunum í suður og vestur amtinu, svo sem svar upp á fyrirspurn þá um verði og varðkostnað, sem send var til amtmanna um daginn, eptir uppástungu nefndar þeirrar, sem sett var í fjárkláðamálinu; brèf þesssi hljóða þannig:

(Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 356—359).

Eptir að hinir háttvirtu þingmenn hafa nú heyrt þessi svör amtmanna, verður það afhent formanninum í fjárkláðanefndinni, hinum háttvirta þingmanni Árnesinga. Þegar vèr nú tökum til dagskrár, þá kemur fyrst til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um forngripasafnið í Reykjavík og styrk til þess; framsögumaður er þingmaður Vestmannaeyja, og er það á hans valdi, hvort hann vill taka til máls.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 336).

Framsögumaður (*Stefán Thordersen*): Eg hef nú litlu að bæta við það, sem eg sagði við undirbúningsumræðuna, einkum af því að hinn hæstvirti konungsfulltrúi er ekki sjálfur í sæti sínu, því eg kynni að hafa beint til hans nokkrum orðum út af undirtektum hans í máli þessu við undirbúningsumræðuna, en nú ætla eg að sleppa því. Hvað aðaluppástungu nefndarinnar snertir, þá vona eg að hún fái góðar og greiðar undirtektir, því hún er hin sama og nefndaruppástunga sú, sem 1865 fèkk hèr mjög góðan róm. Eg get heldur ómögulega skilið annað en að stjórnin taki þessu vel, þegar að Danir eru, eins og eg sá í útlendu blaði í gær, mjög svo ánægðir yfir hinum fornfræðislega hluta gripa þeirra er þeir eiga á sýningunni í Paris. En eg vil nú spyrja hinn háttvirta

konungkjörna þingmann, sem í konungsfulltrúasætinu situr, hvað mikið af þessum hlutum er nú ef til vill hèðan af landi? Og hversu marga gripi hafa Danir ekki frá okkur fengið, sem þeir jafnvel lítinn sem engan júridiskan rètt hafa til að halda og sem vèr má ske gætum vindicerað (*Forseti:* helzt íslenzku), það skilja allir það, að það þýðir að við gætum »*brigðað*». Eg vil enn fremur spyrja, hversu lengi eiga þessir 2 menn, sem svo heiðarlega hafa verið frumkvöðlar að safni þessu, að þræla fyrir ekki neitt, nema ef til vill spott og hlátur frá sumum hverjum; þeir munu, það veit eg með vissu, þá bráðum segja af sèr, og þá er auðvitað, hvernig um safnið fer, því ekki mun mögulegt að fá menn sem slíkt fari eins úr hendi og þeim. Það hefir komið frá mèr og nefndinni vara-uppástunga, en eg er nú ekkert viss um að eg gefi atkvæði með henni, því mèr finnst mál þetta svo vaxið, að rèttast sè að ganga hreint og beint að stjórninni, er mèr því næst geði að sitja fyrir vara-uppástungu minni. Að öðru leyti vona eg, að mál þetta fái góðan róm, og kveð eg það nú fyrst um sinn.

Konungsfulltrúi (*Bergur Thorberg*): Með tilliti til spurningar þeirrar, sem hinn háttvirti framsögumaður beindi til mín skal eg geta þess, að hún á ekkert skylt við mál það, sem hèr liggur fyrir, því hèr er einungis um það að ræða, hvort gjörlegt sè að biðja stjórnina um fjárstyrk til forngripasafnsins. Að öðru leyti skal eg skýrskota til þess, sem konungsfulltrúi hefir þegar áður hèr á þinginu sagt um þetta mál, og sem mun vera þingmönnum full-ljóst. Eg skal bæta því við, að hèr liggur ekki fyrir neitt spursmál um rètt Íslendinga til forngripa í söfnum Danmerkur, en það er auðsætt, að slík orð og ummæli sem framsögumaður að öðru leyti viðhafði um þetta, eru þannig vaxin, að þau að minnsta kosti ekki geta styrkt uppástúngu þá, sem hèr liggur fyrir.

Ólafur Pálsson: Það er einungis lítil athugasemd, sem eg vildi bæta við það, sem hinn heiðraði framsögumaður tók fram. Hann sagði, að ef fè fengist ekki, mundu menn þeir, sem stofnað hafa safnið og staðið fyrir því, verða að leggja árar í bát, og þá yrði að hætta við allt. En eg verð að bæta því við, að ef fè ekki fæst, þá lítur helzt út fyrir, að safnið sè alveg tapað, því það er, nú sem stendur, svo að segja húsvillt; það er, eins og mönnum er kunnugt, nú á dómkirkjuloptinu, en nú á að fara að gjöra við þakið á henni, og veit eg þá ekki, hvað af því skal gjöra, því fáir munu verða til að leggja hús til yfir það, án þess vissa sè

fyrir að borgun fáist. Eg verð af þessum ástæðum að álíta, að hin mesta nauðsyn beri til, að eitthvað sè gjört, og mun eg gefa atkvæði mitt fyrir, að fèð sè veitt á einhvern hátt, og þá einkum eptir 1. tölul. á atkvæðaskránni.

Framsögumaður: Eg vil einungis geta þess viðvíkjandi því, er hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að eg ætlaði aldrei að gjöra uppástungu um að heimta gripi þessa úr höndum Dönum, heldur tók eg það fram einungis með tilliti til hins «moralska ansvars», er þeir hefðu á að neita oss um styrk þenna.

Jón Sigurðsson: Eg þarf eigi að standa upp til að mæla fastlega með máli þessu, því að allir þingmenn munu vera samhuga í að styrkja það eptir megni. En eg verð þó að bæta því við það sem bæði framsögumaður og hinn konungkjörni varaþingmaður sögðu, að það er ekki einasta, að sú hætta vofi yfir forngripasafninu, að það verði húsnæðislaust, eða að þessir 2 umsjónarmenn þess hætti að hafa nokkur afskipti af því, heldur horfir líka beint við, að ef stjórnin sinnir safninu að engu, þá fari landsmenn, sem sent hafa gripi til þess, að heimta þá aptur. Eg verð að telja mèr það til gildis, að eg var einn af þeim fyrstu, sem útvegaði gripi til safnsins, og safnaði líka talsverðu út um landið, og mèr er óhætt að fullyrða, að bæði eg og aðrir hafa gjört það í þeim tilgangi og með þeirri von, að stjórnin mundi hlaupa undir bagga með að styrkja safnið og halda því við, þegar það væri komið á fót. Eg vil líka taka það fram, að það hefir eigi ósjaldan að borið, að þegar að landsmenn hafa viljað koma nýjum stofnunum á fót, að þá hefir því verið svarað fyrir hönd stjórnarinnar, að hún eigi gæti eða væri skyld til að styrkja þvílíkar stofnanir fyrr en það væri auðsjáanlegt, að landsmönnum væri alvara með þær, og að þeir hefðu lagt nokkuð að marki til þeirra, og þessi skoðun er í sjálfu sèr rètt og eðlileg. Nú verður þessu eigi borið við hèr, því það er landsmönnum eingöngu að þakka, að forngripasafnið er til orðið, og það er enn fremur forstöðumönnum þess að þakka, að það hefir haldizt við og getur heitið því nafni að heita safn. Því sýnist mèr, að hvernig sem á fjárhagsviðskiptum Íslands og Danmerkur annars stendur, þá sè það sjálfsögð skylda stjórnarinnar, og sem hún sjálf hefir viðurkennt í öðrum tilfellum, að veita safninu nú þegar þann styrk, sem það þarfnast til að geta haldizt við og farið vaxandi.

Ólafur Sigurðsson: Eg vil einungis bæta því við það sem

hinn heiðraði þingmaður Suður-Þingeyinga sagði, að mèr virðist það ekki vera fjárhagsástandið eitt, sem hamlar stjórninni frá að veita fè þetta, heldur einmitt það, að safnið er stofnað og geymt á Íslandi; eg er viss um hefði það verið stofnað í Danmörku, mundi hún hafa veitt því nægan fèstyrk. Þetta held eg sè hægt að sanna með ekki mjög gömlu dæmi. Það má sjá á stjórnartíðindunum fyrir næstliðið ár, að Steingrími Thorsteinson hafa verið veittir 300 rd. til þess að rita goðafræði norðurlanda, og Gísla Brynjúlfssyni 160 rd. til þess að semja ágrip af miðaldarsögu Íslands, og eru það 16 dalir fyrir örkina, en þar á móti fèkk skólakennari Halldór Friðriksson sama árið ekki nema 8 dali fyrir örkina af útleggingunni á «Anabasis Xenófons» af því hann átti hèr heima; þetta finnst mèr benda til þess, að stjórnin sè nokkuð hlutdræg að gjöra helmings mun á mönnum einasta fyrir það, að annar á heima í Danmörku en hinn á Íslandi.

Benidikt Sveinsson: Af því hinn 3. konungkjörni þingmaður, er nú situr í konungsfulltrúasæti, vitnaði til orða þeirra, er hinn hæstvirti konungsfulltrúi talaði í máli þessu á síðasta fundi, vil eg leyfa mèr að vekja athygli að því, hvað legið muni hafa í þeim orðum konungsfulltrúans, að afdrif máls þessa væru komin undir því, hvaða úrslit stjórnarbótamálið fengi nú á þingi. Eg held þá, að það sè ekki nema um tvennt að gjöra, annaðhvort stendur allt við sama, og nú er, eða þá að sú breyting verður á, að þingið fær fjárhagsráð. Nú vil eg spyrja þann sem í konungsfulltrúasætinu situr, hvað liggi í þessari von og vissu, að vèr munum fá þenna styrk, ef þessi breyting verður á högum vorum? Oss er mjög áríðandi að fá að vita það, og það því fremur sem safnið nú er húsvillt, og þarf því bráðrar hjálpar við. Liggur ekki í þessum orðum, að ef stjórnar- og fjárhagsmálið kemst í kring nú á þingi, þá geti þingið veitt sjálft fè til þessa? Eða verður ríkisdagurinn þá fúsari en ella á að veita þenna styrk? Ef það væri meiningin, að Danir eða ríkisdagurinn muni veita oss þenna styrk, án þess það þyrfti neitt til þingsins kasta að koma, þá væri þessi von mikilvæg. En ef hitt er meiningin, að það eigi að bíða þangað til þingið fær fjárhagsráð, svo það geti þá lagt toll á Íslendinga sjálfa, þá er þetta að mínu áliti að svara út í hött, því þá er það ekki stjórnin, heldur þingið, sem veitir fèð. Það er því það, sem eg vildi leyfa mèr að biðja um skýrslu um frá konungsfulltrúastólnum, hvort stjórnin virkilega muni hafa *meiri* hvöt til þess ept-

ir en áður að veita oss þetta litla fjártillag, ef þingið ekki fellst nú á fjárhagsaðskilnaðinn? Eg álít bendingu konungsfulltrúans mjög svo eptirtektaverða, en ef eg á að láta í ljósi mína meiningu, þá er það ætlun mín, að stjórnin muni síður en áður veita fè til þessa *úr ríkissjóðnum*, ef fjárhagsaðskilnaðurinn kemst á. Mèr þykir mikið undir því komið að fá upplýsingu um þetta, því eg fylgi öllum þeim af hug og hjarta, hvort sem þeir eru utanþings eða innan, sem vilja varðveita þær litlu leifar, sem eptir eru af þjóðernisminnismerkjum vor Íslendinga.

Konungsfulltrúi (Bergur Thorberg): Eg verð að leyfa mèr að benda hinum háttvirta þingmanni Árnesinga til hinnar konunglegu auglýsingar til þessa alþingis, þar sem það er skýrt tekið fram, að bænarskrá alþingis frá í hitt við fyrra um sama efni ekki hafi orðið tekin til greina vegna þess, hvernig allt er á reiki um fjárhagsstöðu Íslands; þessar kringumstæður eru nú enn þá hinar sömu, en það er auðvitað, að þegar útkljáð er um það, hvort alþingi Íslendinga fær fjárveitingar- og löggjafarvald þá breytist ástandið, þá verður fjárhagsstaðan milli Danmerkur og Íslands ekki lengur á reiki; ef fjárhagsaðskilnaðurinn kemst á er alþingi ætlað að fá að ráða meiru um útgjöldin; en verði sú niðurstaðan, að fjárhagsaðskilnaðurinn komist ekki á, þá verða fjárveitingarnar að vísu komnar undir atkvæði ríkisdagsins í Danmörku, en þá verður samt ástandið öðruvísi en nú, með því að þá verður meiri vissa en nú um það, hvort fjárhagsaðskilnaðurinn sè fyrir hendi.

Framsögumaður: Mèr fannst hinn hæstvirti konungsfulltrúi ekki svara þingmanni Árnesinga, heldur einhverju öðru út í loptið. En má eg nú spyrja hann, hvaða skoðun hefir stjórnin á stöðu sinni gagnvart oss Íslendingum «in statu quo»? Eigum vèr að vera á þessu endalausa reiki um fjárhag vorn, svo hún geti allt af veifað gegn oss þessari öxi, eða er hún sjálf á reiki gagnvart oss? Á allt að dumma svona þangað til vèr neyðumst til að taka einhverjum afarkostum?

Konungsfulltrúi (Bergur Thorberg): Hvað viðvíkur spurningu hins háttvirta þingmanns Vestmannaeyja, þá get eg ekki betur sèð en að hún sè máli þessu öldungis óviðkomandi, og eg finn því ekki ástæðu til að svara henni. En þar sem honum þykir eg eigi hafa svarað hinum háttvirta þingmanni Árnesinga, þá skal eg einungis benda á, að eg hefi gefið það einasta svar, sem mèr virðist hèr við eiga, þar sem eg hefi skýrskotað til þess, sem stendur í

hinni konunglegu auglýsingu til alþingis, um það málefni, sem nú liggur fyrir; þegar það var borið fram af þinginu 1865, og síðan þetta svar stjórnarinnar var gefið, hafa kringumstæðurnar ekkert breytzt.

Eiríkur Kúld: Mèr finnst eptir umræðum þeim, sem orðið hafa, og einkum eptir ræðu hins hæstvirta konúngsfulltrúa, að hèr sè ekki um neitt framar að spyrja. Eptir undirtektum hans undir mál þetta, ætla eg að fallast á aðaluppástungu nefndarinnar, en hafna alveg vara-uppástungunni, því mèr fannst það liggja beint í orðum hans, að ef stjórnin sæi sèr eigi fært að veita oss þenna lítilfjörlega styrk *nú,* af því fjárhagurinn væri eigi aðskilinn, þá mundi það verða *aldrei;* því auðvitað er, að ef fjárhagsaðskilnaðurinn kemst á, þá gjörir hún það aldrei af eigin rammleik, heldur verður það þá alþingi, sem löggjafarþing, sem gjörir það. En meðan hann ekki er kominn á, þá sè eg eigi, að stjórnin geti með nokkurri sanngirni neitað oss um allar nauðsynjar vorar, því hvers vegna er fjárhagsaðskilnaðurinn ekki kominn í kring? Er það ekki af því, að vèr hingað til höfum ekki fengið svo góð boð, að vèr höfum getað gengið að þeim. Það dugar því eigi fyrir stjórnina að binda oss þannig við borð, og láta allt bíða eptir þessum fjárhagsaðskilnaði, hvað mikið sem oss liggur á, og hversu áríðandi mál sem eru.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, sem eg vona að þingmenn hafi fyrir sèr prentaða.

Við 1. tölul. var haft nafnakall

«já» sögðu:	«nei» sagði:
Eiríkur Kúld.	Pètur Guðjónsson.
Halldór Kr. Friðriksson.	
Arnljótur Ólafsson.	
Benidikt Sveinsson.	
Björn Pètursson.	
Hjálmur Pètursson.	
Jón Bjarnason.	
Jón Pètursson.	
Jón Sigurðsson.	
Magnús Jónsson.	
Ólafur Pálsson.	
Ólafur Sigurðsson.	

«Já sögðu:
Páll Ólafsson.
Sighvatur Árnason.
Stefán Eiríksson.
Stefán Jónsson.
Stefán Thordersen.
Sveinn Níelsson.
Sveinn Skúlason.
Torfi Einarsson.

Fjærverandi voru: Jón Hjaltalín, Jón Guðmundsson, Páll J. Vídalín.

Varaforseti greiddi eigi atkvæði.

Var þannig 1. tölul. samþykktur með 20 atkv. gegn 1.

Við 2. tölul. var sömuleiðis haft nafnakall.

«Já sögðu:	«Nei sögðu:
Arnljótur Ólafsson.	Eiríkur Kúld.
Benidikt Sveinsson.	Halldór Kr. Friðriksson.
Jón Pètursson.	Björn Pètursson.
Sveinn Skúlason.	Hjálmur Pètursson.
	Jón Bjarnason.
	Jón Sigurðsson.
	Magnús Jónsson.
	Ólafur Pálsson.
	Ólafur Sigurðsson.
	Páll Ólafsson.
	Pètur Guðjónsson.
	Pètur Pètursson.
	Sighvatur Árnason.
	Stefán Eiríksson.
	Stefán Jónsson.
	Stefán Thordersen.
	Sveinn Níelsson.
	Torfi Einarsson.

Fjærverandi: Jón Hjaltalín, Jón Guðmundsson, Páll. J. Vídalín.

Og var þannig 2. tölul. felldur með 18 atkv. gegn 4.

3. tölul. samþ. með 20 atkv. gegn 1.

Forseti: Þessu næst kemur til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um lögleiðslu nokkurra danskra lagaboða. Hinn háttvirti framsögumaður og eg höfum nú eptir því sem umtalað

var á síðasta fundi, látið íslenzka þessi tvö lagaboð, svo þingmenn fengi tækifæri til að kynna sèr þau, og vona eg þeim hafi nú gefizt öllum kostur á því. Ef hinn háttvirti framsögumaður vill taka til máls, þá er það á hans valdi.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 336).

Framsögumaður (Jón Pètursson): Eg finn ekki ástæðu til þess að tala að sinni.

Arnljótur Ólafsson: Eptir umræðum þeim, er urðu hèr síðast um mál þetta, skildist mèr svo, að ef lagaboðin yrðu útlögð, mættu menn taka sèr breytingaratkvæði um, að lagaboð þessi kæmi út sem lög, en yrðu ekki lögð sem frumvörp fyrir næsta þing. Eg ætla því að taka mèr það breytingaratkvæði, að seinna lagaboðið, það er: lög 2. febr. 1866, komi út óbreytt sem lagaboð hèr á landi, nema hvað breyta þarf titlinum og dagsetningunni. Mèr fannst, eptir því sem hinum háttvirta forseta fórust orð við undirbúningsumræðuna, að leyfilegt væri að biðja um, að þau mættu koma út sem lög, þegar búið væri að útleggja þau. Fyrra lagaboðið frá 24. marz 1865 vil eg reyndar líka fá út sem lög en það eru ýmsar breytingar, er þyrfti að gjöra á því og sem eg ekki vil leggja út í að gjöra. En hið síðara lagaboðið álít eg svo mikla rèttarbót, að eg vil fá það gjört að lögum sem fyrst. Mèr þykir því vænt um, að þeim hefir verið snúið á íslenzku, og vil eg svo nota rètt þann, er konungsúrskurðurinn af 10. nóv, heimilar.

Forseti: Eg skal leyfa mèr að geta þess, út af ræðu hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga, að honum hefir gleymzt að gjöra þessi breytingaratkvæði í tíma. Það hefir ekkert orðið af, að neinn þingmanna hafi komið með breytingaratkvæði, þó svo væri að skilja á ýmsum öðrum við undirbúningsumræðuna, sem þeir ætluðu sèr að gjöra það; hefði hann þá komið með þessi breytingaratkvæði, hefðu þau getað verið tekin til greina, en nú getur það ekki orðið.

Arnljótur Ólafsson: Mèr var það eigi hægt fyrri, því eg fèkk eigi atkvæðaskrána fyrr en fyrir hálfum tíma síðan.

Forseti: Þingmaðurinn hafði nógan tíma til að láta mig vita það í tíma, að hann ætlaði að framfylgja þessu breytingaratkvæði, sem hann reyndar nefndi lauslega við undirbúningsumræðuna.

Benidikt Sveinsson: Þingmenn mega ekki ímynda sèr annað, en að lagaboðin sèu hèr *ekki* til staðar á þingi, sem slík, eður að málið standi öðruvísi en þó þau *ekki hefði verið útlögð*. Eptir

minni meiningu hafa þau að eins verið lögð út til þess að þingmenn gætu kynnt sèr þau á íslenzku utanþings.

Arnljótur Ólafsson: Ef það á svo að heita, að lagaboðin sèu eigi til á íslenzku, þó að menn sjái þau útlögð fyrir augum sèr, þá fell eg frá breytingaratkvæði mínu.

Forseti: Hvort að menn vilja álíta, að lagaboðin sè ekki til hèr á þingi eða ekki útlögð, það held eg geti verið komið undir ímyndunarafli hvers eins, hvað hann vill halda um það efni. Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, sem eg vona að þingmenn hafi fyrir sèr prentaða.

Var síðan gengið til atkvæða og uppástunga nefndarinnar samþykkt með 13 atkvæðum.

Fundi slitið.

---

23. fundur — 5. ágúst.

Forseti gat þess, að hann hefði fengið tilkynningu frá þingmanni Vestur-Skaptfellinga, að hann geti eigi mætt á fundi.

Því næst var þingbók frá næsta undangengnum fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið uppástungu frá þingmanni Barðstrendinga um stofnun lagaskóla, einnegin frá þingmanni Árnesinga, Vestur-Skaptfellinga og Suður-Þingeyinga um að alþing sendi ávarp til konungs; enn fremur hefi eg fengið brèf frá hinum háttvirta 1. konungkjörna þingmanni, herra byskupinum að birta þinginu umburðarbrèf, er hann hefir sent til allra prófasta viðvíkjandi vísitazíum þeirra, og er það brèf, eins og það sjálft skýrir frá, sprottið af umræðum um kirkjuskoðanir prófasta, sem urðu hèr á þinginu. Brèfið er þannig látandi:

Út af þeirri hreifingu, sem komst á málið um vísitazíur prófasta á þessu þingi, þykir mèr ástæða til, þènustusamlegast að biðja yður, herra alþingisforseti, að birta þinginu umburðarbrèf, sem eg 17. dag f. m. hefi skrifað öllum próföstum á landinu um þetta efni og sem hljóðar þannig:

«Þótt mèr sè það ókunnugt og þyki það ólíklegt, að nokkur

«prófastur á vísiazíum sínum ekki gjöri annað en líta eptir «kirkjunum, fjárhag þeirra og öðru ástandi, hefir það þó mátt «ráða af bænarskrá, sem kom til þessa alþingis og umræðum «nokkurra þingmanna, að þetta muni víða hvar vera ætlun «almennings og þaðan sè sprottin sú bæn, að annaðhvort verði «lækkuð vísitazíulaun prófastanna, eða fækkað vísitazíuferðum «þeirra. Mèr hefir því þótt nauðsynlegt, að láta yður vita «þetta, herra prófastur, um leið og eg get þess, að eptir hin- «um gildandi lögum eiga prófastar við vísitazíur, ekki ein- «ungis að yfirlíta kirkjurnar og fjárhagsástand þeirra, heldur «einnig líta nákvæmlega eptir allri embættisfærslu presta, og «samlyndi þeirra við söfnuði sína. Sömuleiðis eiga þeir vand- «lega að kynna sèr hið kirkjulega líf og kristinndómsþekkingu «í hverjum söfnuði, spyrja sjálfir börn og láta prestana spyrja «þau, skoða nákvæmlega embættisbækur prestanna og rita «framan á þær athugasemdir sínar. Enn fremur er það tilhlýði- «legt, að prófastarnir gæti að, hvernig staðirnir eru setnir og «aðrar bújarðir presta og vandi hvervetna um það, er þeim «þykir ábótavant; sömuleiðis eiga þeir að láta presta vita fyrir «fram, hve nær þeir ætli að vísitera og hvetja til þess, að sem «flestir sóknarmenn sèu viðstaddir. Loks fer vel á því, að pró- «fastarnir við slík tækifæri, annaðhvort sjálfir haldi stutta ræðu, «eða láti hlutaðeigandi prest gjöra það, og yfir höfuð eiga «þeir að láta sèr annt um, að gjöra þetta embættisverk sem «hátíðlegast og arðsamast fyrir kristilega kirkju, svo það verði «öllum ljóst, að það sè gjört af sannri skyldurækt og áhuga «á því að efla guðsríki».

Reykjavík 5. dag ágústmán. 1867.

P. Pètursson.

Eptir að eg nú hefi lesið þingmönnum brèf þetta, þá skal eg sjá um, að það verði lagt á lestrarsalinn. Að svo mæltu tökum vèr til dagskrár, og kemur konunglegt frumvarp um skipamælingar til undirbúningsumræðu. Framsögumaður er hinn háttvirti þriðji konungkjörni þingmaður, og mun hann lesa upp nefndarálitið og skýra þinginu frá málinu sem þurfa þykir.

Framsögumaður (Bergur Thorberg): Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið:

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 337—340).

Framsögumaður: Eg skal eigi að svo komnu fara fleiri orðum um málið.

Konungsfulltrúi: Nefndin hefir eptir minni meiningu tekið rètt í málið í áliti því, sem hèr liggur fyrir, og þar sem hún ekki hefir stungið upp á breytingum á grundvallarreglum frumvarpsins en einungis á nokkrum smábreytingum við frumvarpið, skal eg fara fáeinum orðum um þessar breytingar.

Breytingar þær, sem stungið er upp á undir tölulið 1. og 2. virðast mèr vera sanngjarnar, og eg ætla þess vegna, ef þingið gefur þeim atkvæði sitt, að mæla fram með þeim við stjórnina, en þegar nefndin undir tölulið 2. og 4. stingur upp á að útleggja enska orðið »ton« og setja í staðinn fyrir það. »ensk lest«, þá þykir mèr þetta ekki eiga vel við, vegna þess að »ton« er alkunnugt orð í verzlunarviðskiptum á milli allra þjóða, og eptir minni meiningu eins greinilegt fyrir landsmenn eins og útleggingin: »ensk lest«, sem einnig útheimtir, að menn gjöri sèr ljóst, hvað þar við eigi að skiljast.

Á móti uppástungu nefndarinnar undir tölulið 5. hefi eg ekki neitt að athuga. Uppástungunni undir tölulið 10. A og B ætla eg að mæla með, af því að mælingarbrèfið, sem á að gefast út hèr í landinu, ekki á að ritast á *Stempelpapir*.

Einnig ætla eg að mæla með uppástungunni undir tölulið 12. af þeim ástæðum, sem nefndin hefir tekið fram.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg stend nú upp, eigi beinlínis til þess að ræða í móti frumvarpinu; en vil að eins spyrja, hver tilgangur þess er, og hver hagnaður muni af því standa. Fyrir hvorugu þessu hefi eg glöggva grein sèð gerða hvorki í nefndarálitinu nè í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu. Þetta frumvarp mun vera öldungis samhljóða hinum dönsku lögum 13. d. marzm. 1867, og efast eg eigi um, að þau kunni að vera góð fyrir Danmörku, en mig vantar allar skýrslur um, að þau sè til nokkurs verulegs hagnaðar fyrir oss. Þótt þau komi út er eg hræddur um, að hagnaðurinn leggist í gleymsku og dá. Tilgangurinn með frumvarpið mun sá, eins og tekið er fram í nefndarálitinu, að skip frá Íslandi, þá er þau koma til annara landa, verði eigi harðar úti en önnur skip úr löndum Danakonungs; en nú er að því að gá, að skip þau, sem fara landa á milli, eru öll þegar mæld í Danmörku. Þessi kvöð leggst því eingöngu á þau skipin sem höfð eru til fiskiveiða hèr við land, og get eg eigi sèð að vert sè að leggja nýtt

gjald á þau án þess neitt komi í aðra hönd. Þetta mælingarlögmál stendur í nánu sambandi við hitt lagafrumvarpið um skipaskrásetningu, og það er auðvitað, að það frumvarp getur eigi orðið að lögum, ef þetta verður eigi að lögum. Þar sem í stjórnarfrumvarpinu stendur, að mæla skuli öll skip og þiljuskip sem taki 4 tons, þá verða öll þilskip hèr við land svo stór og fjarska mörg af opnum skipum, og er þó ekki hugsandi, að þau geti farið landa á milli; úr þessu hefir nefndin bætt með því, að breyta í «þilskip, sem taki 8 tons«, en eg ætla að enda þau skip sè tæpast haffærandi; áskil eg mèr því breytingaratkvæði þess efnis, að þau ein skip skuli menn skyldir til að mæla, sem taki 12 tons og þar yfir. Annars vona eg, að hinn háttvirti framsögumaður skýri málið nokkuð betur.

Framsögumaður: Eg held hinn 5. konungkjörni þingmaður hafi þegar tekið fram nokkrar ástæður fyrir því, að hagnaður mundi standa af lagaboði þessu, ef það yrði lögleitt. En eg veit eigi hversu ríkar ástæður hann heimtar. Í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu er tekið fram, hversu nauðsynlegt það sè fyrir þjóðir sem skip eiga, að skip þeirra sè mæld, þar sem mælingin er nauðsynleg til þess, að komast fyrir stærð skipa, og skilyrði fyrir því, að skipin geti fengið þjóðernis- og skrásetningarskírteini. Menn geta því eigi kastað þessu frumvarpi, ef menn ætla að samþykkja annað frumvarp, er einnig hefir verið borið undir álit þingsins og kemur til umræðu í dag, en það er um skrásetning skipa, og þetta frumvarp ræðir um það sem er nauðsynlegur undirbúningur undir skrásetninguna, en það getur hver maður sèð, að þjóðernis og skrásetningarskýrteinin eru nauðsynleg fyrir öll skip, sem fara landa á millum; það þarf ekki einu sinni til, að þau fari landa á milli, menn geta hugsað sèr hagnað af því fyrir íslenzk skip hèr uppi við landið á stríðstímum, svo þau gætu sannað með því þjóðerni sitt, ef grunur lèki á, að þau tilheyrði öðrum þjóðum. Með þessu þykir mèr nægilega sýnt fram á, að það er nokkuð í það varið, að fá frumvarpið að lögum. Lög þau sem hèr eru lögð fyrir þingið, veita þann hægðarauka um mælingarnar, að skipin geta fengizt mæld hèr á landi, án þess að koma til Danmerkur. Með því að aðhyllast frumvarpið er á hinn bóginn ekkert lagt í sölurnar, en ný rèttindi boðin, þar sem svo er fyrir mælt, að mæla megi skipin hèr og gefa þeim hèr mælingarbrèf. Mèr finnst því engi ástæða á móti því að fallast á frumvarpið, eins og það er með breyting-

um nefndarinnar. Hvað snertir undirtektir hins háttvirta konungsfulltrúa, telur nefndin sig heppna, er hann hefir fallizt á flestar af breytingum þeim, er nefndin hefir gert á frumvarpinu; sú eina breyting, sem hann eigi gat fellt sig við, var að eins lítilfjörleg orðabreyting »ensk lest» fyrir »ton», og hafði nefndin þó við þessa breytingu meðal annars það fyrir sèr, að í 2. gr. 4. kap. í frumvarpinu um skrásetning skipa er nafnið ensk lest við haft, og get eg eigi neitað því, að mèr finnst það öllu viðkunnanlegra en ton.

Halldór Kr. Friðriksson: Það er sjálfsagt, að aðalástæðan fyrir því að vilja lögleiða skipamælingar hèr er sú, að gefa skipunum kost á að fá þjóðernisskýrteini, en eg get eigi sèð, að vèr þurfum á þeim að halda nú sem stendur. Það er auðvitað mál, að ef verzlun vor væri *activ*, þá væri oss öll nauðsyn á þjóðernisskýrteinum, en nú er hún öll *passiv*, svo vèr höfum þess enga þörf, því að öll þau skip, sem milli landa fara, eru mæld í öðrum löndum; útlendingar flytja *oss útlendar vörur* og sækja vorar vörur til vor; sjálfir eigum vèr engi skip sem fara landa á milli. Útgjöldin við mælingarnar eru reyndar eigi stór í sjálfu sèr; en mèr finnst þó vel að því gáandi, hvort þau ekki eru vel mikil til þess að leggja þau á að þarflausu. Hagnaðurinn verður aldrei stór; þar sem framsögumaður tók það fram, að það væri óhultara á stríðstímum að hafa þjóðernisskýrteini, getur vel verið, að svo sè, en eg vona, að eigi komi til þess í bráð hèr á landi. Hann tók og fram að það væri hægðarauki að fá skipin mæld hèr, það er satt; að það væri rèttabót eða ný rèttindi ef svo væri kveðið á, að Íslendingar mættu láta mæla skip sín hèr; en að það sè nein rèttarbót, að vèr sèum skyldir að láta mæla skip vor það getur mèr eigi skilizt; mèr finnst það miklu fremur nýr skylduskattur, en rèttindi.

Pètur Guðjónsson: Til styrkingar því, að þessar nýju skipamælingar eigi sè óþarfar vil eg bæta því við orð hins háttvirta framsögumanns, að í athugasemdunum við frumvarpið er tekið fram, að þessar nýju mælingar sè skipaðar til þess að komast hjá öllum vífilengjum í Englandi, hvar sama mælingaraðferð er viðhöfð; þetta er þó hagnaður, sem ekki er lítilsverður, og má gjöra ráð fyrir hinn 5. konungkjörni þingmaður hafi tekið eptir þessu. Hvað það snertir, sem hinn sami þingmaður sagði, að vèr engi skip ættum, sem færi landa á milli, þá mætti hann þó vita, að mörg skip eru talin eiga heima hèr í Reykjavík, t. d. skip Siemsens kaup-

manns), skip sem strandaði hèr í fyrra varð íslenzk eign og þó mèr sè það eigi fullkunnugt, þykist eg samt viss um, að slíkt muni allvíða eiga sèr stað hèr á landi, og væri það eigi lítill hagnaður að geta fengið þau mæld og skrásett hèr, svo þau geti gengið undir sömu kostum í útlöndum og önnur skip danskra þegna.

Halldór Kr. Friðriksson: Hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu hefir misskilið mig; eg hafði alls ekki móti mælingaraðferðinni; hún er sjálfsagt góð, eg tók að eins fram, að hèr ræddi um skylduna að láta mæla, en eigi rètt til að láta mæla; væri ákvörðunin svo löguð, að ef einhver vildi láta mæla íslenzk skip, þá væri lögreglustjórunum gert að skyldu að mæla þau eptir þeim reglum sem í frumvarpinu eru settar, þá fyrst sæi eg í þessu rèttarbót.

Jón Hjaltalín: Eg vil bæta því við það, sem þingmaðurinn úr Gullbringusýslu sagði, að það er víðar en í Reykjavík, að skip eiga heima, sem fara landa á milli, eg veit af slíkum skipum bæði í Keflavík og eins víða fyrir vestan.

Konungsfulltrúi: Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður sagði, skal eg geta þess, að mælingarskyldan hvílir nú sem stendur á íslenzkum skipum eins og á dönskum skipum.

Framsögumaður: Við það, sem eg áður hefi sagt, get eg bætt þessu móti hinum 5. konungkjörna þingmanni, að þessi skylda, sem hann telur liggja á öllum skipum, hún nær alls eigi til þeirra, er hafa lögmæt mælingarbrèf, sem eru í gildi, þau þurfa eigi að láta mælast aptur, en þeim er gefinn kostur á því í 31. gr. frumvarpsins. Eins og konungsfulltrúi tók fram, þá á skyldan sèr eins stað hèr og í Danmörku; með þessum nýju lögum á að eins að vinna mönnum hægð, gjöra mönnum hægra fyrir að fá skip sín mæld með áreiðanlegri mælingaraðferð. Það munu allir játa, að það heyri til góðrar reglu að vita bæði um tölu og stærð skipa þeirra sem í landinu eru. Eg get enn eigi betur sèð, en allar ástæður fyrir frumvarpinu standi óhraktar.

Arnljótur Ólafsson: Mèr fer nú líkt og hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni, eg get eigi sèð neina þörf á þessu frumvarpi, allra sízt á því, að fara eins langt með mælingarnar og gjört er í stjórnarfrumvarpinu og enda í nefndaruppástungunum, og verð eg að segja, að þegar eg sá þessi miklu mælingarlög, að mèr datt sama í hug sem vitfirringnum forðum, er hann sagði: »Eg hefi aldrei sèð svo langa stöng í svo lítilli grýtu». Eg gæti skilið, að

þetta frumvarp stjórnarinnar væri nauðsynlegt, ef meiri hlutinn í spítalahlutanefndinni hefði orðið ofan á í þinginu, en eins og allir vita, þá varð þetta eigi í þetta sinn, og því er engi nauðsyn til að mæla öll skip og báta til hvers sem þau svo eru höfð. Þar sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram, að öll skip væri skylduð til að láta mælast, þá ætti þessi skylda eigi að gilda um þau skip sem fara til annara landa. Eg hefði getað skilið, að fullt vit væri í frumvarpinu, ef nefndin hefði stungið upp á, að öll þau íslenzk skip, sem ætluð væri til ferða til annara landa skyldu verða mæld eptir reglum þeim, sem gefnar eru í frumvarpinu. Eg veit nú eigi, hvort nefndin hefir verið búin að semja álit sitt áður en spítalagjaldsmálið var rætt til lykta, þó eg ætli að hún hafi verið búin að því, en úr því það mál fór eins og fór, þá ræð eg nefndinni til að taka sèr breytingaratkvæði við 1. grein í þá stefnu, er eg nú hefi mælt. Eg sè það glöggt, að nógir agnúar munu vera samfara frumvarpi þessu, komist það í kring að það verði að lögum, málavafs og sektir, ef út af er breytt þessum margtvinnuðu reglum; og á mælingunni sjálfri eru býsna miklir erfiðleikar; eg er viss um, að sumum hinum gömlu sýslumönnum mundi eigi veita af því að fá sèr að nýju tilsögn í rúmmálsfræði til þess að geta komist klaklaust frá því að mæla skipin.

Framsögumaður: Með tilliti til breytingaratkvæðis þess, er þingmaður Borgfirðinga rèð nefndinni að taka sèr við 1. grein, þá verð eg að svara honum því, að það er ómögulegt að segja, hvaða skip eigi að fara til útlanda; maður getur átt skip, sem maður heldur til fiskiveiða og ætlar aldrei utan að senda, en þó getur svo farið, ef skipið er selt, að það komi í þess manns hendur, er vill halda því til annara landa. Eg veit eigi, hvort menn vinna nokkuð við að setja takmarkið hærra en 8 lestir; víst er um það, að fara má milli landa á mjög smáum skipum. Þjóðernisskýrteinið ætla eg geti verið nauðsynlegt, einnig hèr við land, fyrir skipin enda á friðartímum, til þess að geta sannað, hverrar þjóðar skipið sè, nú þegar ægir saman svo mörgum skipum útlendra þjóða undir Íslandi. Eg skil eigi í því, hvernig þingmaður Borgfirðinga fer að setja þetta mál í samband við spítalagjaldsmálið, eða afdrif þess; um það mál er enn alls eigi gefið, hvað að lögum verður, hvort það verður frumvarp stjórnarinnar, uppástungur þingsins, eður hvorugt þetta.

Eiríkur Kúld: Eg fer nú ekki að fara út í þá sálma, hvort

lögin sè nauðsynleg eða ekki; mèr þykir það svo sem sjálfsagt, að stjórnin hefir haft einhvern góðan tilgang með lagaboðinu, einna helzt þegar sjálfur konungsfulltrúi og 3 konungkjörnir þingmenn mæla fram með frumvarpinu og þykir það harla gott. Þó eg sè eigi viss um, hver þessi góði tilgangurinn er, þá kynni einhver að hugsa, að hann væri sá, að innleiða aptur gömlu fiskipremíurnar, til þess að örva menn að hafa úti fleiri þilskip, til þess að ná fiskinum frá frakknesku duggurunum, en þó nú tilgangurinn, sem eg má ske býst við, sè nú ekki þessi, þá þykist eg sjá einn hagnað við frumvarpið fyrir þá, sem hèr á landi þurfa að láta mæla skip sín; borið hefir til, að menn hèr á landi hafa keypt skip, sem komið hafa frá útlöndum, t. d. strönduð skip, gjört að þeim og sent síðan til Danmerkur og þar orðið með ærnum kostnaði að fá þau mæld. Það eru eigi að eins 8 lesta skip og þar yfir, sem geta farið landa á milli, eins og hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður hèlt, eg veit dæmi til, að hèr um 3 lesta skip hefir siglt út hingað til Íslands (Aanesen). Þingmaður Borgfirðinga hèlt, að það mundi fara í skolum fyrir sýslumönnunum, að mæla skipin, og eigi mundi enda veita af að láta þá ganga undir reikningspróf til þess að vera viss um, að þeir gætu það svo í lagi færi, en eg get þó ekki ætlað, að þeim embættismönnum hafi farið svo mikið aptur frá því að fornu, er fiskipremíurnar voru uppi; þá urðu þeir áð mæla fiskiduggur þær, er hèr á landi voru byggðar, og gjörðu það, svo engi hafði neitt á það að kæra svo eg viti til *(Arnljótur Ólafsson:* Þeir hafa fengið Sæmund Hólm); nei, hann gat hvergi komið þar nærri, því dæmin sem eg meinti til voru í Barðastrandarsýslu.

Jón Sigurðsson: Það liggur nærri skoðun minni á þessu máli, að eg hallist helzt að meiningu þeirra manna, sem eigi álíta brýna nauðsyn bera til þess, að fá frumvarp þetta um skipamælingar gjört að lögum nú sem stendur. Og eg er á sama máli og þingmaður Borgfirðinga um, að stjórninni hafi það eitt gengið til að senda þetta frumvarp nú til þingsins, að hún hafi ætlað sèr að hafa fram fyrirkomulag það á spítalagjaldinu og heimtu þess, sem hún stakk upp á í frumvarpinu um spítalahlutina; en það fór nú sem komið er um það frumvarp, og þar með er sú ástæða fallin, að lögbjóða hèr skipamælingar vegna spítalatekjanna. Þess vegna finnst mèr sjálfsagt, ef maður eigi vill láta málið með öllu falla, að þá verði að einskorða skuldbindingu þá til skipamælinga, er

frumvarpið ræðir um, eingöngu við þau skip, sem ætluð eru til ferðar landa á milli, því að mæla öll skip undantekningarlaust, sem eru 2 eða 4 lesta og þaðan af stærri, álít eg tilgangslaust. Eg skal líka geta þess, að þegar á að fara að leggja öldungis nýtt gjald á þiljuskipin, nefnil. spítalahlutinn, þá finnst mèr ísjárvert, og það mundi verða óvinsælt, að bæta þar á ofan þessu nýja mælingargjaldi, því að mæla skipin kostar þó nokkuð eptir frumvarpinn, fyrir utan allt það mas og umstang sem þar með fylgir. Eg tek því upp breytingaratkvæði þingmanns Borgfirðinga við 1. gr. frumvarpsins um að mælingarskyldan sè eingöngu bundin við þau skip, sem ætluð eru til ferða landa á milli, og áskil mèr leyfi til að víkja því við eptir því sem mèr finnst bezt við eiga.

Konungsfulltrúi: Með tilliti til athugasemda þeirra, sem gjörðar eru af þingmanni Borgfirðinga og Suður-Þingeyinga, skal eg geta þess, að tilgangurinn með frumvarpi þessu ekki hefir verið að lögleiða skipamælingar vegna tillitis til frumvarpsins um spítalahlutina; tilgangur stjórnarinnar er sjálfsagt það, að gefa íslenzkum skipum kost á að verða aðnjótandi þeirra rèttinda, sem danskt flagg gefur skipum þeim, sem hafa rètt til að sigla undir því.

Arnljótur Ólafsson: Það fór að fara um mig, þegar hinn háttvirti framsögumaður sagði, að ekki væri víst, hvort heldur álit meiri hlutans eða minni hlutans í spítalamálinu yrði ofan á hjá stjórninni; en það var þó bót í máli, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi fullvissaði þingið um það, að þetta frumvarp ekki stæði í neinu sambandi við spítalamálið. Eg get ekki sèð, að tilgangur lagaboðsins geti helgað það, að skylda menn til að mæla svo að segja hverja kirnu og kopp, heldur álít eg alveg nóg að orða lagaboðið þannig, að hverjum skipseiganda skuli *gefast kostur á* að láta mæla skip sitt á Íslandi; það er allur munur á því, hvort lagaboðið er svona orðað, eða að allir skipseigendur sèu *skyldir* til að láta mæla skip sín, hvort sem þau nokkurn tíma eða aldrei yrðu látin fara til útlanda. Í Þingeyjar og Eyjafjarðarsýslum eru eitthvað um 30 þilskipa sem öll ættu að verða mæld; en er það skynsamlegt að skipa að mæla öll skipin, þó einhverjum einum dytti þar í hug að senda eitt skip til útlanda? Það væri rètt eins og til að mynda, að skipa að drepa allt fè niður á Suðurlandi sökum þess að ein eða tvær kláðasjúkar kindur væru hèr í Reykjavík; þetta

mundi mönnum þykja hart. Eg vil því ráða nefndinni til að breyta 1. grein í þá átt, sem eg hefi bent til.

Jón Hjaltalín: Eg álít þessi frumvörp, sem hèr um ræðir, vera nauðsynleg í heild sinni, enda er það og síður í öllum löndum, að þess konar lög sèu viðhöfð; það væri og afkáralegt fyrir oss, að hafna því, að þetta yrði að lögum; það er eitthvað skrítið við það, að sjá tölu á öllum skipum á landinu í landshagsskýrslunum, en vita svo ekkert um stærð þeirra, þegar að því er spurt. Eg er viss um, að þó skipin ekki sèu stærri en til er tekið af nefndinni, þá geta þau farið landa á milli; eg hefi þekkt skipstjóra sem kom hingað frá útlöndum á skipi sem var $3^1/_2$ lest að stærð; mèr þykir því undarlegt af öðrum eins hagfræðing og þingmaður Borgfirðinga er, að hann skuli láta sèr nægja með að vita einungis tölu upphæð skipanna, en vita svo ekkert um lestatöluna, þegar spurt er um verzlunarflota vorn Íslendinga.

Framsögumaður: Með tilliti til ráðs þess, sem hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga vildi gefa nefndinni, skal eg geta þess, að nefndin ekki getur fallizt á það, eg álít og að nefndin hafi bætt hèr úr, svo sem þurfti, með því að hækka lestatölu þeirra skipa sem mælingarskyldan ætti að hvíla á. Það virðist og vera auðsætt, að þessi lög mundu gjöra skipseigendum miklu hægra fyrir með að fá ábyrgð á skipum sínum, og er það ekki lítið hagræði, sem af því getur flotið, en sè þar á móti allt á reiki og engin föst regla í þessu efni, þá verður mjög torsótt fyrir eigendur skipanna, að fá þau assureruð; þenna hagnað vildi eg biðja þingið vel að athuga.

Forseti: Fyrst ekki fleiri taka til máls, er þessari undirbúningsumræðu lokið. Þessu næst kemur þá til undirbúningsumræðu frumvarp til laga um að taka íslenzk skip upp á skipaskrá. Hinn 3. konungkjörni þingmaður er framsögumaður, og mun hann lesa fyrir þingmönnum nefndarálitið og skýra frá því, er honum þurfa þykir.

Framsögumaður (Bergur Thorberg): Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 340—347).

Konungsfulltrúi: Hin heiðraða nefnd hefir í öllum verulegum atriðum aðhyllzt frumvarpið, og þótt hún hafi stungið upp á mörgum breytingum, eru þær að miklu leyti orðabreytingar, og flestar þeirra miða til þess að skýra betur ákvarðanir frumvarps-

ins. Eg skal þess vegna ekki fara mörgum orðum um breytingar þær, sem stungið er upp á, en einungis sèrstaklega láta í ljósi, hverjum þeirra eg ætla að ráða þinginu frá að gefa atkvæði sitt. Töluliður 3. stingur upp á, að aptan við 2. grein sè bætt ákvörðun þeirri, sem til er vitnað í frumvarpinu úr tilskipuninni frá 11. júlím. 1748. Mèr þykir nú þetta vera alveg ónauðsynlegt, bæði vegna þess, að sú umrædda tilskipun efalaust er gildandi á Íslandi, þó að hún ekki sè auglýst hèr, því á þeim tímum gáfu menn ekki svo mikinn gaum að þvílíku eins og nú, og vegna þess, að það hlýtur að vera landsmönnum kunnugt, hvernig flagg ríkisins er skipað.

Eg get vel skilið, að það sè bæði hlutaðeigandi skipseigendum, lögreglustjórum og stiptamtmanni hægra, að störf þau, sem hèr ræðir um, verði falin amtmönnum á hendur, en að þau heyri undir einn embættismann; en þegar stiptamtmaður á að ákveða skrásetningarstafina handa skipum, getur skeð, að það í sjálfu sèr sè hentugra, sem ákveðið er í frumvarpinu.

Nefndin hefir rètt að mæla í því, þar sem hún segir að ekkert mótunargjald sè greitt á Íslandi, og að það mótunargjald, sem heimt kynni að verða, þá er þjóðernis- og skrásetningarskýrteini yrðu út gefin, yrði tekið eptir dönskum lögum; en þegar hún með tilliti til þessa vill sleppa því, sem sagt er í frumvarpinu um greiðslu mótunargjalds, þá þykir mèr hún fara lengra en ástæður hennar leyfa, því uppástunga hennar undir tölulið 25. um það, sem hlutaðeigandi á að borga, gefur ekki heimild til þess, sem eptir ástæðum nefndarinnar má álítast að vera meining hennar í þessu tilliti, og sem mèr einnig virðist eptir hlutarins eðli rètt, nefnilega, að þjóðernis- og skrásetningarskýrteinið, sem á að gefast út frá aðalskrásetningarskrifstofunni í Kaupmannahöfn, á að vera skrifað á sama *Stempelpapir* handa íslenzkum skipum eins og handa dönskum.

Hvað töluliðina 31. og 32. snertir skal eg skýrskota til þess, sem eg nýlega tók fram við undirbúningsumræðuna um frumvarpið um skipamælingar.

Halldór Kr. Friðriksson: Frumvarp þetta er bundið við það frumvarp sem nýlega var rætt, það um skipamælingarnar, en það er þó að því leyti frjálslegra, að hèr er ekki ákveðið, að öll skulu skrásett, heldur er það bundið við ákveðna stærð á skipum og það miklu meiri, en mælingarnar. Eg er nú að nokkru leyti samdóma hin-

um hæstvirta konungsfulltrúa um, að það sè viðkunnanlegast, að skrásetningin fari að eins fram á einum stað, það er að segja hjá stiptamtmanninum. Það er reyndar margt. sem mælir með því, að amtmennirnir gefi þessi skýrteini, því bæði er það, að póstgöngurnar eru eigi sem skyldi hjá oss og vegalengdin mikil, en eg held samt, að það sè eigi tilvinnandi. Að því er snertir þetta mótunargjald, sem nefndin vill sleppa, þá er eg nú líka samdóma hinum hæstvirta konungsfulltrúa, að ef skrásetningin ekki hefir gildi, nema hún sè gefin út frá skrifstofunni í Kaupmannahöfn, þá verði hún að vera á mótuðum pappír, því þar eru slík skjöl ekki gefin út nema á mótuðum pappír. En eg sè ekki, hvers vegna menn eiga að sækja þessi skýrteini til Danmerkur, úr því stiptamtmaður gæti gefið þau út, og þá væru þau full gild, þótt þau ekki væru á mótuðum pappír, því hèr er ekkert mótunargjald. Eg vil því taka mèr breytingaratkvæði um, að stiptamtmaður gefi þessi þjóðernis- og skrásetningarskýrteini. Það er hvergi talað um það, hvað þessi skrásetning muni kosta, en það sèst þó á fyrirmyndarbrèfinu, að það er gjört ráð fyrir gjaldi fyrir hana, svo þetta verður í rauninni tollur, sem menn ekkert vita um. Eg vildi gjarna fá upplýsingar um, hvað þessi kostnaður verður mikill.

Framsögumaður: Viðvíkjandi þriðja kafla 15. greinar, skal eg út af orðum hins hæstvirta konungsfulltrúa, leyfa mèr að geta þess, að nefndin gat eigi sèð, að hann beinlínis innibyndi í sèr aðrar ákvarðanir, en um mótunargjaldið, og því áleit nefndin þessa ákvörðun lagaboðinu óviðkomandi. En það var ekki, eins og hinn háttvirti 5. konungkjörni hèlt, meining nefndarinnar, að menn ættu að sleppa við mótunargjaldið fyrir pappírinn, heldur væri það í krapti danskra laga, að það yrði innheimt, þegar skýrteinin væru gefin út í Danmörku. Hinum sama þingmanni þótti hagkvæmara að fá þessi þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini hjá stiptamtmanni, og það getur verið að svo væri, en nefndin sá ekki til neins að fara þessu fram; það er varla við því að búast, að yfirstjórnin muni alveg vilja sleppa hendinni af þessu máli, og láta allt eptirlitið með því vera hèr á landi; mælingarbrèfin þurfa líka að endurskoðast áður en þjóðernis- og skrásetningarskyrteinin eru gefin út, og það er eðlilegt, að yfirstjórnin vilji sjálf hafa þessa endurskoðun. Hinn heiðraði þingmaður fann einnig þann kost á þessu frumvarpi, að það væri frjálslegra en frumvarpið um skipamælingar, því það legði ekki þessa skyldu á öll skip. Eg skal líka játa, að það er

rètt og hagfellt, að mjög smá skip ekki eru skyld til að útvega sèr þjóðernis og skrásetningar-skýrteini, en hitt frumvarpið setur einnig takmörk fyrir því, að skip skuli mæld, og miðar það við 4 enskar lestir, sem nefndin hefir breytt í 8 enskar lestir. Eins og nefndin hefir tekið fram, hèlt hann einnig, að það yrði hægra að fá skip sín skrásett, ef amtmennirnir gæfu skýrteinin, heldur en menn þyrftu að leita af öllu landinu til eins manns, en það kann þó að vera, að ástæðurnar fyrir því, að stiptamtmaður gjöri það einn, þyki yfirgnæfandi.

Jón Pètursson: Eg held að frumvarp þetta sè gott og mikið gagn að fá það út sem lög. Þær litlu mótbárur, sem komið hafa fram móti frumvarpinu og nefndinni, hefir hinn háttvirti framsögumaður svarað. Þó eg sè nefndinni með öllu samdóma yfir höfuð, þá eru þó tvö atriði í frumvarpinu, sem eg get ekki fellt mig við. Annað er 1. gr. frumvarpsins, að mèr þykir hún óheppilega orðuð; því í fyrra parti greinarinnar eru sett 2 skilyrði sem «Alternativ» fyrir skip til að mega hafa danskt flagg, en síðari kafli greinarinnar inniheldur svo nýja ákvörðun, þegar hlutafèlag á skipið, og bætir þá við nýju skilyrði, sem náttúrlega ætti að geta tengzt við bæði alternativin, sem á undan eru komin. Tengdi maður nú þetta nýja skilyrði í seinni kaflanum við fyrra skilyrðið í fyrri kaflanum, þá fengi maður beinlínis út, að skip sem hlutafèlag í Danmörku ætti, ætti að standa undir íslenzkum lögum o. s. frv.; en það er auðsèð, að menn í Danmörku mega, hvað sem svo þessi lög segðu um það, eiga skip í hlutafèlagi, án þess að fèlagið sè undir íslenzkum lögum, eða ætti heima á Íslandi. Eg er viss um að þetta er ekki heldur meiningin í frumvarpinu, heldur er það að eins óheppilega orðað. Upphafið á greininni á þar að auki ekki við í íslenzku lagaboði, því hverjir af þegnum konungs vors, sem eru fyrir utan Ísland, skuli hafa rètt, að hafa danskt flagg, kemur undir atkvæði ríkisdagsins, og er óviðkomandi alþingi. Eg vildi breyta þessari grein, og skal eg leyfa mèr að orða það nákvæmar síðar.

Hitt atriðið, er eg vildi minnast á, er í 5. gr. frumvarpsins í öðrum kafla þeirrar greinar. Eg vil láta síðari hluta þess kafla frá orðunum: «Ekki má rita á íslenzku» o. s. frv. falla burt; því eg vil ekki gjöra þann mismun á Dönum og Íslendingum, sem gjörður er með þessari ákvörðun, heldur láta Dani njóta sama rèttar og Íslendinga. Því eptir því, sem nefndin skilur frumvarp-

ið, hafa Íslendingar rètt að láta skrásetja skip sín í Danmörku, hví skyldu þá Danir og eigi mega hafa rètt til að láta skrásetja skip sín hèr á landi? Eg vil ekki láta reisa skorður millum þessara þjóða, nema þar sem það er nauðsynlegt. Viðvíkjandi 2. tölul. í 9. gr. frumvarpsins skal eg geta þess, að hann hangir af 1. gr. frumvarpsins og þyrfti því einnig að breyta honum. Það nægir engan veginn eptir 5. gr. til þess að fá skip sín skrásett hèr á landi, að sanna, að manni sè heimilt að eiga danskt skip. Því eptir þeirri grein má danskur maður ekki láta skrásetja skip sín hèr á landi Við 17. gr. frumvarpsins vil eg einnig af sömu ástæðum gjöra dálitla orðabreyting. Því það er auðsèð, að ef 1. grein frumvarpsins væri tekin óbreytt, þá yrði þessi ákvörðun of rúm. Það væri og til skýringarauka við 2. grein, ef sett væri fyrir orðin: «þau sett» orðin: «þau þeirra, er mæld eru, sett«.

Framsögumaður: Athugasemdir þær, er hinn háttvirti 4. konungkjörni gjörði við frumvarpið, kom hann reyndar fram með þegar í nefndinni, þótt sú skoðun yrði ofan á, að þessum ákvörðunum í frumvarpinu skyldi eigi breytt. Þær ástæður rèðu í nefndinni, að upphaf 1. greinar væri að álíta sem almenna ákvörðun, er sýndi, hvað utheimtist til þess yfir höfuð, að skip hafi rètt til að hafa danskt flagg; og seinna í greininni er tekið fram það sem sèrstaklega snertir Ísland en ákvörðunin í upphafi greinarinnar á við um allt ríkið. Viðvíkjandi því, er hinn sami háttvirti þingmaður sagði um 5. grein frumvarpsins í sambandi við 1. grein, skal eg geta þess, að hann hreifði því einnig í nefndinni, og íhugaði hún þetta atriði vandlega, en sú skoðun rèði þó, að eptir tilgangi laganna væri það ekki nauðsynlegt að gjöra þessa breytingu, því það er tilgangur laganna, að gjöra mönnum, sem eru búsettir á Íslandi, lèttara fyrir að fá skip sín skrásett, en það spursmál hvar og hvernig menn sem eru búsettir í Danmörku geti fengið skip sín skrásett, liggur að ölku leyti fyrir utan ákvarðanir og augnamið laga þessara. Eg get því ekki sèð, að það sè ástæða til að fella þessa ákvörðun úr. Að því er snertir 9. grein, þá finnst mèr reyndar, að þótt menn fèllust á breytingu þá, er hinn háttvirti meðnefndarmaður minn stakk upp á við hana, mundi það eigi raska meiningu lagaboðsins, mèr virðist hún eigi nauðsynleg og eg finn því ekki ástæðu til að fallast á hana.

Halldór Kr. Friðriksson: Hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga efaðist um það áðan við fyrra frumvarpið, að sýslumenn væru

svo færir í reikningslist, að þeir gætu mælt skipin, þó að þingmaður Barðstrendinga væri mjög svo á annari skoðun. En hèr hefir einmitt sama efasemdin komið fram hjá stjórninni í 10. gr. frumvarpsins, og hefir því viljað, að aðalumsjónin með þessum skrásetningum skyldi vera í Kaupmannahöfn. Eg er nú reyndar samþykkur í því, að eg álít það varhugavert, að trúa hverjum sýslumanni fyrir mælingunni, án þess að nokkuð eptirlit sè haft með þeim, en eg álít það nægilega trygging, að stiptamtmaður hafi yfirskoðun á þessum mælingum. Eg sè ekki neina ástæðu til, að menn þurfi að fá þessi skýrteini frá Kaupmannahöfn, og því ætla eg að taka mèr breytingaratkvæði um, að stiptamtmaður gefi þessi skýrteini út. Eg er samdóma hinum háttvirta 4. konungkjörna um það, að þótt það sè aðaltilgangur frumvarpsins, að Íslendingar fái þenna hagnað, þá sè eg eigi ástæðu til, að samþegnar vorir fari á mis við hann. Það má hugsa sèr, að danskur maður kæmi hingað til lands með skip, sem væri óskrásett, og ætlaði sèr ekki að fara beint til Danmerkur aptur, heldur eitthvað annað, þá væri það hart fyrir hann, að geta ekki fengið það skrásett hèr.

Arnljótur Ólafsson: Eg ætla að biðja nefndina um að skýra fyrir mèr sambandið milli 1. og 4. málsgreinar í 2. grein frumvarpsins. Er það ekki meiningin, að öll skip á Íslandi skuli sett á skipaskrá? En þau, sem eru yfir 20 enskar lestir, skulu skyld til að hafa þjóðernis- og skrásetningarskýrteini? En hvaða meining eða þýðing liggur þá í því, að það skuli setja minni en 20 enskra lesta skip á skipaskrá, ef þau þurfa ekki skýrteini? Ef það er meiningin, að það eigi að vera til upplýsingar, þá er það ekki meiri upplýsing fyrir oss, þótt þau sèu sett á skipaskrár í Kaupmannahöfn, en þó lestatalið stæði skrifað einhverstaðar hèr á landi í Þjóðólfi eður Norðanfara. Eg ætla, að margir hèr á landi felli sig eigi vel við þá tilhögun, að íslenzk skip skuli skyld til að hafa merkið D. E. (dönsk eign), því vèr erum vanir við að eign Íslendinga sè kölluð íslenzk eign en eigi dönsk, án þess þó að það komi í bága við það, að vèr sèum þegnar Danakonungs. Þótt eg viti, að orðið »þjóðerni sè hèr tekið í þeim skilningi, að hèr sè að ræða um eign einhvers þess manns, sem er þegn Danmerkur konungs, þá er eg þó hræddur um, að sumir geti eigi fellt sig við að þjóðernismerki vort Íslendinga sè D. E., heldur eitthvað sem táknar, að skipið sè eign Íslendings, sem er þegn Danmerkurkonungs, því að það getur ekki kallazt dönsk eign, sem er íslenzk

eign. Eg vildi því, að þessu væri breytt, því eptir minni tilfinningu erum vèr ekki bundnir við að útleggja orðið »Nationlitet» þannig, heldur munum vèr leggja í það hina vanalegu þýðingu.

Framsögumaður: Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hefir að nokkru leyti svarað sjálfur spurningu sinni um sambandið milli 1. og 4. málsgreinar í 2. grein; meiningin er, að öll skip sem eiga að mælast eiga að skrásetjast, en einungis þau skip sem eru stærri en 10 lestir, þurfa að fá sèr þjóðernis og skrásetningarskýrteini. Hann hèlt, að skrásetningin mundi ekki verða til mikillar upplýsingar, af því skýrslurnar mundu verða hjá stjórn og stiptamtmanni einungis. En eg skal benda hinum heiðraða þingmanni á, að skýrslurnar einnig eru hjá þeim af syslumönnunum, sem mæla eiga skipin. Hvað þjóðernismerkið D. E. snertir, sem þingmanninum líkar ekki, þá álít eg, að sama þjóðernismerki hljóti að vera fyrir allt ríkið, því þjóðernismerki eru til þess að sýna hverju ríki að skipin tilheyri, og mun því varla verða álitið hagkvæmt eður mögulegt, að hafa sèrstakt merki fyrir sèrstaka hluta ríkisins. Ef menn hugsuðu sèr að vilja einnig tákna í hverjum einstökum ríkishluta skipið ætti heima, þá yrðu menn að hugsa sèr að auk hins almenna þjóðernismerkis væri bætt við einhverju sèrstaklegu merki t. a. m. fyrir íslenzk skip »Í» eður »Ísl.», en þetta er óþarfi, því þjóðernis-skýrteinið er nóg til þess, að sýna, að skipið sè eign manns á Íslandi.

Eiríkur Kúld: Eg get þó ekki verið viss um, að allir ef til vill leggi sömu þýðing í þessa stafi »D. E.» sem hinn háttvirti framsögumaður vill; mèr finnst ekki sjálfsagt, að allir skilji, að »D» sè sama sem danskur; ef hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga ekki hefir áskilið sèr breytingaratkvæði þessu viðvíkjandi, sem hann að nokkru leyti talaði um, þá ætla eg að áskilja mèr það. Eg vil leyfa mèr að skora á hinn háttvirta framsögumann að svara spurningu hins 5. konungkjörna þingmanns um kostnað þann, sem ris af skrásetning og mæling skipanna, því til borgunar er þó ætlað, það er auðsèð á forminu á mælingarbrèfinu sem er aptan við frumvarpið; því mèr þykir þó í þessu tilliti mikið undir því komið að vita, hvort kostnaður þessi verður mikill, nokkur eða enginn.

Framsögumaður: Eg skal svara hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni því, að í frumvarpinu er ekki nein beinlínis ákvörðun um borgun; eptir mínum skilningi getur ekki verið að ræða um annan kostnað en mótunargjaldið, og kostnað þann sem

mælingin hefir í för með sèr; skrásetningin sjálf hefir ekki kostnað í för með sèr, nema að því leyti mælinguna snertir, sem er fyrsta undirstaða skrásetningarinnar.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg vil þó gjöra hinn háttvirta framsögumann varan við, að þar sem hann segir, að ekki sè gjört ráð fyrir kostnaði í sjálfum greinum frumvarpsins, þá er það beinlínis gjört í sýnishorninu á bls. 14 og 15. Það er ekki svo að skilja, að mèr þyki óeðlilegt að þessu fylgi kostnaður, heldur vildi eg einungis fá að vita, hversu mikil upphæð kostnaðar þessa yrði, og þessari spurningu minni hefi eg enn ekki fengið svarað.

Konungsfulltrúi: Eg skal geta þess, að hvað snertir borgun fyrir skýrteini þau, sem hèr ræðir um, þá hefi eg ekki fengið neina *instruktion* um upphæð hennar, en eptir ætlun minni verður gjald þetta hið sama og *Gebyr* það fyrir *Skips certefiköt* sem ákveðið er í dönskum lögum, og er í öllu falli ekki hátt. Viðvíkjandi mótunargjaldinu, þá er, ef eg man rètt, upphæð þess ákveðin til 48 sk.

Halldór Kr. Friðriksson: Mèr finnst að nefndin ætti að áskilja sèr viðauka-atkvæði til þess á ákveða borgun þessa (*Jón Pètursson* og *Bergur Thorberg:* Nei).

Forseti: Þar eð nú ekki taka fleiri til máls, er undirbúningsumræðu þessari lokið. Eptir dagskránni kemur þá málið um fiskiveiðar útlendra til undirbúningsumræðu; framsögumaður er þingmaður Gullbringusýslu, og mun hann lesa upp nefndarálitið, og skýra málið eptir því sem honum þykir þörf.

Framsögumaður (Pètur Guðjónsson): Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 359—363).

Eg skal ekki fara mörgum orðum um málið að sinni, en einungis geta þess að það hefir vakað fyrir nefndinni, að rèttast væri fyrir þingið að fara sem hóglegast í mál þetta, og það af þeirri ástæðu, sem fram er tekin í nefndarálitinu, að ekki hafa komið fullar sannanir fram af hendi landsmanna hvorki fyrir því, að útlendir fiskimenn hafi verið of nærgöngulir oss í veiðum sínum, nè heldur fyrir yfirgangi þeirra á eignarrèttindi landsmanna, sem komið hafa til stjórnarinnar hvað eptir annað. Getur nefndin því einungis ráðið þinginu til að bera fram fyrir stjórnina þær bænir sem hún fer fram á í niðurlagsatriðum sínum.

Konungsfulltrúi: Um leið og eg viðurkenni, að nefndarálitið er bæði hógværlega samið, og hefir tekið hið nauðsynlega tillit til

þess, að tilraunir stjórnarinnar til samninga við útlendar þjóðir geta liðið skaða af umræðum og meðferð málsins hèr á þinginu, skal eg fara fáeinum orðum um málið, eins og það nú liggur, og biðja þingmenn halda hinni sömu stefnu fram og nefndarálitið fer í.

Þegar ræðir um þetta mál, er vel að greina milli tveggja atriða málsins. Annað atriði er það, að útlendir fiskimenn fiska innan vissra takmarka frá ströndum landsins, en hitt er það, að útlendir fiskimenn gjöra sig seka í gripdeildum og árásum á eignarrètt landsmanna. Það er einungis fyrsta atriðið, sem spursmál er um að regulera með samningum við hinar helztu þjóðir, sem fiska hèr við landið, og það er öllum kunnugt, að stjórn vor hefir gjört allt það, sem í hennar valdi stendur til þess að koma þessari hlið málsins í kring, sèr í lagi við frakknesku stjórnina, og eg get fullvissað þingið um, að hún ætlar að halda áfram í þessa stefnu, þrátt fyrir það, að tilraunir hennar enn þá ekki hafa heppnazt. Eg held, að eins og 1 niðurlagsatriði nefndarinnar biður Hans Hátign konunginn um það, að hann vilji bjóða stjórn sinni að halda þessum samninga-tilraunum áfram; eins inniheldur 2 niðurlagsatriði góða bendingu í þessu tilliti, sem eg fyrir mitt leyti vil mæla fram með við stjórnina, að hún taki hana til greina. Hvað þar á móti snertir hitt atriðið, skal eg geta þess, að það sjálfsagt er ómögulegt við samning að fyrirbyggja þess konar, og að það einnig, eins og hagar til hèr í landinu, er mjög örðugt að vernda eignarrètt sinn á móti öllum árásum illgjörningsmanna og þjófa, — og þeir finnast meðal allra þjóða eins og meðal landsmanna sjálfra —; en sá einasti vegur til að komast fyrir þess konar, eða fá bót á því, er, eins og segir í nefndarálitinu, strax þegar menn sjá, að menn hafa orðið fyrir slíkum óskunda, þá að gjöra allt það, sem unnt er, til að sanna skaðann og hver hafi gjört hann; og ef þetta skeður og menn snúa sèr til yfirvalda sinna, mun í flestum þeim tilfellum verða útvegaðar nægilegar skaðabætur; en ef menn ekki geta sannað þessi atriði málsins, mun það í hverju þess konar máli, eins og þegar um þjófnað er að ræða, sem framinn er af landsmönnum, verða mjög örðugt að bæta úr því.

Hvað sèrstaklega snertir umkvörtun þá, sem um er getið í nefndarálitinu, og sem komin er í vor til stiptamtsins, skal eg taka það fram, að málavextir voru þeir, er nú skal greina: Þegar bátur, sem tilheyrði Guðmundi Sveinssyni, bónda á Háteig, og

sem Gísli nokkur Þorsteinsson var formaður á, hinn 30. apríl þ. á. var nýleitaður á fiskimið Akurnesinga, kom frakknesk fiskidugga og sigldi framan til á bátinn og svo nærri, að yfirvarpið á stjórafærinu varð á milli hennar og stýrisins, og var bátinum mikil hætta búin, þangað til Gísli gat skorið færið á hnífli; skaðann, sem báturinn leið við þetta tækifæri hafa þeir Guðmundur og Gísli *taxerað* til 6 rd. og skaðann á öllum bátsaflanum þann dag til 10 rd. Stiptamtið hefir skrifað til yfirforingja hins frakkneska herskips um þetta mál, og hann hefir svarað, að hann muni láta sér annt um að »constatera factum«, — því merki þau, sem kærendur hafa nafngreint á fiskiduggunni, voru óglögg, og þegar þetta verður, að skaðabætur verði borgaðar hlutaðeigendum.

Jón Sigurðsson: Eg skal játa það, að nefndarálit þetta er vel samið, en eg kann þó engan veginn vel við þann blæ, sem á því er; það er sem sé eins konar ákærupóstur til landsmanna og ákúrur til þeirra. Þar er sem sé sagt, sem og mun satt vera, að stjórnin sé engu nær en verið hefir um samninga þá, sem hún hefir átt í að undanförnu við stórveldi norðurálfunnar um fiskiveiðarnar hèr við land, og enn fremur er látið í veðri vaka, að það sé að kenna of hörðum og ósanngjörnum kvörtunum landsmanna um yfirgang og gripdeildir útlendra fiskimanna hèr við land, að samninga tilraunir þessar hafa eigi heppnazt. Eg vil nú spyrja nefndina að, hvað hún hafi fyrir sèr í þessu efni; eða hvort heldur það eru þær bænarskrár og umkvartanir, sem komið hafa til þessa þings að undanförnu, er þessu hafa verið ollandi, eða eru það aðrar umkvartanir, sem stjórninni hafa verið sendar sèrstaklega? Mèr er nú að vísu ekki kunnugt um þær umkvartanir, sem sendar kunna að hafa verið beinlínis til stjórnarinnar frá einstöku mönnum hèr að lútandi, en eg verð að segja það, að bænarskrár þær, sem komið hafa til þessa þings og sem lotið hafa að yfirgangi útlendra fiskimanna, hafa alls eigi verið svo harðar í orðum sínum að slíkt sé til greina takandi. Það er sem sé rètt og í eðli sínu, að hver og einn lýsi hlutnum sem lýst er með sínum rètta lit, eða með öðrum orðum, að landsmenn segi söguna eins og hún er um gripdeildir og yfirgang útlendra fiskimanna. Mèr finnst því að þessar ákúrur nefndarinnar séu með öllu ástæðulausar. Nefndin hefir enn fremur í álitsskjali sínu gefið landsmönnum þá bendingu, að þeir verði að reyna til að handsama þessa útlendu fiskimenn, þegar þeir sýna af sèr ójöfnuð og draga þá fyrir lög og

dóm, eða fyrir hinn frakkneska herskipsforingja hèr við land, en eg held að þessi ráðlegging nefndarinnar komi landsmönnum að litlu haldi; því eins og kunnugt er, er það sjaldnast, að gripdeildarmennirnir sèu staðnir að verki, hitt mun tíðar, að þeir leiti sèr lags að ráðast á eignir landsmanna, þegar enginn sèr til eða getur orðið var við það; og þó nú svo væri, að mönnum heppnaðist í einu tilfelli af 10 eða 20 að ná í ofríkismennina, þá er ekki í annað hús að venda að ná rètti sínum á þeim fyrir það; því hvað frakkneska herforingjann snertir, þá mun það optast, að hann haldi til á skipi sínu hèr suður í Reykjavík og yrði ærið erfitt að leita hans þangað norðan af Langanesi eða Langanesströndum, og að ná til hlutaðeigandi lögreglustjóra er eigi heldur altjènd auðvelt eptir því sem til hagar hèr á landi. Eg vil líka spyrja nefndina að, hvort hún áliti landsmönnum óhætt, þegar svo á stendur, að útlendur maður er staðinn að verki, annaðhvort að stela kind eður öðrum óverknaði, að taka þann hinn sama fastan og í hald án heimildar frá lögreglustjóranum. Eg fyrir mitt leyti verð að álíta að það sè ekki óhætt. Hèr verða því eigi önnur úrræðin fyrir þeim sem órèttinn líða, en að snúa sèr til alþingis með umkvartanir sínar, og er það aldeilis í eðli sínu, þar sem þingið verður að álítast milligöngumaður milli landsmanna og stjórnarinnar, og þó að nefndin láti svo í veðri vaka, að umkvartanir landsmanna í þessu efni sèu jafnaðarlega svo ófullkomnar, að þær skorti allt sönnunargildi, þá ímynda eg mèr, að þingið og stjórnin hljóti að vera sannfært um, að umkvartanirnar sèu engu að síður á rökum byggðar; og sè nú stjórnin sannfærð um þetta, þá ímynda eg mèr, að henni muni ekki veita örðugt að sannfæra stjórnir stórveldanna um hið sama. Eg verð því að taka það upp aptur, að eg held, að ákúrur og gersakir nefndarinnar til landsmanna sèu á alls engu byggðar, eins og að ráðleggingar hennar og tillögur í nefndarálitinu eru með öllu *ópraktiskar*, og geta þess vegna ekki komið landsmönnum að nokkru haldi.

Framsögumaður: Það hefir aldrei verið meining nefndarinnar, að umkvartanir landsmanna væru *ósannar*, heldur að þær væru *ósannaðar*, enda hefir hún aldrei sagt slíkt. En nefndin hefir sagt, að þær hafi staðið í vegi fyrir samningum Danastjórnar við stjórnirnar á Frakklandi og Englandi. Eg get reyndar ekki fært neitt sèrstakt dæmi til þessa, en það sýnir sig sjálft, með því að eptir allar þessar tilraunir öll þessi ár, er ekki komið svo mikið sem

mót á um neina samninga. Það eru ekki svo mörg ár síðan að hèr var sá yfirforingi yfir herskipum Frakka hèr við land, er brást reiður við, ef menn komu með þess konar umkvartanir án þess sannanir fylgdu, og taldi allar slíkar umkvartanir ástæðulausar; þegar þess konar menn eiga að ganga á milli stjórnenda og koma miðlun á í slíkum málum, getur ekki hjá því farið, að þeir spilli framgangi þeirra. Hinn heiðraði þingmaður Suður-Þingeyinga tók það fram, að ekki væri hægt að ná í yfirforingjann franska; þetta er að vísu opt og tíðum satt; en þó er það líka alltítt, að hann kemur á Austfjörðu, og dvelur þar að mun. En mönnum er þó allt af innan handar að ná til síns eigin yfirvalds, en þó var þingmaður Suður-Þingeyinga að tala um, hvað langt það væri stundum og örðugt að ná til sýslumanna. Já, já! Þarna kemur fram hið gamla vöggumein vort, að vèr nennum ekki að hafa neitt fyrir til þess að ná rètti vorum, og oss vex það í augum, ef vèr þurfum að fara yfir bæjarlæk eða dálítinn vegarspöl til þess. Það er þessi blessuð hægð, sem oss er umfram allt hugarhaldið um að varðveita, þó vèr þar fyrir eigum að missa rèttar vors, en fyrst svo er, þá er það í alla staði maklegt og verðskuldað, að vèr höfum þenna yfirgang eins og annað hundsbit, eins og líka verður á meðan ekkert er að gjört til að ráða bót á því, sem skortir, af vorri hálfu.

Arnljótur Ólafsson: Hinn háttvirti framsögumaður hefir nú reyndar svarað þingmanni Suður-Þingeyinga, en eg vil þó taka það enn skýrar fram, að nefndin hefir einungis sagt, að sèr væri kunnugt, að sú skoðun ætti sèr stað, að ósannaðar umkvartanir landsmanna hafi verið samningum þessum til hindrunar. Að hörð orð hafi stundum verið viðhöfð af vorri hálfu mun enginn vilja nè geta neitað, og þeir af oss, er hèr hafa setið undanfarin ár mega muna, að þau komu fyrir í málinu um ránið í Vigur. Það er nú sjálfsagt, að enginn efast um, að ránið hafi verið framið, en það koma engar sannanir fram fyrir því, að það væri rèttilega borið upp á Frakka. Það er öldungis rètt, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að mál þetta er svo vaxið, að hinar sömu sannanir þarf á móti útlendum sem innlendum, þegar um gripdeildir ræðir, því vèr getum ekki skipað stjórninni að koma með sannanir fyrir oss. Eg vil biðja hinn heiðraða þingmann Suður-Þingeyinga að lesa í stjórnarmálatíðindunum um uppboðið á frakknesku fiskiskipi í Múlasýslu, sem þar hafði strandað; þar mun hann geta sèð, að

dómsmálastjórnin hefir gjört sèr far um að reyna til að bera í bætifláka fyrir landsmenn fyrir sakargiptir þær, sem Frakkastjórn bar þeim á brýn. Þegar menn gæta betur að, hljóta menn að sjá, að ekki er mögulegt að fá neinu framgengt í þessu efni, án þess að koma með sannanir; það er þó auðvitað, að ekki er hægra fyrir dómsmálastjórnina í Danmörku að útvega sannanir en fyrir dómstólana hèr. Eg hefi sjálfur heyrt þá skoðun látna í ljósi, er nefndarálitið getur um, en af því það var af einstökum mönnum vil eg ekki nafngreina þá hèr. Mèr finnst og hverjum geti að skilja, að hin miklu og hörðu en ósönnuðu orð, sem Íslendingar hafa viðhaft um gripdeildir Frakka, hafi ekki gjört annað en setja kalt blóð í stjórn Frakka. Því verður ekki neitað, að komið hafa þau orð fyrir í bænarskrám til þingsins um þá menn, er gjörðir eru að kalla má út af stjórn Frakklands, sem naumast munu ósaknæm eptir sakalögunum.

Ef að bendingar þær, sem nefndin hefir gefið landsmönnum, eru ópraktiskar, svo sem hinn sami þingmaður sagði, þá held eg að enn ópraktiskara sè, að kasta öllu upp á stjórnina, og segja henni að sanna allt, svo sem mèr heyrðist hann vilja. Það er auðvitað, að öllum Íslendingum tekur sárt til yfirgangs þessa, en þegar ræða skal um hvern praktiskan veg skuli fara til þess, að jafna mál þetta, getur nefndin ekki gefið landsmönnum betra ráð, en að þeir reyni til að færa sönnur á umkvartanir sínar, og að vèr biðjum Danastjórn að vernda oss á þann hátt, sem hún getur, en ekki á þann hátt, sem henni er ómögulegt. Eg ber engan kinnroða fyrir það, þótt eg segi löndum mínum í nefndaráliti þessu, að ekki dugi að kvarta einungis, og biðja dómsmálastjórnina að sanna það, sem vèr getum ekki sjálfir sannað. Eg held og, að þegar nú þingið er svo hörundsárt fyrir að *dependera* af Dönum, þá ættum vèr ekki að fýsast til, að dependera af þeim í málum, sem vèr ekki þurfum, heldur getum og eigum vèr að fara með til yfirvalda vorra hèr á landi; vèr getum þó beðið þau að leita að þjófum og ræningjum. Það var ekki meining nefndarinnar, að draga skyldi hvern og einn fyrir yfirvöldin, heldur að menn ættu að reyna að komast eptir hverjir framið hefði verkið eður glæpinn. Eg vil að endingu taka eitt dæmi þess, hversu ókunnugir vèr höfum verið og kann ske erum enn um höfunda gripdeildanna, að í bænarskrá þeirri, er nú *kom* úr Norður-Þingeyjarsýslu er sagt, að Englendingar sèu nú verstir til spellvirkja, en áður hafa Frakkar verið taldir það hèr.

Þetta sýnir að mínu áliti, að þingið getur ekki byggt alveg á þess konar umkvörtunum og því síður dómsmálastjórnin, því fyrir næsta þing gæti komið bænarskrá, er kenndi enn annari þjóð um allan óskunda. Þetta segi eg eigi til að rengja bænarskrána, því eg held, að hún muni vera nákvæmari en hinar fyrri; en hver breyting á skoðun landsmanna í þessu efni bendir til ókunnugleika manna á höfundum gripdeildanna. Mèr finnst að vèr megum hvorki í þessu máli nè öðru kasta allri áhyggju vorri upp á Danastjórn, án þess að gjöra það sem í voru valdi stendur.

Sveinn Nielsson: Eg stend upp til þess að styðja nefndarálitið, bæði af því að það ræður til þess sem er samkvæmt sannfæringu minni, og fer því á flot, sem reynandi er; vèr Snæfellingar finnum til þess, ekki síður en margir aðrir landa vorra, hvaða tjón og bjargarbann þessir útlendu fiskmenn gjöra; þeir eru nú farnir að koma ár eptir ár fyrri og fyrri og eins og sitja um fiskinn undir eins og hann fer að leita til fiskimiðanna, rètt eins og það væri einhver sem minnti þá á fiskigöngurnar hèr hjá oss. Eg fellst á 1. tölulið; eg vil að stjórnin þreytist ekki í að fara viturlegan, alvarlegan og hógværan bónarveg til stórveldanna, þá vona eg að henni að lokunum muni vinnast að fá oss holla bænheyrslu; stjórnin mun og bezt sjá, hvaða veg henni er hentast að fara. Eg ætla ekki að tala um óskunda þann, er þessir útlendingar kunna að gjöra, eg man ekki heldur til, að sýslubúar mínir hafi kvartað yfir því; en þeir hafa fulla orsök til að kvarta yfir því, hvernig þeir taka fiskinn út úr höndunum á þeim. Eg furða mig á því, að annar tölul. einungis skuli tala um Faxaflóa, eg vil því stinga upp á því að beðið verði um að Breiðafirði verði veitt hin sama von sem Faxaflóa. Hvað tímann snertir, þá er það sjálfsagt betra en ekkert, að hin útlendu fiskiskip ekki mega fara inn á Faxaflóa til að fiska fyrr en 12. maí; en betra hefði mèr þótt, að þetta hefði ekki mátt vera fyrr en 24. júní. Eg tek mèr því breytingaratkvæði í þá átt, að þessi tími verði lengdur til 24. júní og sú tíma ákvörðun gildi bæði fyrir Faxa- og Breiðaflóa.

Pètur Pètursson: Eg skal lýsa því yfir, að eg er samdóma nefndinni í því, að það sè nauðsynlegt fyrir landsmenn að færa sönnur á það, þegar þeir þykjast verða fyrir óskunda; reynslan hefir og sýnt þetta fyrir austan, því þegar nægar sannanir hafa komið fram, þá hafa yfirmennirnir á frakknesku herskipunum bætt

úr því sem órètt var gjört. Nefndin hefi sagt, að til þess að fá nægar sannanir fram, væri það einka ráðið, að ná afbrotamönnunum og leiða þá fyrir hlutaðeigandi yfirvald. Eg er þeim samdóma, sem álíta þetta ópraktiskt ráð, það gæti og leitt til manndrápa og annara skyldra glæpa, því þessir ósiðuðu menn svífast einskis ef í það fer. Eg hygg það sè betra, að minnsta kosti hvað hin frakknesku skip snertir, að reyna að fá nafn og númer skipsins að vita, því öll þessi skip ern merkt með tölum; nái menn bæði nafni og númeri skipsins, þá er eg sannfærður um, að yfirmaðurinn á hinu frakkneska herskipi, álitur þetta næga sönnun. Mèr finnst nefndin hafa komizt að skynsamlegri og hóflegri niðurstöðu, sem er sú einasta, sem hefir árangur. Eg er því í þessu tilliti samdóma nefndinni, en álít það vera óvarlegt að hvetja menn til að fara í handalögmál við þessa útlendinga, sem vansèð er að menn hèr geti staðið á móti. Fari ránið fram í óbyggðum, þá komast ekki sannanir að.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg verð að svara framsögumanni og þingmanni Borgfirðinga, því að eg álasaði ekki nefndinni fyrir annað en það, að mèr fannst hún gefa landsmönnum ástæðulausar og of harðar ákúrur fyrir þær umkvartanir, sem einatt hafa komið til þessa þings, um gripdeildir og yfirgang útlendra fiskimanna, en hitt hefi eg látið óumtalað, að hún eigi hefir fundið eða bent á neitt verulegt ráð til að fá þessum óskunda afstýrt. Eg skal játa það, að ekki sèu má ske altjend fullgildar sannanir færðar fyrir slíkum umkvörtunum; það er að skilja þær sannanir, sem hafi fullt sönnunar gildi, svo að dæma mætti eptir þeim þessa óróaseggi, til sekta og skaðabóta eptir landslögum; en engu að síður ætla eg að þingið muni vera sannfært um, að kærur þessar sèu á rökum byggðar. Þar sem þingmaður Borgfirðinga vitnar til umkvartananna sem hèr komu fram í hitt hið fyrra um ránið í Vigur, að óhæfilega hörð orð hefðu staðið í bænarskrá prestsins frá Stafafelli í Lóni; það kann nú vel að vera að svo hafi verið, og get eg ekki svarað öðru þar til en því, að þessi orð voru ekki harðari en þau, sem þingmaðurinn sjálfur og aðrir fleiri brúka hèr dags daglega á þingi. Framsögumaður og þingmaður Borgfirðinga svöruðu eigi þeirri áskorun minni, að þeir lèti uppi fyrir þinginu, á hverju nefndin byggði þá skoðun eða ímyndun sína, að þessar bænarskrár og umkvartanir landsmanna mundu vera því til fyrirstöðu, að samningar kæmust á milli Danastjórnar og stórveldanna; og fyrst þeir

ekki gjörðu það, var betra fyrir þá, að láta vera að gefa landsmönnum þessar ákúrur og sem eg verð að álíta alveg ástæðulausar. Eg tók það áðan fram, að eg efaðist um, að menn hefði rètt á að taka útlenda menn fasta og hafa þá í varðhaldi, þó þeir hnupli einhverju smáræði, svo sem rekaspítu eða kind, án þess að hafa fyrir því heimild lögreglustjórans, sem hlut á að máli; og eg skal bæta því við, að það mun optast vera mjög hæpið, að menn geti komizt að nafni og númeri skipsins, sem sá, er óskundann gjörði, á heima á, því ýmist sigla þessir óbótamenn á haf út þegar þeir verða þess varir, að þeir eru orðnir uppvísir að einhverjum óverknaði, eða þeir fela nafn og númer skipsins með einhverjum ráðum t. a. m. með því að breiða fyrir apturstafn skipsins þegar svo á stendur fyrir þeim, og þess vegna verður það svo harla sjaldgæft, að landsmenn geti fengið nægar eða fullgildar sannanir gegn þeim. Hinn 1. konungkjörni þingmaðnr gat þess, að menn í þessu tilliti hefðu verið heppnari fyrir austan með því að mönnum þar hefði heppnazt að ná skaðabótum fyrir gripdeildir útlendra fiskimanna. Eg skal gefa hinum háttvirta þingmanni upplýsingu hèr að lútandi, að það var ekki lögreglustjórinn sem hlut atti að máli, heldur hinir katólsku prestar er þá áttu heima á austurlandi sem náðu bótunum handa landsmönnum, en nú eru þessir góðfrægu klerkar komnir hingað til Reykjavíkur, svo þeirra nýtur nú eigi lengur við þar eystra, til að rètta hluta landsmanna á þessum stöðum.

Ólafur Sigurðsson: Það gekk næstum yfir mig, að hin heiðraða nefnd ekki tók meira tillit til bænarskrárinnar úr Norður-Þingeyjarsýslu, en hún gjörði, því eg held það sè þó komin full raun á, að Englendingar sèu orðnir fullt eins nærgöngulir og Frakkar einkum við norðurland; að minnsta kosti veit eg til, að þeir um mitt sumar, þegar aflinn er sem beztur, hafa farið inn á Skagafjörð, ekki einasta utarlega, heldur opt og tíðum inn fyrir Drangey, og fiskað þar til mikils tjóns fyrir landsmenn, en um óeirðir þeirra eða gripdeildir hefi eg ekki heyrt getið til muna; það er þó held eg almennt álitið, að franska herskipið gjöri nokkuð gagn í því að afstýra ágangi hinna frakknesku fiskimanna, þó það liggi stundum nokkuð lengi hèr á höfnunum. Eins verð eg að álíta mikið unnið, ef menn einnig í þessu tilliti fengju enskt herskip til að afstýra yfirgangi enskra sjómanna. Í þessa átt vildi eg því taka mèr breytingaratkvæði við 1. uppástungu nefndarinnar.

En af því mèr finnst það nokkuð leiðinlegt, að hver þingmaður fari að taka sèr breytingaratkvæði um sinn fjörð, eins og þingmaður Snæfellinga gjörði, þá vildi eg taka mèr það breytingaratkvæði, að 2. tölul. næði yfir alla firði landsins.

Arnljótur Ólafsson: Það er að vísu satt, sem þingmaður Skagfirðinga sagði, að nefndin gjörði ekki neina sèrstaka uppástungu út af bænarskránni frá Norður-Þingeyjarsýslu, en það kom til af því, að hún ekki vissi, hve mikla yfirumsjón yfirforinginn á frakkneska herskipinu hefði yfir þessum fiskimönnum, að þeir færi eigi út fyrir takmörk hins almenna fiskirèttar. Þingmaður Suður-Þingeyinga hefir ekki lesið rètt nefndarálitið, því nefndin segist einungis vita til þess, að *sú skoðun sè til,* að of strangar kröfur og ósannaðar sakargiptir landsmanna hefði tálmað samningunum; en nefndin talar eigi um, að þessi skoðun sè hennar eigin skoðun. Þingmaðurinn er þó svo skilningsgóður, að hann veit, að þess konar hörð orð og of strangar kröfur yfir höfuð hljóta að skemma meir fyrir oss en bæta, þegar vèr erum að reyna að fá hjá stórveldum þessum undantekningu frá hinum almenna þjóðarètti. Þegar vèr förum að biðja Frakka og Englendinga að sýna oss sèrlega velvild og gjöra fyrir oss undantekningar frá almennum þjóðarètti um fiskhelgina, þá mun þó þingmaðurinn skilja, að eigi muni nein málsbót í því að vèr bætum við þessum orðum: «en þú ert þjófur og ræningi, steldu nú eigi frá mèr, rændu mig nú eigi!»; það væri þó hið sama sem að leita vináttuu eins og trúnaðar, en segja þó jafnan: «en svíktu mig ekki!«

Jón Sigurðsson: Mèr fannst þingmaður Borgfirðinga ekki komast heppilega frá þessu, er hann nú sagði. Eg veit ekki til, að Íslendingar hafi sett fram í umkvörtunarformi eða brúkað orð um það, að útlendir fiskimenn hafa gjörzt of nærgöngulir fiskhelgi landsins. Hefði svo verið, var dálitil ástæða til að ímynda sèr, að erlendar stjórnir tækju ser það til, ef Íslendingar heimtuðu með of hörðum orðum meiri rètt en almennt er heimtaður. En þegar rán og gripdeildir fara fram, hjá hverjum sem er, eða hvort það er vesæll eða voldugur sem í hlut á, þá get eg ekki skilið í því, að nokkur sanngjörn og rèttlát stjórn, taki sèr það til, eða geti reiðzt því, þó satt sè frá öllu sagt, bóta krafizt eður jafnaðar; og að það geti ekki spillt fyrir, að samningar þeir, er hèr ræðir um, komist á.

Sveinn Nielsson: Það var eins og þingmanni Skagfirðinga

líkaði ekki við viðauka-atkvæði mitt um Breiðaflóa, en það kemur líklega til af því, að hann er ókunnugur vestra, og veit ekki hvað margar verstöður liggja að Breiðafirði. Verstöðurnar undir Jökli eru svo nafnkenndar frá eldri tímum og hafa svo mikið orð á sèr bæði að fornu og nýju, og eru enn svo fjölsóttar, að þær mega vera Íslendingum alkunnar. En samt sem áður þótti honum uppástungan góð, því hann notaði hana einnig fyrir Skagafjörð; þeir sem til þekkja, vita að sjór er miklu meir sóttur á ýmsum ársins tímum á Breiðafirði, og þar að auki ber þess að gæta, að á Skagafirði er sjór mest sóttur á sumrin.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari undirbúningsumræðu lokið.

Dagskrá er þá á enda nú í dag, og mun eg ákveða fund til á morgun kl. 12, og birta á dagskrá, hvert mál þá verði til umræðu. Fundi slitið.

---

24. fundur. — 6. ágúst.

Allir á fundi, nema þingmaður Árnesinga, er hafði tilkynnt forseta forföll sín.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur nú til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um konunglegt frumvarp til tilskipunar um hundahald á Íslandi; framsögumaður er hinn 2. konungkjörni þingmaður, og er það á hans valdi, hvort hann vill taka til máls.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 347—356).

Framsögumaður (Jón Hjaltalín): Það er því síður ástæða fyrir mig að fara mörgum orðum um mál þetta núna, sem eg við undirbúningsumræðuna skýrði frá grundvallarreglu þeirri, sem nefndin gekk út frá, þegar hún gjörði breytingar sínar við frumvarpið. Eg verð að tjá hinum heiðruðu þingmönnum þakkir fyrir, hversu vel þeir hafa tekið uppástungu minni um lækningarnar, því eg held, að frumvarpið nái miklu betur tilgangi sínum, ef þeim er bætt við. Að þorri þingmanna er þessu meðmæltur, má sjá af því, að margir lètu það í ljósi við undirbúningsumræðuna, og svo af breyt-

ingaratkvæðum og viðauka-atkvæðum þeim, sem á atkvæðaskránni standa; því þau annaðhvort miða til að sameina frumvarpið og uppástungu nefndarinnar, eða það eru orðabreytingar, sem víða kunna að fara betur. Eg ætla þess vegna ekki að fara að tala um atkvæðaskrá þessa, en einungis óska, að stefna sú sem hefir lýst sèr hjá þingmönnum í máli þessu, megi haldast við, og að þeir geti uppástungum nefndarinnar, með breytingum þeim sem til betra eru atkvæði sitt.

Torfi Einarsson: Hinn háttvirti framsögumaður leiddi við undirbúningsumræðuna ljós rök að því, að eigi mundi tilgangi frumvarpsins verða framgengt, þó fækkað yrði hundunum, því að í þeim sem eptir lifðu mundi verða nóg útsæðisefni til að sýkja tvöfalt fleira fólk en er hèr á landi, og yrði það þá 12falt við það sem nú er, ef menn telja að 6. hver maður sè sullaveikur, og er því eiginlega ekki framar um stjórnarfrumvarpið að ræða. Þá kemur að tala um uppástungur nefndarinnar um lækningar, og er það þá einkum 3. grein, þar segir, að alla hunda skuli lækna með kamala. Það hafa nú ræður margra lotið að því, að hægt mundi vera að koma þessu í verk, en þó hefi eg nú heyrt merkan mann segja hèr, og það jafnvel eptir landlækninum sjálfum, að kamala það sem hèr væri nú, mundi ekki óyggjandi. Ef nú meðal þetta getur skemmzt svo við elli, að það ekki dugi, þá er varúðarvert að lögbjóða það eitt til að lækna með, og var það tekið fram þegar við undirbúningsumræðuna, að ekki væri gott að binda sig við eitt meðal, ef annað betra kynni bráðum að finnast. Ef nú væri t. d. læknað með mjólk og kamala og það kæmi upp úr kafinu, að mjólkin væri svo næringarmikil, að hún upphefði verkanir duptsins og ormarnir döfnuðu vel af henni, þá mundi fljótt koma bænarskrá um breytingu á þessu, ef eitthvað annað væri orðið viðurkennt betra, og hver veit nema bændur yrðu líka sjálfir búnir að finna eitthvert betra meðal, eins og við fjárkláðann, og þá mundi nú verða hlè á lækningunum. Það er kunnugt, að þegar ritgjörð Krabbes kom upp í sveitir, lögðu margir trúnað á hana, og vildu þegar fara að lækna, en aðrir álitu það öfgar einar, og enda gjörðu sumir jafnvel spott að því. Eg er hræddur um, að þegar hreppstjórar og bændur eiga að fara að skipa öðrum bændum, sem þykjast þeim jafnvitrir, að lækna, að þá muni geta af því leitt spenning og ósamlyndi í sveitunum; eg held við höfum þess ljóst dæmi í kláðamálinu. Það hefir nokkrum sinnum verið skipt um reglu í því,

og nú erum við komnir þetta sem allir vita eptir 11 ár. Ef eg vildi bjarga máli þessu við, mundi eg hallast að sumum breytingaratkvæðunum við frumvarpið og sumum við nefndina. En eg vil fyrst um sinn fresta málinu, og geta þá þeir sem vilja í sveitunum gjört lækningatilraunir, því eg veit, að landlæknir vor er svo góðfús, að hann mundi gefa mönnum leiðbeining um aðferðina í blöðunum. Eg vil öldungis ekki hafa mál þetta í fíflskaparmálum, en eg vil fresta því af því eg er hræddur um að það gjöri spenning í sveitunum, og verð eg því að gefa atkvæði móti því í þetta skipti.

Framsögumaður: Hinn virðulegi þingmaður Strandasýslu vill fresta máli þessu, en það þykir mèr ótiltækilegt, þar sem það er komið frá stjórninni í bezta tilgangi, og allir játa, að þess sè þörf, og þó því yrði nú ekki þegar í upphafi komið í hið fullkomnasta lag, verða menn að muna eptir spakmælinu gamla. «Róm var ekki byggð á einum degi». Ef málinu er frestað nú, er ekki sagt, hvenær það kemur aptur fyrir. Menn verða að gjöra byrjunina til þess að geta vonazt eptir framförum. Eg hef aldrei sagt, að kamala væri einasta meðalið, þvert á móti, það eru 10 meðöl, sem talin eru eitur fyrir bandorma, en þetta hefir haft mesta tiltrú, því það hefir frá fornöld verið brúkað á Indlandi, og er þaðan komið til Europu. Eitt ormdrepandi meðal vex líka hèr á Íslandi, og gæti reyndar sýnt hvort það dugir, þess vegna felli eg mig vel við 18. tölulið á atkvæðaskránni, og gjöri mig vel ánægðan, ef hann verður samþykktur. Eg kæri mig ekkert um að taka kamala fram, því það getur verið ófáanlegt, og jafnan hætt við að svo gott meðal sè forfalskað. Eg sá í fyrra á meðalaskrá frá Leipzig, að kamala fèkkst ekki á apothekum á Þýzkalandi því svo mikið hafði verið af því brúkað, en skort á því held eg mætti fyrirbyggja með því að setja sig í samband við Englendinga til að fá það beinlínis frá Indlandi. Eg vil sem sagt helzt kjósa tölulið 18. Þingmaður Strandasýslu hèlt, að þetta mundi valda spenningi og óánægju í sveitum uppi, en því trúi eg ekki. Þegar menn sjá, að sullirnir fara að minnka í kindunum, munu menn fljótt aðhyllast þetta, og þegar almenningur einu sinni hefir tekið það að sèr, þá gengur það fram; menn hafa sèð, að niðurskurður á fènu fèkk framgang, af því það var almennings vilji, og mundi það þó ekki í öðrum löndum hafa þótt trúlegt, og eins vona eg að vèr getum komið

fram þessum niðurskurði á bandormunum. Eg vona þess vegna, að þingið láti sig ekki leiða til að skjóta máli þessu á frest?

Konungsfulltrúi: Þegar eg við undirbúningsumræðuna tók það fram, að uppástunga hinnar heiðruðu nefndar færi í aðra stefnu en frumvarpið, og að mèr líkaði þetta betur, af því mèr þótti það *praktikabelt*, en ógjörningur að framkvæma til hlítar lækningameðferð þá, sem nefndin hafði stungið upp á, þá var ekki komin fram þessi tilraun frá hinum háttvirtu þingmönnum, hinum 4. og 5. konungkjörna, þingmanni Vestmanna-eyja og nokkrum öðrum þingmönnum, sem nú liggur fyrir á atkvæðaskránni, til þess að sameina frumvarpið við uppástungu nefndarinnar. Hèr með virðist mèr nú vera gjörð veruleg breyting á stöðu málsins, og eg skal því fara nokkrum orðum um það. Allir eru samdóma í því, að fækkun hundanna hèr á landi er nauðsynleg, og frumvarpið framfylgir þessu á þann hátt, sem mèr virðist líklegri að árangrinum til og frjálslegri en uppástunga nefndarinnar um það að fækka hundunum með niðurskurði. Ef frumvarpið verður lögleitt, þá verða sjálfsagt — eins og einnig segir í nefndarálitinu — svo margir hundar eptir í landi, að fjarska mikið sjúkdómsefni frá þeim getur útbreiðzt til manna; og eg játa það, að ef menn gætu læknað alla hunda í landinu svo, að öllu sjúkdómsefni yrði alveg útrýmt, þá er það auðsætt, að menn ættu að velja þann veg, — en það má ekki gleymast, að þegar menn hafa gefið hundum kamala inn, geta máske bandormarnir, sem eru í þeim, drepizt, en að líkindum geta hundarnir strax aptur á ný fengið í sig sulla, og einmitt á þann hátt orðið eins skaðlegir og áður, eða, ef til vill, skaðlegri, af því að menn þá má ske ekki við hafa hina sömu gætni viðvíkjandi þeim eins og áður. En hvað um það, ef þingið samþykkir breytingaratkvæði þau, sem geta samrýmzt grundvallarreglu frumvarpsins, og ef þingið þar hjá álítur, að æskilegt sè að bæta við frumvarpið ákvörðunum um lækningameðferð á hundum, og að þetta ekki hafi í för með sèr ofmikil praktisk vandkvæði, þá vil eg fyrir mitt leyti, þó eg að vísu ekki hafi mikið traust til þessarar lækningameðferðar, ekki vera mótmæltur breytingaratkvæðum þeim, sem fara í þá stefnu að sameina lækningaaðferð þá, sem nefndin hefir stungið upp á, við frumvarpið.

Með tilliti til nokkurra athugasemda, sem við undirbúningsumræðuna komu fram, — eg held frá varaþingmanni Barðstrendinga —, að hann gæti ekki annað en álitið mótbárur þær, sem eg

og nokkrir þingmenn hreifðu gegn uppástungum nefndarinnar, — að þær væru ópraktiskar —, alveg ástæðulausar, því hann hefði það traust til yfirvalda vorra, að þau gæti framkvæmt öll lög landsins —, skal eg geta þess, að jafnvel þó eg hafi mikið traust til yfirvalda landsins, get eg þó ekki neitað því, að mikið í þessu efni er komið undir því, hvernig lögin eru úr garði gjörð af hendi löggjafarvaldsins. En til þess, að þau verði svo vel úr garði gjörð sem unnt er, er það nauðsynlegt, að löggjafarvaldið ekki ákveði önnur lög en þau, sem unnt er að framkvæma. Hinn sami þingmaður reyndi til — ef eg man rètt — að gjöra frumvarpið óvinsælt með því að setja það í nokkurs konar samband við hundaskattalög, sem ríkisdagurinn danski hefir haft til meðferðar þetta ár, — eg skil nú reyndar ekki, hverja þýðingu bending þessi ætti að hafa, — en eg skal taka það fram, að þar sem undirbúningur þessa frumvarps byrjaði veturinn 1864—65, — því ráðherrabrèfið til amtmanna hèr á landi, sem skýrskotað er til í ástæðunum, er dagsett 10. marz 1865, — þá er ekki líklegt, að undirbúningur hins danska lagafrumvarps hafi haft áhrif á frumvarpið fyrir Ísland, því í Danmörku brúka menn ekki venjulega svo langan tíma til þvílíkra frumvarpa; — að öðru leyti er þessi mótbára eða þessi bending frá hinum háttvirta þingmanni málinu alveg óviðkomandi.

Framsögumaður: Viðvíkjandi því, er hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, þá er það satt, að ekki stoðar að lækna hundana, ef ekki er þess gætt að grafa sullina eða brenna þá, því annars geta hundarnir fengið sullina aptur. En sullirnir fækka eptir því sem hundarnir læknast, það er af öllum viðurkennt; þess vegna hefir nefndin tekið til 5 ára tímabil, því að því liðnu verða flestar þær kindur sem nú eru uppi dauðar, en þær eru einmitt hinn hættulegasti sullastofn. Mèr finnst bæði hinn hæstvirti konungsfulltrúi og margir fleiri þingmenn gjöra allt of mikið úr örðugleikum þeim, sem á þessu sèu; eg vil biðja menn að gæta að, að það er þó mun lèttara að grafa eða brenna sulli úr 30—40 kindum, sem vanalega er slátrað á heimili, heldur en að baða úr keitu hálfa millíón fjár og jafnvel föt manna eins og fyrir norðan um árið. En það er satt, að «svo eru lög sem hafa tog». Það hefir hingað til ekki þótt hægðarleikur að framfylgja lögum öldungis eptir bókstafnum, og svo mundi einnig verða um þessi. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi áleit, að nefndin hefði farið í aðra stefnu en frumvarpið, en því er ekki svo varið; nefndin hefir einungis bætt lækningun-

um við til þess að fá tilgangi frumvarpsins framgengt, og þó sýndist nefndinni ísjárvert að leggja þungan skatt á hundana; stjórnin hefir annaðhvort ekki hugsað um lækningarnar eða haldið, að þeim mundi ekki verða framgengt, og ætlar því að ná hinu sama með því að fækka hundunum, nefndin vill nú einnig fækka hundunum og líka bandormunum í þeim sem eptir verða, og kemur því nefndinni saman við frumvarpið í öllum aðalatriðum. Eg segi fyrir mig, og eg held, að mínir heiðruðu meðnefndarmenn séu á sama máli, að vilji þingið fallast á skattinn og teiknin, þá hef eg ekkert á móti því. Setjum nú, að stjórnarfrumvarpið yrði gjört að lögum, þá held eg árangurinn yrði svo lítill af fækkuninni, að beðið mundi verða fljótt um breyting, einkum þar eð stjórnarfrumvarpið hefir talsvert ómak og útgjöld í för með sèr. Prófessor Steenstrup hefir sagt, að ekki þyrfti að búast við árangri fyrr en eptir einn manns aldur, en eg vil stíga feti lengra, og segja, að ekki muni mikill árangur verða eptir tvo manns aldra. Ef stjórnin nú ekki skyldi geta fallizt á uppástungu nefndarinnar, sendir hún málið til heilbrigðisráðsins, og það mun sjá, að það sem nefndin fer fram á er það sem í læknamálinu kallast «radicalt», og þá vinnur uppstunga nefndarinnar sigur; það hlýtur að segja, að mögulegt sè að koma þessu fram, og þá er spilið unnið, og vèr munum sjá árangur eptir 10 ár. Skyldi þingið vilja fallast á ýmsar greinir frumvarpsins, sem nefndin hefir leitt hjá sèr, þá hefir hún ekkert á móti því, einungis að lækningarnar og það að grafa skuli sullina eða brenna verði gjört að lögum. Þetta verður sjálfsagt ófullkomið í fyrstunni, en eg vona, að þegar þingmenn sjá, að þetta er í góðu skyni gjört, þá sè málinu borgið.

Stefán Eiríksson: Eg var á því um daginn við undirbúningsumræðuna, og eg hefi enn ekki getað af þessum miklu umræðum fengið þá skoðun, að þetta geti undir núverandi kringumstæðum komið að nokkurum notum. Tilgangur stjórnarfrumvarpsins og þessa máls yfir höfuð er sá að útrýma sullaveikinni. En þegar menn nú skoða frumvarp stjórnarinnar og ákvarðanir þess, þá sýnist það ekki geta náð tilgangi sínum með því móti að leggja skatt á hundana; sullirnir minnka ekki fyrir skatta-álögunni. Þegar eg nú skoða nefndarálitið, verð eg einnig að segja hið sama um það. Eg verð að vera á því, eins og við undirbúningsumræðuna að mál þetta sè óheppilega komið hèr inn á þing, því hvorki frumvarpið eða nefndarálitið nær þeim tilætluðu notum, sem sè að útrýma sulla-

veikinni. Það er nú sjálfsagt, að nefndin vill bæta úr göllum frumvarpsins með því, að framkvæmdar verði lækningatilraunir, en eg verð að játa það, að eg hefi ekki mikla trú á lækningunum eptir því, hvernig okkur hefir gengið að lækna fènaðinn. Eg er að vísu ekki fær um, að dæma um, hvort sullaveikin kemur beinlínis frá hundunum, en eptir því sem eg af minni litlu lífsreynslu hefi tekið eptir, þá hygg eg, að sullaveikin hèr á landi, komi ekki síður af illum aðbúnaði bæði með matarnautn, og af ónógum klæðnaði; því þá eina hefi eg þekkt heilsulausa, sem hafa stöðugt orðið að búa við ónóga fæðu og klæðleysi. Eg ætla ekki að fjölyrða meira um þetta mál, því eg vil helzt ekkert af því hafa. Eg ætla heldur ekki sèrstaklega að tala neitt um þessa löngu atkvæðaskrá, enda er hún svo löguð, að eg efast um að nokkuð fáist út úr henni og sízt það sem landi og lýð má að gagni verða. Einungis vil eg óska þess áður en eg sezt niður, að þingið fái annað meira og og betra upp úr þessu máli út um landið, heldur en það alleina, að þjóðin skipti um nöfn, og hafi upphafsstafinn H í staðinn fyrir A.

Framsögumaður: Eg bjóst við því, að nefndin mundi fá góða hjálp hjá þingmanni Austur-Skaptfellinga, því veiki þessi er þó svo mögnuð í kjördæmi hans, en það er öðru nær en svo sè, og held eg að kjósendur hans þakki honum varla fyrir, hvernig hann tekur í mál þetta. En það vill reyndar vel til, að það eru fáir hèr á þingi, sem þykjast vera vitrari en aðrir menn, og vitið þingmannsins hefir þá ekki við annað að styðjast en eintómar spár. Þessar spár sínar byggði hann reyndar með fram á því, hvernig gengið hefði að lækna fjárkláðann, en eg verð að gjöra hann varan við, að það er annað að lækna 2 hunda á bæ með því að gefa þeim einu sinni inn, en 200 fjár. Enda held eg, að svo muni fara, að vèr Íslendingar, þegar tímar líða fram, munum lítinn heiður fá af kláðalækningunum, og ættu menn því að varast að vera að vitna til þeirra. Hann ætlast þó víst ekki til að vèr förum að skera fólkið niður. En eg spái því nú annars, að uppástunga hans um að fresta málinu, gangi ekki í gegnum, og eg vona, að þingið láti sig ekki blekkja af slíkum ástæðum, og hann tók fram, því þær voru tóm markleysa.

Ólafur Pálsson: Eg verð að lýsa því yfir, að eg er alveg á öðru máli en þeir heiðruðu herrar, sem vilja að mál þetta falli og ekkert verði úr því. Því eins og tekið hefir verið fram, þá varðar það heilsu og velferð manna, og úr þvílíkum málum vil eg aldrei

gjöra lítið. Það hefir einnig verið tekið fram, við inngangsumræðuna, að bæði frumvarpið og nefndin hefðu hinn bezta tilgang, og er það víst fullkomlega satt; því eins og tilgangur frumvarpsins er góður, eins hefir nefndin einnig gjört alveg rètt í að bæta við lækningunum. Annað mál er það, hvort það á við að tiltaka í þessu falli viss meðöl, er lækna skuli hundana með, því það er opt á völtum fæti með meðölin; eitt er, ef til vill, í gengi í ár, en annað tekur við hitt árið, og breytist það allt mjög með tímunum; yfirhöfuð að tala held eg, að mál þetta fái beztan byr, ef menn hvorki fara þvert á móti frumvarpinu eða ganga fram hjá því heldur reyna til að sameina hvorttveggja. Enda vill svo heppilega til, að á atkvæðaskránni eru í þessa átt uppástungur frá hinum háttvirta 4. konungkjörna og nokkrum öðrum, er hafa sameinað sig við hann, og því ætla eg að gefa uppástungum þeirra atkvæði mitt og sömuleiðis í hinum einstöku atriðum sumum af breytingaratkvæðum hins háttvirta 1. konungkjörna þingmanns.

Eiríkur Kúld: Eg ætlaði ekki að standa upp í dag til að mæla með breytingaratkvæðum mínum, því eg hèlt, að umræðurnar yrðu samt nógu langar, þótt eg talaði ekki. En af því, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að eg hefði látið í ljósi við undirbúningsumræðuna, að eg vildi heldur fallast á uppástungur nefndarinnar en frumvarpið, þótt örðugra væri að framfylgja þeim, af því, að eg vorkenndi ekki yfirvöldunum. Þetta er að nokkru leyti satt, en það er þó ekki af þeirri ástæðu, að eg sagðist heldur vilja aðhyllast uppástungur nefndarinnar en frumvarpið. heldur var sú meiningin, að eg vil ekki hafna góðum lögum fyrir það, þótt það hafi nokkra fyrirhöfn í för með sèr að framkvæma þau. Því hvað einföld sem lögin eru, ná þau samt ekki tilgangi sínum, ef yfirvöldin ekki eru á sínum pósti til að sjá um framkvæmd þeirra, eins og sjá mátti af dæmi því, er hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaðnr tók fram í spitalamálinu um daginn um sjálfan sig, þegar hann var sýslumaður í Strandasýslu. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði og, að eg hefði reynt til að gjöra frumvarpið óvinsælt með því að bera það saman við líkt frumvarp, sem fellt var á landsþinginu um daginn í Danmörku. En þetta er ekki rètt; því eg sagði að eins, að það væri sætt sameiginlegt skipbrot, hvað þessi frumvörp snerti, ef uppástungur nefndarinnar væru heldur teknar en frumvarp þetta. Eg játa reyndar, að tilgangur frumvarpsins og nefndarinnar er að nokkru leyti hinn sami, það er að

segja, að fækka hundunum; en eg vil útrýma sullaveikinni, en það verður ekki eptir frumvarpinu; því meðan hundar eru til, sem hafa í sèr bandorma, og þótt sè ekki nema 1 hundur, þá getur hann smittað, það er löngu tekið fram af hinum háttvirta framsögumanni. Það sem mèr gekk til að gjöra breytingaratkvæðið undir 14. tölul. var það, að eg áleit að það mundi gjöra frumvarpið þokkasælla; því hræddur er eg um, að það muni verða óþokkasælt, ef hár skattur verður lagður á nokkurn af hundunum. Það er og enn einn galli á frumvarpinu, að eg held það verði örðugt fyrir yfirvöldin að skera úr því, hverjir hundar sèu óþarfahundar; eg held það verði enda hægt að fara í kring um lögin, hvað þetta atriði snertir, en þess konar «control» fèlli burtu, ef sami skattur væri á öllum hundum og þá má hann líka vera lágur. Eg hefði fallizt á breytingaratkvæði þingmanns Húnvetninga undir 18. tölul., ef ekki væri ákveðið, að lækna skuli hundana á kostnað eigenda. Eg held það væri betra að innræta mönnum fyrst, að lækningarnar sèu nauðsynlegar, og um leið gjöra þær sem aðgengilegastar og það verður hægast með því að þeir fái meðölin ókeypis. Það verður heldur enginn skaði fyrir sveitasjóðina, því þeir fá nóg í staðinn, hvort sem farið er eptir uppástungu minni, frumvarpinu eða nefndinni. Þar að auki verður hægra að fá inn tollinn, ef hann er lágur.

Stefán Jónsson: Mèr finnst menn gjöra ofmikið úr þessum vandkvæðum, sem menn telja á lækningunum, því menn álíta það eins og einhvern ómögulegleika að hella þessu meðali ofan í svo sem 2—3 eða 4 hunda á bæ. Ef menn trúa því, að lækningar þessar sèu nauðsynlegar, þá held eg, að það verði auðvelt að fá menn til þess að lækna, því þetta er heldur ekki svo mikið vandaverk. Það má eigi heldur bera lækningar þessar saman við kláðalækningar, eins og framsögumaður einnig tók fram, því það er sitt hvað að ná í nokkra hunda, sem allt af eru á heimilunum, til að lækna þá, heldur en fè, sem er hundruðum saman, og sumt af því upp um fjöll og fyrnindi. Mèr finnst það hljóti að vera ljóst fyrir öllum, að ef menn verða sannfærðir um, að sullaveikin komi af hundunum, muni menn heldur kjósa að drepa þá sem mega missast, en lækna þa sem ekki verður án verið, heldur en að láta þá drepa sig. Eg verð því að gefa atkvæði mitt fyrir þeim breytingaratkvæðum, sem geta samrýmzt stjórnarfrumvarpinu og uppástungum nefndarinnar, það er að segja þeim, sem fara fram á að

fækka hundum og lækna þá sem eptir verða. Eg skil ekkert í því, að menn, sem eru kunnugir sveitalífi, skuli álíta lækningarnar óvinnandi verk; það er eins og þeim þyki einhver vanvirða í því að lækna hundana, en það skil eg ekki, þegar það er á annað borð nauðsynlegt. Það kann að vera vafasamt, hvort meðalið dugar, en það verður reynslan að sýna; og það má ekki fella málið fyrir það, þótt menn ímyndi sèr, að þetta meðal sè ekki áreiðanlegt, því menn hafa ekki vissu fyrir því gagnstæða. Eg vildi að atkvæðaskráin ekki villti sjónir fyrir mönnum, þar sem um 70. tölul. er að velja. Þegar hefir verið talað um, að mál þetta væri ekki náttúrlega komið inn á þingið, þá get eg ekki skilið, að svo sè; því ritgjörð Dr. Krabbes var þó fyrirrennari þess, og hefir það haft töluverða verkun, því margir hafa trúað því, og þótt almenningur ekki hafi orðið fulltrúa um, að sullaveikin væri komin af hundunum, þá er hann ekki fær um að mótmæla því, heldur verður hann í þessu sem öðru, er hann ekki hefir vit á, að trúa þeim sem vitrari eru. Það er auðvitað, að þessar tilraunir eru einungis til að koma í veg fyrir sullaveikina framvegis, og geta því ekki bráðlega sýnt ávöxt verkunarinnar.

Forseti: Af því hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga lèt í ljósi, að hann óttaðist, að atkvæðaskráin kynni ef til vildi að villa sjónir fyrir mönnum við atkvæðagreiðsluna, þá verð eg að segja, að eg get enga ástæðu sèð til að halda það. Þegar menn gæta nákvæmlega að atkvæðaskránni, þá sjá menn fljótt, að fyrstar eru settar uppástungur nefndarinnar og allar breytingar við þær, þar eptir koma sumstaðar meðal-uppástungur, en þar eptir kemur að frumvarpinu og breytingum þeim, er stungið hefir verið upp á við það. Eg skil því ekki, að atkvæðaskráin þurfi að valda neinum vafa eða ruglingi í atkvæðagreiðslunni, ef hinir háttvirtu þingmenn gæta sín, sem eg vona þeir gjöri.

Páll Vídalín: Það vill nú svo vel til fyrir mig, að eg þarf ekki að halda svörum uppi fyrir breytingaratkvæðum mínum, því nefndin hefir aðhyllzt þau öll er eg hefi gjört, nema 2; annað þeirra er undir 1. tölul. og ætla eg eigi að keppa fyrir því, en eg bar það upp af því mèr virtist málið áríðandi, og eg gat ekki annað álitið en að lagaboðið gæti þá verið komið út. Hitt er seinna, undir 53. tölul. og álít eg það standa í sambandi við 18. tölulið, en þingið ræður eins hvernig það vill fara með það. Eg vona annars, að málið fái góðan byr á þinginu, því það hafa þó

eigi heyrzt nema 2 raddir á móti því, og þó ekki nema þannig, að þeir vildu skjóta því á frest. En mèr virðist aðalágreiningurinn í þessu máli vera um það, hvort heldur beri að fylgja stjórnarfrumvarpinu, eða nefndarálitinu, því sumir hafa viljað fylgja frumvarpinu, en sumir nefndinni. Framsögumaður hefir nú tekið fram mismuninn á frumvarpinu og uppástungum nefndarinnar, og sýnt ljóslega, að nefndin hefir eigi breytt grundvallarreglum frumvarpsins heldur að eins bætt inn í það ákvörðuninni um lækningarnar. Og þeir sem vilja bjarga frumvarpinu hafa eins bætt inn í það nýjum greinum um lækningarnar, svo hèr er nú einungis um það að dæma, hvort nefndarálitið með breytingaratkvæðum þess eða stjórnarfrumvarpið með breytingaratkvæðunum við það er betra, eða hvort lagaboðið á hinn eina eða annan hátt verður betur eða rèttar niðurskipað. Eg fyrir mitt leyti verð heldur að hallast að nefndinni með breytingunum við hana. Þingmaður Barðstrendinga hafði það á móti breytingaratkvæði mínu undir 18. tölul., að eigendurnir ættu að kosta lækningarnar sjálfir, en það finnst mèr hann enga ástæðu hafa til. Mèr sýnist það liggja í hlutarins eðli, að hver og einn eigi að annast um, að skepnur hans gjöri ekki öðrum skaða, enda hafa og hin nýju kláðalög fylgt þessari reglu, að hver eigi að kosta lækningarnar á sínu fè. Eins og eg sagði sè eg því ekki meiri ástæðu til að fylgja frumvarpinu með breytingunum við það en nefndaruppástungunum, með breytingaratkvæðum þeim, sem þar eiga við, og nefndin hefir fallizt á, en eg er hræddur um, að menn ruglist við atkvæðagreiðsluna, ef sumir verða með frumvarpinu, en sumir með nefndinni. Yfir höfuð vona eg, að þingið gæti sín, að hrinda ekki máli þessu, því það er fullkomið alvörumál.

Jón Bjarnason: Ræða mín skal hvorki verða löng nè snjöll. Framsögumaður gjörði lítið úr því, hvernig að væri farið að koma þessu meðali í hundana; en eg hefi nú fengið reynslu fyrir því síðan við undirbúningsumræðuna; eg hefi ásamt öðrum þingmanni, sem getur vitnað það með mèr, reynt við stóran hund, að gefa honum það inn í vatni; en hann leit ekki við því, og þegar átti að fara að nauðga því í hann, áttu 2 menn, enda þótt liðtækir væru, fullt í fangi með hann. En síðan var honum boðið það í mjólk, og var hann þá svo góður á að taka það, að hann dillaði rófunni. Eg held það sè meira varið í það en margir kunna að halda, að gefa þeim það inn á þann hátt, er þeir vilja góðfúslega

þiggja það. Ef það ferst fyrir, að lækningarnar fái framgang, og málið svo verður sent til heilbrigðisráðsins, eins og framsögumaður tók fram, þá held eg það væri vel til fallið að það kæmi fyrir, hvort ekki mætti gefa meðalið inn í mjólk. Það hafa líka nýlega komið út ritgjörðir um það, að mjólkin væri svo gott læknismeðal, og það eptir framsögumann sjálfan, og ætti það ekki að mæla á móti henni. Eg vil enn ítarlega taka það fram og vona, að ef þingið fellst á lækningarnar, þá helli það ekki mjólkinni niður. Eg vona, að allir, sem eru með lækningum, verði og með breytingaratkvæði mínu.

Framsögumaður: Þingmenn hafa heyrt, hvað mikið hinn heiðraði þingmaður Dalamanna heldur með mjólkinni, og eg hefi í sjálfu sèr ekkert á móti henni. En eg held samt, að það sè ekki vert, að setja þa ákvörðun í lögin, því það getur verið sumstaðar illt og jafnvel ómögulegt að fá mjólk; því það eru margir tómthúsmenn og þurrabúðarmenn, sem enga mjólk hafa; það mætti þá eins gefa þeim það inn í graut, því eg held að hvolpagreyin yrðu honum fegnir, ef þeir væru svangir. Eg ræð því til að sleppa þessari ákvörðun, enda er mjólk ekkert meðal móti ormum.

Forseti: Þar eð eigi taka fleiri til máls, þá álít eg þessari ályktarumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða eptir atkvæðaskránni, sem eg vona hinir háttvirtu þingmenn hafi fyrir sèr prentaða.

1. grein.

1. tölul. felldur með 19 atkv. gegn 5.
2. — samþ. — 21 — — 2.
3. — — — 14 — — 5.
4. — — — 13 — — 12 með nafnakalli.

«Já sögðu:	«Nei sögðu:
Eiríkur Kúld.	Halldór Kr. Friðriksson.
Bergur Thorberg.	Arnljótur Ólafsson.
Jón Bjarnason.	Björn Pètursson.
Jón Hjaltalín.	Hjálmur Pètursson.
Jón Pètursson.	Jón Guðmundsson.
Jón Sigurðsson.	Magnús Jónsson.
Ólafur Pálsson.	Ólafur Sigurðsson.
Páll Ólafsson.	Páll J. Vídalín.
Pètur Guðjónsson.	Stefán Eiríksson.
Pètur Pètursson.	Stefán Thordersen.
Sighvatur Árnason.	Sveinn Níelsson.

«Já sögðu:	«Nei sögðu:
Stefán Jónsson.	Torfi Einarsson.
Sveinn Skúlason.	
Fjærverandi, Benidikt Sveinsson.	

5. tölul. (sjálffallinn sbr. nr. 4).
6. — samþ. með 17 atkv. gegn 3.
7. — — — 20 — — 3.

2. grein.

8. tölul. felldur með 14 atkv. gegn 9.
9. — — — 17 — — 4.
10. — — — 19 — — 3.
11. — — — 20 — — 3.
12. — — — 18 — — 3.
13. — samþ. — 16 — — 2.
14.—17. tölul. sjálffallnir.

3. grein.

18. tölul. samþ. með 14 atkv. gegn 7.
19.—20. tölul. sjálffallnir.
21. tölul. felldur með 21 atkv. gegn 1.
22. — — — 13 — — 5.
23. — — — 15
24. — — — 16 — — 1.
25. — — — 13 — — 9.

4. grein.

26. tölul. felldur með 15 atkv. gegn 4.
27. — — — 12 — — 10.
28. — — — nafnakalli með 16 atkv. gegn 9.

«Já sögðu:	«Nei sögðu:
Eiríkur Kúld.	Halldór Kr. Friðriksson.
Arnljótur Ólafsson.	Bergur Thorberg.
Björn Pètursson.	Hjálmur Pètursson.
Jón Hjaltalín.	Jón Bjarnason.
Páll J. Vídalín.	Jón Guðmundsson.
Páll Ólafsson.	Jón Pètursson.
Stefán Jónsson.	Jón Sigurðsson.
Sveinn Níelsson.	Magnús Jónsson.
Sveinn Skúlason.	Ólafur Pálsson.
	Ólafur Sigurðsson.
	Pètur Guðjónsson.

«Nei sögðu:
Pètur Pètursson.
Sighvatur Árnason.
Stefán Eiríksson.
Stefán Thordersen.
Torfi Einarsson.

Fjærverandi: Benidikt Sveinsson.

29. tölul. felldur með 15 atkv. gegn 7.
30.—35. tölul. sjálffallnir.
36. tölul. samþ. með 13 atkv. gegn 6.
37. — sjálffallinn.

5. grein.

38.—39. tölul. sjálffallnir.
40. tölul. samþ. með 12 atkv. gegn 11.
41.—43. sjálffallnir.

6. grein.

44. tölul. felldur með 15 atkv. gegn 1.
45. — — — 13 — — 7.
46. — — — 13 — — 10.
47. — — — 13 — — 4.
48. — — — 13 — — 10.

7. grein.

50. tölul. fallinn við 18. tölul.
51. — sömuleiðis.
52. — felldur með 12 atkv. gegn 7.
53. — — — 13 — — 4.
54. — — — 16 —.
55. — — — 14 — — 2.
56. — — — 11 — — 8.

Um 57. tölul. var eigi gefið atkvæði.

Við 58. tölul. var viðhaft nafnakall:

Já sögðu:	Nei sögðu:
Eiríkur Kúld.	Bergur Thorberg.
Halldór Kr. Friðriksson.	Jón Sigurðsson.
Arnljótur Ólafsson.	Magnús Jónsson.
Björn Pètursson.	Ólafur Pálsson.
Hjálmur Pètursson.	Ólafur Sigurðsson.
Jón Bjarnason.	Páll Ólafsson.
Jón Guðmundsson.	Pètur Guðjónsson.

«Já sögðu:	«Nei sögðu:
Jón Hjaltalín.	Pètur Pètursson.
Jón Pètursson.	Stefán Eiríksson.
Páll Vídalín.	Sveinn Skúlason.
Sighvatur Árnason.	
Stefán Jónsson.	
Stefán Thordersen.	
Sveinn Níelsson.	
Torfi Einarsson.	

Var þannig 58. tölul. samþykktur með 15 atkv. gegn 10.
59. tölul. felldur með 14 atkv. gegn 6.
60. — — — 14 — — 1.
Við 61. tölul. var viðhaft nafnakall:

Já sögðu:	Nei sögðu:
Halldór Kr. Friðriksson.	Eiríkur Kúld.
Bergur Thorberg.	Arnljótur Ólafsson.
Jón Bjarnason.	Björn Pètursson.
Jón Guðmundsson.	Hjálmur Pètursson.
Jón Pètursson.	Jón Hjaltalín.
Jón Sigurðsson.	Magnús Jónsson.
Ólafur Pálsson.	Páll Vídalín.
Ólafur Sigurðsson.	Páll Ólafsson.
Pètur Guðjónsson.	Sighvatur Árnason.
Pètur Pètursson.	Stefán Eiríksson.
Stefán Thordersen.	Stefán Jónssou.
	Sveinn Níelsson.
	Sveinn Skúlason.
	Torfi Einarsson.

Var þannig tölul. 61. felldur með 14 atkv. gegn 11.
Við 62. tölul. var viðhaft nafnakall:

Já sögðu:	Nei sögðu:
Eiríkur Kúld.	Arnljótur Ólafsson.
Halldór Kr. Friðriksson.	Bergur Thorberg.
Jón Bjarnason.	Björn Pètursson.
Jón Guðmundsson.	Hjálmur Pètursson.
Jón Hjaltalín.	Jón Sigurðsson.
Jón Pètursson.	Ólafur Pálsson.
Magnús Jónsson.	Páll Vídalín.
Ólafur Sigurðsson.	Páll Ólafsson.

«Já sögðu;	«Nei sögðu:
Pètur Pètursson.	Pètur Guðjónsson.
Sighvatur Árnason.	Sveinn Níelsson.
Stefán Eiríksson.	Sveinn Skúlason.
Stefán Jónsson.	
Stefán Thordersen.	
Torfi Einarsson.	

Var þannig tölul. 62. samþ. með 14 atkv. gegn 11.
63. tölul. samþykktur með 15 atkv. gegn 8.
64. — fallinn við 63. tölul.

8. grein.

65. — samþykktur án atkvæða.
66. — samþykktur með 19 atkv.
Um 67. tölul. var eigi gengið til atkvæða.
Við 68. tölul. var viðhaft nafnakall:

Já sögðu:	Nei sögðu:
Eiríkur Kúld.	Hjálmur Pètursson.
Halldór Kr. Friðriksson.	Jón Sigurðsson.
Arnljótur Ólafsson.	Magnús Jónsson.
Bergur Thorberg.	Ólafur Sigurðsson.
Björn Pètursson.	Páll Ólafsson.
Jón Bjarnason.	Sighvatur Árnason.
Jón Guðmundsson.	Stefán Eiríksson.
Jón Hjaltalín.	Sveinn Skúlason.
Jón Pètursson.	Torfi Einarsson.
Ólafur Pálsson.	
Páll Víðalín.	
Pètur Guðjónsson.	
Pètur Pètursson.	
Stefán Jónsson.	
Stefán Thordersen.	
Sveinn Níelsson.	

Var þannig tölul. 68. samþykktur með 16 atkv. gegn 9.
69. tölul. samþykktur án atkvæða.
70. — felldur með 23 atkv. gegn 1.

Forseti: Atkvæðagreiðslunni er þá lokið, og af því áliðið er mun eg ákveða fund á morgun og slá upp dagskrá, og segi þar með Fundi slitið.

---

25. fundur — 7. ágúst.

Forseti: Eg hefi fengið tilkynningu frá þingmanni Vestmanneyinga um, að hann eigi geti mætt, að minnsta kosti framan af fundi.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg hefi fengið nefndarálit um 1000 ára hátíðarhald 1874 í minning Íslands byggingar, og verður afskript af því send hinum háttvirta konungsfulltrúa og síðan málið tekið til umræðu þegar tími er til.

Þá kemur eptir dagskránni í dag til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um fiskiveiðar útlendra við strendur Íslands. Eg veit ekki, hvort framsögumaður, sem er hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu, vill taka til máls.

(Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 367—368).

Framsögumaður (Pètur Guðjónsson): Eg hefi eigi margt að athuga við breytingaratkvæði þau, sem fram eru komin; þess vil eg að eins geta út af 1. breytingaratkvæðinu tölulið 1, að þótt eg álíti æskilegt, að það fengist, sem þar er farið fram á, þá er eg vondaufur um, að það fáist; brezka stjórnin hefir ávallt tekið mjög ólíklega öllum þess konar tilmælum Danastjórnar; meðal annars man eg eptir, að því hefir verið farið á flot við hana, að hún skyldaði fiskiskip þegna sinna að hafa á sèr tölu og einkenni, en hún þverneitaði, og þóttist aldrei mundu skylda þegna sína til þess að taka upp þau einkenni, er hún yrði að álíta sem nokkurs konar þrælamerki. Viðvíkjandi 3. tölulið, er það að segja, að eg er honum í rauninni samdóma, en er hræddur um hann gangi vel langt þar sem hann tiltekur 24. júní.

Ólafur Sigurðsson: Eg ætla eigi að fara að gera breytingaratkvæði mitt að neinu kappsmáli; að eins vildi eg leiða athygli þingsins að því, eins og eg tók fram við undirbúningsumræðuna, að sè frakkneska herskipið að nokkru liði til þess að halda við reglu meðal hinna frönsku fiskimanna, þá mundi enskt herskip líka gjöra sama gagn í því tilliti. Þar sem framsögumaður tók fram, að litlar líkur væri til þess, að neitt fengist upp úr breytingaratkvæði mínu, þá verð eg að segja, að mèr finnst öllu ólíklegra, að nokkuð fáist upp úr 2. uppástungu nefndarinnar undir tölulið 5., sem fer fram á þessa sèrstöku friðun á Faxaflóa, og af

þeirri ástæðu fèll eg frá breytingaratkvæði því, sem eg þó hafði ráðgjört í líka stefnu.

Sveinn Níelsson: Það gladdi mig mikið, að hinn háttvirti framsögumaður tók vel mínu breytingaratkvæði eins og eg átti von á; orsökin til þess, að eg tók fram 24. júní er sú, að sá tími er hinn æskilegasti, eins og allir munu við kannast er til þekkja, þar eð þá er liðinn bezti aflatíminn eptir því sem tilhagar fyrir öllum við Breiðaflóa. Eg get ekki gjört mèr vissa von um, að þessi uppástunga hafi mikinn árangur, en það vona eg, að nefndin og allt þingið fallist á, að hin umrædda friðun sè nauðsynleg til 12. maí eigi síður fyrir Breiðaflóa en Faxaflóa.

Sighvatur Árnason: Mig furðar á því, að mál þetta eptir svo langan tíma síðan því var fyrst hreift af þingsins hálfu skuli enn í dag vera árangurslaust. Eg vil ekki fara að leiða neinar getur að því, af hverju þetta kemur, en um það þykist eg viss, að Danastjórn muni hafa gjört sitt bezta til að lètta þessum vandræðum vorum. Á því furðar mig, að jafnmiklar og voldugar þjóðir sem Frakkar og Englendingar eru, og sem skara svo fram úr öðrum þjóðum, í alls konar menntun og kunnáttu, skuli eigi vera fúsar á og láta sèr annt um, að sporna við því, að þegnar þeirra sýni öðrum óskunda og órètt, eða jafnvel brjóti lög á þeim, því mèr sýnist það þó vera skortur á menntun í siðferðislegu tilliti. Hvað 1. tölulið á atkvæðaskránni snertir, finnst mèr auðsætt, að svo framarlega sem Bretastjórn á annað borð vildi gefa nokkurn gaum að umkvörtunum vorum, þá mundi hún varla skorast undan að senda hingað á líkan hátt og Frakkar herskip til að halda reglu milli þegna sinna. Að 3. töluliður fari svo of langt, að það skaði málið, get eg eigi sèð, eða að lítil líkindi sè til að það fáist, sem þar er farið á flot, getur maður ekki sagt eða haft fyrir ástæðu til að fella hann, þar sem vèr rennum öldungis blint í sjóinn um allar uppástungurnar og málið yfir höfuð, hvort því verði framgengt eða ekki, eða að hve miklu leyti. En ef þetta fengist, er auðsætt, hve ómetanlega mikið gagn mundi af því leiða að bæði Faxaflói og Breiðiflói væru innan fiskihelgi lands vors, þar sem flestu og beztu verstöðvar landsins eru innan þessara flóa.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, sem eg vona að þingmenn hafi prentaða fyrir sèr.
1. tölul. samþykktur með 15 atkv. gegn 6.

2. tölul. samþykktur með 18 atkvæðum.
3. — felldur með 10 atkvæðum gegn 9.
4. — samþykktur með 18 atkvæðum.
5. — samþykktur í einu hljóði með 21 atkvæði.
6. — samþykktur í einu hljóði með 21 atkvæði.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þessu næst til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu frumvarp til laga fyrir Ísland um skipamælingar. Hinn 3. konungkjörni þingmaður er framsögumaður, og veit eg ekki, hvort hann óskar að taka til máls.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 364—367).

Framsögumaður (Bergur Thorberg:) Hèr eru að eins 2. breytingaratkvæði framkomin; hvað tölul. 2. snertir, get eg eigi fallizt á þá breytingu, sem í honum er fólgin, því eg álít það vera ósanngjarnt, að takmarka mælingarskylduna einungis við þau skip, sem eru ætluð til ferða landa á milli, enda álít eg það vera ómögulegt fyrir fram að tiltaka, hvaða skip eingöngu sè ætluð til ferðar landa á milli, og hvaða skip til fiskiveiða; sömu skipin geta brúkazt til hvorstveggja. Uppástungan undir 3. tölul. gengur lítið eitt lengra en nefndin, þar sem hún viðvíkjandi stærð þeirra skipa sem menn eiga að láta mæla tiltekur 12 enskar lestir í staðinn fyrir, að nefndin stingur upp á 8; þetta gjörir nú í sjálfu sèr lítið til; en af því nefndin vildi að sem flest skip yrðu mæld, vildi hún ekki ganga hærra með lestatalið en hún gjörði, og *því verður* nefndin enn að halda fram.

Jón Sigurðsson: Eg skal ekki mæla mikið með breytingaratkvæði mínu undir 2. tölulið; eg tók það fram við undirbúningsumræðuna, og fleiri þingmenn, að eins og nú á stendur, væri engin þörf á því, að öll íslenzk skip væru mæld, hvort sem þau eru brukuð til ferða landa á milli eður ekki, og þetta var það, sem kom mèr til að gjöra breytingaratkvæðið, enda finnst mèr og, að frumvarpið verði aðgengilegra, ef þingið aðhyllist breytingaratkvæðið.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, sem eg vona að þingmenn hafi fyrir sèr prentaða.

1. tölul. samþykktur með 14 atkvæðum gegn 4.
2. — samþ. með 10 atkv. gegn 9.
3. — samþ. með 10 atkv. gegn 8.

4. tölul. fallinn við tölul. 3.
5. — samþ. með 13 atkvæðum.
6. — samþ. með 16 atkv. gegn 2.
2. — gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt með 17 atkv.
3. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt með 15 atkvæðum.
7. tölul. samþykktur við 3. tölul.
8. — samþ. með 15 atkvæðum.
9. — samþ. með 14 atkv. gegn 1.
10. — samþ. með 17 atkvæðum.
11. — samþ. við tölul. 3.
12. — samþ. með 15 atkvæðum.
13. — samþ. við tölul. 3.
14. — og 8. til 13. gr. frumvarpsins óbreyttar, samþ. með 15 atkvæðum.
15. — samþykktur án atkv.
16. — og 15. og 16. gr. frumvarpsins óbreyttar samþykktar með 14 atkvæðum.
17. — samþ. með 10 atkv. gegn 5.
18. — samþ. með 14 gegn 1. atkv.
19. — samþ. með 17 atkvæðum.
20. — samþ. við 3. tölul.
21. — samþ. með 15 atkvæðum.

19. og 20. gr. frumvarpsins, samþykktar óbreyttar með 15 atkvæðum.

21. til 24. gr. frumvarpsins, 22.—30. tölul. með áorðnum breytingum, samþykkt með 18 atkvæðum.

31. tölul. samþ. með 18 atkvæðum.
32. — með breytingu samþykktur með 16 atkvæðum.
33. — samþ. með 14 atkv.
34. — með breytingu samþykktur með 15 atkvæðum.
35. — samþ. við 3. tölul.
36. — með breytingu og 28. til 30. gr. frumvarpsins, samþ. með 14 atkvæðum.
37. — samþ. án atkvæða.
38. — samþ. með 13 atkv. gegn 7.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá þar næst til álykt-arumræðu og atkvæðagreiðslu málið um konunglegt frumvarp til laga um að taka íslenzk skip upp á skipaskrá. Framsögumaður

er hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður og kann vera hann vilji taka til máls.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls, 368—375).

Framsögumaður (*Bergur Thorberg*): Eg skal ekki fara mörgum orðum um þessa atkvæðakrá. Viðvíkjandi 1. tölul. skal eg geta þess, að eptir því sem mèr skilst uppástunga þessi, þá er ekki sú meining í henni, að hún breyti í neinu efni 1. greinar frumvarpsins, heldur mun hún eiga að skýra greinina. En eins og eg tók fram við undirbúningsumræðuna álít eg ekki þessa breytingu nauðsynlega. Byrjun 1. greinarinnar er almenn ákvörðun, en seinna í greininni koma ákvarðanir um sèrstakleg tilfelli, sem koma fyrir. En eg held að greinin, ef hún verður orðuð eins og hann vill hafa hana, geti valdið misskilningi, þar sem hún þá ekki tekur fram það, sem þó áherzlan verður að leggjast á, að hlutaðeigandi verði að vera danskur þegn. Eg get ekki fallizt á 8. tölul., þar sem stungið er upp á að setja merkið I. E. í staðinn fyrir D. E., því merkið á einmitt að sýna, að eigandinn sè danskur þegn; og þessvegna er bæði nauðsynlegt og eðlilegt að sama merki sè haft í öllu ríkinu. 10. tölul. er veruleg breyting á frumvarpinu; eg játa að vísu, að ef það fengist, væri það hagkvæmt og gjörði mönnum hægra fyrir með að fá þjóðernis- og skrásetningarskýrteini, en eg held, að yfirstjórnin í Kaupmannahöfn geti eigi sleppt hinu síðasta atriði í skrásetningunni frá sèr, nl. því að útgefa þjóðernisskýrteinið, og hún vilji einnig hafa hönd í bagga með að yfirskoða mælingarbrèf skipanna áður þau fá skyrteini þetta. Það eru ýmsar aðrar breytingar á atkvæðaskránni, sem leiðast af þessari og er sjálfsagt að þær falla og standa með þessari aðalbreytingu. Viðvíkjandi 14. tölul. skal eg geta þess, að það sem þar er stungið upp á er í sjálfu sèr eðlilegt en ekki nauðsynlegt, enda fer það líka út fyrir tilgang þessara laga, eins og eg benti á við undirbúningsumræðuna. Eg hefi svo ekki tilefni til að tala fleira að sinni.

Konungsfulltrúi: Eg skal fara fáeinum orðun um breytingaratkvæði þau, sem komin eru fram síðan undirbúningsumræðan átti sèr stað, og sem eg ætla að ráða þinginu frá að gefa atkvæði sitt.

Breytingaratkvæðið undir tölulið 1, sem fer fram á, að gefa öllum skipum rètt til þess að hafa danskt flagg, sè eigandi þess búsettur á Íslandi, getur ekki staðizt við grundvallarreglu frum-

varpsins, sem er eins og hinn háttvirti framsögumaður tók fram, að heimila þegnum danakonungs en ekki öðrum sèrstök rèttindi. Breytingararkvæðið undir tölulið 8 stingur upp á, að þjóðernismerkið D. E. (það er dönsk eign), sem eptir 3. grein frumvarpsins á að vera á öllum skrásettum skipum, verði breytt í I. E. (þ. e. íslenzk eign). Eg held, að þessi uppástunga hvíli á eins konar misskilningi hins háttvirta uppástungumanns, því mèr virðist það fullljóst, að þegar íslenzk skip eiga að vera aðnjótandi verndar þeirrar og hagsmuna, sem dönskum skipum bera, og sem danskt flagg heimilar þeim, — og þetta er tilgangur frumvarpsins —, þá er það sjálfsagt, að þau einnig eiga að vera skilmálum þeim háð, sem til þess eru settir; en meðal þessara skilmála er hið umrædda merki; og skíp sem ekki eru mörkuð með þessum stöfum hefir ekki fremur framvegis en hingað til rètt til að sigla undir dönsku flaggi, og getur ekki heimtað, að aðrar þjóðir *respekteri* það sem danskt skip.

En hinar sömu ástæður mæla á móti uppástungunni undir tölulið 10, því til þess að stjórnin geti ábyrgzt gagnvart öðrum þjóðum, að skrásetningin fari fram fyrir öll skip, sem sigla undir dönsku flaggi eptir hinum sömu reglum, er álitið nauðsynlegt, að leggja öll þau mál, sem snerta skrásetninguna undir eitt yfirvald fyrir allt ríkið.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg skal ekki halda langa varnarræðu fyrir breytingaratkvæðum mínum í þessu máli, enda finnst mèr enn ekki hafa komið fram nægar ástæður móti þeim. Því eins og dönskum kaupræðismönnum í öðrum löndum hefir verið gefið vald til þess með reglugjörð 11. maí 1860 að gefa út bráðabyrgðar-skýrteini, eins er stiptamtmanni gefið vald til þess eptir 10. grein þessa frumvarps. Ef skipið má nota þetta skýrteini um stundarsakir, til hvaða lands sem vera skal, hvort heldur til Spánar, Frakklands eða Englands, eins og til Danmerkur, og skýrteinið hefir þá fullt gildi, þá get eg eigi sèð, hvers vegna þetta þjóðernisskýrteini stiptamtmannsins eigi getur haft stöðugt gildi, eða hvers vegna þarf að fara til Danmerkur til að fá skipti á skýrteininu. Eins og stjórnin í Danmörku treystir stiptamtmanninum til að gefa út þetta bráðabyrgðar-skýrteini, eins má hún treysta honum til að gjöra það fyrir fullt og fast. Eg held ekki, að reglurnar fyrir mælingunum, séu svo örðugar, að stiptamtmaður geti ekki rannsakað, hvort mælingin sè rètt, eins vel og skrásetningarstofan í Höfn, því

að hann hefir í höndum sèr allar skýrslur og upplýsingar sem til þess þarf, og allar hinar sömu og skrásetningarstofan í Kaupmannahöfn fengi. Eg gæti einnig ímyndað mèr, að þegar skipin eiga fyrst að fá bráðabyrgðar-skýrteini hèr, og svo önnur skýrteini síðar í Kaupmannahöfn, gæti þetta orðið talsverður kostnaðarauki, en ekki til neins verulegs hagnaðar.

Eiríkur Kúld: Eg skal ekki tala mikið um breytingaratkvæði mitt undir 8. tölul. Það sem kom mèr til að taka mèr þetta breytingaratkvæði var ræða sú, er þingmaður Borgfirðinga hèlt við undirbúningsumræðuna; hún gjörði það óviðkunnanlegt, að minnsta kosti í mínum eyrum, að binda sig við þetta D. E. Eg skil ekki í því, að merkisstafirnir megi ekki vera Í. E. því allir vita, að Ísland er einn hluti danska ríkisins, og á því íslenzkt skip, hvort heldur stafirnir eru D. E. eða Í. E. að njóta sömu rèttinda og önnur dönsk skip, úr því það er undir dönsku flaggi. Eg þekki reyndar ekki vel, hvernig þessu er háttað í öðrum löndum, en eg efast um, að Norðmenn t. d. hafi hafi haft merkið S. E. (svensk eign), meðan þeir höfðu sama flagg eins og sama konung. Eg gæti ímyndað mèr, þó eg eigi viti það, að Englendingar hefðu má ske Ensk Eign, sem merki á nýlenduskipum sínum, t. d. frá Canada; en hèr er ekki um nýlendu að ræða.

Jón Pètursson: Eg skal ekki færa frekari ástæður fyrir breytingaratkvæðum mínum, en eg gjörði við undirbúningsumræðuna. Viðvíkjandi 1. tölul. skal eg geta þess, að það var ekki meining mín að heimila öðrum en þegnum Danakonungs rètt að hafa danskt flagg, en eg vildi að eins gjöra ljósari ákvörðunina í 1. gr. frumvarpsins, eða laga hana svo, að hún yrði eigi misskilin. Ef breytingaratkvæði mitt yrði skilið svo, að það veitti öðrum en þegnum Danakonungs rètt að hafa danskt flagg, skyldi eg falla frá því; en það verður víst ekki skilið svo, í hið minnsta stendur í sjálfu frumvarpinu, að menn verði þegnar Danakonungs, við að verða hèr heimilisfastir. Breytingaratkvæðið undir 14. tölul. hefi eg að eins gjört af því, að vèr skildum það svo í nefndinni, að eptir frumvarpinu mættu Íslendingar láta skrásetja skip sín í Danmörku og þá er breytingaratkvæðið rètt, því Danir eiga í þessu, að fá jafnrètti með oss auðsjáanlega. En eg er hræddur um, að þetta kunni að hafa verið misskilningur fyrir nefndinni, þó orðin í frumvarpinu sumstaðar sýnist helzt lúta að því, að sá sè rèttur skilningur frumvarpsins; og í þessu, að vèr höfum misskilið frumvarp-

ið, styrkist eg við það, að það á alls ekki við í íslenzkum lögum að veita Íslendingum slíkan rètt í Danmörku, og slík veiting er þar þýðingarlaus; heldur ætti það heima með öllu í dönskum lögum. En hafi nú þannig nefndin misskilið frumvarpið, og Íslendingar engan rètt hafi til að láta skrásetja skip sín í Danmörku, þá er það og með öllu rètt, að Danir eigi skuli mega láta skrásetja skip sín hèr á landi.

Konungsfulltrúi: Eg skal svara hinum háttvirta varaþingmanni Barðstrendinga því, að öllum er kunnugt, að Noregur og Svíaríki hafa hver sitt flagg, en þjóðarètturinn þekkir ekki íslenskt flagg eða íslenska eign, í þeim skilningi, að það tákni þjóðernis-eign.

Framsögumaður: Eg ætla að eins að bæta því við í tilefni af ræðu hins heiðraða 5. konungkjörna þingmanns, að það er annað mál, hvort stiptamtmaður gefur út að eins bráðabyrgðarskýrteini, eða skýrteini, sem eiga að vera gildandi fyrir fullt og allt. Mèr finnst eðlilegt eptir kringumstæðunum, að veita honum fyrra valdið, en ekki hið síðara. Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti 4. konungkjörni sagði um skilning nefndarinnar á frumvarpsins 5. gr., skal eg geta þess, að eg hefi ekki skilið það eins og hann, að þessi lög ættu að veita slíka heimild, heldur virtist vera gjört ráð fyrir því í þessu frumvarpi, að hún væri gefin í hinum dönsku lögum frá 13. marz síðastliðnum.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls er þessari ályktarumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, sem mun liggja prentuð fyrir þingmönnum.

1. grein.

1. Jón Pètursson, samþykkt með 10 atkvæðum gegn 8.
2. og 3. töluliður fallinn.

2. grein.

4. Nefndin, samþykkt með 17 atkvæðum.
5. Jón Pètursson, við þenna tölulið var viðhaft nafnakall:

»Já» sögðu:	»Nei» sögðu:
Benidikt Sveinsson.	Eiríkur Kúld.
Hjálmur Pètursson.	Halldór Kr. Friðriksson.
Jón Bjarnason.	Bergur Thorberg.
Jón Pètursson.	Björn Pètursson.
Jón Sigurðsson.	Jón Guðmundsson.
Magnús Jónsson.	Jón Hjaltalín.

«Já sögðu:	«Nei sögðu:
Ólafur Sigurðsson.	Ólafur Pálsson.
Sighvatur Árnason.	Páll Vídalín.
Stefán Jónsson.	Pètur Guðjónsson.
	Pètur Pètursson.
	Stefán Eiríksson.
	Sveinn Níelsson.
	Torfi Einarsson.

Var þannig töluliðurinn felldur með 13 atkvæðum gegn 9. Fjærverandi voru: Arnljótur Ólafsson, Páll Ólafsson, Stefán Thordersen, Sveinn Skúlason.

6. Nefndin, fellt með 9 atkv. gegn 9.
7. Frumvarpsins 2. grein með áorðinni breytingu samþykkt með 17 atkvæðum.

3. grein.

8. Eiríkur Kúld, við þenna tölulið var viðhaft nafnakall.

Já sögðu:	Nei sögðu:
Eiríkur Kúld.	Halldór Kr. Friðriksson.
Benidikt Sveinsson.	Bergur Thorberg.
Hjálmur Pètursson.	Björn Pètursson.
Jón Bjarnason.	Jón Guðmundsson.
Jón Sigurðsson.	Jón Hjaltalín.
Magnús Jónsson.	Jón Pètursson.
Ólafur Sigurðsson.	Ólafur Pálsson.
Páll Vídalín.	Pètur Guðjónsson.
Sighvatur Árnason.	Pètur Pètursson.
Stefán Jónsson.	Stefán Eiríksson.
Sveinn Níelsson.	
Torfi Einarsson.	

Þannig var töluliðurinn samþykktur með 12 atkvæðum gegn 10. Fjærverandi voru: Arnljótur Ólafsson, Páll Ólafsson, Stefán Thordersen, Sveinn Skúlason.

9. Frumvarpsins 3. grein með áorðinni breytingu, samþykkt með 15 atkvæðum gegn 3.

4. grein.

10. Halldór Kr. Friðriksson; við þenna tölulið var haft nafnakall:

Já sögðu:	Nei sögðu:
Eiríkur Kúld.	Bergur Thorberg.
Halldór Kr. Friðriksson.	Jón Hjaltalín.

Já sögðu:	Nei sögðu:
Benidikt Sveinsson.	Jón Pètursson.
Björn Pètursson.	Ólafur Pálsson.
Hjálmur Pètursson.	Pètur Guðjónsson.
Jón Bjarnason.	Pètur Pètursson.
Jón Guðmundsson.	
Jón Sigurðsson.	
Magnús Jónsson.	
Ólafur Sigurðsson.	
Páll Víðalín.	
Sighvatur Árnason.	
Stefán Eiríksson.	
Stefán Jónsson.	
Sveinn Níelsson.	
Torfi Einarsson.	

Var töluliðurinn þannig samþykktur með 16 atkv. gegn 6. Fjærverandi fjórir hinir fyrrtöldu.

11. Fallinn.

12. Frumvarpsins 4. grein með áorðinni breytingu, samþykkt með 19 atkvæðum.

5. grein.

13. Nefndin, samþykkt með 15 atkvæðum.

14. Jón Pètursson; við þenna tölulið var viðhaft nafnakall:

Já sögðu:	Nei sögðu:
Hjálmur Pètursson.	Eiríkur Kúld.
Jón Bjarnason.	Halldór Kr. Friðriksson.
Jón Pètursson.	Bergur Thorberg.
Jón Sigurðsson.	Björn Pètursson.
Magnús Jónsson.	Jón Guðmundsson.
Ólafur Sigurðsson.	Jón Hjaltalín.
Páll Víðalín.	Ólafur Pálsson.
Stefán Jónsson.	Pètur Guðjónsson.
	Pètur Pètursson.
	Sighvatur Árnason.
	Stefán Eiríksson.
	Sveinn Níelsson.
	Torfi Einarsson.

Benidikt Sveinsson greiddi ekki atkvæði. Fjærverandi voru 4 hinir fyrrnefndu, og var tölul. þannig felldur með 13 atkv. gegn 8.

15. Frumvarpsins 5. grein með áorðnum breytingum; samþ. með 17 atkv.
16. Frumvarpsins 6. grein óbreytt; samþ. með 16 atkv.

7. grein.

17. og 18. tölul. samþ. án atkvæða.
19. Frumvarpsins 7. grein með áorðnum breytingum; samþ. með 19 atkv.

8. grein.

20. Nefndin; samþ. með 10 atkv. gegn 4.
21. Frumvarpsins 8. grein með áorðnum breytingum; samþ. með 17 atkv.

9. grein.

22. Nefndin; samþ. með 14 atkv.
23. Sama; samþ. með 14 atkv. gegn 1.
24. Jón Pètursson; við þenna tölul. var haft nafnakall.

«Já sögðu»:	«Nei sögðu»:
Bergur Thorberg.	Eiríkur Kúld.
Jón Bjarnason.	Halldór Kr. Friðriksson.
Jón Pètursson.	Benidikt Sveinsson.
Jón Sigurðsson.	Björn Pètursson.
Magnús Jónsson.	Hjálmur Pètursson.
Ólafur Sigurðsson.	Jón Hjaltalín.
Páll J. Vídalín.	Jón Guðmundsson.
Pètur Guðjónsson.	Ólafur Pálsson.
Stefán Jónsson.	Pètur Pètursson.
Torfi Einarsson.	Sighvatur Árnason.
	Stefán Eiríksson.
	Sveinn Níelsson.

Var þannig tölulíðurinn felldur með 12 atkv. gegn 10. Fjærverandi voru fjórir hinir fyrrtöldu.

25. Nefndin; samþ. með 16 atkv. gegn 1.
26. Sama; samþ. með 12 atkv. gegn 1.
27. Frumvarpsins 9. gr. með áorðnum breytingum; samþ. með 19 atkv.

10. grein.

28. Halldór Kr. Friðriksson; samþ. með 18 atkv. gegn 2.
29.—33. tölulíðir; fallnir með atkvæðagreiðslum við 18. tölul.

11. grein.

34. Halldór Kr. Friðriksson; samþ. með 15 atkv. gegn 5.

35. og 36. töluliðir; fallnir með atkvæðagreiðslunni við tölul. 34.
37. samþykktur án atkvæða.
38. frumvarpsins 11. grein með áorðnum breytingum, samþykkt með 19 atkvæðum.

12. gr.

39. samþykktur án atkvæða.
40. nefndin; samþykkt með 14 atkvæðum gegn 1.
41. frumvarpsins 12. grein með áorðnum breytingum, samþykkt með 17 atkvæðum.

13. gr.

42. nefndin; samþykkt með 16 atkvæðum.
43. sama; samþykkt með 17 atkvæðum.
44. sama; samþykkt með 18 atkvæðum.
45. frumvarpsins 13. grein með áorðnum breytingum; samþykkt með 19 atkvæðum.

14. gr.

46. nefndin; samþykkt með 16 atkvæðum.
47. frumvarpsins 14. grein með áorðnum breytingum; samþykkt með 17 atkvæðum.

15. gr.

48. nefndin; samþykkt í einu hljóði með 21 atkvæði.
49. samþykkt án atkvæða.
50. frumvarpsins 15. grein með áorðnum breytingum; samþykkt með 19 atkvæðum.

16. gr.

51. nefndin; samþykkt eptir undangenginni atkvæðagreiðslu við 15. tölul.
52. frumvarpsins 16. grein með áorðnum breytingum; samþykkt með 16 atkvæðum.

17. gr.

53. Jón Pètursson; samþykkt með 13 atkvæðum gegn 4.
54. nefndin; samþykkt með 13 atkvæðum gegn 2.
55. frumvarpsins 17. grein með áorðnum breytingum; samþykkt með 15 atkvæðum.

18. gr.

56. Halldór Kr. Friðriksson; samþykkt með 15 atkvæðum.
57. frumvarpsins 18. grein með áorðnum breytingum; samþykkt með 14 atkvæðum.

58. frumvarpsins 19 grein óbreytt; samþykkt með 16 atkvæðum.

20. gr.

59. Halldór Kr. Friðriksson; samþykkt án atkvæða.
60. nefndin; samþykkt án atkvæða.
61. frumvarpsins 20. grein með áorðnum breytingum; samþykkt með 17 atkvæðum.

21. gr.

62. tekinn aptur.
63. nefndin; samþykkt án atkvæða.
64. frumvarpsins 21. grein með áorðnum breytingum; samþykkt með 17 atkvæðum.

22. gr.

65. nefndin; samþykkt með 17 atkvæðum.
66. sama; samþykkt án atkvæða.
67. frumvarpsins 22. grein með áorðnum breytingum; samþykkt með 18 atkvæðum.

23. gr.

68. nefndin; samþykkt með 19 atkvæðum.
69. sama; samþykkt án atkvæða.
70. frumvarpsins 23. grein með áorðnum breytingum; samþykkt með 18 atkvæðum.

24. gr.

71. nefndin; samþykkt með 18 atkvæðum.
72. sama; samþykkt án atkvæða.
73. frumvarpsins 24. grein með áorðnum breytingum; samþykkt með 17 atkvæðum.

25. gr.

74. nefndin; samþykkt með 19 atkvæðum.
75. sama; samþykkt án atkvæða.
76. frumvarpsins 25. grein með áorðnum breytingum; samþykkt með 18 atkvæðum.

26. gr.

77. nefndin; samþykkt án atkvæða.
78. sama; samþykkt með 17 atkvæðum.
79. frumvarpsins 26. grein með áorðnum breytingum; samþykkt með 16 atkvæðum.

27. gr.

80. nefndin; samþykkt án atkvæða.

81. frumvarpsins 24. grein með áorðnum breytingum; samþykkt með 18 atkvæðum.

28. gr.

82. nefndin; samþykkt í einu hljóði.
83. og 84. samþykkt með 18 atkvæðum.

30. gr.

85. nefndin; samþykkt með 16 atkvæðum.
86. frumvarpsins 30. grein með áorðnum breytingum; samþykkt með 17 atkvæðum.
87. frumv. 31. gr. óbreytt, samþ. með 14 atkvæðum.
88. samþykkt án atkvæða.
89. samþykkt án atkvæða.
90. frumvarpið allt í heild sinni; samþykkt með 16 atkvæðum gegn 2.

Forseti: Atkvæðagreiðslu þessari er þá lokið. Þar eð nú er orðið framorðið, held eg að ráðlegast sé að skjóta inngangsumræðunni um lagaskólann á frest til morguns, með því líka, að ekki gæti annars komið nema eitt mál á dagskrá, og væri það heldur lítið til fundarhalds.

Fundi slitið.

---

26. fundur. — 8. ágúst.

Allir á fundi nema þingmaður Vestur-Skaptafellssýslu, sem hafði tilkynnt forseta forföll sín.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur í dag til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið ályktar svo, uppástunga varaþingmanns Barðstrendinga um stofnun lagaskóla á Íslandi; hann er sjálfur flutningsmaður, og mun hann lesa uppástunguna og skýra þinginu frá henni, svo sem nauðsyn er til.

Eiríkur Kúld: Eg skal þá leyfa mér að lesa uppástunguna. (Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 416—417).

Eg finn ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um uppástungu þessa, því það er ekki í fyrsta skipti sem mál þetta kemur inn á þing; hefir því jafnan verið hér vel tekið, og allir verið samdóma um, að þetta væri æskilegt og mjög umtalsvert. Eg ætla

ekki að tala fleira um málið og nauðsyn þess, fyrr en eg heyri umræður manna.

Konungsfulltrúi: Vegna þess að svo er langt liðið á þingtímann, án þess að nefndarálit enn þá sèu komin í hinum mest áríðandi málum, sem lögð eru fyrir þingið, skal eg ráða þinginu frá að taka þetta mál, sem opt sinnis hefir verið rætt hèr í salnum, til frekari meðferðar.

Eiríkur Kúld: Það er satt, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að langt er liðið á þingtímann og sum nefndarálit ókomin; en eg vil geta þess líka, að nú er fjöldi þingmanna þegar orðin laus við nefndarstörf; og held eg, að jafn umfangslítið mál og þetta, muni því alls ekki mikið geta tafið fyrir þinginu.

Jón Bjarnason: Það er reyndar satt, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að langt væri liðið á þingtímann, mörg mál ólokin og «hátíðin er harla nærri», en samt verð eg að mæla með því, að mál þetta sè tekið til meðferðar, því það mun ekki gjöra mikla töf.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er inngangsumræðu þessari lokið, og skal eg þá leita atkvæða um, hvort nefnd skuli setja í máli þessu.

Var þá gengið til atkvæða og var það samþykkt með 14 atkvæðum gegn 5, að nefnd skyldi kjósa, var þá kosin þriggja manna manna nefnd, og urðu þessir fyrir kosningu.

Eiríkur Kúld með 16 atkv.
Jón Bjarnason — 6 —
Jón Pètursson — 6 —

Var síðan málið afhent þingmanni Barðstrendinga, er hafði fengið flest atkvæði.

Forseti: Þá kemur til undirbúningsumræðu málið um þjóðhátíð 1874; framsögumaður er þingmaður Norður-Þingeyinga, og mun hann lesa upp nefndarálitið og að öðru leyti skýra frá málinu eptir þörfum, en þó skal eg einungis geta þess, að eg hefi hugsað mèr meðferð málsins þannig, að það verði rætt við undirbúningsumræðu sem önnur þingmál, og geti menn gjört breytingaratkvæði við uppástungur nefndarinnar, síðan komi til ályktarumræðu og atkvæða sem í hverju öðru máli, og verði þá uppástungur nefndarinnar samþykktar, þá verði skrifað stiptsyfirvöldunum og landfógetanum til að vita hvort þeir vilja taka við kosningu í nefndina; en þegar svar er fengið frá þeim, sem eg vona verði eptir ósk

þingsins, verða þeir tveir þingmenn, sem stungið er upp á, að skuli koma í nefndina, kosnir á fundi.

Framsögumaður (Sveinn Skúlason): Eg skal þá leyfa mèr að lesa nefndarálitið.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 392—396).

Það er tekið fram í nefndaráliti þessu, sem að nefndin hefir hugsað sèr. Eg vona, að þingið hafi sömu skoðun sem nefndin, að þetta sè svo merkilegt mál, að þingið verði sóma síns vegna að gefa því sem beztan gaum. Þar sem þingmaður Dalamanna var að hlakka til þessarar endurminningar hátíðar, þá vona eg, að hann, þegar hún kemur, fái sèr mjólkursopa, um leið og hann ef til útbýtir öðrum henni (hlátur).

Halldór Kr. Friðriksson: Eg ætla ekki að mæla móti máli þessu, enda sæti það sízt á mér, sem fyrstur manna hef komið með á prent uppástungu þessa efnis, heldur ætla eg að styrkja það eptir megni. Eg játa, að eg hefi mælt á móti, að það kæmi hèr inn á þing, en það er sökum þess, að eg tel það ekki þingmál; en úr því það er komið inn á þing vil eg ekki lengur berjast móti því; þó mèr finnist eptir uppástungu nefndarinnar, að nefndin hafi ekki komizt hjá, að sýna fram á, að þetta mál er ekkert þingmál, með því að vilja láta þingið skora á stiptsyfirvöldin að takast á hendur forstöðu málsins; en þingið getur þó ekki lagt þeim neina skyldu á herðar; það væri því mjög æskilegt, að vita hvort þau vildu takast þetta á hendur, því að ef þau ekki vilja það, verður að gjöra aðra uppástungu, en sèu þau fús til þess, vil eg halda málinu áfram óbreyttu. Eg ætla að áskilja mèr breytingaratkvæði um það, að í stað landfógeta verði þriðji alþingismaður tekinn, því mèr finnst eðlilegast, að þegar stiptsyfirvöldin, sem eru æðstu embættismenn landsins eru forsprakkar málsins, að þá sèu 3 þingmenn kosnir í nefnd með þeim, en eigi fleiri utanþings. Hvað 1. tölulið í uppástungu nefndarinnar snertir, þá virðist mèr, að þingið eigi ekki nú að þessu sinni að ákveða, að einmitt svona skuli að farið 1874. Að því er tölulið 2. snertir, þá hef eg sjálfur komið fram með svipaða uppástungu, og felli eg mig vel við þessa uppástungu; mèr finnst það eiga vel við, að um leið og minnzt er byggingar Íslands sè minnzt alþingis, þessarar fyrstu allsherjar stofnunar landsins; það getur nú verið, að öðrum þyki annað betur við eiga.

Konungsfulltrúi: Af því að eg skoða þetta mál sem innan-

þingsmál, ætla eg ekki að taka neinn þátt í umræðunum um það. En þar sem hinn heiðraði 5. konungkjörni þingmaður hefir skorað á mig að láta í ljósi, hvort eg áliti, að stiptamtmaðurinn fyrir sitt leyti mundi vera fús til að taka að sèr þau störf, sem hèr ræðir um, skal eg, þó eg frá þessum stað ekki geti talað í umboði stiptamtmannsins, geta þess, að mèr þykir það líklegt, að hann muni fúslega takast á hendur störf þessi, ef þingið afræður að óska þess.

Framsögumaður: Eins og öllum liggur í augum uppi getur alþingi ekki lagt stiptsyfirvöldunum neina skyldu á herðar, en af því að stiptamtmaður og byskup eru vorir æðstu og mest málsmetandi embættismenn, ber þjóðin mest traust til þeirra til þess að veita fè því, er inn fæst, viðtöku og ávaxta það, og það er þetta traust þingsins til þessara manna, sem fyrir nefndinni vakti, er hún gjörði uppástungur sínar. Það er rètt, sem hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður sagði, að þingið gæti ekki ákveðið með lögum, að hátíðina skuli halda á vissum degi, en hvatir þingsins til þjóðarinnar í þessu efni, ættu að slá á þá strengi í hjörtum allra Íslendinga, að þær væru þeim sem lögmál. Eg get ekki sèð, að breytingaratkvæði það, er hinn 5. konungkjörni þingmaður ráðgjörði, sè til meiri bóta; mèr finnst einmitt vera gott að hafa landfógetann með sem nokkurs konar gjaldkera, þar sem hann hefir peninga landsins undir höndum, og svo 2 af þingmönnum, svo að 5 menn verði í nefndinni.

Jón Hjaltalín: Eg er meðmæltur máli þessu, og ber margt til þess. Fyrst er það, að mèr þykir það sjálfsagt, að vèr höldum einhverja minningarhátíð. Í öðru lagi held eg, að vèr höfum gott af því að hrista oss dálítið upp eða taka oss eldhúsdag, og held eg þá, að þessi dagur væri bezt fallinn til þess. Og enn er það, að mèr finnst ekki meir en tilhlýðilegt, að einhver kofi sè til handa alþingi; en eg er nú reyndar ekki ánægður með einn sal, heldur vil eg hafa húsið svo stórt, að það geti verið íveruhús handa að minnsta kosti $^2/_3$ af þingmönnum, og svo væri þar að auki herbergi handa manni til að búa í, sem ætti að passa það, svo það ekki fúnaði strax niður. Þótt þingmenn ekki vildu nota öll þessi herbergi, held eg það væri hægt að leigja þau út ferðamönnum, svo þeir þyrftu ekki oss til skammar að vera á hrakningi og svo að segja liggja á götunum. Því það er orðið svo lítið um húsnæði hèr í bænum og svo þröngt víða í húsum, að það liggur við

að þingmenn kafni, og ef þeir fjölguðu, eins og ráð er fyrir gjört, þá yrði svo þröngt í húsunum, að líkast yrði því, sem síld er troðið í tunnur, því eg veit annars ekki, hvar þeir ættu að kúldast. Eg vil því «miscere utile dulci» eða sameina hið gagnlega og þægilega, því það verður bæði til heiðurs og gagns, að hús þetta sè almennilegt. Eg er alveg samdóma nefndinni í því að hafa landfógetann með í þessari nefnd, sem ráð er fyrir gjört, því eg held að engum sè fremur trúandi fyrir fè því er inn kemur en honum, enda geymir hann alla peninga landsins. Sá landfógeti, sem vèr nú höfum, hefir líka sýnt á sjúkrahúsinu, hvað hann er góður og duglegur, þegar um slík fyrirtæki er að ræða; en eg held það sè nóg að hafa 5 menn í nefndinni, og óþarfi að bæta þeim 6. við. Eg held, ef lagður væri nefskattur á landsmenn í þessi 7 ár, gætum vèr fengið almennilegan kofa fyrir það. Stiptamtmaður hefir tekið vel í að standa fyrir málefni þessu, og ætti þá þingið einnig að taka vel í það. Eg ætla að taka mèr viðauka-atkvæði í þá stefnu, sem eg hefi tekið fram. Eg vona að enginn gjöri gys að byggingu þessari, og kalli hana mjólkurhús, eins og einum mjólkelskandi þingmanni kom í hug.

Jón Bjarnason: Eg álít mál þetta svo þýðingarmikið og samboðið þjóðerni voru, að því sè gaumur gefinn, og að vèr minnumst þess á einhvern hátt, að þessi stóri áratugur er út runninn. Eg felli mig vel við 1. tölul. og mun eg gefa honum atkvæði mitt. Framsögumaður skýrði, hvað nefndin hefði meint með þessum samkvæmum, að vèr í sveitunum ættum að drekka mjólk, en hann og þeir í stöðunum, hvar lítið er um mjólkina hjá sumum, eiga þá sjálfsagt að drekka vín, ef þeir geta komið því inn fyrir varirnar á sèr (hlátur), og líkar mèr vel, að hver bruki það sem hann hefir og langar mest í. En aptur á móti er eg í efa um, hvort eg á að fallast á 2. tölulið, því það er nú farið að heyrast úti um landið, að þingtíminn og þingstörfin komi ekki að þeim notum, sem menn gætu búizt við og vildu á kjósa; svo mèr þykir allbúið, að það mundi standa fyrir málinu, ef gjörð væri svona bein ákvörðun um, til hvers fènu skuli varið. Mèr hefir því dottið í hug að gjöra breytingaratkvæði við þenna tölulið á þá leið, að hið fyrsta alþingi er saman kemur, eptir að vèr höfum fengið löggjafarvald og fjárhagsráð, fái fullt vald til að ákveða, hvernig verja skuli fènu, en verði fjárhagsaðskilnaðurinn og stjórnarmálið ekki komið í kring fyrir 1874, þá verði hinu næsta alþingi þar á undan veitt þetta

vald. Eg hefi heyrt á sumum, að þeir vilji fresta þessu máli jafnvel í 1000 ár enn, en eg vil nú ekki gegna slíku. Eg er á sama máli og nefndin, að byrja nú þegar að safna fè, en geyma það til seinni tíma að ákveða, hvernig því skuli varið, eins og eg áður hefi tekið fram. Eg vil því heldur styðja málið, ef því verður beint í þessa stefnu, og látið óákvarðað, hvernig fènu skuli varið.

Halldór Kr. Friðriksson: Það gladdi mig sannarlega, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók svo vel í mál þetta, sem hann gjörði, og þótt hann ekki gæti svarað fyrir stiptamtmanninn, þá veit eg víst, að hann verður góður milligöngumaður við hann. Eins er eg sannfærður um, að byskupinn verður því ekki mótfallinn, þegar hinn 1. konungkjörni var með í nefndinni. Viðvíkjandi því, er hinn heiðraði uppástungumaður sagði um 1. tölul., að hvatning þingsins ætti að vera lög fyrir þjóðina í þessu efni, þá er það að nokkru leyti satt; en um það er spurningin, hvort það sè nú tími til að ákvarða nákvæmar um hátíðahaldið. Eg held það sè nógur tími til þess 1873; þá gætu þingmenn verið búnir að kynna sèr hver í sínu kjördæmi, hvað þjóðinni er geðfelldast, og í þessu máli á það sannarlega við, að þingmenn fari sem mest eptir ósk kjósenda sinna. Eg er því á móti síðari hluta þessarar 1. greinar. Að því er snertir það, er hinn 2. konungkjörni sagði um húsið, þá virðist mèr hann fara nokkuð langt, þar sem hann vildi jafnframt gjöra það að veitingahúsi fyrir útlenda ferðamenn; eg held hann hafi ekki hugsað vel um þetta, og kastað þessu nokkuð fljótt fram. En aptur finnst mèr rètt, að þingið kveði nú þegar á um, hvernig verja skuli fè því, er inn kemur, svo menn kasti ekki peningum sínum alveg út í bláinn, án þess að vita, til hvers þá ætti að hafa, eða hvort þeim yrði eigi varið til einhvers, sem gefendur hirtu eigi um. Eg get því ekki verið samdóma hinum heiðraða þingmanni Dalamanna, að það geti orðið málinu til fyrirstöðu að ákveða, til hvers verja eigi peningunum eða hvernig. Eg held þvert á móti, að það yrði meiri hvöt fyrir menn að vita, að það á að verja fè þessu til gagns, heldur en að vita ekkert um, hvernig ætti að verja því. Þótt eg ekki efist um, að þingið fái löggjafarvald, þykir mèr varúðarvert að ákveða, að það bíði þangað til; enda er það ekki framar löggjafarþings en ráðgjafarþings, að ákveða það. Eg skal ekki þræta um það, hvort fógetinn á að vera í nefndinni, en mèr finnst nóg að hafa stiptsyfir-

völdin af utanþingsmönnum og rèttast að hafa 3 þingmenn í henni.

Sighvatur Árnason: Þessar uppástungur nefndarinnar, sem nú liggja fyrir og nefndarálitið sjálft álít eg í raun og veru hafa fagra og merkilega hugsun, en hvort tilganginum verður náð til gagns, er mjög óvíst, þegar lítið er á árferðið sem nú gengur yfir landið, og verzlunina, sem einnig teiknar til að spillist aptur úr því sem verið hefir, og mætti því ímynda sèr, að mönnum þætti annað liggja nær eða að minnsta kosti jafnnærri, sem sè að skjóta saman fè meðan tími er til, sem gæti þènað til þess, að verja menn frá afleiðingum harðæranna, sem opt hafa haft í för með sèr hor og hungursdauða, enda má óttast fyrir því, að ef óáran heldur áfram hèr eptir, að hin umrædda hátíð 1874 verði daufleg meðal manna, og þætti þá má ske betur farið, að kostnaðinum hefði verið varið til að vernda menn frá harðrètti, og mætti segja, að minningu hins fagra en ófrjófa landnáms Ingólfs Árnasonar væri þá einnig haldið uppi með því að sporna við, að það liði undir lok og minning hans með. Eg skal nú ekki fara lengra út í þetta, og ekki í rauninni mæla á móti málinu, en víkja með fám orðum að 2. töl. nefndarálitsins í sömu stefnu og hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður, og taka mèr breytingaratkvæði í sameiningu við hann á þá leið, að ekki sè nú þegar fast ákveðið um hvar eða hve stórt þetta alþingis- og minnisvarðahús skuli vera, en þar á móti sè lagt á vald alþingis að ákveða á sínum tíma hvernig því skuli haga, og áskil eg mèr rètt til að orða þetta betur síðar.

Eiríkur Kúld: Eg stend ekki upp til þess að lesa hinn sama harmagrát og þingmaður Rangæinga, þvert á móti er það tilgangur minn að styðja málið. Það er þegar búið að sýna fram á, að málið er þess vert að menn styrki það, og vandkvæðum þeim, sem hinum 5. konungkjörna þingmanni þótti hèr á vera, er að miklu leiti ráðið til bóta með undirtektum hins hæstvirta konungsfulltrúa undir málið. Hvað tölul. 2. snertir, þá veit eg ekki, hvort eg get verið samdóma nefndinni, því eg er hræddur um, að fèð nemi svo miklu að það heimtist ekki á svo stuttum tíma. Það er bæði nauðsynlegt og æskilegt, að þingið eigi hús, einkum ef spár hins 2. konungkjörna þingmanns, um rúmleysið hèr í Reykjavík, rættust; en eg gjöri yfirhöfuð lítið úr þeim spádómi hans; eg hef verið þingmaður um nokkur ár, og veit aldrei til þess, að nokkur þingmanna þyrfti nokkru sinni að ganga fyrir hvers manns dyr,

áður hann fengi hèr húsaskjól; þar sem hinn sami þingmaður talaði um eldhúsdag, þá vona eg þó, að hann þar með ekki hafi meint til guðsþjónustugjörðarinnar, sem ráðgjörð er undir 1. tölul. En hvað barlómi þingmanns Rangæinga viðvíkur, þá er eg ekki eins hræddur og hann sagði, að nú væri verzluninni að hnigna, og þá mundi nú fara fremur að harðna í búi og enda horfa við hallæri; eg játa það að verzlunin síðan hún varð frjáls hefur mikið bætt úr fyrir oss, og enda afstýrt víða vandræðum síðan harðnaði í ári, en þó nú að hún versnaði, svo ei yrði sama lið að henni um stund, þá veit hinn háttvirti þingmaður, að til er annar sem hjálpar, og það er sjálfur drottinn, sem ætíð hjálpar oss þegar í nauðirnar rekur. Að endingu skal eg leyfa mèr að skora á framsögumann að skýra frá, hvort nefndin hefir gjört sèr nokkra áætlun um kostnaðinn af húsbyggingu þessari, hversu hár hann hèr um bil mundi verða.

Pètur Guðjónsson: Eg játa það, að þegar þessi uppástunga kom hèr fram, var eg henni mótfallinn, og það af því, að ekki sást af henni í hvaða átt hún fór eða hversu til var ætlazt, að hátíðina skyldi halda, og því gaf eg neikvæði við því, að nefnd yrði sett í málið. Eg játa það og enn fremur, að eg á ekkert í nefndarálitinu, nema nafn mitt undir því, en nú þegar eg hefi sèð tilgang uppástungunnar af nefndarálitinu, það er að segja, í hverju hátíðarhaldið á að vera innifalið, þá get eg vel fellt mig við hana, því ef að eins seinni hluti 1. töluliðs í uppástungum nefndarinnar hefði verið tekinn fram í uppástungunni sjálfri, hefði eg fundið í því næga ástæðu fyrir mitt leyti, til þess að fallast á hana. Viðvíkjandi 2. tölul. skal eg geta þess, að þó mèr þyki það í alla staði vel tilfallið, að eitthvað verulegt verði gjört, sem að gagni mætti verða fyrir landið, finnst mèr það þó varúðarvert, að tiltaka svo fastlega fyrir fram, hvað gjöra skuli með fè það, er safnað kynni að verða í þessu augnamiði, og fellur mèr því bezt í geð það, sem þingmaður Dalasýslu kom fram með sem sè, að slíkt væri fyrst um sinn látið óákveðið, því það er, því miður satt, að það er eins og allt landið líti nokkurs konar öfundarauga til Reykjavíkur og vilji ekki unna henni neins frama eður framfara. Við 3. tölul. felli eg mig vel, og það því fremur, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók vel undir þá uppástungu, sem í honum er, að því leyti, sem stiptamtmanninn snertir. Hvað 4. tölul. viðvíkur, þá er eg fyrir mitt

leyti fús á sem þingmaður að taka að mèr það, sem þar er farið á flot fyrir mitt kjördæmi.

Ólafur Sigurðsson: Eg játa það fúslega, að aðalhugsunin í uppástungu nefndarinnar sè mikið fögur. En hvað öðrum tölulið viðvíkur, sem mèr finnst aðalumtalsefnið, þá er eg mjög hræddur um, að þessi kostbæra bygging fái ekki góðan byr hjá þjóðinni. Á uppástungur þeirra, þingmannanna úr Gullbringusýslu og Dalasýslu, get eg ómögulega fallizt; eg vil láta það strax liggja augljóst fyrir öllum, á hvern hátt þingið hugsi sèr, að verja því fè sem safnast kynni. Ekki get eg heldur verið samdóma þingmanni Gullbringusýslu í því, að þjóðin líti öfundarauga til Reykjavíkur, þótt hitt má ske kunni að eiga sèr stað, að hún ekki sè metin eins mikils og vera ber, Mèr fyrir mitt leyti hefði þótt fullt eins samboðið efnum og ástandi okkar Íslendinga, að á þessari hátíð væri stofnað fèlag til almennra framfara landsins, því það er eins og sú tilfinning hafi áður vakað hjá þjóðinni að stofna slík fèlög á merkisdögum t. a. m. fjallvegafèlagið, og bústjórnarfèlagið hèr í suðuramtinu, og í þessa átt áskil eg mèr breytingaratkvæði við 2. tölul.

Jón Hjaltalín: Út af því, að sumir hafa hneykslazt á því, er eg minntist á eldhúsdag, þá skal eg vera manna síðastur til að mæla móti því, að guðsþjónustugjörð verði haldin um gjörvallt land á þessari hátíð, en eg álít það og á hinn bóginn saklaust, þó menn við þetta tækifæri með stillingu gleðji sig. Það hafa einnig heyrzt raddir í þá átt hèr í dag, að ekki mættu menn nú þegar vita, til hvers fènu skyldi varið, en hèr til sè eg enga ástæðu, og hvað kostnaðinum viðvíkur, þá er eg viss um, að ef 4 skildinga skattur yrði lagður á nef hvert, þá fengist meir en nóg fè til þess að byggja hús, sem öllu landinu gæti orðið til sóma. Eg er ekki móti því að kasta áhyggju sinni upp á guð, en drottinn hjálpar oss því að eins, að vèr ekki liggjum á liði voru, eða að vèr ekki tregðumst við að hjálpa sjálfum oss. Eg áskil mèr því breytingaratkvæði við tölul. 2. í þá átt, sem eg þegar hefi tekið fram.

Arnljótur Ólafsson: Mèr finnst, þegar um þessa 1000 ára hátíð er að ræða, þá eigi menn annaðhvort alls enga hátíð að halda, ellegar að halda hana í anda Ingólfs Arnarsonar, og minnast alls hins bezta, sem hygging landsins hefir fært oss, einkum þess áræðis og hugar, sem knúði hann til að yfirgefa óðal og ættjörð til að njóta frelsisins *sjálfs*, en ekki þannig, að við minnumst hins versta, minnumst allra harmkvæla vorra, svo sem svarta-

dauða, Heklugosa, ísavetra, kláðalækninga o. s. frv. Mig furðar á því, að menn skuli vilja halda hátíðina þannig, að menn hafi ekkert að forðast nema sult og seyru. Eg segi, ef við höfum einskis að minnast nema sults og seyru frá því er Ísland byggðist, þá ætti alþingi ekkert annað að gjöra en með Job að bölva vorum fæðingardegi; þá ætti alþingi að minnast Ingólfs Arnarsonar þannig, að vèr bölvuðum honum fyrir að hafa byggt Ísland og getið niðja til að lifa í sult og seyru alla sína lífdaga; já, þá ætti alþingi að stinga upp á því einu, að flytja alla niðja Ingólfs Arnarsonar frá frelsisheimkynnum hans til Brasilíu, eður einhverrar glæpamanna-nýlendu. Þá væri þó nær að minnast Ingólfs þannig, að vèr lètum ásannast þessi skopyrði skáldsins góða: »Þeir lifa þar á mysu og mjólk, en mest á brennivíni». Eg vil því annaðhvort enga hátíð hafa, eða þannig, að við minnumst alls hins góða, sem fram við oss hefir komið og þökkum guði fyrir það. Þetta er að halda hátíðina kristilega í Ingólfs anda.

Þar sem menn hafa talað um hinn mikla kostnað, er þurfi til þessa húss, þá vil eg geta þess, að hèr er hús við hliðina á oss, er eigi hefir kostað 10,000 rd.; og það er þó í *neyð* nóg hús handa alþingi. Ef vèr söfnum 4 skildingum fyrir nef hvert, þá fáum vèr nóg (*H. Kr. Friðriksson*: Miklu meira). Það getur verið; en eg tek til hið minnsta, og vil að eins sýna og sanna, að með hinu minnsta fáum við þó það, sem er oss nægilegt. Það er undarlegt, að menn nú skuli fara að hafa á móti ákveðinni uppástungu, en hafa þó það til foráttu við uppástungu framsögumanns, að hún hefði verið öldungis óákveðin, svo sem þingmaðurinn úr Gullbringusýslu hefir gert; eg á bágt með að trúa því, að hann aðhyllist aðra skoðun nú en þá, sem hann hefir undirskrifað í nefndinni. Þegar kemur til áætlunarinnar um kostnað þann, sem af húsbyggingunni kann að standa, þá ætla eg menn geti nokkuð farið eptir steinhúsi, sem stendur hèr við hliðina á skólanum, sem hefir kostað milli 7 og 8000 rd.; menn munu geta ætlazt til að fá töluvert stærra og fullt eins vandað hús fyrir eina 12000 rd., einkum þar sem oss hefir farið fram í því að byggja úr steini síðan það var smíðað. Verði nú á ári safnað í sjóð þessi sjö ár sem eptir eru til 1874 4 skildingum fyrir nef hvert, þá verður það 1500 rd. á ári, og þar við bætast leigur, sem síðasta árið munu nema meir en 300 dölum, og ætla eg, að þá mundi lítið á vanta; og þótt nokkuð vantaði, þá mundi altènd hægt að fá viðbót, því hægra er

að styðja en reisa. Mèr finnst því sjálfsagt að fallast á uppástungur nefndarinnar í málinu, og álít eg engu til spillt, þótt nefnd sú, sem til er ætlað að sett verði, komist að annari niðurstöðu en því að smíða alþingishús; þingið gæti þá breytt seinna ákvörðuninni um það til hvers skyldi verja fènu, sem safnazt hefði.

Jón Bjarnason: Þrátt fyrir ræður þær, sem fram hafa farið, get eg enn eigi annað en haldið, að það mundi spilla fyrir málinu að tiltaka neitt víst, sem verja skuli til samskotafènu. Eg held málinu verði bezt ágengt, að láta allt vera óákveðið; eg get vel skilið margur mundi segja: Eg vil eigi eiga neitt við að gefa til þinghúss í Reykjavík, það má hafa skólahúsið fyrir þinghús eins og verið hefir. Nú skyldi svo fara, að æði mikið fè fengist safnað til einhvers tiltekins augnamiðs, en þegar til kemur, þá lízt nefndinni, sem setja á yfir fèð, ekki að verja því til þess, sem nú blasir fyrir, heldur til einhvers annars; þá kynni nú sumir að segja: Aldrei gaf eg fè til þessa, eg vil hafa mitt tillag aptur, og því vil eg nú í stað ekki ákvarða til hvers samskotafèð verði brúkað; eg trúi þeim, sem ráðin hafa — þegar tíminn kemur — vel fyrir, að fènu verði varið Íslandi til heiðurs og nytsemdar. Hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður sá reyndar mestu þörf á því, að fá viðværilegt hús handa oss alþingismönnum, af því nú sem stæði væri oss troðið svo óhæfilega saman; eg er nú viss um, að engi þingmanna býr í lægra timburhúsi en eg, en það fer þó vel um mig; reyndar er eg kvefaður, þeir eru það líka, sem eru í stóru húsunum, en það er eigi húsakynnum að kenna, heldur loptslaginu (*Arnljótur Ólafsson:* og mjólkurleysinu) hèr í Víkinni. Svo eg víki að uppástungu nefndarinnar, fellst eg á fyrstu uppástunguna; eg vil þakka drottni fyrir allt sem liðið er og handleiðslu hans á oss, og biðja hann að vernda oss um ókomnar aldir; eg mótmæli því fastlega, að það sè nokkurt öfundarmál af hendi sveitarbúa til Reykjavíkur; vèr viljum þvert á *móti*, að henni vegni sem bezt. Engi kennir Reykjavík um óáran eða kláða og æsingar; reyndar varð kláðinn þar fyrst landfastur og ílengdist þar og útbreiddist þaðan.

Eiríkur Kúld: Eg hefi beðið eptir skýrslu frá hinum háttvirta framsögumanni um áætlun þá, sem nefndin má ske hefði gjört sèr um, hversu dýrt þetta hús mundi verða. Eg verð að mótmæla fastlega orðum þingmanns Gullbringusýslu um öfund, sem alþýða ætti að hafa á Reykjavík. Þar sem hinn 2. konungkjörni

þingmaður talaði svo um húsavistir þingmanna, að þær væri eins og fangahús, þá veit eg ekki til að slíkt eigi sèr stað, og það var mikið, að hann ekki líka skyldi hafa komizt að því, að þeir lifði hèr við fangakost. Það var nærri því, að mèr heyrðist kenning hans, hvað þetta snertir, lúta að því, að við þyrftum eigi annað en treysta á mátt okkar og megin, því við værum svo máttugir, að við gætum þetta allt af sjálfum oss til — en eg held við getum það ekki, nema að ákalla drottinn um hjálp til þess.

Forseti: Eg vildi óska, að þingmenn vildi sem minnst slá út í aðra sálma, sízt hnífilyrði og orðahnyppingar, heldur halda sèr við efni málsins, sem fyrir liggur.

Framsögumaður: Eg skal svara þingmanni Barðstrendinga fám orðum. Nefndin gat eigi gefið neina áætlun, og áleit þess enga þörf; það er svo sem sjálfsagt, að þjóðin verður að sníða sèr stakk eptir efnum með að byggja húsið; því minna sem gefið verður til þessa fyrirtækis, því minna verður og húsið. Mèr þykir það sannarlega skrítið, hvernig hinn heiðraði meðnefndarmaður minn hefir tekið í málið; við inngangsumræðuna var hann á móti málinu, af því að í uppástungauni var eigi neitt ákveðið um það, til hvers fènu skyldi verja; en nú hefir hann slegist í lið með þingmanni Dalamanna, og finnur að því, að nefndin hefir stungið upp á nokkru vissu, og vill nú hafa allt á huldu. Annars hafa flestir tekið svo í málið, að eg álít enga þörf að orðlengja fleira um það. Að eins vil eg geta þess, að mèr finnst, að þingmenn Rangvellinga og Skagfirðinga hefðu átt að sýna í hverju aðferð nefndarinnar væri röng, það er að skilja, að það væri rangt af nefndinni, að vilja hafa eitthvert sýnilegt minnismark, því þá fyrst, ef þeir hefðu sannað, að það væri rangt, gátu þeir haft ástæðu til að koma með þau breytingaratkvæði, er þeir ráðgjörðu. Eg er öldungis samdóma þingmanni Borgfirðinga í því, að sè hátíðin haldin, þá megi hún eigi vera harmagrátur yfir bágindum, heldur endurminning alls hins góða og frægilega, er fram við oss hefir komið.

Halldór Kr. Friðriksson: Þó hinn háttvirti framsögumaður segði, að eigi væri hægt að gjöra neina áætlun, þá finnst mèr þó mega ráða nokkuð af húsum þeim, sem hèr eru reist. Reikningur þingmanns Borgfirðinga, um samskotin var langt of lágur. Ef 4 skildingar væri goldnir árlega, fyrir nef hvert, þá yrði það því nær 3000 rd. á ári, og í 7 ár, yrði það rúmir 20,000 dalir. En

það verð eg að segja, að þeir sem berja eins barlómstrumbuna og þingmaður Rangvellinga, hafa gleymt illa því sem skáldið segir:

Að eyjan hvíta,
á sèr en vor ef fólkið þorir
guði að treysta, hlekki hrista,
hlýða rèttu góðs að bíða?

Ef menn að eins hafa góðan vilja, þá mun allt ganga bærilega; ef menn vilja bjarga sèr sjálfir, og hafa alla viðburði til þess, þá mun drottinn bjarga oss; ef vèr höfum samtök og leggjumst allir á eitt, þá þurfum vèr engum sulti og seyru að kvíða, en það finnst mèr bæði hann og aðrir þingmenn muni mega vera óhræddir um, að minning Ingólfs Arnarsonar muni lifa, þótt landið allt fari í sult og seyru, og þótt það eyddist með öllu, mun þó eitthvað verða eptir af fornritum vorum, sem halda minningu hans á lopti.

Arnljótur Ólafsson: Eg verð að geta þess, að mèr varð mismæli, þegar eg talaði um 4 skildinga samskot, eg vildi gjöra ráð fyrir 2 skildinga samskotum, og þá yrði reikningurinn rèttur.

Benidikt Sveinsson: Þótt eg sè eigi góður húsasmiður, sízt úr steini, munu þó margir segja, að eg sè eigi slakari loptkastalasmiður en hver annar hinna heiðruðu þingmanna; vil eg fyrir hvern mun hjálpa nefndinni, að minnsta kosti í huganum, til að byggja þetta fagra steinhús; eg áskil mèr breytingaratkvæði við 2. tölulið, að í stað nefndarinnar uppástungu fyrstu málsgrein komi: «að reist sè til minningar um byggingu Íslands, alþingishús úr íslenzkum steini». Eg er reyndar eigi hræddur um, að menn öfundi Reykjavík, og það er eigi fyrir þá sök, að eg felli úr orðin: «í Reykjavík», en mèr virðist af ræðum einstakra þingmanna, að þessi orð ættu ekki að verða svo góðu máli, sem þessu, til fyrirstöðu; enn fremur finnst mèr laglegra að kalla húsið alþingishús, en hús handa alþingi, og því tek eg til, að húsið skuli vera úr íslenzkum steini, að Reykjavíkurbær eptir minni hyggju ber þess glöggan vott, að útlendur steinn sè ónýtur. Eg sagði eg væri loptkastalasmiður með nefndinni, en nú segi eg, að oss Íslendingum væri skömm, að geta eigi dregið saman nóg fè fyrir sómasamlegasta hús til minningar byggingu Íslands. Eg segi, að ef hvert mannsbarn á Íslandi sparaði sèr að drekka tvo kaffibolla árlega, mundu vinnast á þessu áraskeiði 70,000 dalir; mèr þykir að vísu kaffi gott, en eg horfði eigi í það að draga þá af mèr í þessu augnamiði, og eg held *enginn* karl eður kona yrði verr farin eptir en

áður, þó hann fylgdi minnni litlu afneitun í því efni; mundi þá sómi Íslands ella standa verr að vígi en eg ætla. Ef skoðanir þingmanns Rangvellinga og annara mèr liggur við að segja ýlustráa skyldi verða ofan á, verð eg nauðugur viljugur að játa, að það sè *sannmæli* um mig og nefndina, er eg sagði, en því trúi eg eigi fyrr en tek á.

Jón Hjaltalín: Mèr láðist eptir að geta þess, að þegar eg stakk upp á að sameina við alþingishúsið almennileg herbergi, að það mundi engin vanþörf á þeim, ef þau kæmist í kring; eg hefi heyrt það og það mun vera satt, að Norðmenn mundu koma kannske á mörgum gufuskipum, og þá ættum vèr eigi að geta hýst neinn mann; þar sem sumir þingmenn tala um að spara á kaffi, þá finnst mèr ekki síður muni mega spara á brennivíni (*Jón Bjarnason*: Líka víni) og öðru.

Petur Guðjónsson: Þau orð, sem hinn heiðraði framsögumaður vèk að mèr, eru miskkilngur einn og útúrsnúningur; mín meining var að eins sú, að uppástungan hefði ekki gefið neina bending um, hvernig hátíðahaldinu skyldi verða varið. Fyrir þeim orðum mínum, að allmargir Íslendingar líti öfundar- eða rèttara óvildar-auga til Reykjavíkur, þykir mèr næg sönnun komin fram í orðum þingmanns Dalamanna og Skaptfellinga.

Sighvatur Árnason: Mig fer eigi að furða á því, þótt sumir af hinum háttvirtu þingmönnum gjörist æði hvikulmiklir, þegar þeir mæta hreinum og beinum mótbárum gegn uppástungum sínum, fyrst þeir nú beinast þannig að mèr, sem þó í ræðu minni lèt í ljósi, að uppástungan væri merkileg í sjálfu sèr; en eg taldi vandkvæði á, að henni mundi verða framgegnt vegna árferðis og annara kringumstæða; mèr finnst því óþarft og ógagnlegt fyrir málið, af þingmönnum að halla svo til orðum mínum, að þeir fái af því tilefni til að henda að mèr háðyrðum; mun eg svo mikið sem unnt er reyna að leiða slíkt hjá mèr, því þess háttar hnútukast er ávallt fjærri skapi mínu, og að mínu áliti ósómi fyrir þingið. Þar sem eg áður minntist á, að taka mèr breytingaratkvæði við 2. tölulið í sameiningu við hinn 5. konungkjörna þingmann, vil eg geta þess, að eptir því sem ræður manna hafa lotið síðan, á breytingaratkvæði mitt ekki skylt við hans, því hann hefir meint til 1. töluliðar.

Stefán Eiríksson: Eg ætlaði að vísu ekki að tala neitt í þessu máli, en af því þingmaður Gullbringusýslu beindi þeim orðum að

mèr, sem eg alls ekki var valdur að, því eg hefi ekkert talað í málinu, þá vil eg biðja þingmanninn, að eiga þessa bendingu sjálfan.

Pètur Guðjónsson: Það var mismæli, eg ætlaði að nefna þingmann Skagfirðinga; en fyrst eg stóð upp til að leiðrètta þetta, vil eg um leið lýsa því yfir, að eg felli mig vel við stefnu þá, sem nefndin hefir tekið í málinu yfir höfuð; eg vil fyrir hvern mun ekki missa annan tölulið úr uppástungum nefndarinnar, því undir eins og menn vita út um land, að menn ætla að koma á almennum samskotum til þess að koma upp alþingishúsi, þá er eg viss um, að menn munu taka vel undir málið, því þetta mál hefir komið fram áður bæði í blöðum og hèr á þingi í allt öðru formi, og einungis talað um, að reisa einhvern minnisvarða um landnám Ingólfs; en þegar nú þjóðin sèr að á að byggja alþingishús fyrir fè þetta, treysti eg því, að hún leggi til eptir efnum og ástandi; það er auðvitað, að þessi hörðu ár draga kjark úr mönnum, og menn hafa margir hverjir ekkert afgangs daglegu brauði, en vanta ekki viljann, þá geta menn sparað sèr fáeina skildinga bæði í kaffi og tóbaki. Eins og menn vita tek eg í nefið, og spari eg mèr einn tóbaks-kögguł árlega, þá getur úr því orðið allgott tillag í 6 ár.

Forseti: Eg fyrir mitt leyti get eigi annað en fellt mig einkar vel við uppástungur nefndarinnar, og vil gjarna styðja þær svo sem í mínu valdi stendur, enda er eg þess fullviss, að það mundi gleðja marga, ef þær fengi framgang, sem eg vona að verði; peninga mundi ekki skorta, ef menn legði sig nokkuð í framkróka, þar eð menn hafa eigi allstuttan tíma til undirbúnings, og ekki er fyrir öðru ráð að gjöra, en að vilji manna sè góður.

Með því að eigi taka fleiri til máls, ætla eg að undirbúningsumræðu þessari sè lokið.

Eg skal að lyktum geta þess, að eg hefi fengið uppkast til álitsskjals til konungs út af frumvarpinu um niðurjöfnun á kostnaði sem stendur af flutningi þarfamanna, og mun það verða lesið upp fyrir þingmönnum.

Síðan las þingmaður Húnvetninga upp álitsskjalið og var það samþykkt.

(Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 381—384).

Fundi slitið.

27. fundur. — 10. ágúst.

Forseti: Eg hefi fengið tilkynningu frá hinum háttvirta konungkjörna varaþingmanni um að hann sökum embættisanna eigi geti mætt í dag. Þingmaður Austur-Skaptfellinga getur eigi mætt sökum lasleika.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg hefi fengið nefndarálit í fjárkláðamálinu fyrir nokkru síðan, og hefir það legið frammi svo lengi, að bráðum má taka það til undirbúningsumræðu. Eg hefi enn fremur fengið nefndarálit í laxveiðamálinu. Í nefnd þeirri sem kosin var í lagaskólamálið er formaður kosinn Eiríkur Kúld, skrifari Jón Pétursson.

Samkvæmt dagskrá í dag kemur fyrst til ályktarumræðu málið um 1000 ára hátíð í minning Íslands byggingar.

(Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 396—398).

Framsögumaður (*Sveinn Skúlason*): Við undirbúningsumræðuna var þegar svo skýrt tekin fram hin almenna hlið þessa máls, að eg eigi álít þess þörf að taka það fram aptur. Hèr liggur þá fyrir að fara nokkrum orðum um breytingaratkvæðin; verð eg þá að segja það um þau öll, að þau öll munu vera af góðum toga spunnin, og engi þeirra vilja hrinda málinu, enda þótt þau vilji benda á annan veg er fara beri heldur en nefndin. Eg get nú að vísu eigi sèð yfirburði þeirra yfir uppástungur nefndarinnar, en það er kannske náttúrlegt um mig, sem er framsögumaður í nefndinni. Hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður vill fella niðurlag 1. uppástungu nefndarinnar, en eg er fullviss um, að eg þekki svo vel guðræknistilfinningu landa minna, að mèr er óhætt að fullyrða, að niðurlag þeirrar greinar muni hvervetna á Íslandi bæta fyrir málinu, er hvergi spilla. 3. 4. og 5. töluliður benda allir á annan veg en þann, sem nefndin hefir farið; tveir hinir fyrri töluliðir vilja láta óákveðið nú, til hvers varið skuli samskotafènu; en á móti þeim er sú verulega mótbára, að enginn mun vilja styrkja það, sem hann eigi veit hvað er; menn verða að minni hyggju ætíð fúsari til útláta, er menn vita hvað menn styðja. 5. töluliður er að því leyti betri, að þar þó kemur fram ákvarðað augnamið, og getur vel verið það sè gagnleg og búmannleg hugsun; en það er nærri því að bera í bakkafullan lækinn, þar sem húss- og bústjórnafèlagið, sem allir vita hvað gagnsamt er, líka hefir aðsetur sitt í Reykjavík. Það sem stendur í 6. tölulið,

að húsið skuli byggt úr íslenzkum steini, felli eg mig vel við. Út af 8. tölulið vil eg geta þess, að það er mjög fráleitt að ætlast til þess, að alþingi verði forsmiður eða byggingarmeistari (Benidikt Sveinsson: Það er misskilningur). Ef meiningin er að það skuli ráða því, hversu stórt skuli hafa húsið, þá er það heldur eigi rètt, því það er eigi á alþingisvaldi að ráða slíku, heldur verður það komið undir því, hversu mikið safnast af peningum. Móti 9. tölulið vil eg alls eigi tala; eg álít það æskilegt, að húsið geti orðið sem stærst; það gæti bætt úr mörgum þörfum, sem nú eru mjög tilfinnanlegar; eg vil taka til dæmis, að það mundi einkar notalegt og eiga vel við að hafa forngripasafnið þar. Við 10. tölulið get eg eigi séð, hvað vinnast mundi með breytingunni á uppástungu nefndarinnar.

Pètur Pètursson: Eg vil lýsa því yfir, að mèr finnst öldungis óhæfilegt, að breytingaratkvæðið undir 1. tölulið komist að; þjóðhátíðinni hlýtur að vera samfara guðsþjónustugjörð; þó finnst mèr, að síðari parturinn geti misst sig, þó eg heldur eigi hafi neitt á móti þeirri ákvörðun; en hvaða alþing sem kann að koma áður en þetta hátíðarhald fer fram, get eg eigi séð, að það verði öðrum trúar, en að það eigi að vera aðalmark og mið þess konar hátíðahalds að flytja drottni lof og þakkargjörð. 6. breytingaratkvæðið er það eina, sem eg get gefið mitt atkvæði, og hefir það tvennt til þess; þar er fyrst sleppt úr Reykjavík, sem eg ætla að sè rètt, enda þótt eg eigi ætli, að þjóðin öfundi Reykjavík, þá gæti einmitt það að einskorða það nú þegar við Reykjavík orðið málinu til fyrirstöðu. Hitt er að hafa húsið úr *íslenzkum* steini, sem bæði mun vera betra og ódýrara. Hugsunin í uppástungu nefndarinnar var í sjálfu sèr öldungis rètt og nauðsynleg; eg vil að eins biðja menn minnast þess, að vèr alls eigi vitum, hvar vèr eigum að geyma alþingistíðindin, Eg vona annars að aðaluppástungur nefndarinnar fái sem beztan byr hèr á þinginu.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg stend upp í þetta sinn, af því, að mèr finnst hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður og sumir aðrir þingmenn hafi kastað heldur þungum steini á mig fyrir uppástungu mína undir 1. tölulið; eg vildi með þessu breytingaratkvæði að eins hafa á móti því, að nú sem stendur yrði neitt víst ákveðið um það, hvernig hátíðahaldið ætti að vera; mèr finnst nægur tími til þess að ákveða það síðar, þegar menn sjá, hvað ágengt verður með samskotin, þá er og tími fyrir alþingi að gjöra nákvæmari

ráðstafanir um hátíðahaldið og allt sem að því lýtur. Það getur enginn með neinum sanni brígslað mèr um það, að eg vilji spilla guðræknistilfinningu Íslendinga, eg vil þvert á móti glæða hana að því, er í mínu valdi stendur. En eigi að síður verð eg að halda, að það mundi alls engu spilla, að láta þessa ákvörðun um guðsþjónustugjörðina bíða alþingis 1871 eða 1873. Nefndin þarf hvort sem er síðar að leita alþingis um allar frekari ráðstafanir í þessu máli, og því vil eg fyrst sjá hverju fram vindur. Um hinar uppástungur mínar vil eg eigi fara fleirum orðum; eg ætla eigi að verja þær með neinu kappi, þingið ræður, hvað það gjörir.

Ólafur Sigurðsson: Eg býst við, að það sè ekki til mikils fyrir mig, að mæla fram með uppástungu minni, enda þótt framsögumaður teldi hana búmannlega. En eitt veit eg, að hún hefir sèr til gildis, hún fer þó fram á eitthvað ákveðið, svo þjóðin veit þá til hvers hún á að skjóta saman; þetta sýnist líka nefndin gjöra í fyrsta áliti, en ef grannt er að gáð, þá verður það óákveðið. Framsögumaður vildi aldrei gefa upp áætlun um húsbygginguna, sagði einungis, ef samskotin verða lítil, þá verður húsið lítið. Nú vil eg spyrja: Ef samskotin verða svo lítil, að þau nemi að eins 2—3000 rd. Hvernig fer þá um bygginguna? Ætlast nefndin þá til, að einhverjum kofa sè hrófað upp eins og meðalpakkhúsi hèr í Reykjavík eða því um líku? Eða er slíkt þjóðinni til nokkurs sóma? Áætlun þingmanns Borgfirðinga ætla eg tæplega sè treystandi, er hann hèlt að 12000 til 14000 rd. mundu vinnast langt til þess, að koma upp sómasamlegu húsi; eg hefi átt tal við ýmsa menn, er gott skynbragð bera á steinhúsabyggingar, og hafa þeir fullvissað mig um, að eigi mundi veita af 60—70000 rd. Eg vildi að eins geta þess í því tilliti, að ef húsbyggingin verður ofan á hèr á þinginu, sem út lítur fyrir, þá kynni almenningur að verða heldur ríkari á stykkjunum með samskotin.

Sighvatur Árnason: Eg býst ekki við, að sumir af hinum háttvirtu þingmönnum vænti þess, að eg leggi stóran stein í þessa byggingu, eptir undirtektum þeim, sem tillögur mínar urðu fyrir á síðasta fundi, nema ef svo skyldi vera, að þeir hinir sömu álíti slíkar ræður og orðsendingar, sannfærandi röksemdaleiðslu fyrir málefninu. Eg vil nú alls eigi fara að tala um atkvæðaskrána í heild sinni, heldur að eins um 8. tölulið, af því framsögumaður einkum hallaði á hann. Viðauka-atkvæði þetta finnst mèr bæta úr verulegum ágalla hjá nefndinni, þar sem hún alls eigi hefir

gjört ráð fyrir, hver ráða skuli á hvern hátt þessari byggingu skuli haga (*Framsögumaður*: Stiptsyfirvöldin); það er ekki tekið fram, enda virðist mèr það eina ráðlegt, eins og meiningin er í þessu viðauka-atkvæði, að alþingi á hæfilegum tíma, t. a. m. 1871—73 ákveði um alla tilhögun þessarar byggingar, en engan veginn svo að skilja það, að eg ætlist til, að það verði forsmiður fyrir húsgjörðinni, eins og framsögumaður hafði orð um, slíkt er undarlegur miskilningur; það er líka að gá að því, að ef fè vantar þegar til kemur til þessa angnamiðs, mun reka að því, að leita þingsins aðgjörða um það, bæði til að sjá veg til að fá fè á ný og útvega það; þingið ætti í það heila tekið, að ráða yfir fènu og allri tilhögun þessa augnamiðs.

Pètur Guðjónsson: Mèr fannst nauðsynlegt til þess að fá eitthvert hugsunarsamband inn í þessar uppástungur nefndarinnar að hafa einhverja uppástungu áþekka minni, þeirri er stendur í 4. tölulið. Eg álít að engu sè tilspillt, þótt menn geymi nánari ákvarðanir um, hversu samskotunum eða samskotafènu skuli varið, til seinni þinga, og menn skyldu vel muna það, að betri er biðlund beðin en brátt ráðið. Eg vil engan veginn vera fastur á minni uppástungu, en mèr getur eigi betur skilizt, en hún fylli einhvers konar gjá, sem mèr finnst vera í hugsunargangi nefndarálitsins.

Jón Hjaltalín: Eg verð að vera alveg á móti 1. breytingaratkvæðinu; það er hreint óþarft; Íslendingar eru svo guðhræddir, að það mun aldrei nema bæta, að hafa óbreytta 1. uppástungu nefndarinnar. Það gladdi mig stórum, að framsögumaðurinn tók eigi illa undir breytingaratkvæði mitt undir 9. tölul. Íslendingum hefir verið og er hrósað fyrir gestrisni; þó er hún hvergi nærri nú sem fyrr, ekki að minnsta kosti sem hún var á dögum Geysreiðar, er byggði skála um þvera braut; tóptirnar af skála þessum standa enn þá undir Narfeyrarfjalli, en skálinn er fyrir löngu undir lok liðinn. Nú þótt slíkri gestrisni sè heldur farið hnignandi, þá vona eg og veit, að hún er eigi útdauð. Eg held allir geti sèð það sem nokkuð þekkja til Reykjavíkur, að hèr er ekki um auðugan garð að gresja með húsrúmið, og virðist það heldur bágt, þegar við liggur að framandi menn verða að liggja hèr á götunum. Slíkt er eigi að eins Reykjavík heldur öllu landinu til minnkunar. Það er haft á orði, að hèr muni koma margir Norðmenn til þessarar hátíðar, og er það oss sannarlega minnkun, þegar

þessir afkomendur landnámsmanna eða ættingjar þeirra verða að liggja undir beru lopti, er þeir koma hèr sem gestir.

Eiríkur Kúld: Mèr er það mjög sárt, að svo óhappalega vill til, að eg eigi get verið með 9. töluliðnum. Hinn háttvirti uppástungumaður skemmdi núna stórum fyrir honum með síðustu ræðu sinni, með því að fara svo langtum lengra, en maður skyldi hugsa eptir undirbúningsumræðuna og eptir sjálfri uppástungunni; þar er að eins talað um 15—20 íveruherbergi, en þetta skildist mèr, að hann nú vildi, að skyldi líka vera nokkurs konar gestgjafahús hèr í Reykjavík; en það segi eg skýlaust, að þetta dregur úr öllum samskotum, því þótt menn út um land aldrei nema unni Reykjavík alls hins bezta, þá munu þó allir telja sèr óskylt, að skjóta saman fè handa henni til þess að koma upp veitingahúsi. Fyrsta uppástunga nefndarinnar þykir mèr langrèttast að standi óhögguð; reyndar er eg viss um, að uppástunga hins 5. konungkjörna þingmanns aldrei hefir til þess ætlað að amast við guðsþjónustugjörð, eða spilla guðrækni; en þegar menn lesa alþingistíðindin, og sjá að stungið hefir verið upp á því, sem nefndin fer á flot, en það kemur þó hvergi fram að lyktum, þá er eg hræddur um, að sumir kunni að hneykslast á þessu, og verði það samskotunum til fyrirstöðu, ef eigi er haldið fram uppástungunni um guðsþjónustugjörð. Þar sem þingmaður Skagfirðinga lèt sèr ægja, er hann hugsaði til þess, að vèr eigi mundum komast af með minna til sómasamlegs húss, en 70,000 rd., þá segi eg honum, eg horfi eigi í að greiða 6. tölul. mitt atkvæði, þótt húsið yrði 80,000 dali; við eigum að gera samskotin svo ríflcg sem oss er unnt, og svo treysta því, að oss komi einhver hjálp ef á liggur, enda frá útlendum mönum; við höfum hèrna við hliðina á oss nýbyggt hús, sem er órækt merki þess, að vèr stöndum eigi ætíð einir uppi.

Jón Sigurðsson: Eg var eigi við undirbúningsumræðuna í þessu máli, og er því eigi kunnugt um undirtektir manna þá. Enda þó eg nú í allri aðalstefnunni sè samþykkur nefndinni, getur mèr þó eigi annað en fundizt hún í mörgum greinum hafa farið vel langt í uppástungum sínum. Það er nú fyrst að geta þess, að hún stingur upp á að byggja skuli alþingishús, og tiltekur að það skuli verða í Reykjavík, og í sumum viðauka og breytingaratkvæðunum er ákveðið, úr hverju efni það skuli byggjast, hvernig það eigi að vera innrèttað o. s. frv. allt saman þetta áður en einn skildingur er fenginn til smíðarinnar, eða nokkur von fyrir að

hann fáist; sè þetta eigi að byggja loptkastala, þá veit eg eigi hvað það er. Aðalatriði málsins er sjálfsagt það, að hvetja menn til þess að leggja fè til þjóðhátíðahaldsins; en með öllum þessum fastbundnu uppástungum er eg viss um menn fremur spilla fyrir málinu en bæta. Meðal annars þetta að byggja skuli hús handa alþingi Íslendinga í Reykjavík, mun heldur verða því til fyrirstöðu meðal almennings, að talsvert fè verði lagt af mörkum til fyrirtækisins. Eg veit svo mikið, að það lifir enn víða úti um land sú skoðun, að Reykjavík sè eigi sá haganlegasti staður fyrir alþingi; þeir sem nú eru þeirrar skoðunar munu varla finna neina sèrlega hvöt hjá sèr til þess að leggja fè til að koma upp alþingishúsi einmitt á þeim stað, er þeir má ske ekki vildu hafa þingið á. Út af því, sem stendur í 2. tölulið hèr á atkvæðaskránni, að halda skuli almennt samsæti í minningu Íslands byggingar, skal eg geta þess, að menn kunna nú að halda, að það eigi líka að standa í Reykjavík (*Sveinn Skúlason:* Það stendur almenn samkvæmi). Á atkvæðaskránni stendur *almennt samkvæmi.* (*Forseti:* Eg bað við undirbúningsumræðuna að leiðrètta prentvillu þá sem orðið hafði; það á standa almenn) og svo eigi að verja fènu til þessa samkvæmis, og held eg að sú ákvörðun verði síður en ekki hvöt fyrir almenning til samskotanna. Það er því að mínu áliti rèttara að hafa óákveðið að þessu sinni, til hvers að fè því sem safnast kynni, skuli verða varið. Því fyrst málið er nú orðið alþingismál, og verður það framvegis, svo að almenningur getur fengið fullan atkvæðisrètt um það, á hvern hátt fènu skuli varið, þá hafa menn fengið fulla trygging fyrir því, að það verði gjört samkvæmt ósk og vilja alþýðu. Eg hneigist því helzt að meiningu þeirra manna, sem vilja skjóta öllum sèrstökum ákvörðunum á frest í þessu máli, heldur sè öll áherzlan lögð á það, að fá samskotin sem eindregnust, og felli eg mig bezt við 3. og 4. tölulið, og èr eg sannfærður um, að hvorn þeirra sem menn aðhyllast, þá muni það vera til að bæta fyrir málinu.

Arnljótur Ólafsson: Atkvæðaskrá þessi gjörir þau áhrif á mig, að eg þykist glöggt sjá, að menn hafa verið í vafa um, hvernig þeir mundu kjósa sèr minningarhátíð um Íslands byggingu. Einn vill þetta, annar vill hitt. En mèr finnst að vèr eigum að minnast landnáms vors með sama hug sem landnámsmenn vorir komu hingað, reistu sèr byggðir og bú o. s. frv. Ísland var byggt af hinum göfgustu mönnum, sem ekki þoldu ofríki og yfirgang

konunga sinna; þessi ættgöfgi er hið mesta hól og gersemi, er vèr Ísendingar eigum eptir, og ættfræðin er ein af þeim fræðum, sem almenningur unnir mest og skilur bezt. Eg vil nú spyrja, á alþing að setja sig svo lágt, að það lýsi því yfir, að allt frelsisblóð sè runnið úr æðum vorum? Nei, heldur eigum vèr að sameina alla krapta vora, og byggja hús af steini handa alþingi, til endurminningar um alþingi hið forna á Öxarárhrauni, og handa alþingi voru, svo sem það *á að* verða; en vèr ættum að byggja húsið úr torfi, ef vèr ætlum oss að hafa alþingi alla tíð eins og það er nú. Vèr eigum að byggja húsið af íslenzkum steini, af því að hann er varanlegur, og af því að vèr viljum allir, að alþing rísi úr ösku sinni. Þetta gefur mèr þá hugmynd, að vèr eigum í stjórnmálum vorum að byggja grunnmúr Íslands frelsis úr íslenzkum steini, svo eigi þurfi annað en byggja ofan á jafnskjótt og þörf gjörist. Hvað kostnaðinum viðvíkur, þá tiltók eg það minnsta eða frá 12 til 17 þúsund ríkisdali, aðrir hafa tekið það fram, að ekki mundi veita af 60 til 70 þúsund ríkisdölum til byggingarinnar; það væri gott, ef þetta gæti fengizt, en menn verða þó að gæta þess, að þjóðin verður að sníða sèr stakk eptir vexti. Þjóðin verður að dæma, hve veglegt hún vill hafa húsið; ef 2 skildingar koma á hvern mann í landinu, eða ef eitt snapsvirði er sparað fyrir hvern mann, þá fá menn þó inn eitthvað um 12 þúsund dali, og með 4 skildingum á hvern mann, fá menn milli 20 og 30 þúsund dala; en vildu menn nú leggja fram eina portvínsflösku fyrir nef hvert, þá mundu menn fyrir fè þetta geta byggt veglegt steinhús handa alþingi. Látum þjóðina segja, hvers hún virðir þingið, en virðum oss sjálfa eigi of lágt eður sem snapsþing.

Benidikt Sveinsson: Út af því, sem hinn háttvirti vinur minn, þingmaður Borgfirðinga, tók fram, sem sè, að atkvæðaskráin bæri þess ljósan vott, að þingmenn eigi viti, *hvernig* þeir eigi að greiða atkvæði sitt í þessu máli, skal eg geta þess, að eptir mínu áliti, lýsir atkvæðaskráin því ekki síður, að sumir þingmenn ekki einu sinni vita, *hvort* þeir eiga að gefa atkvæði í málinu, svo eg verð að ganga einu feti framar en hinn háttvirti þingmaður gjörði. Eg tek það í þessu efni fram, að 4, tölul. er kominn sannarlega eins og «deus ex machina» inn á þingið, þar stendur, að stofnsettur verði sjóður til *einhvers* nytsamlegs fyrirtækis. Núna fyrst eptir 1000 ár eigum vèr að fara að minnast *nytsamlegra fyrirtækja*, eins og aldrei hafi áður verið um þau hugsað, og landið hafi verið

stjórnlaust. Eg vona, að *petta* breytingaratkvæði aldrei geti komið til greina, enda væri það og gagnstætt öllum þingsköpum, að greiða einu sinni um það atkvæði, sem löglega upp borið. Líkt er nú að segja um 5. tölul., en eg vil að eins bæta því við um hann, að hefði þessi tölul. nokkur staðar getað komizt að, þá hefði hann átt að vera viðauka-atkvæði við lög húss- og bústjórnarfélags Suðuramtsins. 1. tölul. álít eg óhafandi. Það er merkilegt, að hinn 5. konungkjörni þingmaður, sem þó er virkilega hlynntur málinu, ekki hefir fundið annað ráð til að minnast Íslands 1000 ára byggingar en það, *að halda ekki guðsþjónustugjörð um allt land.* Eg tek það aptur upp, að slíkt er óhafandi, því það er beinlínis *ókristilegt.* Viðvíkjandi þeim mótbárum að öðru leyti, að vèr höfum ekki mikils að minnast, þá tek eg það fram, að vèr lifum *af* liðna tímanum, en fyrir ókomna tímann. Vèr lifum *af* forfeðrum vorum, en *fyrir* niðja vora, og eigum því að minnast hvorratveggju, og þessi fagra hugsun hefir vakað sannarlega fyrir nefndinni. Eg skal ekki verja neitt breytingaratkvæði mitt undir tölul. 6. Eg tók það fram um daginn, að orðið *Reykjavík* væri alveg óparft og líka rangt, því *lögin* um það, h*var alþingi* á að vera á sínum tíma, þau ákveða um leið, *hvar alþingishúsið* eigi að standa. Þingmaður Rangæinga hefir rètt fyrir sèr í hugsun þeirri, er liggur til grundvallar fyrir 8. tölul., og vil eg því gefa honum atkvæði mitt; en eg vil aldrei bregða Íslendingum um, að þeir sói fèmunum sínum út fyrir munað og sællíf, því það er rangt; það er ekki vegið hèr eða mælt, hvort þessi fámenna og fátæka þjóð brúkar ver krapta sína en aðrar stærri og ríkari þjóðir; eg vil því taka aptur orð mín um daginn um kaffibollana, og vil heldur spyrja að því, að þó þessir 8 skildingar eður tveggja kaffibollavirði væru nú dregnir af hverjum manni á Íslandi árlega á því tímabili, sem hèr um ræðir, og þessi afdráttur lenti á hinum ómótmælanlegustu lífsnauðsynjum, þá vil eg spyrja, segi eg, hvort nokkur Íslendingur, karl eður kona, mundi ver farinn fyrir það. Eg er sannfærður um, að þeir stæði jafnrèttir eptir sem áður.

Forseti: Að því leyti þingmaður Árnesinga beindist að 4. og 5. breytingaratkvæðinu, og þótti undrum sæta, að þau væru komin á atkvæðaskrána, af því þau væri á móti þingsköpum, og af því það ætti að vera skylda mín sem forseta að sjá um, að þetta ætti sèr ekki stað, þá skal eg geta þess, að eg sè enga ástæðu til að fara þessum orðum um breytingaratkvæðin, því mèr sýnast þau vera

fram komin í fullkomlega réttu formi. Fyrsta breytingaratkvæðið, sem honum þótti óhafandi og óguðlegt, inniheldur ekki annað en það, eins og uppástungumaðurinn hefir skýrt frá, að þingið ákveði ekki í þetta sinn neitt um hátíðarhaldið. Eg skal annars ítreka það aptur, sem eg sagði við undirbúningsumræðuna, að eg held það réttast í máli þessu að fara einmitt eptir uppástungum nefndarinnar og víkja ekki frá þeim. Eg held enda það sé alls ekki hyggilegt að fallast á breytingaratkvæðið undir 6. tölul., því eg skil ekki, að nein veruleg ástæða geti verið til þess, að reisa alþingishús á öðrum stað en í Reykjavík. En þegar það er engum efa undirorpið, þá sé eg enga ástæðu til að vilja eins og fara utan við það.

Benidikt Sveinsson: Eg vil frábiðja mér þau ámæli, að eg hafi sagt, að breytingaratkvæðið undir 1. tölul. væri *óguðlegt*, þó þetta aldrei nema væri sammæli um það; hitt sagði eg, að það væri *ókristilegt* og það segi eg *enn*.

Forseti: Ókristilegt er sama og óguðlegt.

Framsögumaður: Mér datt ekki í hug að skilja breytingaratkvæðið undir 1. tölul. svo, sem það væri neitt ókristilega hugsað, því hinn 5. konungkjörni talaði einungis um, að engin ákvörðun yrði nú tekin um það atriði. En eg held það verði einmitt hvöt fyrir landsmenn, ef ákvörðun nefndarinnar um guðsþjónustugjörðina verður haldið, því þegar þeir sjá, að þetta á að fylgja með eða verða fyrst og fremst gefa þeir ríflegar..

Eg verð að svara hinum heiðraða þingmanni Skagfirðinga, út af því, er hann sagði, að nefndinni hefði yfirsézt að gjöra eigi neina áætlun um, hvað mikið fé mundi þurfa til þess að koma húsinu upp. Eins og tekið var fram við undirbúningsumræðuna, fannst nefndinni með öllu ástæðulaust að gjöra nú þegar nokkra áætlun um það; því það er auðvitað, að húsið verður kot, ef landsmenn verða kotungslega við bæninni, en konungshöll, ef konungshjarta ræður gjöfinni.

Jón Bjarnason: Það skal hvorki verða langt né snjallt, sem eg tala að þessu sinni. Eg held, eins og eg tók fram um daginn, að það verði málinu til fyrirstöðu, ef farið verður nú strax að ákveða að byggja skuli hús handa þinginu. Eg hefi heyrt suma segja, að það gæti verið bæði skólahús og þinghús, það finnst mér hið fráleitasta að ákveða svona stórkostlegar byggingar nú í stað, að eg ekki tali um, að það eigi að vera veitingahús, eins og einn

af þingmönnum hefir hreift, því eg álít það hið mesta óhapp fyrir málið, að slíkt orð komi fram í ræðum manna, og sjáist í tíðindunum. Mèr þykir það ekki heldur lýsa viðkunnanlegari, eður alvarlegri hugsun að mæla og miða samskotin við afdrátt kaffibolla, drykkju «snapsa« portvíns, misu og mjólk; uppástungan og ræður sumra hafa farið fram á að hafa þinghús í Reykjavík, áður hafa nokkrir og það merkir menn, viljað hafa þinghúsið á Þingvöllum, og er óvíst hverjir fái fleiri í hlut. Eg held því að 3. og 4. töluliður heldur bæti málið, að minnsta kosti á eg hægra með að styðja það í mínu kjördæmi, ef ekkert er ákveðið um þessa byggingu, en að eins að fènu skuli varið til einhvers heiðarlegs fyrirtækis, er alþingi á sínum tíma ákveði nákvæmar um. Verði 3. 4. og 8. töluliðir felldir, þá er hæpið, hvað sterk áratog eg tek til þess að styðja málið.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og verður svo gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, sem þingmenn munu hafa prentaða fyrir sèr.

1. tölul. Halldór Kr. Friðriksson, felldur með öllum atkvæðum (21).
2. — Nefndin.

Við þenna tölulið var viðhaft nafnakall:

«já» sögðu:

Eiríkur Kúld.
Halldór Kr. Friðriksson.
Arnljótur Ólafsson.
Benidikt Sveinsson.
Bergur Thorberg.
Björn Pètursson.
Hjálmur Pètursson.
Jón Bjarnason.
Jón Guðmundsson.
Jón Hjaltalín.
Jón Pètursson.
Jón Sigurðsson.
Magnús Jónsson.
Ólafur Sigurðsson.
Páll Vídalín.
Páll Ólafsson.
Pètur Guðjónsson.
Pètur Pètursson.

«já» sögðu:
Sighvatur Árnason.
Stefán Jónsson.
Stefán Thordersen.
Sveinn Níelsson.
Sveinn Skúlason.
Torfi Einarsson.
Fjærverandi voru: Ólafur Pálsson. Stefán Eiríksson.
Og var þannig tölulíðurinn samþykktur með samhljóða 24 atkv.

3. tölul. Jón Bjarnason; felldur með 13 atkv. gegn 8.
4. — Pètur Guðjónsson; felldur með 14 atkv. gegn 7.
5. — Ólafur Sigurðsson; felldur með 17 atkv. gegn 3.
6. — Benidikt Sveinsson; samþ. með 16 atkv. gegn 5.
7. — Nefndin.

Við þenna tölulið var viðhaft nafnakall og féllu atkvæði þannig:

«já» sögðu:	«nei» sögðu:
Eiríkur Kúld.	Jón Bjarnason.
Halldór Kr. Friðriksson.	Jón Sigurðsson.
Arnljótur Ólafsson.	Ólafur Sigurðsson.
Benidikt Sveinsson.	Páll Vídalín.
Bergur Thorberg.	Pètur Guðjónsson.
Björn Pètursson.	Stefán Jónsson.
Hjálmur Pètursson.	Torfi Einarsson.
Jón Guðmundsson.	
Jón Hjaltalín.	
Jón Pètursson.	
Magnús Jónsson.	
Páll Ólafsson.	
Pètur Pètursson.	
Sighvatur Árnason.	
Stefán Thordersen.	
Sveinn Níelsson.	
Sveinn Skúlason.	

Fjærverandi voru: hinir sömu og áður.
Og var þannig tölulíðurinn samþ. með 17 atkv. gegn 7.

8. tölul. Sighvatur Árnason; samþ. með 13 atkv. gegn 2.
9. — Jón Hjaltalín; fallinn við tölul. 8.
10. — Halldór Kr. Friðriksson; felldur með 14 atkv.
11. — Sami; fallinn við 10. tölul.

12. tölul. Nefndin samþ. með 17 atkv.

13. — Nefndin.

Við þenna tölulið var viðhaft nafnakall:

«já» sögðu:	«nei» sögðu:
Eiríkur Kúld.	Hjálmur Pètursson.
Halldór Kr. Friðriksson.	Jón Bjarnason.
Arnljótur Ólafsson.	Jón Sigurðsson.
Benidikt Sveinsson.	Ólafur Sigurðsson.
Bergur Thorberg.	Páll Víðalín.
Björn Pètursson.	Sighvatur Árnason.
Jón Guðmundsson.	Stefán Jónsson.
Jón Hjaltalín.	Stefán Thordersen.
Jón Pètursson.	Torfi Einarsson.
Magnús Jónsson.	
Páll Ólafsson.	
Pètur Guðjónsson.	
Pètur Pètursson.	
Sveinn Níelsson.	
Sveinn Skúlason.	

Fjærverandi voru: hinir sömu og áður.

Og var tölulíðurinn þannig samþ. með 15 atkv. gegn 9.

14. tölul. Við hann var einnig haft nafnakall:

«já» sögðu:

Eiríkur Kúld.
Halldór Kr. Friðriksson.
Arnljótur Ólafsson.
Benidikt Sveinsson.
Bergur Thorberg.
Björn Pètursson.
Hjálmur Pètursson.
Jón Bjarnason.
Jón Guðmundsson.
Jón Hjaltalín.
Jón Pètursson.
Jón Sigurðsson.
Magnús Jónsson.
Ólafur Sigurðsson.
Páll Vídalín.
Páll Ólafsson.

«já» sögðu:

Pètur Guðjónsson.
Pètur Pètursson.
Sighvatur Árnason.
Stefán Jónsson.
Stefán Thordersen.
Sveinn Níelsson.
Sveinn Skúlason.
Torfi Einarsson.

Fjærverandi voru: hinir sömu og áður.

Og var töluliðurinn þannig samþ. með öllum samhljóða atkvæðum (24).

Forseti: Þá er þessari atkvæðagreiðslu lokið. Stiptsyfirvöldunum og landfógetanum mun verða skrifað, samkvæmt því, er þingið nú hefir samþykkt, og þegar þeir hafa tekizt á hendur kosninguna, munu á sínum tíma verða kosnir tveir menn meðal þingmanna til að ganga með þeim í nefndina.

Samkvæmt dagskránni kemur þá þar næst til undirbúningsumræðu nefndarálitið í fjárkláðamálinu. Framsögumaður er þingmaður Árnesinga, og mun hann lesa upp nefndarálitið og skýra frá málinu sem þurfa þykir.

Framsögumaður (*Benidikt Sveinsson*): Nefndarálitið hljóðar þannig:

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 384—390).

Eg vona, að þótt nefndarálitið sè stutt, sè það þó svo úr garði gjört í sambandi við það, hvað mikið hefir verið talað í máli þessu, að fornu og nýju, að eg þurfi eigi að fjölyrða um það að svo stöddu.

Konungsfulltrúi: Eg er hinni heiðruðu nefnd samdóma í því, að þetta mál í raun og veru er eitthvert hið mest umvarðandi mál fyrir landið, og eg skal þess vegna biðja þingmenn að taka í það á þann hátt, eins og velferðarmál landsins eiga að meðhöndlast af öllum landsmönnum, en sèr í lagi af fulltrúum þjóðarinnar; það er að segja: Mál þetta á að meðhöndlast með þeirri alvöru, hófi og hugarró, sem einnig getur sannfært þá, sem eru annarar skoðunar; þar sem á hinn bóginn kapp og hávaði sem optast eru vottur þess, að menn annaðhvort ekki hafa rètt að mæla, eða þá, að þeir ekki hafa traust til þess, sem þeir sjálfir segja.

Eg skal fúslega játa það, að í mörgu hefir mönnum yfirsèzt í

kláðamálinu, eptir því sem eg fæ bezt sèð, bæði frá niðurskurðarmanna og lækningamanna hálfu; en það stoðar ekki nú að grafast eptir því, því hvorki er ætlandi, að málspartarnir verði á eitt sáttir um það, nè heldur geta háværar tölur hèr í salnum útrýmt kláðanum. En þegar í hitt hið fyrra alþingið aðhylltist frumvarp stjórnarinnar með einstökum breytingum, sem stjórnin í öllu verulegu fèllst á, þá gátu menn vonazt þess, að nú mundi heppnast að útrýma kláðanum, með því að nú voru allir samdóma um meðferðina á honum. En þessu fór fjærri, vegna þess að þetta samlyndi bráðlega sýndi sig að vera að eins í orði kveðnu eða á pappírnum en ekki í raun og veru. Því landsmenn sögðu, að tilskip. frá 5. janúar f. á. heimilaði bæði varðhald og niðurskurð, þó sèrhver heilvita maður, sem getur lesið og skilið, hvað hann les, gæti sèð, að hvorttveggja þetta lá fyrir utan tilskipunina. Nú fór því sem áður; menn höfðu ekki traust til laganna, eða til yfirvaldanna, sem áttu að framfylgja þeim; áður en mögulegt væri, að reynslan gæti sannað, hvort tilskipunin væri brúkanleg og nægileg, hvort yfirvöld landsins gætu framkvæmt þau til hlítar, var dómurinn felldur í hinum fjarlægustu hèruðum landsins og dómurinn var svo látandi: Tilskipunin er alveg óbrúkanleg, en niðurskurður og varðhald sem hún bannar, eru hin einustu tryggjandi meðöl gegn kláðanum. Tilskipunin hefir verið í gildi nú hèr um bil í eitt ár; henni hefir verið framfylgt með alvöru og alúð; árangri þeim sem mögulegt var að ná í eitt ár, er náð; kláðanum er annaðhvort alveg útrýmt eða svæði hans að minnsta kosti töluvert þröngvað. Það verður ekki mögulegt fyrr en í haust í rèttunum að fá fullkomna vissu um ástandið í þessu tilliti. En eigi að síður stingur hin heiðraða nefnd nú þegar upp á að beiðast viðaukatilskipunar við tilskip. 5. jan. 1866; — mèr þykir þetta ofsnemmt, því varlega má breyta lögum þeim, sem eru byggð á þeim grundvelli, sem tilskip. 5. jan. f. á. hvílir á, þ. e. á samhljóða skoðun stjórnarinnar og álit þingsins. Nefndin tekur það fram til síns máls, að þingið ekki fèllist á frumvarp stjórnarinnar í þeim skilningi, sem lögunum síðan hefir verið beitt, en eg fæ ekki sèð, að þessi mótbára nefndarinnar hafi neitt við að styðjast, því það er sjálfsagt: það er ekki í umræðunum á þinginu eða í því, sem sèrhver þingmaður máske hefir hugsað sèr, að stjórnin á að sjá álit þingsins, en það er í atkvæðagreiðslunni, og í henni kom ekkert fram, sem getur mælt fram með skoðun nefndarinnar. En þó að það eptir minni mein-

ingu yfir höfuð sè mjög ísjárvert að breyta lögum áður en reynslan er búin að sýna og sanna, að þau þurfi breytingar — og þetta hefir, hvað tilskipunina frá 5. janúar. f. á. snertir, eins og eg nýlega tók fram, reynslan enn þá ekki sannað, af því hún hefir ekki getað sannað það — skal eg þó ekki neita því, að sèrstakar kringumstæður gætu mælt með undantekningum frá þessari almennu reglu. Hvort þetta nú eigi sèr stað í máli því, sem nú liggur fyrir, um það geta verið ýmsar skoðanir hjá mönnum, og eg skal ekki rekja þetta spursmál út í æsar, en einungis taka það fram, að eptir því sem liggur fyrir, ekki í lausum fregnum, heldur í opinberum skýrslum frá hreppstjórunum og aðstoðarmönnum þeirra, virðist mèr ekki vera þörf á þess konar viðaukatilskipun, sem nefndin stingur upp á. Hvað nú sjálfa uppástungu nefndarinnar snertir, þá skal eg játa það, að eptir minni meiningu getur niðurskurður vel samrýmzt lækna-ákvörðunum í kláðamálinu eða farið jafnhliða lækningum, en það er að segja þegar *ómögulegt* er að halda lækningum uppi á fulltryggjandi hátt. Ef maður vill sameina niðurskurð við lækninga-aðferðina, þá er nauðsynlegt að binda reglurnar um niðurskurð alveg föstum skilmálum; það er nauðsynlegt bæði gagnvart eigendum hins sjúka og grunaða fjár, og gagnvart þeim, sem eiga að borga þeim skaðabætur; það er ekki aðgengilegt, eins og gjört er í 1. gr. frumvarpsins, að binda þessar reglur við það sem hentar bezt, því með þessu verður amtmönnunum veittur svo óákveðinn myndugleiki, að hann mun ráðast í að beita honum, að minnsta kosti, ef hann er, eins og hann á að vera, alveg óvilhallur í þessu máli. Eg fyrir mitt leyti held, að svo fari, ef myndugleiki amtmannsins ekki verður fastar ákveðinn, að hann í mörgum tilfellum muni verða í mesta vafa um það, hvað hann á að ákveða. Að líkindum hefir amtmaðurinn ekki meira skynbragð á kláðanum en hlutaðeigendur sjálfir; því eigandi hins sjúka eða grunaða fjár vill máske setja sig gegn niðurskurðinum, en aðrir vilja framfylgja honum; þá fer, eins og hingað til; hver partanna stendur fastlega á því, að hann einn en enginn annar hafi þekkingu á kláðanum og meðferðinni á honum, eða með öðrum orðum: allir landsmenn eru sannfærðir um það, að þeir sjálfir einungis þekki kláðamálið til hlítar, og svo lengi sem menn eru á sama máli og maður sá, er menn eiga tal við, þá hrósar hann kunnáttu og dugnaði þeirra, en að öðrum kosti segir hann, að þeir hafi ekki neina þekkingu eða skynbragð á málinu.

Þetta eru einhver hin mestu vandræði hèr í landinu, að menn vanta í þessu máli *Sagkyndig Authoritet,* sem menn svo kalla, þ. e. að segja, að vèr höfum ekki þann mann, sem allir hafa traust til í þessu máli og undir hvers úrskurð allir eru fúsir til í vafasömum tekniskum spursmálum að beygja sig. En úr þessum vandkvæðum bætir frumvarpið alls ekki, og þess vegna held eg, að myndugleiki sá, sem ætlazt er til, að amtmönnum sè gefinn til þess að ákveða niðurskurð, muni verða árangurslítill, þar sem amtmaðurinn ekki hefir sèr mann til aðstoðar, sem hann í þessu efni getur haft fullt traust til, það er að segja duglegan dýralækni Ef þingið vill gefa frumvarpinu atkvæði sitt og þar hjá gjöra það svo úr garði, að stjórnin geti fallizt á það, þá held eg að nauðsynlegt sè að bæta við ákvörðuninni um það, bæði að amtmönnum sè leyft að taka sèr til aðstoðar examíneraðan dýralækni, og að kostnaður sá, sem þetta hefir í för með sèr, borgist á sama hátt og virðingarupphæðin eptir 2. grein. Á móti frumvarpsins 2. og 3. grein hef eg ekki neitt, þó virðist mèr einnig nauðsynlegt í 3. grein að ákveða nákvæmar, bæði innan hvers tíma skaðabæturnar og annar kostnaður á að borgast, og hvernig eigi að jafna niður gjaldinu hvort eptir tölu fjársins í búnaðartöflum hins undangangandi árs, eða að öðrum kosti hvernig; því sjálfsagt mun amtmaður sá, sem hlut á að máli, eiga að endurskoða og úrskurða reikningana, en þar næst á hann að snúa sèr til hinna amtmannanna um endurborgun eptir hlutfalli því, sem ákveðið verður — en ákvörðun um þetta hlutfall milli amtanna verður að bæta við, ef frumvarpið á að geta kallazt aðgengilegt. Hvað 4. grein snertir, þá hefir stjórnin áður lýst yfir skoðun sinni um varðhald, og þessi skoðun er, held eg, einmitt byggð á ástandinu hèr á landi, sem gjörir það ómögulegt að setja áreiðanlegan vörð; en ef vörðurinn ekki er fulltryggjandi, og það getur hann ekki verið nokkurs staðar hèr í landinu, þá er hann eptir minni meiningu fremur til skaða en til gagns, og þar hjá hefir hann mikinn kostnað í för með sèr, svo eg held, að stjórnin geti ekki fallizt á þessa grein, en á hinn bóginn þegar nú er stungið upp á, hvernig borga skal kostnaðinn, er ákvörðunin máske aðgengileg. Þar sem vísað er til samkomulags milli amtmannanna um þær hèraðlútandi ráðstafanir, held eg, að þetta geti ekki skilizt á annan hátt, en að meiri hluti amtmannanna, þegar ágreiningur verður milli þeirra, ráði málalyktum.

Eg skal aptur taka það fram að eg álít frumvarpið ónauðsynlegt og ræð þess vegna þinginu frá að gefa því atkvæði sitt, en ef þingið eigi að síður vill aðhyllast frumvarpið, þá hef eg álitið skyldu mína að benda á breytingar þær, án hverra það eptir minni meiningu er óaðgengilegt.

Um 2. niðurlagsatriði nefndarinnar ætla eg ekki að ræða í dag; eg hélt, að þessi hluti málsins væri útkljáður frá þingsins hálfu, því í öðrum *parlamentariskum* samkomum er ekki venjulegt að afgreiða hið sama mál í dag á einn veg en á morgun á annan.

Framsögumaður: Það gladdi mig að heyra það á ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa, að hann álítur mál þetta eitt af velferðarmálum vor Íslendinga, því í því hlýtur að liggja, að það þurfi að gjöra allt, sem unnt sé, til að hjálpa því við, og koma því í rètt horf, og í þessu liggur aptur ómótmælanlega, að gjöra þurfi annað og meira í því en gjört hefir verið hingað til. Nefndin hafði einnig þessa skoðun á málinu, og af því leiddi, að hún áleit nauðsynlegt að gjört yrði *eitthvað*, og þetta *eitthvað* væri það, sem reynslan er búin að benda á, að vantað hafi, og sem bezt gæti sameinazt við það sem afgengið er frá hálfu þjóðar, þings og stjórnar. Eg skal eigi að svo stöddu ræða um það, hvort nefndinni hafi heppnazt að þræða þann rèttasta veg í þessu tilliti; en eg ætla að eins að víkja því einu að ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa, viðvíkjandi því sem hann sagði, að nefndin hefði ekki haft ástæðu til að leggja annan skilning, en stjórnin hefði gjört, í fjárkláðatilskipunina um verðina; að eg álít það ómótmælanlegt, að nefndin hafi haft fyllstu ástæðu til þess, því þingið 1865 lagði allt annan skilning í 4. gr. tilskipunarinnar, eins og sjá má af umræðunum þá á þinginu, heldur en stjórnin gjörði. Eg vona eg geti, ef með þarf, lesið það upp úr þingtíðindunum frá 1865, að þingið skildi þessa ákvörðun allt öðruvísi en stjórnin. Eg álít það að öðru leyti skyldu mína, og eg vona, að meðnefndarmenn mínir gjöri það einnig fyrir sitt leyti, að íhuga, hvort nefndin ekki getur fallizt á breytingar þær við frumvarpið, sem hinn hæstvirti konungfulltrúi benti til, og áskil eg mèr og nefndinni í heild sinni rètt til þessa. Eg vil loks geta þess, að bæði eg og nefndin og þingið eigi á þessu stigi málsins að gæta vel að því að einblina ekki um of á hinn ámliðna tíma, heldur gæti hans að eins í sambandi við hinn ókomna til nýrra og gagnlegra úrræða.

Eiríkur Kúld: Eg er reyndar í nokkrum vafa um uppástungu

nefndarinnar, því mèr geðjast ekki alls kostar að henni; það sem eg helzt hefi á móti henni, það er það, að hún er ekki sanngjörn, og lýsir það sèr í því, að Vesturamtið á að borga jafnmikið og hin ömtin, og er það þó strjálbyggðast og fátækast af fè, og vil eg því áskilja mèr breytingaratkvæði við 4. grein, í þessa átt. Hinn háttvirti framsögumaður sagði, að menn ættu ekki að horfa á hinn umliðna tíma, heldur á þann ókomna. En eg vil spyrja hann: Hvernig eiga menn að skoða ókomna tímann, hvað þetta mál snertir, án þess að líta aptur fyrir sig, til þess sem liðið er? Þingið tók máli þessu vel 1865; það samþykkti frumvarp stjórnarinnar, því menn héldu, að kláðanum mundi linna, ef lögin fengist. Eg sè nú reyndar ýmsa agnúa á lögum þessum, og það sè eg einna lakast, að dýralækna vantar, því nú er kláði hèr ekki á því stigi, að duglegir dýralæknar mundu eigi geta læknað hann, og gætu þeir það ekki, þá væri að skera, en eg vil ekki, að kostnaðurinn falli á norður- og vestur amtið, heldur á þá sem ala kláðann; það má aptur hlaupa undir bagga með þeim, þegar þeir eru búnir að útrýma kláðanum, en hve nær það sè, verðum vèr að fá dýralæknir til að skera úr, eptir því sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, er hann vildi hafa »autoritet», annars væru yfirvöldin rengd (*Arnljótur Ólafsson:* Teitur). Það er einmitt galli á uppástungu nefndarinnar, að talað er um lógun á sjúku og grunuðu fè, án þess getið sè, hver dæma skuli um heilbrigðisástand fjárins. Menn eiga kann ske að velja sèr nefnd, eins og nefndina sálugu í Reykjavík; það veit eg ekki, hvort væri svo ráðlegt; að minnsta kosti get eg nefnt einn mann, sem hèr situr, er segir að fè sitt sè veikt fyrir aðgjörðir nefndarinnar (*Arnljótur Ólafsson:* Hver er það?) Hinn 5. konungkjörni þingmaður; eg vil geyma mèr rètt til breytingaratkvæðis einnig í þessu tilliti, ef mèr svo sýnist. Eg vildi, að nefndin hefði stungið upp á, eða vildi skýra mèr frá, hversu há laun virðingamennirnir eiga að hafa; það er þó fróðlegt að vita, hvort þeir eiga að fá 32 sk. eða 3—6 dali, þegar að norður og vesturamtið eiga að bera kostnaðinn, því eg vildi gjarna vita hèr um bil, hve mikið mundi koma á mitt kjördæmi. Það var rètt sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram, að á báðar hliðar hafa menn hlaupið í gönur í máli þessu, og ættu menn nú að láta sèr vera hugfast að gjöra það ekki framar að kappsmáli. Einungis þykir mèr uppástunga nefndarinnar ekki full sanngjörn.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg stend nú upp, þótt eg standi

upp nauðugur, en orð þingmanns Barðstrendinga neyða mig til þess, þar sem hann bar það fram, að eg hefði sagt, að fé mitt væri veikt fyrir aðgjörðir nefndarinnar, sem sett var hèr í Reykjavík 1867. Það er satt, að eg ætla víst, að allar ráðstafanir í fjárkláðamálinu, síðan nefndin var sett, séu runnar frá henni; en þessar uppástungur hafa aldrei sèzt, og enginn fengið að vita um þær, og þegar eg hefi kvartað undan aðförum þeim, sem við mig hafa verið hafðar, þá hefir mèr verið svarað því, að það væri samkvæmt reglum þeim, sem settar hafi verið, en þær reglur hafa aldrei verið kunnar gjörðar. Eg ætla reyndar, að flestar þessar ráðstafanir hafi komið frá nefndinni, en þó hefi eg ekki sagt, að það væri aðgjörðum hennar að kenna, að fé mitt hefði veikzt, heldur aðgjörðum yfirvaldsins. Eg verð að lýsa því hèr yfir í heyranda hljóði og hver sem á móti mælir, að fé mitt var baðað í janúarmánuði í kuldaveðri, og hafði þó engi kláðavottur í því fundizt, þótt búið væri að margskoða það; en viku síðar var það orðið veikt. Þetta sýnir ekki annað en að þeir, sem við lækningarnar fást, eru ekki inn í þeim, og vita ekki, hvað skepnunni hentar, enda er það kunnugt, að kindur hafa verið baðaðar og við það veikzt svo, að þær hafa sofnað út af alveg (*Arnljotur Ólafsson:* Góðar eru lækningar!!) Það er satt, þær eru góðar, en það verður að fara vel með þær eins og annað. Það dugar ekki að baða án þess að taka tillit til, hvernig og hve nær það er gjört. Eg er að öðru leyti samdóma hinum hæstvirta konungsfulltrúa, og ætla ekki að fara lengra út í mál þetta, sem eg ekki hef talað orð í um 2 hin síðustu þing.

Framsögumaður: Eg sagðist reyndar ekki ætla að tala um hin einstöku atriði málsins, en eg neyðist til að svara 2 atriðum, er varaþingmaður Barðstrendinga tók fram. Mèr þykir það vera nokkuð skrítið að vera að tala um dýralækni þegar á að skera, en ekki þegar á að lækna. Eg vil spyrja hann, hvort nefndin hafi farið eina hársbreidd fram yfir lögin af 6. janúar 1866. Ef vèr þurfum dýralækni til að segja okkur, hvernig á að skera niður, þá þyrftum vèr líklega dýralækni til að segja okkur, hvernig fara ætti að lækna. Það er hægt að segja að lækna; vèr vitum að það má, en spursmálið er, hvernig að því skuli fara. Eg gæti sannað, að erlendur dýralæknir hafi látið fé drepast upp í Borgarfirði sökum rangrar lækninga-aðferðar, eg gæti sannað þetta, ef eg vildi, með opinberum skýrslum áður en mál þetta er úti. Það er ekki nóg að

ganga á dýralækningaskóla í Kaupmannahöfn; menn verða að taka tillit til loptslagsins hèr og ýmsra kringumstæða; þeir hafa sýnt sig hèr þessir dýralæknar, og hefir enginn betur reynt en eg sjálfur, hvað þeir duga til. Eg bendi með þessu ekki til ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa, heldur varaþingmanns Barðstrendinga. Hið annað atriði, sem hann hreifði, var um borgun handa virðingamönnunum; en hann hefir eflaust ekki lesið vel uppástungu nefndarinnar; nefndin hèlt, að nóg væri að hafa hinn sama grundvallar-mælikvarða, og í lögunum af 6. jan. 1866 í 4. grein, og vona eg, að þegar gjaldið leggst á vesturamtið eptir henni, þá muni menn sjá, að það sè ekki gjört mælikvarðalaust.

Eiríkur Kúld: Eg skal einungis svara þingmanni Árnesinga því, að ef hann ber mèr á brýn, að eg kunni ekki að lesa, þá hef eg fullkominn rètt til að snúa því upp á hann, því, ef það er satt sem hann sagði, þá hlýtur að vera prentvilla í 3. grein á atkvæðaskránni; hann misskildi mig og, þar sem hann hèlt, að eg vildi hafa dýralækni til þess að segja til við niðurskurð, hann á að segja, hvað skera á; hvað kostnaði viðvíkur þá var mín meining að hvort amt stæði straum af sínum lækni. Eins og eg vil eigi, að Vesturamtið borgi þeim dýralækni, er Suðuramtið eitt þarf og hefir, eins ætlast eg til, að Vestfirðingar beri einir þann dýralækni, er þeir kunna að biðja um.

Benidikt Sveinsson: Út af prentvillu þeirri, sem hèr um ræðir, skal eg þó geta þess, að hèr er vísað til þeirra gildandi laga; að útvega dýralækni í þessu tilliti, álít eg einungis til þess að gjöra kláðann myndugan hèr í landi; hann er orðinn svo víða kunnur hèr, að honum með þeirri aðferð, væri trúandi til að komast bæði austur, vestur og norður.

Jón Guðmundsson: Eg verð nefndinni alveg samferða í tilætlun hennar, að því leyti að eg vil styðja að því, að sem fyrst verði unnin bilbugur á þessum leiða og skaðvæna fjárkláða, og að hann verði alveg upprættur; en eg get engan veginn fallizt á meðal það eða úrræði til þess, sem uppástungur nefndarinnar stefna að; þessi hugsun varð mèr ljós, þegar er eg las nefndarálitið, en hún varð þó enn ljósari, við ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa. Eg ímynda mèr, að framsögumaður hafi huggað sig svo mjög við ræðu konungsfulltrúa og því hrópað of fljótt húrra. Eg get heldur ekki betur sèð, og verð að því leyti að vera samdóma konungsfulltrúa en að þessi viðaukalög, sem nefndin vill kalla, niðurbrjóti

lækningalögin frá 5. jan. 1866, sem þau einmitt eiga að vera viðauki við, og að styðja. Eg álít það einnig rètt, sem konungsfulltrúi sagði, að það sè helzt of snemmt að breyta lögunum frá 5. jan. 1866 nú þegar, eða að biðja um ný lög, sem fara í gagnstæða stefnu, og að það þurfi að framfylgja þeim fyrst lengur en svona 1 ár; eg álít það því einungis sem nokkurs konar hnykk eða vindhögg af nefndinni, að vilja telja stjórninni trú um það með eintómu nafninu «*viðaukalög*» við lækningalögin, að þessi viðauki stefni að engu, nema hreinum og beinum lækningum, alveg eins og tilsk. 5. jan. 1866, en hins vegur telja þinginu og þjóðinni trú um það, sem reyndar liggur miklu nær, að hèr sè farið fram á niðurskurð, beint eptir bænarskránum, og þegar allt þetta er þannig skoðað í kjölinn, þá er frumvarp nefndarinnar til að þoka málinu aptur á bak en ekki áfram. Eg álít og, eins og konungsfulltrúi gat um í ræðu sinni, að lækningar og niðurskurður ekki einungis í sjálfu sèr geti samrýmzt, heldur og eptir lögunum frá 5. jan. 1866. Ef vèr hèr ættum að fara að búa til viðaukalög við lögin frá 1866, þá ætti þessi viðauki ekki að ganga út á að *breyta* þeim, heldur stefna að því að styrkja þau, gefa þeim víðari verkahring og eindregnari, sem eiga að framfylgja lögunum. Það sem þetta leiða mál hefir búið að frá fyrsta, og býr að enn í dag, er það, að allt af hefir verið klifað á því, að enginn landsmanna ætti að hafa vit á lækningunum, eða hvort læknað væri, ekkert vit á meðferð fjárins, ekkert vit á því, hvað mörgu sjúku fè hèr yrði komið við að lækna, og ekkert vit á því, þó þeir segðu það, að sumarsamgöngur hins sjúka fjár við ósjúkt væri miklu háskalegri til að útbreiða kláðann viðs vegar heldur en á vetrum, er sízt væri að óttast. Þetta hefir jafnan verið barið blákalt fram af hendi stjórnarinnar og af lækningamönnunum, og er enn í dag, eins og vèr nú höfum heyrt hèr á salnum, og þetta, einmitt þetta, hefir sett málið og haldið því í þeirri ôfugu stefnu, sem það allt af hefir verið í og hleypt að þessum leiða og háskalega spenningi milli stjórnarmannanna og allra fjáreigenda í landinu. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að hèr þyrfti «sagkyndig autoritet» til að skera úr málinu; en eg veit ekki, hver frèmur getur verið «sagkyndig autoritet» eða það vald sem þekkir til hlítar, og er einbært um að afráða, hvað gjöra skuli heldur en einmitt bændur sjálfir, sjálfir fjáreigendurnir í landinu, er það nú, þegar þeir eru búnir að berjast við kláðann, og reyna sig til þrautar á kláðanum nú í 11 ár. Vèr þurfum ekki að sækja

leyfi til annara til að skera, því hèr er um vora eign að ræða, og vèr getum samt sem áður hlýtt yfirvöldum vorum, hvað lækningarnar snertir. Eg legg mikið, og eg legg í rauninni allt, í þenna rètt sem vèr höfum; við getum komið oss saman um að skera niður, til þess bæði að firra sjálfa oss kostnaði og verja aðra fyrir yfirvofandi háska og eyðileggingu er yfir vofir ef sýkin útbreiðist. Eg vildi því, ef málinu væri haldið áfram, beina því í þessa átt, og ganga út frá því sem óyggjandi grundvallarreglu, að lækningar og niðurskurður geti samrýmzt, og er þá hèr tvennt sem vantar til að styðja þenna náttúrlega og sjálfsagða rètt landsmanna sjálfra til að afráða það, sem þeir sjá að fènaði þeirra hentar bezt, og þeir sjá velferð sjálfra sín og annara bezt borgið með, en það er ekki vilji og úrskurður amtmannanna, og dýralækningaráðsins í Kaupmannahöfn, eins og nefndin heldur fram í frumvarpi sínu, heldur er það þetta, að löggjöfin leggi fremur hvatir en hindranir fram til þess að koma á niðurskurðar samtökum, þegar lækningarnar ekki takast, og almennur háski vofir yfir af útbreiðslu. Hitt sem einnig af þessu flýtur að sjálfsögðu er það, að ekki einstakir menn með þvergirðingsskap geti hindrað samtökin, og þannig verið almenningsheill til fyrirstöðu, og eg vil segja, til bölvunar, enda er það og gagnstætt almennum lögum, að 1 eða 2 menn, einungis með þrjózku og þverúð sinni, megi viðhalda, eða stuðla til að viðhaldist, það ástand, sem almennri nauðsyn er gagnstætt, og almennings heill til fyrirstöðu, en getur valdið almennri eyðileggingu, og til þess, að þetta ekki gleymist út úr lögunum, hefi eg ásett mèr að taka mèr breytingaratkvæði við frumvarp nefndarinnar í þessa stefnu.

Konungsfulltrúi: Það var undarlegur misskilningur, sem kom fram frá hálfu hins háttvirta þingmanns Vestur-Skaptafellssýslu, að eg hefði átt að segja, að niðurskurður og lækningar gætu samrýmzt eptir tilskip. 5. jan. 1866; eg tók þvert á móti öldungis skýrt fram, að niðurskurður og varðhald lægju alveg fyrir utan tilskipunina og að hún bannaði hvorttveggja. En þegar eg seinna talaði um frumvarpið, sem nú liggur fyrir þinginu, þá sagði eg, að eptir minni meiningu gæti niðurskurður frumvarpsins samrýmzt lækningameðferðinni eptir tilsk. 5. jan. 1866, — sjálfsagt — ef frumvarpið yrði lögleitt.

Jón Guðmundsson: Út af því, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, skal eg einungis geta þess, að eg hafði skrifað þau

orð eptir honum, er eg vitnaði til í ræðu minni. Konungsfulltrúi sagði reyndar fyrr í ræðu sinni, að í tilsk. 5. jan. 1866 lægi engin heimild fyrir amtmennina, hvorki til að skipa niðurskurð nè almenna fjárverði; þetta hefi eg einnig skrifað eptir honum. En hann sagði seinna í ræðu sinni á þá leið, eptir því sem mèr skildist og eg einnig teiknaði hjá mèr, að lækningar og niðurskurður gæti farið samhliða eða það gæti hugsazt, að þetta færi samhliða til að uppræta kláðann eða útrýma honum; og þetta er líka ómótmælanlega satt, eins og reynslan hefir sýnt.

Framsögumaður: Eg held eg hafi skilið ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa fullt eins rètt og þingmaður Vestur-Skaptfellinga, og viðvíkjandi því, hvort frumvarp nefndarinnar upphefji grundvallarregluna í lögunum frá 5. jan. 1866, þá er það misskilningur, sem hann lætur í ljósi í þessu efni; eg vildi bara óska, að þingmaðurinn gæti sýnt mèr, hvort það væri hægt að ganga nær lögunum frá 1866 í sömu átt, en nefndin gjörir; það er auðvitað, að nefndin hefir stungið upp á *viðaukalögum,* en ekki *viðauka-samtökum*, eins og þingmaðurinn virðist að vilja ráða til; eg fæ heldur ekki sèð, hvernig hann án laga-ákvarðana geti hindrað einn einstakan mann frá því að fara þá leið í þessu máli, er honum geðjast bezt að.

Jón Guðmundsson: Eg skal einungis svara þingmanni Árnesinga því, að það er ekki von að hann skilji eins vel breytingaratkvæði mitt, sem ekki liggur fyrir eins og eg skil frumvarp nefndarinnar sem hèr liggur prentað fyrir öllum.

Forseti: Af því svo áliðið er dags, álít eg rèttast, að umræðunum sè hætt að sinni, en eg mun setja framhald umræðunnar á dagskrá til næsta fundar.

Fundi slitið.

---

28. fundur. — 12. ágúst.

Allir á fundi, nema þingmaður Norður-Múlasýslu, er hafði tilkynnt forseta forföll sín, og þingmaður Norður-Þingeyinga, er eigi gat mætt framan af fundi.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi rètt í þessu fengið brèf frá þingmanni Vestur-Skaptafellssýslu, viðvíkjandi *breytingaruppástungum hans við viðaukalagafrumvarp þingnefndarinnar í fjárkláðamálinu,* sem eg fèkk fyrir svo sem hálfri stundu; þingmaðurinn óskar, að breytingaruppástungur þessar verði innlimaðar í undirbúningsumræðuna um frumvarp nefndarinnar, þar það að nokkru leyti sè nýtt frumvarp, og fer fram á, að í þessu skyni verði undirbúningsumræðunni frestað þangað til eptir miðjan dag eða til morguns; en eg held, að þessa sè ekki þörf, því að jafnskjótt og eg fèkk breytingaruppástungurnar, sendi eg þær í prentsmiðjuna, og vona að þær komist innan lítillar stundar prentaðar í hendur þingmönnum, og geti þannig komið til greina í umræðunni. En af því samt sem áður, að nokkur bið kann að verða þangað til þingmenn fá uppástungurnar í hendur, þá ætla eg, ef þingmenn hafa ekki neitt á móti því, að taka fyrst mál það, sem síðar stendur á dagskránni, um stofnun lagaskóla á Íslandi; þetta mál kemur til undirbúningsumræðu. Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga, og mun hann lesa upp nefndarálitið og skýra málið, eptir því sem honum þykir þörf.

Framsögumaður (Eiríkur Kúld): Eg skal þá leyfa mèr að lesa nefndarálitið.

(Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 417—418).

Af því máli þessu var svo vel tekið, þegar það kom hèr fram, ætla eg ekki að tefja fyrir með því að fara að mæla frekar með því, fyrr en eg heyri umræður manna um það.

Konungsfulltrúi: Eins og eg við inngangsumræðuna gat um, að eg fyrir mitt leyti ekki ætlaði að lengja þingtímann með að ræða þetta mál, skal eg því að eins fara svo fáum orðum um það sem unnt er.

Á móti niðurlagsatriði nefndarinnar hefi eg í sjálfu sèr ekki neitt, því það er svo almennt orðað, að það á vel við ósk stjórnarinnar, að lagaskóli sá, sem hèr ræðir um, komist *sem fyrst* á hèr á landi. Að þetta enn þá ekki er skeð liggur í því, að fjárhagsmálið ekki — eins og segir í hinni konunglegu auglýsingu — enn þá er útkljáð, og í þessu tilliti skal eg að eins skýrskota til til þess, sem eg tók fram í málinu um forngripasafnið; það á í öllum atriðum vel við í þessu máli. Hin heiðraða nefnd hefir sleppt uppástungu þingsins frá hitt í hið fyrra, þó að uppástungumaðurinn hafi haldið henni fastlega fram; máske hefir nefndin

betur en hinn heiðraði uppástungumaður skilið, hvers vegna stjórnin ekki hefir lagt fram fyrir þetta þing frumvarp um niðurjöfnun kostnaðarins til lagaskólans eða yfir höfuð að tala, til nokkurs sérstaks málefnis, því þegar menn *vilja* skilja, hver tilgangur stjórnarinnar er með þessu, þá er það auðsætt, að hún hefir ekki annan tilgang með því, en þann, að *praejudicera* ekki neitt mál, sem eptir hlutarins eðli heyrir undir hið löggjafandi alþing — því hún hefir í ár gjört alvarlega tilraun til þess, að alþingi verði veitt fullt fjárforræði. En mèr þykir það undarlegt, að þingmenn vilja álasa stjórninni vegna þess, að hún hefir sýnt þinginu þessa nærgætni.

Framsögumaður: Hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók það fram, að honum þætti undarlegt, að þingmenn skyldu álasa stjórninni fyrir það, að hún hefði eigi lagt fyrir frumvarp um stofnun lagaskóla; en þetta get eg hvorki tekið til mín eða nefndarinnar, það liggur hvergi í nefndarálitinu. Eg skil ekki heldur, hvernig það getur verið máli þessu til fyrirstöðu, að fjárhagsskilnaðurinn er ekki kominn á, því mèr virðist það vera beinasti vegurinn til að ráða máli þessu til lykta, sem nefndin stingur upp á, að fá fè til þessa úr ríkissjóðnum, og getur þá ef til vill svo um samizt, að ríkissjóðnum verði það endurgoldið, þegar fjárhagsaðskilnaðurinn er kominn á. Ef að þingið væri búið að fá fjárforræði, þyrfti það ekki að vera að biðja aðra um fè til þessa fyrirtækis.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, er undirbúningsumræðu þessari lokið.

Þá kemur áframhald af undirbúningsumræðu um fjárkláðamálið. Framsögumaður er þingmaður Árnesinga, og veit eg ekki hvort hann vill taka til máls.

Framsögumaður: Eg ætla að sinni ekki að taka fleira fram en eg gjörði á síðasta fundi.

Forseti: Það er eins og þingmönnum er kunnugt, að eg hefi frá upphafi máls þessa tekið töluverðan þátt í því og fylgt gangi þess; eg vona þess vegna, að hinir háttvirtu þingmenn taki mèr ekki illa upp, þó eg nú fari um það nokkrum orðum; ber það einkum til þess, að mèr finnst nefndin ekki hafa farið öldungis hlutdrægnislaust í málið, eða sagt öldungis rètt frá, eða tekið það rètt fram, sem nú er verulega áunnið í málinu. Eg skal ekki rekja langt sögu málsins, en eg verð þó að fara fáum orðum um gang þess. Fyrst vil eg þá tala um afskipti stjórnarinnar. Nefndin segir, að

ágreiningur hafi verið milli stjórnarinnar og þjóðarinnar, og álítur hún, að hann sè af því sprottinn, að stjórnin hafi blandað sèr í málið á þann hátt, er þjóðinni var ógeðfelldur og framfylgt þeirri stefnu. En eg vil benda mönnum á, að það hið sanna er, að stjórnin tók þetta ekki upp hjá sjálfri sèr að skerast í þetta mál að fyrra bragði, heldur skoruðu amtmennirnir bæði í Suðuramtinu og í Vesturamtinu á hana um vorið 1857, að senda dýralækna hingað, því þá hafði borið á kláða á fè allvíða, í báðum eða enda öllum ömtum; eg man að minnsta kosti glögglega, að amtmaðurinn í Vesturamtinu bað um dýralækni, og kvartaði um kláða í sínu amti. Fyrir þessa sök voru sendir hingað tveir dýralæknar um sumarið 1857, enda sýndi það sig, að þeir voru nauðsynlegir, því hèr í Suðuramtinu var þá mikill kláði á fè, en enginn sá meðal alþýðu, er hugmynd hefði um, hvernig fara skyldi með þenna sjúkdóm, eða einu sinni kynni að baða fè. Eptir hinni sorglegu reynslu frá fyrri tímum hèldu menn almennt, að ekki væri hugsandi til að reyna neitt annað móti kláðanum en niðurskurð. Nú komu þessir dýralæknar hingað um alþingistímann 1857; þeir kenndu þá mönnum að baða fèð og fræddu þá um, hver meðöl skyldi viðhafa. Eg vil benda mönnum til þess, að meðal það, sem nú er tíðkað gegn fjárkláðanum, var enn eigi þekkt, þegar hann geysaði hèr fyrrum. Þá komust þegar margir upp á að lækna, og heppnaðist það prýðilega, þar sem það var gjört með hug og dug, sem sjá má af dæmi Grafningshrepps, er hèlt fè sínu heilbrigðu í mörg ár, og það þó kláði væri í sveitunum umhverfis. Árið eptir 1858 var ástandið orðið talsvert betra, svo að stiptamtmaðurinn, sem hèr var þá, rèði til að senda dýralæknana burtu, með því ærið kostnaðarsamt þótti að halda þá hèr. Þeir fóru þá, sem útlendir voru, en þá urðu skjótt sýnileg umskipti til hins verra, og næsta sumar 1859, var það ályktað að beita enn meiri kröptum gegn þessum sjúkdómi; þeir voru notaðir með alvöru og festu, en þó um leið með þeirri stillingu, að enginn þurfti undan að kvarta og kvartaði heldur ekki. Hèr voru þá hafðar baðanir fram í fjórum sýslum í suðuramtinu, og aðrar ráðstafanir gjörðar til að útrýma sýkinni, og eg er sannfærður um, að seint um haustið 1859 var hèr ekki meiri fjárkláði en svo, að nægilegt var að hafa örugga og árvakra umsjón með ástandi fjárins, og einkum í stöku sveit. Við prófessor Tscherning og eg stungum upp á því við stjórnina, að nefnd manna yrði sett hèr, er það yrði falið á hendur; þar að auki stungum við

upp á, að gjörðar yrði aðrar ráðstafanir til þess að bæta fjárræktina hèr á landi. Nefndin var sett, eptir okkar uppástungu, og fyrir mitt leyti verð eg að álíta, að síðan 1859 hafi engin sèrleg eða stórkostleg hætta verið búin af kláðanum; þær litlu dreifjar, sem eptir voru, hafa smátt og smátt hreinsazt burtu, og mestur hluti fjár þess, sem skorið hefir verið, hefir heilbrigt verið. Þetta játa allir, sem þekkja til. En þegar menn skera heilbrigt fè niður, þá getur það ekki heitið, að sè skorið vegna kláða, heldur af *hræðslu* fyrir kláða. Síðan 1859 hefir sem sagt engin yfirvofandi hætta átt sèr stað. Samt þótti mönnum nauðsyn að fá lög um útrýmingu sýkinnar; bjó þá þingið til frumvarp, sem stjórnin var ekki ánægð með; hún bjó til annað, sem þingið sín megin ekki gat fallizt á; og eptir að þetta hafði gengið um nokkur ár, urðu út úr öllu þessu lögin af 5. jan. 1866. Þetta eru nú aðalatriðin af afskiptum stjórnarinnar í málinu. En þá eru nú afskipti þjóðarinnar. Hún var, eins og eg sagði áðan, kláðanum öldungis ókunnug, og stóð verulega ráðalaus; það var því von, að hún vildi reyna, hvort ekki mætti lækna kindurnar; og að margir færi að reyna það, en hitt var líka eðlilegt, að mörgum snerist hugur, þegar þeir sáu að, lækningar höfðu framgang, þar sem sú skoðun var almenn áður, að þetta væri hin skæðasta pest, sem ekki væri hugsandi að lækna. Nú held eg þó, að svo sè komið, að allir eða allflestir sè komnir á þá skoðun, að kláðinn sè reyndar slæmur, sjúkdómur en þó *megi* lækna hann, ef ekki væri það til fyrirstöðu, að flest alla vanti það þol og elju er til þess þarf; þessu er öldungis eins varið eins og með sjúklingana; sumir heimta, að meðölin skuli gjöra þá albata samdægurs, en ef það verður ekki, þá vantar langlundargeð það, sem þarf til þess að bíða eptir verkunum þeirra, eða brúka þau eins og fyrir er sagt. Eins hefir gengið hèr með lækningar á þessu. Menn höfðu reynt að böðin verkuðu, og að þau læknuðu kláðann, en þegar ekki gekk allt eins fljótt og menn vildu, þá urðu margir leiðir á böðunum, og annaðhvort vildu hafa þau of sterk, svo þau skemmdu, eða þeir hurfu alveg frá þeim aptur. Önnur hugmynd er það, sem haft hefir mjög slæm áhrif á málið, en það er sú, að í stað þess að halda sèr til þeirra, sem áttu hið sjúka fè, hafa menn, og það úr fjárlægum hèruðum, gjört ýmsar ráðstafanir til þess að vernda sig fyrir kláðanum. Út af þessu einmitt er aðalágreiningurinn milli stjórnarinnar og þjóðarinnar risinn. Stjórnin vildi hafa aðhald að þeim, er hið sjúka fè ættu, en þjóðin vildi

eins og taka það að sèr, og einmitt helzt þeir, sem fjærri voru; því mesti ótti var upp kominn af hinum óttalegu sögum, sem gengu um kláðann; afleiðingin af þeim urðu æsingarnar. Mèr finnst það undarlegt og órètt af nefndinni, að neita, að æsingar hafi átt sèr stað, og það er eitthvað skrítið í því, þykir mèr að nefndin skuli eins og ekki geta verið þekkt að því að kannast við æsingar; eg álít, að ekkert sè í sjálfu sèr móti því, þó æsingar eigi sèr stað, það er meðal, sem allir hafa við meira eða minna, og allir *verða* að hafa til þess að framfylgja máli sínu, og ef þær ekki fara út yfir löglegt form, þá getur enginn haft ástæðu til að lasta þær. En að hèr hafi verið æsingar miklar í þessu máli, getur hvorki nefndin nè aðrir neitað. Eg vil einungis drepa á, að það kalla eg æsingar í meira lagi, þegar menn úr fjárlægum hèruðum eru sendir á almennan kostnað eða á kostnað amtsjafnaðarsjóðsins fyrir norðan til suðuramtsins til þess að tala fyrir mönnum, eggja þá af að reyna lækningar, en lokka þá til að skera með því að bjóða þeim annaðhvort einhverjar skaðabætur, eða kind fyrir kind, eða þá að hræða þá til þess með því að hóta þeim, að þeir fái ekkert fè keypt, nema þeir skeri niður á stóru svæði; þetta er svo þjóðkunnugt, að enginn getur neitað því. Eg held líka, að það megi kalla æsingar, þegar menn í blöðunum hafa með ýmsu móti verið að eggja til niðurskurðar; látið menn hlaupa upp á ósýnilega steina og prèdika þaðan niðurskurð. En þrátt fyrir þetta, þá hafa lækningarnar áorkað mikið, og það er svo langt frá, að eg álíti, að lækningar geti ekki heppnazt hèr, að eg er fullkomlega sannfærður um, að þær geta heppnazt hèr allt eins vel og í öðrum löndum, ef rètt er að farið. Með lækningunum er nú málinu komið svo langt, að ekki hefir í langan tíma borið jafnlítið á kláða sem nú; og það er engan veginn rètt, sem nefndin segir, að það sè niðurskurðurinn, sem hafi gjört enda á kláðanum alstaðar. Það eru einmitt víða lækningarnar, sem hafa fullkomlega útrýmt kláða, svo sem til dæmis í Borgarfjarðarsýslu, í Hafnahrepp og víðar. En þegar nú svona er ástatt, þá er eitthvað undarlegt í því, að þingið skuli nú stinga upp á lögum, sem öllum mætti virðast óþörf og eru gagnstæð því, sem þingið samþykkti 1865. Og allrasízt ættu niðurskurðarmenn að taka upp á þessu, því eptir að þeir nú, með lækningalögunum frá 1866 og með erindisbrèfi stiptamtmanns frá sama ári, sem skipar lækninganefnd, hafa getað komið fram niðurskurði, þá skil eg ekki hvað þeir vilja gjöra við

niðurskurðarlög, nema ef vera skyldi til þess, að fara nú að fram fylgja lækningum eptir niðurskurðarlögum, eins og þeir hafa áður skorið niður eptir lækningalögum.

Sama er að segja um einstakar uppástungur nefndarinnar; en eg vil einungis nefna nokkrar. Eg held, að nefndin hafi gjört þar bæði hættulega uppástungu, og þar að auki sjálfri sèr gagnstæða, er hún vill láta virða grunað fè sem sjúkt, því grunað fè verður þó eflaust að hafa jafnt gildi og heilbrigt, þegar um hörundskvilla er að ræða, annars væri það sjúkt. En grunur þessi verður þar að auki einmitt hið mesta óánægjuefni og óendanlegt þrætuefni, því menn munu eiga býsna erfitt með að koma sèr saman um, hvað grunað sè; en þó fer nefndin svo langt, að hún vill eptir tómri grunsemd einhverra láta virða fè og slátra, eins og það hefði ólæknanlegan sjúkdóm. Nefndin kemur enn fremur nú á ný fram með verðina, og má henni þó vera fullkunnugt, að stjórnin hefir áður neitað að samþykkja frumvarp frá þinginu, þar sem einmitt var farið fram á verði. Og enginn getur heldur með rökum neitað, að stjórnin hefir haft til þessa fullgildar ástæður. Það er svo langt frá, að verðir sè nauðsynlegir, að þeir eru í mesta máta skaðlegir. Þeir gjöra menn óhulta og andvaralausa, svo þeir halda, að þeir þurfi engan gaum að gefa fè sínu. Í staðinn fyrir að halda hverjum og einum fjáreiganda til þess að gjöra það, sem hann á að gjöra, þá fara nú aðrir að gjöra það fyrir þá, og það menn úr öðrum fjórðungum; en þetta er háskaleg villa, að byggja á því, að aðrir gjöri ekki það sem þeir eiga að gjöra, og þykjast sjálfir munu gjöra það betur, og það þó þeir sè langt fjærri. Þó eg sè samdóma hinum heiðraða þingmanni Barðstrendinga um, að uppástunga nefndarinnar um gjaldið á skaðabótunum sè ósanngjörn við Vesturumdæmið, þá vil eg þó ekki kasta þungum steini á nefndina fyrir það, því það er byggt á eins konar reglu, sem lengi hefir við gengizt, þó það sè vitaskuld, að ósanngjarnt er, að umdæmi það, sem bæði er fámennast og fátækast af fènaði, borgi jafnmikið og hin, sem eru miklu fjárauðugri. Eg álít, að ef þingið fellst á uppástungu nefndarinnar, eða breytingaratkvæði þau, er í sömu stefnu ganga, þá breyti það gagnstætt því, sem það gjörði 1865; og þetta fannst mèr vera ekki einungis nauðsyn, heldur skylda mín að benda þinginu á.

Framsögumaður: Ef að eg ekki væri alveg sannfærður um, að hèr sæti enginn sá á þingmannabekkjunum, er ekki sjái eins glöggt

og eg allar þær djúpu mótsagnir, sem voru í hinni snjöllu hegningarræðu hins hæstvirta forseta, að mèr virtust gegn þjóðinni, þinginu og ætlunarverki þess, *þá* skyldi eg benda á þær; en af því eg veit, að þær hljóta að liggja öllum þingmönnum í augum uppi, skal eg ekki fara um þær fleirum oruðum sízt á þessu stigi málsins. Það er einungis ein ákúra, er hann gjörði nefndinni, sem eg ætla að svara; hann sagði, eptir því sem mèr skildist, að nefndin hefði komið með einhverja óhæfu eða »nefas» inn á þingið. Eg vil nú þessu viðvíkjandi biðja þingmenn að gæta að *niðurlagsatriðunum í bænarskrám þeim, sem nefndinni voru fengnar til álita.* Svo framarlega sem nefndin hefir komið með óhæfu, að efni eður formi, þá *hefir* það sannarlega verið *óhæfa*, að láta slíkar bænarskrár koma inn á þing, og að setja nefnd til að íhuga þær, því þær fara langtum lengra en nefndin í þá stefnu, sem hinn háttvirti forseti einmitt talaði svo mjög á móti. Ef að málið þess vegna á þessu stigi ekki getur fengið framgang, er það skuld þingmanna, og eg vil jafnvel segja, hins háttvirta forseta, að hann ekki benti á það fyrr en nú. Eg leyfi mèr því að eins að skora á hinn háttvirta forseta, að hann gefi skýrslu um, hvort þeir formgallar eður efnis, sèu á málinu frá nefndarinnar hálfu, að það geti eigi eður megi fá framgang á þingi.

Forseti: Eg sagði ekki, að nefndin hefði komið með neina óhæfu inn á þingið, og nefndi alls ekki það orð. Í formlegu tilliti hefi eg ekkert talið málinu til fyrirstöðu, því lögin 5. janúar 1866 eru engin grundvallarlög, sem ekki megi snerta. En hitt er er annað mál, hvort bænarskrár fara fram á eitthvað, sem er gagnstætt því, er alþing hefir áður gjört — því það á sèr stað í öllum löndum — eða hvort *þingnefnd* ræður þinginu til að fara þvert á móti hinum fyrri samþykktum þess. Þetta gæti þó verið til vorkunnar virðandi, ef vèr sæjum nú í kringum oss logandi kláða, en þegar ástandið nú er hið bezta, sem það hefir verið síðan kláðinn byrjaði, þá sè eg ekki nokkra minnstu ástæðu til, að þingið fari nú að gjöra sèr far um að komast í mótsögn við sjálft sig.

Framsögumaður: Út af orðum hins háttvirta forseta er eg þó neyddur til að tala enn þá fáein orð í þessu máli. Mèr finnst það mjög merkilegt, að forseti, sem er brjóstskjöldur þingsins, skuli bera nefndinni það á brýn, að hún gjöri sig seka í mótsögn við lögin frá 5. jan. 1866. Eg vil biðja menn, að lesa vandlega, og munu þeir þá sjá, að það er hreinn misskilningur, að nokkur hin

minnsta mótsögn sè milli laga þessara og niðurlagsatriða nefndarinnar, nema ef það skyldi vera sú, að nefndin vill ekki komast í mótsögn við bæði *þjóð* og *þing*. Þetta skal eg nú sýna fram á. Það er þó gefið; að hvorttveggja hefir sama mark og mið, sem sè, að *útrýma kláða og öðrum fjárveikjum;* það er þetta sama efni, sem hefir verið ógjört 12 ár, og sjálfsagt verður það í 12 til, ef nefndarfrumvarpið ekki fær framgang; það er því ljóst, að hvorttveggja gengur í sömu stefnu, þar sem, það sem framkvæma á, er sameiginlegt, þá vona eg líka að þingmenn sjái, að niðurlagsatriði nefndarinnar ganga ekki nær eignarrètti manna en lögin 1866. Í þriðja lagi get eg ekki skilið, hvernig menn fara að neita því, að lækningar og niðurskurður geti og eigi alstaðar að ganga hönd í hönd til að útrýma sýkinni (*Halldór Kr. Friðriksson*: Ekki þar, sem kláði hefir verið). Eg ætla að biðja menn að gá vel að því, að vèr Íslendingar stöndum ekki eins vel að vígi með fjárlækningar eins og önnur lönd, og þeir sem neita því, sýna, að þeir aldrei hafa smalað fè nema með munninum, og þó er víða hèr á landi fèð svo að segja sá eini bitinn, sem menn hafa í hann að láta. Það hefir enginn sýnt mèr, að Norðmenn og Englendingar eigi hefðu beðið um sömu lög, og hèr er beðið um, ef ástandið og ásigkomulagið væri eins hjá þeim, og það er hèr hjá oss, og ef kláðinn hefði eins mikil áhrif hjá þessum þjóðum, þá er eg viss um, að þær mundu fljótt setja niðurskurð fyrstan á blað, og ekki nefna lækningar. Það er sorglegt, að sjá kláðaferilinn nú rakinn hèr um 12 hin síðustu árin, að þó skuli ekkert hafa verulegt áunnizt til að útrýma honum, ekkert nema það sem eins konar hending og nauðsyn tímans hefir hrundið því máli áfram; það er grátlegt, segi eg, að fara nú að minnast á æsingar, sem ekkert hafa annað gjört, en trufla málið, í stað þess, að allir kraptar ættu nú leggjast á eitt með *öllum* leyfilegum meðölum til að útrýma þessum óvætti. Frá mínu sjónarmiði er mèr það óþægilegt að minnast á þessar æsingar. En eg vil samt spyrja hinn háttvirta forseta að einni spurningu. Hann, sagði að æsingar væru löglegar og rèttar. Nú er spurningin: Leggur hann þá meiningu í orðið, þar sem hann talaði um æsingar hjá nefndinni? Eða lagði hann þá meiningu í orðið æsingar, að þær væru ólöglegar og rangar? Og má eg enn fremur spyrja, hver af þingmönnum vill og á að taka upp á sig ábyrgðina af hinni verri þýðingu þessa orðs?

Forseti: Þar sem eg sagði, að það hefði verið óþarfi fyrir

nefndina að bera æsingar af þjóðinni, þá var það ekki meining mín, að allar æsingar væri ólöglegar, heldur að þessar æsingar hefði verið skaðlegar. En ef þær eru löglegar, til hvers eru menn þá að bera þær af sèr?

Framsögumaður: Nefndin verður að fráleggja bæði sèr og þjóðinni allar ólöglegar æsingar eða «Agitationer»; það er þessi vonda merking í orðinu, sem hún verður að hafa sig undanþegna frá.

Forseti: Það hefir enginn borið nefndinni á brýn ólöglegar æsingar eða «Agitation», það orð getur bæði skilizt í góðri og illri merkingu, en þær geta verið illar og skaðlegar, þó þær sèu löglegar.

Bergur Thorberg: Nafnið á þessum uppástungum nefndarinnar sýnir, að þær eiga að vera viðbætir, eða viðauki við tilskipunina frá 5. janúar 1866. En bæði hefir hinn háttvirti forseti, sýnt það í dag, og þingmaður Vestur-Skaptfellinga á síðasta fundi, að það er ekki einungis viðauki, heldur breyting á aðalstefnu tilskipunarinnar, því frumvarp nefndarinnar fer í gagnstæða stefnu. Tilskipunin frá 1866 gjörir einungis ráð fyrir lækningum, en nefndin fyrir niðurskurði jafnhliða lækningunum. Eptir 1. grein frumvarpsins, er yfirvöldunum lagt í sjálfsvald að velja, hvort þau vilji heldur beita niðurskurði eða lækningum; yfirvöldin eiga að beita hvoru af þessu tvennu, sem betur þykir henta, og tryggilegra sýnist. Eptir þessu sýnist niðurskurður og lækningar að standa jafnt að vígi. En ef menn fara að lesa frumvarpið betur, sèst, að niðurskurðinum er gjört langt um hærra undir höfði en lækningunum (*Sveinn Skúlason:* Hann á það líka skilið). Ef menn líta á, hvaðan kostnaðinn skal greiða fyrir lækningarnar, eptir tilskipuninni frá 5. jan. 1866, þá lendir hann á fjáreigendunum sjálfum, og kostnaðurinn af eptirliti hins opinbera er greiddur af hverjum hreppi fyrir sig. Kostnaðurinn lendir því allur á því hèraði, þar sem sýkin er. En ef niðurskurði er framfylgt, eptir frumvarpi nefndarinnar, lendir kostnaðurinn á öllu landinu, og verður það þannig einungis lítill hluti hans, sem kemur niður á eigendum fjárins í þeim hèruðum, þar sem sýkin er; þessi aðferð gjörir niðurskurð mjög aðgengilegan, þar sem niðurskurður, eptir eðli sínu, hefir lítla fyrirhöfn í för með sèr, og hlutaðeigendur fá skaða sinn bættan. Það er sjálfsagt, að yfirvöldin eiga að ákveða, hvora aðferðina skuli við hafa; en ef á að lækna, þarf meðhald hjá þeim, sem eiga að lækna, hjá fjáreigendunum, en þeir hafa lítla hvöt til

að halda með lækningunum, þar sem niðurskurðurinn er gjörður svo aðgengilegur fyrir þá. Vanti nú góðan vilja hjá þeim, munu lækningarnar verða torveldar (*Magnús Jónsson*: Ónýtar. *Stefán Thordersen*: Verri en ekki neitt). Það er enn stór galli á frumvarpi nefndarinnar. Það hefir ávallt verið álitið gott og nauðsynlegt í máli þsesu, að sama aðferðin væri alstaðar höfð, og eining í öllum ömtunum; en þetta frumvarp nefndarinnar gæti leitt til mestu sundrungar. Í einu umdæminu vill amtmaðurinn ef til vill, framfylgja lækningum, en amtmaðurinn í öðru amti niðurskurði. Það mundi þá fara, eins og reynslan hefir sýnt að undanförnu, að niðurskurðarmönnunum muni ekki þykja lækningarnar tryggjandi, og verið getur, að lækningamönnunum ekki heldur þyki niðurskurðurinn fulltryggjandi (*Sveinn Skúlason:* Raun gefur vitni um það). Eg held að þetta gæti því leitt til sundrungar, og veikt alla framkvæmd í málinu, og gæti því valdið miklum skaða, ef hætta væri á ferðum. Að því er snertir það, hvort líklegt sè, að þingið muni geta fengið þessum uppástungum framgengt, þá virðist þetta ólíklegt, eptir því sem reynslan hefir sýnt að undanförnu. Það hafa engar uppástuugur komið frá alþingi um niðurskurð síðan 1861, og þótt þær þá færu fram á takmarkaðan niðurskurð, nefnilega í viðlögum, þegar hirðuleysi hefði verið sýnt í lækningum, fengu þær þó ekki framgang. Eins og hinn háttvirti forseti einnig tók fram, þykir mèr undarlegt, að nefndin skuli koma fram með slíkar uppástungur nú, þegar engin hætta er á ferðum; mèr hefði þótt það sennilegra, ef einhver sèrlegur voði hefði verið á ferðum, þótt menn þá hefði viljað grípa til þessara óyndisúrræða. Eg get því með engu móti fallizt á uppástungur nefndarinnar, og þótt þeim væri breytt á þá leið, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi benti á á síðasta fundi, játa eg, að þær að vísu mundu batna, en eg get samt engan veginn fellt mig við frumvarpið, þó það verði þannig lagað. 1. grein frumvarpsins yrði reyndar miklu betri, ef ákvörðunin um dýralækninn yrði tekin í hana, og skildist mèr svo á framsögumanni, sem hann vildi taka það til greina. En af því eg veit ekki, hvernig hann hugsaði sèr þessa breytingu, þá áskil eg mèr breytingaratkvæði við 1. grein frumvarpsins á þá leið, að einungis verði leyft að grípa til niðurskurðar, þegar dýralæknirinn álítur ógjörlegt að viðhafa lækningar; og sömuleiðis, að kostnaðinum til dýralæknanna, skuli jafnað niður, eptir því sem ákveðið er í 3. grein. En þótt eg áskilji mèr þessi breytingaratkvæði er ekki

svo að skilja, sem eg vilji frumvarpið, þannig breytt, heldur mun eg gefa atkvæði mitt á móti því í heild sinni, en eg vil það miklu heldur breytt á þenna veg en óbreytt. Að því er snertir niðurjöfnunina, eptir 4. greininni, finnst mèr ósanngjarnt, að allir jafnaðarsjóðirnir taki jafna hlutdeild í kostnaðinum, þrátt fyrir það, þó fjáreignin í ömtunum sè svo misjöfn, og vil eg þar fara eptir sömu reglu og fylgt er í 3. grein. Eg áskil mèr því breytingaratkvæði við 4. gr. í þessa stefnu, og skal eg nákvæmar ákveða það síðar. Eg skal svo eigi tala fleira að sinni, en einungis bæta því við það, sem eg áður hefi sagt, að það er fjarskalega ósanngjörn ákvörðun, að amtmaður í einu umdæmi, sem framfylgir niðurskurði, getur, með því að láta skera niður í einu hèraði í umdæmi sínu, lagt, ef til vill, mjög tilfinnanlegan skatt á allt landið.

Konungsfulltrúi: Þó að stiptamtmaðurinn, eptir því sem mèr er kunnugt, muni vera allra manna fúsastur til þess að láta þinginu eða nefndinni í tè allar þær upplýsingar, sem hann hefir um kláðann nú sem stendur, hefir hin heiðraða nefnd ekki álitið það nauðsynlegt eða hentugt, að leita þessara upplýsinga hjá honum; þess vegna hefi eg heldur ekki álitið skyldu mína sem konungsfulltrúa á þinginu, að fram leggja þessar skýrslur, heldur einungis að taka fram árangurinn af þeim. Um sögu þá, sem hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptafellssýslu skýrði frá við inngangsumræðuna um 2 kindur á Útskálum, hefir stiptamtið síðan fengið skýrslu frá hlutaðeigandi sýslumanni, og hún er sem nú skal greina: Þegar sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu þingaði í vor í Strandarhrepp tilkynntu Strandamenn honum, að þeir sömu dagana hefðu handsamað eða tekið upp í landi þeirra 4 kindur frá Hafnahreppi, og að þeir áliti þessar 4 kindur grunaðar. Sýslumaður lèt þá Strandamenn á manntalsþinginu stinga upp á tveim mönnum, sem hann þar næst skipaði að gjöra fjárskoðun í Höfnunum, og einum manni, sem hann einnig skipaði að gjöra fjárskoðun í Rosmhvalsneshrepp. Þeir sem skoðuðu fè Hafnamanna voru þeir Ársæll Jónsson og Gunnar Gunnarsson og hinn fyrrnefndi skoðaði ásamt Magnúsi Magnússyni frá Langholti þær 4 kindur, sem handsamaðar voru af Strandamönnum, og fundu þeir allt fèð kláðalaust. En Jón Pètursson í Höskuldarkoti, sem hafði skoðað fèð í Rosmhvalsneshrepp, gaf hinn 27. júní svolátandi skýrslu:

Þann 27. júní hefir undirskrifaður skoðað allt sauðfè, að tölu 61 fullorðið fè auk lamba, prestsins S. B. Sivertsens á Útskálum, hvar eg fann engan kláðavott, utan í tveimur kindum við hrygginn kýlisnabba, og var gröftur í öðrum, eg reyndi að klóra í kring, og fann eg að það var engin óværa í kringum þau, en að öðru leyti álít eg fèð í bezta standi.

Staddur að Útskálum, þann 27. júní 1867.

Jón Pètursson.

Viðstaddur
Árni Þorvaldsson.

Sama dag hefir undirskrifaður skoðað allt sauðfè herra H. P. Duus í Keflavík, að tölu 11 kindur fullorðnar auk lamba, og álít eg það allt kláðalaust og í bezta standi.

Staddur í Keflavík, 27. júní 1867.

Jón Pètursson.

En með því að skýrsla þessi þótti óglögg, uppálagði sýslumaður honum að skýra hana nákvæmar, og bætti þá skoðunarmaðurinn við skýrslu sína þessari athugasemd:

Þann 3. júlí 1867 hefi eg undirskrifaður tekið á móti skýrslu minni, dagsettri 27. júní 1867, frá herra sýslumanni H. Clausen í Hafnarfirði, viðvíkjandi fè S. B. Sivertsens á Útskálum; hvar eg svara viðvíkjandi skýrslunni, að eg kann ekki gjöra aðgreiningu á þeim smittandi kláða frá öðrum óþrifum. Hlýtur svo vottorð mitt að fara frá mèr aptur það sama; frekar get eg ekki.

Höskuldarkoti, 3. júlí 1867.

Jón Pètursson.

Til frekari tryggingar uppálagði sýslumaður hreppstjóranum í Rosmhvalsneshrepp, Árna Þorvaldssyni á Meiðastöðum, sem hafði verið viðstaddur skoðunargjörð Jóns Pèturssonar frá 27. júní þ. á. að gefa vottorð sitt um heilbrigðisástand sauðfjárins á Útskálum, og er vottorð þetta svolátandi:

Með brèfi frá sýslumanninum frá 4. þ. m. krefst hann, að eg gefi vottorð mitt um heilbrigðisástand sauðfjárins á Útskálum, viðvíkjandi skýrslu Jóns Pèturssonar á Höskuldarkoti frá 27. f. m.,

hvar eg var viðstaddur; álít eg, að graptrarbólur þær, er fundust og eg sá í hrygg á tveimur kindum, eru ólíkar fjárkláða þeim, sem eg hefi séð, og þar eð það er upplýst, að þessar kindur hafi borið farið úr ull, er það vanaleg orsök til slíkra smákýla, sem eins í þeim plázum hefir átt sér stað að undanförnu, þar sem aldrei hefir fjárkláði komið. Þetta vottorð mitt gef eg eptir beztu vitund.

Meiðastöðum, 10. júlí 1867.

Árni Þorvaldsson.

Eg skal bæta því við, að í byrjun júlímánaðar uppálagði sýslumaðurinn í Árnessýslu Grimsnesingum að safna öllu sauðfé sínu, og fór þá fram skoðun þess í öllum Grímsneshrepp, en við hana fannst ekki — eins og segir í skýrslunni — eitt spor til fjárkláða.

Arnljótur Ólafsson: Nefndum þykir það vanalega óþægilegt, þegar þær lengi og vandlega hafa íhugað eitthvað og sagt álit sitt um eitthvert málefni, að það, þegar á þing er komið, ekki skuli mæta öðru en mótmælum. Hinn 5. konungkjörni þingmaður opnaði nú eldinn gegn nefndarfrumvarpinu, og hinn 3. konungkjörni þingmaður kom með hinar og þessar mótbárur gegn frumvarpi nefndarinnar. Hin fyrsta mótbára hans var sú, að frumvarpið færi í gagnstæða stefnu við lögin frá 5. jan. 1866. Þetta er ekki rètt; því þó frumvarpið að vísu fari því fram, að niðurskurður sè viðhafður, þá hefir þó frumvarpið sama tilgang og lögin frá 1866, þann tilgang, sem er hinn eini tilgangur málsins, að útrýma kláðanum sem haganlegast, eður sem skaðminnst og tryggilegast. Þessum tilgangi vilja lögin ná með lækningum, en frumvarpið gjörir það með niðurskurði, þó þannig, að niðurskurðurinn að eins á að viðhafast í viðlögum, þegar lækningarnar ekki duga, eður lögin frá 5. jan. 1866 eigi geta náð tilgangi sínum, en annars koma þau ætíð til að sitja í fyrirrúmi. Fyrsta grein frumvarpsins verður því ekki skilin öðruvísi en svo, að grípa skuli til niðurskurðarins sem nokkurs konar neyðarúrræðis, eður að eins þar og þá, er tilsk. 5. jan. 1866 eigi er framkvæmanleg. Hinn sami þingmaður segir og, að í frumvarpinu sè niðurskurðinum gjört hærra undir höfði en lækningunum, með því að eigendur þess fjár, er niður er skorið, fá það endurgoldið; þetta kann að vísu að sýnast svo, en er þó ekki rètt skoðun, því eptir skoðun nefndarinnar er niðurskurðurinn að eins sem undantekning frá lækningareglunni. Eptir lögum eru fjáreigendur *skyldir* til að lækna fè sitt, og eiga því að bera

kostnaðinn af þeim; en þegar lækningar eigi duga, þá útheimtir almenningsheill, að skorið sè niður, og þá verður almenningur að borga. Vèr getum auðveldlega hugsað oss það dæmi, að einn maður í einhverju hèraði eigi kláðasjúkt fè; hann læst ætla að lækna, en læknar þó eigi; hann vill ekki hlýða yfirvöldunum í að lækna, en vill þó eigi farga fè sínu; hann vill ábyrgjast þeim fè sitt, ef hann verður kvellisjúkur, en vill þó eigi láta þá ráða yfir því; hann vill og vill eigi, lendir svo allt í þverhöfðaskap og í trassaskap fyrir honum til ósegjanlegs tjóns fyrir almenning (*Björn Pèturssonr:* Það er slæmur strákur); hann kann að borga sekt á sekt ofan, en útbreiðir kláðann á meðan; þá liggur í augum uppi, að það er ómögulegt að fara öðruvísi að þessum manni, en að skera fè hans niður, ef hann á ekki að halda áfram í óhlýðninni, og þannig útbreiða almenna eyðileggingu. Hið þriðja atriði, sem hinn sami þingmaður tók fram, var, að hann vildi hafa *eina* reglu yfir land allt, svo að allir hljóti ætíð að hafa *einu* og sömu skoðun á málinu; En þessu er ei alltènd svo hægt að koma við, því sami amtmaðurinn hefir eigi ávallt hina sömu skoðun á málunum; þannig sèr maður, að amtmaðurinn í Vesturamtinu skoðar kostnað þann, er leiðir af varðhaldi á ýmsa vegu, því árið 1866 tekur hann þátt í Leirvogaverðinum en 1867 vill hann ómögulega taka þátt í Botnsvogaverðinum. Með þessari aðferð sinni játar hinn þriðji konungkjörni sem amtmaður, að eigi sè alltènd rètt eða hægt að hafa sömu reglu, því má *hann* heldur ekki taka hart á nefndinni, þó hún vilji, að eigi sè ætíð einhlítt, að fylgt sè hinni sömu reglu sem áður var fylgt, heldur sè hentugt að hafa aðra reglu að grípa í til vara. Hinn sami þingmaður hèlt og, að frumvarpið ekki mundi fá áheyrn hjá stjórninni. Eg ætla ekki að spá neinu um það, en undarlegt þætti mèr, að frumvarpið gæti eigi fengið framgang, ef nefndin tæki þær breytingar til greina, sem mundu gjöra það aðgengilegt. Eg skal geta þess, að í Noregi hefir niðurskurður á fè verið viðtekinn með lögum 15. sept. 1851, er síðan eru endurnýjuð 1866, þessi lög hefi eg. Í Noregi kemur varla ein kind á mann, þar eru og margir og góðir dýralæknar og þar er skipað með lögum að skera niður, þegar nauðsyn ber til og amtsnefndirnar ákveða svo. Hèr á landi aptur á mót komu 9 kindur á mann hvern, meðan kláðinn var eigi búinn að eyða öllu hèr á suðurlandi, hèr er enginn dýralæknir, og þó er hèr skipað að lækna fèð í krapti, og það sè synd að skera kláðakind. Eg skal eigi fara lengra

í þenna samanburð, þó eg eigi hægt með það, en þetta er mèr nóg; eg fyrir mitt leyti get ekki álitið stjórnina þann þverhöfða, að hún vilji ekki loksins láta svo lítið eptir oss, að samþykkja frumvarp þetta.

Sú einasta ástæða, sem gæti verið á móti frumvarpinu er sú, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram, að eptir því ástandi, sem heilbrigði fjárins nú væri í eptir opinberum skýrslum, þá væri frumvarpið nú ónauðsynlegt. En eg efast þó um, að svo sè, því eptir skýrslu þeirri, sem hinn 5. konungkjörni þingmaður gaf í gær, þá held eg að nú þurfi niðurskurðar við jafnvel fremur en nokkru sinni áður. Eptir orðum hans fèkk fè hans *kláða* af lækningunum; eptir þessu eru þá lækningarnar sjálfar orðnar sóttnæmar. En hvað á nú til bragðs að taka, til að útrýma kláðanum, fyrst lækningarnar eru orðnar svona hættulegar? *(H. Kr. Friðriksson*: Eg sagði, að fè mitt hefði *veikzt*, en eigi af kláða). Það er hið sama, því hèr er um enga aðra veiki að tala. Þingmaðurinn sagði, að fèð hefði verið ósjúkt í fyrra haust, og það segir hann satt; en svo var fèð hans baðað einmitt í janúar, og aptur í febrúar; en 5. marz var fèð skoðað, og þá fundust merki til kláða; 26. marz var það aptur skoðað, og þá voru 10 kindur hans með kláða, og 17. apríl var fèð baðað og það úr valsisku *kláðabaði;* þá varð og svo uppskátt, að eigandinn hefði lengi og vel borið í kindur sínar íburð, sem *kláðalíf* voru í. Þetta er samkvæmt opinberum skýrslum, er mèr hafa verið gefnar. Nú leið og beið, og fènu fór að skána smátt og smátt. En hinn 9. þessa mánaðar fór skoðunin fram á fè hins 5. konungkjörna; en þá var hann að baða í eigin persónu og það með meðölum, sem brúkuð eru á *kláðakindur*. Ef nú skýrsla hins 5. konungkjörna er rètt, þá sýnir hún, að það er alveg nauðsynlegt að skera niður hjá honum.

Um það, er forseti sagði, skal eg að eins geta þess, að eg álít nefndin hafi farið rètt að, þar sem hún hefir tekið fram báða aðila þessa máls, það er stjórnina sem lækningamann og þjóðina sem niðurskurðarmann. Eg skal eigi liggja stjórninni á hálsi fyrir aðgjörðir hennar fram yfir 1859; hún lagði drengilega fè til, og hina beztu menn, er hún átti kost á; en síðan eptir að hún hefir varið ærnu fè til lækninga, og sèð, að þær urðu árangurslausar, hefir hún ætíð tekið eintrjáningslega í málið, og þannig með þvergirðingsskap sínum, loks þreytt þingið, þangað til það samþykkti 1865, þessi góðu kláðalög, sem vèr nú höfum. Eg játa það, að

eg hefi verið flokksmaður í málinu, en eg hefi byggt allt á öllu því ástandi, sem hèr er, og má eg nú spyrja, hvað hefir allt lækningakákið hèr á suðurlandi kostað? Og hver er árangurinn? Vèr höfum kláðann allt eins fyrir þetta kák þann dag í dag. Að verðir geti hindrað lækningar, eins og forseti sagði, er alveg spönsk hugsun fyrir mèr. Að Norður og Austuramtið og Vesturamtið er varið gegn útbreiðslu kláðans, það getur ómögulega, að minni ætlun hindrað lækningar í Suðurumdæminu, því það liggur í augum uppi, að því þrengra, sem kláðasvæðið er, því hægra er að lækna. Það er full alvara mín, að ef kláðinn hefði komizt inn í Norðurland og viðhaldist þar, þó eigi væri nema helmingur af þeim tíma, sem hann hefir verið hèr syðra, þá hefði annað tveggja orðið ofan á, að Norðlendingar hefðu orðið að flytja hingað suður, þar sem engin fjáreign er, eða flæmast til Brasiliu, því á Norðurlandi er ekki fleiri en svo sem 20 sjáfarbændur, sem geta lifað eitt ár fjárlausir. Það hlýtur því að vera öllum augljóst, að vèr sem lifum upp í sveit, höfum betur vit á meðferð þessa máls eður hvar skórinn þrengir að, heldur en þeir í stofum sínum, sem lifa við ofnhita grúskandi ofan í gömul skjöl og skræður, og einungis hafa lækningahugmyndir fyrir augum.

Forseti: Kann ske þingmaður Borgfirðinga vildi gjöra svo vel, að leggja þessi norsku niðurskurðarlög á lestrarsalinn.

Arnljótur Ólafsson: Jú, það skal eg gjöra!

Eiríkur Kúld: Eg stend upp til þess, að fylgja fram breytingaratkvæði því, sem eg hefi ásett mèr að taka um, að dýralæknir verði sendur hingað upp til suðuramtsins, og skal ekkert fara út í það í þetta sinn, hvort betra sè lækningar eða niðurskurður, aðrir þingmenn hafa gjört það. Skýrsla sú, sem hinn 5. konungkjörni þingmaður gaf þinginu, hefir sýnt hvað lækningarnar gagna, eða rèttara sagt, hvernig þær hafa tekizt, hið sama sýnir og böðun fjárins á Vatni, einungis vantar skýrslu um, að fèð á Vatni hafi dáið af baðinu. Hvað nauðsyn dýralæknis yfir höfuð snertir, skal eg geta þess, að svo lengi sem ekki kemur skýrsla úr Suðuramtinu um það, að allt sè kláðalaust, á meðan álíta menn í hinum ömtunum fèð hèr grunað. En hvað því viðvíkur, að dýralæknirinn þurfi endilega að vera innlendur, þá vil eg geta þess, að ef engan íslenzkan dýralækni nú sè hèr að fá, þá er þó íslenzkur dýralæknir nú sem stendur í Kaupmannahöfn, og mætti má ske fá hann. Eg skal leyfa mèr að leiðrètta eitt atriði í ræðu hins háttvirta forseta;

hann sagði, að 1857 hefði kláði verið í öllum ömtum; en þetta er ekki rètt, því ef sami kláðinn og hèr syðra, hefði verið í Vesturamtinu, því skyldi hann þá ekki eins hafa breiðzt út þar, því þar hefir hvorki verið viðhafðar lækningar eða niðurskurður? Menn voru þá hræddir, af því menn þá ekki þóttust ef til vill nógu vissir um, að kláðinn hèr syðra væri af útlendri rót runninn. Þá var getið um, að kláðinn væri í Barðastrandasýslu; þetta lèt amtmaður rannsaka þegar, og sýndi það sig þegar, að um ekkert var að vera, en til þess að ganga úr skugga um, hvort það væri hinn sunnlenzki kláði, bað amtmaður um að dýralæknir yrði sendur upp hingað til ítarlegrar rannsóknar. Að endingu skal eg geta þess, að þar sem þingmaður Borgfirðinga bar amtmanni Vestfirðinga það á brýn, að hann hefði tekið þátt í verðinum við Leirvoga 1866, en ekki viljað ganga í sömu stefnu við Botnsvogavörðinn 1867, þá er þetta sprottið af ókunnugleik þingmannsins, hann veit nefnilega ekki að í fyrra sinn var amtmaðurinn í Vesturamtinu bundinn við loforð formanns síns, en nú ekki.

Konúngsfulltúi: Þó að eg haldi, að eg um daginn hafi tekið það skýrt fram, hvernig eg skoða kláðamálið í heild sinni, og sèr í lagi uppástungu þá, sem hin heiðraða nefnd hefir gjört, er eigi að síður nokkur misskilningur kominn fram, frá hálfu þingmanna, og eg skal þess vegna leyfa mèr, ítarlegar að skýra frá skoðun minni um þetta mál.

Eg álít frumvarpið alveg ónauðsynlegt, og eg hefi ráðið þinginu frá, að gefa því atkvæði sitt —, en ef þingið eigi að síður, vildi aðhyllast frumvarpið, hefi eg álitið skyldu mína, að benda á breytingar þær, án hverra það eptir minni meiningu, er alveg óaðgengilegt. Menn hafa spurt, til hvers eg áliti nauðsynlegt, að amtmönnum verði leyft að taka sèr til aðstoðar *examineraðan* dýralækni, hvort til niðurskurðar eða lækninga. Eg skal svara upp á þetta spursmál, að eg, til þess að framkvæma tilskip. 5. jan. 1866, vildi óska, að dýralæknir hefði verið og væri stiptamtmanninum til aðstoðar; eg tók það fram, að landsmenn hafa ekki traust til annara, en sjálfra sín, þegar ræðir um lækningar á kláðasjúku og grunuðu fè —, og hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður, sem þó á að vera kunnugur mörgum fremur í þessu máli, gjörði svo vel, þegar á eptir, að eg hafði talað, að gefa þinginu ófullkomna sönnun í því tilliti —; til þess nú að skera úr vafasömum spursmálum, t. d., hvort hörundskvilli sè hinn sóttnæmi kláði eða ópríf væri

mjög æskilegt að hafa áreiðanlegan mann, en slíkan mann vantar oss alveg hèr í landinu. En eins og eg álít þetta æskilegt, ef tilskip. 5. janúar f. á. yrði óbreytt, held eg á hinn bóginn, að það sè alveg ómissandi, þegar við hana verður bætt viðaukatilskipun nefndarinnar um niðurskurð. Eg tók það fram, að amtmaðurinn, ef hann væri alveg óvilhallur í málinu, mundi í mörgum tilfellum komast í mesta vafa, þar sem hann hefði ekki sèr til aðstoðar mann, sem hann gæti haft fullt traust til. Væri amtmaðurinn hlynntur niðurskurði, mundi hann sjálfsagt eptir viðaukatilskipuninni, sem ákveður myndugleika hans eptir því sem hentar, láta skera niður víðar í amtinu, og eins og hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður tók fram, með því valda fjáreigendum landsins töluverðum kostnaði; og á hinn bóginn mundi amtmaður sá, sem af *Principi* væri lækningamaður — eins og t. d. hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður — ekki láta skera eina kind, af því að hann ekki gæti álitið þetta hentugt eða nauðsynlegt. En hvernig á sá amtmaður, sem að eins vill framfylgja lögunum, án þess að gjöra sína persónulega meiningu gildandi, ef hún máske ekki fer í sömu stefnu, að ákveða, hvort hentugt eða nauðsynlegt sè að láta skera niður, ef hann ekki hefir alveg áreiðanlegan mann, sem hann getur haft fullt traust til? en eigi að síður á hann að ábyrgjast gagnvart landsmönnum, bæði að niðurskurðurinn verði fyrirskipaður, þegar þetta er nauðsynlegt, og að hann ekki verði fyrirskipaður, og með því valdi fjáreigendum landsins töluverðum kostnaði, ef það ekki er nauðsynlegt. Þegar maður ekki á að ábyrgjast það, sem hann ræður til, þá er það ekkert vandaverk að gefa ráð, en að öðrum kosti má fara varlega og að eins byggja á gildum og góðum rökum. Sjálfsagt mundi það vera öllum amtmönnum langtum geðfelldara að hafa heldur innlendan dýralækni en útlendan, og einnig mundi þetta bæði verða kostnaðarminna og árangursmeira; en til hvers er að tala um það sem ómögulegt er nú sem stendur. Eg gjöri ráð fyrir, að ekki muni þörf á eximíneruðum dýralækni lengur en eitt misseri, eða með öðrum orðum frá hausti til vors; kostnaðurinn mundi um þetta tímabil verða á að gizka 1000—2000 rd. eða hèr um bil ½ skildingur af hverri sauðkind í landinu; en ef frumvarpið yrði lögleitt, held eg fyrir mitt leyti, að þó að menn legðu á sig þenna kostnað, mundi það spara töluvert meiri kostnað fyrir allt landið.

Vèr höfum í þessu máli fengið tvær «hátíðlegar yfirlýsingar»;

aðra frá hinni heiðruðu nefnd en hina frá hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni; — ef eg óskaði að taka í málið sem flokkamál, mundi eg léttilega geta sýnt, hvernig stendur á þessum hátíðaræðum; en af því eg ekki er flokkamaður, þá skal eg sleppa því. Að halda vörn uppi fyrir yfirvöld þau, sem hinn 5. konungkjörni þingmaður benti til, held eg að engin ástæða sé til; það er vonandi, að þau geti ábyrgzt það, sem þau hafa fyrirskipað í þessu máli og í öðrum.

Forseti: Út af því, sem þingmaður Barðstrendinga áðan sagði, skal eg geta þess, að skýrslur frá 1857 bera þess vott, að kláði var í Vesturamtinu. Eg vil játa honum því, að kláði þessi hafi ekki verið sunnlenzkur, hann hefir sjálfsagt verið vestfirzkur. Þar sem þingmaður Borgfirðinga stílaði það líklega til mín, að eg lægi yfir gömlum skjölum, og hefði því líklega lítið vit á þessu máli, þá sannar þessi ástæða hans lítið, því þar eru á mínu máli margir menn, sem hafa betur vit á því en bæði hann og eg.

Arnljótur Ólafsson: Eg vona, að forseti leggi skýrslu um þessa menn fram á lestrarsalinn.

Jón Hjaltalín: Það er öllum kunnugt, að mikill ofsi hefir komið fram í máli þessu af landsmanna hálfu; eg hefi fyrir mèr gjörðabók nefndarinnar frá 1859; hún getur borið um aðgjörðir nefndarinnar í málinu, og hún sýnir bezt, við hvaða mótþróa hún hafði að berjast; það er því með tiltrú, að eg get verið framsögumanni samdóma í mörgu með tilliti til hennar, hann var þá lækningamaður. Framsögumanni er kunnugt, hvernig meining nefndarinnar var 1861; hún vildi annaðhvort að niður væri skorið, ellegar fyrir alvöru þjappað að trössunum; honum var og kunnugt, að eg þá skrifaði stjórninni langt skjal, og sýndi henni fram á, að væri lækningunum eins haldið áfram og þá var gjört, þá væru þær að engu liði, og væri í því tilliti nauðsynlegt að gjöra eitthvað alvarlegt, svo trössunum hèldist eigi uppi að ala kláðann. Eg get því ómögulega verið mótfallinn 1. grein nefndarfrumvarpsins, því hvernig eiga lækningarnar að geta orðið að nokkru liði, þegar fáeinar hræður setja sig andvíga öllu því, er framkvæma þarf, og þeir eru látnir ganga upp í þessu ár eptir ár? Fyrir norðan og vestan töluðu menn og miklu stilltara um þetta mál, en hèr syðra, og það furðaði mig mikið þar sem dagblöð vor nú í samfleytt 12 ár hafa óhindruð haldið áfram með að gjöra kláðann hèr syðra svo voðalegan sem þeir frekast hafa getað og það

opt með ósönnum sögum. Frumvarpið, eins og það liggur fyrir, er eigi svo hættulegt fyrir þær lækningasnefjar, sem eptir eru. Enda fyrir norðan, þar sem hljóð höfuðprestanna tóku yfir, kveinkaði amtmaður sèr við, þar sem eindregin var mótstaðan að skera niður; þannig frelsuðust nokkrar þúsundir fjár á Vatnsnesinu og í Vesturhópinu að sögn kunnugra manna. Eg get ekki skilið í því, að þingmenn beri á móti því, að hundrað þúsundir heilbrigðs fjár hafi verið murkaðar niður hèr á suðurlandi, og að þessu hafi verlð haldið áfram nú í 12 ár, er hægt að sanna. En hve nær og hvernig eiga þessi eilífu niðurskurðarósköp að enda, ef ekki einn maður finnst, sem menn hafa tiltrú til, og þora að trúa fyrir sèr? Hvernig á að komast fyrir niðurskurðinn, svo menn eigi þurfi að vera með hann um allan aldur? Ef amtmaður ætti að fara að skera úr, hvar þurfi að skera, og hvar eigi, þá er eg hræddur um að það yrði sú þúfa, sem hann í mörgum tilfellum aldrei mundi fá yfirstigið. Mèr finnst því bezt, sem konungsfulltrúi og hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður stinga upp á að fá dýralækna. Fyrst að nú á annað borð, að mönnum hefir tekizt að drepa niður öllum lækningum, og að því hefir allt miðað á seinni tíð, þá neyðist eg til að ganga inn á skoðanir hins háttvirta þingmanns Árnesinga, og vil styðja hann svo, að eigi þurfi að káka lengi við það, sem eptir kynni að vera af kláðanum; honum kom saman við mig, þegar við vorum í samvinnu áður. Þegar því verður bætt við, að þetta skuli fram fara eptir dýralæknisráði, þá get eg eigi skilið, að stjórnin geti haft nokkurn hlut á móti þessum viðauka-kvörðunum við reglugjörðina af 5. jan. 1866; maður fer þá að minnsta kosti ekki fram á neitt annað en það sem er sanngjarnt og «humant»; menn fá þá fulla vissu, og ekkert gjörræði getur átt sèr stað. Fleiri orðum vil eg eigi fara um þetta mál að sinni; eg fæ máske seinna tilefni til þess að taka til máls.

Forseti: Rètt í þessu fèkk eg breytingaratkvæði þingmanns Vestur-Skaptfellinga.

Framsögumaður: Undirtektir hins hæstvirta konungsfulltrúa gleðja mig mjög, af því að því optar sem hann hefir talað í þessu máli, því meira virðist mèr hann hafa nálgast þá skoðun, sem nefndarinnar uppástungur eru byggðar á; eg gleðst sannarlega fyrir hönd Íslendinga yfir því, að þeir í þessu sínu sannkallaða velferðarmáli mega þannig hafa von um góðan talsmann. Einnig gleðst eg yfir því, að hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður hefir

fallizt á grundvallarskoðun nefndarinnar og viðurkennt, að nefndin fullkomlega hefir gætt hófs í sínum tillögum. Gegnum baráttu og mótsettar meiningar á sannleikurinn í ljós að leiðast; og mèr finnst og 12 ára *raunareynsla* ætti að geta sannað nokkuð. Til þess að verja nefndinu fyrir rangri sakargipt, sem hreift var móti henni, vil eg geta þess, að í hitt eð fyrra bað þingið stjórnina um, að upp kæmist íslenzkir dýralæknar; það er því eigi forsjáleysi þingsins að kenna, eigi heldr athugaleysi nefndarinnar, að hún eigi kom fram með þá uppástungu, að dýralæknar skyldi skera úr; heldur hinu, að nefndin hèlt, og vissi með vissu, að það var ógjörningur fyrir stjórnina að útvega í bráð íslenzka dýralækna, því svo sem konúngsfulltrúi sagði, er eigi til þess hugsanda að hafa not af öðrum dýralæknum en íslenzkum. Hèr hafa verið útlendir dýralæknar bæði frá Noregi og Danmörku, nýtustu og duglegustu menn; samt hafa þeir játað fyrir mèr, að þegar þeir sjái hið ólíka ásigkomulag á Íslandi hjá því sem er í Noregi og Danmörku, þá geti þeir ekki neitt að gjört. Nú kemur til spursmálið, er kláðinn á Íslandi eða eigi? Hver á að afgjöra það, og þar með fá skynsamleg takmörk á niðurskurði? Það getum vèr eigi nema vèr höfum íslenzka dýralækna. Þessu næst leyfi eg mèr að benda hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni á, hvílík mótsögn það sè hjá honum að láta sèr bráðliggja á íslenzkum dýralæknum, þegar um niðurskurð er að ræða, en alls eigi orða þá þegar um lækningar ræðir. Það er sannarlega ný hugmynd, að heimta lækni, þegar dauðinn er óumflýanlegur, en hirða eigi um hann, þegar um lífið er að tefla. Eg vil enn fremur spyrja hinn háttvirta 3. konungkjörna þingmann um það, hvað reglugjörðin 5. janúar 1866 hefir áunnið í Vesturamtinu. Eg játa fúslega, að eg er engi dýralæknir, og vil gjarna trúa þeim til þess, að vestfirzki kláðinn sè sami kláðinn og sunnlenzki kláðinn; en hvað hafa menn gjört í Vesturamtinu til að útrýma honum? Já, en það er líka til óþrifakláði; það er hann víst, sem þá er fyrir vestan, kláði er þó kláði, þó vestfirzkur sè. Eg vil fá skýrslu frá þingmanninum um það, hvað gjört hefir verið í umdæmi hans síðan lögin komu til að útrýma þessum vestfirzka kláða? Eg spyr enn fremur: Hvað flýtur af þessu nýmæli, sem hann talar um hjá nefndinni, hversu mörg hænufet, hvað margar hársbreiddir er þetta frumvarp frá og umfram grundvallarreglur kláðareglugjörðarinnar 5. jan. 1866? Innleiðir frumvarp þetta nokkuð, sem eigi heimilast við reglugjörðina? Frumvarpið vill hafa

niðurskurð, þegar öll ráð eru þrotin, en þá reglubundinn niðurskurð; nú gaf hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður þá upplýsingu, að einmitt síðan 1866 hafi mest verið um niðurskurð hér á Suðurlandi; en hér eru, lof sé guði, þó valdsmenn, er eigi láta mönnum haldast uppi að fremja það sem bæði stríðir móti lögum og náttúrlegum rètti; eg verð því að halda að niðurskurður sé leyfilegur eptir hinni tilskipuninni, og sé hann leyfilegur, þá get eg eigi séð betur en rètt sé að taka þetta meðal, sem samgróið er vilja þjóðarinnar og þingsins, og láta hið opinbera gefa því stjórn og lagahelgi engu síður en lækningunum, þegar lækningarnar hvert sem er eigi eru einhlítar. Niðurskurðurinn má eigi fram fara, nema valdstjórnin geti sett skýr og viss takmörk fyrir honum; því gat nefndin eigi gengið út frá öðru en samþykki amtmanns. Afleiðingin af setningu hins 3. konungkjörna þingmanns verður sú, að annaðhvort verði menn að gjöra allt í fumi og ráðleysu, eða þá öldungis halda að sèr höndum. Nefndin fer engu slíku fram; hún heimtar lög, sem gefa hinu opinbera nauðsynlegt vald. Eg vona hinn 3. konungkjörni þingmaður hvorki vilji nè geti komið fram með mótbárur, sem aptri stjórninni frá að gefa samþykki sitt til svofelldra laga, að minnsta kosti ber eg hið fyllsta traust til stjórnarinnar. Þar sem til er tekið, að amtmenn eigi að koma sèr saman, þá get eg bætt því við, en verði ágreiningur, þá ráði atkvæðafjöldi; því búast má við þeirri mótbáru, að ef einn amtmaðurinn eigi er bundinn við aðgjörðir hins, þá muni hver amtmannanna vilja vera einn um sína hitu.

En nú kemur það, sem langvandamest er í þessu máli, og það er að skera úr því, hvar hættan sé og hversu mikil. Kláðinn getur vel verið þar sem hann eigi er kominn glöggt í ljós. Ef menn vilja fara að fara út í skýrslur, sem eigi að skera úr því spursmáli; þá er eg viss um, að eg skal koma með órækar skýrslur og sannanir fyrir því, að ástandið eigi er svo sem því er lýst í hinum opinberu skýrslum; af hverju kemur það? Það er af því menn eru engir dýralæknar. Það er engi vandi, þar sem kláði er kominn fram, að skera úr, hvort hann er eða ekki; veikin er svo áþreifanleg. Spursmálið sem vandasamt er er þetta: Hvar er kláðinn ekki? Eg vona kláðamaurinn þurfi eigi að koma hingað inngangandi í salinn til þess að sannfæra menn, enda mundi hann varla sannfæra þá, sem hingað til eigi hafa sannfærzt, hvað stór stækkunargler, sem þeir setti upp.

Það er aldrei nema satt, sem hinn háttvirti 2. konungkjörni sagði um mig, að eg væri og hefði verið lækningamaður; það er eg sjálfsagt, og líklega bæði Norðlendingar og Vestfirðingar samkvæmt kláðareglugjörð 5. janúar 1866. Þeir kjósa líklega heldur að baða en skera, svo mundi eg og, og væri gott að sama reglan gengi yfir land allt, en þó kemur þetta skrítna upp: Það má skera, ef kláði kemur upp á Vesturlandi eða Norðurlandi, en niðurskurðurinn ætti að vera óhæfa hèr fyrir sunnan. Hvað er nú niðurskurður? Eg veit ekki til, að niðurskurður sè neitt annað en það með hnífi að taka höfuð af sauðskepnu, annaðhvort til að eta hana sjálfur eða selja hann. Nú skyldi eg eiga bæði norðlenzkar og vestfirzkar og sunnlenzkar kláðakindur; eg má þá skera bæði norðlenzka og vestfirzka kláðagimbilinn, en sunnlenzka kláðaskepnan er sjálfsagt að lífi. Mèr finnst óþarfi að setja málið í svo ófuga stefnu. Eg áskil mèr því breytingaratkvæði í þá átt, að stjórnin annist um, að sem fyrst verði sendir upp dýralæknar, en þangað til sè amtmönnum leyft að gangast fyrir hverju sem við liggur niðurskurði eða lækningum. Þá kemur til varðkostnaðarins. Hver hefir borgað kostnað fyrir verði þessa fyrirfarandi 12 ár? Eg held allur sá kostnaður hafi verið borgaður af jafnaðarsjóðunum, hafi amtmaðurinn í Suðuramtinu borgað, þá mun það vera að skilja jafnaðarsjóðurinn þar, og á sama hátt um Vesturamtið; er það þá eigi undarlegt, að einmitt nú skuli þessari reglu hætt; það er svo fallegt að gæta gamallar reglu, vera vanafastur, eða ekki skil eg í öðru, en hinum háttvírta 3. konungkjörna þingmanni finnist annað en að það sè stór kostur að vera »conservativ», en þó hefir hann nú í sumar hlaupið úr einu og í annað. Eg tek þetta eigi fram til þess, að álasa hinum háttvirta þingmanni. Að lyktum bið eg hann fyrir að misskilja eigi það, sem fyrir liggur; hann verður að lesa rètt; það stendur, að endurgjaldið skuli vera eptir lausafjárhundraðatölu amtanna; eg áskil mèr breytingaratkvæði þess efnis, að hvert amt taki tiltölulegan þátt í endurgjaldi kostnaðarins.

Jon Sigurðsson: Það hefir nú verið býsna mikið talað í þessu máli; og mèr finnst, helzt til margir hafa hnjátað í nefndina. Við inngangsumræðuna var það tekið fram, að menn eigi ætti að rekja upp, það sem hjáliðið er í kláðamálinu, heldur halda sèr til ásigkomulags kláðans, eins og það er nú; en mèr finnst, að út af þessu hafi brugðið hjá allmörgum. 12 ára reynsla ætti nú að hafa sýnt mönnum, og vera búin að sannfæra menn um, hvað

helzt eigi að gjöra í þessu máli. Lækningum hefir verið framfylgt af alefli af stjórninni og hennar þjónum; sömuleiðis hefir niðurskurði verið framfylgt, einnig allkappsamlega, en eingöngu fyrir samtök landsmanna, og hafa þeir eigi fengið annað, en ákúrur hjá stjórninni fyrir sínar tiltektir, en engar uppörvanir eins og lækningamennirnir. Og hverjar hafa svo afleiðingarnar orðið? Lækningamennirnir hafa farið sífækkandi, svo að nú standa eigi uppi nema að eins fáir þverhöfðar, sem aldrei munu sannfærast í þessu máli. Af þessu ætla eg, að hver óvilhallur maður, geti dregið þann ómótmælanlega sannleika, að lækningarnar geti aldrei reynzt einhlítar hèr á landi, til að útrýma kláðanum, og að niðurskurðurinn sèu hin einu úrræði, eins og kláðamálinu nú er komið. Eg get eigi leitt hjá mèr, að svara hinum háttvirta forseta nokkrum orðum, þar sem hann sagði, að Norðlendingar hefði sent menn til Suðurlands á opinberan kostnað, til að koma á æsingum og til þess, að fá menn í samtök, til að koma á niðurskurði. Í þetta lagði hann lakari þýðingu en vert var. Mèr dettur eigi í hug að bera á móti því sem satt er, að menn hafa verið sendir hingað suður, ef til vill, á opinberan kostnað, ekki til þess að koma á samtökum um niðurskurð, eða efla æsingar, heldur til til að leiðbeina málinu í rètt horf, og þoka því áfram með ýmsri aðbeiningu með Sunnlendingum; og sè eg eigi, að þetta sè óeðlilegra, eða fremur til greina takandi en hitt, er konunglegir erindsrekar voru sendir hingað upp, á kostnað hins opinbera, einmitt í sama augnamiði; sá var einungis munurinn, að sínir hafa valið hvern veginn, til að ná augnamiðinu. Allmörgum þingmönnum hefir þótt viðurhlutamikið, að gefa amtmönnum þetta mikla vald, sem nefndin stingur upp á. Menn hafa ráðgjört breytingaratkvæði við frumvarpið, og komizt að þeirri niðurstöðu, að dýralæknar væri nauðsynlegir amtmönnunum til ráðaneytis, en það er skrítið, að þykjast þurfa á dýralæknum að halda, þegar einungis er að ræða um niðurskurð; en þegar einungis var um lækningar að ræða, datt mönnum slíkt aldrei í hug. Þingið 1865 bað stjórnina að vísu um, að láta sèr annt um, að dýralæknar yrði sendir hingað til landsins, og koma upp innlendri dýralækninga þekkingu, en það stóð alls eigi í neinu sambandi við fjárkláða þann, sem nú er, eða lækningar á honum. Mèr finnst engin nauðsyn fyrir amtmenn að hafa dýralækna við hönd sèr þegar skera á niður; dýralæknar bera hvort sem er eigi betur kennsl á kláða, en þeir sem hafa

sullazt hèr 12 ár innan um kláðann sunnanlands. Eg ímynda mèr enda, að dýralæknir sè hvergi nærri jafnfær um um það að dæma, hvort skera þurfi, eða á hvað stóru svæði sem landsmenn sjálfir, er fullkunnugt er um alla landsháttu og ásigkomulag hèr. Svo framarlega sem amtmanni annaðhvort eigi er trúandi fyrir að ákveða þetta, eða hann eigi treystir sèr sjálfur til þess, þá mundi það verða miklu affarasælla fyrir framkvæmd málsins, að annaðaðhvort sèu skipaðir menn amtmanni til ráðaneytis, eða hann kýs menn sjálfur til þeirra starfa. Hvað breytingaratkvæði það snertir, er ráðgjört hefir verið við 3. grein um varðkostnaðinn, að hann leggizt á ömtin eptir tölu tíundarbærra lausafjárhundraða, þá held eg fast við þá setningu, að kostnaður af vörðum verði eingöngu greiddur af jafnaðarsjóðunum, svo sem hingað til hefir verið vani, því verðirnir, og sá kostnaður sem af þeim leiðir, er hreint amtamál; og nefndin hefir að eins gjört það af tilhliðunarsemi, við Vestur- og Suðuramtið, að stinga upp á nokkurri breytingu á þessu. Ákvörðun 4. greinar um verði, þótti sumum óþarfi að taka í viðaukalögin; og hinn háttvirta 3. konungkjörni þingmaður taldi það enda ósamkvæmni hjá þinginu, ef það færi nú að taka upp ákvörðun um verði, sem það hefði þó fallið frá 1866, en eg bið hann að lesa alþingistíðindin frá 1861, 63 og 65, og þá mun hann sjá, að þingið hefir hopað á hæl, fet fyrir fet, fyrir stjórninni, til að ná samkomulagi við hana í þessu allsherjar vandamáli; öll þessi ár, hefir það af alefli, og með meiri hluta atkvæða, barizt fyrir því að fá ákvörðunina inn í lögin, en loks 1865, hefir þingið unnið það til að sleppa þessu aðalatriði, til að fá þessa sælu kláðalöggjöf 5. janúar 1866. Og hvað kom þinginu 1865, til að sleppa varða-ákvörðuninni? Einungis það, að þingið taldi sjálfu sèr trú um, að eptir frumvarpi stjórnarinnar, hefði amtmenn heimild til að setja verði, hve nær sem nauðsyn bæri til, og meira að segja, hinn 3. konungkjörni þingmaður var þá einnig sömu meiningar eptir því sem honum fórust þá orð; eg skal leyfa mèr að lesa orð hans, sem standa á 411—412 bls. í síðari hluta alþingistíðindanna 1865 (hann les upp). Eg segi þetta eigi, til að bera hinum 3. konungkjörna þingmanni ósamkvæmni á brýn, því eg held að hann sè í raun og veru, enn á sama máli um nauðsyn varðanna. En eg vildi að eins, sýna fram á, að þinginu var nokkur vorkunn, þó það sleppti varða-ákvörðuninni 1865, þar sem bæði vitringar þingsins og þjónar stjórnarinnar skyldu frumvarp hennar

svo, að í því lægi heimild fyrir amtmennina, til að setja verði, þegnauðsyn krefði.

Bergur Thorberg: Ef það hefir verið meining nefndarinnar, að 1. gr. frumvarpsins ætti að skiljast svo, eins og 2 þingmenn hafa tekið fram, að niðurskurðurinn væri fyrst leyfilegur, þegar fokið væri í öll skjól, þá er hún mjög óheppilega orðuð, því hún leyfir eptir orðanna hljóðun niðurskurð, án þess lækningarnar hafi verið reyndar, ef lækningar álítast ekki fulltryggjandi eða ef niðurskurður er álitinn betur henta. Eg talaði um greinina, eins og hún liggur fyrir og hljóðar, og eg get ekki skoðað hana öðruvísi en hún er. Hinn heiðraði framsögumaður lagði ýmsar spurningar fyrir mig, og skal og svara honum nokkrum orðum upp á þær. Eg álít dýralæknirnn jafn nauðsynlegan, hvort sem á að skera niður eða lækna; ef lækna skal, þá ber víst enginn á móti, að áríðandi sé að hafa dýralækni í ráðum með sér, og ef á að reyna að uppræta sýki með niðurskurði, þá er læknir nauðsynlegur, til þess að geta sagt, hvort sýkinni sé þannig varið, að ógjörlegt sé að reyna lækningar. Hann spurði einnig um, hvað gjört hafi verið í Vesturamtinu, til þess að útrýma kláðanum, sem eg hafði sagt, að hefði verið þar. En eg skal svara honum því, að eg hefi ekki talað um neinn kláða í Vesturamtinu, og síðan tilskipunin frá 5. jan. 1866 kom út, hefir við þær fjárskoðanir, sem fram hafa farið í Vesturamtinu, en ekki orðið vart við nein næm fjárveikindi, og því hafa ekki verið gjörðar þar neinar ráðstafanir, til að útrýma slíkum veikindum. En fremur spurði hann, hvaða samband væri á milli tilskipunarinnar og niðurskurðaruppástungu nefndarinnar, en það er það, að tilskipunin heimilar ekki niðurskurð, sem það meðal, er hið opinbera megi við hafa til að útrýma næmum fjárveikindum, en eptir frumvarpi nefndarinnar er niðurskurður settur jafnhliða lækningunum. Hann bar mér og á brýn, að eg hefði ekki skilið frumvarpið rètt, þar sem eg sagði, að hver amtmaður út af fyrir sig rèði því, hvort hann vildi framfylgja niðurskurði eðar lækningum. Eg játa, að eg hefi skilið 1. grein frumvarpsins á þenna hátt, og hún verður ekki skilin öðruvísi; það er einungis um verðina og aðrar þær ráðstafanir sem gjöra skal, eptir að niðurskurðurinn hefir sýnt sig ónógan til að ná áugnamiðinu. 4. gr. talar um samkomulag milli amtmannanna, en það er hvergi talað um samkomulag viðvíkjandi niðurskurðinum. Því verður ei neitað, að hingað til hefir þeirri reglu verið fylgt, að borga að jöfnu varðkostnaðinn af jafnaðarsjóð-

um allra amtanna. En þessi aðferð er ekki sanngjörn, þótt hún hafi verið höfð að undanförnu. Að endingu bar hann mèr á brýn, að eg hefði ekki vit á að dæma um ástandið hèr á Suðurlandi í þeim sveitum, þar sem eg hefði ekki komið. En maður getur byggt á skýrslum, enda hafa menn ekki aðra vissu hèr, því það eru fáir sem sjá sjálfir sjúkdómstilfellin, og bera skyn á sjúkdóminn (*Benidikt Sveinsson*: Um hvað hljóða þær skýrslur?) Um heilbrigðisástand fjárins. Menn verða því að byggja á þessum skýrslum, og því er nauðsynlegt að þær sèu sem áreiðanlegastar, og það bendir aptur á að það sè nauðsynlegt að fá dýralækna sem hafi þekkingu á sjúkdóminum.

Torfi Einarsson: Það var að eins einfalt atriði, sem eg ætlaði að taka fram. Mèr hefir heyrzt, þegar borið hefir verið saman Ísland við önnur lönd, hefir ekki verið tekinn vel fram allur mismunurinn. Hèr er fèð ekki geymt í hjörðum, heldur rekið hirðingarlaust á fjöll upp. Sumstaðar þar sem eg þekki til á Vesturlandi er heimapössun svo örðug og ill, og hagaskortur svo mikill, að hún er miklu verri en að drepa allt fèð niður. Eg hefi nú verið niðurskurðarmaður hingað til, en eg var satt að segja orðinn veikur á honum, en eg hefi nú aptur styrkzt á niðurskurðinum af umræðum í dag, svo eg er nú aptur orðinn fastur á niðurskurðinum. Því nú á enginn að þekkja kláða, nema einhver »*þýzkur smyrill*» eða danskur dýralæknir. Það hefir verið sagt hèr í dag, að lækningarnar hafi sýkt heilbrigt fè, og sèst af því, að þær eru ekki eins auðveldar og sumir vilja telja mönnum trú um; einnig hafa menn verið að dylgja um lækningarnar á Elliðavatni; en það væri gott að fá nákvæmari skýringar um þær, þótt það ef til vill ekki eigi við að ýfa upp gamlar væringar. En þótt eg sè nú orðinn niðurskurðarmaður, ætla eg samt að áskilja mèr breytingaratkvæði um, að engin bænarskrá verði send til konungs í máli þessu, því eg held það verði ekki til annars en tefja fyrir málinu, en það muni mega útrýma kláðanum í haust. Það hefir verið felldur þungur dómur, að menn skuli halda að kláði sè til þvert ofan í skýrslurnar, og hinn 3. konungkjörni hefir sagt, að það væri engin hætta búin af kláðanum framar. En það er ekki í fyrsta sinn, að vitnað hefir verið í skýrslur hèr á þinginu, að kláðinn væri nærri því farinn, en þó lifir hann hèr enn. Það hefir verið talað um, að ákvörðunin í 4. greininni um niðurjöfnun kostnaðarins á jafnaðarsjóði amtmanna ekki væri sanngjörn, og áskil eg mèr breytingarat-

kvæði við hana í þá átt, að jafnað verði niður kostnaðinum eptir fjártölu í hverju amti.

Forseti: Það er nú orðið svo framorðið, að þessari undirbúningsumræðu getur varla orðið lokið á þessum fundi, því nú hafa þegar tveir þingmenn beðið sèr hljóðs á ný, og mun annar þeirra, þingmaður Vestur-Skaptfellinga þurfa mikið að tala, því hann hefir mikið að svara fyrir. Eg vildi gjarnan hafa haldið kvöldfund, en það kemur í bága við þingskrifarana, af því að þá gætu þeir ekki orðið búnir fyrir fund á morgun; og svo veit eg einnig til, að nefndir ætla að hafa fundi með sèr seinna í dag. Eg ætla því að skjóta umræðunni á frest til morguns, og mun eg því ákveða fund til hádegis á morgun, til að halda fram þessari umræðu.

Fundi slitið.

---

29. fundur. — 13. ágúst.

Forseti: Þingmaður Vestmanna-eyja hefir tilkynnt mèr, að hann sökum heilsulasleika geti eigi mætt í dag.

Þingbók frá næst undangangandi fundi lesin og samþykkt.

Samkvæmt ályktun þingsins í málinu um minningarhátíðina, hefi eg skrifað stiptsyfirvöldunum og landfógeta brèf, og farið þess á leit, að þau tæki að sèr það hlutverk, sem þingið bað þau fyrir í þessu máli. Nú hefi eg fengið svar upp á það brèf; og það er mèr sönn ánægja að tilkynna þingmönnum, að þessir háttvirtu menn hafa orðið við tilmælum þingsins, svo að nú er ekkert því til fyrirstöðu, að kosnir verði tveir alþingismenn í nefndina með þeim.

Eg hefi fengið nefndarálit í læknamálinu, og mun það verða lagt fram á lestrarsalinn, þegar konungsfulltrúi hefir fengið afskript af henni.

Samkvæmt dagskránni kemur nú í dag til umræðu fjárkláðamálið.

Sveinn Skúlason: Eg vil spyrja hinn háttvirta forseta, hvort þetta stóra breytingaratkvæði frá þingmanni Vestur-Skaptfellinga getur af formlegum ástæðum komið hèr til umræðu fyrr en við ályktarumræðuna.

Forseti: Eg skal svara hinum virðulega þingmanni því, að eins og hann veit, þá boðaði þingmaður Vestur-Skaptfellinga þegar í upphafi undirbúningsumræðunnar þetta breytingaratkvæði sitt, sem er svo yfirgripsmikið, að það er heilt nýtt frumvarp, samhliða uppástungum nefndarinnar. Einmitt af því það er svo umfangsmikið, er það gjört þingmönnum til hægri verka, að prenta það nú þegar, en að öðru leyti get eg eigi séð betur, en að menn geti talað um það í umræðunni eins og um hvort annað breytingaratkvæði.

Benidikt Sveinsson: Eg vil leyfa mèr að spyrja uppástungumann, hvort þetta er eigi að skoða sem breytingaratkvæði, og sè hann mèr samdóma um, að það eigi að teljast sem breytingaratkvæði, þá mun líka eiga að fara með það sem með hvort annað breytingaratkvæði.

Forseti: Sjálfsagt.

Sveinn Skúlason: Getur þá orðið nokkur umræða um það að svo komnu máli.

Forseti: Það getur sjálfsagt komið til umræðu, eins og hver önnur uppástunga í málinu, og verður við ályktarumræðu borið undir atkvæði eins og hvert annað breytingaratkvæði, en eg tek það fram aptur, að af því það er svo yfirgripsmikið, hèlt eg að þingmönnum mundi koma vel, að kynna sèr það nú þegar við undirbúningsumræðuna, og því liggur það nú fyrir prentað.

Jón Guðmundsson: Út af þessu formspursmáli, sem komið hefir til orða milli forseta og nokkurra þingmanna, vildi eg taka það fram, að eg veit eigi betur en bæði leyfilegt sè og löglegt að bera upp breytingar eða viðauka-atkvæði við breytingaratkvæði.

Eg gat þess í undirbúningsumræðunni, að eg hvað tilganginn snertir væri samdóma nefndinni, nefnilega í því að vilja gjöra enda á fjárkláðanum, en eg gat þess jafnframt, að mèr eigi gæti komið saman við nefndina um meðöl þau, er hún hafði stungið upp á. Og á þessu verð eg því fastari, sem eg íhuga betur uppástungur og álit nefndarinnar.

Nefndin hefir ætlað að fá nýjar ákvarðanir, sem geti áorkað, að fjárkláðinn verði fyrr og betur upprættur, heldur en hægt er, ef hlíta skal reglugjörð 5. janúar 1866. Tilgangurinn er því góður, en nefndin nær aldrei tilgangi sínum með þeim meðölum, er hún vill neyta, því um hvað biður nefndin, hvað vill hún, hvað getur hún vænt sèr að hafa fram með þessu frumvarpi sínu? Hún biður

eigi um annað en það sem vèr þegar höfum, hún biður um vilja amtmannanna, að þeirra góður og náðugur vilji megi ske; vèr eigum að ákalla vilja amtmannanna líkt og vèr í Faðirvori áköllum vilja guðs. Hver er svo niðurstaðan? Báðir þeir amtmennirnir, sem hèr eru á þingi, hafa hátíðlega lýst því yfir, að þeir eigi treysti sèr til að hafa neinn vilja í þessu máli af sjálfs síns rammleik, að þeir sèu óvæntanlegir að beita neinum sínum eigin vilja, þeir vilji eigi upp á eigin eindæmi skera úr því, hvort skera skuli eða eigi skera, hvort verði setja eða eigi; þeir skýrskota öllum slíkum spursmálum til dýralækningaráðs, eða erendsreka þess einhvers, eða einhvers dýralæknis sem það sendir. Ef nefndin er ánægð með, að úrslit málsins lenti á þeim stað, þá væri gaman, að hún vildi sannfæra þingið um, að þá væri málinu að borgnara. Vèr vitum það nefnilega allir eða þykjumst vita, að málinu hefir bezt þokað áleiðis síðan dýralæknaráðið hætti að hafa afskipti af málinu. Þar fyrir segi eg það engan veginn, að vèr ekki höfum lært af dýralæknunum. Vèr höfum haft gott af dýralæknunum, lært af þeim margt með tilliti til *aðferðar* við lækningar; en einmitt það, að íslenzkir bændur hafa lært aðferðina ætti að gjöra oss ánægða í því tilliti; því jafnframt og bændur hafa játað þetta, að þeir hafi lært af dýralæknunum, hafa þeir jafnan bætt því við, að hefði þeir eigi breytt út af þeirra reglum eptir ásigkomulagi landsins og fènaðarins hèr hjá oss, þá mundu allar þær lækningatilraunir hafa orðið ónýtar og árangurslausar. Hvað lengi ætla menn að þreyta lækningarnar, hvað lengi ætla menn að skella skollaeyrunum við atkvæði landsmanna í málinu? Eg ímynda mèr þó, að það muni verða upp á, hvað lengi og hvernig sem reynt er að berja það niður, að þetta atkvæði landsmanna verði sú eina «sagkyndige autoritet», sem nokkur gaumur sè gefandi, og sem sjálfsagt mun mest megna í málinu, og hingað til hefir það mestu áorkað í þessu máli, hvort sem menn höfðu niðurskurðar- eða lækningalög eða engin lög. Eg álít annars, að vèr eigi þurfum nein niðurskurðarlög; menn sýndu það bæði fyrir og eptir, að lækningalögin komu út. En þar sem hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður í gær sagði, að «murkið» hefði mest gengið síðan 1866 eða eptir það lækningalögin komu út, þá verð eg að segja, að það fer mjög fjarri sanni. Aðalniðurskurðurinn var allur um garð genginn, töluvert áður en lækningalögin komu út. Þetta hafði eg að segja, viðvíkandi aðalefni nefndarframvarpsins, og get eg því eigi aðhyllzt það.

Þar við bætist nú sitt hvað annað. Í frumvarpinu er einlægur tvískinnungur; við stjórnina og lækningamennina segir maður þetta: «Hèr er eigi verið að biðja um annað, en góðan og náðugan vilja þjóna yðar, amtmannanna; hèr er ekki farið fram á annað en «*viðaukalög*» við lækningalögin 1866, ekki fram á annað en lækningar og herða á þeim». Við niðurskurðarmennina er sagt: «Sjáið þèr eigi, að í 2. grein er niðurskurðurinn skýlaust tekinn fram. Þetta er gjört til þess að geta borið kápuna á báðum öxlunum, til þess að geta blekkt hvoratveggju, til þess að geta gefið sitt sparðið hvorum. Út úr þessu verður ekkert annað en það, að eilift reik er á ráðum öllum; einn amtmaður er niðurskurðarmaðnr, annar lækningamaður; nú skiptir um amtmenn, og kemur niðurskurðaramtmaður í stað amtmanns, sem var lækningamaður; þannig hlaupið úr einu í annað; það sannar ekkert, að nú fellur í ljúfa löð og gengur liðugt milli amtmannanna, slíkt getur breytzt og brugðizt, og hvar lendir nefndin þá, með þessar uppástungur sínar? Eg kom eigi með mínar uppástungur, til þess að fá lögákveðið atkvæði fjáreigendanna í landinu; um það þurfum vèr alls eigi að þrátta, það er náttúrulögmál dýpra innrætt og rist öllum en svo, að þess þurfi; en eg hefi komið fram með þær, til þess að sýna enn glöggvar, að uppástungur nefndarinnar í sjálfu sèr, sè óþarfar og viðsjárverðar. Annað mál er það, að síðan málið kom inn á þing, hafa komið fram tvö atriði í málinu, sem mèr finnst öll ástæða til, að halda fast við og fylgja fram, annað er í uppástungum nefndarinnar um verðina; en hin er sama efnis og 7. greinin í breytingar uppástungum mínum, þar sem ræðir um þessa einstöku menn, þrákjálkana og þvergirðingana, sem þykjast hafa meiri rètt en allir aðrir, og þykjast þrátt ofan í reynslu og samtök og atkvæði allra annara, hafa rètt til þess að halda fram sínu striki ; og ala sitt kláðagrunaða fè, og láta óskorið og þó ólæknað, öllum almenningi i mein; þeim fer líkt og uglunni, sem fór að metast um birtu sólar og tungls, þeir sitja fastir við sinn vitleysu keyp, hvað sem velferð landsins og yfirvöld segja. Það eru einmitt undirtektir yfirvaldanna hèr á þingi sem gefa oss alla upphörvun til þess að halda fast fram þessum atriðum, því þegar talað er um almenna velferð, þá þykjast þeir eigi vera bundnir við ákvarðanir tilsk. 5. jan. 1866; eins þegar talað er um einstaka menn, sem setja sig á móti almennings vilja; á útbrjót og sèrstaklega hagsmuni þessara manna andspænis almennings heillinni,

líta yfirvöldin að mèr sýnist, allt of vægilega; að minnsta kosti miklu vægilegar en bæði lækningalögin og almennar ákvarðanir laganna gefa tilefni til, það er almenn grundvallarregla, að einstakra manna rèttur verður að víkja fyrir almennings heill. Út af varða-ákvörðuninni hafa þeir 2 amtmennirnir, sem hèr eru nú á þingi, gefið oss nú þá mikilvægu(!) lagaskýringu, eptir þeirra skilningi á lækningalögunum 1866, að þó að 4. gr. þessara laga skipi strangan aðskilnað milli sjúks og ósjúks fjár þá verði það eigi skilið nema um innan hèraðs fènað innanhèraðs, það er að segja um fènað einstakra manna og einstakra sveita, en ef þetta er rèttur skilningur, þá er nauðsyn að fá lögin skýrð og á-kveðnari í þessu efni. Eg veit eigi betur en amtmaðurinn í Suður- og Vesturamtinu hafi tekið þátt í kostnaði til varða hvor fyrir sitt amt allt fram að 1866; nú er næsta eptirtektavert, að þetta skuli vera orðið þrengra, eptir að lögin komu út, heldur en var á meðan engi laga-ákvörðun var til um »strangan aðskilnað«. Amtmennirnir sem hèr eru á þingi segja nú: Ákvörðunin í 4. gr. lækningalaganna nær að eins til hins stranga aðskilnaðar innsveitis og má ske milli einstakra sveita, en alls ekki til stærri hèraða eða til amtanna. Eg vil nú ráðgjöra, þó mèr sè það óskiljanlegt, að þessi skilningur amtmannanna á lögunum sè rèttur; látum oss gefa þeim herrum, að þeir hafi rètt fyrir sèr í þessu, en þeir mega þá aptur til að gefa oss rètt, fyrst í því, að lögin útíali og ákveði hèr almenna *grundvallarreglu*, að strangur aðskilnaður skuli eiga sèr stað á sjúku og grunuðu fè frá ósjúku, og í annan stað, að með því amtmennirnir segja og standa svo fast á því, að laga-ákvörðun þessi geti samt sem áður *ekki* náð til almennra varða, þá sè fyllsta hvöt og nauðsyn fyrir þingið að fá nýja laga-ákvörðun um, að þessi grundvallarregla nái einnig til almennra varða. Það sjá allir, hve óhæfilegt og fjarstætt það er, að kláðinn skuli eiga frjálsan og ó-hindraðan gang að sunnan og norður í land eða vestur, þar sem menn þó játa, að yfirvaldið sè lögbundið við að sjá því borgið að kláðinn t. d. frá Miðdal eigi nái að breiðast út norður í Mosfellsdalinn. Amtmaðurinn í Suðuramtinu að minnsta kosti má til að játa, að hann hafi viðurkennt grundvallarregluna fyrir því, að það sè skylda háyfirvaldanna að halda uppi almennum vörðum með því að gjöra og auglýsa bann á móti fjárflutningum og rekstrum hèraða á milli. Þeir verðir hafa, það er auðvitað mál, það til síns ágætis, að þeir eru ódýrir eða kostnaðarlausir; en eg veit þó eigi

hvort amtmennirnir eiga svo hægt með að telja mönnum trú um, að það sè að vísu skylda að hafa verði, þegar þeir ekkert kosta, en kosti þeir nokkuð, þá sè þeir öldungis óþarfir og engin lagaskylda að hafa þá. Í gær var talað um, hvað orðið mundi af uppástungum alþingis 1865 um dýralæknana; en þá kom engin auglýsing um þetta mál; en samt mun mega fullyrða, að í fyrra bað stiptamtmaður stjórnina um dýralækni til þess að hafa við hönd sèr; en fèkk þá afsvar um það eg ætla í vor. Það kynni nú reyndar að ganga betur, ef amtmenn hèr eptir færu þessa á leit, þar sem vilji amtmanna á að verða svo mikils megnandi, og þó alveg háður áliti og vilja dýralæknanna, eptir því sem þeir sjálfir segja. Það hefir verið tekið fram, að það mundi valda miklu meiri kostnaði, ef niðurskurðaramtmaður fengi yfirráð og beitti honum um of, en þótt lækningum væri eindregið fylgt. En eg vona, að jafnaðarsjóðsreikningarnir hèr muni bera með sèr, að eins mikið hafi gengið í kostnað til lækninga hèr, eins og í hinum ömtunum til fjárvarðanna og niðurskurðar. Ef uppástungur nefndarinnar og breytingar-uppástungur mínar í heild sinni verða felldar, þá ætla eg mèr að gjöra vara-uppástungu þess efnis, að aðalefnið í 4. grein af uppástungu nefndarinnar, og í 7. grein minni verði haldið, og að í bænarskrá til konungs verði beðið um þetta sem nákvæmari skýring á og viðaukalög við tilsk. 5. jan. 1866.

Sighvatur Árnason: Þetta frumvarp nefndarinnar hefir nú fengið æði-miklar mótbárur og þar með frá hinum háttvirta þingmanni Vestur-Skaptfellinga, sem þó í raun og veru er eigi fjarlægur grundvelli frumvarpsins; breytingar-uppástungur hans sýna ljósast, hve mikið far hann hefir gjört sèr til að kasta frumvarpi nefndarinnar, og má segja «að höggur sá, er hlífa skyldi». Það hefir komið fram frá nokkrum þingmönnum, sem hafa talað fyrir stefnu stjórnarinnar í þessu máli, að árangursleysi lækninganna og aldur kláðans væri að kenna æsingum einstakra manna meðal þjóðarinnar, en eg fyrir mitt leyti verð öldungis að mótmæla því, og segja um það, «andinn lifir æ hinn sami» o. s. frv. Hvað hefir hin sögulega reynsla kláðamálsins sýnt um það, hverju þetta 12 ára kláðastríð hefir verið að kenna? Hefir ekki stjórnin og þeir sem hafa haft erindi hennar á hendi í þessu máli frá því fyrsta barizt á móti þorra landsmanna, á móti þingi og þjóð; þingið hefir hopað á hæl aptur og aptur, og seinast í hitt eð fyrra með því að fallast á frumvarp til tilskip. 5. jan. 1866, heldur en ekki neitt, í

von um að það kynni þó að heppnast að fá kláðanum útrýmt með lögum þessum, og fá þannig loksins enda á þetta óhappamálefni landsins. Eindreginn vilji þings og þjóðar byggður á 12 ára reynslu í alinnlendu máli er þannig orðinn að æsingum, líkt eins og nýlega kom fram, «að lækningarnar væri orðnar að kláða».

Fyrsti grundvöllur allrar ógæfu þessa máls, var sá, að stjórnin byggði skoðun sína á áliti einstakra manna um kláðann, sem byggt var á útlendri þekkingu, og útlendri reynslu. Þetta sýndi sig strax við framkvæmd lækninganna og hefir sýnt sig til þessa dags; þar sem öruggustu lækningamenn og sem allrabezt heppnuðust lækningarnar á kláðafénu hafa sjálfir játað, að þeir hefðu *því að eins* læknað, að þeir jafnframt brúkuðu meira og minna sínar eigin reglur, sem reynslan hafi kennt þeim, að væri hreint og beint skilyrði fyrir lækningum hèr á landi. Þegar maður nú lítur á árangur lækninganna, þá er að skoða þær hèr í Gullbringusýslu, sem þær hafa verið stöðugast og mest viðhafðar frá því fyrsta; þar byrjaði kláðinn, þar hefir hann viðhaldizt ár af ári, og þar er hann enn í dag; frá þessari sömu sýslu hefir hann útbreiðzt aptur og aptur og optar enn einu sinni til Árnessýslu; öll önnur hèröð, sem þessi kláði hefir komið í, hafa rekið hann af höndum sèr og sum af þeim optar en einu sinni, bæði með niðurskurði og lækningum, en Gullbringusýsla aldrei. Hvað hefir þá áunnizt í þessari einu sýslu, þar sem mest hefir verið framfylgt lækningum? Ekkert! Allt af er kláði, allt af er lækningarlaust ár af ári í 12 ár, og allt af sami voði búinn hinum heilbrigðu hèruðum sem nærri liggja. Hvað hefir áunnizt með lækningum síðan lögin af 5. jan. 1866 komu út, með öllu því fylgi og atorku sem valdstjórnin hefir þó beitt þeim til framkvæmda? Síðan hefir kláðinn útbreiðzt á ný til Árnessýslu og síðan hefir kláðinn viðhaldizt hèr í Reykjavík sjálfri. Þessi reynsla og þessi sannindi geta þó eigi komið mönnum í skilning um fánýti lækninganna, og það tjón og margra þúsund dala kostnaður, sem þetta óhappa mál hefir haft í för með sèr, og má það heita undarleg ógæfa, sem þessu máli hefir fylgt og fylgir enn í dag. Í gær minnir mig að kæmi fram í ræðu hins háttvirta forseta, að menn utan við kláðasviðið hefði ofmikil eða óþörf afskipti af þessum vörðum, sem ekki væri í rauninni til annars en draga úr heimavöktununni; hvernig geta menn sagt það ástæðulaust að biðja um verði? Hefir ekki heimavöktun verið fyrirskipuð hèr í Gullbringusýslu, og hefir ekki kláðinn samt sem áð-

ur útbreiðst frá henni? Hver getur neitað því? Er þá að undra, þó hin næstu hèröð láti til sín heyra, og vilji til lengstra laga sporna við þessu átumeini landsins með öllu mögulegu móti, allir játa, að þetta mál sè velferðarmál landsins, og eiga menn þrátt fyrir það að ónýta málið eða hopa til baka þing af þingi.

Hvað eiga menn að segja í þessu eða öðru velferðarmáli landsins? Eiga menn að tala orð stjórnarinnar, orð þjóðarinnar, eða orð frá sínu eigin brjósti? sjálfsagt frá sínu eigin brjósti, og hvað geta menn þá sagt annað en þetta. Það er annars undarlegt, að þetta mál, sem öllum kemur saman um, að sè eitt hið mesta velferðarmál landsins, skuli hafa gengið svona þing af þingi og ár eptir ár, án þess að nokkuð hafi breytzt til batnaðar, og enn þá er jafnvel einhver spenningur í þinginu, enda þótt færri orð hafi verið töluð einungis með lækningunum í þetta skipti en áður. Breytingaratkvæði þingmanns Vestur-Skaptfellinga en einungis til að ónýta málið; eg skil ekki í því, hvað mönnum gengur til þess, að vilja vera að berja þetta framt þvert á móti vilja þjóðarinnar og koma svo engu í verk, sem gagn er að. Það hefir og verið stungið upp á, að fá hingað dýralækna, en það álít eg ekkert til bóta, því eg hef heyrt hina greindustu og duglegustu lækningamenn segja, að þeir því að eins hafi getað læknað svo fè sitt, að þeir hafi talsvert vikið frá reglum dýralæknanna og dýralækningaráðsins; og þó hljómar enn þá þessi sama bjalla, að landsmenn hafi ekki vit á því, hvað sè kláði eða ekki kláði, þrátt fyrir alla þá reynslu sem menn hafa nú á öllu þessu máli yfirhöfuð að tala.

Pètur Pètursson: Þegar eg skoða frumvarp nefndarinnar, þá eru það einkum tvö atriði, sem menn verða að gjöra sèr ljós, fyrst það, hvort frumvarpið sè nauðsynlegt ellegar ekki, og í öðru lagi, hvort það gjöri breyting á lögunum frá 5. janúar 1866. Fyrra atriðinu geta eg svarað bæði með nei og já; eg get svarað með nei, þegar eg lít til ástandsins í Suðurumdæminu, eins og það nú er, því þó engin ný lög kæmi nú út, er eg sannfærður um, að amtmaðurinn í Suðuramtinu, með þeim áhuga, kappi og alúð, sem hann hefir á málinu, mundi loks geta útrýmt kláðanum með því, að beita lögunum frá 5. janúar 1866, því kláðinn hefir aldrei sýnt sig eins lítinn og nú; en þegar eg lít til þess mögulegleika, að kláðinn getur þó viðhaldizt og útbreiðzt þrátt fyrir allar lækningatilraunir, þá hlýt eg að játa, að frumvarpið er nauðsynlegt, og það af tveimur ástæðum, fyrst af því, að þegar kláðinn útbreiðist apt-

ur, þá hefir reynslan sýnt, að fjöldi manna tekur sig saman um að lóga fè sínu, og að einstakir menn hafa getað tekið sig út úr, og þá hafa amtmenn ekki vald til að þvinga þá til að lóga fè sínu, og þetta verður til skaða fyrir hina, sem skera og ekki fá fè keypt á meðan, og þar næst af því, að lögin frá 5. janúar 1866 tala ekki einungis um fjárkláða, heldur og um hvers kyns næm fjárveikindi, sem geta verið ólæknandi; hefðu nú amtmennirnir ekki vald til að láta framkvæma niðurskurð, þegar svona á stendur, þá væru menn illa farnir; þetta vald gefur tilskipun 5. janúar amtmönnunum ekki. Gjörir nú frumvarp nefndarinnar breyting á lögunum frá 5. janúar 1866? Eg held, að frumvarpið fari ekki í gagnstæða stefnu við lögin, heldur er það auðsèð, að nefndin hefir hugsað sèr aðferð sína sem undantekning frá hinni almennu reglu. Það virðist því nauðsynlegt, að amtmennirnir fái vald til að láta skera niður, og það því fremur, sem þeir ekki hafa vald til að banna niðurskurð; eg get heldur ekki sèð, að þingið fari í gagnstæða átt við lögin frá 1866, þó það nú aðhyllist frumvarpið. Þrátt fyrir ræður þær, sem komnar eru fram hèr á þingi með því, að nauðsynlegt sè að fá dýralækni hingað, getur mèr ekki skilizt að þetta komi að nokkru liði, því almenningur hefir ekki transt á dýralæknum. Að amtmennirnir yrðu öruggari fyrir það, get eg heldur ekki sèð, því þeir hafa miklu betra yfirlit yfir ásigkomulag og ástand umdæmis síns, en ókunnugur maður gæti haft; það einasta gagn sem amtmennirnir kynnu að hafa af þessu er það, að þeir má ske ættu hægra með að forsvara gjörðir sínar frammi fyrir stjórninni, og hvað þessu yfir höfuð viðvíkur, þá þurfum við ekki að leita langt, því vèr höfum examineraðan dýralæknir. Eg get annars vel skilið í því, að amtmönnunum þyki óþægilegt að fá þetta vald í hendur, en þegar eg sè að almennings heill muni heimta það, þá get eg ekki hlíft þeim við að taka þessa ábyrgð upp á sig.

Ólafur Sigurðsson: Eg get ekki verið samdóma þingmanni Rangæinga um, að svo margir hafi hnjátað í nefndina, heldur gleð eg mig þvert á móti yfir því, að þeir eru enn þá fáir, en aptur hafa margir fallizt á skoðanir hennar, enda álít eg frumvarp hennar vel og vandlega hugsað.

Það er búið að taka það fram, bæði af nefndinni og einstökum þingmönnum, hvernig þingið hefir allt af smáhopað undan stjórninni í þessu máli, þangað til seinast 1865 að það samþykkti þetta

góða lækningafrumvarp, er síðan varð að lögum. En fljótt varð mönnum ljóst ekki einasta niðurskurðarmönnunum heldur jafnvel lækningamönnunum sjálfum, að lögin frá 5. jan. 1866 þurftu viðauka, ef þau áttu að geta komið að notum, einkum ef hèr kæmu upp enn verri og skæðari fjárveikindi heldur en nokkurn tíma kláðinn er, sem maður getur þó hugsað sèr, því það er sannarlega hart, að einstakir menn, ef til vill með eintómum þráa og þverhöfðaskap geti sett velferð jafnvel alls landsins í voða; eg vona allir sjái, að það er þó skynsamlegra, að eiga velferð sína undir háyfirvöldum landsins en slíkum mönnum. Mèr finnst líka nefndin hafi hèr alveg fylgt grundvallarreglunni í 57. grein stjórnarskipunarlaganna, sem nú liggja fyrir þinginu, þar sem hún vill láta koma fullt verð fyrir hið skorna fè, svo eg get ekki annað skilið en stjórnin verði fús á að samþykkja þetta frumvarp, ef þingið gæti orðið einugt í að biðja þess. Það hefir verið sagt, að amtmönnunum með þessu yrði gefið of mikið vald, eða þó heldur, að það sè lögð á þá ofmikil ábyrgð; eg er ekki alveg móti þessu, og því vil eg taka mèr breytingaratkvæði við 1. gr. nefndarinnar í þá átt, að amtmennirnir taki sèr 4—6 menn til aðstoðar í þessu tilliti. Þar sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi við inngangsumræðuna og hinn háttvirti forseti í gær töluðu um, að mál þetta hefði verið gjört að flokkamáli, þá vil eg engan veginn neita því, en eg verð líka að álíta að slíkt hafi verið alveg nauðsynlegt, af því kláðinn hefir reynzt sá óvættur, sem ekki fer undan einum manni, heldur hefir eigi veitt af heilum flokk á móti honum, og sú skoðun mun nú vera orðin ofan á, að hefðu eigi heilbrigðu sveitirnar eflt þenna flokk, þá mundum við nú hafa fjárkláða um allt landið. Sama er að segja um það, að kláðinn hefir ekki látið undan síga til muna, nema þegar honum hefir veitt áhlaup af niðurskurðar flokknum. Viðvíkjandi böðuninni á Elliðavatni, sem hreift var í gær, þá vildi eg gjarnan óska að þar að lútandi skýrslur yrðu auglýstar þinginu.

Hjálmur Pètursson: Eg finn ekki ástæðu til að kvarta svo mjög yfir þeim mótmælum, sem fram hafa komið gegn frumvarpi nefndarinnar; að vísu hafa nokkrir þingmenn haft á móti því, einkum þingmaður Vestur-Skaptfellinga og hinn 3. konungkjörni. Hinn fyrrnefndi hefir reynt að bæta frumvarp nefndarinnar með þeim uppástungum sem fram eru komnar, en eg skal ekki dæma um, hvernig honum hefir tekizt það, en að eins geta þess, að eg finn

hvorki kjarna í þessum uppástungum hans, nè heldur í varnarræðu hans.

Að því er málið sjálft snertir, hafa komið fram, og koma enn fram þær skoðanir hjá nokkrum mönnum, sem reka sig hver á aðra, þegar málið er skoðað hlutdrægnislaust frá fyrstu byrjun þess. Þegar kláðinn kom inn í Vesturamtið, tókst yfirvöldunum þar að gjöra þær ráðstafanir, er heppnuðust vel, en það var að útrýma kláðanum með niðurskurði; lækningar voru að vísu reyndar þar, en þær komu að engu gagni þar heldur en annarstaðar. Það er undarlegt, hvernig sumir af vorum beztu mönnum, hafa leiðzt í villu í máli þessu, og hafa skoðað það frá svo undarlegri og ögfugri hlíð; þeir hafa ómögulega getað trúað þegjandi vottinum, sem þó sízt lýgur, þótt hann hafi vitnað á móti þeim; þessi þegjandi vottur hefir ávallt verið hinn sami, að því öflugar sem niðurskurðinum hefir verið framfylgt, því meira gagn hefir orðið að honum, en því öflugar sem lækningarnar hafa verið sóttar, því ónýtari hafa þær reynzt. Þannig hafa eigin verk lækningamannanna, og skepnur þeirra, vitnað á móti þeirra eigin kenningum; og eptir því sem fram kom í einni ræðu í gær, blanda menn saman lækningum á fè og mönnum, eins og fè og menn ættu að brúkast til hins sama. Niðurskurðurinn þarf ekki að vera og er ekki annað, en að sjúka kindin sè skorin en hin heilbrigða látin lifa, hvort sem svo sami maðurinn á þær báðar, eða sinn maðurinn hverja, og hefði slík aðferð aldrei þurft að vera til skaða, heldur til mikils gagns, því eg vil segja, að á hverju ári um allan kláðatímann, hafi miklu fleiru heilbrigðu fè verið fargað á landinu heldur en kláðafè hefir verið ár hvert. Eg vildi minnast á skýrslur þær, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi las upp fyrir þinginu í gær; hann á þökk skilið fyrir, að hann gaf þinginu þessar upplýsingar; en það er sá galli á mèr, að eg ekki get lagt trúnað á slíkar skýrslur, vegna þráfaldrar reynslu; því í mörg ár hafa komið líkar skýrslur um þetta leyti árs, en allt annað hefir orðið ofan á á haustin. Viðvíkjandi því, sem stungið hefir verið upp á, að fá hingað útlenda dýralækna, skal eg geta þess, að eg held, að landsmenn hafa ekki mikið traust á þeim, enda hefir reynslan rèttlætt það vantraust þeirra. Annað mál er það, að fá hingað innlenda dýralækna með tímanum. Það hefir verið sagt, að verðir væru ónýtir og óþarfir og í vegi fyrir, að kláðanum væri útrýmt, en eg verð alveg að mótmæla því, því þeir hafa reynzt það eina óhulta

meðal, til að varna útbreiðslu kláðans, þegar þeir hafa verið settir á hagkvæmum stöðum, og er hægt að sanna það með órækum vottorðum. Það hefir verið fært frumvarpi nefndarinnar til lýta eða ógildis, að það væri svo glæsilegt fyrir niðurskurðarmennina, því þeir fengju svo miklar skaðabætur. Þessu vil eg svara þannig: Þó það má ske væri rètt, að þeir sem ala kláða af trassaskap, fengju engar skaðabætur, þá þótti nefndinni ísjárvert að stinga upp á því vegna hinna, sem ekki væru þekktir að hirðuleysi, og höfðu fengið kláða í fè sitt frá hinum, og fannst henni því þörf á, að bætur væru ákveðnar eins og í öðrum löndum viðgengst, og hèr hefir líka opt verið framboðið. Þingmaður Strandasýslu hefir stungið upp á breytingaratkvæði við 4. gr. nefndarfrumvarpsins, viðvíkjandi betri jöfnuði milli amtanna áhrærandi varðkostnaðinn, og mun eg fallast á það.

Jón Bjarnason: Eg finn mèr skylt að svara spurningu þeirri, er framsögumaður lagði fram í gær, um hvernig gengið hafi til í Vesturamtinu? Eg ætla þá að byrja á, þegar kláðinn komst vestur yfir Hvítá, þá kom bysna mikill ótti í menn og líka sú von, að tekið mundi verða í taumana. Þá var Melsteð amtmaður þar, sem bæði var vitur maður og stjórnvís. Lèt hann strax byrja á lækningum eptir fyrirmælum og reglum hinna útlendu dýralækna. Þeir voru um þessar mundir að þreyta lækningar á Suðurlandi. Þegar lækningin tókst ekki í Mýrasýslu, kallaði hann þá í aprílmánuði 1858, þegar 5 menn saman úr hverri sýslu á amtsfund, í Stykkishólmi, til að ráðgast um við þá, hvað gjöra skyldi; sagði hann þeim frá þessum dýralæknum, sem komnir væru hèr fyrir sunnan, og varð lítill árangur af ferð þeirra eins og hinn heiðraði sessunautur minn tók fram. Síðan sendi amtmaður með ráði og samþykki fundarins, menn suður í Hvítarsíðu til þess að fá menn þar, til þess að skera niður móti endurgjaldi, og var einnig boðin borgun fyrir það sem dautt var; en þá rèðu þar menn fyrir, sem mikið áttu undir sèr, og þar á meðal presturinn, sem þá var á Gilsbakka, sem átti þá margt fè rètt komið í andlátið og sumt skilið við, og munu þeir hafa haft aðgang að hinni konunglegu lækninga fjárhirzlu, sem þá var nýopnuð hèr í Reykjavík, og ekki mun hafa verið lokuð fyrir þeim; um þessar mundir var líka Hirðir á ferðinni, sem átti að verða góður hirðir, enn í sannleika var það ekki og flúði því eins og hinn vondi leiguliði veslaðist upp og dó. Prestur og sumir aðrir þar syðra vildu ekki hlýðnast ráð-

um og bænum amtsfundarins, og fórum vèr, sem sendir vorum, þannig við svo búið heim aptur. En allir voru nú fúsir á að fylgja amtmanninum, því vèr amtsbúar hans, höfðum eptir fundinn svo gott traust á honum og hann einnig á oss til samtaka. Þá skipaði hann Hvítársíðingum og þeim er sjúkt og grunað fè áttu, stranga heimapössun, og þar að auki setti hann varðmenn til höfuðs þeim. Afleiðingin af þessu varð sú, að þeir urðu fúsir að skera fè sitt um haustið og voru að því langt fram á vetur. Síðan hafa nú orðið tvenn stjórnarherrá skipti í Vesturamtinu. Sá sem kom næstur eptir Melsteð heitinn, gjörði sèr minna far um að koma sèr saman við amtsbúa sína, en fór meira einförum. Eitt dæmi upp á það er, að þegar stiptamtmaðurinn 1865 kvaddi hann til varðarhluttöku, sem þá var settur hèr við Leirvogana, þá komu sendimenn til hans úr Mýrasýlu og það áður en stiptamtmannsbrèfið kom, er báðu um, að ef vörðurinn ekki yrði settur í sambandi með Norðlendingum og Borgfirðingum, þá tæki Vesturamtið ekki þátt í honum. Amtmaðurinn í Norðuramtinu vildi ekki fallast á vörðinn, nema hann væri settur nógu vestarlega, úr Botnsvogum, en amtmaðurinn í Vesturamtinu sagði það væri guðvelkomið, fyrst stiptamtmaður vildi það, en hirti alls ekkert um, hvað amtsbúar sögðu eða vildu. Þessi vörður var settur úr Leirvogum, en seinna fóru að ganga sögur um, að kláðagrunur væri í Víðinesi vestan varðlínuna. Af þessu leiddi, að Norðlendingar og Borgfirðingar settu vörð úr Botnsvogum. Nú leituðu Mýramenn styrks til okkar Vestfirðinga, sem á þinginu voru; eg lofaði borgun handa einum varðmanninum, hinir þingmenn held eg engu hafi lofað. Nokkru eptir að eg kom heim, fór eg til amtmanns okkar, sem þá var orðinn, og er nú hinn 3. konungkjörni, og bað hann endurgjalda varðkostnað vorn af jafnaðarsjóðnum. Hann neitaði, en kvaðst jafnframt borga syðri varðkostnaðinn, þótt það væri móti vilja og beiðni Mýramanna, þar eð sinn fyrirrennari Bogi, hefði lofað því; þessi kostnaður var 571 rd. en við sem styrktum að Botnsvogavèrðinum máttum bera eins þann kostnað; nú í fyrra lagði amtmaðurinn $^1/_6$ af Botnsvoga varðkostnaðinum á jafnaðarsjóðinn; $^1/_6$ máttu Mýramenn borga sjálfir, aptur nú í sumar afsagði hann að borga nokkurn skilding í varðkostnað úr Botnsvogum, eins og kunnugt er; hèr af leiðir, að Mýramenn mega *einir* ásamt Borgfirðingum og Norðlendingum kosta *varð* og *víg*stöðu úr Botnsvogum, meðan kláðinn er á Suðurlandi, því það er bæði, að hvergi

er eins stutt varðlína, eins og úr Botnsvogum í Langajökul, svo og hafa Borgfirðingar drengilega rekið kláðann af höndum sèr, og því er rètt og sanngjarnt að varðstöðin sè fyrir sunnan þá. Af þessari stuttu skýrslu sèzt, að sinn amtmaðurinn hefir hverja skoðun á valdi sínu yfir jafnaðarsjóðunum í tilliti til varðkostnaðar. Hvar sem hætta er nærri, þar er ávallt vörður nauðsynlegur; svo er um stríð, eldsvoða, sóttnæmi o. fl.; þannig er næturvörður haldinn hèr í Reykjavík og borguð mörg hundruð dalir fyrir; eins er um kláðann meðan hann lifir, þá þarf vörð á, að hann ekki brenni upp dýrmætustu eign vora, sauðfènaðinn. Eg skal fúslega játa, að amtmanni vorum, sem sjálfsagt vill amtsbúum sínum vel, hefir gengið það til að neita um styrk til varðarins, að við það spöruðust útgjöld sjóðsins, en það er athugandi við þetta atriði, sem hèr ræðir um, að það sem sjóðnum eða öllum gjaldendum til hans sparast, það einmitt kemur því þyngra á fáa af gjaldþegnunum til hans, því varðmennirnir verða þó að fá kaup sitt; hèr var því ekki að ræða um sparnað á fè úr *vasa* stjórnarinnar, heldur gjaldþegnanna sjálfra þeirra sem næstir búa, og er kunnugast um ástandið, og vèr allir Vesturamtsbúar verðum að álíta brjóst fylkingar vorrar, líkt og Norðlendingar skoða Húnvetninga móti kláðanum. Það er því engan veginn gott ástand, að *vilji* og *úrræði* amtmannsins og Mýramanna geti ekki samrýmzt í þessu kláðamáli allt svo lengi hann lifir í öskunni á Suðurlandi.

Um meðferð og umræður kláðamálsins hèr á þinginu, vil eg geta þess, að það, sem hinn háæruverðugi 1. konungkjörni þingmaður hefir mælt um nefndaruppástunguna og málið yfir höfuð, fellur mèr mikið vel, og einnig það sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir skýrt frá áliti sínu og meiningu um útrýmingu kláðans, og mun eg hallast mest að uppástungum nefndarinnar.

Þá er nú loksins að minnast lítið eitt á kláðann sjálfan. Eptir að Borgfirðingar voru búnir að útrýma honum úr sýslu sinni með niðurskurði, og útvega sèr aptur heilbrigt fè norðan og vestan úr sýslum; og eptir að hinir kgl. erindsrekar og læknar, sem hingað voru sendir í góðum tilgangi, með mörg 1000 dala nesti og nýja skó, til að eyðileggja kláðann, en sem þeir gátu ekki, voru um garð gegnir, fór eg suður í Borgarfjörð, og hèr suður á land, mig langaði allt af að kynna mèr verulega einkenni kláðans og lækninganna. Eg kom að bæ, sem heitir Hóll í Lundarreykjadal, þar bjó þá Jón bóndi Einarsson, sem mun hafa verið einhver

með greindustu og duglegustu bændum í Borgarfjarðarsýslu, og gisti eg hjá honum, og sagði hann mèr nákvæmlega frá aðferð og afdrifum lækninganna hjá sèr. Um haustið, þegar lækningarnar byrjuðu í Borgarfjarðarsýslu, tók hann einn lækninn Johnsen að nafni í sitt mötuneyti, og hafði hann allan veturinn. Jón átti margt fè, og vildi hlíta og hlýða öllum ráðum læknisins, og kvaðst í engu hafa afbrugðið hans fyrirmælum, því sig hefði mjög svo langað, að fè sitt læknaðist. Fèð var allt eður flest allt klippt um leið og það kom í húsin; nú var farið að *baða* og *baða*; þegar nokkuð kom fram á veturinn og loptið tók að kólna, mátti til að reifa fèð, þó aldrei færi út. Bóndi lèt vinna og vefa hvern ullarlagð í voðir, og allt hvað til varð fengið, var saumað um kroppana; og eptir allan þenna kostnað og mæðu, varð sú endalykt, að fèð hrundi niður um vorið, og sýndi bóndi mèr eitt leiðið, hvar hann sagði, að 47 ærnar sínar væri heygðar. Hann kvað lækninn hafa verið góðan mann, og viljað allt hefði gengið sem bezt, og honum hefði verið en mesta skapraun að þessum hryllilegu afdrifum. Þeir á öðrum bæjum þar í sveit, sem ekki höfðu klippt, hefðu þó haldið sumu slórandi til haustsins. Mèr kom það næsta óvart og undarlega fyrir, að hinn háttvirti forseti, sem flestir, ef ekki allir landsmenn treysta hið bezta til að draga huga manna saman til einingar og samtaka, til þess er betur má fara, skyldi núna fara að halda nokkurs konar hegningarræðu til þeirra Íslendinga, er ekki geta hænzt að kláðalækningunum. Eg held úr því hann var laus úr stjórnaráþján í því máli, að hann hefði gjört bezt í að leiða hjá sèr tölur þær, er hann flutti í gær; en úr því hann beinist að þeim flokknum, er eg er í, þá vildi eg óska, að hann og eg, svo og hinn 3. og 5. konungkjörnu herrar, værum allir komnir á leiði Hólsánna, er eg áðan nefndi, sem vegsummerkin, og heyrðum lækninga og fjárfellissöguna, sem þar átti sèr stað, og mundu þeir vissulega virða oss til vorkunnar, þó vèr ekki viljum, að kláðinn komi vestur aptur.

Amtmaðurinn í Vesturamtinu, sem þá mun hafa verið á hinu mesta framfarastigi í Kaupmannahöfn, þegar þessi útlenda ófreskja geysaði hèr á landi í sinni verstu mynd, ímyndar sèr ekki kláðann, eins og hann er. Góðir bræður! Látum oss útrýma kláðanum af Suðurlandi með vinsemd og veglyndi, en ekki standa svona andvígir hver öðrum. Skólavarða hrynur og er ekki byggð upp aptur, sem var þó prýði og heiðursvarða Reykjavíkurbæjarins, en fá-

einar *kláðarollur* eru geymdar og forsorgaðar hèr í bænum honum til vanvirðu og öllu landinu til skapraunar og skaða; hèrna varð kláðinn fyrst landfastur og síðan útbreiddist hann eins og syndaflóð, og hèðan á lausnin og frelsið að útbreiðast.

Forseti: Það sannaðist á ræðu þingmannsins, sem nú settist niður, að ekki er nema hálfsögð sagan, þegar einn segir frá. Þegar við prófessor Tscherning og eg, vorum hèr, leitaði Jón á Hóli um það til okkar að fá skaðabætur, og fengum við þá skýrslur bæði frá honum og frá dýralæknunum, sem hjá honum var, svo að mèr er það fullkomlega kunnugt, hvernig gengið hefir til með fè þetta. Það var kláði í fè Jóns um veturinn, og bar hann undir dýralækni, sem var þar hjá honum, hvað hann skyldi gjöra. Dýralæknirinn sagði, að fèð væri læknandi, en spurði bóndann, hvort hann ætti nóg hey til þess að gefa því svo lengi sem þyrfti, ef það væri klippt. Það var ekki dýralæknisins að dæma um, hvort heyin væri nóg, heldur bóndans, og það átti hann undir því sem bóndinn sagði, að hann hefði nóg hey handa fènu um ákveðinn tíma. En þegar bóndinn nú sagðist hafa nóg hey, þá fór læknirinn til og klippti fèð. En svo reyndist seinna, að heyin urðu ekki nóg, annaðhvort af því, að oflítið hefir verið lagt í fóðrið, eða af því heyið hefir orðið ódrjúgara en bóndinn hafði hugsað, sem opt kann að verða. En þegar heyin þraut, þá varð að fara að beita fènu út, en þá var bæði köld veðurátta og ullin lítt sprottin á fènu, því þoldi það ekki, heldur hrundi það niður. Svona var sagan, þegar bornar voru saman skýrslurnar um hana frá báðum hliðum, bæði frá bóndanum sjálfum og dýralæknunum.

Jón Bjarnason: Eg verð að mótmæla því, sem forseti sagði að fèð hefði drepizt af því að það hefði verið svo snöggt. Það var ekki svo snöggt, að það þyrfti að drepast eingöngu af því, heldur drapst það af því, að það var ekki læknað, þegar kuldarnir komu.

Forseti: Þessi orð þingmannsins sanna ekkert á móti því sem eg sagði; þau staðfesta það, að heyin voru ekki svo næg fyrir hendi, sem þurfti, til þess að halda fènu á fóðri þar til það var allæknað.

Björn Pètursson: Eg hefi nú í 3 daga setið undir þessum kláðaræðum með þögn og þolinmæði, og vona því, að þingmenn fyrirgefi mèr, þó mig langi til að heyra ögn til sjálfs mín til umskipta. Eg er einn af þeim, sem geðjast vel að frumvarpi nefnd-

arinnar, og eg hefi enn ekki heyrt neina ástæðu frá þeim fáu, sem móti mæla, allrasízt neina verulega. Þingmaður Vestur-Skaptfellinga hafði það mest á móti nefndarfrumvarpinu, að það treysti of vel amtmönnunum. Við því mátti búast af honum, eptir því, hvernig hann tók í þurfamannamálið fyrir skemmstu. En eptir mínum undirtektum í sama máli, má líka búast við því, að eg gjöri ekki mikið úr þeirri ástæðu hans, og eg veit í sannleika ekki, hverjum má treysta í öðru eins máli og þessu, ef ekki má hafa neina trú til æðstu embættismanna landsins. Þar á ámót verð eg að gjöra meira úr því, sem konungsfulltrúi við inngangsumræðu þessa máls og forseti í gær hafði á móti frumvarpinu. Þeir sögðu það væri sprottið af ópolinmæði, hræðslu og tortryggni. Getur verið og ekki verið. Eg er búsettur svo langt í burtu frá kláðasvæðinu, að eg ekki vil dæma um það. Það er satt, að kláðalögin frá 5. jan. 1866 eru ekki ársgömul enn, og má því segja, að þau hafa ekki fengið tíma til að sýna sig. En eg vil spyrja: Hvað hafa kláðalögin áorkað á þessum stutta tíma? Hvort hafa þau komið til leiðar niðurskurði eða lækningum? Það hefir verið sagt, að hèr á sjálfu kláða- og lækningasvæðinu hafi í haust verið skorið 20,000 fjár. En hvað hefir verið læknað? Hinn 5. konungkjörni hefir upplýst, að kindur Halldórs Friðrikssonar skólakennara hafi *fengið kláða af kláðalækningum,* og það hefir komið fram hèr í salnum, og eg hefi líka heyrt það utanþinga, að fèð á Elliðavatni og Hólmi hafi verið *drepið með lækningum.* Þar um má segja líkt og haft er eptir lækni einum, er var að hæla nýju læknismeðali sem hann hafði reynt við sóttveikan mann; »*hann raunar dó,* en sóttin fór úr honum. Eg segi þetta ekki í því skyni, að eg vilji lasta kláðalækningar í sjálfu sèr, heldur til þess, að sýna, hvað þær geta hèrfilega mistekizt. Niðurskurðurinn, sem framfór í haust hèr í Gullbringusýslu, í sjálfu kláða og lækningalandinu, sýnir það bezt, að menn treystu ekki lækningunum, sem hèr hafa þó verið þreyttar í 12 ár; eða að minnsta kosti það, að menn ekki treysti sèr til að framkvæma hinn stranga aðskilnað á sjúku og heilbrigðu fè, sem boðinn er í 4. gr. tilsk. 5. janúar 1866, því hann er og verður ómögulegur, og á þessu atriði stranda lækningarnar og munu ætíð stranda. Nú vil eg spyrja, hvort viðaukafrumvarp nefndarinnar sè nauðsynlegt eða ónauðsynlegt. Frumvarpið heimilar niðurskurð og verði, sem neyðarúrræði, þegar *ekkert annað dugar.* Hvað er á móti því, eða hvað eiga menn að gjöra, þegar svo stendur

á? Eg sè engan annan veg en þann, sem nefndin hefir valið, og eg held, að enginn sem ekki hefir þá skoðun, að það sè bezt eða að minnsta kosti gildi einu, þó kláðinn komist um allt land, geti neitað því, að hún hafi hitt það eina úrræði sem til er. Eg veit, að það eru máske 2 eða 3 menn, sem segja nei, en eg veit líka, að allir aðrir landsmenn segja já, og eg gjöri mèr von um, að stjórnin og jafnvel dýralækningaráðið segi líka já. Setjum nú svo, að kláðanum yrði útrýmt í haust, en þó svo væri, álít eg nauðsynlegt að hafa þessi viðaukalög til taks, ef fjárkláði kæmi upp aptur í landinu, svo maður þyrfti ekki að búa undir honum í 12 ár, eins og þessum. Mig furðar á því, að enginn skuli hafa minnzt á annað niðurlagsatriði nefndarinnar í þessu máli, nema konungsfulltrúi. Hann hafði það á móti því, að það mál væri útrætt, og gæti þess vegna ekki gengið aptur. Þessu hefir enginn svarað, og eg ætla ekki að gjöra það heldur, því það stendur öðrum nær. En eg minnist þess, að konungsfulltrúi sagði við inngangsumræðu þessa máls, að þingið ætti ekki með að skipta sèr af svo umboðslegu máli, en hefði þar á móti rètt á að kvarta yfir aðgjörðum amtmannanna. En skyldi það vera til nokkurs að kvarta, ef að kláðinn hefði nú í sumar komizt víðsvegar um landið eða um allt land? Ætli amtmennirnir væri færir um að borga það tjón, sem af því hlytist, nema því að eins, að ríkissjóðurinn hlypi undir baggann með þeim?!! Það er undarlegt, að amtmennirnir, sem eiga að hlýða og beita sömu lögum, skuli ekki allir vera á sama máli. Amtmaðurinn yfir Norður- og Austur-umdæminu hefir álitið nauðsynlegt, að setja þenna svo kallaða Botnsvogavörð, og álitið sèr heimilt, að taka einn þriðjung kostnaðarins úr jafnaðarsjóðnum að öllum fornspurðum. Það á mót hafa amtmennirnir í Suður- og Vesturumdæminu lýst því yfir, að þeir ekki hefði vald eða heimild til að setja þenna Botnsvogavörð og borga kostnaðinn að sínum hluta úr jafnaðarsjóðum þeim, er þeir hafa ráð yfir. Hvernig stendur á þessu? Hèr held eg, að þingið eða þjóðin hafi fyllsta rètt til að kvarta yfir öðrum hvorum, því annaðhvort hlýtur að vera rangt. Eg skal játa það, að eg vildi helzt, að ekki þyrfti að setja nokkurn almennan vörð, því þeir draga úr aðhaldi því, sem liggur í hinum lögboðna stranga aðskilnaði hins sjúka og grunaða fjár, svo að trassarnir geta leikið sèr við kláðalækningar innan varðanna eins og þeir hafa gjört. En yrði sú raunin á, að óumflýjanlegt væri að setja vörð, eða ef svo stæði á, að almennur vörður

væri ókostbærari en heimavöktun, þá vil eg fallast á uppástungu nefndarinnar, sem heimilar að setja verði í viðlögum, og hvað kostnaðinum til þeirra viðvíkur, sýni mèr líka, að nefndin hafi hitt rèttan og sanngjarnan veg, þó að eg í rauninni áliti það skyldu þeirra sem eiga hið sjúka og grunaða fè að borga allan kostnaðinn.

Stefán Eiríksson: Það er nú að vísu óþarfi fyrir mig að tala í þessu máli, enda eru ræður manna orðnar svo margbrotnar, að eg held því miður, að kláðamálið verði ekki til lykta leitt í þetta sinni, það er annars sorglegt, að þetta kláðaþref skuli ganga hèr á hverju þingi og ekkert verður ágengt, og það er sannarlega ekki án orsaka, þó þjóðin líti með nokkurs konar hornauga til alþingis, þegar hún sèr, að þingið ekki kemur neinu til leiðar, hvorki í þessu velferðarmáli nè öðrum, því á þessu máli hefir það verið eindregínn þjóðarvilji að fá fram niðurskurð, og hefði ekki stjórnin og einstöku menn farið í gagnstæða stefnu þá hefði mál þetta verið búið að fá happasæl afdrif fyrir löngu; það er nú búið að viðhafa lækningarnar í 12 ár, og nú eptir að kláðalögin af 5. janúar 1866 komu út, þá fóru þeir að skera niður, sem hafa verið hvað ákafastir og ötulastir lækningamenn, einmitt af því, að þessi lög hafa látið þá sjálfa bera allan kostnaðinn, og væri þessum lögum beitt stranglega, held eg í sjálfu sèr, að þau sèu nógu ströng niðurskurðarlög. En þar fyrir álít eg eins og tekið er fram í 1. grein nefndarfrumvarpsins, að það sè nauðsynlegt, að amtmennirnir hafi vald til að láta skera niður, þegar almenningsheill útkrefur það, því hinir einstöku trassar geta staðið hinum í vegi, sem búnir eru að skera, að þeir ekki geti fengið sèr heilbrigðan stofn, það getur að vísu verið satt, eg vil ekki neita því, að sumir hafi læknað, en það hefir ekki tekizt nema með niðurskurði jafnframt og þeim einum hefir tekizt að lækna, sem hefir haft mikið og gott fóður, og jafnframt verið þrifamenn í hirðingu fjárins, en með þessu móti verða lækningarnar svo dýrar, að enginn vill vinna til að lækna, þegar þeir eiga að bera kostnaðinn sjálfir, og því hafa þeir nú, eins og eg sagði áðan tekið til að skera, en á meðan þeir gátu gengið á jafnaðarsjóðunum og þannig dengt öllum kostnaðinum upp á aðra, þá víluðu þeir ekki fyrir sèr að lækna, og sömuleiðis á meðan verið var að brúka þessi 30,000 sem stjórnin lagði til, og hvar sèst nú árangurinn af öllum þessum peningum, ekki annar en sá, að eptir allar þessar lækningatilraunir

er nú niðurskurðurinn hvað ákafastur. Eg held stjórnin hefði gert hyggilegra í því að láta þessi 30,000 til einhverra nytsamlegra fyrirtækja hjá oss svo sem til að koma upp lagaskóla eða búnaðarskóla eða því um líkt, heldur en að kasta þeim svona í sjóinn. Að lyktum vil eg geta þess út af skýrslu þeirri, er hinn hæstvirti konungsfulltrúi skýrði þinginu frá í gær, um skoðun á Útskálafénu, að hafi eg tekið rètt eptir, þá höfðu þar fundizt 2 kindur með kláðahrúðrum, og skoðunarmaðurinn gat þess jafnframt, að kindur þessar hefðu í vor verið berar þegar þær fóru úr ullu, og því mundu þessi graptar kláðahrúður hafa komið á kindurnar; en við sem búum upp til sveita, eigum margar kindur í höndum vorum, sem menn svo kalla að skáldist úr ullu, og ber ekki á, að þær kindur fái á sig nein kláðahrúður, og það vil eg vona að fleiri þingmenn geti borið um, og eptir þessu get eg ekki álitið þessar opinberu skýrslur áreiðanlegar, því þessi skýrsla sýnir það að maðurinn ekki þekkir kláða (*Konungsfulltrúi*: Maðurinn segir það hann þekki ekki, hvort þetta sè sá sóttnæmi kláði), já einmitt það, en jafnframt vill hann gjöra skýrsluna trúanlega með því, að kláðahrúðrin hafi komið á kindurnar af þeirri orsök, að þær voru berar þegar þær fóru úr ullu, en þvílíkur kvilli á sèr ekki stað á berum kindum út um land, þó hann þroskist ár frá ári hèr.

Páll Vídalín: Eg hafði reyndar ekki ásett mèr að standa upp í máli þessu í þetta skipti, með því mèr virðist, að hinn háttvirti framsögumaður og fleiri nefndarmenn hafi haldið svo vörn uppi fyrir nefndarálitinu og frumvarpi hennar, að nefndin hafi að öllu leyti haldið velli, en hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður hefir neytt mig til þess með ræðu sinni, að standa upp, og líka þarf eg að svara einstöku atriðum, sem komu fyrir í ræðum manna í gær. Hinn 2. konungkjörni þingmaður var að vitna til Vatnsnesinga og Vesturhópsmanna í Húnavatnssýslu, um það, að þeir hefðu frelsað svo og svo mörg þúsund fjár frá ónauðsynlegum niðurskurði, til sönnunar því, að menn hefðu opt skorið að óþörfu, en eg held, að eg sè þessu miklu kunnugri en þingmaðurinn, og að hann hafi talað hèr út í hött (*Jón Hjaltalín* factum), hann þykist má ske hafa fengið þetta að vita úr einhverju brèfi. En fyrst og fremst var hèr ekki um mörg þúsund fjár að ræða, heldur einungis nokkur hundruð, því það voru að eins sauðir eða geldfè Vatnsnes og Vesturhópsmanna, sem umtalið var um, og þar að auki er það mikið efamál, hvort Vatnsnesingar og Vesturhóps-

menn hafi í raun og veru bjargað nokkurri kind undan niðurskurði, eða hvort þeir ekki öllu fremur muni hafa aukið hann; því vegna þess að sýki kom upp í sveitunum sumarið eptir og um haustið, þá leiddi þar af, að menn urðu eigi einungis að lóga öllu geldfénu, sem eigi var lógað veturinn áður, og nú gekk sjálfala í upprekturslandi sveitanna að sumrinu, heldur einnig fleira fé. Þingmaðurinn getur því enga ályktun dregið frá þessu. Það hafa og fallið ýms orð í ræðum manna um *æsingar*, sem sumum hefir verið svo mjög tíðtalað um. Eg veit nú ekki, hvað menn meina með þessum »æsingum». Ef það á að tákna það, að menn hèr á lækningasvæðinu hafi verið æstir upp til óhlýðni gegn skipunum yfirvaldanna um lækningar, þá verð eg að neita því, að slíkt geti orðið borið Húnvetningum á brýn, og þeir eiga það sannarlega ekki skilið. Eg get ekki annað en tekið mèr nærri, ef þeim er kennt um þetta, þeim mönnum sem hafa unnið sèr þann heiður í þessu máli, sem skrifaður mun verða með óafmáanlegu letri í sögu þeirra, því það eru þeir einmitt sem svo má kalla að hafa frelsað landið frá eyðileggingu. Húnvetningar hafa aldrei æsingar brúkað, og eg vil biðja hvern sem þorir, að reyna til að sanna, að þeir hafi æst menn hèr syðra til óhlýðni gegn yfirvöldunum, eða neytt nokkurn mann til þess að skera. Annað mál er þó þeir hafi sagt við Sunnlendinga, að meiri búhnykkur mundi þeim að skera en káka við lækningar, og þó Sunnlendingar hafi sèð að þetta var satt og farið eptir því, þá getur þó engum dottið í hug, að kalla slíkt *æsingar*. En mun það nú ekki miklu fremur vera að þakka þessum 30,000 dölum, sem svo landsföðurlega voru oss veittir, og ráðstöfunum þeim, er urðu þeim samferða, að nokkrar kláðasjúkar skepnur lifa hèr enn. Eg vil ekki, að Húnvetningum eða Norðlendingum sè borið það á brýn, sem þeir ekki eiga skilið. Þar sem í gær var sagt, að menn hefðu verið sendir suður á opinberan kostnað til að æsa til niðurskurðar; þá vil eg skora á hvern sem getur, að nefna mèr þá menn, sem sendir hafa verið á opinberan kostnað til þess; það er satt, að menn voru sendir suður, en það var til þess að semja um verð á fè við Sunnlendinga, er Norðlendingar ætluðu að hjálpa þeim um, og til þess að vita hvort óhult væri að selja þeim fè til lífs kláðans vegna (*Björn Pèturssonr*: á hvers kostnað?) á þeirra, sem selja ætluðu fèð, því þetta var einungis sprottið af samtökum manna. Hinn háttvirti framsögumaður og aðrir nefndarmenn hafa hrakið mótbárur þær, sem fram hafa komið mót nefnd-

inni eins og eg áður sagði, svo að eg þarf þess ekki. En það eru nú framkomnar stórar og miklar breytingar við nefndina frá hinum háttvirta þingmanni Vesturskaptafellssýslu, og þó eg sè eigi allskostar viss um, að þær sèu réttilega framkomnar að forminu til, mun þó leyfilegt að skoða þær sem önnur breytingaratkvæði. Eg held, að þegar í 1. grein sè grafinn fóturinn undan öllum breytingunum, því þar segir, að þeir, sem með almennum samtökum lógi fè sínu skuli fá skaðabætur; en þetta held eg ekki geti tekizt til greina í nokkurri löggjöf, því það getur ekki átt sèr stað, að þó menn gjöri sèr skaða með samtökum, að menn af þeirri ástæðu geti heimtað skaðabætur af öðrum eða hinu almenna. Það er allt annað mál, þegar valdstjórnin skipar niðurskurðinn, eins og nefndin talar um, því þá er sjálfsagt, að hið opinbera verður að borga skaðann, þar eð enginn er skyldur að láta af hendi eign sína, vegna hins almenna nema mót fullum skaðabótum. Að öðru leyti álít eg breytingaruppástungur þessar sèu svo lagaðar, að eg þurfi ekki meira um þær að segja. Þingmaður Vesturskaptafellssýslu sagði og, að nefndin vildi bera kápuna á báðum öxlum, með því að þykjast vilja halda lækningunum eptir lögunum 1866, en koma þó jafnframt niðurskurðinum að; eg fyrir mitt leyti væri nú til með að taka af öll tvímæli í þessu efni, með því að fara fram á algjörðan niðurskurð á sjúku og grunuðu fè, ef kláðinn skyldi koma upp aptur. Þegar lækningamenn nú segja, að allt sè heilbrigt, þurfa þeir ekki að óttast slík lög, en ef kláðinn er nú ekki upprættur eða kyuni að gjósa upp aptur, þá virðist, að lækningarnar sèu nú orðnar svo fullreyndar, að niðurskurðurinn einn sè það er dugi og eigi því að fram fara. Þar með skeður líka vilji þjóðarinnar. Eg ætla því að áskilja mèr breytingaratkvæði í þessa stefnu, ef mèr svo sýnist, þegar eg ber mig saman við meðnefndarmenn mína, en það getur samt skeð, að eg falli frá því, þar eð mèr virðist hið sama liggi í uppástungum nefndarinnar. Hvað 4. gr. í frumvarpi nefndarinnar snertir, þá kenndi hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga einhverstaðar sársauka, þegar komið var við Vesturamtið; honum þykir það ósanngjarnt, að Vesturamtið skuli bera jafnmikinn kostnað og hin ömtin, þar það þó sè fjárfærra, og að það mundi því verða of þungbært gjald fyrir Vesturamtið í samanburði við hin ömtin; en hann gætti ekki að því, að ef borga ætti eptir efnum og ástæðum, sem sumir hèldu svo mikið með um daginn, þá mundi Vesturamtið eigi reynast fátækara en hin; að minnsta kosti þekki

eg bæði dún og sel á Breiðafirði; en gjald þetta á ekki að jafnast niður eptir efnum og ástæðum, heldur byggist niðurjöfnun þess á öðrum grundvelli, þeim nefnilega, að hverjum ber að vernda sig fyrir hættu þeirri, er yfir honum vofir. Nú vofir hættan í þessu efni sem hèr er um að ræða eigi síður yfir Vesturamtinu en Norðuramtinu, og á því fyllilega að bera kostnaðinn jöfnum höndum við það síðarnefnda. Þetta er og að öllu samkvæmt reglu þeirri, sem stjórnin hefir fylgt í máli þessu að undanförnu. Í rauninni væri rèttast, að Sunnlendingar, sem hættan kemur frá, borguðu allan þenna varðkostnað, þar eð það er skylda sèrhvers manns að ábyrgjast, að skepnur hans gjöri eigi öðrum skaða, og þetta er samkvæmt grundvallarreglum laganna, en hin ömtin hafa eins og hlaupið undir bagga þenna með þeim, af því þau hafa óttast, að Sunnlendingar gæti ekki risið undir slíkri byrði, en þetta sannar ekki, að niðurjöfnun sú sem áður hefir verið fylgt sè ósanngjörn. Eg held því að eg verði að áskilja mèr breytingaratkvæði við nefndina í þá átt, að hvert amt borgi $^1/_3$ af kotnaðinum eins og verið hefir, og mun eg ræða það betur seinna, ef eg eigi fell frá því aptur við samanburð við meðnefndarmenn mína.

Eiríkur Kúld: Eg verð að svara því, sem þingmaður Húnvetninga skaut að mèr út af 4. grein, er hann vill láta Vesturamtið bera jafnan kostnað og hin ömtin, af því, að dún og selur sè á Breiðafirði; þó nú svo sè, þá verð eg að gjöra þingmanninn varan við, að Breiðifjörður er ekki Vesturamtið allt, það er nokkuð stærra, en lítið hefir hingað til þótt um dún og sel þar sumstaðar, hinn háttvirti þingmaður veit, að til dæmis, á Snæfellsjökli er lítið um þess konar hlynnindi (*Páll Vídalín:* Þar eru engir bæir). Þessi hlynnindi eru ekki heldur á öllum bæjum að minnsta kosti eigi inn til dala. Það hafa nokkrir þingmanna lýst því yfir, að þeir gæti ekki fallizt á breytingaratkvæði mitt um dýralæknana; eg gjörði það af því eg hèlt, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi meinti til þeirra, þegar hann óskaði eptir «Sagkyndig Autoritet». Sumir hafa sagt, að hèr væri einn dýralæknir, einhver Teitur og mundi hann nógur. En nú hefi eg heyrt, að hann vilji sèr ekkert af lækningum skipta; og hans Autoritet hafi ekki ætíð verið nóg hefir líka sýnt sig, því hann var hèr líka 1857, og þá þótti þörf á útlendum dýralæknum. Eg fyrir mitt leyti get ekki gjört eins lítið úr dýralæknum eins og þingmaður Mýramanna. Þeir hafa þó kennt okkar það, að sýki sú er að fè voru gengur er kláði, og

er það þó jafnan nauðsynlegt, að vita fyrir hvaða óvin menn eiga að verja sig. Þó nú enginn kláði fyndist í haust, held eg að samt væri gott að hafa dýralækna, því margar fleiri fjárveikjur eru til. Eg skil ekki það sem þingmaður Austur-Skaptfellinga sagði, að það væri komið einungis undir þrifnaði og góðu fóðri, að lækningar heppnuðust. Eg vil spyrja, hvernig stendur þá á því, að einn þingmanna skuli enn vera kláðugur, eða réttara sagt, hafa kláðakindur, því hann hefir þó sjálfsagt bæði þrifið fé sitt vel og fóðrað það vel, ef það er satt, sem eg hefi heyrt sagt, að hann hafi verið verðlaunum sæmdur fyrir fjárrækt; enda mun fé hans hafa borið það með sér, að vel hafi verið með það farið, því hann hefir, að minnsta kosti að undanförnu, haft vænt fé; þó er það kláðugt núna.

Jón Sigurðsson: Það væri nú að bera í bakkafullan lækinn, að fara að tala meira í máli þessu, en komið er, enda ætla eg ekki að fara inn á málefnið sjálft, en einungis verð eg áskilja mér 2 viðauka-atkvæði við frumvarp nefndarinnar, og er það þá fyrst við 1. grein, í þá átt, að þegar niðurskurður á að fara fram eptir uppástungum nefndarinnar taki amtmaður sér til ráðaneytis beztu menn í umdæmi sínu, svo sem alþingismenn, sýslumenn o. s. frv. Þingmaður Skagfirðinga stakk upp á breytingaratkvæði í líka stefnu, en mér fannst það ekki vera nógu yfirgripsmikið, og því vil eg áskilja mér þetta breytingaratkvæði. Þingmaður Barðstrendinga hefir stungið upp á, að amtmennirnir fengju dýralækna sér til aðstoðar og ráðaneytis, þegar um niðurskurð er að ræða, eptir nefndarfrumvarpinu; en eg held, að þessi dýralækna-hugmynd, hafi alls eigi þá verkun á landsmenn, sem hinn heiðraði uppástungumaður ímyndar sér, svo að þeir fyrir þá skuld beri betra traust til ráðstafana amtmannanna; því satt að segja, hafa ekki sögur þær, sem undir umræðum þessum hafa komið fram um dýralæknana, verið svo glæsilegar, að ástæða sé til að halda, að tillögur þeirra í þessu efni verði heppilegri en þær hafa áður reynzt. Það liggur öllum í augum uppi, að menn sem hér eru nákunnugir, eru betra Autoritet í því efni, *hve nær* grípa skuli til niðurskurðarins og *hvernig* honum skuli haga. Dýralæknirinn getur, ef til vill, borið betra skynbragð á það, hve nær fé sé veikt og hve nær lækningum verði að komið, en ekki hve nær kringumstæðurnar krefja að niðurskurður fram fari, því það verður að vera bundið við þær kringumstæður, sem honum eru alls ókunnar. Mér þykir undar-

legt, að enginn skuli hafa talað neitt um aðra grein, í frumvarpi nefndarinnar, því mèr finnst hún vera nokkuð óákveðin um matið á fè því, er skera skal og sem skaðabæturnar eiga að byggjast á, að minnsta kosti er það auðsèð, að virðingarmönnunum er gefið býsna rúmt svið fyrir matinu; vil eg því áskilja mèr breytingaratkvæði við aðra grein, eða öllu heldur við 3. grein frumvarpsins, í þá átt, að amtmönnum sè gefin heimild til að rannsaka reikningana, og ef þeir finna eitthvað athugavert við þá, að þá hafi þeir vald til að breyta þeim ef þörf gjörist; svo vil eg geta þess, að eg er á sama máli, og hinn heiðraði þingmaður Húnvetninga, um varðkostnaðinn. Verðir eru, eins og eg tók fram í gær, amtamál, og hafa jafnan verið það, og því á hvert amt að bera sinn þriðjung af kostnaðinum eins og stjórnin hefir gjört að reglu að undanförnu, og frá henni sýnist mèr eigi þörf að víkja.

Páll Vídalín: Eg vil einungis svara hinum heiðraða þingmanni Barðstrendinga því, að hann gjörði eigi annað, en berjast við skugga sinn. Eg sagði nefnilega einungis, að ef borga ætti kostnaðinn eptir efnahag og ástæðum, eins og mèr virtist hann ætlast til, þá væri svo mikill selur og dún á Breiðafirði, að menn í því amti mundu eigi síður vera færir um að borga en í hinum ömtunum. Eg held eg hafi gleymt að taka það fram í næstu ræðu minni her á undan og vil eg því taka það nú fram, að eg áskil mèr breytingaratkvæði við 4. grein nefndarfrumvarpsins, því eg vil breyta upphafi hennar, og mun eg orða það seinna.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil áskilja mèr breytingaratkvæði við 2. gr., að í stað orðanna «fè skal virða sem heilbrigt væri komi: fè skal virða á fæti eptir almennu gangverði á heilbrigðu fè; því eins og þessi orð, eptir *almennu gangverði* í greininni, verða að skiljast þannig, að virðingarmennirnir meti eigi hverja kind eptir meðalverði, hvort sem kindin er í bezta eður versta lagi, heldur hafi hið almenna gangverð sem mælikvarða til að miða við og meti því kindina í raun rèttri, eptir því ástandi sem hún er í, eins vil eg, að það sè tekið fram, að líf kindarinnar sè metið og því vil eg bæta inn í orðunum «á fæti» það er: lifandi, svo sem stendur seinna í greininni; en eg vil líka að tekið sè tillit til heilbrigðisástands fjárins. Í norsku fjárveikindalögunum frá í fyrra er haft tillit til sýkinnar í skepnunni. Þar eru engar skaðabætur greiddar fyrir þá skepnu, sem þefir sýki þá, sem er ólæknandi; $^2/_3$ skaðabóta fyrir hina, sem er sjúk, en að eins fullar skaðabætur fyrir

heilbrigða. En af því ákvörðun þessu líka vantar, og hlýtur að vanta í frumvarpið, þá vil eg þó, að tekið sè tillit til heilbrigði skepnunnar, en virðingarmenn sèu ekki skyldir til að virða rollur með skóf í, og synilegum kláða í lambinu, sem heilbrigt fè.

Eg vonaði eptir, að hinn virðulegi 5. konungkjörni þingmaður mundi gefa oss betri skýrslu um lækningar á fè Halldórs skólakennara Friðrikssonar; einkum væri áríðandi að fá að vita, í hverju ástandi fè hans var nú, þegar hin seinasta böðun fór fram 9. þ. m. En ef hann treystist eigi til þess, vil eg skora á hinn háttvirta framsögumann, að hann biðji konungsfulltrúa að útvega hjá stiptamtmanni skýrslu um þetta, og leggja hana fram á þinginu, áður en til atkvæða er gengið í málinu.

Framsögumaður: Eg hafði reyndar ásett mèr að tala ekki meir í máli þessu, en verð þó að svara þingmanni Borgfirðinga einu orði. Eg hefi ekkert á móti því, að skotið sè inn í «virða skal fè á fæti». Það er og satt, að í lögum Norðmanna er gjörður munur á skaðabótunum eptir því, hvort kindin er veik eða heilbrigð. En má eg spyrja hinn háttvirta þingmann, hvernig er sá greinarmunur gjör? Þá vil eg og geta þess, að það er ómögulegt að reikna eptir almennu gangverði á veiku fè, heldur verða menn að meta það sem heilbrigt væri til að finna þann rèttláta mælikvarða fyrir skaðabótunum. Enn fremur bið eg þingið að gæta að því, að ef niðurskurður fer fram, verður ekki eingöngu, já ekki mestmegnis lógað kláðasjúku fè, heldur einnig því sem grunað er fyrir samgöngur, og í því sèzt engin veiki. Má eg nú spyrja þingmann Borgfirðinga, hvort hann vilji halda breytingaratkvæði sínu fram, því það sèr hann eins og eg, að það er ekki sanngjarnt að gjöra mun á heilbrigðu og grunuðu fè við virðinguna; þá kæmi líka fyrir að dæma um það svo nákvæmlega, hvort kláði sè sýnilegur eður ekki, og þá vantar dýralækna, því örðugt mun verða fyrir aðra að setja takmörk milli hins sjúka og grunaða fjár eptir uppástungu þingmannsins, nema hann breyti henni, og þá skal eg ekki fjölyrða um hana.

Arnljótur Ólafsson: Viðvíkjandi því, er hinn háttvirti framsögumaður sagði, þá skal eg geta þess, að þó það sè almenn regla í norsku lögunum að virða fè sem heilbrigt, þá er aðalregla þessi takmörkuð þegar í stað, með því að skepnur eru bættar meira og minna, eptir því hvort þær eru veikar eða ekki, og skýrskota eg um þetta til þess, er eg áðan sagði. Eg veit, að hinn

háttvirti framsögumaður segir: Oss vantar dýralækna til að segja til, hvort sýki er til staðar eður eigi; en eg verð að segja honum, að mèr þykir það mjög undarlegt, þegar útlendir dýralæknar hafa verið hèr svo lengi og kennt landsmönnum alla lækninga-aðferð sína, að íslenzkir bændur skuli vera svo tornæmir, að þeir hafi ekki getað lært svo mikið af þeim sem svo, að þeir nú þekki hin sýnilegu merki kláðans. Dýralæknisfræðin má þá vera svo hátt upphafin yfir allar aðrar vísindagreinir, að ekki veiti af 100 árum fyrir íslenzka bændur til að nema hana, ef þeir hafa eigi í þessi 12 ár, sem kláðinn hefir staðið, einu sinni lært að þekkja kláða, eða þá að ekki duga nema útsmognir menn úr dýralækningaskólanum í Danmörku. Þetta er samkvæmt hugsun og skoðun þeirra manna sem segja, að Íslendingar *ekkert viti* og *ekkert geti vitað* í öllu þessu máli, en dýralækningaráðið eitt í Danmörku sè alviturt, það eigi því að stjórna málinu, það eigi að búa fyrir bændur; í öðru lagi sè bezt, að kláðinn komist um land allt, er þeir enga verði vilja hafa, og svona er allt öfugt fyrir þessum mönnum. Mèr þykir því mikið sorglegt, ef hinn heiðraði framsögumaður skyldi í þessu eina atriði flækjast inn í kongulóarvef þeirra. Eg hefi ekkert á móti dýralæknum í sjálfu sèr, því fer fjarri, en eg held að bændur vorir geti haft vit á að þekkja kláða. Það mætti þá líka leiða bændur fram fyrir Teit dýralæknir og láta hann examinera þá, og gefa þeim vitnisburð um kláðakunnáttu þeirra.

Sighvatur Árnason: Út af breytingaratkvæði þingmanns Húnvetninga ætla eg til vonar og vara, ef breytingaratkvæði hans kann að ganga í aðra stefnu en eg hefi hugsað um, að gjöra þá varauppástungu, að ef stjórnin eigi fellst á frumvarp nefndarinnar með þeim breytingum, sem þingið kann að gjöra þar við, að þá verði eindreginn niðurskurður viðhafður, ef kláðinn kemur upp enn af nýju; af þeirri ástæðu, að lækningarnar sèu orðnar fullreyndar til einskis við þenna umrædda kláða. Eg kann að falla frá því aptur og þá nær það ekki lengra.

Jón Hjaltalín: Eg get eigi að því gjört, að mèr finnst ætíð þörf á að koma fram með mótmæli, þegar menn ekki halda sèr til sannleikans. Eg skyldi nefnilega ekki þingmann Suður-Múlasýslu þegar hann sagði, að verðir væru óhafandi af því, að þeir drægi of mikið úr niðurskurði, en eg held hvort árið á fætur öðru hafi sýnt það, að allt af er murkað nóg af heilbrigðu fè af ótta fyrir kláðanum. Framsögumaður fór mjög skynsamlegum orðum um

verðina, hann vildi, og að amtmennirnir fengju dýralækni sèr til aðstoðar, og þetta álít eg nauðsyn. Eg skil ekki í því, hvernig menn með sannfæring geta sagt, að æsingar ekki hafi átt sèr stað í þessu máli, því það er ekki lengra síðan en í dag, að eg talaði við mann á leiðinni frá Helliránum og hingað til Reykjavíkur um þetta efni; hann var á ferð með kindur hingað til herra faktors Hans Sivertsens, eins og hann sagði, af því hann gat ekki neitað honum um það; þessi maður hafði átt um 200 fjár, nú á hann eitthvað um 50; við fórum að tala um niðurskurðinn hèr í fyrra haust, og sagði hann, að þeir í Mosfellssveit hefðu skorið af því þeir ekki hefðu haft neinn frið án þess að gjöra það. Bæði presturinn þar í sveitinni og aðrir merkir menn hefðu gengið svo fast að þeim, að þeir hefðu látið tilleiðast. Eg held og að þingmaður Húnvetninga hafi varið sýslubúa sína um of í þessu efni; hann hefir víst ekki lesið Norðanfara í fyrra, eða man ekki sem bezt eptir því, sem gjörðist á Hólanesfundinum hèr um árið. Eg vil nú spyrja hann, hvað líður húnverska óþrifakláðanum og þeim eyfirzka sem Jón Finsen gat um og var tilkvaddur að skoða fyrir 2 árum síðan; verði nú byrjað á niðurskurði í haust, sem sjálfsagt verður, þá er það mjög svo skiljanlegt, að það hlýtur að vera þægilegt fyrir amtmennina að vita hvar þeir eiga að láta hann hætta, eða hvar þeir eiga að geta stoppað hann. Eg ætla ekki fara fleirum orðum um þetta, en áskil mèr breytingaratkvæði í þá átt sem eg hefi talað.

Björn Pètursson: Eg stend upp bara til þess að leiðrètta misskilning hins 2. konungkjörna þingmanns. Hann bar upp á mig, að eg hefði sagt, að verðirnir mundu aptra mönnum frá niðurskurði eða þessu *murki,* eins og hann kallaði það. En þetta sagði eg aldrei, heldur að þeir munda draga úr því aðhaldi sem, liggur í 4. og 6. grein tilskipunarinnar frá 5. jan. 1866. Í 4. grein er fyrirskipaður strangur aðskilnaður á sjúku og heilbrigðu fè, og í 6. grein er eigendum hins sjúka og grunaða fjár gjört að skyldu, að borga kostnað þann, sem af því leiðir. Það er þetta keyri, sem trassarnir í Gullbringusýslu ekki mega missa, það sem píska þá til að lækna eða skera. Og eg er á því máli, að ef lögunum frá 5. jan. 1866 er beitt og hlýtt fullkomlega, þá mundu verðir optast verða óþarfir.

Forseti: Eg skal geta þess, að 16 þingmenn hafa beiðzt þess, að umræðunum yrði hætt.

Torfi Einarsson: Eg skal einungis geta þess út af því, sem

þingmaður Húnvetninga sagði, að rètt væri, að hvert amt borgaði jafnmikið til varðkostnaðarins og áskildi sèr breytingaratkvæði í þá stefnu við 4. gr., að af því ömtin eru fjögur nefnil. norðuramt, Austuramt og Suðuramt og Vesturamt, sè það nú meining þingmannsins, að hvert af fjórum ömtum landsins borgi jafnt kann eg vel falla frá mínu breytingaratkvæði, en meini hann þar á móti einungis að halda fram frumvarpsgreininni eins og hún er, þá held eg fast fram mínu breytingaratkvæði.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er nú þessari undirbúningsumræðu lokið.

Þá kemur samkvæmt dagskránni málið um stofnun lagaskóla til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu; þingmaður Barðstrendinga er framsögumaður.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 419).

Framsögumaður: Þessu litla nefndaráliti hefir verið tekið svo vel hèr á þingi, að engin breytingaratkvæði eru komin fram við það; og tek eg það sem vott þess, að nefndin hafi þótt leysa verk sitt vel af hendi. Það er því óþarfi fyrir mig að fara fleirum orðum um málið.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, sem eg vona, að þingmenn hafi fyrir sèr.

1. töluliður samþykktur með 19 atkvæðum gegn 3.
2. töluliður samþykktur með 18 atkvæðum gegn 4.

Forseti: Dagskrá er þá lokið, og mun eg ákveða fund til þess á hádegi á morgun.

Fundi slitið.

---

30. fundur. — 14. ágúst.

Allir á fundi, nema þingmaður Dalamanna, er hafði tilkynnt forseta, að hann sökum lasleika ekki gæti mætt á fundi í dag.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit í málinu um konunglegt frumvarp til hegningarlaga, afskript af því verður send hinum háttvirta konungsfulltrúa, og það svo lagt fram á lestrarsalinn; eg vona að nefndarálitið geti einnig orðið prent-

að áður en málið kemur til umræðu, svo þingmenn eigi kost á að kynna sèr það nákvæmlega.

Samkvæmt dagskránni liggur nú í dag fyrst fyrir kosning tveggja þingmanna til að ganga í nefnd með stiptsyfirvöldunum og landfógetanum til þess að veita móttöku fjársamskotum til minningarmarks um 1000 ára hátíð Íslands byggingar; eg skal þess vegna biðja þingmenn að kjósa þessa tvo menn í nefndina.

Voru þá þessir kosnir:

Jón Pètursson með 16 atkv.

Jón Guðmundsson — 12 —

Forseti: Eg þykist ekki þurfa að skrifa nefndinni sèrstaklega um kosningu þessa, þegar hún er gjörð á reglulegum þingfundi; en eg álít sjálfsagt, að stiptamtmaður sè formaður nefndarinnar frá upphafi og muni kalla hana saman og annast um að störf hennar komist í fast horf áður en þingi sè lokið.

Jón Guðmundsson: Þykir hinum háttvirta forseta ekki rètt að tilkynna stiptsyfirvöldunum og landfógetanum hverjir kosnir hafi verið?

Forseti: Eg álít það ekki nauðsynlegt, eptir því sem hèr stendur á, þar eð kosningin er farin fram í heyranda hljóði og stendur í þingbók.

Samkvæmt dagskránni kemur þá laxveiðamálið til undirbúningsumræðu; framsögumaður er hinn 4. konungkjörni þingmaður, og mun hann lesa upp nefndarálitið, og gefa þinginu þá skýringu um málið, er honum þykir þörf á.

Framsögumaður (*Jón Pétursson*): Eg skal þá leyfa mèr að lesa nefndarálitið.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 399—411).

Eg skal ekki tala um málið að sinni. Þingið sèr, að dálítill ágreiningur hefir orðið í nefndinni um 7. grein. Eg skal geta þess, að þegar eg las upp nefndarálitið, fann eg að í 12. grein hafði orðið «veiði» skotizt úr, því það var meining nefndarinnar, að það skyldi standa þar, sem sè «hinnar ólöglegu veiði» o. s. frv.

Konungsfulltrúi: Eg er hinni heiðruðu nefnd samdóma bæði í því, að mál það, sem hèr ræðir um, er mjög áríðandi fyrir landið, vegna þess, að það snertir þýðingarmikinn bjargræðisveg landsmanna, og einnig í því, að hið opinbera hefir rètt til með lögum að ákveða, að hinn einstaki noti svo eign sína, að aðrir við það ekki bíði tjón á eignum sínum, eða á þann hátt, að það standi

ekki almennings velferð fyrir þrifum. Mèr virðist nefndinni einnig hafa heppnazt það vel, að meðhöndla málið, og gjöra það svo úr garði, að stjórnin geti fallizt á það, en á hinn bóginn vantar mig sèrstaka þekkingu á málinu til þess, að eg nú sem stendur álíti mèr fært, að ræða hin sèrstöku atriði frumvarpsins, þó þau yfir höfuð að tala falli mèr vel í geð. Það er sjálfsagt, að stjórnin muni veita tillögum þingsins í þessu máli hið mesta athygli, og að hún mun annast um, eptir að hafa leitað álits-skýrslu um málið, annaðhvort, ef þær fara alveg í sömu stefnu og frumvarp þingsins, að þetta verði lögleitt, eða að öðrum kosti, að frumvarp til laga með þeim breytingum, sem þörf þykir á, verði lagt fyrir næsta alþing.

Jón Sigurðsson: Eg verð að tala fáein orð, af því að dálítill ágreiningur hefir orðið milli mín og nefndarinnar. Sem sjá má af ágreiningsatkvæði mínu, er eg henni í raun og veru samdóma um, að nauðsynlegt sè að fá lög til þess að takmarka laxveiðina, eins og hún nú tíðkast, með því að hin eldri löggjöf er orðin nokkuð úrelt og óákveðin. En það vakti allt af fyrir mèr í nefndinni, og vakir enn, að nefndin fari heldur langt út í málið. Menn ættu að hafa sèr hugfast, þegar um nýjar lagasetningar er að ræða eða stungið er upp á breytingum á gömlum lögum, að fara ekki oflangt, eða víkja of mikið frá grundvallarreglu þeirra; það er hyggilegra að gjöra breytingar þessar smátt og smátt, eptir því sem reynslan leiðir í ljós, að nauðsynlegt sè, en ekki að gjöra eins stórt stökk í einu, eins og nefndin hefir gjört í frumvarpi sínu. Vèr höfum dæmið fyrir oss, þar sem Norðmenn eru, þeir hafa ekki fengið lögin frá 1863, sem hèr liggja nú fyrir þinginu beint úr lopti ofan, og skal eg því til sönnunar geta þess, að hin fornu *norsku lög*, munu hafa gilt þar um laxveiðar þangað til 1847, þá komu út lög um laxveiðar, sem eru nokkru rýmri en lögin 1863, svo komu aptur lög 1858 sem þrengdu nokkuð að laxveiðirèttinum, og á sama grundvelli eru lögin frá 1863 byggð. Þannig hafa Norðmenn smám saman aukið og bætt lög sín um laxveiðar og komizt loks að þeirri niðurstöðu, sem lögin 1863 sýna. Eg held þess vegna, að við ættum að fara að dæmi þeirra og að það sè ekki rètt að fara eins langt og nefndin gjörir. Ágreiningurinn milli mín og nefndarinnar, er í raun og veru meiri heldur en hann sýnist á pappírnum. Mín meining er, að ekki eigi að takmarka hinn almenna veiðirètt fremur en nauðsyn ber til, og að eigi þurfi að gjöra þá takmörkun í tilliti til laxveiða, sem nefndin stingur

upp á í 7. grein, að hverjum sè meinað að hafa veiðivèlar lengra fram en í þriðjung ár. En það er sjálfsagt, að þegar nauðsyn ber til þess, verður löggjöfin að setja þau takmörk í hinum einstöku tilfellum, sem breytingaruppástunga mín bendir til. Það mun nú að vísu bera mjög sjaldan að, að svo standi á, að tveir menn hlaði garð eður leggi veiðivèlar yfir á, hvor beint á móti öðrum; En þegar svo er ástatt, er auðvitað, að lögin verða að hafa þær ákvarðanir, sem fyrirbyggi það, að nokkur á þenna hátt geti teppt laxgöngu um of. Eg vil nú stuttlega benda á takmarkanir þær sem frumvarp nefndarinnar gjörir á laxveiðum. Í 1. grein segir, að ekki megi veiða lax frá 1. september til 1. júní, það er að segja í 9 mánuði. Hvort þetta sè ekki oflangur tími skal eg láta ósagt, en eptirláta þeim að dæma um það sem kunnugri eru; en víst er það, að hjá Norðmönnum er tími þessi einungis frá 14. september til 14. febrúar, og líkur tími er til tekinn hjá Bretum. Að ástæða sè hèr, að breyta frá þessu hefi eg enn ekki getað sannfærzt um. Það er heldur ekki einungis lax sem í árnar gengur og sem þetta bann nær til, heldur og allvíða silungur, en silungsveiði verður eptir frumvarpi nefndarinnar, alveg ómöguleg; og þó eg ekki þekki víða til, þá veit eg þó, að menn sumstaðar ekki mundu vilja viuna til, að missa silungsveiðina fyrir það, að laxinn er friðaður. Eptir 5. og sjöttu grein, friðar nefndin algjörlega smálaxana, og er það samkvæmt hinum norsku lögum frá 1863 sem hèr eru fram lögð; en öðruvísi var ákveðið í lögunum 1847; þar var ákveðið, að möskvinn skyldi vera $1^1/_4$ þuml. á hvern veg, og veiðivèlarnar að því skapi, þar er og ákveðið, að ekki megi selja *styttri lax* en 8 þumlunga; þetta ætla eg sè alveg samkvæmt, því 8 þumlunga lax mun smjúga þann möskva, sem er $1^1/_4$ þuml. Aptur finnst mèr einhver ósamkvæmni í lögunum frá 1863, þar sem heimilt er að hafa til sölu lax sem er 8 þuml. eður þar yfir en möskvar á netum mega ekki vera minni en 9 þuml. í kring. Eg vil nú ekki geta til, að þetta sè prentvilla en einhver ósamkvæmni finnst mèr í því vera, því þó eg sè ekki kunnugur laxveiði, þá þekki eg þó svo mikið til, að sá lax sem ekki er nema 8 þuml. á lengd, geti naumast verið 9 þumlungar ummáls. Eg vil nú biðja þingið vel að athuga, hvort hentugt sè að innleiða allar þær ákvarðanir og takmarkanir, er hèr ræðir um.

Framsögumaður: Hinn heiðraði þingmaður Suður-Þingeyinga þekkir ekki nógu vel laxveiðar; hann játar það líka sjálfur, annars

mundi hann vera meiri hluta nefndarinnar samdóma. Það er satt sem hann sagði, að þegar ný lög eru samin, eiga menn að varast að brjóta grundvallarreglu hinna fornu laga. En þegar mönnum er ljóst takmark það, sem stefna á að, þarf ekki vera að smáþoka áfram. Þó nú Norðmenn ekki færu lengra 1847, þá er það engin ástæða fyrir oss til að gjöra nú minni breytingu en nauðsynlegt er. Norðmenn urðu strax aptur að búa til ný lög, af því þeir sáu, að þeir í hinum eigi höfðu gengið nógu langt; vèr getum lært af þeim, að ekki dugar fyrir oss, að stæla eptir lögum þeirra frá 1847. Þar sem þingmaður Suður-Þingeyinga heldur, að meiri hluti nefndarinnar vilji raska miðstraumslínunni, þá er það ekki svo að skilja, heldur einungis, að garða skuli ekki lengra leggja en út í $^1/_3$ árinnar, en auðvitað er að með dráttarnetum eða með laxastöng má veiða í miðri á, því það tálmar eigi laxgöngu. Öðruvísi er því varið, ef krókanet eru lögð frá görðunum, því þau verða að tálma göngunni, ef garðar eru hvor á móti öðrum og ganga langt út, eður lengra en svo sem í þriðjung ár; þess vegna eru og krókanet bönnuð í enskum lögum og allar veiðivèlar ofan frá görðum, en þegar þau eru bönnuð má og leyfa, að girða lengra út í á, eins og lög þeirra líka leyfa; en meiri hlutinn hèlt, að það mundi verða óvinsælt hèr á landi, að banna krókanetin, en þar af flaut, að banna varð, að girða mjög langt út í ána. Hvað lengd friðunartímans snertir, þá hefir nefndin gjört grein fyrir henni í ástæðunum fyrir 1. grein. Það hagar víst ýmislega til í ýmsum löndum með laxgöngutímann og megum vèr því ekki alveg binda oss við það, sem annarstaðar viðgengst í því tilliti, heldur fara eptir því, sem vèr sjálfir þekkjum um laxgöngu hèr. Þar sem þingmaðurinn talaði um ósamkvæmni í norsku lögunum, er möskvinn væri þar talinn 9 þumlungar, en þó mætti ekki selja styttri lax en 8 þumlunga, þá er þetta nefndinni með öllu óviðkomandi, því hún hefir sneitt hjá þessari ósamkvæmni.

Benidikt veinsson: Mál þetta er eflaust nauðsynjamál landsins, og svo að segja sprottið úr hjörtum landsmanna; þeir menn hafa og um það fjallað í nefndinni, sem kunna að meta gagn lands vors í hverju sem er; hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir og tekið bæði skynsamlega og gleðilega í málið. Eg játa nú fúslega, að aðalgrundvöllur nefndarinnar ber þess vott, að hún hafi skilið málið og vitað, hvernig með það skyldi fara. Ágreiningurinn milli meiri og minni hlutaas held eg í rauninni sè minni

en hann sýnist vera. Eg ætla ekki að sinni að fara út í málið sjálft, en áskilja mèr að eins breytingaratkvæði, sem miða til þess, að nema burtu þenna ágreining. Eg tek það þá fram, að eg vil halda 5 fyrstu greinum frumvarpsins óbreyttum, en í 6. grein virðist mèr nokkur ósamhljóðun í 2. málsgrein við 1. málsgrein. Eg er því reyndar samþykkur, að ekki megi veiða minni lax en 9 þumlunga ummáls, en það get eg ekki fallizt á, að ekki skuli vera meir en 2 þumlunga milli spela, því mèr er ekki ljóst, að lax, sem er 9 þumlungar, geti komizt eða muni fara þar í gegnum. Eg held naumast að 5 þumlunga lax gjöri það. Eg verð líka að taka annað fram á móti 6. grein; það er á móti hlutarins eðli, að spelarnir standi lóðrèttir, eða «contra naturam loci» hèr á landi, ef eg mætti brúka það orð, þar sem víðast renna ár í halla. Ef nú á rennur í miklum halla og spelarnir standa lóðrètt, er hætt við þeir standi ekki lengi. Það hafa margir hinna heiðruðu þingmanna lesið í «Cæsar», og munu þeir kannast við, að hann setti ekki spelana í brúna gömlu lóðrètta; hallinn á vèlinni má ekki mynda minna horn, en að hann myndi rètt horn við vatnsflötinn eða að hallanum á ánni meðtöldum, ef vèlin á að standast. Vèr skulum láta hvern eiganda ráða, hvort hann vill setja vèl sína halla eða lóðrètt; en vèr eigum að búa lögin svo úr garði, að ekki verði vèl í vèlinni, og vil eg því, að öll 2. málsgrein í 6. grein falli burtu, því aðalgrundvallarregla nefndarinnar er fullskýrt tekin fram í 1. málsgrein. Hvað 7. grein snertir, þá hallast eg að uppástungum meiri hluta nefndarinnar að nokkru leyti, en eg vil taka þar upp í ágreiningsatkvæði minni hlutans, að þær verði sem undantekning frá aðalreglunni hjá honum, og vil eg því orða greinina öðruvísi. Ágreiningsatkvæðið er að öðru leyti ekki rètt orðað í upphafinu: net, nè nokkra *aðra fasta* veiðivèl; þetta er rèttara hjá meiri hlutanum. Aptur á móti er það rètt hjá minni hlutanum, að ekki má yfirgefa miðstraumslínuna, því eigandi á allt gagn, hverju nafni sem nefnist, í miðja á; sú regla gildir um allan heim það eg til veit sem aðalregla. En það eru 2 tilfelli, sem geta komið í bága við þessa aðalreglu, annaðhvort að sami eigandi eða tveir eigendur byggi sinn garðinn hvoru meginn út í ána *mjög nálægt* hvor öðrum, sinn frá hvoru landi, eða að garðar sèu byggðir hvor *andspænis öðrum* á sama hátt. Þessi atvik verða að takast til greina, því landi voru er svo háttað, að vèr getum ekki hlaðið ætíð veiðigarða þar, sem vèr viljum, og svo

getur á staðið, að ekki sè nema um þenna eina stað að gjöra. Það getur líka verið hægt einungis frá öðru landinu. Fyrir líku er gjört ráð í lögum Norðmanna (*Framsögumaður*: Hvar); eg man ekki «datum» í þessu augnabliki, en það gjörir ekkert til, því vèr erum að semja lög fyrir Ísland, sniðin eptir ásigkomulagi þess, og það bindur sig eigi við dag nè data norskra laga. Eg vil að aldrei sè skemmra en 50 faðmar milli ytri garðanna, mega þeir þá, eptir því sem vatn rennur. og það þó ekki sè nema einn og einn garður hvoru megin. Ef nú eru 2 garðar settir, hvor móti öðrum og krókanet eru leyfð, þá er eg samdóma meiri hlutanum, að garðarnir megi ekki ná nema í þriðjung ár, því með krókanetum má ella fara svo kringum lögin, að laxgöngunni með þeim verði tálmað; sèu krókanet þar á móti eigi höfð, vil eg í þessu tilfelli hafa fimmtung í miðju vatni auðan, og vil þá halda miðstraumslínu, nema þar sem krókanet eru þannig höfð, eður garðar standi á, hvor móti öðrum, og vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði í þessa stefnu. Eg skal geta þess, að mótsögn virðist milli 6. greinar og 10.; eg kann ekki við, að bannað sè, að kaupa annan lax en þann, sem bannað er að veiða. Eg er ekki að leika mèr að, að gjöra þessi breytingaratkvæði, en bið einungis nefndina að athuga þetta; það er ekki af því sprottið, að eg vilji spilla málinu, heldur vil eg þar á móti gjöra mitt til, að það komist áfram, og það þannig, að vèr fylgjum *allri* reynslu frænda vorra í Noregi og Englendinga, lagaðri eptir ásigkomulagi Íslands.

Framsögumaður: Þingmaður Árnesinga þóttist finna tvær mótsagnir hjá meiri hluta nefndarinnar, hina fyrri í síðari hluta 6. greinar, sem átti að vera móti hlutarins eðli; en eg get ekki sèð, að hèr sè nokkuð, sem striði á móti hlutarins eðli, þó eg á hinn bóginn játi, að hinn umræddi síðari hluti 6. greinar sè óþarfur, en hvers vegna nefndin tók þetta upp í frumvarp sitt, var, að þetta stóð í norsku lögunum, og svo áleit hún það gæti verið til skýringar fyrir menn hèr á landi eins og þar, en eg ímynda mèr samt, að nefndin hafi ekkert á móti því; að þessi hluti greinarinnar falli burt. Allir vita, að laxinn er mjórri mældur milli hliða en milli hryggs og kviðar, og því er þessi munur á breidd og hæð grindanna. Eg get gefið það eptir, að 10. greinin er miður heppilega orðuð, og fellst eg því alveg á breytingu hins háttvirta þingmanns Árnesinga, hvað hana snertir. Hvað 7. grein áhrærir, þá var hann öldungis móthverfur nefndinni nema undir því skilyrði, að eigandi

garðs hefði króknet við veiðina frá garðinum; en nefndin gjörði einmitt ráð fyrir því, að slíkt væri hverjum einum heimilt, og að þessu leyti er hann því öldungis samdóma nefndinni.

Jón Sigurðsson: Eg efast um, að þingmaður Árnesinga hafi lagt rètta þýðingu í breytingaratkvæði mitt; hann hèlt sem sè, að eg með orðinu »net» meinti til allra neta, en það er ljóst af sambandinu, sem orðið »net» stendur í við orðin á eptir, að ekki getur verið meint annað en lagnet, sem föst ern (sbr. orðin »net og aðrar fastar veiðivèlar»). Nefndin hefir ekki minnzt á dráttarnet eða dráttarveiði. Og þó eg sè ekki kunnugur laxveiðum yfir höfuð að tala, þá hefi eg heyrt kunningja minn segja það, að svo megi dráttarveiði við hafa, að laxveiði eður laxganga spillist stórum, það er að segja, að með því husli sem jafnan er samfara dráttarveiði, og þegar lax er rekinn í net, þá fælist laxinn og styggist af stöðvum sínum. Hinn heiðraði framsögumaður vildi eigi kannast við, að það væri meining nefndarinnar, að banna *alla* laxveiði í einum þriðjungi ár, en eg held hann hafi gleymt, eða ekki tekið eptir ástæðum nefndarinnar við 7. grein; þar stendur einnig með berum orðum, að *enga veiði* megi við hafa í þeim þriðjungi árinnar, sem nefndin ætlast til, að sè almenningur fyrir lax; þar sem eg minntist á stærð laxanna og að það væri einhver ósamkvæmni í milli ákvarðananna um stærðina á þeim laxi, sem eigi má *veiða,* og bannað er að *selja,* þá er eg ekki að álasa nefndinni fyrir þvílíka ósamkvæmni heldur lögum Norðmanna, sem við höfum hèr útlögð. Eg skal enn bæta því við, að verði þessi takmörkun meiri hlutans tekin, þá þykist eg viss um, að laxveiðin muni verða næstum því að engu í öllum smá-ám.

Ólafur Sigurðsson: Eg er að öllu leyti samþykkur þingmanni Suður-Þingeyinga í því, að það sè viðsjált að fallast á frumvarp nefndarinnar, því mèr finnst þar vera hallað rètti einstakra manna sem hafa silungsveiði í þeim ám, sem lax gengur í; eg get upplýst þetta með dæmi úr mínu hèraði, .sem framsögumaður mun kannast við, fyrst hann er Skagfirzkur eins og eg; það rennur á í vestanverðum Skagafirði, sem kennd er við Sæmund þann, er fyrstur nam Sæmundarhlíð, og er kölluð Sæmundará, í henni er nokkur laxveiði. Á þessi fellur út með hlíðinni allt þar til hún rennur í stórt stöðuvatn þar sem töluverð silungsveiði er í, síðan rennur kvísl úr vatninu út í Hèraðsvötnin, og fellur hún í þau skammt fyrir innan Hèraðsvatna-ósinn, en við þann ós er ágæt silungsveiði; það

er nú auðvitað að lax sá, sem í ána kemur, getur hvergi gengið nema í gegnum fyrrnefndan ós. Nú vil eg spyrja framsögumann, hvort hann er mèr ekki samdóma um, að ef þetta frumvarp fær lagagildi, þá sè öll silungsveiði fyrirmunuð bæði í ósnum og vatninu? Því það sjá þó allir, að silungur eða sjóreyður getur ekki veiðzt í 9 þumlunga möskvum, og er þá eigi verulega hallað rètti þeirra manna er hlut eiga að máli? Eg ætla því að áskilja mèr viðaukaatkvæði við 5. gr. í þá átt, að amtmaður í vissum tilfellum megi leyfa veiðiskap með smáriðnari netum, en nefndin hefir tiltekið, þegar það sannast, að sú veiði-aðferð sè mjög arðsöm fyrir hlutaðeigendur og eigi skaðvæn fyrir laxgönguna. Við 12. grein tek eg mèr líka breytingaratkvæði, af því eg er heldur móti þessum uppljóstrarmönnum, einkum að verið sè að launa þeim, og vil eg því láta allar sektirnar renna í sveitarsjóðinn.

Framsögumaður: Eg þykist viss um, að allir sem búa við árósa muni una illa öllum þeim takmörkunum, sem lagðar verða á laxveiðina, því þeir vilja helzt ná í allan laxinn sjálfir og láta ekkert af honum komast upp hjá sèr. Það er nauðsynlegt að banna silungsveiðina, þar sem laxveiði er, vegna smálaxins, enda hafa og Norðmenn gjört það í lögum sínum. En nefndin vildi samt ekki taka þá ákvörðun upp, því menn geta veitt nokkuð silung í laxám, svo sem með stingjum, án þess sú veiði þurfi að verða skaðleg fyrir laxveiðina. Dæmi þingmanns Skagfirðinga sannar ekkert, því þessi halli rèttlætist við það, að almennings velferð krefur, að einstakra manna rèttur víki fyrir henni.

Ólafur Pálsson: Hinn háttvirti þingmaður Árnesinga hefir mjög liðlega reynt til með breytingaruppástungum sínum að jafna þann ágreining, sem er milli meiri og minna hlutans í 7. grein frumvarpsins; en af því minni hlutinn ekki virðist enn nú alveg að þýðast ráðleggingu hans, skal eg leyfa mèr með nokkrum orðum að sýna, að meiri hlutinn ekki ófyrirsynju hefir farið í þá stefnu, er hann fór. Hèr ræðir einungis um þá garða, er hlaðnir eru út í á, til þess að leggja net frá endum þeirra niður eptir straumnum. Nú vita allir, að þegar straumvatnið mætir fyrirstöðu, þá verður frákast við garðsendann, og netið kemur þá til að spennast á ská út frá garðinum, en ekki alveg eptir aðalstefnu árinnar. Í stórvötnum gengur laxinn ávallt til hliðar við megindýpið, þar sakar því minna, hvað langt garðurinn nær, því ætíð verður talsvert bil autt í miðri á, hvort það er heldur $^1/_3$ eða $^1/_5$ árinnar

milli garða; enda má segja á hinn bóginn, að rètti veiðandans sè vel borgið í þessum ám, þótt hann ekki megi leggja garð lengra, en út í þriðjung árinnar. En nú eru til smá-ár, sem ekki eru nema fárra faðma breiðar, þegar nú girt er frá báðum hliðum, geta netin, sem fara á ská út frá garðinum, náð nær því saman til endanna, svo úr því verður þvergirðing, þótt ekki sè um króka-net að gjöra. Þetta ætla eg nægi til að sanna, að mælikvarði sá, sem minni hlutinn hefir við haft, er ísjárverður; og að nefndin (meiri hlutinn) hefir í þessu falli farið nærri rèttum vegi, eins og hinn háttvirti þingmaður Árnesinga hefir að nokkru leyti viður-kennt. Nefndin hefir ekki viljað og engan veginn sèð sèr fært, að banna ádráttarveiðina; það má að vísu talsvert skemma veiði með ádrætti, en úr þessu bætist þó nokkuð með möskvastærðinni, sem tiltekin er. Enda heyra of miklar aðgjörðir að þvílíkum skemmdum undir óvilhallra manna mat. Að lög þessi sèu ótíma-bær, fæ eg ekki sèð eða að vèr skyldum fyrst laga oss eptir þeim lögum Norðmanna, er þeir síðar hafa fundið ástæðu til að breyta; eins og hèr er heldur ekki talað um neina ímyndaða hagsmuni hins opinbera, sem mundi misbjóða hag einstakra manna, heldur hefir meiri hlutinn byggt álit sitt á reynslu þeirra þjóða, sem hvað lengst eru komnar í þessu efni og lengra en vèr Íslendingar, og sem hafa fundið fulla ástæðu til að gjöra þess konar takmarkanir einmitt í sinn eigin hag. Eg fæ ekki sèð, hvað hið opinbera á hèr við; hèr ræðir einmitt um það og ekkert annað, að gefa þau lög, er sjái borgið hagsmunum hinna einstöku manna sjálfra.

Hjálmur Pètursson: Nefndin kannast vel við, að það sè vandaverk að búa til hagkvæm lög fyrir alla í þessu efni sem öðru, bæði þess vegna, að þetta er fyrsta tilraun til að fá breytt hinum fornu laxalögum, og líka vegna þess, að laxganga, vatnsföll og veiði-aðferð, sem og ýmsar aðrar kringumstæður, mun vera nokkuð ólíkt í hinum ýmsu hèruðum landsins; en einkum voru það 2 atriði, sem nefndinni virtust athugaverðust, nefnil. um girð-ingarnar, og um netamöskvastærðina vegna silungaveiðanna í þeim vatnsföllum, sem bæði lax og silungur gengur í; hvað hinu fyrra atriðinu viðvíkur, þá áleit nefndin, að alls ekki ætti að leyfa nein-um, að við hafa fastar girðingar lengra en út í $^1/_3$ vatns; því þeg-ar litið er til hinna smærri vatnsfalla, þá geta allir skilið, að lengri girðingar geta mjög hindrað laxgöngu, og líka snúið laxinum til baka, einkum þegar hin svonefndu nú tíðkanlegu króknet eru brúk-

uð, sem liggja undan straum niður af endum garðanna á ská út, eins og hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður tók ljóslega fram; hér við bætist það, að í öllum straumþungum og morugum vatnsföllum, einkum í vatnavöxtum, gengur laxinn mestmegnis með löndunum, eins og sami háttvirti þingmaður drap á; og skal eg bæta því við það, sem hann sagði um þetta, að af þessu leiðir, að þegar laxinn kemur að garðinum nálægt landinu, syndir hann fram með garðinum, og svo niður með netinu, en vegna króksins kemst laxinn ekki fyrir endann á netinu heldur lendir þar í því eða snýr til baka, en að banna mönnum að við hafa slík net, og leyfa einungis laxakistur í görðum — eins og sýnist að hafa vakað fyrir hinum heiðraða þingmanni Suður-Þingeyinga, þegar hann smíðaði ágreining sinn — áleit nefndin ógjörandi, því slíkt væri að fyrirmuna mönnum mestalla veiði í öllum stórum vatnsföllum, hvar á-dráttarveiði ekki verður við komið, og líka væri það of bindandi fyrir framtakssemi, hugvit og tilbreytingar manna í þessu efni, sem alls ekki ætti að hindra frekara en nauðsyn krefur; af þessu vona eg, að öllum geti verið ljóst, að nefndin hefir haft vakandi auga á, bæði að vernda rètt einstakra manna gagnvart almenningi, og undir eins rètt almennings gagnvart þeim.

Hvað silungsveiðina snertir, áleit nefndin, að ekki væri brýn nauðsyn á að taka inn í þessi lög ákvarðanir um silungaveiði, hvað og ekki heldur var farið fram á í bænarskránni, enda virtist nefndinni, að silungalög gætu ekki átt inn í þessi lög, og eg verð að vera fast á því, að silungaveiði sè í mörgum greinum svo frábrugðin laxveiðunum, að þetta geti alls ekki átt heima í einni og sömu tilskipun, heldur þurfi sín lög fyrir hvert, og áleit nefndin því rèttast að nefna ekki silunginn; en af því nokkrir þingmenn hafa látið í ljósi, að þeir óttist fyrir, að ákvarðanirnar í 5. grein, um netamöskvana, svipti menn rètti sínum til að veiða silung í þeim vatnsföllum, sem bæði lax og silungur gengur í, og að þetta valdi skaða, ef silungaveiðin í þessum ám er meira verð en laxveiði, þá skal eg geta þess, að eg fyrir mitt leyti er ekki alveg mótfallinn þeirri meiningu þingmanns Skagfirðinga, að amtmaður hafi vald til að veita undanþágu frá lögunum þar sem svo á stendur, enda þó þessleiðis undanþágur sèu óviðfelldnar í öllum lögum.

Að öðru leyti skal eg geta þess, viðvíkjandi ákvörðun nefndarinnar um möskvastærðina í áminnztri grein, þá áleit nefndin, að ekki væri tilvinnandi að drepa smálaxinn, heldur miklu fremur brýn

nauðsyn á að friða hann sem mest; en til þess útheimtist, að ekki sèu leyfð nein veiðarfæri með smærri möskvum, en ákveðið er í 5. grein, því sá lax sem er 9 þuml. ummáls, þar sem hann er gildastur, er að vigt í kringum $3^1/_2$ pund, og tollir sá lax optast í þessum möskvum og virðist því þessi ákvörðun mjög nærhæfis og nauðsynleg fyrir alla veiði-eigendur, og er þessi ákvörðun eins í lögum Norðmanna; þenna mælikvarða hefir og nefndin hugsað sèr þar sem frumvarp nefndarinnar nefnir grindur í veiðivèl eða görðum, það er öldungis rètt, sem hinn háttvirti þingmaður Árnesinga gat um, að í 10. greininni er ósamhljóðun að því leyti sem þar segir, »enginn má selja eða kaupa lax þann, er 9 þuml. er ummáls, þar sem hann er gildastur» o. s. frv., því þetta á að vera þannig: «enginn má selja eða kaupa þann lax, sem er minni en 9 þuml. ummáls þar sem hann er gildastur» o. s. frv.

Eg skal geta þess, að mèr er ekki ljóst, hvernig það á að skiljast í ágreiningsatkvæðinu, þar sem segir, að veiðivèl eður garður eigi megi ná lengra fram en í megindýpi árinnar». Það vita allir, að megindýpi árinnar er ekki ætíð í miðri á, og eins opt við annað landið; eg fæ því ekki sèð, að svo óákveðin setning geti staðizt eða verið brúkanleg í lögum. Að endingu vil eg óska, að mál þetta fái eins greiða útgöngu eins og inngöngu hèr á þinginu, og að menn láti sèr annt um að styðja það, svo að sem allra fyrst gætu fengizt lög um það.

Benidikt Sveinsson: Eg skal taka það enn fram, að mál þetta er sannarlegt velferðarmál ekki einungis fyrir Ísland heldur og Danmörku sjálfa. Eg vil taka það sterklega fram, að aðaltilgangur þessara laga er einnig sá að sporna við því, að eigingjarnir og ágengir útlendingar komi og spilli, já alveg eyðileggi atvinnuveg landsins og níðist á eignarrètti landsmanna eptir gildandi lögum, af því þau eru ekki nógu skilmerkileg fyrir alþýðu; vèr eigum, segi eg, að hafa það hugfast að friða og helga atvinnuvegi Íslendinga, meðal annara móti eigingjörnum útlendingum, sem án eptirlits hins opinbera laga- og heimildarlaust gjöra allt sitt til að eyða þeim. Eg álít rangt að banna dráttarnet, því eptir landslögunum má eg, þó eg ekki eigi landið nema öðrumegin, draga netið upp og bjarga veiði minni, þótt það sè á annars lóð. En sú takmörkun flyti af þessum lögum náttúrlega að dráttarnetaveiði, ef henni væri beitt til verulegs skaða fyrir laxför, þá fèlli hún undir brot gegn lögum þessum. Eg vil svara hinum háttvirta þingmanni Skagfirðinga út

af dæmi því, er hann tók úr Skagafirðinum, því *fyrst,* að þessi lög að eins höndla um laxveiði en eigi um *silungaveiði;* því *öðru,* að hann varla er kunnugri veiði í Miklavatni og Sæmundará en sjálfur eg, sem víst mun hafa dregið miklu fleiri laxa úr þeirri á en hann; eg játa það, að það er mesta silungsveiði í Miklavatni, en engi silungsveiði í Sæmundará. Eg veit það mikið vel, að hinn háttvirti þingmaður er mikill framtaks- og dugnaðarmaður, en þó mun hann eigi vera sá dugnaðarmaður, að hann hirði um að hlaða lengri garða í Héraðsvatnsósana, en þá sem nefndin leyfir. Mér finnst það rètt hjá nefndinni, eins og hinn háttvirti konunglegi varaþingmaður tók fram, að fyrirbjóða eigi krókanetin, þótt þau sè harðlega bönnuð á Englandi. Ef náttúran sjálf hleður garðinn, því má maður þá eigi renna netinu út? Því eins og menn vita, eru opt fram í ár klettasnasir, og því skyldu menn þá eigi hafa leyfi til að renna neti út frá þeim, þó þær auðsjáanlega sè eins og gjörðar til þess? Eg vona, að forseti minnist, að eg hefi áskilið mèr breytingaratkvæði; annars vil eg eigi halda því til kapps, en vona að eg geti sameinað meiri og minni hlutann í þessu sannnefnda velferðarmáli voru.

Jón Hjaltalín: Þótt eg eigi sè veiðimaður, þekki eg þó nokkuð til veiða. Hinn háttvirti þingmaður Mýramanna tók fram, að þörf væri á lögum um friðun á laxi, og að bezt væri, að þau kæmi sem fyrst og eg held, að eigi þurfi að ganga í grafgötur um það; því laxinum hefir verið eytt með mestu ólögum. Vèr þurfum eigi langt að fara til þess að sjá eitt ljóst dæmið. Eg man eptir Elliða-ánum fyrir 30 árum, þá var þar sá landburður af laxi, að vandræði voru að koma honum út, og var þó pundið þá eigi hærra en 2—3 skildinga. En annað hljóð kom í strokkinn; veiðin í ánum sem varð opinber eign var seld á leigu útlendum manni; eg kom þá hingað aptur mörgum árum seinna og var þá mjög farin að ganga til þurrðar veiðin; talaði eg þá við kunnugan mann um þetta, og sagði hann mèr, að sú væri orsökin, að svo væri fylgt veiðinni, að hún hlyti að eyðileggjast; færði eg þetta í tal við þann, sem leigt hafði árnar, en hann kvaðst leigt hafa og kæmi engum við, hvernig hann veiddi; þá skömmu á eptir fyrir 14 árum, klöguðu þeir, sem veiði áttu upp með ánum, yfir því, að allri veiði væri gjörsamlega spillt fyrir sèr með því að báðar árnar voru teppt-ar; versnaði þó seinna. Nú er þó veiðin farin að rètta við aptur með því árnar eru komnar í einstaks manns eign; því fyrir

nokkrum árum voru þær seldar fyrir 1300 dali, sem sjálfsagt er helmingi minna en það, sem mætti fá í ársarð að þeim, ef vel væri á haldið. Þetta, sem hèr er sagt um Elliða-árnar, gildir sjálfsagt um fleiri ár hèr á landi. Eg vil segja hinum háttvirta þingmanni Suður-Þingeyinga, að eg helzt ekki vil hafa neitt kák í löggjöfinni; þótt Norðmenn hafi verið að smábæta lög sín, af því þeir smáfundu á þeirra nýju lögum ágalla, þá er það engin ástæða fyrir oss, til þess að við hafa sama kák; það er finnst mèr nógu dýrt hjá oss að koma nýjum lögum í kring, svo að maður ætti eigi að gjöra sèr leik til að gjöra lögin svo, að rètt bráðum þurfi að breyta þeim.

Að öllu samlögðu, finnst mèr nefndinni hafa tekizt vel; en að einu hefir hún eigi gáð. Hún bannar að veiða og deyða lax; en hún hefir eigi bannað það selnum, sem svo eg tali í eptirlíkingum, þó er sá hættulegasti veiðimaður og drápsmaður á lax; ætli það hefði eigi verið rètt, að hugsa eitthvað um selgreyið; eg hefi sumstaðar við árósa sèð þá 60 saman á granda, svo krökt er af þeim; útlendir menn hafa furðað sig á þessu, að menn skyldu þola annan eins morðvarg; já, og friða hann og talið það viðlíka vitlegt, og ef fjárbóndi færi að ala upp varga í hjörð sinni. Eg áskil mèr því breytingaratkvæði upp á selinn, þó eg viti nú reyndar, að hinum háttvirta þingmanni Barðstrendinga muni ekki líka það, því hanu hefir ávallt borið selinn fyrir brjóstinu. Mèr finnst það alveg rètt, sem hinn háttvirti þingmaður Mýramanna tók fram, að garðurinn mætti eigi ná nema í $^1/_3$ ár; hinar aðrar ákvarðanir fellst eg allvel á; það er svo sem auðvitað, að sjálfsagt er að straff við því, að spilla hag manna, ætti að verða að lögum.

Eiríkur Kúld: Eg stend eigi upp til þess að gjöra breytingaratkvæði við uppástungur nefndarinnar, nè við sela-breytingaratkvæði hins 2. konungkjörna þingmanns; en það þótti mèr skrítið hjá honum, að hann gjörði selinn að manni, er hann kallaði hann bæði veiðimann og drápsmann; ef hann skoðar hann sem mann, þá get eg ímyndað mèr, að hann hugsi sèr að dæma selnum eitthvert vægara straff en dauða fyrir laxrán sín og morð; ætli það væri eigi nóg að dæma hann upp á vatn og brauð. *(Halldór Kr. Friðriksson:* Tevatn og brauð). Hinn háttvirti þingmaður hèlt, að mèr sem þingmanni Barðstrendinga mundi eigi líka þessi uppástunga, en eg get sagt honum, að í Barðastrandarsýslu skemmir selurinn ekki laxveiðar, því laxveiði er þar hvergi til. Selurinn er

friðaður á Breiðafirði, þar er engin laxveiði, sízt teljandi, og getur eigi verið, en töluverð silungsveiði er þar. Mèr geðjast yfir höfuð vel að frumvarpi nefndarinnar, en af því eg er hræddur um, að eitthvað óheppilegt kunni að slæðast inn í lagafrumvarpið, þar sem komin eru svo mörg breytingaratkvæði, sem ekki bæti það, þá datt mèr fyrst í hug, að vísa því til landbúnaðar nefndarinnar, en með því mèr er annt um málið, og sè, að það mundi tefja allt of mikið fyrir málinu, þá vil eg áskilja mèr það breytingaratkvæði, að stjórnin leggi fyrir næsta þing frumvarp til laxafriðunarlaga; þá væri landsmönnum og þingmönnum innan handar að kynna sèr málið til þess tíma, þegar þeir geta búizt við, að það verði lagt fyrir og gæti þá gjört þær breytingar á, sem nauðsynlegar væri, og gjörði það lögin þokkasælli og vissulega betri.

Jón Sigurðsson: Það var mikil dómadags ákúra, sem þingmaður Árnesinga gaf mèr. Hann var fyrst ofboð góður við uppástungu mína, en upp á síðkastið bar hann mèr það á brýn í ræðu sinni, að uppástunga mín miðaði til þess að eyðileggja öll lög og innleiða lögleysur, en þess háttar trakteringar frábið eg mèr, og sendi eg honum aptur þessa hnútu, og gjöri hann við hana, hvað sem hann vill. Mèr hefir aldrei dottið í hug, að allt skyldi standa við það sama, sem verið hefir í lögum um laxveiðar hèr á landi; því síður hefi eg ætlað mèr að innleiða lögleysur í þeim efnum; eg vildi að eins, að menn færi varlega í breytingarnar á þeim lögum, sem lengi hafa staðið, og flestir vel við unað. Það sem eg minntist á dráttarveiðina var að eins til þess að vekja athygli manna á þessari veiði, sem í smá-ám mjög skaðar laxveiði með því, að hann styggist af busli því, sem ávalt er óumflýjanlegt við ádrætti, en láxinn, eins og allir vita, mjög styggur. Mèr finnst eptir því dæmi, sem hinn háttvirti konunglegi varaþingmaður tók fram, um króknet, sem allt mundi að sama brunni bera, jafnt hvort maður hefir $^1/_3$ eður $^1/_5$ hlut árinnar ógirtan, því ef áin er mjög mjó, t. a. m. 5 faðmar, eins og þingmaðurinn til tók, þá mundi hægt að teppa laxgönguna með króknetum, hvort sem að $^1/_3$ eða $^1/_5$ árinnar væri auður; og því stakk þá nefndin ekki upp á, að þessi króknet skyldu vera bönnuð? Eg gjörði nefndinni annars kost á því að ganga að þeirri ákvörðun með henni, að $^1/_3$ árinnar skyldi jafnan vera auður, þegar tveir menn legði veiðivèlar hvor á móti öðrum, en þetta vildi hún eigi aðhyllast. Sè eg þó eigi betur, en þá hefði ágreiningurinn milli mín og hennar horfið í raun og

veru; og til þess nú frekar að sýna tilhliðrun við nefndina, tek eg mèr breytinaratkvæði við mína eigin uppástungu, að í staðinn fyrir $^1/_5$ hlut árinnar, setjist $^1/_3$ hluti. Auk þessa tek eg mèr breytingaratkvæði í sömu stefnu og þingmaður Barðstrendinga, að þingið að eins fari fram á, að fá frumvarp til næsta þings, byggt á frumvarpi nefndarinnar, því eg sè, að þess muni vera hin mesta þörf, svo sem eg get ráðið af þessum úa og grúa af breytingaratkvæðum, sem komin eru við nefndarfrumvarpið, og í nefndinni komu fram helzt til of einstaklegar skoðanir á málinu, sem lýstu því, að það hafði ekki verið grandgæfilega yfirvegað; og nefndarmenn bundu sig helzt of mikið við þær kringumstæður, sem þeir helzt þekktu; málið vinnur því sjálfsagt við það, að því sè frestað að þessu sinni; enda eru frumvarpsuppástungur nefndarinnar byggðar á bænarskrá, að eins frá einni sýslu, en ekki á almennings óskum, eða þjóðlegri nauðsyn; og þar sem það einu sinni er komið í hreifing á þinginu, má telja það víst, að því verði gefinn nánákvæmur gaumur af þjóðinni, og þá fær þingið má ske þær bendingar frá henni, sem það nú má sakna.

Forseti: Mèr þótti hinn heiðraði þingmaður Suður-Þingeyinga gjöra vel mikið að því að sendast hnútum á við þingmann Árnesinga, og meir en mèr fannst hann hafa gefið tilefni til, og væri æskilegt, að þingmenn hèldi sèr sem mest við efnið.

Framsögumaður: Tveir þingmenn hafa viljað láta málið bíða, af því allt einar bænarskrár mundu koma fram um breyting á lögunum, ef þau kæmist á eptir þeim frágangi sem þau mundu fá á þessu þingi, þingmenn þekktu svo lítið til laxveiðanna. En þetta er finnst mèr beinasti vegur til þess að eyða málinu, og gefur þeim, sem eyðileggja veiðina tækifæri til þess enn, hver veit hvað lengi, að spilla veiðinni, sumstaðar má ske gjörsamlega eyða henni; þingmaður Suður-Þingeyinga tók það fram, að í nefndinni hefði hver um sig, haldið fram sinni sèrstaklegu skoðun og þekkingu á málinu, eptir því, hvernig til hagaði þar, sem þeir þekktu til; þetta virðist að vera beinasta sönnun fyrir því, að uppástungur nefndarinnar munu vera skynsamlegar og vel úr garði gjörðar, því nefndarmönnum hefir þá komið saman um, að frumvarpið ætti einmitt að vera svona, sem það er og ekki öðruvísi, eptir því sem tilhagaði, með laxgöngurnar í hinum ýmsu hèruðum. Þar sem hann sagði, að úði og grúði af breytingaratkvæðum við nefndaruppástungurnar, þá finnst mèr það fremur ýkt; það er að eins við 7. grein,

að nokkuð margar breytingar hafa komið; það getur annars vel verið, eg gangi inn á ákvörðun um að banna króknetin og þá að girða mætti lengra út í ár, ef henni yrði laglega komið við. Þingmaður Suður-Þingeyinga hèlt, að dráttarnet mundu spilla; þetta er satt, mikið busl er gjört við ádráttinn; en sannist það, að lax sè á þann hátt fældur, svo að laxgangan við það verði minni eptir ánni, þá varðar það því, sem til er tekið í 8. grein, og því hefir nefndin eigi viljað banna veiði með dráttarnetum, þar hún eigi þarf að spilla laxgöngunni, sè hún brúkuð skynsamlega og í hófi. Reikningur þingmanns Árnesinga um hlutfallið milli möskvanna í netunum, opanna milli spelanna og gildleika laxins held eg eigi sè sem rèttastur; víst er um það, að það stríðir eigi á móti hlutarins eðli, að láta spelana eigi standa lóðrètta á hallafleti vatnsins; stæði þeir lóðrèttir á þeim fleti, þá hlyti þeir að falla, í hið minnsta ættu þeir eigi gott með þá að standa í fossum eður miklum halla.

Ólafur Sigurðsson: Eg vildi að eins svara hinum heiðraða þingmanni Árnesinga fáeinum orðum. Það var mèr fullkunnugt, að hann hafði að öllu samtöldu mikið meira veitt í Sæmundarhlíðinni en eg, en hann hefir vissulega misskilið mig; eg talaði aldrei um 7. greinina, og hafði hann því engar ástæður til að minnast á neinar garðabyggingar út í vatna-ósinn. Það var einungis 5. greinin, sem eg gekk út frá, af því mèr virtist hún alveg fyrirmuna silungaveiðina, þar sem hún tiltekur, að ekki megi við hafa nokkur riðin veiðarfæri með minni möskvum en $2\frac{1}{4}$ þumlungur sè milli hnúta; og er þá eptir mínum skilningi eins bannaður fyrirdráttur fyrir sjóreyði, þó það sannaðist, að aldrei fengist þar einn lax með þeirri veiði-aðferð, og þess vegna tók eg mèr viðauka-atkvæði við greinina.

Benidikt Sveinsson: Eg játa, að eg er þingmanni Suður-Þingeyinga þakkir skyldugur fyrir hugulsemi hans, en eg verð að biðja hann gæta þess, að eg er orðinn svo gamall og tannlítill, að eg get ekki bitið bein, og get því ekki þegið *þess konar trakteringar;* hann verður að leita að einhverri skepnu nær sèr sem þær koma betur. Eg tók það greinilega fram, að eg væri samþykkur ágreiningsatkvæði hans, að því leyti sem það væri rètt, en mótfallin hinu, er rangt væri í því, og þessu þurfti hann eigi að reiðast. Þannig fèllst eg á miðstraumslínuna, sem alstaðar er viðurkennd. En eg vil aptur spyrja þingmanninn, hvort hann vill neita því að Jónsbók leyfi dráttarnet, og að draga upp á hvort landið sem vill

ef hann á land öðru megin, og þó viðurkennir Jónsbók jú miðstraumslínuna eins og hann. Hvað *samveiði* í vötnum, hvað hennar lagalegt eðli annars snertir, enn fremur viðvíkur, þá heyrir hún eptir minni hyggju undir hugmyndina um *res jacentes communes*, nefnilega samveiðirèttarinn er *jafn* aðgengur fyrir alla, hvern fyrir sínu landi að taka fiskana úr vatninu eptir skynsemi og dugnaði sínum, eins og guð vill láta honum í skaut falla. Samveiði heyrir því undir lagahugmyndina sameign, og af þessu eðli hennar fljóta sameiginlegar takmarkanir á veiði-aðferð allra, er í hlut eiga, og sameiginleg bönd að varast allt, sem eyðir guðsblessun innan þessara sameiginlegu rèttartakmarka. Mèr þykir nú merkilegt, að þingmaður Suður-Þingeyinga skuli taka mèr það illa upp, þó eg fallist á meiri hlutann þar sem hann hefir rètt fyrir sèr. Það er merkilegt, að vilja eyða málinu, af því menn ekki þegar vilja koma sèr saman um það sem augljóslega er rètt. Norðmenn hafa gefið út 4 lög um þetta efni hver eptir önnur; þeir byrja á rèttum grundvelli og breyttu svo til, eptir því sem reynslan benti þeim til; ætli það sè nú ráð fyrir oss að vísa málinu frá af þeirri ástæðu, að enginn á þinginu hafi vit á því, þó vèr höfum nú fyrir oss öll lög Norðmanna og Englendinga líka, og láta málið bíða þangað til ef til vill er búið að ræða það á 14 þingum? Ætli það kosti þá minna, en ef því nú er hrundið í rètt horf, með þeim þegjandi og sjálfkrafa fyrirvara, að nauðsynlegar breytingar verði náttúrlega, ef þörf gjörist? Eg held vèr ættum heldur að þakka kjördæmi því, er bænarskráin er frá komin, en að kefja niður þá einu röddi, sem í þessu velfarnaðarmáli Íslands hefir látið til sín heyra. Eg vona því, að þingið vísi ekki málinu frá af þeirri ástæðu, að það hafi ekki vit á því sem landinu þènar í einfaldasta búnaðarmáli, því hafi það eigi vit á því, þá veit eg ekki, á hverju það ætti að hafa vit. Það gleður mig að öðru leyti, að hinn háttvirti framsögumaður vill bera sig saman við mig um breytingaratkvæðin, og skal eg reyna að sníða mig eptir nefndinni.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg get ekki verið samdóma þingmanni Árnesinga, að það sè að ónýta málið, þótt því sè frestað, eða beðið sè um, að lagt verði frumvarp um þetta efni til næsta þings. Mál þetta er sèrstaklegs eðlis, og því þarf sèrstaka þekkingu til þess að fjalla um það, og gjöra það svo úr garði, að vel sè. Þótt vèr þekkjum Ísland, höfum vèr þingmenn sjálfsagt ekki allir nægá þekkingu á máli þessu, svo að vèr getum með fullri

sannfæringu greitt atkvæði um hvert atriði þess, þó það komi hèr inn á þing, þar sem oss gefst enginn kostur á, að kynna oss það til hlítar eða leita oss upplýsinga; og þótt þingmaður Árnesinga kunni að hafa fullt vit á því, þá segi eg fyrir mig, að eg hef ekki svo mikla þekkingu á því, að eg geti gefið atkvæði í því. Eg þarf að fá upplýsingar og hugsa um málið, eg er hræddur um, að málið sè eigi svo vel úr garði gjört af nefndinni, að rètt sè og hyggilegt, að samþykkjast hennar uppástungur, eða láta sèr þær nægja. Veit eg ekki t. a. m. hvers vegna silungsveiði er með öllu undan skilin, og ekkert um hana talað; hún er þó líka arðsöm. Eg held að þingið vel geti haft vit á öðrum málum, þótt það beri eigi fullt skyn á þetta, því að það er mikill munur, hvort málið er almennt eða það útheimtir sèrstaka þekkingu. Þótt nefndin sè málinu kunnug, hefir það þó komið fram í dag, að ekki eru allir á eitt sáttir, og margvíslegar skoðanirnar. Þó eg játi, að nefndin sè svo vel kosin sem hægt er, þykir mèr þó hart, að framsögumaður skuli heimta, að vèr trúum henni í blindni, eða að allir skuli hafa vit á málinu. Þótt lögin sèu áríðandi, held eg vèr getum beðið þeirra í 2 ár; það væri til þess, að sannfæra menn um hve góð þau væri, og leita sèr þeirrar þekkingar á málinu, sem nauðsyn ber til; ef menn eru hræddir um, að missmíði muni á verða, eru menn skyldir að fresta málinu; það er allt annað en ónýta það. Þá gætum vèr fengið nýtt frumvarp, sem ætti að styðjast við þetta frumvarp og lögin í Noregi, og gætum vèr þá íhugað, hverjar breytingar skuli á gjöra eptir ásigkomulagi Íslands, og ef til vill eptir ásigkomulagi hinna einstöku hèraða. Eg verð þess vegna að vera alveg samdóma hinum heiðraða þingmanni Barðstrendinga, að fresta málinu að þessu sinni.

Hjálmur Pètursson: Eg skal geta þess, að mèr fannst hinn háttvirti þingmaður Árnesinga misskilja það, sem eg sagði um 6. greinina, því eg var mjög nærri meiningu hans. Mèr fannst breytingaratkvæði það, sem hann áskildi sèr, styðja málið, og því er eg ekki á móti því, og getur verið að við komum okkur saman. Þó skal eg geta þess, að hinn sami háttvirti þingmaður lagði áherzlu á það, að sèrhver ætti vatn og veiði í miðstraumslínu, og mèr dettur ekki í hug að neita því, en hann tók líka ljóslega fram, að dráttarnetaveiði væri heimil eptir eldri lögum, sem þetta frumvarp ekki raskar, og einmitt með þessu er helgaður hvers manns veiðirèttur í miðstraumslínu, eins fyrir því þó girðing væri bönnuð

nema í $^1/_3$ vatns, en þetta hljóta allir að játa, að sè nauðsynlegt, bæði vegna einstakra manna og almennings. Þingmaður Suður-Þingeyinga trúði því ekki, sem kom fram í ræðu hins konungkjörna varaþingmanns, að svo gæti farið, að smá-ár yrðu þvergirðar, ef garðurinn næði svo langt út, að einungis $^1/_5$ væri auður; en eg álít öldungis rètta meiningu hins konungkjörna varaþingmanns, því, ef net liggja niður af endum garðanna í litlu vatnsfalli, ef ekki er nema $^1/_5$ opinn og einkum ef það eru króknet, hefir það sömu verkun sem þvergirðing; þetta sá nefndin glöggt, en henni fannst ógjörlegt að ákveða neitt um það í hverjum ám mætti við hafa garða, og í hverjum ekki, því af slíku hefði hlotið að leiða upptalningu á öllum vatnsföllum á landinu. Eg get því ekki sèð annað tiltækilegra en það sem nefndin hefir stungið upp á, að girðingarnar nái eigi lengra en yfir einn þriðjung vatnsfarvegarins, og eg fæ ekki betur sèð en þetta geti vel staðizt, ef þess er gætt, sem nefndin hefir tekið fram, að ætíð sè eins mikið dýpi þar sem ógirt er, eins og þar sem girðingin er, því þetta er áríðandi atriði, vegna þess, að annars mætti hæglega girða yfir allt megindýpi í mörgum smá-ám, þó $^2/_3$ af breidd árinnar væru ógirtir, því eins og allir vita, er aðaldýpið opt við annað landið, þó breiddin sè talsverð, en sè annaðhvort vatnið í ánni bjart og yfir höfuð lítið, eða forugur og óhreinn botninn, í hinum grunna ógirta hluta árinnar, gengur laxinn þar miklu síður, og snýr þá opt til baka. Viðvíkjandi því, er nokkrir hafa stungið upp á að fresta máli þessu til næsta þings, skal eg geta þess, að eg þekki marga menn bæði í mínu kjördæmi og víðar um land, sem þykir þetta mál hafa allt of lengi dregizt; það getur reyndar verið, að sumir hèr á þingi sèu ókunnugir málinu; en þó sitja hèr menn úr öllum sýslum landsins, og geta menn að minnsta kosti búizt við, að hver sè kunnugur í sínu eigin kjördæmi. Hinn 5. konungkjörni bjóst við að fá betri upplýsingar í málinu seinna, ef því væri frestað til næsta þings; en eg hefi litla trú á, að hann afli sèr þeirra upplýsinga, sem hann ekki getur fengið nú þegar, svo að málinu verði borgnara, og verð eg að halda fast við það, að þetta sè svo mikils umvarðandi, að það ætti ekki að draga það, enda held eg ekki, að þingið kæmist þá að betri niðurstöðu en nú; því líkindi eru til, að hinir sömu menn verði á næsta þingi; en eg vil sízt óska, að málið biði eptir nýjum kosningum, og hefi líka litla von um bót á málinu fyrir það. Eg er nokkuð kunnugur

laxveiðum í 2 sýslum, og í annari þeirra eru nær 100 búendur, sem stunda veiði og eiga land að laxveiði í ám, en undir bænarskránni sem var úr þeirri sömu sýslu, voru þó fleiri nöfn, eður 14, og má af því sjá, að fleiri en veiði-eigendur einir sáu þörfina. Viðvíkj- því, er hinn 5. konungkjörni sagði, að það vantaði hjá nefndinni ákvarðanir um silungsveiði, skal eg geta þess, að það kann vel að vera gott að fá lög um silungsveiðar; en eg held það sè ekki eins brýn nauðsyn að fá þau eins og laxveiðalögin, enda geta þau að minni meiningu ekki samþýðzt þeim í öllum greinum. Það þyrfti því þá að gefa út sèrstök lög um silungsveiði; en eg held það sè betra að láta það bíða í þetta sinn; þetta var heldur ekki í bænarskránni og lá því ekki undir verkahring nefndarinnar.

Framsögumaður: Eg ætla að bæta því við það, sem þingmaður Mýramanna svaraði hinum 5. konungkjörna um silungsveiðarnar, að það lá ekki fyrir nefndinni nein bænarskrá um þær. Hið sama er að segja um það, er hinn 2. konungkjörni vildi taka selina með undir laxveiðalög, að það lá ekki heldur fyrir nefndinni nein uppástunga um það; enda er það eins og þingmaður Barðstrendinga tók fram, engin ástæða til að gjöra ákvarðanir í þá stefnu, sem hinn 2. konungkjörni vildi, á Breiðafirði, því þar eru engar ár, sem laxveiði er í. Hinn 5. konungkjörni sýndi, að hann þekkti lítið til laxveiða, en eg sè ekki ástæðu til að fresta málinu fyrir það, að hann einn þekkir ekki til þeirra; en eg vil þá ráða honum til, fyrst hann ekki ber skyn á málið, að greiða ekki atkvæði í því, því eg held það væri betra fyrir landið, að hann greiddi ekki atkvæði, heldur en að fresta málinu.

Benidikt Sveinsson: Hinn háttvirti framsögumaður tók flest það fram, er eg vildi sagt hafa, en af því hinn 5. konungkjörni þingmaður beindist að mèr í ræðu sinni, verð eg að svara honum. Eg vil spyrja hann: Heldur hann, að það sèu mörg þing, þar sem allir hafi fullkomna þekkingu á öllum þeim málum, sem fyrir koma á þinginu? Eg sè ekki, hvaða tilgang hann hefir með að segja slíkt, nema að setja mönnum sem menn segja »Blaar i Öinene». Hvernig stendur á því, að hann ekki þekkir þetta mál? Hann sem þó er fæddur og uppalinn í sveit, og er svo umhugsunarsamur um margt, er snertir búskaparmálefni. Það er ekki langt hèðan frá Reykjavík, þar sem hann lengi hefir átt heima, laxveiði, og hefði hann getað kynnt sèr veiðina þar. Það er auðsætt, að hver maður, sem annars hefir fullt vit og heilbrigða skynsemi, hefði getað

kynnt sèr laxveiðina í Elliðaánum, þegar hann er ekki nema $1^1/_2$ mílu í burtu frá þeim. Það er og eins konar mótsögn í því, að hann ekki þekki laxinn, hann sem þekkir svo vel aðra skepnu, sem verra er að þekkja, nefnilega kláðamaurinn. Hann þekkir kláðann og kláðamaurinn, en ekki laxveiði nè lax. Eg vil biðja þingmenn, að gæta að því, að eg segi þetta eigi til að vera þingmanninum persónulega nærgöngull, en eg vil láta það koma fram í tíðindunum, hvernig á þessum mótbárum muni standa. Er hægra að komast að sannfæringu í kláðamálinu en í laxveiðamálinu? Það er annars að öðru leyti gleðilegt, að hinn heiðraði þingmaður er farinn að játa, að hann hefir ekki betur vit á öllu, en bæði þingið og þjóðin (*Halldór Kr. Friðriksson:* Eg vildi spyrja forseta, hvort þetta kemur þessu máli við, og hvort þingmaðurinn hefir leyfi til að afbaka orð mín). Eg skal líka segja honum það, að með því að bæta þessu um silungsveiðina við nefndarfrumvarpið, gjörir hann allt málið að engu og eyðir því. (*Forseti*: Þingmaðurinn hefir farið út fyrir efnið, en eg vildi ekki taka hart á því, af því hann fór út í kláðamálið; annars vona eg hann forðist persónuleg sneiðyrði). Eg tek það vel upp af forseta, og hverjum sem helzt, að hann bendi mèr á, ef eg viðhefi óviðurkvæmileg orð, en það tek eg ekki til þakka, að mega ekki brúka orð, sem bæði eru saklaus, *rètt hugsuð*, og standa í ströngu hugsunarsambandi við málið (*Forseti*: Þau voru býsna persónuleg). Eg hafði einmitt þann fyrirvara, að orð mín ættu ekki að skiljast persónuleg. Eg skal enn geta þessa dráttar, sem hann vildi hafa fram á málinu. Eg vil spyrja, hvaða afleiðing það hefir, og hvort það er ekki ábyrgðarhluti fyrir þingið, ef það frádæmir sèr vit á einhverju mesta velferðarmáli landsins, sem tekið hefir verið inn á þing, kosnir þeir menn í nefndina, er vit hafa á málinu um allt land, og sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók svo vel í? (*Sveinn Skúlason:* Það vill enginn afbiðja það). Eg held mèr við ræðu hins 5. konungkjörna. Hún var ekki til annars en að reyna að eyða málinu ástæðulaust, eyða tíma fyrir þinginu með því að tala mikið, og lengja þingtíðindin.

Páll Vídalín: Af því eg þekki nokkuð til laxveiða, þá finn eg ástæðu til að tala í þessu máli, og ætla eg þá að fara nokkrum orðum um nefndarfrumvarpið. Í 1. grein frumvarpsins er ákvörðun um tíma þann, er lax skal friðaður á, en nefndin hefir eigi fært nægar ástæður fyrir, hvers vegna hún hefir haft þetta tímatakmark 1. júní. Hún hefði átt að hafa tillit til, hve nær

laxinn gengur. Nú vil eg spyrja nefndina: Veit hún, hve nær laxinn gengur fyrst á vorin? Geti hún ekki svarað því, þá þekkir hún ekki málið til hlítar, eða svo, að hún geti bundið tímann við þetta takmark (*Jón Pèturssón*: Kann ske þingmaðurinn viti það sjálfur?) þó eg nú kynni að vita það, þá er það eigi nóg, ef eg er einungis sá eini af þingmönnum, sem veit það, því það er þá allt komið undir því, hvort þingið tekur orð mín trúanleg. En sagt get eg nefndinni ætlun mína um þetta, og það er, að eg ætla að laxinn byrji fyrstu göngu sína litlu eptir sumarmál, ef ár eru þá leystar, og þá gengur stærsti laxinn alla leið til fjalls, því ár eru þá vanalega miklar. Ef þessi lax er ekki eyðilagður, þá hrygnir hann ofan til í ánum. Nú minnka vötnin aptur, en þegar þau þá vaxa að nýju við rigningar, er vèr köllum að nývetni komi í árnar, þá kemur enn laxganga, og aptur er nývetni kemur í árnar og seinast í ágústmánuði, köllum vèr þann lax, er þá gengur berglax. Er nú berglaxinn ungur lax eða er það annað laxakyn? Geti nefndin ekki svarað því, þá þekkir hún heldur ekki málið í því tilliti til hlítar. Það er mest berglax, sem veiðist seinni part sumars víða nyrðra, og er mèr vel kunnugt um það. Ætla eg, að ekki geti verið hætta búin af því að veiða hann, að minnsta kosti hefir reynslan sýnt, að það eigi hefir spillt veiði, þó hann hafi verið veiddur. Eg hefi lesið ritgjörð eptir einn mann í Noregi, sem mestan þátt hefir átt í tilbúningi laga Norðmanna um fiskiveiðar á seinni tímum, og ef eg man rètt, þá mun hann gjöra þann mun á kynferði laxa eða stærð þeirra, að það geti varla skaðað veiðina, þó berglaxinn sè veiddur innan ákveðinna takmarka. En nú vil eg enn fremur spyrja nefndina, er sèrhvert laxakyn hèr jafnstórt og í Noregi? Og hrygnir laxinn hèr fyrr eða seinna en í Noregi? Því þetta er áríðandi að vita í tilliti til friðunartímans og þess, hvort möskvarnir eiga að vera jafnir, stærri eða minni hèr en í Noregi. Ef eg man rètt, hefir þessi sami maður, sem eg gat um, enn fremur sagt, að laxinn hrygni því fyrr, því kaldara sem loptslagið er. Eg vil nú ekki tala ýtarlegar um þetta, en af því sem eg áður hefi sagt, vona eg það sè ljóst, að nefndin hefir sett óþarflega þröngt tímatakmark í frumvarpi sínu. Og vil eg því breyta 1. júní hjá nefndinni til miðs maí eða þar um bil. Í 3. greininni er sagt, að ekki megi veiða lax frá náttmálum á laugardegi, o. s. frv., en þetta held eg að komi sèr ekki alstaðar vel; því eg þekki til í sumum sveitum, að menn stunda þar veiði einmitt mest

á laugardagskvöldum til miðnættis þar sem brúkuð eru dráttarnet. Að því er mig sjálfan snertir, ætti eg reyndar ekki að hafa svo mikið á móti þessari ákvörðun, en eg fer nú ekki eptir því. Þá er í 4. greininni talað um, að ekki megi hafa þau veiðarfæri, er smálaxi verður náð með. Má eg spyrja, er með þessu bannað að hafa enska laxastöng? (*Jón Pèturssson*: Nei). Eg held þó að veiða megi smálax á hana. Enn fremur þykir mèr nefndin hafa tekið til of stóra möskva, og vil eg því taka mèr breytingaratkvæði við 5. grein í þá stefnu. Um 6. grein, sem þingmaður Árnesinga vildi fella aptan af, get eg ekki verið samdóma honum, því eg held þá, að það gæti orðið endalaust rifrildi um, hve nær veiðivèlin væri svo sem lögin ákveða, og vil eg því ekki fella síðari hluta hennar, en eg held það megi bæta hann svo, að þingmaðurinn þurfi ekki að vera óánægður með hann með því að ákveða ekkert um það, hvernig spelarnir skuli liggja, heldur ákveða einungis millibilið milli þeirra, og áskil eg mèr einnig breytingaratkvæði um það, ef mèr sýnist. Í 7. greininni held eg, að nefndin hafi gleymt að nefna vatna-ósa, sem hún þó nefnir í 1. grein. Eg tek þetta fram vegna þess, að eg þekki vatn í Húnavatnssýslu, sem kallað er Hóp; í það rennur á sem laxveiði er í; en úr Hópinu gengur aptur ós til sjávar, og er þar einnig veiði. Eg geymi mèr því rètt til viðauka-atkvæðis við þessa grein. Eg er á meiningu nefndarinnar, að veiðivèlin megi eigi ná lengra út en yfir einn þriðjung vatnsfarvegarins, því eg álít voðalegt, að garðurinn nái lengra út, einkum þegar króknet eru höfð. Viðvíkjandi 8. gr. skal eg geta þess, að eg veit ekki, hvað mikið nefndin leggur í hana. En ef hún hefir ekki meint þar með ádrátt eða styggð þá, sem þar af leiðir við laxinn, þá fellst eg á hana. En eptir því sem eg nú hefi tekið fram, óttast eg fyrir, að þingmenn hafi ekki svo ljósa hugmynd eða þekkingu um þetta mál sem skyldi, til þess þeir nú þegar geti lagt fullnaðardóm á það, og verð eg því, eins og þingmaður Barðstrendinga að álíta, að málið græði við það að koma aptur fyrir þing, og að þingið ætti því að óska, að frumvarp frá stjórninni yrði lagt fyrir þingið að nýju, og gæti þá meðal annars sela-uppástunga hins háttvirta 2. konungkjörna þingmanns komið til greina.

Halldór Kr. Friðriksson: Hinum heiðraða þingmanni Mýramanna þótti það hafa dregizt allt of lengi, að mál þetta hefði komið inn á þing, og taldi það sem ástæðu fyrir löggildingu frum-

varpsins nú þegar. Það er reyndar illa farið, að hann hefir ekki komið með það fyrri. En þótt það ekki hafi komið fyrri en nú, þá sè eg ekki í því fólgna neina ástæðu til að hugsa ekki eins vel um það, eins og ef það hefði komið fyrri. Framsögumaður sagði, að það væri búið að eyðileggja laxveiðina í svo mörg ár, og því væri þörf á að fá lögin sem fyrst; en eg held hún eyðist ekki svo mjög, þótt menn bíði eptir lögunum í 2 ár enn, að vinnandi sè til fyrir þær sakir, að hrapa að lögunum, ef til vill miður hugsuðum en vera skyldi. Eg er reyndar ekki ófúsari en aðrir á að breyta lögum, ef mèr virðist nauðsyn til bera, en það er æfinlega leiðinlegt, þegar á næsta þingi eptir að lög eru komin út, bænarskrár úr öllum áttum um að breyta þessum lögum, koma inn á þingið, og eg er hræddur um, að hætt sè við, að hèr mundi svo fara. Þingmaður Árnesinga sagði, að ef uppástunga mín um silungsveiðarnar kæmist að, breytti það málinu svo, að það yrði ekki annað en 0. Eg veit ekki, hvernig hann fer að segja slíkt, nema að eins til að slá um sig; því að eg kom eigi með neina uppástungu um breytingu, heldur sagði að eins, að eg sæi eigi ástæðurnar fyrir því, hvers vegna silungsveiðinni væri alveg sleppt, og mèr virðist, að vèr þyrftum eins lög um silungsveiðarnar eins og um laxveiðar, og að nefndinni hefði verið innan handar að taka silungsveiðarnar með inn í frumvarpið. Það er munur á því, að þekkja eitt mál út í allar æsar, eða að hafa nokkurn veginn ljósa hugmynd um það í aðalatriðunum, enda held eg, það sèu ýms mál, sem þingmaðurinn með öllum sínum kunnugleika, eigi þekkir út í allar æsar. Hann sagði einungis, að það væri undarlegt að eg skyldi ekki þekkja til laxveiði þar sem Elliðaárnar væru svo nálægt Reykjavík. Þessu ætla eg ekki að svara, því það ber sig niður sjálft, það er augsýnt, að það þarf meira til að semja fullkomin lög um laxveiðar, en að sjá vatnið, sem laxinn gengur í, eða að sjá lax, sem tekinn er úr vatninu. Èg vildi óska að eg væri sá eini af þingmönnum, sem ekki þekkti laxveiðar til hlítar, en þingmaður Húnvetninga lagði margar spurningar fyrir nefndina, þannig lagaðar, að eg held að minnsta kosti sumum af nefndarmönnunum muni veita full örðugt að svara þeim. Og ef nefndarmennirnir ekki geta svarað þeim, þá er ekki von, að hinir geti það. Það var líka skrítin setning hjá þingmanni Árnesinga, að hann furðaði sig svo mjög á, að eg þekkti ekki til laxveiða, þar sem eg þekkti svo vel til kláðans. Þótt hann ekki þættist ofgóð-

ur til slíkra orða, sem hann hafði um þetta atriði, þykist eg samt ofgóður til að svara þeim. En þar sem hann sagði, að eg með ræðu minni einungis vildi eyða tíma fyrir þinginu, þá vil eg biðja hann að stinga hendinni í sinn eigin barm, og rannsaka, hvort hann með öðrum eins ræðum og þeirri, er hann hèlt síðast, eigi eyddi tímanum til ónýtis fyrir þinginu talsvert fremur en eg með minni ræðu.

Forseti: Nú hafa tíu þingmenn beðið um, að umræðunum yrði hætt.

Framsögumaður: Eg skal ekki tala langt. Það er eðlilegt, eins og eg hefi fyrr sagt, þótt margir kunni að hafa á móti þessum lögum, þar sem þau leggja bann á takmarkalausa laxveiði. Því það eru allt af einhverjir, sem hafa móti slíkum lögum, er geti í nokkurn máta skert eigin gagn þeirra. Eg skal koma með dæmi upp á það. Hèrna um árið, þegar bænarskráin kom úr Eyjafirði um að friða æðarfuglinn, þá komu bænarskrár bæði af Tjörnesinu og líka úr sjálfum Eyjafirði og ef til vill víðar að frá þeim, sem höfðu það að handverki að drepa fuglinn, og báðu þær þingið í guðanna bænum að friða ekki fuglinn. Eg held, að málið tapi miklu, ef því verður frestað til næsta þings.

Forseti: Eg skal þá skjóta því til atkvæða, hvort nú skuli lokið þessari undirbúningsumræðu.

Var síðan gengið til atkvæða um, hvort umræðunni skyldi lokið og það samþykkt með 18 atkvæðum.

Fundi slitið.

---

31. fundur. — 15. ágúst.

Forseti: Eg hefi fengið tilkynningu frá þingmanni Vestur-Skaptfellinga, Vestmanneyinga, Árnesinga og Húnvetninga, að þeir eigi geti komið á fund í dag.

Þingbók frá undanfarandi fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Þingmönnum mun vera kunnugt, að safnazt hefir fyrir æði mikið af óseldum alþingistíðindum; fyrir nokkrum árum síðan var búinn til geymsluklefi fyrir þau á kirkjuloptinu; en nú er það geymsluhús löngu fullt, og mikið af tíðindunum liggur í

hrúgu á kirkjuloptinu undir skemmdum; eg hefi því skrifað stiptsyfirvöldunum til og farið þess á leit við þau, að þingið fengi nægilegt og óhult húsrúm handa tíðindunum t. d. á lopti nýja bókasafnsins, og hafa þau svarað því bréfi mínu þannig?

Herra alþingisforsetinn hefir í þóknanlegu bréfi af 8. þ. m., næst því að skýra frá, að safnazt hafi svo mikið fyrir af alþingistíðindum, að húsrúm taki að skorta handa þeim, gjört þá fyrirspurn, hvort ekki mundi geta fengizt samistaður fyrir tíðindin í hinum opinberu húsum hèr í bænum, t. d. í prentsmiðjuhúsinu eða uppi á loptinu í hinni nýju bókhlöðubyggingu skólans, til þess að þar mætti búa til nægilega stórt geymslurúm handa tíðindunum, bæði þeim eldri, og þeim, sem nú er verið að prenta o. s. frv. og með hverjum kjörum þingið geti fengið þvílíkt húsrúm.

Vèr skulum út af þessu ekki láta hjálíða að svara, að loptið í hinni nýju skólabókhlöðu getur um sinn fengizt til að geyma í alþingistíðindin, eptir nákvæmara aftali við oss, og það eptir kringumstæðunum borgunarlaust; en þó verður þingið á sinn eigin kostnað bæði að flytja tíðindin, og eins að láta gjöra það sem nauðsyn krefur í skólabókhlöðu loptinu til þess að þar geti verið nokkurn veginn viðværilegur geymslustaður handa tíðindunum.

Íslands stiptamt og skrifstofa byskups, Reykjavík,
14. dag ágústmán. 1867.
Hilmar Finsen. *P. Pètursson.*

Af þessu sjá þingmenn, að stiptsyfirvöldin hafa sýnt þinginu þá velvild, að ljá til geymslu handa þingtíðindunum suðurendann af bókasafnsloptinu; skrifarar þingsins skoðuðu það með mèr í gær og leizt okkur vel á það; en þar þarf að afþilja rúm til þess, að þar verði gott geymsluhús. Nú sem stendur verður ekki sagt hvað það muni kosta, en eg mun fá smið til að gjöra um það áætlun; og ímynda eg mèr og sjálfsagt, að muni mega nota timbrið úr kirkjuloptsklefanum í þetta nýja geymslulopt. Ef þörf gjörist mun eg skýra þinginu frá þeim frekari ráðstöfununum sem gjörðar verða.

Samkvæmt dagskrá kemur nú í dag til undirbúningsumræðu málið um læknaskóla og læknaskipun. Hinn háttvirti 2. konung-

kjörni þingmaður Jón Hjaltalín er framsögumaður og mun hann lesa upp nefndarálitið.

Eptir ósk framsögumanns las skrifari nefndarinnar í læknamálinu (Halldór Friðriksson) upp nefndarálitið.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 520—525).

Framsögumaður (*Jón Hjaltalín*): Eg vil nu eigi fara neinum orðum um málið fyrr en eg hefi heyrt þingmenn láta meiningu sína í ljósi.

Konungsfulltrúi: Þegar þetta mál kom til inngangsumræðu hèr í salnum, tók eg það fram, að mèr þætti það of snemma borið fram af hinum heiðraða uppástungumanni, vegna þess, að fèð, — sem þarf til þess að stofna læknaskóla hèr í landinu, og sem ætlazt var til að yrði útvegað við frumvarpið um breytingu á ákvörðuninni um gjald spítalahlutanna, er svo eru nefndir á Íslandi, — enn þá ekki var fyrir höndum. Eg rèði þess vegna þinginu frá í þetta skipti að taka málið til frekari meðferðar; og þó að eg nú viðurkenni, að hinni heiðruðu nefnd hafi gengið hið bezta til með meðferð sína á málinu, fæ eg samt sem áður ekki betur sèð, en að henni hafi ekki heppnazt að sanna það, sem er aðalundirstaða málsins, að læknasjóðurinn sè fær til þess að borga þenna kostnað, sem stofnun læknaskólans mun hafa í för með sèr; en á móti því, að æskilegt sè að koma á betri tilhögun á læknakennsluna hèr í landinu hefi eg fyrir mitt leyti ekki neitt, eins og eg einnig tók fram við inngangsumræðuna. En þar sem þingið, eins og kunnugt er, með atkvæðafjölda hefir breytt grundvallarreglu þeirri, sem hið konunglega frumvarp, er áður er nafngreint, var byggt á, að spítalahlutirnir framvegis ætti að gjaldast af bátum og skipum þeim, sem höfð eru til fiskiveiða, og þar á móti hefir stungið upp á, að gjald þetta verði lagt á veiðina sjálfa, er hèr með veruleg breyting gjörð á frumvarpinu, og eg að minnsta kosti sè mèr ekki fært að dæma um, hvað mikil áhrif þessi breyting muni hafa á tekjur læknasjóðsins, ef stjórnin aðhyllist hana; en á hinn bóginn er það auðsætt, að mèr getur ekki, nú sem stendur, verið kunnugt, hvort stjórnin muni aðhyllast uppástungu meiri hlutans, eða hvort hún muni halda fram reglum frumvarpsins, sem minni hluti þingsins í öllu verulegu hefir stungið upp á. En af því, að svona er ástatt nú, geta menn ekki nú gjört neina áætlun um það, hvort og hvað mikið tekjur læknasjóðsins muni aukast við hið nýja fyrirkomulag, sem vonandi er að nú komist á, og reynslan mun sanna þetta,

þegar þingið verður löggefandi, eins og eg vona að verði, þó það máske nú sem stendur ekki sè þinginu eins ljóst og mèr —; það stoðar ekki að ákveða útgjöld, fyrr en menn hafa vissu um það, hvaðan taka skal fèð til þeirra. Hin heiðraða nefnd hefir reynt að sýna fram á, að læknaskólinn geti komizt í all-viðunanlegt horf með núverandi tekjum sjóðsins, en hún hefir ekki gjört áreiðanlegan reikning. Eg skal taka til dæmis nokkur sèrstök atriði. Fyrst hefir nefndin talið tekjur læknasjóðsins árið 1865 rangt til 3167 rd., þar sem þær rètt reiknaðar eru að eins 3,067 rd. 57 sk.; en þar næst hefir hún ekki talið útgjöld þau, sem þá hvíldu á sjóðnum, og sem eptir hinum auglýstu reikningum voru samtals 124 rd. 76 sk., heldur ekki útgjöld, er seinna eru lögð á sjóðinn. Tveir heiðraðir nefndarmenn, hinn háttvirti 2. og 5. konungkjörnu þingmenn vita það, að læknasjóðurinn borgar árlega til sjúkrahússins í Reykjavík 400 rd., auk þess að af honum er veitt sjúkrahúsinu 1000 rd. rentulaust lán; eptir hinu opna brèfi frá 31. maím. þ. á., á læknasjóðurinn þar að auki að greiða þann styrk, sem þar er lofað þeim, sem vilja setjast að sem praktiserandi læknar í þeim hèruðum landsins, hvar mest þykir þörf á læknahjálp, en þessi styrkur getur aukizt til 3400 rd. árlega, þó að eg ekki gjöri ráð fyrir, að fyrst um sinn verði meiri en á að gizka 1000 rd. En þegar menn vilja gjöra áreiðanlega áætlun um afgangstekjur læknasjóðsins, geta menn eptir því, sem eg nú hefi tekið fram, ekki talið þær meiri en í hæsta lagi til 1502 rd. 77 sk.

Á hinn bóginn ættu laun forstöðumanns læknaskólans eptir 1. niðurlagsatriði, sem ákveður hann á sama hátt og laun forstöðumanns prestaskólans, að hækka til 2,200 rd., en þetta er ekki tekið til greina í áætluninni.

Þó að eg fyllilega óski, að betri og fullkomnari tilhögun kæmist á læknakennsluna hèr á landi, og þó að eg viðurkenni, að landlæknirinn, sem nú er, bæði verðskuldi og þurfi þeirrar aðstoðar, sem uppástungan fer fram á, — get eg ekki sèð, að kostnaður sá, sem til þess útheimtist, geti orðið lagður á læknasjóðinn, fyrr en búið er að sjá, hvernig tekjur hans muni verða eptir fyrirkomulagi því, sem nú er ætlazt til að gefa þeim.

Eg skal þess vegna ráða þinginu frá, að gefa uppástungum nefndarinnar atkvæði sitt.

Jón Hjaltalín: Þetta voru sannarlega þungar undirtektir, en því mun verr, að það munu vera grundaðri ástæður til þeirra en

vèr bjuggumst við; því verr geta menn enn eigi haft neinar áætlanir um, hversu miklar tekjur spítalasjóðsins verða framvegis, meðan menn alls eigi vita, hvernig fer um spitalagjaldsmálið; eptir meiri hlutans uppástungu gátu menn þó haft nokkurn veginn vissa áætlun um upphæð gjaldsins. Oss hefir áður verið borið á brýn, að læknamálið hafi verið of seint upp borið, en eg held að það sýni sig nú bezt, að það heldur kemur of fljótt en of seint, en eg álít það þó skyldu mína að vera flutningsmaður þess, því hèr er þörfin brýn; því annað er eigi sjáanlegt, en að vèr annaðhvort verðum læknislausir, eða vèr þurfum að hafa hèr læknaskóla; því íhugi menn: Hvernig er læknaskipunin nú sem stendur? Hèr eru 7 læknar, þar af 3 yfir sextugt, eg veit nú eigi hvort þingið vill, að landið verði læknalaust. Eg hefi skýrt og skorinort tekið fram við Sundhedskollegiet, að ástandið væri ófært og þyrfti bráðra umbota við. Eg hefi gjört allt hvað í mínu valdi stendur. Eg vona það sè örðugt að hrinda mínum uppástungum; þær eru samkvæmar þörfum og vilja Íslendinga; en hvað sjálpar það? Fèð vantar, að sagt er, og þar með er allt búið. Reikningar nefndarinnar eru má skè eigi sem áreiðanlegastir, eg verð því miður, að kannast við það, eptir þeim upplýsingum sem nú komu fram frá stiptsyfirvöldunum; eg legg öldungis á vald þingsins, hvað það vill úr ráða. Það ætlar að verða örðugt að hrinda málinu áleiðis þegar konungsfulltrúi er á móti. En eg hefi talað og frelsað samvizku mína.

Sveinn Skúlason: Hinn hæztvirti konungsfulltrúi sagði það fyrst í ræðu sinni, að nefndin hefði eigi sannað, að læknasjóðurinn gæti borið læknaskóla, ef hann yrði stofnaður; en nefndin hefir einmitt sýnt, að læknasjóðurinn getur borið stofnunina, þegar eigi er hlaðið óviðkomandi gjöldum á hann. Að álíta óvissari undirtektir stjórnarinnar fyrir það, að þingið í spítalagjaldsmálinu hafi eigi fallist á frumvarp stjórnarinnar, get eg eigi álitið á fullum rökum byggt; eptir uppástungum minni hluta nefndarinnar verður spítalagjaldið sjálfsagt nokkuð meira, en nú er, og líklega miklum mun meira, og miklu þokkasælla en það mundi orðið hafa eptir uppástungum stjórnarinnar eða meiri hlutans; fallist eigi stjórnin á uppástungur minni hlutnns; þá er líklegt, að hún láti standa við hin eldri lög, því eg get eigi skilið í, að stjórnin gangi svo í berhögg við þingið, að fara að lögleiða þvert ofan í þingið sitt frumvarp, og hvernig sem fer, getur maður því gjört áreiðanlega áætlun um, hvað læknasjóðurinn geti borið. Hinn

hæstvirti konungsfulltrúi segir, að ekki stoði fyrir þingið að ákveða útgjöld fyrri en menn hafi vissu um það, hvaðan taka skal fèð til þeirra; en mèr virðist það liggja í augum uppi, að þingið geti með fullkomnum rètti stungið upp á, að verja innlendum sjóði til innlendrar stofnunar. Eður hvað ætti að vera móti því? Hèr í bænum er þegar kominn spítali, og hann verður að líkindum nógur bænum, og með tímanum þeim sem til hans ná; nefndin vildi því öldungis leiða hann hjá sèr; aptur á móti áleit hún sèr skylt, að efla læknakennsluna; og er því fremur hvöt fyrir stjórnina að hlynna að læknakennslunni og stofnun kennsluskóla, þegar nefndin hefir svo takmarkað sig, að sleppa spítölunum, því það sjá þó allir, að það er öldungis ótiltækilegt að láta læknakennsluna hèr á landi vera eingöngu bundna við eins manns líf. Þingið hefir því hinn fyllsta rètt til að biðja um, að þessum innlenda landssjóði verði varið til innlendra landsþarfa. Dómsmálastjórnar auglýsingin af 12. maí þ. á., gefur reyndar ávísun upp á fè af þessum sjóði til hinna fyrirhuguðu nýju lækna embætta, þvert ofan í tillögur alþingis, sem einmitt hafði beðið um laun handa hinum nýju læknum úr ríkissjóði rètt eins og til annara hèraðslækna. Ef vèr nú skjótum málinu frá oss, þá er það eigi til annars en lengja þenna tíma, sem vèr verðum að sitja í dauðans vandræðum, hver veit hvað lengi.

Konungsfulltrúi: Þegar hinn háttvirti þingmaður Norður-Þingeyinga kom fram með áþekka mótbáru og nú í dag, þótti mèr óþarfi að svara honum; af því að mótbáran í sjálfu sèr ekki hafði neitt við að styðjast. Hið sama er að segja nú, en eg skal eigi að síður, til þess, að menn ekki geti sagt, að mótbáru þessari ekki sè mótmælt, þó hún sè alveg ástæðulaus, og allir, sem bera skyn á málið, geta sagt sèr það sjálfir, taka það fram, að þegar þessi útgjöld eru heimiluð við konungsúrskurði, þá getur ekki verið spursmál um lagalega heimild þeirra, eptir stjórnarfyrirkomulagi landsins sem nú er.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg skal eigi þræta við hinn hæstvirta konungsfulltrúa um það, hversu rètt það muni, að laun lækna þeirra, sem settir kunna að verða samkvæmt konungsúrskurðinum verði tekin úr læknasjóði. En hversu langt er þess að bíða, að læknasjóðurinn verði fyrir þeim útgjöldum? Eg þykist þess fullviss, að það muni svo langt, að læknasjóðurinn mun stórum aukast þangað til að því kemur, þótt læknaskólinn verði nú stofnaður, og

það vona eg að konungsfulltrúi sè samdóma mèr um. Það er að vísu eigi hægt með neinni vissu að leggja niður fyrir sèr, hversu miklar spítalasjóðstekjurnar verða framvegis; en það geta menn með vissu sagt, að þær muni verða töluvert meiri en þær nú eru, hver af uppástungum nefndarinnar sem tekin er. Árið 1865, var eitthvert hið mesta óhappa ár fyrir spítalasjóðinn; spítalahluturinn af Vestmannaeyjum var þá eigi heldur lagður við, og hann nemur heldur eigi svo litlu; 200 dalir eru taldir til læknaverkfæra, en þeir eru eigi veittir árlega, heldur að eins um tvö ár. Það er satt, að 400 rd. af lækningasjóðnum eru ætlaðir til spítalans í Reykjavík, en þegar spítalinn hèr er kominn í lag, þá getur hann lètt undir með læknaskólanum, t. a. m. með því að ljá honum húsrúm kauplaust, og það væri að minni ætlun sanngjarnt. Eg vona enn fremur að þegar reglugjörðin um spítalatekjurnar er komin á, þá muni spítalatekjurnar aukast, hvort heldur meiri hlutinn eða minni hlutinn verður ofan á hjá stjórninni, því eptir áætlun minni hlutans verða spítalahlutirnir framt að 4000 rd. á ári, og meiri hlutinn fullyrti, að þeir yrðu fullt eins mikið eptir hans uppástungu og get eg því ekki betur sèð, en að spítalasjóðurinn sè nægur til að standast útgjöldin; en ef þingið finnur næga ásstæðu til að setja gjöldin niður, án þess að tálma stofnun læknaskólans, þá skal eg vera manna fúsastur til að gefa því atkvæði mitt, því mèr er um að gjöra, að föst læknakennsla sem fyrst komist hèr á.

Pètur Pètursson: Eg fyrir mitt leyti játa, að eg ann læknamálinu alls hins bezta og vil styðja það eptir því, sem eg get, en á hinn bóginn verð eg að viðurkenna, að þegar eg skoða niðurlagsatriði nefndarinnar, þá fæ eg ekki sèð, hvernig læknasjóðurinn geti borið þessi útgjöld. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir ljóslega sýnt þetta, og eg get í þessu tilliti engu við bætt. Eg skal geta þess, að nefndin hefir ekki í uppástungum sínum tilgreint öll þau útgjöld, sem til læknaskólans þyrftu, svo sem húsnæði, ljós og eldivið; til þessa eru árlega ætlaðir 200 rd. við prestaskólann; útgjöldin yrðu því 2600 rd. eða renta af 65,000 rd. í byrjuninni og yxu þó mjög með vaxandi launahækkun, en eins og nú stendur er spítalasjóðurinn ekki 65 þúsund dalir; hèr yrði því »Undirbalance» af liðugum 3000 rd.; þeir sem nú læra hjá landlækni fá sína 100 rd. hver, af styrk þeim, sem landlækni er veittur til kennslunnar; nú hefir nefndin ekki stungið upp á ölmusum handa þeim, sem nema eiga læknisfræði; en eg veit ekki, hvaðan þær ættu að fást, ef ekki úr lækna-

sjóðnum. Eg skal leyfa mèr að leiðrètta þingmann Norður-Þingeyinga, þar sem hann vitnaði til dómsmálastjórnarauglýsingar, þá var það ekki rètt, heldur er það konungleg auglýsing. Ef hvorutveggju á að verða framgengt, bæði uppástungum nefndarinnar og því, sem talað er um í hinni konunglegu auglýsingu, þá yrði læknasjóðurinn að vera 115 þúsundir dala, til þess að geta staðið straum af þeim kostnaði. Hinn 5. konungkjörni hèlt, að spítalatekjurnar væru 2500 rd. árlega; þó eg nú gæfi það eptir, þá vantar samt 100 rd. og hvar á að taka þá? Ef vèr viljum þessu máli vel, þá verðum vèr að byggja á því, sem er, en ekki á neinni óvissu; vèr verðum heldur að reyna að finna einhver önnur ráð til að hjálpa málinu við. Eg get því ekki gefið uppástungu nefndarinnar atkvæði mitt.

Eiríkur Kúld: Eg ætla mèr ekki að tala langt í málinu, heldur stend eg upp til að taka mèr breytingaratkvæði, og áskil eg mèr þá breytingaratkvæði við tölul. 1. *a* í þá átt, að forstöðumaðurinn hafi sömu laun og landlæknirinn og svo sem 500 rd. að auk að minnsta kosti; við »*b*» í þá átt, að fyrir 500 rd. komi 300 rd.; ef svona er goldið, þá lèttir 750 rd. á ríkissjóðnum, því nú er landlækninum úr ríkissjóðnum goldið 1450 rd., en þegar svona á að breyta, að honum sè launað af spítalasjóðnum, og laun hèraðslæknisins úr ríkissjóði gjöri eg 600 rd. munar það 750 rd., sem þá aptur ætti að bætast spítalasjóðnum úr ríkissjóði á einhvern hátt; eg skil ekki í öðru, en að stjórnin aðhyllist þó þetta; eg get heldur ekki sèð, að mönnum þurfi að vera eins sárt um að tala um breytingu á konungsúrskurði, eins og einhverjum fórust hèr orð áðan, eða ef eg skildi rètt hinn hæstvirta konungsfulltrúa, því eg veit dæmi til, að konungsúrskurðum hefir verið breytt, þó þeir eigi væru gamlir; hvað tekjum læknasjóðsins viðvíkur, þá hefir hinn 5. konungkjörni þingmaður sýnt fram á, að eptir áliti nefndarinnar í spítalamálinu, yrðu tekjur læknasjóðsins um 4000 rd. árlega, þó að fylgt væri uppástungum meiri hlutans í spítalamálinu, en við umræður þess máls hèr á þinginu komu fram skýr rök fyrir því, að þær yrðu þó rífari, ef uppástungum minni hlutans og þingsins yrði framgengt.

Stefán Eiríksson: Mèr er ekki farið að lítast vel á fyrir Austur-Skaptfellingum, að þeir fái lækni í þetta skipti, einkanlega ef læknaskóli sá sem hèr er beðið um ekki verður stofnsettur fyrir fátæktar sakir. Nefndin hefir þó gefið Austur-Skaptfellingum góðar vonir, bara að nokkur læknir væri til, og eg treysti því,

að undir eins og einhver læknir er til í þessi embætti, sem heitin eru í hinni konunglegu auglýsingu, að við Skaptfellingar verðum þá fyrstir fyrir þessu happi, þar hvergi hafa komið bænarskrár um læknahjálp nema frá Austur-Skaptafellssýslu, það er nóg til að sýna, að þar er þörfin mest. Læknafæðin hèr á landi er og verður sorgleg, ef þessu framvindur, og þó landlæknirinn sem nú er, hafi tekizt kennsluna á hendur, þá sjá þó allir, að þetta nægir ekki, því bæði er hann farinn að eldast og hefir mörgum störfum að gegna, og svo er hann, eins og aðrir menn, dauðlegur; og hafa menn þá nokkura vissu fyrir, að sá landlæknir sem kæmi, ef þessa missti við, vildi taka að sèr kennsluna undir þeim kringumstæðum sem hún nú er í? Og því er það óumflýjanlega nauðsynlegt, að læknaskóli komist á fót sem fyrst. Eg efast ekki um, að með því fyrirkomulagi á spítalatekjunum, sem þingið nýlega er búið að samþykkja, og áleit þá svo happasælt til aukningar læknasjóðsins, að hægt verði að koma uppástungum nefndarinnar í verk; það hefir sýnt sig, að tekjur spítalasjóðsins í góðum aflaárum geta vaxið til muna. Eg vil því af fremsta megni styðja nefndina, og vona til þingsins, að það gjöra sitt til, að þetta velferðarmál fái sem beztan og farsælastan enda, því það er sannarlega sorglegt að sjá menn stynja undir sjúkdómsþjáningum ár frá ári, og geta enga læknishjálp fengið, og það lítur ekki út fyrir annað, en svo fari ef læknaskóli ekki kemst hèr á.

Bergur Thorberg: Eg er einn af þeim, sem álíta sjálfsagt að styrkja þetta mál á allan hátt, er fært er. En það hefir verið sýnt með rökum, að það sè ekki fært að fara eins langt og nefndin hefir gjört, þótt eg á hinn veginn játi, að það væri æskilegt, að kennslan gæti orðið sem fullkomnust. Það hefir verið ljóslega sýnt, að það væri ofvaxið læknasjóðnum að standast þessi gjöld, bæði eins og efni hans eru nú og eins og menn með nokkurri vissu geta búizt við að þau verði að minnsta kosti fyrst um sinn. Eg ætla ekki að fara út í það að rannsaka, hvort uppástungur nefndarinnar sèu hærri en minnst mætti verða. Eg held það eigi fært nú sem stendur að stofna læknaskóla; en þar sem nú efnin vanta til þessa, þá er því meiri nauðsyn að nota þau litlu efni sem til eru, svo sem bezt má verða, og það er ætlun mín, að menn ættu að reyna að bæta hið núverandi ástand eptir því sem föng eru á án þess að stofna neitt nýtt fyrirkomulag. Eg álít það ætti að gjöra landlækninum lèttbærara það starf, sem hann hefir svo heiðarlega

byrjað, og ef unnt er gjöra um leið kennsluna fullkomnari án þess að stofna skóla. Þetta held eg mætti takast með því að fá hingað einn lækni, sem gæti lètt á landlækninum störfum hans og tekið þátt í kennslunni, og svo jafnframt rífka kennslulaun landlæknisins. Eg er ekki vonlaus um, að þetta væri mögulegt með þeim efnum, sem nú eru fyrir hendi. Ef settur væri hèr í Reykjavík með 1000 dala launum, læknir, er væri hèraðslæknir í Gullbringu og Kjósarsýslu, og aðstoðaði landlækninn við kennsluna, eptir því sem hann hefði tíma til, og ef borgun til landlæknisins fyrir kennsluna væri aukin frá 300 rd. til 500 rd., þá yrðu gjöld læknasjóðsins aukin um 1200 rd., og held eg það væri ekki ofvaxið læknasjóðnum að borga þetta fè. Kennsla landlæknisins hefir þegar borið talsverðan árangur, og væri því gott að hlynna að henni svo sem verður, enda held eg, að það muni verða læknasjóðnum því síður of vaxið, að gjöra það, ef ekki er lengra farið, en eg hefi bent á, sem eg hygg, að gjöld sjóðsins til þessara nýju lækna sem um er rætt í auglýsingu 31. maí þ. á., verði ekki svo mikil, að minnsta kosti fyrst um sinn. Eg ætla því að taka mèr breytingaratkvæði við uppástungur nefndarinnar í þá stefnu, sem eg hefi tekið fram, og skal eg leyfa mèr að orða breytingaratkvæði mitt nákvæmar síðar.

Halldór Kr. Friðriksson: Hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður sagði, að nefndin hefði ekki talið allt, sem þyrfti til útgjalda við skólann, en hún hefir þó gjört það í ástæðunum, þótt það ekki standi í niðurlagsatriðunum. Eptir konungsúrskurðinum eru veittir 200 dalir til þess að kaupa fyrir verkfæri, svo nefndinni fannst óþarfi að taka það með (*Pètur Pètursson:* En til húsnæðis). Nefndin gjörir ráð fyrir 120 rd. fyrir húsnæði, og það ætla eg nóg; eg skil eigi, að það þurfi 200 rd. fyrir 2 herbergi, því það eru víst margir hèr, sem mundu leigja hús til kennslustofu fyrir minna um árið. Það er sjálfsagt, að þessar 3 ölmusur, sem ráð er fyrir gjört, eiga að borgast úr læknasjóðnum, en það væri ef til vill, rèttara að taka það fram í niðurlagsatriðunum, og vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði um það. Hinn sami háttvirti þingmaður sagði, að ekki mætti telja tekjur læknasjóðsins eptir öðru, en því sem nú er, en nefndin hefir heldur ekki gjört það, því hún reiknar tekjur læknasjóðsins, eins og þær voru 1865, og miðar útgjöldin við þær, þótt spítalahlutirnir væru þá einhverjir hinir rýrustu. Það hefir verið tekið fram, og það er vonandi að tekjur

sjóðsins muni aukast, og þótt þær væru goldnar eptir sama gjaldmáta og verið hefir, er vonandi þær vaxi að minnsta kosti á Breiðafirði; því eg treysti amtmanninum þar svo vel, að hann sjái um, að betur heimtist, einkum fyrst hann fèkk svo góðar upplýsingar hjá þingmanni Barðstrendinga í spítalamálinu um daginn. Þessir nýju læknar eru heldur ekki komnir enn, og þótt það kæmu nú einhverjir í þau svo fljótt sem unnt er, þá veit þingmaðurinn það eins vel og eg, að ekki verður búizt við fleiri en 2 læknaefnum fyrr en eptir 6 ár. Það verður enginn útskrifaður að ári, og landlæknirinn hefir sagt, að það veiti ekki af 4 árum til að nema hjá sèr læknisfræði, og þá eru komin 6 ár. Að því, er snertir breytingaratkvæði þingmanns Barðstrendinga, get eg ekki sagt um, hvort eg get fallizt á þau, fyrr en þau liggja fyrir. En breytingaratkvæði hins háttvirta 3. konungkjörna finnst mèr að eins vera tilbreyting á orðum, því það munar eigi meir en 100 rd. En úr því landlæknirinn á að vera forstöðumaður og aðalkennarinn, finnst mèr eðlilegast að laun hans sem forstöðumanns verði borguð úr læknasjóðnum, enda þykir mèr 500 rd. nokkað lítil borgun fyrir kennslu hans og forstöðu; en ef hann vill takast það á hendur fyrir það, þá vil eg ekki spilla því; en fyrir mitt leyti verð eg að segja, að mèr þykir það of lítið.

Sveinn Skúlason: Eg ætla að eins að svara hinum hæstvirta konungsfulltrúa einu orði. Mèr finnst þó sannarlega, að mótbára mín móti konungsúrskurðinum hafi við nokkuð að styðjast. Eg skal vissulega vera manna síðastur til að vilja ekki hlýða lögum þeim, er konungur vor setur; en eg lýsi því yfir, að eg er fúsari á að hlýða þeim, þegar þau eru gefin út samkvæmt tillögum alþingis, og fullt tillit er tekið í lagasetningunum til rèttar þess í lagasetningum, sem alþingi er veittur, heldur en þegar þau eru gefin út þvert á móti vilja þingsins. Dómsmálastjórnin hefir sannlega siðferðislega ábyrgð af því, að hafa borið fyrir konung vorn lög, sem hún ræður honum til að samþykkja, þvert á móti vilja alþingis. Og þegar þessu er þannig varið, virðist mèr að full ástæða sè fyrir þingið til að biðja nú konung um að breyta aptur þessum úrskurði. Hinum háæruverðuga 1. konungkjörna taldist svo til, að þótt tekjur læknasjóðsins væru 2500 rd. um árið, vantaði samt 100 rd. til eptir uppástungum nefndarinnar; eg sè þá ekki annað ráð vænna en flýja á náðir stjórnarinnar, og biðja hana að hjálpa oss um þessa 100 rd. úr ríkissjóðnum, að minnsta kosti

meðan fjárhagurinn ekki er aðskilinn, og ætla eg að taka mèr breytingaratkvæði í þá stefnu, að skyldi svo reynast, að tekjur læknasjóðsins yrðu ónógar, þá biðji þingið hans hátign konunginn að skjóta til því er á vantar. Breytingaratkvæði hins háttvirta 3. konungkjörna þykir mèr ekki gott, þótt hann vildi málinu vel. Eg skildi ekki, hvernig hann hugsaði sèr, að þessir 1000 rd. fengist handa lækninum, sem hèr yrði settur; eg held það hafi verið meiningin að borga þá úr læknasjóðnum; en það finnst mèr nokkuð óeðlilegt, þegar landlæknirinn fær öll sín laun úr ríkissjóðnum. Mèr finnast því uppástungur nefndarinnar miklu eðlilegri.

Björn Pètursson: Eg er einn af þeim, sem finnst nefndin hafa tekið heldur fulla gúlana, því það er fullkomlega búið að sanna og sýna, að læknasjóðurinn er ekki fær um að bera þann kostnað, sem hún vill leggja á hann. Eg er því samdóma þingmanni Barðstrendinga og þeim þingmönnum, sem vilja ákveða hæfilega þóknun fyrir kennsluna við læknaskólann bæði handa forstöðumanninum og hinum kennurunum sem líka hafa annað embætti á hendi. Þess vegna ætlaði eg að taka mèr breytingaratkvæði á sömu leið og hann. Það er að öðru leyti merkilegt, að nefndin hefir alveg gleymt lækna-efnunum, sem á skólanum verða, þegar hún þó ætlaði að sníða hann í öllu eptir prestaskólanum; hún hefir sem sè gleymt húsaleigustyrk þeim, sem prestaskólamenn hafa, eg ætla því að taka mèr breytingaratkvæði um, að hvert læknisefni, sem gengur á læknaskólann fái 40 rd. í húsaleigustyrk um árið.

Pètur Pètursson: Eg skil ekki, hvernig nefndin hugsar að koma tölum inn í álitsskjalið, þegar þær ekki standa í niðurlagsatriðunum, því þá koma þær ekki til atkvæða. Eg er enn á því, að 200 rd. sèu ekki of mikið, bæði til að borga með húsaleigu og annað, er með þarf. Hinn 5. konungkjörni ímyndar sèr víst ekki, að það þurfi aldrei að kveikja í skólanum og aldrei að hita herbergin upp. Það mætti ef til vill fá hús leigt fyrir 120 rd. um árið, en 80 rd. yrðu þá ekki nógir fyrir hitt. Hann sagði einnig, að nefndin hefði byggt á því ástandi tekjanna sem nú væri; það er satt, en hún hefir þá byggt á vitlausum grundvelli. Eg felli mig vel við uppástungu hins háttvirta 3. konungkjörna. Vèr viðurkennum allir, að hinn núverandi landlæknir á ekki einungis þakkir skilið í orði, heldur á hann og skilið, að kjör hans yrðu bætt, og honum veittur allur sá lèttir, sem kringumstæðurnar leyfa.

Framsögumaður: Af því að nú eru margir búnir að tala í máli þessu, og flestir af góðum vilja, ætla eg að tala nokkur orð, jafnvel þó hinn hæstvirti konungsfulltrúi taki þunglega undir málið, og eg sè eins og aðrir neyddur til þess, að finna mig í því, sem stjórnin vill vera láta, þá get eg þó ekki gert það með góðum vilja eða góðri sannfæringu, einkum þar sem stjórnin hefir verið svo rif við hina skólana. Lærði skólinn hefir 500 dali á ári til bókakaupa og prestaskólinn 200 rd.; þetta er nú víst mikið gott og nauðsynlegt, en vèr höfum þó í sannleika fleiri þarfir en að fá hverja útgáfuna á fætur annari af latínskum rithöfundum, og 20 árganga af »Fædrelandet» eins og keypt var hèrna um árið. Eg kann hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni þakkir fyrir hans góðu tillögur, því það er auðsèð, að hann vill hjálpa málinu áfram. Eg vil benda hinum hæstvirta konungsfulltrúa til, hvernig það muni verka á Íslendinga, þegar þeir snúa sèr til stjórnarinnar í lífsnauðsynjum sínum, og hún annaðhvort getur ekki eða vill ekki hjálpa þeim, en hefir þó styrkt ríkulega aðra skóla. Mèr er sama, hvernig málinu er hrundið áfram, ef það einungis kemst í það horf, að það verði hinum nauðlíðandi að gagni. Eg skal hugsa um breytingaratkvæði hins 3. konungkjörna þingmanns, hvort eg muni geta fallizt á það. Samt verð eg að segja, að eg kann ekki vel við, að eg sem landlæknir og forstöðumaður læknaskólans sè settur stigi lægra en forstöðumaður prestaskólans; slík embætti eru vel launuð í öðrum löndum, og skal eg taka til dæmis, að þegar eg í vor var í Edinborg, var þar laust æðsta kennara-embættið í líkskurðarfræði, um það sóttu margir sem von var, því launin eru 2000 pund sterling, eður 18,000 dalir. Þegar nú tekið er tillit til að læknisfræðin er einhver hin örðugasta vísindagrein, þar sem hún er samsett af svo mörgum fræðum og greinum náttúruvísindanna, og hana verður að laga eptir því, hvernig tilhagar í hverju landi, þá get eg ekki kunnað við, að eg sem landlæknir og forstöðumaður læknaskólans, skuli ekki eiga vissa neina viðbót á launum mínum, þar sem þó laun forstöðumanns prestaskólans geta stigið yfir 2000 dali. Þingmaður Suður-Múlasýslu sagði, að nefndin hefði tekið *gúlana* fulla. Það er nú mikið fagurt að viðhafa þessi orð hèr á salnum, og láta þau sjást í þingtíðindunum, þó reyndar sè ekki víst að þau komist þangað, því sumir hafa þann sið, að strika út og krassa ofan í ræður sínar. En eg sè þó, að nefndin hefir ekki tekið þá nógu fulla, því þingmaðurinn vill bæta við 40 dala húsaleigustyrk handa

hverjum lærisveini, og skyldi mèr vera það hin mesta ánægja, ef hann gæti útvegað þá, og það veit eg, að allri nefndinni mundi þykja vænt um; en ætli hann hugsi sig ekki um. Eg vil leiðrètta hinn háttvirta 3. konungkjörna þingmann, hann hefir víst ekki skilið rètt hugsun mína um læknirinn; mín ætlun er sú, að hann gegni læknisstörfum í lögsagnarumdæmum þeim, sem landlæknirinn nú á að gegna, og svo í bænum, því það mundi jafnvel ungum lækni þykja sèr nóg boðið að gegna læknisstörfum í bænum auk landlæknisembættisins og kennslunnar, hvað þá heldur á mínum aldri. Eg hafði hugsað mèr, að landlæknir skyldi ekki practisera nema þegar hans væri leitað, eða í fjærveru hèraðslæknisins, eða þegar hann sjálfur vildi sjá eitthvert tilfelli.

Torfi Einarsson: Mèr dettur nú í hug: »Verður það er varir og ekki varir«. Eg hèlt nú, að þingmenn mundu ekki verða sparir á að lofa fjártillögum, þegar um þetta mál væri að ræða, því að í Íngólfsmálinu um daginn hèldu þeir, að peningar mundu drjúpa af hverju kerlingarnefi; það hefir verið lagt stórfè til kláðalækninga og nú á jafnvel að fara að reka menn til að lækna hunda, þó hefir Strandasýslu verið neitað um lítinn styrk til að fá læknishjálp, en eg hèlt að öðru máli mundi gegna um mál sem snertir land allt, þar sem eptir því sem landlæknir sagði um daginn 10,000 manns koma á hvern lækni. Það er mikið bágt að menn skuli ekki geta gjört neina áætlun um spítalahlutina, eg held þó að menn af Landshagsskýrslunum geti gjört sèr nokkra hugmynd um hvað aflast, og ef vèr þó viðurkennum, að vèr ekki getum gjört neina áætlun, þá verðum vèr líka að viðurkenna, að vèr ekki höfum þá valdstjórn er dugi; eg ímynda mèr, að þingið eigi að útvega lög, en valdstjórnin að sjá um að þeim sè framfylgt. Eg er reyndar ekki fær um að fara út í reikninginn, en ekki fæ eg betur sèð, en að nægilegt fè sè til að stofna læknaskóla. Hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður hèlt að stjórnin mundi ekki geta sèð landið læknalaust, en hún hefir þó þolað að horfa á, þó það ekki hafi verið með berum augum, að sumar sýslur væru læknalausar. Eg er viss um, að landsmenn munu vilja leggja töluvert á sig fyrir þetta mál, þó þeir ef til vill sèu tregir til að gefa til vertshúsbyggingar í Reykjavík, eða einhvers sem þeim kynni að finnast minni nauðsyn á.

Jón Bjarnason: Hinn heiðraði þingmaður, sem nú settist niður hefir tekið margt af því fram sem eg ætlaði að segja. Eg held

menn geti gjört sèr vissa von um að tekjur læknasjóðsins fari vaxandi mikið og meira enn til helminga, hvort sem uppástunga meiri eða minni hlutans verður ofan á, þó menn geti ekki með vissu sagt hvað mikið. En eg held að mál þetta megi með engu móti dragast. Það er nú búið að gjöra margt og mikið til þess, að sjá heilsu sálarinnar borgið, svo sem fyrst með því að flytja skólann frá Bessastöðum til Reykjavíkur, og hefir það kostað mörg þúsund dali, síðan var prestaskóli stofnaður, og gnægð fjár varið til hans, enda er hann nú í bezta staudi; það er sorglegt að þegar svona hefir verið gjört mikið fyrir sálina, þó hún sè æðri partur mannsins, að ekki skuli neitt mega gjöra fyrir hinn óæðri partinn líkamann, því ekki getur sálinni liðið vel ef líkamanum líður illa. Eg verð þess vegna fastlega að mæla með, að mál þetta verði ekki fellt, heldur verði hinn bezti rómur að því gjör. Eg hygg að fè muni verða nóg fyrir hendi, þegar málið er búið að ferðast milli stjórnarinnar og landsmanna, eins og opt kemur fyrir að hlutfall þjóðmála vorra verður, og að allir muni viðurkenna, að þetta sè mesta nauðsynjamál og verði því fusir að rètta hjálparhönd, hver eptir sinni stöðu. Það hefir bæði í spaugi og alvöru verið talað um spítalahlutina á Breiðafirði; eg er öldungis viss um, að þeir vaxa, og eins hèrna kringum Reykjavík, því á báðum stöðum vantar mikið á, að allt heimtist inn sem skyldi. Það er sjálfsagt, að þegar sál og líkami skilja, þá fer hann niður í jörðina en sálin upp í hæðirnar, en meðan þau eru saman, verður honum að líða vel, annars verður sálin líka veik, eða þau skilja sambúðina. Eg vona að hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður, sem vill Íslandi allt vel, og talar af hreinni sannleiksást, muni ekki eyða máli þessu með því að telja nokkurra dala torfærur á því, heldur vona eg, að að hann styðji þessa stofnun jafnduglega og hina andlegu, sem hann hefir komið á svo heiðarlegan og fastan fót.

Pètur Pètursson: Eg vil áskilja mèr breytingaratkvæði við breytingaratkvæði hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns, þannig, að landlæknir fái 600 dala þóknun fyrir kennsluna, svo að laun hans verði í allt 2000 dalir; það þykir mèr sanngjarnt, því hann missir «Praxis», þegar hann hættir að lækna.

Arnljótur Ólafsson: Eg er einn af þeim sem vilja málinu og nefndinni vel, en er hræddur um, að læknasjóðurinn hafi ekki nogar tekjur, og muni því vanta fè hvernig sem reiknað er. Þó eg nú telji, að tekjur spítalasjóðsins verði 4000 dalir á síðan, þar sem

þær nú eru rúmar 3000 dala (*Halldór Kr. Friðrikson*: 5 þúsund). Nei eg þori ekki að fara hærra, því að eg þori eigi að byggja á, að stjórnin fallist á uppástungu meiri hlutans í spítalamálinu, fyrst að hinn 5. konungkjörni þingmaður er í minni hlutanum, því að hans atkvæði vegur hjá stjórninni, víst á við tvo af okkur hinum. Tekjur spítalasjóðsins eru nú um 3000, stundum meiri og stundum minni, eptir því hvað spítalahlutirnir eru miklir hvert ár. Frá þessum 3000 rd. verður nú að draga til spítalans hèr og annars fleira rúma 524 rd., og að auki 40 rd., sem er leigan af þeim 1000 rd., er spítalinn í Reykjavík hefir leigulaust. Til þeirra 5 nýju lækna-embætta ganga 2000—4000 rd., þegar menn eru komnir í þau, eður meðaltals 3000 rd. en frá þessari upphæð má draga þau 400 rd., er þá verða greiddir læknasjóðnum úr jafnaðarsjóðunum, verða þá eptir meðaltals 2600 rd., er með þeim 524 rd., og 40 rd., er eg áður gat um, verða 3160 rd. Eins og spítalatekjurnar eru nú er ekkert fè til, en að eins rúm 800 rd., eður 1000 rd. í mesta lagi.

Vèr getum ekkert gjört í þessu máli í raun rèttri, meðan vèr eigi vitum, hvað úr spítalafrumvarpinu verður, því þótt engir læknar sèu enn í hin nýju lækna-embætti, þá megum vèr ekki byggja skóla fyrir það fè, því þótt fè þetta sè til allra fyrst, þá tjáir það eigi; skólinn verður að hætta, þegar læknarnar koma, eða eta sjóðinn upp. Konungsúrskurðurinn er nú einu sinni kominn, og vèr verðum að hlýða honum, hvernig sem hann svo er til kominn. Vèr verðum að gæta að því, að læknar geta líka komið í þessi embætti frá Kaupmannahöfn; nú sem stendur eru þar 3 er lesa læknisfræði. En af því að eg vil málinu vel, vil eg stinga upp á, að nefndin taki sèr það viðauka-atkvæði vil 2 tölulið, að það sem kann á að vanta verði greitt úr dýralækninga sjóðnum danska eður ríkissjóði, því annars rekur að því, að vèr getum ekki fengið skólann fyrr en vèr vitum upphæð spítalatekjanna, annars verður skólinn einungis skóli í von um að geta borið sig. Þess vegna vil eg ráðleggja nefndinni þetta.

Halldór Kr. Friðriksson: Þingmaður Borgfirðinga sagði, að tekjur læknasjóðsins geti ekki orðið meiri en 5000 dalir; það var þó sýnt af meiri hluta nefndarinnar í spítalamálinu, að tekjurnar mundu verða um 6000 dali og meiri hlutinn vildi ábyrgjast, að ekki yrði minna eptir hans uppástungu. Hann verður að gæta þess, að embættin verða ekki skipuð fyrr en skólinn er kominn í

lag, fyrst engir læknar koma annarstaðar að. Þingmaðurinn sagði, að 3. væru að lesa læknisfræði í Höfn, en eg veit ekki af nema einum, því einn er nýbúinn, og er mjög óvíst að hann komi nokkurn tíma hingað. Það líða því 6 ár þangað til vèr fáum lækna úr þessum skola. Eg vona og það eru líkindi til þess, að sjóðurinn aukist svo á þessum árum, að hann hafi meiri afgang, en hann hefir tekjur nú. Að því er breytingaratkvæði það snertir, sem þingmaður Borgfirðinga talaði um, þá finn eg ekki ástæðu fyrir nefndina að taka það að sèr. Hann getur tekið sèr það sjálfur ef hann vill.

Ólafur Sigurðsson: Eg ætla að áskilja mèr breytingaratkvæði við tölulið 1, *c*, að í staðinn fyrir 300 dalir komi 200 dalir.

Forseti: Fyrst að ekki taka fleiri til máls, er undirbúningsumræðu þessari lokið.

Dagskránni er og þar með lokið og ekki meira að starfa í dag.

Fundi slitið.

---

32. fundur. — 16. ágúst.

Allir á fundi nema þingmaður Vestur-Skaptafellssýslu og þingmaður Vestmanna-eyja, er höfðu tilkynnt forseta forföll sín.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hèfi látið prenta nefndarálitið í hegningarlagamálinu, og vona eg, að hver þingmanna hafi fengið það.

Samkvæmt dagskránni kemur þá til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu fjárkláðamálið; eg skal geta þess, að eg hefi fengið brèf frá þingmanni Vestur-Skaptafellssýslu, er hafði gjört breytingaruppástungur við frumvarp nefndarinnar; segist hann taka uppástungur sínar aptur, og falla þær þá burt af atkvæðaskránni, ef enginn tekur þær upp. Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Árnesinga, og veit eg ekki, hvort hann vill taka til máls.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 411—416).

Framsögumaður: Þetta mál var rætt svo ítarlega við undirbúningsumræðuna, að eg finn ekki ástæðu til að bæta neinu við það fyrr en eg heyri tillögur hinna heiðruðu þingmanna.

Forseti: Nú taka engir fleiri til máls og er þá ályktarumræðu þessari lokið: Skal eg þá biðja þingmenn að ganga til atkvæða ept-

ir atkvæðaskránni, sem þeir, að eg vona, hafi prentaða fyrir sèr.

Var þá gengið til atkvæða, og fèllu þau þannig:

1. grein

1. Bergur Thorberg og Eiríkur Kúld; felldur með 18 atkvæðum gegn 3.
2. Jón Hjaltalín; felldur með 18 atkvæðum gegn 2.
3. Sami; felldur með 17 alkvæðum gegn 1.
4. Nefndin og Ólafur Sigurðsson; samþykktur með 14 atkvæðum móti 3.
5. Nefndin; 1. grein frumvarpsins með þessum viðauka, samþykktur með 18 atkvæðum móti 3.

2. grein.

6. Arnljótur Ólafsson, Páll Vídalín og Jón Sigurðsson; af því atkvæðagreiðsla þótti ekki fullglögg var viðhaft nafnakall.

«Já sögðu»:	«Nei sögðu»:
Eiríkur Kúld.	Halldór Kr. Friðriksson.
Arnljótur Ólafson.	Benidikt Sveinsson.
Björn Pètursson.	Bergur Thorberg.
Hjálmur Pètursson.	Jón Pètursson.
Jón Bjarnason.	Magnús Jónsson.
Jón Sigurðsson.	Pètur Guðjónsson.
Ólafur Pálsson.	Pètur Pètursson.
Ólafur Sigurðsson.	Sighvatur Árnason.
Páll Vídalín.	Stefán Eiríksson.
Stefán Jónsson.	
Sveinn Níelsson.	
Sveinn Skúlason.	
Torfi Einarsson.	

Var töluliðurinn þannig samþykktur með 13 atkvæðum móti 9.

7. Nefndin; 2. grein frumvarpsins með þessari breytingu; samþykkt með 18 atkvæðum móti 3.

3. grein.

8. Nefndin; samþykkt með 17 atkvæðum gegn 3.
9. Bergur Thorberg; felldur með 17 atkvæðum móti 2.
10. Nefndin; 3. grein frumvarpsins með áorðinni breytingu; samþykkt með 17 atkvæðum gegn 3.

4. grein.

11. Páll Vídalín, Arnljótur Ólafsson, Jón Sigurðsson og Hjálmur Pètursson; samþykktur með 13 atkvæðum gegn 5.

12. Bergur Thorberg; felldur með 15 atkvæðum móti 1.
13. Torfi Einarsson, Benidikt Sveinsson, Hjálmur Pètursson, Sighvatur Árnason, Magnús Jónsson og Eiríkur Kúld; samþykktur með 12 atkvæðum móti 9.
14. Nefndin; 4. grein frumvarpsins með áorðnum breytingum, samþykkt með 15 atkvæðum gegn 3.

5. grein.

15. Nefndin; 5. grein frumvarpsins, samþykkt með 18 atkvæðum gegn 2.
16. Nefndin; fyrirsögnin, samþykkt án atkvæða.
17. Nefndin; samþykktur með 18 atkvæðum móti 3.
18. Nefndin; atkvæðagreiðslan þótti óglögg, og var því viðhaft nafnakall.

«Já sögðu»:	«Nei sögðu»:
Eiríkur Kúld.	Halldór Kr. Friðriksson.
Arnljótur Ólafsson.	Bergur Thorberg.
Benidikt Sveinsson.	Björn Pètursson.
Hjálmur Pèturson.	Jón Pètursson.
Jón Bjarnason.	Ólafur Pálsson.
Jón Sigurðsson.	Pètur Guðjónsson.
Magnús Jónsson.	Pètur Pètursson.
Ólafur Sigurðsson.	Stefán Eiríksson.
Páll Vídalín.	Sveinn Níelsson.
Páll Ólafsson.	Sveinn Skúlason.
Sighvatur Árnason.	
Stefán Jónsson.	
Torfi Einarsson.	

Var þannig töluliðurinn samþykktur með 13 atkvæðum gegn 10.

19. Torfi Einarsson; uppástungumaður tók vara-atkvæði sitt aptur, en þingmaður Barðstrendinga tók það upp aptur og var eptir ósk hans nafnakall viðhaft og fèll það þannig:

«Já sögðu»:	«Nei sögðu»:
Eiríkur Kúld	Arnljótur Ólafsson.
Halldór Kr. Friðriksson.	Benidikt Sveinsson.
Bergur Thorberg.	Björn Pètursson.
Pètur Guðjónsson.	Hjálmur Pètursson.
	Jón Bjarnason.
	Jón Pètursson.
	Jón Sigurðsson.

«Nei sögðu»:
Magnús Jónsson.
Ólafur Pálsson.
Ólafur Sigurðsson.
Páll Vídalín.
Páll Ólafsson.
Pètur Pètursson.
Sighvatur Árnason.
Stefán Eiríksson.
Stefán Jónsson.
Sveinn Níelsson.
Sveinn Skúlason.
Torfi Einarsson.

Var þannig töluliðurinn felldur með 19 atkvæðum gegn 4.

Forseti: Þá er þessari atkvæðagreiðslu lokið.

Síðan var lesið upp og samþykkt:

1. Bænarskrá til konungs, um að stofna í Reykjavík kennara-embætti í sögu Íslands og fornfræðum Norðurlanda.
2. Bænarskrá til konungs um stofnun lagaskóla.
3. Bænarskrá til konungs viðvíkjandi fiskiveiðum útlendra.
4. Álitsskjal til konungs viðvíkjandi konunglegu frumvarpi um skipamælingar.

Fundi slitið.

---

33. fundur. — 17. ágúst.

Allir á fundi nema hinn 5. konungkjörni þingmaður, er hafði tilkynnt forseta forföll sín.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur nú í dag til undirbúningsumræðu konunglegt frumvarp til almennra hegningarlaga handa Íslandi. Þingmaður Árnesinga er framsögumaður, og mun hann lesa upp álitsskjal nefndarinnar og skýra þinginu frá því, er þurfa þykir.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Nefndarálitið hljóðar þannig:

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 424—442).

Eg álít, að bæði þessi nefndarálit, hvort í sínu lagi, sèu svo ljós, að eg þurfi ekki að fara fleirum orðum að sinni.

Konungsfulltrúi: Það er sá verulegasti ágreiningur á milli meiri hluta og minni hluta nefndarinnar í þessu máli, því meiri hlutinn hefir öldungis ekki tekið upp á sig — að minnsta kosti ekki til vara —, að segja álit sitt um sèrstök atriði frumvarpsins; en þetta hefði, eptir minni meiningu, verið hrein og bein skylda meiri hlutans, gagnvart þinginu, sem hefir kosið nefnd til þess að undirbúa málið fyrir sína hönd til frekari meðferðar þingsins, og til þess hefir nefndin sannarlega tekið sèr nægilegan tima, ef meiri hlutinn hefði viljað nota sèr hann eins vel og minni hlutinn hefir gjört það. Eg sagði, að það hefði verið skylda meiri hlutans gagnvart þinginu að gjöra þetta, því eg fæ ekki betur sèð, en að meiri hlutinn hafi alls engar ástæður til þess, að gjöra ráð fyrir, að þingið muni aðhyllast uppástungu hans, þar sem hann sjálfur, og nefndin í heild sinni, hefir farið svolátandi orðum um frumvarpið: «Þess vegna verður nefndin að játa, að landið mundi öðlast mikla og verulega rèttarbót, yrði frumvarp það, er hèr ræðir um, gjört að lögum með þeim breytingum er nauðsyn krefur, að á því sèu gjörðar, vegna þess, sem sèrstaklegt er fyrir Ísland í ýmsum greinum». En þvert á móti því sem meiri hlutinn sjálfur, og nefndin hreint og heint telur frumvarpinu til gildis, er meiri hlutinn kominn til þeirrar niðurstöðu, ekki — að minnsta kosti til vara — að stinga upp á þeim breytingum, er honum þætti nauðsynlegar til þess, að landið sem fyrst gæti öðlazt þessa miklu og verulegu rèttarbót, heldur að ráða þinginu frá að beiðast þess, að þessi mikla og verulega rèttarbót, verði fyrst um sinn veitt landinu. Ástæður meiri hlutans eru eins og eðlilegt er, ekki þýðingarmiklar eða sannfærandi. Minni hlutinn hefir fullkomlega sýnt og sannað, að hin fyrsta ástæða sem horin er fram: «að þingmenn ekki hafi haft nægilegan tíma til þess að kynna sèr þetta umfangsmikla mál og setja sig inn í það, svo að þeir eigi þurfi að greiða atkvæði sitt um það í blindni», ekki hafi við neitt að styðjast, því minni hlutinn hefir undirbúið málið, eins og það átti að undirbúast frá hans sjónarmiði, en hvers vegna hefir meiri hlutinn ekki viljað reyna til hins sama? Hin önnur ástæða tekur það fram, að ýmsir kaflar í frumvarpinu alls ekki eigi við hèr á landi, eins og nú er ástatt, eða sem mikið yrði að breyta,

ef þeir ætli að eiga alls kostar vel við sum lög á Íslandi». Hvers vegna hefir meiri hlutinn þá ekki færzt það í fang, að stinga upp þeim í þessu efni nauðsynlegu breytingum, eins og minni hlutinn hefir gjört? Það er ekki nægilegt að nafngreina þessa kafla, en skylda meiri hlutans gagnvart þinginu hefði það vafalaust verið, að sýna og sanna, að þeir kaflar þyrftu breytingar, og að stinga upp á þeim, — þær munu þó í raun og veru ekki vera svo margar, að meiri hlutinn ekki hefði getað gjört þær.

Hin 3. ástæða meiri hlutans, að frumvarpið ekki geti náð fullu lagagildi, fyrr en búið er að koma upp hæfilega mörgum fangelsum hèr í landinu og hegningarhúsum, kemur saman við 307. grein frumvarpsins, og gæti orðið tekin til greina, sem breytingar uppástunga við hana, annaðhvort á þann hátt, sem minni hlutinn hefir stungið upp á eða á annan hátt, ef meiri hlutinn hefði getað fundið betri úrræði; en til þess að ráða þinginu frá að gjöra sitt til að landið öðlist þessa miklu og verulegu rèttarbót, sem meiri hlutinn sjálfur hefir viðurkennt, að frumvarpið byði — til þess er sú ástæða sannarlega ekki nægileg.

En eins og það hefði verið skylda meiri hlutans, gagnvart þinginu að undirbúa þetta mikils varðandi mál betur, er það einnig skylda þingsins gagnvart landi og lýð, að gjöra það sem í þess valdi stendur, bæði til þess, að landið sem fyrst verði aðnjótandi þessarar miklu og verulegu rèttarbótar, og til þess, að stungið verði upp á þeim breytingum, sem nauðsynlegar virðast vegna þess, sem sèrstaklegt er fyrir Ísland í ýmsum greinum, því þinginu má vera það hugfast, að þegar stjórnin álítur það nauðsynlegt, að veita landinu þessa miklu og verulegu rèttarbót, þá á hún eptir alþingistilsk. 8. marz 1843 að leita álits þingsins þar um, eins og hún nú hefir gjört, og hún mun sjálfsagt veita tillögum þingsins allt það athygli, sem það verðskuldar; en á hinn bóginn á stjórnin að skera úr því, hvort þessar tillögur sèu þess efnis og þeirrar þýðingar, að þær geti orðið teknar til greina, á móti þeim miklu og verulegu framförum, sem ætlazt er til, að löggjöfin taki við það; því löggjafarvaldið er eptir stjórnarfyrirkomulagi landsins, sem nú er, hjá Hans Hátign konunginum, og mèr þykir það líklegt, — eins og það vafalaust er samkvæmt hinum gildandi lögum —, að stjórnin muni ráða Hans Hátign konunginum til að lögleiða þetta frumvarp óbreytt, ef álit þingsins fer í sömu stefnu og meiri hlutans, en stjórnin mun á hinn bóginn sjálfsagt taka allt tillit til

breytingaruppástungna þeirra, sem þingið ber fram, við hin sèrstöku atriði frumvarpsins.

Eg skal ekki fara mörgum orðum um breytingaruppástungur minni hlutans, því þó að þær sèu margar að tölu, þá eru þær að mestu leyti að eins orðabreytingar, en ekki breytingar á efni frumvarpsins; og eg skal þess vegna að eins taka það fram, sem nú skal greina:

Við 67. grein hefir minni hlutinn stungið upp á, að fyrningartími sakamála verði ákveðinn nokkru lengri en í frumvarpinu og ekki skemmri en í 3 ár í staðinn fyrir 2 ár. Á móti þessu hefi eg fyrir mitt leyti ekki neitt, sökum þess, hvernig hagar til hèr á landi; en þar sem minni hlutinn stingur upp á, áþekkri breytingu á 68. grein, hvar fyrningartíminn í sakamálum þeim, sem ekki verða höfðuð af hálfu hins opinbera, eða þá að eins, ef sá sem misgjört er við, óskar þess, er ákveðinn 1. ár frá því er hann kemst að því, hver gjört hafi á hluta hans, þá get eg ekki verið minni hlutanum samdóma í því, að nægilegar ástæður sèu til þess; því mèr virðist vera mikill munur á þessum tveimur ákvörðunum, af því að önnur er skilmálalaus, en hin er bundin við það skilyrði, að sá sem misgjört er við, fær vitneskju um, hver gjört hafi á hluta hans, og þá virðist mèr tími kominn til, að hann höfði mál út af afbrotinu, eða krefjist að það verði höfðað, að vera ákveðinn nægilega langur bæði hèr á landi og í Danmörku; því grundvöllur þessarar fyrningar er hið *præsumeraða* — væntanlega — samþykki þess, sem hlut á að máli, og 1 ár er eptir minni meiningu nægilegt til þess, að *præsumera* þess konar samþykki frá hans hálfu. Hvað snertir 160. grein hefi eg fyrir mitt leyti ekki neitt á móti breytingaruppástungu minni hlutans, en eg skal þó geta þess, að hún, þó hún vel geti haft eitthvað að styðjast við í því sem sèrstaklega á sèr stað hèr í landinu í þessu efni, þó í sjálfu sèr er miður frjálsleg en ákvörðun frumvarpsins.

Undir tölulið 85, hefir minni hlutinn stungið upp á, að bætt sè inn í eptir 307. grein nýrri grein, um það hvernig hegningarlögin í öllum atriðum sínum skuli öðlast lagagildi. Minni hlutinn játar í ástæðum sínum, að honum finnist í sjálfu sèr ekkert geta verið á móti því að fallast á bráðabyrgðarákvörðun frumvarpsins í 307. grein, og þó að eg, eins og minni hlutinn, voni, að sá tími sè nálægur, að það takist að koma hèr upp fangahúsum þeim, sem frumvarpið gjörir ráð fyrir, get eg ekki sèð neitt á

móti úrræði því, sem minni hlutinn hefir stungið upp á að gefa hegningarlögunum lagagildi frá tíma þeim, sem nú þegar yrði ákveðinn, en með þeirri *modification* — nákvæmari ákvörðun, að þangað til fangahúsunum sè komið upp hèr í landinu, verði vandarhaggarefsingin viðhöfð eptir sömu reglum og hingað til, í staðinn fyrir fangelsisstraffið og hegningarvinnu um 2 ár og skemmri tíma.

Eg hefi heldur ekki neitt á móti hinni nýju grein 309, sem er samkvæm ástandi því, sem nú er hèr í landinu.

Framsögumaður: Eg fyrir mitt leyti verð að játa það, að það væri að vísu mikilsverð skýrsla, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi gaf um meiri hluta nefndarinnar, sem sè, að hann hefði *ekki* gjört skyldu sína gagnvart þinginu. En eg get ekki verið þessu samdóma, því meiri hlutinn hefir farið eptir sannfæringu sinni, og ráðið þinginu að eins til þess, sem meira að segja eptir minni hjartans sannfæringu, væri heillavænlegast fyrir land og lýð; eg get því með engu móti sèð, að meiri hlutinn, frá sínu sjónarmiði, hafi vanrækt skyldu sína gagnvart þinginu, nema ef það skyldi eiga að liggja í því, að hann ekki hefir getað aðhyllzt einhverja annarlega sannfæringu. Þó nú álit minna hlutans sè stærri að »Qvantitet» eður umfangsmeiri að ytri álitum, þá er eg þó viss um, að hefði meiri hlutinn álitið það tiltækilegt eða rètt að fara á þessu stigi málsins að gjöra breytingar við frumvarpið í heild sinni og *öllum einstökum greinum þess*, þá mundu þær hafa orðið meiri en hjá minni hlutanum, og ef til vill óaðgengilegri fyrir stjórnina. Það *getur máske verið*, að minni hlutinn hafi átt hægt með að grannskoða þetta vandasama og umfangsmikla mál til hlítar, en vèr verðum einnig með tilliti til þeirrar ástæðu hjá meiri hlutanum, sem hefir fengið svo harðan dóm, að gá að þinginu í heild sinni, og eg fyrir mitt leyti er alveg sannfærður um, að þorri þingmanna eptir svo stuttan tíma, ekki á hægt með að greiða atkvæði um málið; og þetta mun hverjum þeim ljóst sem vill bera alþingis-þingtímann saman við þann tíma, sem hinir beztu kraptar í Danmörk hafa haft til að fjalla um þessa stórkostlegu lagaskipun, og þá væri ekki að undra, þó eitthvert atkvæði hèr á þingi væri gefið í blindni um þetta mál eptir jafnstuttan tíma. Hvað viðvíkur 9. 11. og 15. kap. frumvarpsins, þá er það að vísu í alla staði rètt, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að það er margt í þeim er í sjálfu sèr ætti að verða lög hèr á Íslandi, en meiri hlutans

meining var, að þessar ákvarðanir gætu ekki samrýmzt með stjórnarfyrirkomulagi Íslands, eins og það nú er, heldur væru þær öaðskiljanlegar frá »constitutionel» stjórn. Þetta sýnir nú einmitt bezt, að ástæður meiri hlutans *ekki* eru gripnar úr lausu lopti, og að hann hefir einmitt notað tímann til að sjá hið rètta í málinu. En aðalástæðameiri hlutans liggur í vöntun hegningarhúsanna; þessi aðalásæða liggur og flýtur af stjórnarfrumvarpinu sjálfu. Eg vil biðja þingmenn að lesa 307. gr. að *frumvarpið* ekki eigi fyrr að fá lagagildi en hegningarhúsin sèu komin upp. Eg sè enga ástæðu til, að stjórnin leggi misjafna áherzlu á einstakar greinir frumvarpsins, og þegar svo er, í hvaða sambandi mundi þá þessi þinglesnu eður af hans hátign konunginum staðfestu lög, sem *eigi* geta fengið lagagildi fyrr en hegningarhúsin eru komin upp, við hin gildandi lög? Hvaða rèttarbót og hvaða rèttarvissa fæst fyrir landið með lögum sem *ekki* hafa lagagildi eptir þeirra eigin innihaldi jafnvel samþykkt af konungi og þinglesin? Þessar athugasemdir mínar viðvíkjandi orðum konungsfulltrúa eru eigi framsettar *til þess* að hnekkja röksemdafærslu hans, heldur að eins til þess, að bera þann blaka af meiri hlutanum með rèttum rökum, að hann hefði vanrækt skyldu sína gagnvart þinginu og þjóðinni. Það er og skylda þingsius, að bera það eina á borð fram fyrir hans hátign konunginn, sem er rótgróin sannfæring þess, og eg get ekki sèð, að það sè nein óhæfa þó ráðgjafarþing ráði stjórninni frá að aðhyllast það eða það frumvarp, sem það á að segja álit sitt um, og sízt þá, þegar stjórnin sjálf gjörir það ómögulegt fyrir þingið að fallast á það hið sama frumvarp í heild sinni, nema með því einu móti að leggja á málið þá áherzlu sem stjórnin sjálf gjörir, og í *þessu* eiga nú gallar meiri hlutans að liggja. Ef þessi meining mín er rètt, sem eg vona, að öllum þingheimi sè ljóst, og ef þingið kemst að þessari sömu niðurstöðu með frjálsum atkvæðum, þá skil eg ekki í því að stjórnin treystist til að gjöra frumvarpið að *lögum* eins og það liggur fyrir óbreytt.

Konúngsfulltrúi: Þar sem hinn háttvirti framsögumaður tók það ítarlega fram, að nefndina hafi skortað nægilegan tíma til að rannsaka svo þetta mál, sem nauðsyn krefur, — skal eg geta þess, að honum hefir ekki heppnazt að sannfæra mig, og heldur ekki eptir minni meiningu þingmenn um það, að meiri hlutinn hafi notað tímann eins vel og hann átti og gat notað hann. Sèr í lagi þykir mèr mótbára þessi frá hinum heiðraða framsögumanni sjálf-

um mjög svo undarleg, því *hann* þekkti málið til hlítar fyrr en hann var kosinn nefndarmaður í það, og ef hann hefði viljað, hefði honum eflaust verið það fært að setja meðnefndarmenn sína fullkomlega inn í málið, svo að þeir hefðu getað gjört skyldu sína gagnvart þinginu. Um skyldu nefndarinnar gagnvart stjórninni hefi eg ekki sagt eitt orð. Mig hefir reyndar furðað á því, að sjá hinn heiðraða framsögumann þann 13. ágúst 1867 rita nafn sitt undir nefndarálitið, sem segir að honum ekki sé fært að dæma um sérstök atriði þessa lagafrumvarps, af því að eg þann 20. Oktbr. f. á. hefi séð hinn sama heiðraða þingmann sem yfirdómara landsins rita nafn sitt undir álitsskjal til dómsmálastjórnarinnar, sem sagði frá því, hvað hann dæmdi um hverja sérstaka grein frumvarpsins. Hinn háttvirti framsögumaður hefir á þann hátt á minna en einu ári fellt tvo dóma, hvorn ofan í annan, í sama máli, og það í máli, sem hann eptir sérstaklegri menntun sinni og embættisstöðu hafði sérlega þekkingu á. Þetta sýnir ekki áreiðanlegleika hins háttvirta framsögumanns, — og sökum þess get eg ekki í þessu máli lagt sérlega þýðingu í það, sem hann hefir borið fram; því máske hann á morgun hafi allt aðra skoðun á málinu en hann hefir í dag.

Framsögumaður: Út af orðum hins hæstvirta konungsfulltrúa skal eg að eins geta þess, að eg vona, að þingmenn og forseti leiði það í ljós, að hvað miklu leyti ákúrur þær, er hann gaf mér nú, geta álitizt persónulegar eður eigi. Það er alla daga satt, að eg hafði þá æru að rita nafn mitt undir álitsskjal það sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi gat um ásamt með stiptamtmanninum yfir Íslandi og yfirdómurum landsins. Þessu skal eg sízt bera á móti en eg vona að í þesssri játningu minni get ekki legið nein ástæða til að álasa mér; eður hún sýni, að eg sé kominn í mótsögn við sjálfan mig, þvert á móti. Eg skal geta þess, að ef stiptamtmaður væri hér á þingi, mundi hann minnast þess, að eg fjellst á að skrifa undir álitsskjal þetta *einungis með þeim skilyrðum* sem nú liggja fyrir í uppástungum meiri hlutans; en þótt stiptamtmaður sé hér ekki á þingi, þá er hér þó aðstoðarmaður konungsfulltrúa og hinn 4. konungkjörni, og munu þeir herrar minnast þess, að eg í nefndinni hélt þessum skilyrðum fastlega fram og ritaði undir álitsskjalið því samkvæmt; enda eru nú og uppástungur meiri hlutans einmitt byggðar á því hinu sama, já meira að segja stjórnarfrumvarpinu sjálfu, og hver er þá mótsögnin? Nei! Eg vona,

að hvað mikið sem eg hefi að gjöra á morgun, þá hafi hinn hæstvirti konungsfulltrúi ekki svo mikið að gjöra, að hann vanti tíma og tækifæri til þess að sjá, að það sè lýtalaust, þó hann taki þenna dóm sinn um mig til baka. Viðvíkjandi 11.—15. kafla frumvarpsins skal eg að eins geta þess, að bæði eg og stiptamtmaður vorum á móti þeim í álitsskjalinu, af því stjórnarfyrirkomulag Íslands er eins og það er. Eg vil biðja þingmenn að lesa ástæður nefndarinnar, sem getið er í frumvarpsástæðunum, og skal eg játa það, að eg er þá of samvizkulítill, ef ekki er hið nánasta samband á milli álitsskjalsins, er hin háttvirta nefnd samdi í hitt hið fyrra og uppástungu meiri hlutans nú. Eg get að öðru leyti tekið það fram aptur, sem eg sagði áðan, með góðri samvizku, að þótt bæði eg og aðrir þingmenn hefðum haft langtum meiri tíma en vèr höfum haft til að íhuga mál þetta, hefði hann samt ekki verið nógur, því það verður ekki búizt við, að hver maður á þinginu hafi þá hæfilegleika, að hann geti sett sig svo fljótt inn í jafnvandasamt og yfirgripsmikið mál sem þetta er.

Arnljótur Ólafsson: Hinn hæstvirti konungsfulltrúi bar meiri hlutanum það á brýn, að hann ekki hefði gætt skyldu sinnar *gagnvart þinginu,* þar sem hann ekki hefði gjört neinar breytingar sem vara-uppástungur við frumvarpið. Eg met það vel af honum, að hann einmitt hafði þessi orð, «*gagnvart þinginu*», og að hann ekki sagði »*gagnvart stjórninni*», svo hann stefndi meiri hlutanum í dóm þingsins, en ekki í dóm stjórnarinnar. Eg veit reyndar, að það stendur næst forseta þingsins að sjá um, að nefndarmenn brjóti ekki skyldur þær, er þeir hafa við þingið, eða að minnsta kosti stendur honum það nær en konungsfulltrúa, en það þykir jafnan gott að «hafa góð ráð, hvaðan sem þau koma». En fyrst meiri hlutinn hefir brotið skyldu sína gagnvart þinginu, þá á það eitt að dæma bæði mig og meiri hlutann fyrir þetta skyldubrot, og bíð eg rólegur þessa dóms.

Nú skal eg þá reyna til að afsaka mig, og færa ástæður fyrir því, hvers vegna eg áleit það réttast, að stinga ekki upp á breytingum við frumvaryið. Í fyrsta lagi áleit eg mikla galla á frumvarpinu að málinu til. Ef eg og aðrir meðnefndarmenn mínir hefðum átt að laga orðfærið á frumvarpinu, svo það hefði orðið skiljanleg íslenzka, þá hefði oss ekki veitt af viku til þess. Þetta segi eg eigi til aðfinningar við þann heiðursmann, er snúið hefir frumvarpinu, heldur til að sýna, hve mikil fyrirhöfn það er að þýða

frumvarpið vel. En svo vil eg spyrja, hvað væri unnið við breytingu á frumvarpinu? Ekki neitt, því meiri hlutinn hafði fyrir augum 307. grein frumvarpsins, að frumvarp þetta fái ekki lagagildi fyrr en hegningarhúsin eru komin upp, og upp á hvaða breytingum átti þá meiri hlutinn að stinga til vara í von um góðan árangur? Menn verða að gá að því, að þingið, eins og það nú er, er ekki annað en ráðgjafarþing, en síðar vonum vèr það verði löggjafarþing; þingið er því nú sem stendur í litlum eða engum metum hjá konungsfulltrúa og stjórninni, þá líklega, meðan það ekki hefir fengið löggjafarvald. Það má sjá í ástæðunum fyrir frumvarpinu, hvaða tillit stjórnin hefir tekið til álits stiptamtmannsins og yfirdómsins, að minnsta kosti um íslenzku »hvinnskuna», og þá er ekki líklegt, að hún hafi mikið tillit til þess, þótt þingið færi að stinga upp á ýmsum efnisbreytingum við frumvarpið. Líkan árangur mundu orðabreytingar hafa, því þótt stjórninni og íslenzku skrifstofunni kunni að vera margt vel gefið, mun þeim þó annað betur gefið, en að dæma um íslenzka tungu. Ef þingið því færi að stinga upp á orðabreytingum við frumvarpið, mundu þær ekki fá mikla áheyrn þar. Því annaðhvort er, að stjórnin yrði að trúa oss í blindni, því hún skilur sjálf ekki íslenzku, eða hún yrði að trúa forstjóra íslenzku skrifstofunnar; en þó flest hafi þótt ágætt er það an er komið, þá hefir þó eigi ætíð þótt sem vandaðast málið á lögum þeim, er frá honum hafa komið.

Að því er snertir efni laganna, þá skal eg ekki dæma um það, því eg er enginn lagamaður; því þótt bæði eg og aðrir ólögfróðir menn komum hèr saman á þingi, hafa þó aðrir betur vit á að dæma um lög, en prestar, hreppstjórar og bændur. En eg álít þó sumt í þessum lögum eigi alveg samkvæmt *rèttarmeðvitund* þjóðarinnar; en þessi lög eiga þó að vera samkvæm hinni *siðferðislegu meðvitund* eður rèttarmeðvitund þjóðarinnar. Látum þjóðina því sjá frumvarpið, látum lagamenn vora og sýslumenn, sem vèr eigum svo marga góða, sjá það, því þeir hafa langa reynslu, og því betri þekking á, hvað á við rèttarmeðvitund þjóðarinnar, en þeir menn, sem að eins hafa verið stutta stund hèr á landi. Látum þjóðina sjálfa skoða það, fyrst nógur tími er til þess; þá getum vèr fengið «*efnisvið*» í breytingar við frumvarp minni hlutans. Úr því nú að frumvarpið ekki á að ná lagagildi fyrr en einhvern tíma, hvernig verður þá tíminn á meðan betur notaður, en að þeir menn skoði frumvarpið og kynni sèr, sem síðan eiga að beita lögum

þessum og breyta eptir þeim. Það er, að ætlun minni sumt í norsku sakalögunum 20. ágúst 1842, sem betur mun eiga hèr við, en ákvarðanirnar í frumvarpi þessu um rafsegulþræði og ýmsa staura. Það er ljóst að ástandið hèr er líkara því sem er í Noregi en í Danmörku. Eg skal í þessu efni benda til 22. kap. í norsku lögunum, þar sem talað er um beit, ágang og skemmdir á annars manns jörð. Það er ekkert tillit tekið til þessa í dönsku lögunum, nema ef vera skyldi í 30. kap. frumvarpsins; en öllum er kunnugt, hversu menn hèr á landi leyfa sèr að nota annara land fyrir allar skepnur sínar, og hirða lítið eður ekkert um þann skaða, er þeir með því gjöra öðrum. Eins og minni hlutinn hefir tekið tíundarsvik, eins hefði hann getað tekið margt annað, svo sem það er eg nú gat um, ágang á annars manns landi.

Eg segi annars fyrir mitt leyti, að hafi eg ekki brotið skyldu mína gagnvart stjórninni, eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi heldur ekki hefir borið mèr á brýn, þá er eg mjög vel ánægður, þótt, eins og hann sagði, þingið og þjóðin eigi að dæma um, hvort eg hafi í þessu brotið skyldu mína gagnvart þinginu.

Bergur Thorberg: Uppástungum minni hlutans er svo varið, að það þarf ekki varnar við, hvernig minni hlutinn hefir tekið í málið. Minni hlutinn hefir gjört það, sem ætlazt verður til af hverri nefnd og sem er skylda hverrar nefndar, því hann hefir sagt álit sitt um málefni það, sem nefndin var skipuð til að yfirvega, og sem af stjórninni var borið andir álit þingsins. Að ekki hafi verið ástæða til að gjöra hèr undantekningu frá þeirri almennu reglu, að segja álit sitt um efni málsins, virtist mèr hinn hæstvirti konungsfulltrúi sýna ljóslega, og hefir minni hlutinn ekki ástæðu til annars en að vera ánægður með það, sem hann hefir sagt um málið í heild sinni og sèrstaklega um uppástungur minni hlutans. Það er eðlilegt, að meiri hlutinn hafi reynt að sýna, að hann hafi haft rètta meðferð á málinu. Það eru einkum 2 ástæður sem meiri hlutinn hefir komið með móti frumvarpinu, og til styrkingar sínum uppástungum; önnur er sú, að málið sè ekki orðið nógu ljóst fyrir þinginu, en hin er sú, að frumvarpið geti ekki orðið löggilt fyrr enn eptir lengri tíma, og því sè ekki nauðsynlegt að gefa álit sitt um það nú þegar. Þingið hefir sýnt, að það frá fyrsta hefir ekki álitið sèr ofvaxið að meðhöndla þetta mál nú á þinginu; því það hefir tekið svo mörg mál að sèr eptir það að búið var að leggja þetta mál fyrir þingið; það hefir síðan sett

nefndir í fjölda mála. Þingið hefir því, með því að taka mörg mál seinna inn, sýnt, að það hefir ekki álitið ómögulegt að koma af þessu máli og þeim sem á undan voru komin. Það er fjærri mèr að gjöra lítið úr því, að það sè vandaverk að fjalla um mál þetta. En það eru fá mál, sem eru jafnvel og vandlega undirbúin og þetta, og sem jafnmiklir og jafnágætir kraptar hafa verið lagðir fram til að undirbúa frá fyrstu, og er því eðlilegt, að það sè fullkomið, og fátt athugavert við það. Þar sem hèr er um almenn hegningarlög að ræða, sem ná yfir einn aðalkafla af löggjöfinni, þá verður ekki ætlazt til, að hver einstakur þingmaður geti sett sig til hlítar inn í hverja einstaka ákvörðun þeirra og kynnt sèr þær allar út í æsar, en allir geta kynnt sèr anda og stefnu laganna og útvegað sèr ljósa hugmynd um efni þeirra í heild sinni, og þegar þeir eru búnir að því, geta þeir óhultir og með rólegri samvizku gefið atkvæði í málinu, einkum þegar menn líta á, að það hefir verið rannsakað hèr á landi áður, að stiptamtmaðurinn og landsyfirrèttarinn hefir sagt um það álít sitt, og að eins fundið ástæðu til að stinga upp á mjög fáum breytingum, og þetta álit stiptamtmannsins og yfirrèttarins á málinu, hafa þingmenn getað kynnt sèr í ástæðum frumvarpsins. Meiri hlutinn hefir að vísu látið það í ljósi, að lög þessi væru mikil rèttarbót (*Arnljótur Ólafsson*: Í sjálfu sèr); en hann hefir þó ekki kveðið upp álit sitt um hinar einstöku ákvarðanir frumvarpsins, en minni hlutinn þóttist ekki geta sleppt því, og áleit það skyldu sína. Þingmaður Borgfirðinga fann það helzt að frumvarpinu, að málið á því væri svo óvandað. Mèr virðist frumvarpið einnig að þessu leyti vel úr garði gjört, og þó einhverjir smá málgallar kynnu að vera á því, þá var það ekki ofætlun fyrir þingmanninn, sem er svo vel fær í málinu, að laga þá; mèr finnst því þessi mótbára hans lítilvæg. Hann sagði og, að stjórnin skildi ekki íslenzku: en eg verð að neita þessu, því það eru nógir þeir kraptar í stjórninni, sem geta gjört íslenzk lög vel úr garði; mönnum hefir þótt mikils um vert að fá lögin á íslenzku með undirskript konungs vors, en þetta mundi mönnum þó ekki þykja svo, ef málið á lögunum væri óáreiðanlegt og ekki viðunandi. Viðvíkjandi einu atriði, nefnilega um fangahúsin, sem bæði meiri hlutinn og framsögumaður nú hefir lagt svo mikla áherzlu á, skal eg geta þess, að minni hlutanum þótti ísjárvert að halda 307. greininni óbreyttri, því þá er ekki að vita, nær vèr fáum þessa rèttarbót. En ef menn fallast á minni

hlutann að *exseqvera* hegningunna, eins og verið hefir, þá getur þessi rèttarbót fengizt innan skamms. Það er sitt hvað, hvernig hegningin er ákveðin í lögunum og hvernig hún er útfærð. Hèr hafa á seinni tímum verið löggilt merkileg dönsk sakalög, og eru það þau merkilegustu sakalög sem nú gilda hèr. Í þeim lögum er ákveðið fangelsisstraff og hegningarvinna eins og í þessu frumvarpi, en fangelsisstraff og hegningarvinna um skamman tíma er framkvæmd með vandarhaggarefsingu eptir lögákveðnum reglum á sama hátt og minni hlutinn. Í Danmörku er hegningarmátanum ekki breytt með hinum nýju hegningarlögum, og þó er það álitið að þau hafi veitt Dönum mikla og verulega rèttarbót. Eins veita þau oss verulega rèttarbót, þó hegningaraðferðinni sè ekki strax breytt; það eru aðalkostir þessara nýju hegningarlaga, sem teknir eru fram í byrjun nefndarálitsins, og þeirra getum vèr orðið strax aðnjótandi, og vèr ættum því að óska að fá lögin sem fyrst löggilt hèr. Þó ekkert væri annað, þá ættum vèr nú þegar að segja álit vort um lögin, og ekki skjóta því til annars þings, vegna þess að það sem maður getur gjört í dag, því á maður ekki að fresta til morguns. Framsögumaður hefir bæði nú og eins í nefndinni reynt að sýna, að sumir kaflar í lögum þessum eigi ekki við hèr á landi, svo sem 9.—11. og 15. kapítuli. En það er aðgætandi, að vèr búumst við, að það ástand, sem gjört er ráð fyrir í þessum ákvörðunum komist bráðum á. Það hefir verið tekið fram, að rafsegulþræðir og fleira, sem talið er, sè ekki hèr á landi og að ákvarðanirnar þar um eigi hèr á landi ekki við; en mig furðar á því, að hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga skuli koma fram með þessi mótmæli, því hann hefir hèr áður sjálfur lagt frumvarp fyrir þingið um rafsegulþræði (*Arnljótur Ólafsson*: Eg hefi ekki á móti því). Nefndin hèr í Reykjavík hefir líka álitið rètt að taka slíkar ákvarðanir upp í frumvarpið. Uppástungur þær, sem minni hlutinn hefir gjört við frumvarpið, eru fáar efnisbreytingar; og má það gleðja minni hlutann, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi var ekki á móti þeim. Það var að eins breyting minni hlutans við 68. gr., sem hann gat eigi aðhyllzt, og væri ef til vill ástæða til að falla frá þeirri breytingu, því hún er ef til vill ekki nauðsynleg. Hitt eru flest orðabreytingar til þess að gjöra meininguna ljósari. Það getur verið, að það hafi ekki alstaðar heppnazt vel (*Arnljótur Ólafsson:* Nei), en minni hlutinn vildi að eins benda á það, sem honum sýndist betur mega fara.

Jón Sigurðsson: Af því að eg er í meiri hluta nefndarinnar, finn eg mèr skylt að tala nokkur orð, enda þótt eg viti, að eg muni verða linur í vorninni móti ásökunum hins hæstvirta konungsfulltrúa gegn nefndinni. Hann taldi þá ástæðu meiri hlutans ómæta, að þingið vantaði tíma til að meðhöndla þetta umfangsmikla mál, og setja sig inn í það, svo sem þörf er á; en eg held, að hann hvorki geti dæmt, nè sè bær um að dæma um þetta. Hverjum þingmanni er bezt kunnugt um þann tíma, sem hann hefir haft afgangs öðrum þingstörfum, til að setja sig inn í þetta mál; og hver einn þingmaður á sjálfur að dæma um og meta krapta sína, en konungsfulltrúi ekki. Eg segi fyrir mig, að eg má játa, að eg er hvorki skarpur nè skilningsgóður; en þó eg hefði haft fjórfalt vit og fjórfalda krapta við það sem eg hef, þá hefði eg með bezta vilja, eigi getað verið búinn að kynna mèr svo þetta mál, þenna 7—8 vikna tíma, sem þingið er búið að standa, með öðrum þingstörfum, að eg eigi hefði orðið að greiða um það atkvæði í nokkurs konar blindni. Annars sýnist mèr, að eigi þurfi um þetta að þræta; stingi þingmenn hendinni í sinn eiginn barm og spyrja sjálfa sig að, hvort þeir sèu undir það búnir að greiða atkvæði í þessu máli. En eitt verð eg að taka fram, að hver þingmaður ætti jafnan að gæta þess vel að greiða eigi atkvæði í neinu máli, nema að hafa fengið svo ljósa skoðun á því sem kostur er á. Eg verð að geta eins í sambandi við þetta, og það er, að aptur og aptur hafa farið bænarskrár frá þinginu og þjóðinni um, að stjórnin auglýsti fyrir fram hin konunglegu frumvörp; þessum ítrekuðu bænum þjóðarinnar hefir jafnan verið slegið í veður og vind. Hefði nú stjórnin verið svo hyggin í þetta sinn, að vera búin að auglýsa stjórnarfrumvarpið, og gjöra það kunnugt, að minnsta kosti þingmönnum, þá hefði konungsfulltrúi, og hinn 3. konungkjörni þingmaður haft nokkrar ástæður til að álasa þinginu, ef það skyldi skjóta innleiðslu laganna á frest. En þegar nú stjórnin hefir eigi fundið sèr skylt þetta að gjöra, þá held eg að þingið af gildum ástæðum geti eins vel óskað, að fá frumvarpið aptur til meðhöndlunar, eins og að taka við því svona úr garði gjörðu. Hvað byggingu fangelsanna og hegningarhússins snertir, þá er það eins og tekið hefir verið fram, að stjórnin hefir bundið innleiðslu laganna, við það skilyrði, að húsin væru upp komin; það er því kynlegt, að stjórnin skyldi eigi leggja fyrir þetta þing, jafnhliða frumvarpinu, uppástungur um fyrirkomulagið á húsunum, og hvaðan kostnaðinn til þeirra skyldi

taka. Að vísu stendur í ástæðum frumvarpsins, að stjórnin hafi hugsað sèr að taka kostnaðinn til amtafangelsanna úr jafnaðarsjóðunum; en eg vil spyrja: Eru amtsjafnaðarsjóðirnir færir um að bera slíkan kostnað? Eg held ekki, því mèr hafa heyrzt nógar umkvartanir koma fram um örbyrgð þeirra og óhægð með að greiða þau gjöld, sem hingað til hafa hvílt á þeim, þó eigi bætist ný útgjöld á þá. Það liggur því í augum uppi, að stjórnin verður að gjöra sèrstaka ákvörðun í þessu tilliti um, hvaðan kostnaðinn til fangelsanna skal taka, og horfir þá beinast við að leggja verði á landið nýjan tukthússtoll til þeirra, og mun þinginu bera rèttur til — þótt það sè ráðgjafarþing — að segja álit sitt um, og ákveða, hvernig þeirri álögu verður hagað. Eg fæ því eigi betur sèð, en að meiri hluti nefndarinnar hafi haft gildar ástæður til, og í sínum fulla rètti, stungið upp á að fresta innleiðslu laganna, þangað til þetta allt er komið í kring; enda ætla eg, að lögin mundu vinna eigi all-lítið við það, að landsmönnum gefist kostur á að kynna sèr þau, og ráða til þeirra breytinga á þeim, sem nauðsyn ber til.

Eiríkur Kúld: Jafnvel þó eg sè ekki nefndarmaður, kom mèr þó mjög óvart dómur sá, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi kvað upp yfir meiri hluta nefndarinnar, því eg verð að játa um mig, að eg er einn af þeim mönnum, sem hvorki hef haft tíma nè álíti skyldu mína sem þingmanns að vera svo lögfróður, að eg gæti sett mig svo inn í mál þetta með breytingum þeim, sem minni hlutinn hefir stungið upp á við frumvarpið, að eg treysti mèr til að gefa atkvæði um, hver sèrstök atriði í þessum lögum svona í svip. Eg get vel skilið, að hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður skilji mig ekki, því mèr fannst að hann væri að gefa þinginu enda ákúrur fyrir það, að það hefði tekið önnur mál til meðferðar, eptir að nefnd var sett í þessu máli; eg ímynda mèr, að það hafi þó ekki verið meining hans, að öllum málum skyldi hafna fyrir þessu eina; enda hefði það ekki verið gott, því reynslan hefir sýnt, að mál þetta kemur með hinum síðustu frá nefnd, og meðan það eigi kom frá nefndinni hafa ekki önnur mál, sem þingið hefir haft til meðferðar á meðan, spillt fyrir þessu máli. Þegar nú nefndin, sem þó var kosin í úrvali þingmanna, að minnsta kosti hvað snertir það, að í henni voru 3 lögvitringar hefir þurft svona langan tíma til þess að fjalla um málið, þá held eg að okkur hinum veiti ekki af tímakorni til þess að átta okkur, ef við eigum að

vera vissir um, hvernig greiða skal atkvæði um hvert eitt atriði þess. Mèr kom líka mjög óvart sá spádómur hins hæstvirta konungsfulltrúa, að stjórnin muni gjöra frumvarpið að lögum óbreytt, þó að þingið fèllist á meiri hluta nefndarinnar. Mèr þykir það mjög undarlegt, að stjórnin muni gjöra frumvarpið óbreytt að lögum, án þess að taka tillit til athugasemda þingsins, þegar það þó fer einmitt í sömu stefnu og stjórnin sjálf sýnist benda til, því í 307. grein frumvarpsins stendur með berum orðum, að lög þessi skuli ekki öðlast lagagildi fyrr en fangelsin sèu komin á fót, og þess vegna þykir mèr hálfskrítið að heyra þess konar spádóm frá konungsfulltrúa stólnum. Eptir orðum hins hæstvirta konungsfulltrúa um meðferð nefndarinnar á málinu ætti líklega bezt við að vísa málinu til nefndarinnar aptur; en af því að nú er svo langt liðið á þingtímann þá er það ógjörningur. En eg er nú hræddur um, ef að stjórnin gerði nú frumvarpið óbreytt að lögum mundi þegar á næsta þingi streyma inn bænarskrár úr öllum áttum, til þess að biðja um breyting á lögum þessum. Mèr þykir þess vegna hyggilegra að fresta málinu, og verð því eindregið að fallast á uppástungu meiri hlutans. Eg er samdóma hinum heiðraða þingmanni Borgfirðinga um, að svo miklir málgallar sèu á frumvarpinu, að langan tíma þurfi til að kippa því í lag; um efnið sjálft er eg ekki fær um að dæma, og eg skil alls ekki, að stjórnin vilji demba lögunum á okkur svona óviðbúna, án þess að nokkurt tillit sè tekið til rèttarmeðvitundar þjóðarinnar með því að mönnum gefist færi á að hugsa sig um og átta sig á því til næsta þings. Að minnsta kosti njótum vèr Íslendingar þá ekki í þessu efni jafnrèttis við Dani, sem hafa verið að fjalla um málið í 16 ár, en Íslendingar eiga eptir þessu að ganga blindir í trúnni, og játa að lögin sèu hentug hèr, af því að þau eiga vel við í Danmörku. Mèr þykir það undarlegt, að þeir hinir sömu menn, sem í spítalamálinu hèldu að ekkert yrði gjört af því meðalið vantaði, skuli nú vera annarar meiningar, og álíta þessi lög góð í alla staði, þó stjórnin sjálf í 307. gr. játi, að meðalið til að framkvæma lögin sè enn ekki til og ekki fyrr en fangelsin sèu komin á. Eg verð eins og eg hefi áður sagt að vera eindregið með meiri hluta nefndarinnar.

Jón Hjaltalín: Þá þykir mèr nú vera farið að gjöra oflítið úr störfum vorum hèr, ef vèr ekki eigum að hafa tíma til að lesa þessi 36 blöð yfir (*Arnljótur Ólafsson* og *Eiríkur Kúld:* Það er

meira en lesa, það þarf að skilja). Það er sjálfsagt að það er örðugt fyrir ólöglærða menn að setja sig fljótt inn í mál þetta. Það er erfitt að fá allt fullkomið, og mun sannast spakmælið forna, að sá sem ætlar að gjöra einhvern hlut fullkominn, hann reynir að gjöra það sem enginn hefir gjört og aldrei verður gjört. Eg held að ekki þurfi lögfræði til þess að finna hvað rètt er og rangt, það er skrifað í brjósti manna. Eg hef ekki meiri tíma en aðrir, og verð eg þó opt að lesa lengri kafla en þetta og það í örðugri vísindum en þetta er, og eg hef líka komizt til að lesa frumvarpið, og hefir fundið í því sumt, er eg kynni betur við að hafa öðruvísi. Þannig finnst mèr 187. grein og fylgjandi greinir um hegningu fyrir manndráp vera allt of væg; eg held líka, að reiðinni sè gefið vel mikið leyfi, því allt verður mildað, ef í reiði er brotið. Eg vil spyrja, hvort þetta muni ekki vera skaðlegt, því að reiðin nálgast vitleysuna. Eptir 188. grein getur sá sem mann hefir drepið, komizt af með eins árs betrunarhúserfiði. Þegar eg ber nú þetta saman við 13. grein, þá þykir mèr það nokkuð hart, að embættismaður, sem gefur ranga skýrslu, skuli fyrir það fá 6 ára hegningarvinnu auk embættismissisins. Eg sá hèrna um árið heilan búnka af vegabótaskýrslum hjá embættismanni einum, og gat hann þar ekki nógsamlega dázt að því, hversu prýðilega að rutt væri, og vegabæturnar ágætlega af hendi leystar. Eg gat ekki að því gjört, að eg reiddist og spurði hann: «Hvernig geturðu vogað að bjóða stjórninni slíkt, þar sem vegirnir eru svo skammarlega ruddir, að menn verða að gjalda varhuga við ekki að hálsbrjóta sig og hestinn». Samt hefði mèr fundizt það hart, ef hann fyrir þessa skuld hefði átt að missa embættið og fá 6 ára fangelsi í viðbót. Það getur nú komið af þekkingarleysi fyrir mèr, að eg álít oflitla hegningu lagða við *ærumeiðingu*; á Englandi hefir verið borgað fyrir ranga sögusögn um veðhlaupshesta 1000 pund sterl., og fyrir hindrun á einum veðhlaupshesti voru einu sinni goldin 2000 pund sterl.; ef að æra konu er skert, þá vil eg ekki tala um 5000 pund sterl., eins og Byron segir, að menn hafi mátt gjalda, en eg þekki einn, sem gjalda mátti 50,000 pund sterl. fyrir slíkt. Mèr þykir það nokkuð lítið, að fá ekki nema 10—200 dala sekt fyrir æru sína. Eg vona, að hið heiðraða þing virði mèr þetta á hægra veg, því eg er fúskari í lögum; en eg hefi lesið þessi 36 blöð, og hefi eg þó eins mikið að gjöra og aðrir; það er merkilegt að segja, að þingið hafi ekki haft nægan tíma, og

því verði að fresta málinu; eg held að gott væri fyrir alþing, að fylgja reglu hins forna merkismanns, er sagði: «Geymdu aldrei til morguns það, sem þú getur gjört í dag». Eg held að löndum okkar þyki vèr vera nógu dýrir samt, svo vèr ættum að láta þá sjá, að vèr ekki lægjum á liði okkar. Eg get þess vegna ekki annað en fallizt á minni hluta nefndarinnar, þar hann hefir reynt, að hrinda málinu áfram, svo að það þurfi ekki aptur að koma fyrir þing, enda munum vèr, eða þeir sem hèr sitja eptirleiðis, fá nóg að starfa.

Jón Guðmundsson: Eg hefi nú um hríð hlýtt á, og reynt að fylgja með athygli ástæðum þeim, sem meiri hluti nefndarinnar hefir komið fram með, og hinir mörgu þingmenn aðrir, er hafa tekið í sama strenginn, og eru þær að nokkru leyti hinar sömu, er þegar komu fram í nefndinni. Það skipti ekki mörgum togum, þangað til meiri hlutinn afrèði, að gjöra ekkert við málið; það kom upp þegar á hinum fyrstu fundum nefndarinnar, áður en vèr svo að segja vorum farnir að ljúka frumvarpinu upp, en nú segist meiri hlutinn hafa gjört þetta eptir rækilega yfirvegun, og þykir mèr það nokkuð undarlegt. Eg fyrir mitt leyti þorði ekki strax að ráða með mèr, hversu með skyldi fara, en þegar eg var búinn að kynna mèr lögin og tillögur hinna, áleit eg alveg rangt að taka þau ekki til meðferðar og umræðu. Það er meir en satt, að meiri hlutinn þegar á 1. og 2. fundi tók það fram, að ófært væri að viðtaka lög, sem landsmenn alls ekki hefði haft tækifæri á að kynna sèr, en nú í dag eru það orðnir þingmenn, sem ekki eiga að hafa haft tíma til þess. Eg vil spyrja meiri hlutann og allt þingið: gat það ekki verið gott og nauðsynlegt og til mikilvægrar leiðbeiningar fyrir þjóðina, að þingið skoðaði málið nákvæmlega og gjörði við það athugasemdir sínar? Eg held eflaust. Frá þessu sjónarmiði og einmitt frá sjónarmiði sjálfs sín skoðað, hefir því meiri hlutinn farið skakka leið; hann hefir yfirgefið sjálfan sig og þjóðina á miðri leið, og ekki uppfyllt skyldu sína, að minni ætlun. Það þykir mèr undarleg ástæða til þess að fresta lögunum, að landsmenn þurfi að kynna sèr þau, eptir því sem á stendur. Öllu öðru máli væri að gegna, ef lög þessi stefndi að því, að innleiða hèr á landi útlent og óþekkt rèttarástand í sakamálum, er frábrugðið væri með öllu því sem nú er; ef svo væri, þá væri það á fullum ástæðum byggt, að rasa ekki að því að ræða lögin eða gefa atkvæði um þau. En þessi hegningarlög sem hèr liggja fyrir, þau stefna

ekki að því að innleiða hjá oss eða grundvalla neitt nýtt, óvanalegt eða óþekkt rèttarástand í sakamálum, — og þess bið eg þingmenn vel að gæta, — heldur eingöngu og einmitt að því, að styrkja og treysta það rèttarástand, sem nú er hèr gildandi eptir eldri sakalögum, og að ákveða það og einskorða fastar og nákvæmar heldur en það var eptir hinum eldri lögum. Svona er þessu varið í rèttri raun, því getur engi maður neitað; og þar sem nú á hinu næstliðna 20—30 ára tímabili hafa út komið mjög veruleg sakamálalög og verið gjörð gildandi hèr á landi, þau er einmitt hafa nákvæmar afmarkað og fest það rèttarástand í sakamálum, sem hèr var fyrir, en ekkert af þessum sèrstöku sakamálalögum, sem hin almennu hegningarlög er hèr liggja fyrir hafa sameinað í eina heild, ekkert af þessum verulegu sèrstöku sakalögum, sem út komu og urðu hèr gildandi um árabilið frá 1837—1845, hafa áður verið lögð fyrir þingið, — sem ekki var von, þar sem þau komu út áður en þingið hófst, — en alþingi hefir heldur ekki síðan fundið ástæðu til að taka þau lög fyrir til að gjöra við þau breytingar, nè heldur þjóðin, sem þó hefir haft nægilegt færi á að kynna sèr þau, farið þess nokkru sinni á leit við alþingi, og þannig eigi fundið neina þörf til að fá þeim breytt, þegar alls þessa er fyllilega gætt, segi eg, þá veit eg ekki hvers vegna þingmenn eru svo hikandi að taka þessi nýju hegningarlög. En eg vil spyrja: Fara lög þessi fram á að innleiða hèr nokkuð nýtt eða óþekkt? Þingmenn kunna að svara, jú, þau eru mildari í sumum greinum heldur en nú gildandi lög, og ákveða þó beinlínis refsingar við sumum misbrotum, sem hin eldri lög ekki gjörðu. En er þetta sá galli, eða sú ástæða, er aptra megi að taka mál þetta til meðferðar? Það þarf ekki annað en að bera lög þessi saman við rèttarástandið eptir hinni eldri löggjöf, og dóma þá sem eptir henni hafa gengið, til þess að sjá, að það er úr lausu lopti gripið hjá meiri hluta nefndarinnar, að fresta verði málinu til þess almenningur geti kynnt sèr það, og að meiri hlutinn af þeirri ástæðu ekki hefir viljað stinga upp á neinum breytingum til þess að lagfæra frumvarpið. Þá er nú önnur ástæða, sem meiri hlutinn ber fyrir sig til að fresta málinu, sem sè að stjórnin sjálf segi, að þau skuli ekki fá lagagildi fyrr en fangahús sè komin á hèr á landi. En eg verð að gjöra meiri hlutann og þingið vart við, að þessi grein frumvarpsins er eigi annað en uppástungugrein í frumvarpi, og liggur eins og hver önnur grein þess undir breytingu þingsins,

og þegar stjórnin, um leið og hún stingur upp á þessu, leggur öll lögin fyrir í heild sinni, fæ eg ekki skilið, hvernig nokkur fer að segja, að hún vilji ekki fá álit þingsins, um það, sem hún leggur fyrir það. Meiri hlutinn flækir sig hèr í þeirri mótsögn, sem hann getur þreifað á; því hann var kosinn í nefnd til þess að segja álit sitt um lögin þrátt fyrir 307. grein og allt að einu um þá grein eins og aðrar greinir. Annað mál er það, hvort ekki væri bezt jafnframt og nefndin hlýðnast stjórninni með því að segja álit sitt um málið, að halda millibils-ákvörðuninni, eða gjöra breytingu á 307. grein eða fallast á minni hlutann; um þetta þrennt mætti margt segja. En það get eg ekki fengið í mitt höfuð að betra sè að halda hinum gildandi lögum, sem hafa harðari vandarhaggarefsingu, um óákveðinn tíma eður svo og svo lengi, heldur en að taka hin nýju lög með miklu vægari vandarhaggarefsingu að eins um stuttan tíma. En eg að mínu leyti varð því fúsari að stinga upp á breytingu á 307. grein, sem eg er sannfærður um, að langt geti orðið þess að bíða, að fángahús komist hèr á, einkum með því fyrirkomulagi er frumvarpið ráðgjörir; það munu þeir sanna sem lifa; það er sannarlega ekki hrapandi að þessu, eða treystandi því, að þau sèu eins og í lófa lagin. Það er eigi neitt nýmæli sem hèr kemur fram hjá stjórninni, og byggt er á áliti stiptamtmanns og landsyfirrèttardómendanna um málið, að vandarhaggahýðingin sè litt eður óhafandi hegningaraðferð í sjálfu sèr, því að þessari sömu skoðun og niðurstöðu hafa hinir vitrustu og merkustu embættismenn vorir fyrirkomizt og lýst eindregið yfir við stjórnina tvívegis á þessari öld, í fyrra skiptið þegar tukthúsið var lagt niður um árin 1815—16, því þá varð nú að hverfa aptur til hýðinganna, og í seinna skiptið, þegar leitað var álita hinna vitrustu og merkustu embættismanna til undirbúnings tilskipunarinnar frá 24. jan. 1838, því þá var enn sem fyrri mælt sterklega í móti vandarhaggahýðingunni sem hegningaraðferð, bæði af embættismönnum og stjórninni, og lagzt á öll ráð til að koma upp fangahúsum, en þar við lentu samt allar þær tilraunir með að koma upp fangahúsum, svo að hýðingarnar mættu hverfa, að ekki komst upp nema þetta eina fangahús hèr í Reykjavík en hýðingarnar viðhèldust alstaðar annarstaðar yfir gjörvalt land, nema í Reykjavík. Svona hefir verið til þessa; fangahúsin hafa mætt mestu mótspyrnu sakir vandkvæða þeirra sem hafa þótt á því, eigi svo sakir kostnaðarins við að koma þeim upp, eins og að hinu að hegn-

ingar í fangahúsunum mundu aldrei geta samsvarað tilætluninni hèr á landi. Þar sem nú er að ræða um fangahús og ekki nema eitt í hverju amti gæti það komið til skoðunar, og rætzt sem hinn háttvirti framsögumaður sagði, að óviðurkvæmilegt væri að flytja sakamann í framandi lönd á opinberan kostnað. En eg vil þá spyrja, er það ekki að nokkru leyti í framandi land, þegar flytja ætti til dæmis Hornfirðing hingað suður í Reykjavík á opinberan kostnað, og rífa hann frá konu, börnum og öllu hyski hans, sem hann er einn til að vinna fyrir, svipta heimilið honum og þeirri björg, er hann einn getur veitt því um meir en mánaðartíma til þess að láta hann sitja hèr 25 daga upp á vatn og brauð. Þetta er ekki ný mótbára, heldur er hún gömul og ýtarlega yfirveguð og framtekin af vorum reyndustu og beztu lagamönnum, bæði að fornu og nýju. Eg verð mikillega að vara við því að fresta málinu, því það stendur fast, að hèr er oss mikilvæg rèttarbót framboðin; það hefir meiri hlutinn sjálfur játað og það hljóta allir að játa. Annars finnst mèr ástæður meiri hlutans fyrir því að fresta lögunum til þess að landsmenn geti aflað sèr þekkingar á þeim, vera nokkuð á sundrungu. Þingmaður Suður-Þingeyinga vildi láta landsmenn kynna sèr þau af sjálfs þeirra rammleik, en þingmaður Borgfirðinga vildi láta sýslumenn fyrst kynna sèr þau, og setja síðan aðra inn í þau; þetta er að vísu nokkru nær, því þingmaður Suður-Múlasýslu ætlar sèr þó víst ekki að gjöra bændur vora afbragðs lögfræðinga á einu ári? (*Björn Pèturssón:* Eg hef ekki sagt neitt). Eg bið forláts, eg ætlaði ekki að bendla þingmanni Suður-Múlasýslu við málið, en eg meinti þingmann Suður-Þingeyinga. En ef að það er nú aðalkosturinn á biðinni, að lagamenn vorir skuli geta kynnt sèr lögin, og lagt það síðan til um breytingu á þeim, sem betur megi fara, þá höfum vèr nú þegar álit stiptamtmanns og landsyfirrèttarins um lögin; og þó stiptamtmaður vor hafi ekki verið hèr lengi, þá eru þó þeir menn í landsyfirrèttinum, er lengi hafa hèr embættinu gegnt bæði æðri og lægri, og verið áður einhverjir hinir færustu sýslumenn vorir. Þar sem nú þessir 4 æðstu og beztu lagamenn vorir, er stjórnin setti í nefnd til að bera upp álit sitt um hegningarlög þessi áður en þau væri lögð fyrir þingið, álíta einnig lög þessi mikilvæga og verulega rèttarbót fyrir þetta land, eins og þeir hafa lýst yfir við stjórnina og sjá má af frumvarpsástæðunum, og lagt það til, að þau yrði hèr gildandi sem fyrst, þá gjörir þetta mig því öruggari

og fastari í skoðun minni á þessu máli, því áliti og yfirlýsingum slíkra ágætismanna, um annað eins lagaverk og þetta er bæði að undirbúningi og frágangi, treysti eg ólíku betur en áliti því, sem kostur getur orðið á frá almúgamönnum, því slíkt verk er eigi almenningsmeðfæri. Eg álít, að það hafi verið fyllsta ástæða fyrir stjórnina að fara eptir ráðum vorra vitrustu og beztu lögfræðinga, og að þinginu sé alveg óhætt, að taka þetta álit þeirra til greina. Eg verð að vera samdóma hinum háttvirta 2. konungkjörna þingmanni, að þingmenn hafi haft nægan tíma til að líta í þessar 76 blaðsíður, og kynna sér þær svo, að þeim væri fært að greiða atkvæði um breytingar þær, er nefndin fyndi nauðsyn á að halda fram, og eg get ómögulega sagt, að lögin séu tekin í blindni, þó þingmenn eigi að gjöra sér grein fyrir nokkrum breytingum þeim, sem hér liggja fyrir, þær eru hvorki svo margar né verulegar; eg held að það sé hægt ekki einungis fyrir nefndina heldur einnig fyrir aðra þingmenn smám saman.

Forseti: Þar eð nú er orðið framorðið, og þrír þingmenn hafa beðið sér hljóðs, álít eg því réttast að slíta fundi nú, en eg vil ákveða fund aptur kl. 5½ í dag, í von um, að undirbúningsumræðu þessari verði lokið á þeim fundi.

Fundi slitið.

---

34. fundur. — 17. ágúst.

(Kvöldfundur).

Forseti setti fund, og lèt halda áfram undirbúningsumræðunni um konuglegt frumvarp til almenna hegningarlaga á Íslandi.

Torfi Einarsson: Það er einfaldari hlið málsins, sem eg vil taka fyrir mig. Eg vil gá að því, hvernig eigi að framfylgja lögunum. Í frumvarpinu stendur, að byggja skuli 3 hegningarhús; það er svo sem sjálfsagt, að til þessara hegningarhúsa skuli senda alla þá sem brotlegir verða. Nú vita allir um víðáttu lands þessa og vegalengd; landið er strjálbyggt og vegir bæði langir og torfærir, svo að óbærilegur kostnaður er að senda hinn seka frá heimili sínu til fangahússins; og vil eg nú til taka frá Ströndum suður í Stykkishólm; áður var tekið til dæmis úr Hornafirði vest-

ur í Reykjavík. Nú skyldu hjón, sem eiga 8—10 börn í ómegð verða brotleg, og þurfa að flytja bæði til hegningarhússins. Þau eiga má ske nóg fyrir flutningskostnaði, en til þess að geta borgað hann verða þau öreigar, og búið forstöðulaust, svo allt flosnar upp og verður að sveitarvandræðum. Af þessu finnst mèr það sjálfsagt leiða, að hegningarhús þyrfti í hverri sýslu. Stjórnin hefir í ástæðum sínum fyrir frumvarpinu gjört ráð fyrir, að lögin eigi verði lögleidd, fyrri en hegningarhúsin sèu byggð, en þess mun má ske langt að bíða. Hvað hefir þá meiri hlutinn misgjört? Það að gefa landsmönnum tækifæri á að kynna sèr þau á meðan þau geta ekki fengið lagagildi hvort sem er. Eg vil eigi fara langt út í það að leiða getur að því, hversu nærri þau fari hugsunarhætti vorum Íslendinga. Þó er eg eigi síður en hinn háttvirti annar konungkjörni þingmaður þeirrar trúar, að straff fyrir manndráp sè óhæfilega vægt. Mèr dettur í hug út af því það, hvað einum bónda fyrir norðan varð að orði, er hann las landsyfirrèttardóm yfir manni, er varð uppvís um að hafa orðið valdur að bana annars manns, og var honum við yfirdóminn dæmd 50 dala sekt til fátækra sjóðs, hann sagði: Það er þá viðlíka sekt við því að drepa mann og að bæta kotið sitt». Þessi maður hafði nýlega bætt stórum niðurnídda jörð, og með því komizt í álnir, og var því á hann lagt meira en 50 rd. aukaútsvar fram yfir það sem hann hafði áður borgað. Eg vil nú eigi orðlengja í þessu máli og ekki fara að grafast eptir því, hvort nefndin hefir uppfyllt skyldur sínar við stjórn og þjóð.

Forseti; Konungsfulltrúi og hinn 1. konungkjörni þingmaður hafa tilkynnt mèr, að þeir gætu ekki komið á fund í dag.

Arnljótur Ólafsson: Menn hafa víst tekið eptir því, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi, þegar hann ásakaði meiri hlutann um, að hafa látið óuppfylltar skyldur sínar við þing og þjóð, þó eigi tók fram, að hann hefði vanrækt skyldur sínar við stjórnina. Eg tek þetta nú svo, að honum hafi fundizt, að meiri hlutinn fari nær vilja stjórnarinnar, en minni hlutinn. Stjórnin segir sjálf, að frumvarpið skuli eigi verða að lögum fyrr en hegningahúsin komi upp; hún biður oss að segja álit vort um málið; en hvernig eigum vèr að segja það? Mèr finnst rètt að segja svo sem meiri hlutinn segir: Það var aldrei nema gott og blessað, að frumvarp þetta kom fyrir þingið. Stjórnin segir það skal eigi verða að lögum fyrr en fangelsin eru komin upp, og þau geta eigi komizt

upp fyrr en það mál er rætt hèr á þingi, fèð fengið og húsin byggð. Látum oss nú nota tímann sem bezt, svo vèr getum orðið málinu sem kunnugastir, og biðjum, að það á síðan verði lagt fyrir þing. Hví leggur stjórnin *nú* þetta frumvarp fyrir þingið? Það er eigi von, að eg norðau úr landi og þjóðkjörinn maður geti leyst úr þessari spurningu. Hitt vil eg fyrir mitt leyti álíta sem sjálfsagt, að sjórnin hafi *eigi viljað* leggja þetta mál fyrir þingið, *af því, að* þetta alþingi sè eða kunni að verða hið síðasta ráðgefandi þing hèr á landi; eg álít sem sjálfsagt, að stjórnin hafi eigi getað haft neitt þvílíkt í hyggju.

Eg tók það fram á fyrra fundi, að það væri alveg áríðandi, að allir landsmenn fengi að nota þenna frest, til þess að skoða, hvernig þeim fyndist þessar laga-ákvarðanir eiga við hèr á landi; þess vegna vildi meiri hlutinn engu brjála, heldur láta frumvarpið eins og það kom frá stjórninni koma fyrir almennings sjónir. Úr því nú stjórnin eigi gat verið búin að láta snara frumvarpinu fyrri og koma því út í almenning, en hún hefir þó lofað oss því, þegar hún gæti því við komið, þá gjörir alþingi sjálfsagt vel að taka sèr þenna frest til næsta þings, sem er að eins lítill partur af þeim tíma, sem frumvarpið á hvort sem er, að bíða eptir lagagildi sínu að skoðun stjórnarinnar sjálfrar. Eg sagði fyrr, að ef leiðrètta ætti allar málvillur í frumvarpinu, og gjöra íslenzkuna á því að íslenzku, þá þyrfti maður meira en viku. Minni hlutinn hefir reyndar gjör mikið að því að hreinsa til, en þó hefir honum skotizt um sumt; hann lætur standa «vítislaus» í 44. og fleiri greinum (*Bergur Thorberg*: Það er leiðrètt). Það er þá meira en eg gat við búizt. Eg skal þá að eins taka sem dæmi 4. og og 5. grein; þar stendur tvisvar »þar á landi». Einhver góður rithöfundur í Noregi mundi af því orðtaki ráða, að það væri eigi skrifað á Íslandi, eða fyrir Íslendinga. Eg get nú reyndar vorkennt hinum 3. konungkjörna þingmanni, þótt hann eigi tæki eptir því, þar sem hann í íslenzku stjórnardeildinni í Kaupmannahöfn var orðinn langvanur því að skoða Ísland sem «þar land». Að verða «*brotlegur með* landráðum og drottinssvikum», skil eg eigi, og mun engi skilja nema í allt öðru sambandi. Eptir 309. grein í sambandi við breytingu á 158. gr. fær maður það út, að leyft sè að trufla guðsþjónustu annara manna en þeirra, sem tilheyra evangelisk-lúterskum söfnuðum. Af því hinn heiðraði þingmaður Vestur-Skaptfellinga eigi er hèr viðstaddur, vil eg eigi svara upp

á ræðu hans; en það vil eg brýna fyrir þingmönnum, að þegar ræðir um þessi lög, þá gái menn að því, að þau eiga eigi að standa um stundarsakir; þetta er heill sakabálkur, sem eigi á að breyta í bráð; undirbúningurinn undir slíka sakabálka hefir hvervetna verið mjög mikill og vandaður; þannig hefir það verið bæði í Danmörku og Noregi; eg vil nú eigi tala um í Frakklandi. Þess vegna er það mesta furða, ef þingið vildi svo að segja á tveim dögum samþykkja það, sem hvervetna annarstaðar þarf mesta undirbúnings við. Mèr skildist reyndar þingmaður Vestur-Skaptfellinga skoða málið sem svo: Öll vor sakalög eru dönsk, og vèr látum oss það vel lynda, nú eru þessi sakalög dönsk og dágóð, og Danir vilja gjarna unna oss að fá þau — þetta þótti honum Cýrusi gott, og nú vill hann gæða þèr á því — því er sjálfsagt að vèr tökum þau. En þessu vil eg svara því: Mörgum af þessum dönsku lagaboðum hefir verið troðið upp á oss, enginn bóndi og eigi helmingur af lærðum hefir minnstu hugmynd um sakabálkinn í Kristjáns 5. dönsku lögum, sem er lögleiddur hèr með tilskip. 24. jan. 1838; því er öldungis rangt að segja, að þau sè komin inn í meðvitund þjóðarinnar. Eg vil að lyktum spyrja minni hluta ann þess eins: Geta þeir ábyrgzt mèr, þingi og þjóð, að lög þessi eigi við rèttarmeðvitund þjóðarinnar og hið sèrstaka ástand landsins? Eg veit að þau í sumum greinum alls ekki eiga við rèttarmeðvitund þjóðarinnar og ástand landsins, og slíkt ætti þingið að kveinka sèr við að lögleiða.

Sighvatur Árnason: Eg að sönnu játa það, að þetta frumvarp muni hafa í ser fólgna mikla og verulega rèttarbót með því móti að það sè lagað eptir hugsunarhætti þjóðarinnar, og gjört svo samvaxið rèttarmeðvitund hennar sem auðið er. Þessi kafli löggjafarinnar útheimtir þetta eptir minni meiningu sèrstaklega, meir en allt annað, sem löggjöf vorri heyrir til. Það hefir verið tekið fram, að mál þetta væri svo umfangsmikið og vandasamt, að þingmenn mundu naumast geta sett sig svo ljóslega inn í það á örstuttum tíma, sem þörf er á, til að geta greitt um það atkvæði í hverri grein, og verð eg að játa fyrir mitt leyti, að svo sè.

Minni hlutinn hefir óneitanlega gjört sèr mikið ómak fyrir þessu máli, en hvort honum hefir heppnazt að finna heppilegan veg til að fá þessi lög sem fyrst í gang hèr á landi, er mikið tvísýni á; stjórnin hefir ekki tekið hann upp, og meiri hlutinn hefir ekki aðhyllzt hann. Stjórnin ætlast þar á móti til, að lögin bíði eptir

hegningarhúsunum, sem er óumflýjanlegt skilyrði fyrir krapti laganna, eða að þeim verði beitt hèr á landi, og að þessu yfirveguðu undrar mig á því, að stjórnin skyldi ekki jafnhliða koma fram með þann grundvöll, sem hún vill leggja til þess er hegningarhúsin ættu að byggjast á; og fyrst því er ekki svör að gefa sýnist mèr, að þingið og þjóðin ætti á meðan þetta vantar að geta haft tækifæri til að íhuga sakalögin vel og vandlega, og fá þau síðan í krapt á sama tíma sem hegningar- og fangahúsin eru stofnsett. Þó menn einsettu sèr nú að gera stjórninni allt til geðs í þessu máli, sem framast er unnt; þá get eg samt sem áður ekki ímyndað mèr, að menn þyrftu að óttast fyrir því, að henni þætti sèr misboðið með þessari vendingu á málinu, eða áliti á uokkurn hátt miður farið þótt því sè frestað til næsta þings þar sem hún sjálf setur ákvörðun um í þessu frumvarpi í 307. grein að fresta löggildingu þess, þangað til fangelsin sem með þarf eru orðin til, og áskilur sèr jafnframt í sömu grein, heimild að tiltaka nákvæmar um þann tíma; þess vegna held eg að stjórnin þvert í móti hljóti að álíta þessa meðferð málsins hyggilega og heppilega fyrir það í alla staði. Það hefir líka komið fram, að svo mikil rèttarvissa lagi í þessu frumvarpi; en má eg spyrja: Er með þessu frumvarpi öll sakalöggjöf var komin í eina heild, eg held ekki; hin mikla rèttaróvissa, sem hefir átt sèr stað í landi voru ætti þó sannarlega að vera búin að kenna mönnum að hugsa rækilega um það við endurnýjun laganna, eða hvers kafla löggjafarinnar, að hann hafi það allt í sèr fólgið, sem honum heyrir til, svo jafnframt geti staðizt að nema skýlaust úr gildi allt hið eldra löggjafarrugl, sem tíðkazt hefir á undangengnum tímum. Má eg spyrja hinn háttvirta minni hluta: Er búið að rannsaka eldri sakalöggjöf Íslands? og bera hana saman við þessi nýju lög, að rèttarvissan sè nokkru meiri eptir en áður? Því allt í hinni eldri sakalöggjöf, sem ekki er beinlínis upphafið í þessum lögum, eru lög eptir sem áður. Ef vel væri frá gengið lögunum, ætti að minnsta kosti að fylgja þeim skrá yfir, hvað sè úr lögum numið og hvað ekki; fyrr en þetta er gjört, er fásinna að tala um að alla sakalöggjöf sè að finna á einum stað. Að öllu þessu yfirveguðu álít eg hyggilegast að halla sèr að meiri hlutanum með því skilyrði, að lög þessi komist í kring, jafnframt stofnun á hegninga- og fangahúsum landsins.

Eiríkur Kúld: Hinn heiðraði þingmaður Rangvellinga tók

fram einmitt það, sem eg ætlaði að taka mèr viðauka-atkvæði um, nefnilega að fylgja skuli lögunum skrá yfir hin eldri lög, sem með þeim sè úr lögum numin. Hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga lýsti því yfir, að meiri og minni hlutinn hefði haft nægan tíma til þess að fara með lögin. Eg veit nú eigi, hvað nægan tíma hann kann að hafa haft, en það veit eg, að minni hlutinn, sem hann er í, hefir með engu móti leyst sitt verk svo af hendi, að fyrir mig sè nein trygging í, að þessi lög verði oss nein veruleg rèttarbót. Hann hefði átt að geta gefið upplýsingu um, hver lög sè afnumin við þessi lög, hver að öllu leyti, hver að sumu leyti afnumin, og hver alls ekki, og áskil eg mèr rètt til viðauka-uppástungu þar um. Hann barðist fyrir því, að fangahúsin mundu aldrei verða þokkasæl hèr á landi. Hvað gengur honum til þess að amast við þeim fyrir fram? Er það til þess að gefa stjórninni undir fótinn, að hún skuli eigi hafa neinn asa á sèr með fangahúsin? Á öllum þeim orðræðum sem frá hærri stöðum hafa fallið til meiri og minni hlutans hefir í þessu máli fullsannazt máltækið: »Margur fær lof fyrir lítið, og last fyrir eigi par». Mèr þykir mein, að hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður eigi skuli vera hèr á þingi, því þá vildi eg hafa sagt honum, að hann reyndar kunni að hafa haft tíma til að lesa sakalögin, en eigi til að skilja þau, sem glöggvast má sjá af dæminu sem hann tók af embættismanni þeim, sem gaf vegabótaskýrsluna, því slíkt mundi þó aldrei varða 6 ára tukthúsi, eins og hann hèlt.

Páll Vídalín: Eg þarf nú ekki að halda svörum uppi fyrir meiri hlutann, því svo margir hafa orðið til þess; en eg vil að eins biðja menn að gá að því, hver ágreiningurinn er í þessu máli milli stjórnarfrumvarpsins meiri hluta nefndarinnar og minni hlutans. Hann er ekki svo mikill sem sýnist. Minni hlutinn vill nefnilega láta lögleiða frumvarp þetta 1. ágúst 1869, stjórnarfrumvarpið þegar fangshús komast upp en meiri hlutinn biður um að leggja lögin fyrir þingið að nýju, þegar fangahúsin og hegningarhúsið eru komin upp. Nú ef stjórnin vill koma þessu máli fram á leið, og lætur sèr nokkuð annt um það, þá er auðsætt, að hún getur lagt fyrir þingið í næsta sinn bæði frumvarp um það, hvernig fangelsin og hegningarhúsið geti komizt á, með sem haganlegasta móti, og líka hegningarlögin sjálf að nýju, svo að lögin gætu þá komið út og orðið löggilt árið 1870. Hèr er því ekki um nema 1 ár að ræða, sem munurinn er milli meiri og minni hlutans, en

aptur er þess að gæta, að meiri hlutinn vill einmitt fylgja stjórninni í því að taka upp fangelsin, þar sem minni hlutinn eða hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga vill halda uppi hýðingunum, af því hann álítur ómögulegt að koma upp fangelsunum og hegningarhúsinu, en það get eg ekki fallizt á nè meiri hlutinn. Eg verð því að álíta, að meiri hlutinn fari hèr nær stjórnarfrumvarpinu en minni hlutinn, þar eð hann vil þó halda grundvallarreglu stjórnarfrumvarpsins, og munurinn er hèr því einungis fólginn í því, að meiri hlutinn vill, að þinginu gefist aptur færi á að segja álit sitt um málið, þegar það hefir fengið á rökum byggða þekkingu á því, og skilyrðunum fyrir því eptir skoðun stjórnarinnar er fullnægt, jafnvel þó það fái við það lagagildi að eins einu ári seinna.

Bergur Thorberg: Eg skal ekki gjöra neinn ágreining úr því, hvort meiri eða minni hlutinn hafi farið nær frumvarpinu eður vilja stjórnarinnar, en skal einungis geta þess, að eg ímynda mèr að það sè að fara nær vilja stjórnarinnar, að segja álit sitt um það mál sem stjórnin einmitt hefir borið undir álit þingsins, heldur en að neita að segja nú þegar álit sitt um það. Hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga hèlt því fast fram, eins og áður, að miklir og margir gallar væru á frumvarpinu að orðfærinu til; hann tók þó að eins tvö dæmi til, enda þótt eg bjyggist við, eptir því sem honum fórust orð, að hann kæmi með ótal fjölda missmíða á frumvarpinu. Af því tvennu, sem hann tók fram við 5. gr., hafði þó minni hlutinn stungið upp á breytingu á öðru, en hvað hinu viðvíkur nefnilega, *þar á landi* (í 5. gr.), þá er ekkert hægra fyrir þingmanninn, en að taka sèr breytingaratkvæði um þetta, ef honum þykir það óviðkunnanlegt, sem eg get ekki sèð að sè. Það hefir lítið verið farið út í hin einstöku atriði frumvarpsins, nema hvað helzt hinn 2. konungkjörni og þingmaður Strandasýslu lítið eitt hafa vikið að þeim, en eg held þeir hafi ekki lesið nákvæmlega þær ákvarðanir sem þeir minntust á, og skal eg því vera fáorður um það efni; en að eins geta þess, að þar sem þingmanni Strandasýslu þótti fjarskalega lint straffið fyrir manndráp, þá getur glæpur þessi orðið straffaður með lífláti, og það er hið hæsta straff sem beitt verður fyrir nokkurn glæp, en að öðru leyti er það samkvæmt allri stefnu þessara laga, að takmarka dauðastraffið við sem fæst tilfelli. Þar sem þingmaður Borgfirðinga gat þess, að orðatiltækið: «að verða brotlegur með landráðum» í 5. grein væri misskilningi undirorpið, þá get eg eigi sèð það; það er auðsèð að

það hefir þá sömu þýðingu að verða brotlegur með því að fremja glæpinn, og er hið sama, og að verða «brotlegur í» «eður «sekur í», og að vera «sekur í»; en að öðru leyti er hægt fyrir þingmanninn að taka sèr breytingaratkvæði þessu til skýringar, ef hann vill. Hinn sami þingmaður sagði og, þar sem hann talaði um 158. gr., að vernd sú, sem af löggjöfinni væri heitin guðsdýrkuninni, næði einungis til hinnar evangelisk-lútersku kirkju, og því væri leyfilegt að misbjóða öðrum trúarbragðaflokkum, meðan á guðsþjónustugjörð þeirra stæði; en þetta er ekki rètt, því fyrst og fremst á vernd þessarar laga-ákvörðunar, eptir uppástungu minni hlutans ekki einungis að ná til hinnar evangelisk-lútersku kirkju, heldur og til annara kristilegra trúarbragða flokka, að því leyti þeir mega hafa hèr um hönd guðsdyrkun, og í öðru lagi er engan veginn leyft, að gjöra neinum trúarbragðaflokki óskunda fyrir það, þó þeim sè ekki með sèrstaklegum ákvörðunum veitt vernd sem trúarbragðaflokkum; en það er auðvitað, að þeir mundu njóta sömu verndar laganna móti árásum, og mótgjörðum og aðrir er saman koma í leyfilegu augnamiði, þó slíkum brotum ekki yrði hegnt með kvalificeruðu straffi. Að tíminn sè of naumur að setja sig inn í mál þetta, get eg ekki sèð, því þess ber vel að gæta, að hèr byrja menn ekki á málinu frá upphafi, heldur halda menn hèr áfram því verki, sem búið var að vinna svo mikið að, og sem hinir mestu og beztu kraptar Danmerkur hafa um mörg ár undirbúið. Það er bágt að gefa neina ábyrgð fyrir því, að lögin sèu í öllum atriðum samkvæm rèttarmeðvitund þjóðarinnar, eins og þingmaður Borgfirðinga heimtaði ábyrgð fyrir, því það getur ekki einu sinni þingið sjálft ábyrgzt með lög er það semur; en eg held, að hèr sè engin hætta á ferðum, því bæði er hèr um almenn sakalög að gjöra, sem eptir eðli sínu ekki eru mjög bundin við einn stað, og svo er það einnig viðurkennt af allri nefndinni, að hèr sè um mikilvæga rèttarbót að gjöra, og í annan stað hafa hinir helztu lögfræðingar landsins haft mál þetta til álita, og hefðu getað bent á það sem þeim virtist ekki eiga hèr við. Þingmaður Rangæinga hèlt, að margar breytingar þyrfti að gjöra við lögin til þess þau yrðu notandi hèr á landi; en eg held hann í þessu efni geti verið hughraustur, þar sem helztu lögfræðingar landsins hafa fjallað um málið, og gjört að eins fáar breytingar við það; eg ímynda mèr annars, að þá fyrst kæmi það fram, sem þingmaðurinn kallaði löggjafarrugl, en sem eg ekki veit, hvað þingmaðurinn eiginlega meinti

með, eða hvort hann stefndi, þegar margar breytingar væri farið að gjöra við frumvarpið. Bæði þingmaður Barðstrendinga og Rangæinga, hèldu það æskilegt, að fá skýrslu aptan við lögin um það, hvað í hinni eldri löggjöf væri upphafið við það, að þau fengi lagagildi, en þetta hygg eg varla muni hafa eins mikla kosti í för með sèr og menn halda; slíkar greinir eru að vísu í hinum almennu dönsku hegningarlögum, en það er valt á það að ætla, að slík upptalning eldri laga, er missa gildi sitt, geti orðið svo fullkomin að engu sè sleppt, og að því leyti getur upptalningin orðið til að villa, og yrði nauðsynlegt, að hafa jafnframt almenna ákvörðun, áþekka þeirri sem er í þessu frumvarpi. Með tilliti til þess, að þingmaður Húnvetninga hèlt, að lögin gætu að minnsta kosti orðið lögleidd árið 1870, skal eg geta þess, að þá yrðu þó hegningingarhúsin að líkindum ekki komin í kring, svo eigi væri mögulegt að hinir sakfelldu gætu út tekið straff sitt eptir orðanna hljóðun. Það er yfir höfuð óvíst, hve nær fangahúsin verða komin upp hèr, og það var þessi óvissa, sem leiddi minni hlutann til að stinga upp á, að láta hina dæmdu afplána hegninguna á sama hátt og verið hefir, nefnilega með því að halda hýðingarstraffinu.

Konungsfulltrúi (*Þórður Jónasson*): Það er reyndar óþarfi fyrir mig, og á ef til vill ekki við, að eg taki til orða í þessu máli, því hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir í ræðum sínum í dag tekið skýrt og ljóst fram allt það, sem nefndarálitið, sem hèr er um að ræða gefur tilefni til, og einkum sú niðurstaða, sem meiri hlutinn í nefndinni hefir komizt að, því hún hefir, því miður, ekki getað orðið samferða í skoðun sinni á málinu. Konungsfulltrúi tók það skýrt fram, að hann með engu móti gæti fallizt á skoðun meiri hlutans, er ræður þinginu til að fresta málinu, þangað til þau ráðgerðu fangahús sèu komin upp, en þar á móti lýsti hann því yfir, að hann aðhylltist þá niðurstöðu, sem minni hlutinn hefði komizt að, og hvernig hann hefði tekið málið til meðferðar, yfirvegað það og stungið upp á breytingum þeim, sem honum hefði þótt tilefni til, og eru þessar breytingar mest fólgnar í orðabreytingum og raska ekki yfir höfuð efni frumvarpsins og það virðist líka auðsætt, að þessi meðferð á málinu sè einmitt hin rètta. Meiri hlutinn er kominn til þeirrar umgetnu niðurstöðu, að eg ætla, meðfram af þeirri ástæðu, að hann hefir lagt ofmikla áherzlu á 307. grein frumvarpsins, sem bindur löggildingu frumvarpsins við það, að skilyrðin fyrir því, að lögunum verði beitt, sèu orðin til, og sèr í lagi,

að fangelsin sèu komin upp, en þetta verð eg að álíta misskilning, því það er sitt hvað afplánun straffsins og sakalögin sjálf, og þetta tvennt stendur ekki í svo nauðsynlegu og nánu sambandi, að eigi megi ræða það eina án þess að ræða hitt, og að þetta sè svo, er auðsèð af því, að einmitt sakalögin sjálf eru lögð fyrir þingið í þetta skipti, þrátt fyrir það, þó afplánun þeirrar hegningar, sem lögin ákveða yfir höfuð, geti ekki að svo komnu orðið framkvæmd á þann hátt, sem lögin ætlast til; en minni hlutinn hefir að mínu áliti bætt úr þessu með viðaukagrein þeirri, sem hann hefir stungið upp á aptan við 307. greinina, því með því móti getur frumvarpið orðið lögleitt nú þegar, en um fangelsisstraff og hegningarvinnu allt að 2 árum fer á meðan, hvað afplánunina snertir, eptir lögum þeim, sem nú gilda, og virðast ekki á þessu að vera neinir verulegir annmarkar, en hins vegar mjög mikið unnið við það, að lögin geta náð nú þegar með þessu móti lagagildi, sem því fremur er æskilegt, sem frumvarpið, eins og nefndin í heild sinni skýrt hefir tekið fram, og þingið einnig hefir átt kost á að sannfærast um, er einhver hin mesta og bezta rèttarbót, sem landið getur öðlazt, og eg get því ekki betur skilið, en að þingið kæmist í mótsögn við sjálft sig, ef það skyldi ekki vilja leggjast á eitt til þess að koma þessari miklu og góðu rèttarbót sem fyrst á; en þetta gjörir þingið ekki, ef það aðhyllist meiri hlutann, sem vill skjóta málinu á frest, óvíst hvað lengi; því eg verð að vera á sama máli og hinn háttvirti þingmaður frá Vestur-Skaptafellssýslu, að fangelsi þau, sem lögin gjöra ráð fyrir, eigi langt í land, og eptir því ætlast meiri hluti nefndarinnar þó til að lögin bíði Einn af annmörkum þeim, sem af bið þessari leiðir, er sá, að á meðan verður að dæma sakamál hèr á landi eptir þeim núgildandi lögum, sem eru í mörgum greinum miklu strangari, og þar af leiðir aptur, að áfrýjun sakamála til hæstarèttar verður miklu tíðari en nú, af því hlutaðeigendur geta átt von á mildari hegningu, að minnsta kosti við konungsúrskurði, og hlutaðeigandi háyfirvöld geta naumast leitt hjá sèr að áfrýja dómum í sakamálum, ef hinn sakfelldi ekki gjörir það sjálfur og munurinn á hegningunni er mikill; en af þessu hlýtur aptur að leiða mikinn kostnað, sem í sakamálum eins og kunnugt er optast lendir á hinu opinbera. Á þenna og fleiri annmarka, er leiða af því að fylgja meiri hlutanum, hlýtur og þingið að líta, og það hefir því tekizt mjög óhappalega til, að meiri hlutinn ekki hefir getað orðið á sama máli og minni hlutinn, því ef svo hefði verið,

þá hefði álit minni hlutans að líkindum getað orðið enn betur úr garði gjört en það er, og skyldi nú stjórnin aðhyllast, sem eg vona að verði, minni hlutann, þá missast við það þær upplýsandi athugasemdir, sem meiri hlutinn hefði getað látið í tè um ýmsar ákvarðanir frumvarpsins, en eg vona, að umræður þingsins geti nokkuð bætt úr þessu, því eg tel það víst, að þingið fari í sömu stefnu og minni hlutinn og leitist við að stuðla að því, að frumvarpið öðlist sem fyrst lagagildi, enda væri það að mínu áliti mikill ábyrgðarhluti fyrir þingið, ef það skyldi leggja það til, að fresta málinu, sem er svo mikilsvert og umvarðandi fyrir þetta land, eins og allir hljóta að viðurkenna. Það hefir verið tekið fram af sumum þingmönnum, að þeir hafi ekki haft nægan tíma til þess að kynna sèr frumvarpið svo vel, að þeir hafi getað sannfærzt um, hvort og að hve miklu leyti þær einstakar ákvarðanir þess ætti hèr við, og eg skal ekki bera á móti því, að svo kunni að vera, en það verð eg að álíta, að þingmenn hafi haft nægan tíma til þess að sannfærast um þann mildi- og mannúðarblæ, sem á lögunum er bæði yfir höfuð og í því einstaka. Eg leyfi mèr því að biðja þingið að gefa máli þessu sem beztan gaum, því hèr er sannarlega mikið í húfi fyrir landið.

Framsögumaður: Það hafa þau orð fallið hèr í dag í salnum, að eg vildi óska, að eg þyrfti ekki að snúa við orðum mínum. Eg er neyddur til að geta þess fyrir hið fyrsta, að það gleður mig, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi lagði ekki svo þungan dóm á meiri hluta nefndarinnar, sem sumir hafa gjört. En þrátt fyrir hans mannúðlegu og skarpskyggnu ræðu, verð eg þó að álíta, að grundvöllur meiri hlutans sè alveg óhrakinn. Hann sagði, að meiri hlutinn legði of mikla áherzlu á 307. grein. En hann játaði þó það, sem enginn hinna annara mótmælendanna hefir gjört, að þessi grein stæði í innra sambandi við lögin, en það kom ekki fram í ræðu hans, að hann legði áherzlu á þetta innra samband, og verð eg því að segja, að hann leggi of litla áherzlu á þetta mikilvæga atriði í frumvarpinu. Eg vil biðja menn gæta að, hvernig lögunum er niðurraðað. Beztu lögfræðingar Dana hafa gjört lög þessi úr garði og mestan þátt í því hefir átt hinn ágæti lögfræðingur, sem eg hefi sjálfur mest af lært. Hann setur nú refsingarnar í 2. kafla laganna, af því þær standa í innra og almennu sambandi við þá glæpi alla, sem þau hljóða um. En minni hlutinn hefir nú útilokað þenna brjóstskjöld hegningarlaganna, og vill

nú breyta öllu saman í einlægar flengingar, sem hvergi eiga sèr stað í nokkru siðuðu landi, í jafnvíðum skilningi og hèr er ráðgjört, og því merkilegra er að vilja halda hýðingunum hèr, sem stjórnin þegar 1838 lýsti því yfir, að þær ættu ekki að eiga sèr stað nema svona rètt til bráðabyrgða, því þær væru ótilhlýðilegar. Eg skal leyfa mèr að lesa upp 4. gr. í tilskipun 24. jan. 1838 (sbr. Lovsamling for Island). Hèr er nú að vísu orðið «*tilhlýðilegur*» bundið við fangelsi, en þá hlýtur mótsetningin «*ótilhlýðilegur*» að miðast við hýðingarnar, því það getur þó varla verið, að stjórnin hafi verið að hugsa um ótilhlýðilegt »fangelsi«. Eg vil líka biðja menn að gæta að í ástæðunum fyrir frumvarpinu bls. 85, hvaða skoðun stjórnin nú hefir á þessari hegningaraðferð, sem er aðallífakkeri minni hlutans, en er ef eg man rètt, upprunalega sprottin frá þingmanni Vestur-Skaptafellssýslu en ekki hinum 3. konungkjörna. En hefir nú meiri hlutinn lagt of mikla þýðingu í 307 grein. Eg held ekki, því væri hún burt numin, væru lögin af allt annari rót runnin; svo samtvinnaðar eru hegninglagaákvarðanirnar refsingarmátanum. Eg skal geta þess enn fremur, að stjórnin segir í 307 grein, ekki að það það sèu fangelsin ein er ráða skuli, hve nær lög þessi fái lagagildi, heldur að öll skilyrði verði til fyrir, að þeim verði beitt, og þá líka allt sem ekki við á í lögum þessum, t. d. járnbrautir. rafsegulþræðir, prinsar og prinsessur, held eg að vel mætti vinna á stuttum tíma til þess að nema alla agnúa burtu sem hindri gildi laganna. Eg tek þetta ekki fram til annars en að sýna, hve djúpt 307. gr. grípur inn í lögin. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók sannarlega ekki nægilega fram, *hvernig* meiri hlutinn legði ofmikla áherzlu á 307. gr., því þó hún standi aptan við, er grundvallarregla hennar jafnalvarleg og heilög, sem hinar fyrstu greinar, og grípur jafnt fyrir það gegnum öll lögin. Ef henni er sleppt er breytt öllum grundvelli laganna; þetta geta lögfróðir menn dæmt um, hvort ekki er rètt. En grein þessi stendur einnig í *útvortis* sambandi við lögin, því *hvernig* getur þingið undir þessum kringumstæðum án þess að hafna lögunum fallizt á 307. gr. Hvaða rèttarbót er það, þó vèr fáum fangelsi á pappírinn? Stjórnin lofaði þeim 1838, þá var ekkert alþing til þess að spilla málum: En því eru þau ókomin enn þá? Það er hægt að reikna, hvað mörg ár eru síðan, en verra er að reikna, hve langt muni líða þangað til þau eru komin á, nema því að eins, að þingið leggi nægilega áherzlu á 307. grein. Nú vil eg enn fremur spyrja:

Hvernig fáum vèr nú betra rèttarástand á Íslandi, ef þessu er nú sleppt? Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að lögin væru mild; það er satt; en vèr getum ekki fært oss mildi þeirra í not, því þá verður að fara að vega og reikna hlutfallið milli hegningarinnnar eptir hinum fornu og hinum nýju lögum. Þetta vil eg biðja hina lögfróðu þingmenn að athuga. Það er sjálfsagt, að meðan þetta er ekki orðið að lögum, dæma dómstólarnir eptir gildandi lögum, en eg efast um, að hæsti rèttur geti dæmt íslenzk mál eptir dönskum lögum; þá þyrfti ekki að vera að spyrja þingið um dönsk lagaboð, þau væru þá eo ipso gildandi hèr. Það er hèr á hinn bóginn auðsèð, þegar stjórnin játar, að fangahúsin þyrfti að komast á, eins og sannarlega er satt, þá getur þingið ekki fengið ljósari bendingar um, að Íslendingar þurfi nú frá þeirri hálfu ekkert annað en leggja sitt til að nema burtu svívirðilegan hegningarmáta hýðinganna, en styrkja stjórnina af alefli til þess, að leiða inn í heild sinni mannúðleg hegningar- og sakalög, þó það kosti máske nokkuð. Hvað hinn háttvirta 3. konungkjörna þingmann snertir, þá furðar mig ekki þó hann hrósaði ræðu konungsfulltra á síðasta fundi, því að hann hrósaði minni hluta nefndarinnar, sem þingmaðurinn er í; mig furðar heldur ekki, þó hann hrósi sjálfum sèr fyrir það er hann hefir afkastað í nefndinni. En hitt skil eg ekki, hvers vegna hann tekur upp ákúrur konungsfulltrúa og lætur þær hljóma aptur frá þingmannabekkjunum. Eg veit ekki hvaða rètt hann hefir til að dæma um aðgjörðir og álit annara þingmanna, öðru vísi en sem hreinn og beinn þingmaður. Eg vil þá segja honum, að álit meiri hlutans er eins gott og minni hlutans, og eg hef rètt til að segja að mitt álit sè eins gott og eins vel hugsað og hans álit. Álit er ekki annað, en að lýsa yfir á skiljanlegan og formlegan hátt sannfæringu sinni. Nú hefir meiri hlutinn snúið sèr að formhlið málsins og hinn 3. konungkjörni veit þó, að sá sem snýr sèr að forminu, og sèr yfirgnæfandi ástæður til að byggja á því álit sitt, á ekki og má ekki fara lengra inn í efnið, en sameinazt getur aðalgrundvellinum, forminu, og þetta hefir einmitt meiri hlutinn gjört; hann veit og að á þingi eru líka tvær hliðar máls, formhlið og efnishlið; hver er nú betri? Á ekki að taka formhliðina fyrst; ef svo er, hefir minni hlutinn hlaupið alveg fram hjá henni, og ætti því ekki að álasa meiri hlutanum fyrir að hann hefir gjört sig sekan í syndum minni hlutans að segja rang-

lega álit sitt um málið. En sleppum þessu og göngum nær aðalefni minni hlutans. Það er þó í sannleika merkilegt að byggja það á því, að þingi og þjóð sè mál þetta full-ljóst, af því það hefir verið lagt fyrir stiptamtmann og yfirrèttinn. Ef litið er á ástæðurnar fyrir frumvarpinu má sjá, að stjórnin hafnar áliti þeirra og neita rèttarmeðvitund þjóðarinnar. Slæmt er að sleppa formhliðinni og vil eg því biðja hinn háttvirta konungkjörna vin minn að athuga að enn verra er, þegar efnið kemur, að byggja dóm sinn um það á því sem fram hjá var gengið; en hvað er *formmótbára,* ef eigi það, að *af því* stjórnin hafi leitað álits yfirdómsins, þá sè allt í sínu eðli, *án* þess þó *stjórnin* tæki *álit rèttarins til greina. Þetta* hefir hinn háttvirti minni hluti ekki haft tíma til að sjá í svo langan tíma. En þetta þurfti meiri hlutinn að hafa sèr fyrir augum. Allt öðru máli hefði verið að gegna, ef stjórnin hefði fallizt á álit landsyfirrèttarins. Þingmaður Vestur-Skaptfellinga sagði, að 2 menn í landsyfirrèttinum þekktu hèr vel til; það er þá skrítið, að stjórnin skuli ekki taka tillit til þess er þeir leggja til, en koma í staðinn með, § úr dönskum lögum 1840. Eg þarf ekki að halda svörum uppi fyrir hinn heiðraða þingmann Borgfirðinga, því *hann* getur það betur sjálfur; einungis vil eg biðja hinn 3. konungkjörna þingmann að gæta að, *hvernig hann fer að álykta* viðvíkjandi orðum þess heiðraða þingmanns Borgfirðinga. Hvað tilskipun frá 1838 snertir, þá er þar gjört ráð fyrir hýðingu á móti 2 ára hegningarvinnu, en öll hegning sem þar er *fram yfir* yrði að standa við hið *gamla*: það er merkilegt að blanda þessu saman, því óhæfan að flytja íslenzka sakamenn til Danmerkur *upp á landsins kostnað,* og rífa þessa sakföllnu smælingja máske frá konu og börnum burtu í annað land, stendur eptir sem áður, þó eg vildi gjöra hinum háttvirta minni hluta þá ánægju að halda í þessar *hýðingar.* Sèr minni hlutinn nú ekki enn, að hann er á þeim vegi, sem alveg niðurbrýtur hinn siðferðislega og sanna grundvöll stjórnarfrumvarpsins? Sèr hann ekki enn, að það tjáir ekki að ætla sèr að slíta sundur hugmyndina að hegna á þann hátt, sem hegningarhugmyndin kemur fram í *hegningunni sjálfri.* Þetta vil eg *biðja* hinn háttvirta 3. konungkjörna þingmann að hrekja við *tækifæri.* Það er líka merkilegt af honum að taka til dæmis eldri hegningarlög Dana og segja, að ef hin nýju sakalög hafi verið rèttarbót í Danmörku *án þess að breyta hegningarmátanum,* af því þau sèu mildari og betri en hin eldri, þá hljóti þau líka eo ipso að vera

rèttarbót á Íslandi. Sè þetta eigi talað út í bláinn, þá vil eg spyrja hinn háttvirta þingmann, hvort það mundi ekki vera þessu samkvæmt, að hann bindi löggildi þessara laga við það, að hýðingar innleiðist í Danmörku sem hèr, og sakamenn Dana að öðru leyti útstandi hegningu sína á Íslandi? Eg meina, mundi hýðingin ekki rèttarbót í Danmörku? Ef hann vill halda slíku fram, þá hefir meiri hlutinn hugsað svo mikið um málið að lengjast mundu þingræðurnar um eina stund, ef það ætti æskilega í ljós að leiðast, á hvaða grunvelli minni hlutinn stendur. Eg tók enn eptir einu orði, sem hinn 3. konungkjörni vèk að þingmanni Borgfirðinga í dag um rafsegulþráðafrumvarp þingmannsins. En má eg spyrja, því lèt stjórnin þá ekki þessa rafsegulþræði sem standa í sambandi við 37. gr. fylgja með til þingsins sem annan aukabísefa, svo menn gætu fengið hugmynd um þau eins góða og um frumvarp þingmannsins? Hvað afbrot gegn trúarbrögðunum snertir, þá er það misskilningur hjá þessum sama háttvirta þingmanni, að úrræði minni hlutans til að samrýma við 15. kapítula hin hèr gildandi lög nái nokkurri átt. Hitt er víst, að mannsöfnuður undir beru lopti, nýtur verndar laganna, en sú vernd verkar ekki og er ekki byggð í frumvarpinu á trúarbragðaflokkum. Það dugar ekki að bæta inn í frumvarpið nýrri grein á eptir 307. greininni, eins og minni hlutinn stingur upp á, því fyrsta greinin í frumvarpinu stendur eins óhögguð eptir sem áður; því þá kemur breyting á grundvallarreglu lagánna. Eg vil skjóta þessu til hinna lögfróðu herra á þinginu.

Eg skal svo ekki tala um þetta meira að sinni. Að eins vil eg geta þess með tilliti til hinnar löngu ræðu, er þingmaður Vestur-Skaptfellinga hèlt í dag, að eg vona þingmönnum sè orðin ljós meining mín um þá ræðu hans. Alþingi fèkk rètt til þess að ræða ný lög og þar á meðal sakamálalög, en ekki þau lög, sem eru orðin að lögum (*Jón Guðmundsson:* Má þá ekki breyta þeim)? Jú, það er satt, það má breyta þeim; en eg bið menn að gá að því, að saga þingsins frá 1845 til þessa tíma sýnir, hverja árangurs von það hefir að fara að rannsaka þá löggjöf, sem er orðin svo samvaxin rèttarmeðvitund þjóðarinnar. Eg skal játa það, að hin eldri sakalög vor standa í mörgum greinum á baki þessara nýju sakalaga, en af því þau eru svo samvaxin rèttarmeðvitund þjóðarinnar, þá á ekki að breyta þeim nè hagga, fyrr en menn sjá, að menn fá annað, sem öllu er betra í staðinn.

Konungsfulltrúi: Hinn heiðraði framsögumaður tók það fram í ræðu sinni, að hann hefði ekki glöggt skilið, hvað eg hefði meint með þeim orðum, að minni hlutinn hefði lagt of mikla áherzlu á 307. grein, en eg ætla að eg tæki það þó nokkurn veginn skýrt fram, að meiri hlutinn hefði bundið sig eptir greininni þannig, að lögin sjálf yrðu ekki rædd nema í sambandi við ákvarðanirnar um afplánun hegningarinnar eptir frumvarpinu, er hvorttveggja, lögin og afplánunin stæðu í svo nauðsynlegu innbyrðis sambandi, að hvorttveggja yrði að ræða saman eða í einu lagi, en sem eg ekki gæti álitið rètta skoðun, hvað og sannaðist af því, að stjórnin hefði nú þegar lagt lögin sjálf fyrir, þótt skilyrðin fyrir því, að lögunum yrði beitt, fangelsin, ekki væru komin upp. Hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga, og mig minnir Húnvetninga, fóru því fram í ræðum sínum, að meiri hlutinn færi í skoðun sinni á málinu nær skoðun stjórnarinnar en minni hlutinn, en þessu fer fjærri, því það getur þó ekki hafa verið meining stjórnarinnar með því að leggja málið nú þegar fyrir, að fá frávísunardóm hjá þinginu. Hinn sami þingmaður spurði um, í hverjum tilgangi stjórnin hefði lagt frumvarpið fyrir. Eg svara: Til þess að þingið segði álit sitt um ákvarðanir frumvarpsins og hvort ástæða sè til að breyta þeim í einu eða nokkru. Hann sagði líka, að það væri margt í ákvörðunum frumvarpsins, er ekki hefði stoð í rèttarmeðvitund Íslendinga; en ef svo er, þá er það mjög óheppilega farið, að hann ekki skyldi hafa sem meðlimur nefndarinnar tekið þessi atriði fram til skýringar fyrir þingið og stjórnina; en hinn heiðraði þingmaður getur máske enn leiðbeint þinginu í þessu efni.

Framsögumaður: Eg skal leyfa mèr að geta þess, að eptir því sem eg skyldi orð hins hæstvirta konungsfulltrúa nú, þá er hann og meiri hlutinn enn þá meira farnir að nálægjast hvor annan, því það er auðsjáanlega annað, að eitthvað *komi fram* jafnvel frá stjórninni og að það og það sè *rètt* um álit mála þeirra sem fram koma. Eg neita því alls eigi, að það sè rètt af stjórninni að leggja þetta frumvarp fyrir þingið, til þess það fái ástæðu til að segja álit sitt um þau í heild sinni. En nú fær stjórnin bendingu um, eptir meiri hlutanum, hvernig þingið tekur í þau. Eg vona hinn hæstvirti konungsfulltrúi kannist við, að álit stiptamtmanns og landsyfirrèttarins var samhuga. Stjórnin bað þá að íhuga, *hvernig hýðingin yrði bezt felld úr sem hegning,* og rèðu þeir til, að byggð yrði upp fangahús í landinu. Meiri hlutinn vildi nú ekki

víkja frá þessum rekspöl, sem kominn var á málið og þann rekspöl vona eg hinn hæstvirti konungsfulltrúi lasti ekki mig eður meiri hlutann fyrir, því hann er sjálfur einn aðalhöfundur hans sem von var.

Sighvatur Árnason: Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður beindist að mèr fyrir það, að eg hefði nefnt löggjafarrugl. Það er að vísu satt, að eg brúkaði það orð; hann hefði má ske kunnað betur við að kalla það lagatæting. Hann þekkir víst, að lög vor ná yfir margar aldir. Sumt af lagaákvörðunum Jónsbókar gildir enn, en sumar af þeim eru breyttar. Ein *Forordningin* upphefur aðra eður nokkrar ákvarðanir úr annari. Þetta er svo mikill lagatætingur eða tíningur, yfir mörg ár og aldir, að mèr þykir gott, og væri betur að lögfræðingarnir í landinu ekki rugluðust í honum sjálfir, og þetta ímynda eg mèr, að hinn háttvirti þingmaður þekki og skilji vel, ef hann snýr sèr að því. Eg álít það spursmál, hvort þingmaðurinn sjálfur eða aðrir beztu lögfræðingar landsins eru því vaxnir að gefa skýrslu um það, hvað enn gildir af þessnm lögum hèr á landi, og hvað ekki gildir af þeim; en það ættu þeir að geta, ef löggjöfin væri ljós. Spurningu þeirri, er eg bar upp áðan um, hvort allar hinar eldri sakalagaákvarðanir vorar væru upphafðar með þessum lögum er enn ósvarað. Það stendur reyndar í 310. gr. frumvarpsins, að allar þær gildandi lagaákvarðanir, sem koma í bága við efni þessara laga, skuli ógildar, þegar skilyrði þau eru fengin, sem talað er um í 307. gr. En hvað er þá um hinar, sem ekki koma í bága við efni þessara laga? Standa þær ekki eins eptir sem áður? Eg held það reki að því, að menn stundum verði að fara eins eptir sem áður, bæði í Jónsbók og aðrar eldri ákvarðanir, þótt lög þessi öðlist hèr lagagildi án viðauka eða breytinga.

Jón Guðmundsson: Mèr kemur nú til hugar, að einn af nefndarmönnunum kom fram með þá mótbáru í nefndinni, er þótti einhver hin voldugasta: «Þèr ætlið þá að fara að innleiða aptur þessar *General*-hýðingar». Nú hefir þessi sami nefndarmaður verið næsta trúr þessari yfirlýstu skoðun sinni í undirbúningsumræðunni, hèr í salnum, því bæði á fyrri fundinum í dag og nú í kveld hefir hann flutt hèr í þingsalnum dómadags *General*-flengingarræður yfir þingmönnum og fyrir þinginu. Eg kalla það merkilegt, að heyra framsögumann, sem er prófaður einn hinn löglærðasti maður og yfirdómari í landsyfirrèttinum, halda tímaræður, og prèdika og

leggja eingöngu út af þessum hýðingatexta, eins og að lögin hefðu ekkert annað inni að halda en eintómar flengingar, og! það nýjar og óheyrðar og óþekktar flengingar, er þessi lög vildu innleiða. Menn mega vera blindir, ef menn ekki sjá, að það eru margar aðrar ákvarðanir í lögum þessum, sem eru veruleg réttarbót fyrir oss; eða er hèr þá um enga aðra nè annars konar og þyngri hegningar að ræða, heldur en þær sem afplána megi eða af taka með hýðingu hèr á landi? Er hèr eigi um fleiri ára betrunarhúss- og tugthússvinnu að ræða, heldur en 2 ár, er 3 $\times$ 27 vandarhögg jafngilda hèr á landi eptir núgildandi lögum? Er hèr eigi hið sama í frumvarpi þessu, eins og verið hefir, og er enn í dag í hegningarlögum þeim, sem nú gilda hèr á landi? Er hèr eigi að ræða um svo ótal glæpi og óbótasakir, er varða frá 3—16 ára tugthúsvinnu og svo æfilöngu frelsistjóni í tugthúsi? En, mínir herrar, sá er munurinn, að þar sem eldri og núgildandi lög, leggja vægðarlaust 3—5 ára betrunarhúsvinnu við glæp, þá geta þær málsbætur verið eptir þessum nýju hegningarlögum, að misgjörðamaðurinn verður að eins dæmdur í vatns og brauðs hegningu fyrir þenna sama glæp, er eldri og núgildandi lög vilja hegna með 3—5 ára tugthúsvinnu. Og má eg spyrja þá góðu herra, framsögumann og þessa 2 nýju og miklu lögfræðinga, þingmann Barðstrendinga og þingmann Rangæinga, hverju mundu þeir svara, ef sakamaður, sem dæmdur væri til 4 ára betrunarhúsvinnu eptir hinum nú gildandi lögum, en sem hefði orðið fyrir langtum vægari dómi, enda eigi nema vatns og brauðs hegningu eptir þessum nýju sakalögum, eg vil spyrja þá, segi eg, hverju vildu þeir svara sakamanninum, ef hann áfelldi þá fyrir, «að það væri þeim og alþingi að kenna, að hann hefði eigi mátt verða aðnjótandi þeirrar vægðar í hegningunni, sem honum hefði staðið opin eptir nýju hegningarlögunum, hefðu þau verið orðin hèr gildandi, það væri þeim að kenna, að hann nú yrði að sæta svo þungri hegningu»? Hvar stæði þingmaður Rangæinga þegar hann gæti eigi svarað öðru en þessu: »Eg skal segja þèr nokkuð góðurinn minn, eg vildi ekki, þorði ekki að gefa þessum nýju lögum atkvæði mitt, fyrr en eg væri búinn að heyra álit hjáleigubóndans míns á Muruvelli», og þingmaður Barðstrendinga mundi svara misgjörðamanninum á líka: «Mèr þótti ísjárvert og eg vildi ekki gefa þessum nýju hegningarlögum atkvæði mitt, á meðan eg ekki var farinn að heyra álit hjáleigubóndans míns á Helgafellskoti um málið». Mèr þykir það lýsa

helzt til miklu hirðuleysi af þessum og öðrum þingmönnum, að hafa ekki kynnt sèr málið svo mikið sem að því, að hèr er um fleiri og stærri hegningar að ræða, en um hýðingarnar einar; og þó hefir framsögumaður um ekkert annað talað, en um hýðingar. Eg get brosað að því, að heyra þingmenn Barðstrendinga og Rangæinga tala svona, en það liggur við, að það verði heitt í mèr blóðið, þegar eg heyri framsögumann, sem er yfirdómari, vilja kasta aptur fyrir sig svo verulegri og mikilvægri rèttarbót, eptir því sem honum sjálfum hafa farizt orð, bæði við stjórnina í álitsskjali þeirra stiptamtmanns og yfirdómendanna, og nú frammi fyrir alþingi í nefndarálilinu, sem landsmönnum er hèr gjörður kostur á, og að vera að snúast á hæl og hnakka um flengingar og hýðingar og eigi annað. Það varð strax ljóst fyrir mèr, þegar eg var búinn að yfirfara frumvarpið, að það hefði að færa mikilvæga rèttarbót fyrir oss Íslendinga, sem eg ekki mætti með neinu móti hafna vegna landa minna 1 eða 2 árum lengur, hvað þá um óákveðinn tíma. Eg verð að mótmæla því, eptir því sem eg þekki til utanþings, að nokkur þingmaður skilji rètt vilja landsmanna, ef hann heldur, að þeir vilji hafna þessum lögum, eða að þingmenn og alþingi allt vinni þeim í hag, með því að standa móti löggildingu þeirra. Og þó framsögumaður geti í máli þessu safnað í kringum sig sumum af þingmönnum, sem láta hann teyma sig, líkt og varð í hjúamálinu, og þeir geti með því eyðilagt málið, þá mun það ekki verða neitt lárberjakerfi, hvorki fyrir hann nè þá, að leika þann leik aptur. Eg tók það fram í dag, þegar eg var að tala um fangahúsin, að hýðingin væri óhafandi, ef menn gæti komið fram annari eðlilegri og betri hegningaraðferð í staðinn, en það mundi mega til að halda henni þangað til. Því það skuluð þèr bændur, sem hèr eruð á þingi, sanna, að ef þèr eigi getið fundið annað betra úrræði til þess en að sett verði *eitt* fangahús í hverju amti, verður kostnaðurinn fjórfaldur við það, sem hann nú er. Vorir lögvitrustu menn hafa, eins og eg fyrr sagði, játað það fyrr og síðar, að flengingin væri óeðlileg hegning, og lítt hafandi, en þeir hafa ekki treyst sèr til að koma með annað betra í staðinn, eptir því sem hèr stendur á og eigi þótt gjörandi að heldur að leggja til amtsfangahúsin; tugthús var hèr um rúma hálfa öld, en svo gafst það þá, að nauðugur þótti einn kostur að leggja það niður aptur.

Forseti: Eg álít það óviðurkvæmileg og ósæmileg orð, sem þingmaður Vestur-Skaptfellinga hafði, þegar hann meðal annars,

sagði, að þingmenn láti teyma sig, þegar þeir eru samdóma einhverjum manni eða sín á milli.

Það hafa nú 9 þingmenn beðið sèr hljóðs, svo umræðan getur ekki orðið til lykta leidd í kveld. Það er því eigi annað fyrir, en hætta nú, við svo búið og mun eg setja málið á dagskrá til mánudags, svo umræðunni verði þá haldið fram.

Fundi slitið.

---

35. fundur. — 19. ágúst.

Allir á fundi. Þingbók frá tveimur síðustu fundum lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá fyrst til umræðu konunglegt frumvarp til almennra hegningarlaga handa Íslandi, og framhald af undirbúningsumræðunni. Hinn háttvirti framsögumaður, þingmaður Árnesinga, vill máske taka til máls.

Konungsfulltrúi: Eg sagði um daginn, að eptir stjórnarfyrirkomulagi landsins, sem nú er, væri það bæði samkvæmt lögum og líklegt, að stjórnin, ef álit þingsins færi í sömu stefnu og uppástungur meiri hlutans, mundi ráða hans hátign konunginum til að lögleiða frumvarpið óbreytt, og þess vegna álít eg það skyldu þingsins að gjöra það, sem í þess valdi stendur, til þess að stungið verði upp á þeim breytingum við frumvarpið, sem nauðsynlegar virðast vegna þess, sem sèrstaklegt er fyrir Ísland í ýmsum greinum. Nokkrir þingmenn hafa farið þeim orðum, að þeim þætti þetta undarlegur spádómur, — og eg skal í þessu tilliti geta þess, að það sjálfsagt ekki er ætlunarverk konungsfulltrúa að keppa við þingmenn eða að spá fyrir þingið, heldur það að skýra skoðun stjórnarinnar í málum þeim, sem koma til umræðu í þinginu. Þetta hefi eg gjört, eptir því sem eg bezt veit og hefi þekkingu á, — í hverju öðru máli og þessu, án þess að villa sjónir fyrir þingmönnum; því eg álít skyldu mína að gjöra mitt til, að þingmenn taki í hvert mál alvarlega, en til þess útheimtist eptir minni meiningu, að hver þingmaður sjái glöggt rèttarástand vort, eins og það í raun og veru er, en ekki hafi þær sömu röngu hugmyndir, sem hafa þroskazt hin síðustu 19 ár, þar sem allt í stjórn-

arlegu tilliti hefir svo að segja verið á reiki; og þessi skylda mín er að svo miklu leyti brýnni, sem það er tilgangur stjórnarinnar nú að koma enda á þetta ástand, annaðhvort með því að alþingi verði veitt löggjafarvald, eða að öðrum kosti með því að beita hinum gildandi lögum eptir orðum og tilgangi þeirra. Þess vegna hefi eg skýrskotað til alþingistilskipunarinnar frá 8. marz 1843 og 28. maí 1831, og til þess, sem eptir þeim vafalaust er stjórnarfyrirkomulag landsins. Á móti þessu hefir það sem menn kalla hlutarins eðli ekkert að þýða, því þó hlutarins eðli geti haft mikla þýðingu, þegar ræðir um að setja ný lög, þá vita allir að gagnvart gildandi lögum er hlutarins eðli þýðingarlaust. Eg hefi þess vegna tekið það fram og skal ítreka það nú: Eptir stjórnarfyrirkomulagi landsins, sem nú er, á stjórnin í hverju máli, sem eptir alþingistilskipuninni liggur undir álit alþingis, að leita álits þess, eða eins og segir í tilskipuninni frá 28. maí 1831: «Áður en vèr útgefum nokkurt lögmál, er miði til umbreytingar á vorra undirsáta persónulegu eður eigindóms-rèttindum, eður á sköttunum ellegar annari þegnskyldu, viljum vèr láta framleggja skriflegt uppkast til slíkra laga fyrir beggja standanna samkomur, eður að svo miklu leyti það viðkemur einu eður fleirum einstökum umdæmum, þá fyrir þau umdæmastönd, til hverra þau heyra, til þess, að stöndin geti tekið lögmáls-frumvarpið *til yfirvegunar,* og þar um skrásett sínar allra-undirgefnustu *athugasemdir*». Þessi eru hin gildandi lög um myndugleika alþingis, og gagnvart þeim dugir það ekki að skýrskota til þess, sem hlutarins eðli eptir hugmyndum ýmsra manna muni segja. Það eru rèttindi alþingis að *yfirvega* frumvörp þau, sem hans hátign konungurinn lætur leggja fram fyrir þingið, og þar um að skrásetja *athugasemdir* sínar, en sá er rèttur stjórnarinnar, þegar búið er að leita þessara athugasemda þingsins, að úrskurða, hvort þær geti orðið teknar til greina eða ekki; og eins og þetta er rèttur stjórnarinnar, er það einmitt skylda hennar, að eins að taka til greina athugasemdir þær, sem byggðar eru á gildum og góðum rökum, en ekki þær, sem sprottnar eru af öðrum ástæðum, því ábyrgðin í löggjafarmálum landsins hvílir ekki á þinginu en einungis á stjórninni, eptir því stjórnarfyrirkomulagi sem nú er. Þegar nú — eins ok í þessu máli — spursmál er um rèttarbót, sem allir viðurkenna að sè mikil og veruleg fyrir landið, þá eru eptir minni meiningu ástæður þær, sem meiri hlutinn hefir borið fram, til þess að fresta málinu í óákveðinn

tíma, alveg ónógar og ekki byggðar á góðum og gildum rökum, og þegar stjórnin á að úrskurða, hvort hún á að veita landinu þessa miklu og verulegu réttarbót nú þegar eða taka til greina uppástungur meiri hlutans, ef þingið aðhyllist þær, þá fæ eg ekki betur séð, en að hún að líkindum muni kjósa að lögleiða frumvarpið óbreytt, því hún ábyrgist það, að lög landsins sé eins og þau eiga að vera, en þingið hefir enga ábyrgð í þessu tilliti.

En af því sem nú er tekið fram, leiðir beinlínis að það er þingsins skylda gagnvart landi og lýð, eins og eg um daginn sagði, að gjöra sitt til, að stungið verði upp á þeim breytingum við frumvarpið, sem þinginu þykja nauðsynlegar, að minnsta kosti til vara, ef þingið aðhyllist aðal-uppástungur meiri hlutans, en stjórnin ekki álítur þær aðgengilegar, því að öðrum kosti spillir þingið áhrifum þeim, sem það eptir lögunum getur haft á úrslit málanna og sem það er þingsins skylda gagnvart landinu að nota sem bezt. Minni hlutinn hefir þess vegna vafalaust fundið þann rétta veg, og þingið á — ef það vill gjöra skyldu sína gagnvart landi og lýð — að fara sama veg, að minnsta kosti til vara.

Eg ætla ekki að svara upp á allar þær röngu athugasemdir, sem ýmsir þingmenn hafa borið fram í þessu máli, — en af því þinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga þekkir, eða þó vill telja þinginu trú um, að hann þekki fremur öllum öðrum, hvernig stendur á í Danmörku, skal eg upp á hans athugasemd um jafnrétti Íslendinga við Dani í þessu máli, svara honum, að hann hafði rétt að mæla, þegar hann sagði, að þetta mál væri undirbúið í mörg ár í Danmörku, fyrr en það var lögleitt, það er að segja: það hefir verið vandlega yfirvegað í mörg ár af þeim helztu lögfræðingum Danmerkur og öðrum ágætismönnum í nefnd þeirri, sem Hans Hátign konungurinn til þess hafði skipað; en frumvarp það, sem nefndin undirbjó og sem dómsmálastjórnin þar næst lét semja er lagt fyrir ríkisþingið á sama hátt og þetta frumvarp er lagt fyrir alþingi, án þess að vera auglýst almenningi; hafi hinn háttvirti varaþingmaður viljað telja þingið á aðra trú, þá hefir hann annaðhvort ekki haft þekkingu á máli því, sem hann talaði um, eða — en því get eg ómögulega trúað — ætlað að villa þingmönnum sjónir.

Forseti: Út af ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa finnst mér ástæða til fyrir mig sem forseta að fara nokkrum orðum um þetta mál. Er það meining konungsfulltrúa, að alþing hafi frjálst

ráðgjafaratkvæði eða að það hafi það ekki? Er það meining konungsfulltrúa, að konungur hafi sagt, með því að gefa þinginu ráðgjafarvald: Alþing hefir ekki leyfi til að láta í ljósi aðra sannfæring en þá, sem stjórninni er geðfelld, en ekki neina aðra, ekki frjálsa sannfæringu sjálfs sín? Eg fyrir mitt leyti er sannfærður um, að hann getur ekki haft þessa meiningu, þó svo líti út eptir orðum hans; hann hlýtur að játa, að í frjálsu ráðgjafaratkvæði liggur það, að mega játa, eða neita, eða stinga upp á breytingum við frumvörp stjórnarinnar sem fyrir þingið eru lögð. En þegar nú konungur hefir veitt alþingi fullt ráðgjafaratkvæði, þá á þetta þing einnig frjálst að láta í ljósi meiningu sína um hin konunglegu frumvörp, eins og um hvert annað mál, og hvort heldur sem vill taka þau óbreytt, eða breyta þeim eða ráða frá þeim. Það getur því ómögulega verið meining konungs nè nokkurs erindsreka hans, að þingið megi ekki láta frjálsa sannfæringu sína í ljósi, og þótt orð hans sýnist benda til hins mótsetta, þá verð eg að lýsa því yfir, að eg skal öruggur framfylgja frjálsri sannfæringu minni sem þingmaður, og þykist hafa fullan rètt til þess, þegar sannfæring mín er byggð á löglegum grundvelli. Hinn háttvirti konungsfulltrúi lèt oss heyra, að ef þingið vildi fresta máli þessu og þætti ekki þörf á að lögtaka frumvarpið fyrr en því gæti orðið verulega framfylgt, þá mundi stjórnin láta samt sem áður frumvarpið koma út óbreytt, sem lagaboð. Ef konungur vill ekki fallast á tillögur þingsins í máli þessu, þá verður, eptir þessu, spursmál um, hvort hann vill fylgja einveldi sínu svo fast fram, að hann löggildi frumvarp þetta þvert á móti atkvæði þingsins; það er auðvitað, að menn verða að beygja sig fyrir maktinni, en eg fyrir mitt leyti verð að segja, að eg beygi ekki mitt lögfullt atkvæði sem alþingismaður, meðan eg hefi á fullum rètti að standa. En þá hefir líka konungur alla ábyrgðina en ekki þingið, ef hann brýtur ráð þess á bak aptur. Það getur vel verið, sem eg hefi heyrt fleiri tala um, að það sè töluverður munur á ráðgjafarþingi og löggjafarþingi, en munurinn þarf ekki að vera stór, ef báðir landshlutarnir, sá sem hefir ráðgjafarþing, og hinn sem hefir löggjafarþing að öðru leyti eru látnir njóta jafnrèttis. Konungur getur gjört sem honum sýnist, að lögleiða uppástungur löggjafarþings eða ekki; hann getur eins gjört hvað honum sýnist, að taka til greina ráð ráðgjafarþingsins eða ekki, en hvort heldur sem er, þá held eg hann muni varla neyða lögum upp á ráðgjafarþingið þvert á móti vilja þjóðarinnar, heldur en upp

á löggjafarþingið. Mèr þykir það annars undarlegt, að slíkar ógnanir með einveldi konungs skuli koma fram einmitt í þessu máli, þar sem er um lagafrumvarp að ræða, sem byggt er á skilyrðum, er ekki eiga sèr enn stað, og ekki geta uppfyllzt fyrr en eptir nokkur ár. Það er undarlegt að stjórnin skuli segja við þingið einmitt í þessu máli, þó það ráði til að fresta lögunum, og þó að stjórnin sjálf hafi sagt, að lög þessi skyldi ekki komast í gildi þangað til þessi skilyrði eru komin í kring: Nei, nú skuluð þèr hafa lögin strax». Mèr þykir þetta undarlegt, segi eg, þar sem menn vita þó nokkur dæmi til, að stjórnin hefir áður lagt frumvörp fyrir þingið, og þingið aðhyllzt þau án allra verulegra breytinga, og þó hafa þessi sömu lög aldrei komið út frá stjórninni. Mèr finnst lýsa sèr nokkurs konar harðstjórnarsmekkur í slíkri ósamkvæmni.

Konungsfulltrúi: Eg skal að eins svara fáeinum orðum upp á það, sem hinn háttvirti forseti nú sagði. Hann spurði, hvort alþingi hefði frjálst ráðgjafarvald eða ekki? Sjálfsagt hefir alþingi frjálst ráðgjafarvald, — en eg hefi ekki með einu orði neitað því, og eg get ekki sèð, að hinn háttvirti forseti hafi haft neina ástæðu til að gjöra þetta spursmál. En eins og alþingi hefir frjálst ráðgjafarvald, hefir Hans Hátign konungurinn og stjórn hans frjálst vald til þess, þegar þingið hefir sagt álit sitt að úrskurða, hvort uppástungur þingsins geti orðið teknar til greina eða ekki, — en það var þetta, sem eg álít skyldu mína að taka skýrt fram fyrir þingið í þessu máli. — Hinn háttvirti forseti þekkir eins vel og eg, hver munurinn er á löggjafarþingi og ráðgjafarþingi, og eg skal þess vegna ekki lengja umræðurnar með því að svara nokkru upp á þetta spursmál.

Forseti: Það var eins og mig grunaði, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi viðurkenndi, að þingið hefði frjálst ráðgjafaratkvæði, en eg skildi ekki betur en hann segði, að ef þingið ekki vildi nú ræða frumvarpið að efni til, og stinga upp á breytingum við það, mundi stjórnin gjöra það *óbreytt* að lögum. Hann talaði líka um, að ef þingið rèði frá að gjöra frumvarpið að lögum, væri það sprottið af gömlum villum og öðrum iskyggilegum ástæðum. Þetta bendir til þess, að hann ímyndi sèr, að þingið láti leiðast af einhverjum ólöglegum hvötum, sem sè gagnstæðar sannindum og rètti. Eg verð alveg að vísa til baka slíkum grunsemdum frá þinginu. Eg játa, að mèr er fullkunnugt um þann mun, sem menn gjöra á löggjafarþingi og ráðgjafarþingi. En eg ætla, að þó að ráðgjafar-

þing hefði eigi lögskilinn eins háan rètt, eins og löggjafarþing, þá væri það þó að minnsta kosti sanngjarnt, ef annar hluti eins og hins sama ríkis, hefði ráðgjafarþing, en hinn löggjafarþing, að stjórnin tæki jafnt tillit til þeirra og gjörði ekki ofmikinn mun á þeim, því annars njóta þeir ekki jafnrèttis, sem þeir þó eiga.

Jón Bjarnason: Eg hèlt eins og sumir aðrir, að nú mundum vèr fá mikla rèttarbót, þegar þetta frumvarp kom, en mèr þykir heldur ætla að fara að skjóta upp öðrum hnjótum eður agnúum. Eg álít það mjög gott og heppilegt, að sakamálalögin eru komin hèr öll í eina heild, en það kom óhamingja með í spilið, að nefndin skyldi klofna í sundur og ekki verða á eitt sátt. Eg heyrði um daginn og einnig nú, hvernig hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók í mál þetta, og virtist mèr sem hann ætlaði að sýna mönnum í 2 heimana, ef við ekki gengjum inn á frumvarpið. Eg álít hann hafa sagt það í sama tilgangi, eins og þegar faðir, sem vill láta hlýða sèr, segir við börn sín: «Ef þið nú ekki gjörið þetta, þá verðið þið strýkt». Það getur ekki verið alvara konungsfulltrúa, að frumvarpinu verði skellt á oss svona strax, því það verður þó að minnsta kosti að koma áður upp tukthúsi, sem gjört er ráð fyrir í 307. grein. Stjórnin tekur það líka alvarlega fram, að hún vilji aftaka hýðingar; það er eins og hana hrylli við þeim. Eg er líka einn af þeim, sem óska helzt að þær þyrftu ekki að við hafast, úr því menn eru 16 ára. En það hefir einn af nefndarmönnunum í minni hlutanum sagt, að það mundu líða nokkrir áratugir áður en vèr fáum þessi fangahús upp, en þó vill hann að frumvarpið fái lagagildi nú strax að hausti. Eg vil spyrja: Væri það ekki undarlegt að dæma menn til hegningar sem ekki er til? (*Jón Guðmundsson*: Sóplinn). Það er einmitt það, að húsin eru ekki til sem straffið á að framkvæmast í, ekki með vendi heldur með vatni og brauði eður erfiði, en hýðingin er til sem lagaboðið á að aftaka. Þingmaður Vestur-Skaptfellinga gjörðist harðorður, og veitti þingmönnum ákúrur á síðasta fundi og lýsti því yfir, að nú væri blóðið í sèr heitt, og snerist fokreiður um á hæl og hnakka (*Forseti*: Eg vil biðja þingmanninn, að tala ekki um það framar, því forseti er búinn að svara því áður). Mèr þykir það óþarfi að bera þingmönnum það á brýn, að þeir láti teyma sig. Þetta er ekki rètt hermt, því eg veit ekki til, að þingmenn hafi gjört nein samtök til þess að bægja frá sèr frumvarpinu, þegar skilyrðin væru fengin, sem það er bundið við. Eg verð því að taka það fram, að mèr þykir hann fara að gjörast

harðorður, þegar hann hrópar vei, yfir öllum þeim, sem mæla á móti hans meiningum. (*Forseti*: Eg verð að ítreka það við þingmanninn að tala ekki meira um það, því það getur valdið óreglu, ef menn fara út í þess konar orðastríð, úr því forseti einu sinni hefir aðvarað um það. Það eru komin nógu mörg orð um það, og vil eg því biðja þingmanninn að halda sèr við efnið). Jæja, eg skal þá hlýða eins og gott barn, og víkja mèr að efninu. Það hefir mikið verið talað um þessi fangahús og hýðingarnar, í þá átt, að hýðingarnar aflegðust, en fangahúsin kæmu aptur í staðinn, sem er rèttara og mannúðlegra. Ef menn ætla því eins og að fara að leiða þær inn í þessi nýju lög, þá væri það næsta viðbjóðslegt, og þvert á móti áliti og vilja stjórnarinnar, enda held eg það sè hægt að sýna, að það sem minni hlutinn vill hafa fram, er alveg óhæfilegt. Eg skal taka eitt dæmi fram. Það hefir kvennmanns aumingi orðið sek, af því hún hefir látið tilleiðast við karlmann of opt, svo henni hefir verið sagt að víkja, en hún ekki hlýðnast. Hún verður dæmd fyrir þetta brot, eptir þessum nýju lögum í fangelsi, og veit ekki annað, en hún eigi að úttaka hegninguna með fangelsi; en þegar til kemur, þá á, eptir uppástungu minni hlutans, að fara að fletta hana klæðum og strýkja hana með vendi. Eg veit ekki hvernig sýslumaður eður lögregluþjóninn kemst út af því með góðri samvizku, og virðingu á lögunum, að framkvæma það straff, sem er gagnstætt vilja löggjafans og ákvörðun lagaboðsins, hann verður sem sè, að segja við þá brotlegu persónu: «Þetta verður nú eptir því sem á stendur að heita hegningarhús, þó það sè sópur. Eg hefi mætur á frumvarpinu og líkar það í mörgum greinum vel, en eg vil samt ekki fá það út sem lög fyrri en húsin eru komin upp, því eg vil láta hvorttveggja fylgjast að. Eg gef ekki atkvæði fyrir því, að því sè skellt upp á oss svona óviðbúna, áður en þetta verulega skilyrði er fengið. Það er heldur ekki svo langt að bíða til 1869, og þá mætti vera búið að koma upp einu fangelsi í hverju amti, og tukthúsi hèr í Reykjavík (*Ólafur Pálsson:* Það má þó æfinlega geyma sóplana í þeim).

Halldór Kr. Friðriksson: Eg skal játa það, að eg er ekki lagamaður, eins og eg játaði það um daginn, að eg væri ekki laxveiðamaður. Eins og eg sagði þá, að eg beri ekki skynbragð á laxveiðar, eins verð eg að segja nú, að mèr finnst þessi lög vera svo umfangsmikil, að eg get ekki sett mig inn í þau á svo stuttum tima. Eg skal einnig játa það, að þótt eg sè eigi lögfróður

maður, þá er eg sannfærður um, að lögin eru góð, því að það hafa þeir menn fjallað um þau í Danmörku, er trúandi er fyrir því, hinir beztu lögfræðingar þar, og all-lengi setið yfir þeim, enda hefir minni hlutinn, sem hefir gengið í gegnum frumvarpið að eins stungið upp á því nær sem engum breytingum við það, nema orðabreytingum einum, og þó eru 2 löglærðir menn í honum. En þegar eg lít á 307. greinina, þá vil eg spyrja: Hvað ætlast stjórnin til að þingið gjöri við málið? Hún ætlast til, að þingið segi um það álit sitt, og svo liggi það hjá stjórninni eigi sem lög, heldur sem frumvarp, þangað til þessi skilyrði, sem ráð er fyrir gjört í 307. greininni, eru fengin. Minni hlutinn hefir því farið lengra en stjórnin, og þykir mèr því mjög óvíst, að stjórninni geðjist betur að uppástungum minni hlutans, en meiri hlutans. Eg held menn hafi varið minni hlutann með fullmiklu kappi; því þegar hann biður um, að frumvarpið verði lögleitt að ári, fari hann í þá stefnu, sem stjórnin ekki muni samþykkjast. Breytingar þær, sem minni hlutinn hefir stungið upp á viðvíkjandi hýðingunum, liggja fyrir utan tilgang stjórnarinnar; því það liggur í 307. greininni, að frumvarpið *öðlist ekki lagagildi* fyrst um sinn; þetta verður bæði minni hlutinn og konungsfulltrúi að játa. Eg fyrir mitt leyti hefi það traust til stjórnarinnar og konungs vors, að henni mundi ekki neitt að því þykja, þótt beðið væri um að leggja frumvarpið aptur fyrir næsta þing, svo menn hefðu nægan tíma og tækifæri til að kynna sèr það, og gætu greitt atkvæði með sannfæringu; það væri að minni ætlun að eins lítilfjörleg tillátssemi, og stjórninni getur ekkert kappsmál verið, að alþingi leggi nú fullnaðaratkvæði sitt á frumvarpið. Eg halla mèr því að meiri hlutanum, því að hann vill ekki ónýta málið að neinu, og eigi svo mikið sem fresta því lengur en stjórnin sjálf, heldur er það bón hans, að málið verði lagt aptur fyrir þingið 1869.

Eg skal ekki fara neitt inn í efni málsins. Að eins skal eg geta þess, að mèr líka ekki þær breytingar, sem minni hlutinn hefir stungið upp á, því hann vill hafa lögin að hálfu leyti gild en að hálfu leyti ekki gild. En það er og annað sem mèr líkar ekki við frumvarpið og það er málið á því. Það er ekki svo að skilja, að eg vilji halla í neinu á þann heiðursmann, sem hefir útlagt það, því eg þekki hann svo, að hann bæði er svo fær í íslenzku, að hann hefði getað gjört það, svo að vel væri, og hefir líka vilja til að vanda verk sín, ef hann, hefði haft nægan tíma til

þess; það er auðsèð, að hann hefir haft of lítinn tíma og hefir orðið að flýta sèr. Það má leggja það fyrir hvern dómara sem vit hefir á því, að frumvarpið er ekki vel útlagt. Setningarnar eru víða óskiljanlegar, og svo óíslenzkulegar, sem framast má verða. Eg skal játa það, að frumvarpið er bæði að efninu til og að því er dönskuna snertir svo örðugt að útleggja, að það þarf bæði liðlegan mann til þess, og svo þarf hann að hafa nægan tíma til þess að hugsa sig um það. Það getur enginn ætlazt til, að minni hlutinn hafi getað lagað allt sem laga þarf á svo stuttum tíma. Þegar eg las frumvarpið fyrst, varð eg að fara þrisvar í dönskuna til þess að skilja íslenzkuna. Svo sem dæmi upp á óíslenzkulegar setningar vil eg nefna miðliðinn úr 46. gr., 56. og 263. greinina. En það eru ekki þessar greinar einar, sem eru svo klúsaðar, heldur miklu fleiri, og ef þingmenn óska fleiri dæmi skal eg, við ályktarumræðu málsins koma með þau. Auk þess eru það ýms orð og orðatiltæki óíslenzkuleg og óskiljanleg eins og t. d. *tilverknaður til hegningar*. Minni hlutinn hefir reyndar breytt þessu á einum stað, en þó ekki á öllum stöðum, þar sem það kemur fyrir. Eg ætla ekki að tala um orðið *vítislaus*, sem minni hlutinn hefir breytt, en það kemur líka fyrir *barsmíði*, sem hvorugs kyns orð, en það er bæði í fornu og nýju máli kvennkynsorð (*Jón Guðmundsson*: Það er líka hvorugs kyns). Eg þekki það ekki: Á einum stað stendur í 104. greininni: *Án þess að mönnum hafi verið gjörður óskundi eða á fjármunum*: og hver skilur slíkt orðatiltæki? Minni hlutinn hefir reyndar breytt þessu, en það er þá lítlu betra hjá honum. Eg álít, að frumvarpið verðskuldi það, að farið sè í gegnum það frá upphafi til enda málsins vegna. Því það er víst tilætlun stjórnarinnar og ósk landsmanna, að skilningur laganna verði eins ljós og auðið er. Það er því eigi ástæðulaust, þótt þingið bætti því við að biðja um, að málið á frumvarpinu yrði lagað og áskil eg mèr uppástungurètt um það.

Bergur Thorberg: Mèr finnst það koma hvað eptir annað fram í ræðum manna, að sumir hafa misskilið minni hlutann þannig, að hann vilji halda hýðingunum lengur, en annars yrði óumflýjanlega nauðsynlegt. En þetta er ekki svo. Uppástungur nefndarinnar lýsa því, að bæði minni og meiri hlutinn vilja fá fangahúsin sem fyrst upp. Minni hlutinn vill ekki lengja þenna tíma sem vandarhaggarefsingin helzt um 1 dag fram yfir það, sem nauðsynlegt er. Mèr virðist að vísu, að hinn heiðraði þing-

maður Vestur-Skaptfellinga hafi dregið nokkuð úr þessu í ræðum sínum, eða ekki haldið því eins fast fram, og meining nefndarinnar var, að ætti að gjöra (*Jón Guðmundsson:* Jú, eg held því sterklega fram). Eg hefi þá misskilið hann (*Björn Þórarsson*: Þvert á móti). Menn hafa verið að tala um, að það væri svo mikil vandkvæði á að löggilda frumvarpið á þeim tíma, sem minni hlutinn hefir stungið upp á. En eg get ekki séð nein vandkvæði á því. Í þeim helztu sakalögum, sem nú gilda hèr, er ákveðin hegningarvinna en ekki vandarhagga refsing; það yrði því að eins framhald af því sama, ef þetta frumvarp yrði lögleitt, en kæmi enginn nýr vandi eða vandkvæði; hegningu þessara laga yrði beitt öldungis eptir sömu reglum og hegningu hinna núgildandi sakalaga. Það er auðvitað, að sama nauðsynin er á eptir sem áður að fá upp fangahúsin sem fyrst, hvort sem þessi lög komast á eða ekki. En eg held að menn hljóti að játa, að vandarhaggarefsingin sè enn ótilhlýðilegri eptir ófullkomnari lögum heldur en eptir fullkomnari lögum. Hinn heiðraði framsögumaður hefir sagt, að það væri óslítandi samband milli hegningarinnar sjálfrar og framkvæmdar hennar; en öldungis sama samband á sèr stað milli hegningarlaga þeirra er nú gilda og straffsins, sem framkvæmt er fyrir brot þau er þau höndla um. Framkvæmd hegningarinnar verður óbreytt frá því sem hún nú er, ef menn fallast á uppástungu minni hlutans, en aðrir kostir frumvarpsins haldast eins fyrir því, hvort sem hegningarmátanum er breytt eða ekki. Aðalrèttarbót sú sem lögin veita fæst án nokkurs dráttar út í óvissu. Í Danmörku þurfti ekki að breyta hegningaraðferðinni, þegar lög þessi voru þar innleidd og þó þóttu þau þar hin mesta rjettarbót, en þetta sýnir að aðalrèttarbótin liggur ekki í breytingunni á hegningaraðferðinni. Minni hlutinn áleit að vísu að vel mætti fallast á 307. grein frumvarpsins með nokkrum breytingum, en honum þótti tiltækilegara að gjöra þessa ákvörðun, sem hann hefir stungið upp á. En hann áleit samt sem áður, að það hefði verið skylda sín að segja nú þegar álit sitt um hinar einstöku greinir frumvarpsins, eins fyrir það, þó hann ekki hefði stungið upp á, að vandarhaggarefsingin skyldi fyrst um sinn viðhöfð, heldur hefði haldið sjer við 307. grein. Eg get ímyndað mèr, eptir því sem ræður hafa fallið, að menn ef til vill, kunni að fella sig betur við 307. greinina en uppástungu minni hlutans, en án þess eg vilji falla frá uppástungu minni hlutans heldur halda henni fram, vil eg samt til vara, ef

hún kynni að verða felld, stinga upp á breytingu við 307. greina, því mèr finnst hún ekki fullkomlega ljós, og skilyrðið yfirgripsmeira en eg mundi óska, og verður hún á þá leið, að lög þessi fái ekki lagagildi fyrri en fangahúsin eru komin á, og síðan skuli stjórnin birta það. Það var einnig annað breytingaratkvæði, sem eg ætlaði að áskilja mèr við uppástungur minni hlutans; það hefir af óaðgætni fallið úr 86. tölul., því þar á að standa 157 fyrir framan 158. gr. og þarf að bæta því inn í. Ástæðurnar fyrir áliti minni hlutans sýna, að þetta hefir verið meining hans. Viðvíkjandi ræðu hins heiðraða þingmanns Dalamanna skal eg leyfa mèr að benda honum á, að hegningin fyrir brot þau, er hann ræddi um, einmitt er langtum mildari eptir þessum lögum en hinum eldri, og fellur burt fyrir ýms af brotum þeim, sem eptir eldri lögunum geta valdið hýðingu.

Jón Sigurðsson: Það er búið að tala svo margt í þessu máli, að eg held það sè í rauninni óþarfi að bæta miklu þar við. Konungsfulltrúi og hinn 3. konungkjörni hafa kastað þungum steini á meiri hlutann einkum fyrir það, að hann hafi ekki gegnt skyldu sinni gagnvart þinginu og stjórninni, en því hefir verið svarað einkum af hinum háttvirta forseta. Meiri hlutinn hefir einmitt látið skýrt og skorinort í ljósi álit sitt um frumvarpið; hann hefir játað, að það væri mikil og veruleg rèttarbót að fá lög þessi, og meira að segja, hann stingur upp á við þingið, að það biðji stjórnina um, eins og stendur í niðurlagsatriðunum, að koma fangahúsunum fyrst á fót, svo vèr því fyrri getum fengið þessa rèttarbót. Það hefði, liggur mèr við að segja, verið brýn skylda stjórnarinnar að leggja fyrir þingið uppástungu um, hvernig reisa skyldi hús þessi, og hvaðan kostnaðinn til þeirra skyldi taka, um leið og hún lagði frumvarpið fyrir það. Af öðrum, er talað hafa á móti meiri hlutanum, hefir þingmaður Vestur-Skaptfellinga verið einna svæsnastur. Hann sagði, að það væri ábyrgðarhluti fyrir þingið að svipta þjóðina svo mikilli rèttarbót, sem felst í frumvarpi þessu, en það kvað hann þingmenn gjöra, ef þèr fèllust á uppástungur meiri hlutans. En getur hann ábyrgzt það, að minni hlutinn beini málinu greiðari veg en meiri hlutinn? Getur hann ábyrgzt að stjórnin fallizt á hýðingar-uppástungur minni hlutans? Eg held ekki; því eptir því sem ráða er af ástæðunum fyrir frumvarpinu, er það aðaltilgangur stjórnarinnar með rèttarbót þessari að af nema hýðingarnar, sem óeðlilega og miður viðeigandi hegningu, og þess

vegna er sú ákvörðun sett í 307. gr. frumvarpsins, að lögin verði ekki innleidd fyrri en fangelsin eru upp komin. Mèr liggur því við að halda, að það sè óhugsandi, að stjórnin fallizt á uppástungur minni hlutans með því að þær fara í allt aðra átt, en stjórnin virðist að hafa ætlazt til. Það mun því verða sú niðurstaðan, að frumvarpið verður ekki gjört að lögum, fyrr en búið er að reisa fangahúsin, sem meiri hlutinn biður nú um að verði gjört sem allrafyrst, og þá sè eg ekki, hvað hinn háttvirti minni hluti sèr við það, að meina landsmönnum að nota þenna millibilstíma til að kynna sèr málið og setja sig inn í það, svo menn geti því öruggar greitt um það atkvæði, þegar þar að kemur. En skyldi nú stjórnin eigi að síður aðhyllast uppástungur minni hluta nefndarinnar um að halda hýðingunni fyrst um sinn, þá ímynda eg mèr, að það verði einungis til þess að fresta því, að fangahúsin komist á, því ef þingið lætur það í ljósi, að það geti unað við, að hýðingarhegningunni sè haldið eptir að lögin eru út komin, mun stjórnin eigi álíta neina brýna þörf á að flýta sèr með fangahúsin. En fallizt þingið þar á móti á uppástungu meiri hlutans, álít eg það sèrlega hvöt fyrir stjórnina, til þess að koma fangahúsunum sem fyrst upp; ef stjórninni er að segja jafn annt um að fá lögum þessum hèr inn komið eins og látið er, þá væri þetta einmitt hin mesta hvöt fyrir stjórnina til þess að framkvæma skilyrði þau, er hún sjálf hefir sett fyrir lagagildi þeirra (*Jón Guðmundsson*: Ef lögunum er frávísað?) Það liggur öldungis engin frávísun í uppástungu meiri hlutans. Eg get ekki gengið öldungis þegjandi fram hjá ákúrum þeim, er þingmaður Vestur-Skaptfellinga valdi ýmsum þingmönnum á síðasta fundi, en einkum beindi hann því að oss bændum, að vèr værum mjög svo leiðitamir við vissa þingmenn (*Forseti*: Eg vil biðja þingmanninn að fara ekki lengra út í þá sálma); eg skal ekki fara langt út í það, en eg álít það rètt hvers þingmanns að hrinda af sèr slíkum áburði með hægum orðum; þingmaður Vestur-Skaptafellssýslu sagði að bændur væru í sumum málum, og hann nefndi til sèrstaklega hjúalagamálið, svo leiðitamir við vissa menn, að þeir gætu leitt þá við einteyming hvort sem þeir vildu. Þetta finnst mèr öldungis órètt og ósæmileg ákúra gegn þingmönnum, því eg held að bæði eg og aðrir greiði frjálst atkvæði og eptir beztu sannfæringu í málum þeim, sem vèr berum skynbragð á. Þingmaðurinn dró þá ályktun út af ræðu minni um daginn, að eg mundi ætlast til að bœndur upp í sveit-

um færu að læra lög þessi, og kynna sèr allar þar að lútandi á-kvarðanir. Það var alls ekki mín meining; heldur hitt, að ef menn fengi tíma og tækifæri til að kynna sèr lög þessi, og sannfærast um, hve mikil rèttarbót felst í þeim fyrir þetta land, þegar þeim yrði að fullu leyti fylgt, mundu þau við það vinna hylli og traust almennings og þetta held eg að hafi góð rök að styðjast við.

Sveinn Skúlason: Mál þetta er svo mikið, og mèr þykir það svo mikilsvert, að mèr finnst eigi hlýða, að eg þegi öldungis um það, þó mèr líklega ekki takist að koma fram með neinar þær upplýsingar, er á sínum tíma geti haft áhrif á atkvæðagreiðsluna í máli þessu. Það gladdi mig mjög, þegar er eg sá lögin, hve miklu þau eru mannúðlegri en hin eldri lög, og svara betur til þarfa vorra tíma. Eg ber öldungis ekki á móti því, að vel sè gengið frá lögum þessum, bæði að efni og innihaldi, og að hinir frægu dönsku lögfræðingar, er að þeim hafa unnið, eigi fyrir það miklar þakkir skilið og sömuleiðis ríkisþingið. En þegar nú Danir hafi gjört lög þessi svo vel úr garði fyrir sína eigin hönd, skyldi það þá ekki vera ástæða fyrir okkur til þess að gera okkur allt far um að sníða þau svo vel, sem unnt er, eptir okkar þjóðerni og okkar þjóðarháttum. Það hefir verið tekið fram frá æðri stöð-um, að óþarfi væri að fara langt út í málið, því hèr þurfi ekki að byrja, heldur geti menn tekið frumvarpið eins og það liggur fyrir. En eg vil spyrja lögfræðingana hèr, hvort Danir muni sjálfir hafa byrjað á þessu frá rótum, hvort þetta sè allt úr þeirra eigin höfði og af þeirra eigin toga spunnið. Ætli þeir hafi ekki haft fyrir sèr lög hinna menntuðustu þjóða, Frakka, Englendinga og Þjóðverja, og tekið úr þeim það sem þeir hafa bezt fundið, og gjört síðan viðauka þá, er þeim þóttu sèr haga. En skyldi það nú ekki vera nauðsynlegt, að lögfræðingar vorir fengju tíma til að fjalla um málið; því eg held þó, að þeir mundu hafa eins gott vit á, að velja það úr lögum útlendra þjóða, sem oss hentar eins og lög-fræðingar Dana. Minni hlutinn mun ekki heldur hafa fengið tíma til að tína mikið upp úr útlendum lögum. Hann fylgir hinni gömlu og góðu reglu »jurare in verba magistri», það er að segja, ef að lögin eru góð fyrir Dani, þá eru þau einnig góð fyrir oss. En eg ætla ekki þeim þremur herrum í minni hlutanum þann dul, þó eg ætið vilji telja oss Íslendinga jafnsnalla Dönum, að þeir hafi á fáum vikum afkastað jafnmiklu og lögfræðingar Dana á 16—18 árum, og þeir mega heldur ekki ætla sèr þann dul sjálfir. Það er

eitt atriði í frumvarpinu, og hefir það að nokkru leyti verið tekið fram áður, er sýnir, að alls engi ástæða er fyrir konungsfulltrúa eða minni hlutann að leggja kapp á, að frumvarpið sè lögleitt nú, og það er 307. greinin, sem sýnir berlega, að stjórnin ætlast ekki til þess; ef hún hefði viljað flýta fyrir löggildingu laga þessara, þá hefði hún getað birt frumvarpið áður, og bundið þannig enda á sitt eigið heit í konunglegri auglýsingu, að auglýsa hin konunglegu frumvörp fyrir fram, þegar kringumstæður leyfðu; það var nóg ráðrúm til þess í þetta skipti, og ef að stjórnin hefði gjört þetta, þá væru menn nú betur undirbúnir til að ráða málinu til lykta. Þó að þetta kunni að vera hin dýrmætasta rèttarbót með breytingum þeim, sem minni hlutinn hefir á gjört, þá sè eg ekki til hvers er að berja þetta fram, meðan skilyrðin vanta fyrir því, að lögunum verði beitt. Það er öldungis mótstæðilegt anda laganna að halda hýðingunni; og þótt nú minni hlutinn fengi sínu máli framgengt, að stjórnin gjörði frumvarpið að lögum, þvert ofan í þingið, að eg vona, hvaða gagn væri þá að því að fá lög á pappírnum, sem ekki er mögulegt að beita. Það er lítið gagn að fá lög til þess að brjóta anda þeirra á hverri viku og hverjum degi; (*Jón Guðmundsson:* Vel lesið), já, það er fullvel lesið, það þarf ekki að vanda sig á að lesa minni hlutann. Í lögum þessum eru líka heilir kaflar, sem með engu móti sýnast geta átt hèr við, fyrr en vèr höfum fengið stjórnarbót, sem reyndar er vonandi að bráðum verði, og allrasízt geta þessir kaflar átt við eptir þeim skilningi, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi virðist hafa á alþingislögunum um sjálfræði vort. Þrátt fyrir það vill þó hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður taka allt þetta óbreytt, t. d. um járnbrautir, rafsegulþræði o. s. frv.; því honum er svo annt um að girða fyrir allt sem fyrir getur komið á hinum ókomna tíma. Ef að minni hlutinn skyldi verða ofan á, vil eg ráða hinum 3. konungkjörna þingmanni að bæta við loptskipum og loptbelgjum, því þau og þeir kynnu einhvern tíma geta orðið fyrir skemmdum hèr af óhlutvendni manna. Nú vil eg snúa mèr að meiri hlutanum, sem eg verð að fallast á; það er nokkuð óljóst í niðurlagsatriðunum, sem eg vildi biðja hinn háttvirta framsögumann að skýra fyrir mèr; í 2. niðurlagsatriðinu er ekki sagt, hvort fangahúsin skuli vera mörg eður einungis eitt, og ekki sèst það heldur af ástæðunum, því þar er talað um hegningahús ýmist í eintölu eða fleirtölu. Eg er samdóma þingmanni Vestur-Skaptafellssýslu um, að

ekki sè hlaupið að, að koma upp húsum þessum, og vansèð hvað vinsæl þau verði eptir uppástungum frumvarpsins, og þess vegna þyrfti stjórnin að sjá, hve mörg fangahús menn vildu hafa, og hvernig þeim ætti að haga. Áður en stjórnin byrjar að byggja hús þessi, er sjálfsagt að hún fái að vita meiningu landsmanna um, hvað mörg þau skuli vera, hvar þau skuli sett, og hvernig þeim skuli hagað.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal fyrst leyfa mèr að gjöra breytingaratkvæði við 2 og 3 niðurlagsatriði meiri hlutans, á þá leið, að fangelsi verði sett í hverri sýslu og hegningarhús í Reykjavík, og að frumvarp um tilhögun þessara húsa og kostnað til þeirra verði lagt fram á næsta þingi; og í annan stað, að frumvarpið verði aptur lagt fyrir næsta þing, lagað eptir rèttarmeðvitund Íslendinga, sèrstökum landsháttum þeirra og stjórnarskipun. Eg tek mèr þetta breytingaratkvæði, af því mèr finnst, að enn þá sè eigi fyrir borð borin sú von, að meiri hlutinn verði ofan á. Eg hefi gjört mèr far um að sjá og skilja, hver tilgangur stjórnarinnar hafi verið með að leggja frumvarpið fyrir þingið, og hefi eg aldrei getað skilið í öðru en að sá hafi verið aðaltilgangur henaar, að komast eptir, hvort alþing vildi vera á sama máli sem nefnd sú, er sett var í þetta mál hèr á landi, og skipuð var stiptamtmanni og yfirdómi landsins. En þessi nefnd komst samhuga að þeirri niðurstöðu, að frumvarpið yrði eigi fyrr að lögum ráðið, en hegningarhús væru hèr á komin. Eg hefi áður bent þeirri spurningu til þess er var í konungsfulltrúa stað, hver væri tilgangurinn, ef hann væri eigi þetta; en hann svaraði að eins, að þingið ætti að segja álit sitt um málið. Þetta hefir og meiri og minni hlutinn gjört, hvor þeirra á sinn hátt. Er það nú tilgangur stjórnarinnar að þingið *nú þegar* eigi að fallast á frumvarpið? Nei, sá tilgangur er eigi nauðsynlegur, því að hún setur skilyrði í 307. grein um fangelsin, og segir skýlaust, að frumvarpið skuli eigi verða að lögum fyrr en þau sè komin upp. Tíminn eður fresturinn er því nógur, og á eg þá að ímynda mèr, að stjórnin vilji eigi unna oss að nota þenna tíma til að bæta lögin, eptir því sem við á hèr á landi, sem mest og bezt. Nei, það get eg eigi, það vil eg eigi ætla. Þegar þessu er nú þannig varið, þá er það auðsætt, að meiri hlutinn hefir eigi í hinu minnsta tálmað nè tafið fyrir að frumvarpið yrði löggilt, og hið fyrra breytingaratkvæði mitt miðar einmitt til þess að tíminn, yrði sem stytztur þangað til

að frumvarpið nái fullu lagagildi. Hver er þá tilgangur stjórnarinnar, ef eigi sá er nú hefi eg lýst? Að flýta sér að leggja frumvarpið fyrir meðan þingið er ráðgjafarþing, svo hún gæti gjört það að lögum hvað sem vèr segjum? Nei, þann tilgang megum vèr eigi ætla henni að fyrra bragði. Stjórnin spyr þá eiginlega þingið, hvort það vilji svo sem hún sjálf, hafa fangelsin og hegningarhúsið sem fast skilyrði? Meiri hlutinn segir já, og er þannig samdóma stjórninni og hinni háu lögfróðu nefnd, er sett var hèr í Reykjavík til að segja álit sitt um málið. En hvað segir nú minni hlutinn? Hann segir, eg vil að vísu eigi afbiðja fangelsin, en eg vil eigi hafa þau fyrr en við tíma og tækifæri. Hinn virðulegi þingmaður Vestur-Skaptfellinga vill halda hýðingunum af alefli; hann segir að þær séu svo ódýrar og svo handhægar, en fangelsin sè ekkert keppikefli, þau kosti skildinginn, og svo sè flutningur sakamanna til þeirra svo dýr og óhentugur. Þetta er og að nokkru leyti satt, ef eigi væri til nema sitt fangelsi í umdæmi hverju. En nú hefi eg stungið upp á sýslufangelsum, og álít eg þau nauðsynleg, því fyrst er það, að þá mundi kostnaðurinn við flutning sakamanna eigi verða tilfinnanlegur, og í annan stað er hin fyllsta nauðsyn á, að varðhald sè hjá hverjum sýslumanni, og má hafa fangahúsin með fram til þess. Það er sannarlega hneykslanlegt til þess að vita, að morðingjar og stórþjófar skuli ganga lausir sem frjálsir menn, vera í vist hjá bændum og enda hjá sjálfum sýslumönnum. Þeir sem þekkja nokkuð til dómprófa, þeir geta og borið um, hve hentugt það er að geta aldrei stungið þess háttar köllum inn. Það er því ljóst að minni hlutinn færist miklu fjær tilgangi stjórnarinnar en meiri hlutinn. Stjórnin segir, eg tek það aptur upp, viljið þèr hafa frumvarpið? En eg vil að það hvíli þar til fangelsin eru komin upp? Meiri hlutinn svarar: Eg vil það hvorttveggja; eg vil fá þau sem fyrst, og því vil eg flýta fyrir því að fangelsin komist á, eður að skilyrðin fáist, en gefðu okkur á meðan dálítið af þessum hvíldartíma frumvarpsins. Hvíldartíminn er nógu langur, leyfðu því að frumvarpið hvíli sig hjá oss til næsta þings, svo vèr getum hugsað oss enn betur um, svo þjóðin og hinir reyndu og lögfróðu menn landsins geti lagt sinn góða skerf til þessara laga, er sjálf í aðalefninu eru svo góð, en svo áríðandi er að verði sem allra bezt.

En minni hlutinn er eigi að eins í mótsögn við stjórnina, heldur og í beinni mótsögn við hina háu nefnd í Reykjavík, er áður fjall-

aði um málið. Þegar að er gætt, þá hefir stjórnin eiginlega eigi fallizt á nokkra merkilega uppástungu nefndarinnar nema þá um fangelsin. Stjórnin hefir eigi fallizt á að breyta 9—11. 15. kap. laganna, svo sem hin háa nefnd fór fram á. Lesum ástæður hennar á 79. bls., þær eru þannig: »þá er það á hinn bóginn vafalaust, að grundvallarlögin 5. júní 1849 og, yfirskoðun þeirra 28. júlí 1866 *eru í gildi á Íslandi í öllum þeim málefnum, sem eru sameiginleg með Íslandi og Danmörku*«. Vill nú minni hlutinn fallast á þessa skoðun? Vill hann vekja upp aptur skoðun þess manns að nokkru eður öllu, er vildi troða oss og kúga inn undir grundvallarlögin dönsku, er vildi í einu orði afmá öll vor landsréttindi? Honum var þá svarað svo ágætlega af þeim manni, er nú stýrir fundum vorum hèr, að rit það mun jafnan lifa í brjóstum allra Íslendinga, meðan þar lifir nokkur neisti af þjóðerni og þjóðfrelsi. Dirfist þá nokkur hèr í þessum sal að gjöra sitt til að vekja upp aptur þessar hugmyndir, er vèr hugðum og óskum að sè fyrir löngu dauðar? Allra sízt hugsaði eg, að formaðurinn í stjórnarbótarnefndinni vogaði sèr að gjöra það. Stjórnin hefir eigi fallizt á hvinnsku-hugmyndir nefndarinnar, og má það vera mikil skapraun, eigi sízt fyrir stiptamtmanninn, sem með þessari uppástungu sinni hefir sýnt ljóslega, hve fljótur hann er að komast inn í rèttarmeðvitund þjóðarinnar og lögvenju hèr á landi. Mèr liggur við að kenna í brjóst um stiptamtmann, ef þingið ætlar að verða stjórninni samtaka í því að ónýta ástæður hans fyrir þessu mikilvæga atriði. Það er sannarlega eigi gustuk, það tekur tárum, þegar minni hlutinn ofan á allt þetta verður öndverður Reykjavíkurnefndinni í því að afnema hýðingarnar, það er eins og hann sè eigi í rónni fyrr, en hann hefir ónýtt gjörsamlega allar merkisuppástungur þessarar háu nefndar. En þó er eigi hèr með búið; minni hlutinn læðir hýðingunum svo laglega inn í frumvarpið, að konungsfulltrúi sjálfur virðist enda að leiðast í þá villu, að fallast á þær. Hann sèr eigi hina miklu mótsögn, sem hann kemst í við stiptamtmanninn; en það þori eg að segja, að finni hanu stiptamtmann hèr á eptir, þá er stiptamtmaður í standi til að verða æfur við hann, þegar hann frèttir að hann hafi »verið með í spilinu», að ganga í mót öllum uppástungum sínum.

En hví vilja menn hýðingarnar? Það er sem komi hrylling í mig allan, þegar eg hugsa til þess, að menn vilji halda fram hýðingunum. Eg játa einlæglega, að eg get eigi skilið í því að þetta

þing, er hefir til meðferðar stjórnarbót vora, er biður um löggjafarvald í öllum íslenzkum málum, skuli finna það samboðið virðingu sinni og landsmanna að halda áfram hýðingunum. Gætum að hvers vegna hýðingar hafa tíðkaðar verið hèr á landi fram á þenna dag. Stjórnin hefir optar en eitt sinn játað, að þær væri óeðlilegar og ófærar. En hví hefir hún þá haldið þeim? Er það vegna kostnaðarins? Það getur varla verið, því að fangelsi í hverri sýslu kostar naumast meira en um 300 rd., því að fangelsið þarf eigi að vera stórt og með fáeinum herbergjum. Eður er það af því, að henni hafi þótt hýðingarnar nógu góðar handa Íslendingum, hýðingarnar, sem hvergi eru viðhafðar í nokkru öðru menntuðu landi sem almenn hegning? Eg skal eigi leysa úr þessari spurningu; en geta má sèr til, að stjórnin hafi viljað halda þeim sem sýnilegu merki sinnar *landsföðurlegu* stjórnar á oss börnum sínum, þó eg eigi geti verndað atvinnuvegi yðra fyrir áhlaupum útlendra fiskimanna, þó eg eigi geti varið dómhelgina gegn þeim, þá eru þèr samt mín kæru börn, og hèrna er vöndur í minni landsföðurlegu hendi sem augljós vottur er lýgur sízt. Vilja nú þingmenn sjálfir játa, að hýðingarnar sèu mátulegar handa oss, að vèr sèum enn eigi upp úr þeim vaxnir, og því sè eigi kostandi upp á fangelsin handa oss? Eg vona að þingmenn vilji eigi játa þessu, heldur að þeim finnist það heldur en eigi mótsögn, að formaður nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu skuli vera helzti forvígismaður flenginganna. En hví vilja menn þá halda hýðingunum? Er það fyrir fegurðarsakir? Hinn virðulegi þingmaður Dalamanna hefir svo fagurlega sýnt fegurð þeirra með dæmum (hlátur), og við það vil eg engu bæta. Hinn háttvirti framsögumaður hefir sýnt, og það er annars játað af öllum, að þær sè óhafandi sem hegning, svo varla getur nokkur haldið upp á hýðingarnar fyrir þessar sakir. En er það þá fyrir heiðurs sakir, að menn vilja halda hýðingunum? Nei, svo úrættaðir erum vèr þó eigi orðnir, það munum vèr allir játa; en þá verðum vèr og allir að játa, að vèr erum eigi vítalausir, ef vèr gefum atkvæði fyrir því, að halda þeim einn dag undir hinum nýju sakalögum. Hýðingunum var framhaldið með tilskipun 24. jan. 1838, og þá var oss heitið að þær skyldi standa að eins um stund. En síðan hefir ekkert verið gjört til að afnema þær, og hversu lengi mun loforð þetta standa óuppfylt? að eilífu, eptir því sem enn hefir gengið. Þess vegna megum vèr eigi ganga á sama lagið sem gengið var 1838, og eigi heldur gefa stjórninni tilefni

til að gjöra það. Þessa vegna hefi eg stuugið upp á, að lagt verði fram á næsta þingi frumvarp um tilhögun fangelsa þessara og kostnað til þeirra jafnframt frumvarpi þessu. Þegar frumvörpin verða þannig samferða, þá getum vèr þannig sagt við alþýðu: hèrna er gott frumvarp til almennra hegningarlaga, stjórnin og vèr viljum gefa þèr það sem lög, og það eru mjög góð lög, en þau kosta skilding, þú verður að koma upp fangelsum, annars færðu þau eigi. Eg er viss um, að hún vill vinna það til, þegar hún er nú búin að sjá frumvarpið, og veit að hún fær eigi lögin með öðrum kostum. Þessi aðferð herðir á þjóðinni til að fá fangelsin, og hún herðir líka á stjórninni að efna sitt forna loforð, sem hún hefir enn gjört að fullu skilyrði laga þessara, að koma upp fangelsunum. Þessi uppástunga mín er því þýðingarmikil, næsta nauðsynleg og í fullri samhljóðun við tilgang stjórnarinnar.

Eg segi nú fyrir mig, að mèr þykir vænt um að fá hegninguna við vatn og brauð. Þetta kann að vera af því að eg er prestur, með því að eg veit að þessi hegning var höfð hèr af katólsku byskupunum, þeir dæmdu mönnum þurrföstur og vatnsföstur og karínur, en aldrei hýðingar. Þess vegna hugsaði eg, að sá maður er finnur hið göfgasta byskupablóð renna í æðum sèr mundi verða bráðólmur í að afnema hýðingarnar en fá hegningu við vatn og brauð fremur öllu. En verður er varir og eigi varir.

Nú hefi eg lýst yfir áliti mínu skýlaust á þessu máli, því að eg álít það rètt að tala eptir sannfæringu sinni eigi síður í þessu máli en öðru. Enda hygg eg það vafalaust, að alþingi hafi fullkominn ráðgjafarrètt í sakamálum. Í þessari grein vil eg skýrskota til auglýsingar konungs til alþingis 1847, þar segir svo (II. 7.): »Þar sem vort trúa alþingi hefir með þegnlegri lotningu beiðzt þess, að almenn hegningarlög, þau er, birt eru í Danmörku, verði borin undir alþingi áður þau sè lögleidd á Íslandí, skulu þingmenn vita, að eptir því sem fyrir er mælt í 4. grein tilskipunarinnar — á að vera 28. maí 1831, samanborinni við 1. grein tilskipunarinnar — 8. marz 1843, munu *eigi nein lög* sem birt eru í Danmörku um sókn og hegningu óbótaverka, *verða lögleidd á Íslandi framvegis, nema þau hafi áður verið borin undir alþingi vort,* en það er misskilningur, er menn hafa áður efazt um þetta o. s. frv. Þess skal eg enn fremur geta, þó þess þurfi varla, að dómsmálastjórnin segir í brèfi sínu til stiptamtmanns 2. júní 1848, að tilskipun 16. nóvbr. 1836 fyrir Danmörku um fangelsis-

hegning til að afplána fèsektir, að hvorki þessi nè nokkur önnur dýflissulög Dana eigi verði leidd í lög hèr á landi »fyrr en alþingi hafi sagt um það álit sitt, með því að slík lög eigi að leggja fram á alþingi«. Af þessu er ljóst ráðgjafaratkvæði þingsins í sakamálum.

Að lyktum vil eg leyfa mèr að benda þeim, er brýna oss svo fast á því, að þingið sè að eins ráðgefandi, og þurfi því eigi að fara eptir ráðum þess og tillögum, til inngangsins að tilsk. 28. maí 1831; þar kemst sjálfur gjafari ráðgjafarþinganna þannig að orði: »Til þess að gjöra oss og eptirrennurum vorum auðið, að *fá ætíð hina áreiðanlegustu þekkingu um allt það, er vorri kæru og trúföstu þjóð mætti vel í þarfir koma*«. Konungurinn játar sjálfur, að sá sè tilgangur sinn með stofnun ráðgjafarþinganna að fá hina *áreiðanlegustu þekkingu* af munni þingmanna; hvernig getur þá nokkur viljað bera þetta konungs vottorð til baka, með því að segja: Alþingi hefir eigi vit á málinu heldur stjórnin ein, og lætur því lögin koma út, hvað sem svo þingið segir. Ætli slík orð og hótanir sè í samhljóðun við orð konungs, er fylgja rètt á eptir: »og til þess jafnframt að hnýta þau bönd enn fastara er tengja konungsættina við þjóðina«? Nei, engan veginn. Eg skal geyma þessi konungsorð í brjósti mèr, eg skal treysta þeim í þessu máli og öðrum.

Eiríkur Kúld: Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga svaraði flestu því sem eg vildi hafa svarað, og bar upp viðauka-atkvæði það sem eg vildi hafa upp borið, um að stjórnin legði frumvarp fyrir næsta þing um það, að koma á fanga- og hegningarhúsum. Út af því sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram, móti því, sem eg sagði viðvíkjandi því, að eg vildi, að lögum þessum yrði ekki dembt svona á, án þess að menn hefðu nógu langan tíma til að kynna sèr þau til hlítar, þá hefir hinn háttvirti þingmaður Norður-Þingeyinga svarað því, en þó vil eg bæta því við, með tilliti til þess jafnrèttis, er eg gat um, að eg álít það sjálfsagt að þjóðin í Danmörku hlýtur að hafa fengið nokkurn pata af því sem var þar til meðferðar milli fróðustu og merkustu lagamanna í samfleytt 16 ár, áður en málið var lagt fyrir ríkisþingið, og að málið hafi verið svo lengi í undirbúningi veit eg fyrir víst, því það er tekið fram í ástæðum frumvarpsins. Af því fáa sem eg gat hent úr ræðu þingmanns Vestur-Skaptfellinga, sem bæði var löng og klúsuð, gat eg skilið það, að hann hnjátaði í mig og þingmann

Rangvellinga, og í annan stað það, að hann vildi lögleiða lögin með breytingum minni hlutans, og þó jafnframt eigi lögleiða, því ef hann vill lögleiða frumvarpið allt, þá er sjálfsagt, að 307. gr. er líka lög, og ef hún er lög, fá lögin ekki lagagildi fyrr en uppfyllt er skilyrðið, sem þar er sett nefnilega fangahúsin komin upp. Eg hefði því viljað ráða honum heilt, og biðja hann að taka sèr breytingaratkvæði við 307. grein, en nú þarf þess eigi, með því að hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður hefir gjört það. Þingmaður Vestur-Skaptfellinga hefir í fyrrakvöld líklega haldið að eg annaðhvort eigi nennti eða gæti komið boðum til hjáleigubóndans á Helgafelli; en þar skauzt honum, því eg hefi nú síðan ráðfært mig við hann og á nú að bera kveðju, bæði lögfræðingnum Jóni Guðmundssyni og ritstjóra Þjóðolfs, og segja honum, að úr því honum þótti óþarft breytingaratkvæði mitt í fyrra kvöld, þá ætti hann að láta birta í Þjóðólfi glöggva skýrslu um það, hver lög með þessum lögum væri úr lögum numin, því þótt lögfræðingurinn Jón Guðmundsson viti það, þá taldi hann sjálfsagt, að þeir mundu margir er eigi vissu það; en þessa skýrslu ætlaði hjáleigubóndinn mundi verða, að minnsta kosti fullt eins þarflega og fróðlega, og koma sèr betur en margar hverjar pontulýsingar í Þjóðólfi.

Jón Pètursson: Eg ætla hvorki að tala um meiri hluta nè minni hluta. Ef meiri hlutinn skyldi falla, þá vil eg leyfa mèr að gjöra nokkrar breytingar við frumvarpið; eru þær sumar orðabreytingar, en sumt efnisbreytingar. Orðabreytingar gjöri eg að eins, þar sem frumvarpið er öldungis óljóst, eða og ekki fyllilega rètt útlagt; minni hlutinn hefir nú gert margar orðabreytingar, og get eg fallizt á sumar, en sumar ekki, með því að þær ekkert upplýsa, og ekki eru til annars en að punta upp málið, en það yrði samt víst margt eptir, er laga þyrfti, ætti það að verða fallegt.

Við 4. gr. «þar á landi» vil eg breyta í «hèr á landi, eða «á Íslandi».

Í 5. gr. vil eg breyta «með landráðum» í «í landráðum».

6. gr. «þar» falli burtu.

Stiptsyfirvöldin og landsyfirrèttirnir stakk upp á, að 6. og 7. grein hefðu sæta skipti; en stjórnin þóttist eigi geta fallizt á það, vil eg þá ekki fara því fremur á flot, en nú bæta aptan við 6. grein, »ef brotið heyrir undir 4. eða 5. grein, en annars eptir lögum þess landsins, hvar hegningin er mildari«; þessi breyting held eg sè fyllilega rètt.

8. gr. vil eg að falli burt, því að í dönsku lögunum er ekkert tilsvaranda, og þarf því ekki hèr, ef þess þarf ekki í þeim, úr 18. gr. vil eg fella »ríkisfangelsi« og að 28. gr. falli burt og allur fyrri hluti 29. greinar.

40. gr. hefir áhrif á sjálfræði; eg vil hafa frjálsræði.

10. gr. *rèttara,* í gömlu tungumáli þýðir rèttari dómara eður sýslumann hjá oss, en í frumvarpinu er auðsjáanlega átt við lægri rèttarþjóna.

11. gr. *dregi* yfir ætti að vera dylur.

12. gr. þar við bið eg menn athuga, að á Íslandi eru þjófaleitir og hafa viðhaldizt frá fornöld og eru þær hèr, þar sem ekkert er um lögreglubjóna, hið einasta ráð til að koma upp þjófnaði. Þó eg nú álíti, að greinin sè fyllilega rèttlát í sjálfu sèr, vil eg því bæta við hana: »Þó má láta leita þjófaleit, ef nauðsyn krefur, eins og venja hefir verið».

136. gr. sem manni er trúað fyrir, «manni» er í þessu sambandi rangt og á að vera embættismanni.

139. gr. skil eg svo, að hún hljóði að eins um póstmeistara og aðra, sem áþekk embætti hafa; en ekki um bændur eður þá embættismenn, sem hafa allt önnur embætti á hendi, svo sem presta, þó þeir opni pósttösku; fyrir þessu vil eg hafa hegninguna hálfu minni.

148. gr. »vegna þess sem er hans og málspartanna milli», þar virðist mèr betra að setja, »vegna stöðu hans til málspartanna».

176. gr. Í Danmörku verða menn sjálfs síns ráðandi 18 vetra, en hèr á landi 16; mèr virðist hèr ætti að standa 16 ára en ekki «18 ára».

Í 186. gr. vil eg hafa aðra orðaskipun.

191. gr. »undirlagt ráð», en betra er víst með yfirlögðu ráði, eður með ráðnum huga.

198. gr.: »Ef að lífi þess — búin af því», ætti víst að vera: »ef það eigi hefir valdið lífi eður heilbrigði hlutaðeigenda hættu».

206. gr. lemstrar fyrir limlestir.

212. gr. Þar vildi eg bæta «ólöglega» inn í fyrir framan «neyðir», því manni verður þó eigi hegnt fyrir það, þó maður ógni barni sínu hörðu, ef það ekki gegnir.

237. grein orðist þannig: «Ef hluturinn, sem tekinn er, nemur minna virði en 2 rd., og engin þau atvik eiga sèr stað, sem

nefnd eru í 331 gr., þá er það hvinnska, og varðar brotið sektum allt að 25 rd., opinber málssókn» o. s. frv. Upp á líkri grein hafði stiptamtmaðurinn og landsyfirrèttarinn stungið, en ástæður stjórnarinnar fyrir því að hafna þessari grein finnast mèr með öllu ónægar.

238. gr. Þar vil eg bæta aptan við: «Nú tekur maður annars manns hlut, og er þá vítalaust».

258. gr. Eptir orðin: «253. grein» bætist inn í: «að skaðinn eigi nemur 2 rd., skal brotið að eins sæta sektum allt að 25 rd.».

270. gr. «Valdsbrèf» vil eg breytist í «umboðsbrèf». Það orð er tíðkanlegt í málinu.

307. gr. «Og veitist stjórninni — um þann tíma» vil eg breyta í: «og verður þá kunngjört með konungsúrskurði nákvæmar um þann tíma». Því mèr sýnist, að konungur einn eigi að ákveða, hve nær lögin eigi að ná gildi, og fara eigi að dæma eptir þeim.

9.—11. og 15. kapítuli og eins 110. gr. og 231. gr. nr. 2, vil eg eigi komi út sem lög, nema því að eins, að Ísland fái sèrskilda stjórnarbót og almennt trúarbragðafrelsi; en að stjórnin annars láti leggja fyrir næsta þing nýtt frumvarp um þessi málefni, sniðið eptir því stjórnarformi, sem nú er. Eg skal og geta þess, að mèr virðist að hegningin í fyrsta lið í 77. greininni eigi að vera, eins og Reykjavíkurnefndin stakk upp á, meðan engin herþjónustuskylda er hèr, og alls engin hegning á meðan svona stendur, sem nú, lögð við því, sem stendur í 2. lið þessarar greinar.

Pètur Guðjónsson: Það er sèr í lagi 307. grein frumvarpsins, sem gjörð hefir verið að umtalsefni, og finnst mèr mikill misskilningur á henni hafa lýst sèr í ræðum manna. Meiri hluti nefndarinnar hefir skoðað hana sem lagastað, er sjálfsagt væri að fylgja, og hvorki mætti víkja frá til hægri nè vinstri handar, en ekki sem uppástungu frá stjórninni, er lægi undir áliti og breytingum þingsins, sem hún þó sjálfsagt gjörir eins og hver önnur grein frumvarpsins. Eg skil ekki, hvers vegna allt af er verið að berja menn um eyrun með þessari grein, því ef það er viðurkennt, að hún liggi undir breytingar þingsins, eins og hver þingmaður hlýtur að viðurkenna, fellur það allt um sjálft sig sem út af henni hefir verið deducerað eður út frá hennar orðum leitt gegn frumvarpinu. Það er annað atriði, sem eg vildi líka taka fram, þó það hafi verið komið við það frá konungsfulltrúastólnum,

en að mèr fannst ekki nógu ljóslega, á kveldfundinum í fyrradag, sem sè að ef frumvarpið fær ekki lagagildi hið bráðasta, þá komist dómstólarnir íslenzku í skakka stöðu við hæstarètt. Afleiðingin verður nefnilega, að hver glæpamaður sem hefir einhverja njósn af lögum þessum, skýtur máli sínu til hæstarèttar, hæstirèttur mun nú að vísu eptir sem áður dæma eptir hinum gildandi lögum Íslands, en á því þykir mèr enginn vafi, að hann jafnframt muni biðja sakamönnum náðar konungs, þegar sakamenn verða harðara úti eptir vorum gömlu lögum, en þeir hefði orðið eptir þessum lögum. En hvað fá nú dómstólarnir hèr á landi, og sèr í lagi landsyfirrètturinn upp úr þessu? Það segir sig sjálft, að ef því fer lengi fram, missa þeir alveg álit sitt hjá landsmönnum (*Sveinn Skúlason*: Af því þeir dæma eptir íslenzkum lögum?) nei! heldur fara menn þá að heyra þetta: Ekki höfðu þeir blessaðir betur vit á því arna; þarna flöskuðu þeir laglega á því, hvað lög eru, o. s. frv. Það er þegar nú farið að örla á því hèr, að sakamenn appellera, mèr liggur við að segja, hverju skitiríi. Þannig appelleraði einn í vetur til hæstarèttar, sem dæmdur var fyrir smá-þjófnað til þess að þola vatns og brauðs hegningu í 2svar 5 daga, líklega af því hann hefir komizt á snoðir um, að hann eptir þessum lögum gæti, ef til vill, sloppið með litla sekt. Eg get því ekki sèð betur, en að hverjum muni verða að skiljast það, að þessi óhappa afleiðing mun af því verða, ef frumvarpið ekki verður lögleitt sem fyrst. Þá hefir líka sú mótbára komið fram, að ekki væri nægur tími til að lesa lögin og átta sig fullkomlega á þeim, og einn af meiri hlutanum, hinn heiðraði framsögumaður sagði, að þó hann væri allt sitt líf mundi hann ekki endast til þess (*Jón Pètursson*: Framsögumaður hefir víst ekki sagt það), jú, en þá veit eg ekki, ef svo er, hvort þessi svokallaða generalhýðing verður fremur hjá minni en meiri hlutanum; því ef framsögumaður getur ekki komizt í skilning um lög þessi alla sína æfi, þá mun það dragast fyrir einhverjum fleiri, þá er það líka auðsætt að menn verða jafnnær í þekkingunni á þeim á næsta þingi, fresta þeim þá aptur af þessari ástæðu o. s. frv. þing af þingi. Mèr þykir því enginn efi á, að það sè rèttast að fara að eins og hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður, að stinga upp á þeim breytingum, sem nauðsynlegar þykja við frumvarpið, en ekki að kasta því svona alveg út í bláinn.

Sighvatur Árnason: Það er nú flest búið að taka fram af

því, er eg vildi sagt hafa; einkum hefir hinn heiðraði 5. konungkjörni þingmaður gjört það. Hvað ágreining þann snertir, sem er í milli hins hæstvirta konungsfulltrúa eða stjórnarinnar og meiri hlutans, þá held eg að hann sè meiri í orði en á borði. Meiri hlutinn fer fram, á að lögunum verði frestað einungis þann tíma, sem stjórnin sjálf stingur upp á, að fresta gildi laganna, þangað til skilyrðunum fyrir þeim sè fullnægt, svo það er langt frá að hann vilji kasta frumvarpinu út í bláinn, eins og sumir þingmenn hafa sagt, heldur þvert á móti í raun og veru aðhyllzt frumvarpið, en viljað þar með gefa landsmönnum kost á að yfirvega það betur á meðan það getur ekki orðið að lögum hvort sem er. Eg get ekki skilið, hvernig það getur verið góðri stjórn ógeðfellt, að veita þegnum sínum tíma til að skoða og yfirvega rækilega mál það, sem hún sjálf hefir skotið á frest til þess, að fá það sem bezt úr garði gjört og geta veitt því fullnustu. Eg sagði um daginn, að mèr þætti frestur þessi dýrmætur fyrir þingið og þjóðina til að yfirvega málið; út af því dró hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga þá ályktun, að eg vildi spyrja mig fyrir hjá hjáleigubóndanum á Murnavelli; en þar er nú enginn bóndi (*Jón Guðmundsson:* Eg vissi það). En eg verð að segja þingmanninum það, að ekki einasta í mínu kjördæmi, heldur og víða um land eru margir svo skynsamir og góðir menn, bæði æðri og lægri, að þeir mundu margt gott geta til lagt; þó að þeir kunni ekki að hafa einir vit á öllu því, sem fyrir kemur; að minnsta kosti hafa þeir ekki látið það í ljósi, hvorki í ræðum sínum nè heilum eða halaklipptum ritgjörðum, eða borið bændum þingsins það á brýn, að þeir sèu svo staðfestulausir, að þeir láti teyma sig á eyrunum, (*Forseti:* Nú fer þingmaðurinn út í gamla sálma, sem eg bið hann forðast), eg skal ekki fara lengra út í þetta, ef mönnum sýnist það hafa þá stefnu. Þingmaður Gullbringusýslu sagði á þá leið, að menn vildu kasta frumvarpinu út bláinn; þetta er öldungis ranghermt, þar sem búið er að taka það ýtarlega fram, að enginn ætlast til að þetta tefji fyrir málinu, heldur einungis til að geta yfirvegað það á meðan það fær ekki löggilda þýðingu hvort sem er. Hann hèlt líka að dómstólar vorir mundu missa álit sitt af því, að konungur náðaði samkvæmt dönskum lögum; eg hèlt þó að þingmaðurinn mundi vita, að konungur náðar ekki eptir lögum heldur eptir einkarètti sínum.

Jón Hjaltalín: Af öllum þessum umræðum, hefi eg ekki get-

að sannfærzt um annað, en að minni hlutinn hafi rètt að mæla. Eg get ekki sèð að það sè neitt vandaverk þar sem 5 lögfræðingar eru á þingi og 4 þeirra í nefndinni að ráða máli þessu til lykta með því að gjöra breytingar þær sem þurfa þykir á lögunum. Þingið finnur það að við minni hlutann, að hann haldi hýðingunum, en má eg spyrja? Gerir meiri hlutinn það ekki líka, er hann vill fresta lögunum, hamingjan veit hvað lengi. Aðrar mótbárur hafa líka komið fram, en þær hafa verið á litlu byggðar. Það hefir verið talað um, að menn hafi ekki getað kynnt sèr lögin, en það held eg minni hlutinn hafi gjört, því allir í honum eru lögfróðir menn. Vèr verðum að varast allt það, er getur rýrt álit þingsins í augum stjórnarinnar og þjóðarinnar. Vèr erum skyldugir til, þegar stjórnin óskar þess, að segja álit vort, hvort sem vèr viljum fallast á uppástungur hennar eða ráða frá þeim; eg vèk frá frumvarpi stjórnarinnar í hundamálinu, sem svo er kallað, og efast ekki um, að stjórnin taki vel breytingum mínum, og heldur ekki, að hún nú taki vel breytingum þeim sem minni hlutinn stingur upp á. Það er satt, að æskilegt væri að fá hegningarhús sem fyrst, þó ekki væri til annars, en að setja vitstola menn inn í þau; eg segi fyrir mig, eg hefi opt orðið feginn að láta skjóta hèr inn mörgum, sem hætt var við að dræpu sig eður aðra, en það lítur ekki út fyrir, að vèr fáum þau svo fljött, og ekki mun það flýta fyrir þeim, að stjórnin fær ekki að vita álit þingsins um málið. Það var einu sinni flakkari, sem hafði þá venju, að beiðast gistingar snemma dags; er honum var sagt, að hann hefði nógan dag til næsta bæjar svaraði hann, að hann ætti hvorki daginn nè næsta bæ, eins getum vèr sagt; vèr vitum ekki hvort málið kemur fyrir næsta þing. Þingtíminn er nú þegar liðinn, og get eg ekki láð konungsfulltrúa þó hann verði tregur á að lengja þingtímann þegar málin eru ónýtt svona (*Sveinn Skúlason:* Það er misskilningur, að málið sè ónýtt). Jú menn segja: Hvað gjöra þeir, hvað liggur eptir þá? Ef það er satt sem sagt er, að meiri hlutinn hafi þegar á 1. eða 2. fundi afráðið að gjöra ekkert við málið, þá hefir hann ekki gjört skyldu sína; það er skrítið, þegar máfið hefir verið lagt fyrir stiptamtmann, landsyfirrètt og þingið, að segja, að menn geti þó ekkert um það sagt. Eg held að mikið sè sem laga þarf, og sannfærðist eg um það af ræðu hins háttvirta 4. konungkjörna þingmanns. Meiri hlutinn kemst í hina berustu mótsögn við sjálfan sig, þar sem hann játar að lögin sèu ágæt, en vill þó fresta þeim

ótakmarkað. Eg ætla ekki að fara að verja minni hlutann; hann getur það sjálfur; það er sagt, að málið eigi sè svo slæmt á frumvarpinu; nei, hèr sitja hinir beztu íslenzku málfræðingar; eg skil ekki annað en þeir hefðu getað gjört eitthvað við það núna í tvo mánuði. Eg held það sè ekki eins slæmt og orð er á gert; eg held að þeir sem kunna íslenzku skilji það; eg fyrir mitt leyti gjöri nú ekki svo mikið úr þessum mun, ef allt skilst; íslenzkunni er ekki vandara um en öðrum málum með að taka upp framandi orð, og vil eg ekki fresta góðu máli fyrir þá skuld. Þingmaður Borgfirðinga vildi endilega fá vatns- og brauðshegninguna; eg held að megi segja um það, að sá segi mest af Ólafi konungi sem hvorki hefir sèð hann nè heyrt; eg efast um að honum þætti það betra ef hann reyndi en hýðing, að sitja upp á vatn og brauð (*Jón Bjarnason:* Ekki þótti Saura-Gísla slæm vistin). Hinum helztu læknum kemur saman um, að ef menn sèu sviptir fæðu í 48 tíma geti það verið mjög hættulegt fyrir líf þeirra og heilsu; í Danmörku hafa menn orðið að taka menn út eptir 56 tíma, af því lífi þeirra hefir verið hætta búin; og víst er það að til eru þeir sjúkdómar, er vatns- og brauðshegningin gjörir banvæna, og má það því ekki við hafa nema læknir sè viðstaddur (*Sveinn Skúlason:* Eru þá hýðingar hollari?) já, eins og þær hafa tíðkast, held eg þær sè ekki hættulegar. Meiri hlutinn þarf annars ekki að tala úr flokki, því hann hefir ekkert gjört til þess að afnema hýðingar (*Forseti*: Það hafa margir óskað að umræðunum verði hætt, og væri því gott, að þingmaðurinn væri ekki margorður). Eg skal ekki vera það, en eg vil biðja þingmenn hugsa vel um hvað þeir gjöra.

Forseti: Það hafa nú svo margir óskað, að umræðunum verði hætt, og hafa þrír þingmenn gjört það með fyrirvara, nefnilega, þingmaður Árnesinga og hinn 4. og 5. konungkjörni þingmaður, að mèr skilst til þess, að geta komið með breytingaratkvæði, eg vil þess vegna skjóta því til atkvæða þingmanna, hvort hætta skuli umræðunum.

Var þá gengið til atkvæða, og var það samþykkt með atkvæðafjölda, að hætta skyldi umræðunum með þeim fyrirvara, að nokkrir þingmenn mættu hafa leyfi til að áskilja sèr breytingaratkvæði í stuttu máli.

Benidikt Sveinsson: Eg vildi áskilja mèr og meiri hluta nefnd-

arinnar rètt til að taka það breytingaratkvæði við meiri hlutann, að 1. niðurlagsatriði fulli burtu en 2. og 3. töluliður verði 1. og 2.

Jón Pètursson: Eg vil geta þess, að minni hlutinn hlýtur að taka sèr breytingaratkvæði við 67. gr., ef hann vill halda hýðingunum, sem eg álít óhafandi, og ekki ætti að nefna í þessu nýja lagaboði, því hann vill þó ekki víst að allar sakir, sem geta valdið 2 ára hegningu skuli fyrnast (*Jón Guðmundsson* Umræðunum er lokið). Eg vildi einungis gefa minni hlutanum þetta ráð (*Jón Guðmundsson:* Hann þakkar fyrir).

Forseti: Mèr finnst minni hlutinn ekki taka þessari ráðleggingu svo vel, að vert sè að halda henni áfram.

Jón Hjaltalín: Eg áskil mèr breytingaratkvæði um að 67. grein falli úr, að í 183. grein verði 4 ár breytt í 2 ár; við 247 grein að verði sett frá 100 — 1000 dala, og um að rangar skýrslur frá embættismönnum skuli varða embættismissi en ekki meir.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg hafði áskilið mèr breytingaratkvæði um að málið á frumvarpinu yrði endurbætt, því eg treysti mèr ekki til að gjöra þær breytingar sem ómissandi eru, svona í snatri; eg vil eins áskilja mèr breytingaratkvæði við 2. og 3. niðurlagsatriði meiri hlutans, og vona eg að eg geti komið mèr saman við hann um það.

Forseti: Undirbúningsumræðu þessari er þá lokið og ekki meir að starfa í dag.

Fundi slitið.

36. fundur. — 20. ágúst.

Forseti setti fund og tilkynnti, að hann hafði fengið boðun frá þingmanni Snæfellsnessýslu og Suðurmúlasýslu um, að þeir gæti eigi mætt í dag.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eins og þingmönnum er kunnugt, þá er á morgun liðinn sá tími, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi lengdi þingið um seinast; en nú er svo ástatt, að tvö konungleg frumvörp eru enn eigi komin inn frá nefndunum, og er annað þeirra frumvarpið um stjórnarmálið, sem sjálfsagt er hið mest áríðandi af öllum þeim

málum sem komið hafa fyrir þingið; má því búast við löngum umræðum um það. Eg hlýt þess vegna að skjóta því til úrskurðar hins háttvirta konungsfulltrúa, hvort hann vill lengja þingtímann úr þessu, og hversu lengi.

Konungsfulltrúi: Þegar hinn háttvirti forseti við júlímánaðarlok skoraði á mig að lengja þingtímann, bað eg hann að skýra mèr frá, hve mikið þyrfti eptir hans meiningu að lengja þingtímann; eptir ósk hans og áætlun lengdi eg þá þingtímann um 3 vikur til 21. þ. m., og hafði eg það traust til þingmanna, en sèr í lagi til þingnefndanna, að þær mundi nota þessa lenging sem bezt. Þó að eg nú viti, að hinn háttvirti forseti með þeirri atorku og alúð, sem honum er svo eiginleg, hafi skorað á nefndir þingsins, að þær flýttu fyrir málum þeim, sem þær hafa til meðferðar, eru enn þá ókomin nefndarálit í tveimur konunglegum frumvörpum og er annað þeirra hið mest umvarðandi mál fyrir land og lýð, stjórnarbótarmálið; — mèr þykir þetta mjög óþægilegt, og eg get ekki annað en bæði frá sjónarmiði stjórnarinnar og landsmanna, sem þess vegna eiga að borga töluverðan kostnað, lýst yfir óánægju minni með þetta. En samt sem áður álít eg skyldu mína gagnvart landinu, að gefa þinginu tækifæri til að segja álit sitt um stjórnarbótarmálið, og eg er þess vegna fús til þess að lengja þingtimann um nokkra daga, en eg óska, að hinn háttvirti forseti vilji skýra mèr frá, hversu mikla lengingu þingtímans hann álítur nauðsynlega. En það vona eg að allir þingmenn kosti kapps um að nota þessa daga sem allra bezt, til þess að landsmenn ekki skuli bera þinginu á brýn, að það hafi spillt tíma og með því aukið mikinn kostnað, sem þeir verða að bera.

Forseti: Eptir því sem á stendur getur stjórnarskipunarmálið eigi komið til undirbúningsumræðu fyrr en á föstudag í fyrsta lagi; gjöri eg því þá 3 daga til undirbúningsumræðu, þá verður að minnsta kosti að líða einn dagur milli undirbúnings og ályktarumræðu, og þá mun þurfa dag til þess að semja álitsskjal, svo að eg sè eigi betur en vèr þurfum að fá þingið lengt til 30. ágúst; geti maður komizt af með skemmri tíma þá er það gott, og eg vona að þingmenn noti tímann svo vel sem þeim er mögulegt.

Konungsfulltrúi: Eptir þessari skýringu frá hinum háttvirta forseta og eptir ósk hans skal eg þá lengja hèr með þingtímann til föstudags hins 30. þ. m.

Benidikt Sveinsson: Þar eð formaður í stjórnarbótarmálinu

eigi er við vil eg geta þess, að nefndarálitið er samið, og stendur að eins á því að fá það prentað.

Forseti: Þetta er að vísu gott, en eg er hræddur um menn eigi geti talið nefndarálitið lagt fram fyrr en á morgun; og með því að málið er svo umfangsmikið, þá munu engi tiltök að láta það liggja skemur, áður en það er tekið til umræða, en 2 daga; eptir alþingistilskipuninni ætti það enda að liggja 3 daga, að minnsta kosti og þá gæti það eigi komið til umræðu fyrr en á laugardag.

Nú í dag kemur til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um friðun á laxi á Íslandi.

(Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 442—447).

Framsögumaður (*Jón Pèturssón*): Eg get eigi fallizt á 1. tölulið; og get eigi farið eptir öðru en því, sem eptir minni þekkingu bezt á við, og það er þetta tímatakmark sem nefndin hefir sett. 4. töluliðinn skil eg eigi fyrr en hann verður skýrður betur fyrir mèr, 7. töluliðinn get eg vel gengið inn á, hann er í raun-inni eigi annað en það sem nefndin fer fram á; 9 þumlunga möskvi þurr, er eins og 8 þumlunga votur, því garnið bólgnar út við vætuna og styttist við það; þetta er og sama ákvörðunin um möskva málið og sú sem finnst í ensku lögunum. Við 8. töluliðinn get eg með engu móti sætt mig. Samþykki menn hann, þá mundu koma einlegar bænir til yfirvaldanna og þegar þau færu að gjöra undantekningarnar, misstu lögin tilætlun sína, menn ætti fyrst að láta reynsluna sýna, hvort þessi ákvörðun í nokkrum tilfellum væri nauðsynleg. 10. töluliðinn fellst eg á; sömuleiðis felli eg mig að nokkru leyti við 12. tölulið; þessi ákvörðun öll um grindurnar er til skilningsauka og skýringar. Við 14. töluliðinn get eg unað betur en við 15. tölulið því uppástungumaður hans, minni hluti nefndarinnar, fer þar að nálgast meira hlutann, aptur verð eg að vera á móti 15. tölulið; og er vonanda, að uppástungumaður, úr því hann er farinn að slaka til á annað borð, geti slakað til með fleira. Á móti 16. tölulið hefi eg ekkert; hann er að eins til skilningsauka og skýringar; við 17. tölulið get eg eigi fellt mig þar er sagt, að 50 faðmar eigi að vera millum garðanna, þegar þeir ganga á misvíxl, en hvað á þá að vera millum þeirra, þegar þeir ekki gjöra það. Við 19. tölulið felli eg mig vel; en eg held það sè ómögulegt að ganga að honum; þar sem hann inniheldur breyting á gildandi lögum; en hèr hefir engi formleg uppástunga komið um neina slíka breyting á veiðilögunum, frá 1849 sem verið hafi

hèr löglega rædd. Það kemur því undir forseta, hvort hann álítur rètt að bera slíka uppástungu undir atkvæði, svona úr garði gerða; 22. tölulið fellst eg á, því það er samhljóða 7. og 10. en þar með fellur 3. töluliður að mestu leyti; 26. töluliður er mèr óljós og skil eg eigi hvað meint er með »af andvirði«.

38. töluliður finnst mèr öldungis óhafandi; það er skrítið, að vèr sem erum að biðja um að fá löggjafarvald skulum vísa til stjórnarinnar öðru eins máli og þessu; eg veit eigi hvernig þingið getur forsvarað þann framgangsmáta. Það er eigi hætt við að stjórnin hrapi að því að innleiða þessi lög; ef henni finnast þau viðsjárverð, mun hún leita álits amtmannanna um þau. Þetta gerir eigi annað en spilla fyrir málinu.

Forseti: Eg get eigi annað en verið hinum háttvirta 4. konungkjörna þingmanni samdóma um það, sem hann sagði um 19. tölulið, að það sè mjög ísjárvert, að stinga upp á breyting á gildandi lögum með lausu uppástungu-atriði í einhverju öðru máli; en eg verð að láta það vera á þingmanna valdi, hvað þeir vilja samþykkja þar um, því eg get ekki sèð, að eg sem forseti hafi þar fyrir fulla ástæðu til að neita að leggja það undir atkvæði.

Ólafur Pálsson: Þegar eg lít yfir þessa atkvæðaskrá, þá sýnist mèr ágreiningurinn næsta lítill; og vel flestar þær breytingar, sem gjörðar eru við uppástungur nefudarinnar eru gerðar með varúð og stilling og góðum huga við málið, og ganga allar í sömu stefnu og nefndin fór; nefndin má því þakka fyrir þær góðu undirtektir, sem hún flestum öðrum fremur hefir fengið í þessu máli; enda held eg að megi fá góða rèttarbót úr uppástungum nefndarinnar og yfir höfuð úr flestu því, er á atkvæðaskránni stendur, hvað sem aðhyllzt verður. Hinn háttvirti framsögumaður hefir þegar gengið í gegnum hin einstöku atkvæði á atkvæðaskránni, eg vil því að eins fara fám orðum um nokkur atriði. Eg er eigi harður á að vera móti 1. tölulið, því eg get vel skilið, að hinn háttvirti uppástungumaður eptir sinni reynslu hafi haft rètt fyrir sèr; því um það get eg borið, sem hefi stundað laxveiði í fleiri ám, að lax gengur ekki jafnsnemma í þær allar.

Um 8. tölulið verð eg að segja svo mikið, að enda þótt hann gangi nokkuð í aðra stefnu, en uppástungur nefndarinnar, þá skoða eg samt huga minn, áður en eg gef atkvæði mitt móti honum; komizt hann að, þá mun hann, ef til vill gjöra lögin vinsælli, og í sumum tilfellum rèttlátari. Um fleiri einstök atriði fer eg nú

eigi að tala, Það var tekið fram hèr um daginn, eins og rètt var, af háttvirtum þingmanni, sem opt sýnir bæði fróðleik og góða gætni í ræðum sínum, að Norðmenn hefðu í þessu efni byrjað á ófullkomnari lögum, sem þeir smám saman hafa þurft að bæta; en eptir atkvæðaskrá þeirri sem fyrir liggur, ætla eg að geti komið út góð lög, og þau sem menn geta vel verið þekktir fyrir að byrja með, því þau eru byggð á hinum endurbættu lögum Norðmanna. Þess vegna vona eg að 3. tölulið eigi verði haldið fast fram; því dvöl sú, sem af því mundi standa, ef sá töluliður yrði samþykktur, mundi gjöra mikinn skaða, með því að gefa þeim, sem það hafa tíðkað, lengra ráðrúm til að spilla veiði fyrir öðrum, og útlendum mönnum, sem eru sólgnir í stundar ávinning, og gegndarlaust spilla laxveiðinni, ráðrúm til að hafa og láta hafa það í frammi hèr á landi, sem þeirra eigin lög ekki leyfa þeim heima hjá sèr. Eg hefði annars sízt búizt við slíkri uppástungu frá hinum háttvirta þingmanni Barðstrendinga og vona hann verði ekki fastur á henni.

Stefán Eiríksson: Eg talaði ekkert í þessu máli við undirbúningsumræðuna, eg vil því að eins lýsa því yfir, að eg er hlynntur málinu, eins og það kom fra nefndinni. Í tilliti til 31. töluliðs, vil eg geta þess, að mèr þykir það undarleg skoðun, þegar menn halda, að mál þetta græði á því, að fara til stjórnarinnar í Danmörku, hún er þó víst ekki kunnugri hvernig til hagar, heldur en þeir menn, sem fjallað hafa um málið, og eg álít, að við höfum þó svo góða lagamenn á þinginu, að við þó getum ætlað þeim að búa til svo vel sè, annað eins mál og þetta, og einkum þegar þeir hafa haft fyrir sèr bæði ensku og norsku veiðilögin. 19. töluliðurinn þykir mèr mjög viðsjárverður, og það gæti haft skaðlegar afleiðingar að samþykkja hann, með því að hann grípur allt of mikið inn í eignarrèttindi manna. Það sjá þó allir, að það á ekki við að koma á laxveiði með því, að eyðileggja annan bjargræðisstofn manna, því þar sem selveiði er, þá er það talinn einhver hin arðsamasta veiði, og því er máltæki, «allt er safi hjá selveiði». Eg vil taka til dæmis, Ölvesá, þar er töluverð selveiði í Arnarbæli, og mundi því þurfa nokkra laxa til að vega upp á móti henni, svo eru líka í hinni sömu á 2 eða 3 æðarvarps hólmar, sem liggja undir Laugardæli og væri nú farið að skjóta þar selinn, er æðarvarpið eyðilagt um leið og eins og menn vita, má ekki skjóta nærri eggverum, svo þetta breytingaratkvæði stríðir öldungis móti gildandi lögum, og er því óhafandi. Í Kúðafljóti í Vestur-Skaptafells-

sýslu er lítilfjörleg laxveiði en töluverð selveiði, og mundu þeir sem eiga hlut að máli með selveiðina, fljótt höfða mál á móti skotmönnunum, eptir veiðilögunum 1849, eg ætla svo ekki að tala meira í þessu máli nema einungis geta þess, að mèr finnst ástæða til að fallast á 8. tölulið, enda þótt eg sjái, að með því verði drepinn smálaxinn, aptur á móti getur það verið tilfinnanlegt fyrir þá sem hafa mikla silungsveiði í laxám, að mega ekki stunda þá veiði.

Stefán Thordersen: Af því eg er bendlaður við eitt viðauka-atkvæði á atkvæðaskrá þessari, skal eg fara um það fáeinum orðum, en fyrst skal eg samt svara hinum háttvirta þingmanni Árnesinga upp á spurningu þá, er hann beindi að mèr við undirbúningsumræðu þessa máls, króknetunum viðvíkjandi, að eg nefnilega í því efni er honum alveg samdóma, enda mun hann sem hefir veitt svo víða og það líka fyrir austan, vera þessu eins vel og betur kunnugur en eg. Eg þekki nefnilega lítið sem ekkert til laxveiða, nema í Ölfusá og Þjórsá, en það var einmitt þessi kunnugleiki, sem eg þykist hafa, er kom mèr til að skrifa undir viðauka-atkvæðið undir tölulið 19., sem, eins og allir sjá, gengur út á að gjöra selinn ófriðhelgan í veiði-ám og ósum þeirra. Hinn háttvirti þingmaður Austur-Skaptafellssýslu áleit að vísu viðauka-atkvæðið undir tölulið 19, sem inngrip í eignarrèttindi manna, og er það satt, að svo miklu leyti sem með því er einnig leyft öðrum en þeim, er á rètt yfir landinu, að skjóta og styggja sel í veiði-ám, en sè þetta — þegar verið er að tala um, að friða laxveiðina hèr á landi — sè þetta inngrip í eignarrèttinn, þá eru í raun rèttri allar uppástungur nefndarinnar það líka.

Framsögumaður áleit þenna tölulið ekki eða varla rèttilega upp borinn, eins og hann stendur hèr á atkvæðaskránni, en hinn háttvirti forseti hefir tekið það fram, að þessi aðferð áður hafi átt sèr stað hèr á þingi, og skal eg í þessu tilliti að eins benda hinum háttvirta framsögumanni til vegabótalaganna, sem hvergi hafa úr lögum numið einkarètt prestanna til að vera fríir við að gjalda vegabótagjald, og þó verða þeir að gjalda. Hvað nú sjálft efnið snertir, þá finnst mèr töluliður 19 alveg ómissandi, ef tilgangur frumvarpsins, sem er sá, að friða laxinn og laxveiðarnar hèr á landi, á að nást. Laxinn á tvífættan óvin, þar sem maðurinn er, sem optlega — það er því verr og miður satt — veiðir laxinn svo, að hann eyðir veiðinni, en laxinn á líka annan óvin ferfættan, húðarselinn, sem rífur hann og tætir, og það jafnvel úr netunum,

þar sem eg þekki til. Það er ekki að óttast í Þjórsá, sem er eitthvert stærsta vatnsfall á Íslandi og mjög mikil gengd af laxi gengur í, að mennirnir — enn sem komið er — spilli veiðinni, til þess ráða þeir enn þá of lítið við vatnið og strauminn; en selurinn er versti óvinurinn, því hann ræður betur en mennirnir við vatn og straum. Í Þjórsá er að sönnu brúkuð selveiði, en hún er næsta arðlítil, þar á móti má ekki heita, að lax sè í henni veiddur neðar eður annarstaðar en á Urriðafossi og í Kálfholti, sem eiga land sitt hvoru megin árinnar fyrir neðan fossinn; allt þangað og það eru þó nokkrar mílur eltir selurinn laxinn og rífur hann, og ímynda eg mèr, að það sè eingöngu selnum að kenna að engin laxveiði er á bæjunum, sem land eiga að ánni fyrir neðan Urriðafoss, nema þessum 2 áður nefndum bæjum. Hvað Ölfusá snertir, stendur að vísu öðruvísi á, því þar hefir presturinn í Arnarbæli talsverða selveiði og hana arðsama, en auk þess, að hann er sá *einasti*, sem hefir nokkurt verulegt gagn af henni, þá er mèr nær að halda, að hann gæti haft má ske meira gagn af laxveiðinni, heldur en hann nú hefir af laxveiðinni, væri selurinn að eins upp á einhvern hátt gjörður óskaðlegur (*Benidikt Sveinsson*: Einmitt!).

Þó nú þetta kunni að vera vafasamt, þá finnst mèr svo mikil nauðsyn liggja til að friða laxinn einnig fyrir selnum og gefa honum þó ekki meiri rètt en manninum til að eyða laxveiðinni, að eg neyðist til að gefa atkvæði mitt með tölulið 31. ef 19. töluliðurinn fellur, og gjöri eg það þó sárnauðugur.

Hjálmur Pètursson: Eg þarf ekki að vera margorður um þessa atkvæðaskrá, því hinn háttvirti framsögumaður er búinn að taka flest það fram, er eg hafði ásett mèr að tala um, enda fara breytingaratkvæðin flest öll í sömu stefnu, og uppástungur nefndarinnar, og eru þeim mjög lítið frábrugðin, í meiningunni. Út af þeim spurningum, sem komu fram við undirbúningsumræðu þessa máls frá þingmanni Húnvetninga og sem eg þá fríaðist við að svara af því hann og fleiri beiddu um að umræðunni væri lokið, og ræð eg af því, að hann hafi ekki álitið þörf á að svara, enda fundust mèr þær sumar þess eðlis, t. m. um kynferði laxins, og fl. að slíkt þurfi ekki að koma í lagaboð um friðun á laxi; en einungis skal eg geta þess, er hann sagði, að laxinn gengi þegar um sumarmál í árnar, þá verð eg öldungis að mótmæla því, að þetta sè svo títt og algengt, að slíkt eigi að vera til grundvallar, til að byggja á lagagrein; enda virðist sem þingmaðurinn hafi sjálf-

ur kannast við það, því breytingaratkv. hans undir tölul. 1, fer svo skammt frá nefndaruppástungunni, að það lýsir því, að hann hafi því nær sama álit. Eg verð að lýsa því yfir, einkum fyrir hinum háttvirta framsögumanni, og hinum meðnefndarmönnum mínum, svo það komi þeim ekki óvart, að eg ætla að gefa 8. tölul. atkvæði mitt, því eg styrkist æ meir og meir í því, að hann innihaldi nauðsynlega ákvörðun, því menn sem hafa verulegt gagn af silungaveiðum, gætu ella orðið fyrir órétti, sem þó ekki er ætlazt til með þessum lögum. Til skýringar við 7. gr. í nefndarfrumvarpinu undir 18. tölul. skal eg geta þess, að þegar svo stendur á, að sami maðurinn á land beggja megin árinnar, þá má hann og setja garða frá báðum löndum er nái eigi lengra en yfir einn þriðjung vatnsfarvegarins, svo að $^1/_3$ sè ætíð opinn, og er þetta tekið fram í ástæðunum fyrir grein þessari. Á 31. tölul. get eg ómögulega fallizt, mèr þykir það harla undarlegt, að þingmaður Barðstrendinga og fleiri þingmenn skuli vilja biðja stjórnina um að gefa okkur frumvarp um þetta mál, því það hlýtur að vera, að þingið sè þessu miklu kunnugra en stjórnin, já mèr þykir það merkilegt, að vèr, sem erum að biðja um að fá löggjafarvald handa alþingi í öllum málum, skulum ekki treysta þinginu til að búa til viðunanleg lög í þessu efni, heldur vilja menn hlaupa til stjórnarinnar til að fá ráð hjá henni, og biðja hana að segja okkur, hvernig við eigum að fara að búa til lög og reglur um þetta einfalda mál, sem snertir einungis einn bjargræðisveg, og þó ekki nærri allra landsmanna; og finnst mèr liggja í slíku fyllsta játning um, að við sèum hreint ófærir til að eiga neinn verulegan þátt í að semja lög handa oss. Eg vona því að þingið felli 31. tölul.

Páll Vídalín: Eg þarf ekki að vera langorður, því nefndin eða framsögumaður hennar vegna, hefir fallizt á flest breytingaratkvæði mín; það er einungis breytingaratkvæðið undir 1. tölul. er hann hefir eigi viljað fallast á, en eg tók það til að rýmka tímatakmark nefndarinnar, þar eð mèr virðist óþarft að takmarka frelsi manna í þessu efni að óþörfu, og nefndin hefir eigi getað hrakið það er eg tók fram um það við undirbúningsumræðuna. Þingmaður Mýramanna rengdi mig að vísu, þar sem eg talaði um, hvað fljótt laxinn gengi í árnar á vorin, en bæði þekkir hann ekki til alstaðar og líka get eg sagt honum það, að eg hefi einmitt í þessu tilliti fengið upplýsingu um það hjá manni ofan úr Borgarfirði, að laxinn gengur í Hvítá um sama tíma og eg hefi

sagt. Þetta sýnir selurinn sem gengur upp eptir ánni, því það kvað vera merki þess, að laxinn er þá genginn á undan. Hvað möskvastærðina snertir, sem framsögumaður áleit næstum sama hjá mèr og nefndinni, þá álít eg það þó kost við breytingaratkvæði mitt, að það er byggt á föstum grundvelli, og því áreiðanlegt, og fyrirbyggir þrætur. Þar sem spurning getur verið um ákvörðun nefndarinnar, auk þess sem eg get ekki fallizt á ákvörðun hennar um möskvastærðina, eða að það sè hið sama hjá henni og mèr um mælinguna á þeim.

Eirikur Kúld: Eg ímynda mèr, að eg geti ekki orðið við tilmælum hins háttvirta konungkjörna varaþingmanns um að taka aptur 13. tölulið, ef það var meiningin í ræðu hans, því ástæður þær, er hann færði móti töluliðnum, fundust mèr einmitt mæla með honum. Hann sagði, að Norðmenn hefðu byrjað á mjög ófullkomnum laxveiðarlögum og því verið opt að bæta um þau, en þessar umbætur á lögunum hafa víst kostað þá mikið fè, og hjá þeim kostnaði vildi eg að við sneiddum, með því að vanda þau sem mest í fyrstunni, — og það skal ætíð vel vanda sem lengi á að standa. Þingmaður Mýramanna hèlt það ekki mundi skaða, þó lögunum seinna yrði breytt, en eg skal einungis benda þinginu til þess, að þessi litla viðbót við fjárkláðalögin nú í ár hefir kostað landið 1000 rd., og ef menn þannig ættu hvað eptir annað að fara að breyta þessum lögum, þá gæti það komið til að kosta landið mörg þúsund dali. Hinn háttvirti framsögumaður hafði það á móti 31. tölul., að alþingi enn þá ekki hefði löggjafarvald, en eg vil spyrja framsögumann, hvort hann geti ábyrgzt mèr og þinginu, að alþing verði búið að fá löggjafarvald 1869 og fram á lengri frest fer ekki uppástunga mín. Þingmaður Árnesinga var við undirbúningsumræðuna nokkuð harðorður og eins og stiklaði á mèr til að ná í hinn 5. konungkjörna þingmann, af því hann studdi uppástungu mína, og sagði að við vildum *fella* og *afbiðja* málið; en þetta er eigi rètt skoðað, nema því að eins, að hann geti sannað mèr, að það að afbiðja sè sama sem að biðja um, því uppástungan fer fram á að biðja um, að nýtt frumvarp verði lagt fyrir þingið. Þó þingmaður Árnesinga máske sè fær um að gefa atkvæði í þessu máli, þá veit eg samt það, að hann ekki hefir nægan kunnugleik alstaðar hèr á landi; eg fyrir mitt leyti þekki ár, sem hann ekki þekkir, og svona getur það verið víðar. Mèr sýndist eins og að hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður væri

ekki á móti 8. tölul. og skal eg með tilliti til þess einungis benda til þess, að ef sá töluliður yrði samþykktur, þá mundi hann að líkindum komast í bága við uppástungur nefndarinnar, og þær því sumar verða nokkuð þýðingarlítlar. Eg skal ekki vera mótfallinn 19. tölul., því eg ímynda mèr, að hann skaði eigi neitt á Breiðafirði, að því mèr er kunnugt; það einasta sem er móti töluliðnum er það, að það vantar alveg beina uppástungu til þingsins um að breyta löggjöfinni frá 20. júní 1849, og er eg hræddur um, að það spilli fyrir öllu málinu. Framsögumaður gat um, að stjórnin mundi fremur leggja málið undir álit amtmannanna og þingsins, ef eg hef skilið hann rètt, en eg ímynda mèr að málið hafi engin not af því, þá sè eg eigi að þeir verði orðnir þessu kunnugri en nú, að minnsta kosti þeir amtmenn, er nú sitja hèr á þinginu.

Að endingu skal eg geta þess, að eg hefi tekið mèr breytingaratkvæðið undir tölul. 31. af því, að eg bæði vil hlynna að málinu og vanda það sem allrabezt.

Benidikt Sveinsson: Eg ætla að fara aptan að siðunum og byrja að tala um 31. tölul. Það gladdi mig að heyra, að þingmaður Barðstrendinga meinti ekki eins mikið með breytingaratkvæði sínu eins og út leit fyrir; það gladdi mig og, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi játaði, að mál þetta væri velferðarmál landsbúa; þetta er þýðingarmikið, því eg veit að hann muni framfylgja því, er hann segir og lofar þinginu, og muni þannig gjöra sitt til, að þessi atvinnuvegur landsmanna ekki lengur liggi undir árásum útlendra og eigingjarnra manna. Vèr eigum af fremsta megni að gæta vorra eigin krapta, og hlynna að þessum atvinnuveg vorum sem öðrum, sem getur orðið oss til hins mesta gagns, ef vèr gætum hans rèttilega.

Eg skal því næst fara nokkrum orðum um breytingaratkvæðin. Eg leyfi mèr í því tilliti að endurtaka orð hins háttvirta konungkjörna varaþingmanns; hann tók það vel og greinilega fram, að ekki væri eitt einasta breytingaratkvæði á atkvæðaskránni, sem ekki gengi beint í sömu stefnu og uppástungur nefndarinnar. Þetta tók hinn háttvirti þingmaður fram svo ljóslega, að eg ætla að enginn muni fá um efazt, að breytingaratkvæðin lýsa því öll, að þau styðji málið í heild sinni. Eg álít sjálfsagt, að fallast á 1. tölul., því hann er til bóta; eg þori að fullyrða það, að það muni fáir hèr á þingi vera kunnugri laxveiðum hèr á landi en eg sjálfur, ef í það ætti eður þyrfti að fara, og þó eg ekki þekki þá

á, sem þingmaður Barðstrendinga gat um, þá ímynda eg mèr, að hún sè ekki svo mikil í sinni röð á móti þeim ám, sem eg hefi veitt í bæði sunnan, austan og norðanlands, að nauðsyn geti verið til í *íslenzkum* lögum, að gefa aðra reglu um þá á, en þá sem vafalaust gildir fyrir heill lands og lýðs. Hvað tölul. 4. viðvíkur, skal eg geta þess, að eg get ekki sèð, að Jónsbók gjöri ráð fyrir eða heimili laxveiði á sjó, enda er og hæstarèttardómur nýfallinn í þessa átt. Að öðru leyti er það ekki rètt af nefndinni að segja, að opið skuli vera 1 alin, og því hef eg tekið mèr breytingaratkvæði um, að 1 alin skuli vera fyrir hverjar 3 álnir, sem garðurinn gengur í sjó eður vatn fram; um 7. tölul. skal eg að eins geta þess, að möskvinn er vanalega þurr þegar sýslumaður mælir hann, en líklegast votur, þegar laxinn smýgur í gegnum hann. Hvað 8. tölul. viðvíkur, þá innihelzt þar í skynsamleg ákvörðun, og gengur yfir mig, að hinn háttvirti framsögumaður ekki skuli vilja ganga inn á hana. Í hinum nýjustu lögum Norðmanna er það einmitt tekið fram, að amtmönnunum skuli gefið vald til að geta gjört undantekning í þessu efni. Eg hefi ekki hin norsku lög hjá mjer við hendina, og get því ekki sagt þinginu upp á víst, undir hvaða dag og datum þessi ákvörðun stendur í þeim; en eitt er víst, að Íslands heill og hagsmunir eru ekki bundnir við ár eða dag. Hvað 10. tölul. viðvíkur, þá skal eg geta þess, að lax á Íslandi er víst þriðjungi minni en lax í Noregi að meðaltali, þegar eg máske undan tek Ölfusá og Þjórsá, og er því ekkert óeðlilegt, að veiðivèlin hèr á landi mætti að því skapi vera smágjörfari en í þessum löndum; eg segi, það er víst óhætt að segja, að ef meðalstærð á laxi í Noregi er 30 merkur, þá er meðalstærðin hèr á landi ekki meir en 20 merkur, og þetta vona eg að hinn háttvirti þingheimur skilji. Um 11. tölul. þarf eg ekki að tala, því hinn háttvirti framsögumaður hafði ekkert á móti honum. Hvað 14. tölul. snertir, þá játa eg, að eg er samdóma hinum heiðraða minni hluta um, að ekki megi hverfa frá miðstraumslínunni, eins og eg hefi látið áður í ljósi; en eg verð líka að taka fram, að það var ekki alls kostar rètt af mèr um daginn, er eg sagði, að meiri hlutinn hefði alveg vikið frá henni. Eg tek það fram, að minni hlutinn talar um garða, en það má veiða bæði með krókum, stingjum og af bátum að miðstraumslínu án garða, og að þessu atriði gætti eg ekki, það játa eg. Eg tek það enn fremur fram, nefndinni til stuðnings, að það er *ekki* sannfæring mín, að Jóns-

bók leyfi *nokkurn* þvergarð út í veiði-á, og því hefir nefndin gengið vissulega út frá réttu sjónarmiði. En úr því nú nefndin vill leyfa þvergarð í þriðjung ár, þá get eg á hinn bóginn ekki fallizt á, að hún eigi skyldi velja miðstraumslínuna fyrir sitt lagalega lífatkeri; því þar sem spursmál er um, að garðar nái langt út, en vatnsmegn er mikið og laxganga arðsöm, þá er víst engin hætta búin, að gömul landslög og réttur á Íslandi, ef þau eru eigi niðurdrepin, láti *guðsgjöf* ganga til fjalls sem til fjöru. Og svo eg nú gjöri þetta skiljanlegt frá mínu sjónarmiði, og samkvæmt breytingaratkvæðum mínum, þá vil eg geta þess, að þegar straumurinn kemur að garðinum hindrast hann og tekur stefnu þvert yfir að hinu landinu, laxinn fylgir straumnum, svo fæstir munu fara í kvína. Eg ætla því ekki að halda breytingaratkvæðinu undir 17. tölulið fast fram, af því að eg sé og hefi játað undir öðrum skilyrðum, að meiri hluti nefndarinnar hefir ekki kastað miðstraumslínunni, enda var sá maður í nefndinni, að eg mátti vita, að hann mundi ekki slíkt gjöra; en það þykir mér undarlegt, að hinn háttvirti framsögumaður skuli segja, að eg hafi ekki gjört ráð fyrir, að hvor garðurinn væri móti öðrum; því hann þyrfti ekki annað en lesa breytingaratkvæði mitt til enda til að sjá, að þetta er sannarlegt ranghermi. Það er merkilegt, að hann skuli og ekki hafa tekið eptir, að í breytingaratkvæðum mínum eru öll þau atriði, sem ráð er gjört fyrir og ákveðið er um í lögum Norðmanna og Englendinga, sem eg ekki þarf að muna dag eður datum á, eins og eg hefi bent áður hinum háttvirta vini mínum, framsögumanninum. Eg get ekki haldið, að krókanetin séu svo óttaleg eptir þessu sem eg hefi sagt, því þegar garðarnir eru á víxl, verður beljandi straumur milli þeirra og honum fylgir laxinn; eg held því, að breytingaratkvæði mitt sé réttara en nefndarfrumvarpið er í þessari grein. Því minnumst orða skáldsins: «lastaðu eigi laxinn» o. s. frv., og í öllu falli er það útskýring á nefndarinnar uppástungu, án þess eg vilji halda því til kapps. Hvað 19. tölulið snertir, þá er það skrítið, að nefndin skuli ekki álíta selinn réttdræpan; eg vil spyrja, hvað er meint með: Enginn má fæla lax o. s. frv.; eg held að megi segja, enginn karlmaður, enginn kvennmaður og enginn selur megi á nokkurn hátt lax fæla (*Sveinn Skúlason*: Selurinn hlýðir ekki lögum). Við erum að búa til lög fyrir karl og konu og getum við ekki þá líka búið til lög fyrir selinn (*hlátur*). Eg stend því fastlega á því, að húðarselurinn sé réttdræpur *eptir*

sjálfri uppástungu nefndarinnar. Hinn heiðraði þingmaður Vestmannaeyja nefnir Þjórsá sem vatnsmesta á, er hann þekkti, enda þekki eg hana nákvæmlega, en eg held og að *Kúðafljót* sè ekki öllu minna að vatnsmegni til, og er í því mikil laxganga og fjöldi sela, sem fáir munu hafa náð í frekar en eg. Að öðru leyti get eg þess, að þegar menn eru að kvarta yfir, að upplýsingar vanti í máli þessu, þá gæta þeir ekki að því, að þingmenn eru sinn úr hverri áttinni, og þekkja mæta vel til laxveiða hver í sínu hèraði. Og af því að eg er þingmaður Árnesinga og Ölfusá er í mínu kjördæmi, verð eg að geta þess, að í Arnarbæli er að vísu nokkur kópaveiði, þar eru og hólmar, sem æðarvarp gæti verið í; en eg vil nú spyrja, hvort presturinn muni ekki tapa *tífalt* á kópaveiðinni við þann arð, sem hann og prestakallið gæti haft af laxveiðinni. Eg hefi hvergi sèð jafnveiðilegan stað fyrir lax, ef bara selurinn væri ekki; *áin fellur í kvíslum,* sem flói væri, og má hafa bæði þvernet og króknet milli hólmanna allra, því vatnsmegnið er svo mikið.

Eg hef tekið mál þetta *nærri* mèr, af því það er velferðarmál landsins, og eg vil ekki láta þá mótbáru koma hèr fram án þess henni sè svarað, að þingið hafi ekki vit á þessu velferðarmáli *landsins*, sem er svo sèrstaklegt og innlent mál sem mest má verða. Eg *bið* hið heiðraða þing að komast *ekki* í mótsögn við sjálft sig viðvíkjandi *aðalætlunarverki* þess.

Eg verð aptur að koma við tölulið 31. Ef hann yrði nú samþykktur, *þá* vil eg spyrja: Hvað getur konungur gjört bezt fyrir oss í þessu máli? Án efa að senda hingað útlenda veiðimenn, því að stjórnin situr í Kaupmannahöfn, en þar er enginn laxá, og því hefir hún og enga þekkingu á laxveiðum, því þar er engin á sem lax gengur í. Hvaða veiðimenn vilja menn þá kjósa? Vafalaust norska og engelska; en þessir veiðimenn munu vísa oss á lögin í Norvegi og Englandi, sem *einmitt liggja fyrir hinu heiðraða þingi,* og hver verður svo vanþekkingar ávinningurinn?

Eg hef *ef til vill* orðið helzt of margorður um þetta mál, en eg hef talað það sem eg hefi talað *af því* eg þekki þörf Íslands í þessu efni, og lög þau er að henni lúta. Eg er að öðru leyti sannfærður um, að þó nefndarfrumvarpið yrði samþykkt án breytinga, þá yrði það hin mesta rèttarbót fyrir landið, og því vil eg hvorki halda mínum nè annara breytingaratkvæðum til kapps, enda hafa þeir menn fjallað um þetta mál sem til þess voru færastir.

Jón Bjarnason: Eg verð að tala lítið eitt um 31. tölulið. Eg get ekki skilið, hvað þingmanni Barðstrendinga gengur til að láta mál þetta sigla til að fá frumvarp frá stjórninni. Hann tók sjálfur fram, að stjórnin mundi leggja það fyrir amtmennina, en að þeir mundu því eigi stórum kunnugri, og alls ekkert bætt málið. Hann hefði átt að koma strax með þessa uppástungu, þá hefði ekki þurft að ræða, skrafa og skrifa svo mikið um þetta mál. Eg held, að það mundi líka hafa töluverðan kostnað í för með sèr ef mál þetta ætti að vera mörg ár í siglingum sem frumvarp. Ef stjórnin ætti að leggja frumvarp fyrir þing næst, þá held eg að sitt yrði að verða fyrir hverja sýslu jafnvel fyrir hverja á, því sè ýmislega hagað til á landi voru. Eg verð að vera þeirrar meiningar, að hver sem fellst á tölulið 31. vefji og tefji málið að óþörfu, og til skaða fyrir laxfriðunina; hin breytingaratkvæðin sem fram hafa komið eru í anda og stefnu nefndarinnar, og hef eg því ekkert móti neinu þeirra, þó eg sè einn í nefndinni. Hvað 19. tölulið snertir, að drepa selina og fæla, þá hefir sumum þótt það ískyggilegt. Eg hef komið að Arnarbæli og gist þar, og það var einmitt þegar útlendingar komu hingað sem mest til laxveiða. Eg átti tal við prestinn, og spurði, hvort hann gæti ekki haft laxveiði þar; hann sagði að það væri ómögulegt af því að bannsettur selurinn væri þar, rifi laxinn strax og hann kæmi í netin, og hann hefði þar engan frið. Eg segi þetta nú öldungis satt og eins og orðin fèllu, en ekki af neinu kappi til þess að fylgja frumvarpinu fram án sannfæringar. Eg skal ekki öðru trúa en að þingið fallist á, að frumvarp þetta verði þegar að lögum gjört, og að 31. töluliður falli.

Ólafur Sigurðsson: Það hafa nú nokkrir orðið til þess að styðja viðauka-atkvæði mitt undir 8. tölulið, einkum hinn háttvirti þingmaður Árnesinga; en af því bæði framsögumaður og þingmaður Barðstrendinga halda, að það komi í bága við frumvarpið verð eg að leyfa mèr að fara um það nokkrum orðum. Eg ætla ekkert kappsmál að gjöra úr þessu viðauka-atkvæði, en eg vona það verði þó að minnsta kosti til þess, að þingið geti íhugað hvort ekki muni athugavert að banna síungsveiði þar sem hún er mikil einkum við árósa sem máske ekki nema lítill stanglingur af laxi gengur. Þó nú enginn þingmanna hafi komið fram með líkt dæmi og eg tilfærði úr Skagafirði, held eg þó, að slíkt geti átt sèr stað víðar. Eg vil líka geta þess, að í Hèraðsvatna-ósinn kemur opt í

ágústmánuði hlaup af hafsíld, sem veidd er þar hundruðum saman; en eins og kunnugt er veiðist hún ekki í stórriðnari net en svo, að möskvarnir séu ekki yfir 4 þumlunga, yrði því einnig þessi veiði bönnuð eptir frumvarpinu. Þetta viðauka-atkvæði fer líka öldungis í sömu stefnu og 9. grein í lögum Norðmanna, sem nefndin hafði fyrir sèr, svo hèr í felst ekkert nýmæli. Framsögumaður hèlt, að nógur tími væri til að gjöra þess konar takmarkanir þegar lögin væru komin út, en það held eg ekki sè; eg álít miklu betra að þetta standi strax í tilskipuninni, svo menn þurfi ekki að biðja um breytingu á henni að ári liðnu. Hvað 26. tölulið snertir, þá held eg að það sè alveg gagnstætt hugsunarhætti þjóðar vorrar að halda upp á uppljóstrarmenn, að minnsta kosti hefi eg jafnan heyrt sögukonur Hallgerðar fremur lastaðar en lofaðar, og vona eg því, að þingið fari eigi að vekja þær upp aptur. Framsögumaður kvaðst ekki skilja þetta breytingaratkvæði; eg skal játa að orðið »af« sem þar stendur hefir einhvern veginn skotizt óvart inn í, eg held naumast að eg hafi skrifað það; allir góðfúsir lesarar sjá, að því er of aukið.

Jón Hjaltalín: Eg stend nú upp af 2 ástæðum; hin 1. er sú, að eg gat þess um daginn, að mèr þætti mál þetta mjög svo áríðandi, og eg hefi sannfærzt um það enn betur síðan. Eg hefi heyrt, að spillt hafi verið laxveiði í flestum ám, og þar á meðal Elliða-ánum. Fyrrum var veiði í þeim frá Breiðhólti, Árbæ, Hólmi, Vatnsenda og Vatni, en nú er hún hreint farin; þetta hefir gagnkunnugur maður sagt mèr. Eg átti núna ferð með annari á, Laxá í Kjós; í henni hefir verið veiði endilangri, en nú er hún farin af því Laxnesbændur draga á á hverjum degi; við það hafa 8 bæir misst góða veiði, og þar á meðal presturinn á Reynivöllum. Hin 2. ástæða mín til að tala var sú, að selurinn er gjörður «exlex», það er að segja, að hann hefir leyfi til að rífa í sig laxinn og eyðileggja hann, og hefir því meiri rètt en mennirnir sjálfir. Mèr skilst sem hann muni líka eiga hrauk í horni, þar sem lögin frá 1849 eru, sem helga allar buktir; eg spurði þá, hvort menn vildu ekki líka helga Grænlandshaf, það munaði þó dálítið um það. Ef 19. töluliður fellur, vil eg breyta fyrirsögninni, og sè hún þá þannig: *ónýt tilskipun um að friða lax;* því ef selurinn má darka eins eptir sem áður er lítið unnið. Eg skil ekki hvers vegna veiðilögin frá 1849 eiga að vera hèr helgari en þau eru í sjálfu sèr, því þau eru brotin dags daglega og verða að brjótast, því það eru

hin afkáralegustu lög, sem eg þekki, og held eg ekki að vèr þurfum að vera mjög hörundsárir, þó vèr kæmum í einhvern bága við þau. Ef 19. töluliður fellur ætla eg að standa upp fyrir 31. tölulið, því það gæti skeð, að á því tímabili sem þar er ráðgjört, kynni mönnum að hugsast eitthvert ráð til þess að eyða selnum; en þó held eg að betra væri að kaupa nokkrar góðar selabyssur, en fara að ræða mál þetta hèr aptur. Eg skal svo ekki orðlengja um þetta, en vona einungis, að menn sèu ekki orðnir þeir selavinir, að þeir felli 19. tölulið, því þá eru menn búnir að sjá fyrir endann á laxfriðuninni.

Stefán Jónsson: Það stendur svo á fyrir mèr, að eg hefi ekkert vit á laxveiði og þekki ekki til hennar, því eg er frá því kjördæmi, sem engin laxveiði er í, og verð eg því að lýsa ókunnugleika mínum á máli þessu. En eg ímynda mèr, að bænarskrá sú, sem hèr kom á þing í þessu efni sè á fyllstu rökum byggð, og full ástæða sè til, að þessu verði kippt í lag. Sè svo, þá flýtur þar af, að beiðendum, og öllum sem hlut eiga að máli, muni þykja leiðinlegt og skaðlegt, að mál þetta dragist. Eg held, að frumvarp þetta sè svo vel úr garði gjört, að það mundi ekki taka stórum bótum, þó stjórninni væri sent það, hún er hèr of ókunnug til þess, og það í þeim efnum, sem líklegra væri að hún þekkti betur til en í þessu máli, enda heyrði eg það á hinum heiðraða þingmanni Barðstrendinga, að það var ekki meining hans með breytingaratkvæðinu undir 31. tölulið, að fá umbót á frumvarpinu, heldur hitt, að draga málið, svo landsmenn fengju ljósari þekking á því. En þá held eg að allt eins vel mætti geyma það hèr á landi. Öðru máli væri að gegna, ef stjórnin sjálf fyndi ástæðu til af eigin hvöt, að leggja frumvarpið fyrir þingið aptur. Eg held því, að eg ekki geti fallizt á 31. tölulið. Eg er í nokkrum vafa um 19. tölulið, eg er hræddur um, að hann á einhvern hátt kunni að geta komið í bága við aðrar kringumstæður. Þetta skýrðist fyrir mèr við ræðu þingmanns Dalamanna, þar sem hann gat þess, að á sama bæ gæti verið bæði laxveiði, æðarvarp og selveiði; þetta eru allt hlunnindi. Það er ísjárvert, að hver og einn megi skjóta seli allt í kringum æðarfuglinn (*Stefán Thordersen*: 4 kollur), því öll skot fæla hann; þetta er líka gagnstætt veiðilögunum; því held eg að betra væri, að hver hlutaðeigandi leyfi að drepa selinn fyrir sínu landi, þegar það kemur ekki í bága við aðra hagsmuni hans, en eg get ekki fallizt á, að allir megi svona skilyrðislaust skjóta sel-

inn jafnvel í annara veiðistöðum, þar sem einhver laxvon kynni að vera, og enda þó þar líka væru nótlög.

Framsögumaður: Eg get ekki gefið atkvæði mitt með 1. tölulið. Uppástungumaðurinn færði það til sönnunar fyrir honum, að laxgangan byrjaði 20 maí (*Páll Vídalín*: Í apríl um sumarmál). Hann færði dæmi af Hvítá í Borgarfirði, og sagði að þá færi selurinn að koma í ána, og væri það merki upp á, að lax væri genginn í hana. En silungurinn gengur í ána á undan og selurinn eltir hann líka, og er það því engin sönnun fyrir því, að lax sé genginn í ána, þótt selurinn sé kominn í hana. Silungurinn gengur í hana um sumarmál, og þá hleypur líka gæsingurinn í hana, en hann er ekki talinn reglulegur lax. Það er ætlazt til, að 4. tölul. komi aptan við 3. grein nefndarinnar. Þingmaður Árnesinga áleit, að menn gætu með því að byggja garða langt út í sjó 40 faðma eður lengra hindrað laxinn frá að ganga í ána, og væri því nauðsynlegt að bæta þessu atkvæði sínu við greinina. En getur nokkur hindrað landeiganda frá að hlaða langan garð út í sjó eður vötn frá landi sínu án þess að láta nokkurt op vera á honum? Og sé þetta svo, að eigandinn ekki verði hindraður í þessu, hvað bætir svo þetta viðauka-atkvæði? Eg sé það ekki. Annars talar nefndin ekki neitt um garða í greininni heldur að eins um veiðivèl eða laxakistur, og það sjá þó allir menn, að þær geta ekki gengið svo langt út. Auk þessa á ekki þetta viðauka-atkvæði vel við þessa grein, ef það á að vera til að hindra það, að menn með þvergörðum skuli geta spillt laxgöngum, því hèr er einungis verið að tala um, að laxinn eigi að mega ganga frítt í gegnum veiðivèlar þær á sunnudögum, sem ekki verða teknar þá upp án stórskemmda. Eg held því, að þingmaðurinn hafi ekki skilið rètt uppástungur nefndarinnar í þessari grein. 8. tölulið hefir verið fært það til styrkingar, að það væri gott, að amtmennirnir hefðu þetta vald. Það kann nú svo að vera, en eg held það hafi aldrei mikla *praktiska* þýðingu. Það þarf líklega að taka upp þingvitni til þess að fá fulla lagasönnun fyrir því, að veiði-aðferðin sé mjög arðsöm, en laxinn í ánni því nær enginn, en það getur orðið örðugt að fá það. Það væri annað mál, ef þeir sem búa við einhverja á, þar sem væri svo langtum meiri silungs- en laxganga, mættu með atkvæðafjölda koma sèr saman um að hiðja þess, að þeir mættu stunda silungsveiðina, og amtmaðurinn þá mætti gefa þeim leyfið til þess, ef enginn verulegur skaði gæti flotið af því fyrir laxveið-

ina, en það liggur ekki svo fyrir. Eg get ekki fellt mig vel við 17. tölulið. Eg skal koma með dæmi. Eg set, að 2 menn búi hvor á móti öðrum sinn hvoru megin við á, sem laxveiði er í. Annar þeirra á ekki breiðari landspildu sín megin við ána en 50 faðma. En hinn, sem á móti honum býr, hefir byggt garð, sem nær út í miðja ána. Þá má sá, sem ekki á nema 50 faðma spilduna engan garð byggja út í ána frá sínu landi, og væri svo kann ske bægt frá, að hafa nokkra laxveiði í henni (*Benidikt Sveinsson*: Misskilningur). Það er þannig að eins undir því komið, hvor þeirra verður fyrri til að búa til garðinn, því ef sá, sem á 50 faðma landspilduna að ánni, ekki verður fljótari til, má hann ekki hafa neinn garð í henni (*Benidikt Sveinsson:* Misskilningur. — Margir: Rètt). Sá sem á 50 faðma spilduna gæti í hæsta lagi sagt: «Þú verður að stytta garðinn þinn, svo hann nái ekki nema yfir þriðjung árinnar». Það verða nú allir að játa, að það er langtum eðlilegra, að lögin takmarki rètt manns, að hlaða garð út í miðstraumslínuna, heldur en að nábúinn skuli mega svipta mann honum eptir eigin geðþekkni. Eg hefi ekkert á móti 19. tölulið. Eg álít það einmitt gott, ef menn gæti eytt selnum á löglegan hátt, án þess að skaða hagnað annara. Sá efi, sem vakti fyrir mèr, er nú horfinn, fyrst að forseti sagði, að það gæti komið til atkvæða. Þótt menn sleppi þessu orði «*af*» úr 26. tölulið yrði hann samt ekki góður. Eg er hræddur um að lögin yrðu þýðingarlaus, ef sleppt væri úr ákvörðuninni um uppljóstrarmennina. Eg held að þessi ákvörðun sè nauðsynleg hèr, þar sem engir löggregluþjónar eru. Um 31. tölulið ætla eg ekkert að tala, því eg er viss um, að hann gengur ekki í gegn á þinginu.

Jón Sigurðsson: Það er vist óþarfi að bæta við lof það, sem borið hefir verið á nefndina fyrir framgöngu hennar á máli þessu, því hún hefir jafnvel ekki gleymt að hæla sèr sjálf. En samt verð eg að geta þess, að þó breytingaratkvæðin fari í sömu stefnu og nefndin, þá sýna þau þó einmitt, að málið er ekki grannskoðað frá nefndarinnar hlið, því þau miða öll til þess að breyta ákvörðunum nefndarinnar meira eður minna. Eg skal ekki tala neitt um breytingaratkvæðin hvort fyrir sig. En þegar eg skoða 15., 16., 17. og 18. tölul. get eg ekki skilið, að það sè rètt, sem þingmaður Árnesinga sagði, að miðstraumslínan sè ekki skert eptir ákvörðun meiri hluta nefndarinnar í 7. grein nefndarfrumvarpsins. Framsögumaður verður nefnilega að kannast við það, að nefndin eður

meiri hluti hennar gekk út frá því að skerða yrði miðstraumslínuna (*Jón Pètursson*: Nei). Það dugar ekki fyrir framsögumann, að ganga frá því, því hinir nefndarmennirnir munu þó verða að kannast við það sem fram fór í nefndinni; og ástæður nefndarinnar sýna ljósast, hver meining hennar var í þessu efni; annað mál er það, hvort brýn nauðsyn er á að halda fast við miðstraumslínuna, eptir því sem til hagar hèr á landi; eg fyrir mitt leyti hefi eigi getað sèð eða sannfærzt af ræðum þingmanna um það, að hèr bæri að raska hinum gamla góða grundvelli, sem Jónsbók byggir á, að hver maður eigi veiði fyrir sínu landi í miðja á; og eg hefi eigi getað sèð, að þörf væri fyrir oss að breyta frá því, sem er í öðrum löndum, og þar er miðstraumslínan viðurkennd, eins og hin ensku og norsku laxveiðalög, er vèr höfum fyrir oss, ljósast sýna. Eg skal lítið eitt minnast á 31. tölul., og verð eg að lýsa því yfir, að eg fellst á hann. Framsögumaður sagði, að þingið lýsti svo mikilli ósamkvæmni í því, að vera að biðja um löggjafarvald, en vilja þó ekki aðhyllast frumvarp nefndarinnar, heldur biðja um nýtt frumvarp frá stjórninni; en eins og það er víst, að þingið hefir ekki fengið löggjafarvald enn, eins er það víst, að mjög er hæpið fyrir ráðgjafarþing, að fara að eins og hèr er gjört; nefnilega að stinga fyrst upp á heilu lagafrumvarpi, semja það og samþykkja, og síðan heimta það innleitt án frekari undirbúnings. Þetta er því varúðarverðara, sem málið er merkilegra og meira áríðandi, eins og þetta mál virkilega er, því það er eflaust hið mesta nauðsynja- og vandamál. Það hefir verið sagt sem satt er, að það á vel að vanda, sem lengi á að standa, og því eiga menn ekki að hrapa að máli þessu. Eg vil biðja hinn háttvirta framsögumann að segja mèr, hvort alþing hafi nokkurn tíma farið eins að ráði sínu, eins og hèr er ætlazt til. Hve nær hafa komið lög frá alþingi, sem hafa verið rædd, samþykkt og löggilt á sama ári? (*Jón Pètursson:* Um friðun á sel og æðarfugli. *Hjálmur Pètursson*: Um löggilding Brákarpolls). Eg tek það því upp aptur, að það er hæpið fyrir ráðgjafarþing að biðja um þessi lög strax innleidd, og án frekari undirbúnings (*Benedikt Sveinsson:* Englendingar hafa kennt mönnum að hugsa). Það getur verið, að þeir hafi kennt þingmanni Árnesinga að hugsa, en þeir hafa ekki kennt mèr það, og eg held fáum af þingmönnum, svo þeim kemur þessi enska hugsun þingmannsins að litlu haldi. Eins og eg hefi tekið fram, álít eg því ísjárvert að fella 31. tölulið.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg álít líka ísjárvert að fella 31. tölulið, því að mèr virðist, að þingmenn hafi ekki lýst svo nægri þekkingu á málinu, að eigi mundi gott að bíða í 2 ár enn. Hinn heiðraði þingmaður Húnvetninga lagði um daginn við undirbúningsumræðuna nokkrar spurningar fyrir nefndina, og er þeim öllum ósvarað enn (*Benidikt Sveinsson*: Þeim er svarað á atkvæðaskránni). Þótt eg sè ekki laxveiðamaður, eins og eg lýsti yfir um daginn, þá sè eg þó margt athugavert við frumvarpið. Eg hefi hér með mèr dálitla enska bók um náttúru laxins, og þótt eg ekki sè búinn að lesa hana alla, þá er eg þó búinn að lesa svo mikið í henni, að eg veit, að fæstir af þingmönnum og jafnvel enginn þeirra þekkja eðlisfar laxins svo til hlítar, að þeir geti sett lög um laxveiðar með nokkurri raun. Það koma í árnar margar göngur af laxi, en er það allt sama kyn? Er það allt jafngamall lax? Þetta þekkja þingmenn ekki, og það ættu þeir þó að kynna sèr (*Sveinn Skúlason*: Það stendur í ensku lögunum). Eg veit að Englendingar þekkja það, en það dugar ekki að segja að vèr þurfum ekkert að vita um það. Þegar vèr biðjum stjórnina um að samþykkja þetta frumvarp, vil eg geta haft það traust til þingmanna, að þeir þekki málið svo, að mèr sè óhætt að fara eptir uppástungum þeirra. Eg veit ekki, hvar það átti heima, er þingmaður Árnesinga og hinn konungkjörni varaþingmaður voru að tala um, að laxveiðar vorar lægju undir ofbeldi útlendra manna; hverjir eru þessir útlendu menn? Eg veit ekki hverjir þeir eru. (*Benidikt Sveinsson:* Nomina sunt odiosa). Þeir eru víst fáir sem hafa sýnt ofbeldi á laxveiðum vorum, en þótt það nú væru einhverjir, þá er það Íslendingum sjálfum að kenna, ef þeir þola það þegjandi, því að þeir þurfa ekki að liggja undir slíku ofbeldi. Þótt það hafi verið sagt, að breytingaratkvæðin færu öll í sömu stefnu og nefndin, sannar það ekkert, að frumvarpið sè gott; það sýnir sig þó í ræðum manna, að allir hafa ekki sömu skoðun á málinu. Eg held því fast við 31. tölulið, og þykist eg gjöra löndum mínum meira gagn með því, en fallast á frumvarpið.

Þingmaður Húnvetninga bað mig að heilsa framsögumanni frá sèr, og átti eg að færa honum þau skilaboð, að það væri auðsèð á 1. tölulið, að tilgangurinn væri eigi sá, að spilla laxveiðinni, heldur miðaði hún til þess að takmarka hana ekki um of að óþörfu.

Þegar selur er kominn upp í Hvítá í Borgarfirði á vorin, er

það að vísu satt, að það er merki þess, að lax sè genginn í ána. En Borgfirðingar hafa og annað öruggara merki, og það er það, að þeir fara að veiða þar lax um sumarmál (*Hjálmur Pèturssson*: Ósatt) Borgfirðingar hafa sagt það sjálfir. (*Benidikt Sveinsson*: Ósannað). Það er ekki gott að sanna það hèr í salnum; því ef menn vilja fá fulla sönnun fyrir því, þá verður annaðhvort að taka upp þingvitni, eða menn verða sjálfir að fara upp í Borgarfjörð og vera þar um sumarmálin og reyna, hvort þeir geti eigi veitt neinn lax (*Páll Vídalín:* Það hefir ekki verið sannað hið gagnstæða).

Eg skal svo ekki tala meira, en að eins lýsa því yfir, að eg mun gefa atkvæði mitt með þeim töluliðum, sem eg ímynda mèr að sèu til góðs í frumvarpinu, og sem gætu verið stjórninni til stuðnings við að búa til frumvarp undir næsta þing, en ætla því, að gefa 31. töluliðnum atkvæði mitt.

Pètur Pèturssson: Eg ætlaði mèr ekki að tala í þessu máli, en af því sumir hafa orðið til að mæla með 31. tölulið, þá ætla eg að láta í ljósi mina meiningu um hann. Mèr finnst frumvarpið vera svo vel úr garði gjört, eins og menn bezt geta búizt við. Mèr finnst það lýsa ofmiklu vantrausti þingsins á sjálfu sèr, að það skuli einmitt nú, þegar það er í undirbúningi með að fá löggjafarvald, biðja stjórnina um að búa til frumvarp og leggja það fyrir þingið í svo innlendu máli, sem nokkurt mál getur verið. Þegar eg fer að hugsa um, hvaða meining liggi í 31. tölulið, þá finnst mèr hún vera sú, að frumvarpið sè ekki svo vel úr garði gjört, að stjórnin geti gjört það að lögum, og því sè bezt að bíða til næsta þings, svo stjórnin geti þá lagt annað fullkomnara frumvarp fyrir þingið. Það hefir verið tekið fram, að frumvarpið mundi varla geta batnað hjá stjórninni. Mèr sýndist menn heldur ekki geta ætlazt til þess, því í 31. tölul. er beðið um frumvarp *ápekkt* þessu. Það ætti þá að batna við það að bíða, en þá held eg það væri rèttara, sem hinn heiðraði þingmaður Eyfirðinga stakk upp á, að senda það alls ekki til stjórnarinnar, heldur láta það bíða hèr í landinu sjálfu til næsta þings. Þriðji hagnaðurinn, sem menn gætu haft af því að láta það sigla, kynni að vera sá, að það batnaði á leiðinni eins og sagt er um tóbakið. Það er eins og menn hugsi sèr að á þessum 2 árum muni rísa upp nýir kennifeður í hverri sveit, sem prèdiki um laxveiðar, og fræði menn um allt, sem þeir ekki vita. Eg fyrir mitt leyti held ekki að menn verði

búnir að fá meiri reynslu í laxveiðum 1869. Að minnsta kosti held eg að þeir, sem ekki búa nálægt laxám, verði ekki orðnir miklu fróðari þá. En hinir, sem nú þekkja til laxveiða, eru svo vel inn í því, að þeir geta látið sannfærandi álit í ljósi. Eg ætla ekki að tala um þann óþarfa kostnaðarauka, sem menn gjöra sèr, með því að eyða löngum tíma til þess að ræða málið tvisvar, því það má vera öðrum hugfastara en mèr. Það hefir verið sagt, að það ætti vel að vanda, sem lengi á að standa. En þeir sem játa, að frumvarpið sè svo vandað og gott, hafa þá enga ábyrgð, þótt þeir biðji stjórnina um að gjöra það að lögum. Hver segir, að þingið 1869 vilji fallast á frumvarp það, er stjórnin legði fyrir það? Og hver segir, að stjórnin vilji heldur fallast þá á frumvarpið, eins og það kemur frá þinginu, en nú? Eg held stjórnin gjöri það síður, því þegar þingið hefir látið í ljósi, að það væri ekki fært um að fjalla um málið nú, veikir þetta traust stjórnarinnar á þinginu. Stjórnin þarf þá að ráðfæra sig við norska eða aðra laxveiðamenn, og þeir kunna að koma með einhverjar frábrugðnar reglur frá þeim sem vèr álítum haganlegastar; og hvorum á þá stjórnin að trúa? Hún fer líklega heldur eptir reyndum Norðmönnum heldur en eptir oss, sem erum minna reyndir og höfum sjálfir gefið í skyn, að vèr bærum ekki fullt skynbragð á þetta mál.

Eg skal svo ekki tala fleira, því eg ætla ekkert að ræða um hina einstöku tölulíði, það hafa aðrir þegar gjört.

Framsögumaður: Eg ætlaði að gefa þingmanni Suður-Þingeyinga upplýsingar um frumvörp þau, er þingið hefir búið til og og samþykkt, og löggilt hafa verið skömmu síðar (*Jón Sigurðsson*: Eg kæri mig ekki um það; þess þarf ekki). Eg sleppi því þá, og hefi ekki fleira að tala.

Forseti: Þar eð eigi taka fleiri til máls, þá er þessari ályktarumræðu lokið, og kemur málið þá til atkvæða samkæmt atkvæðaskránni, sem eg vona, að hinir háttvirtu þingmenn hafi fyrir sèr.

1. grein.

1. tölul. samþ. með 17 atkv. gegn 3.
2. — samþ. í einu hljóði.

2. grein.

3. — samþ. í einu hljóði.

3. grein.

Við þenna tölulið var við haft nafnakall.

«Já sögðu»:	«Nei sögðu»:
Eiríkur Kúld.	Halldór Kr. Friðriksson.
Arnljótur Ólafsson.	Bergur Thorberg.
Benidikt Sveinsson.	Hjálmur Pètursson.
Jón Bjarnason.	Jón Pètursson.
Jón Hjaltalín.	Jón Sigurðsson.
Páll Ólafsson.	Magnús Jónsson.
Pètur Pètursson.	Ólafur Pálsson.
Sighvatur Árnason.	Ólafur Sigurðsson.
Stefán Jónsson.	Páll J. Vídalín.
Stefán Thordersen.	Pètur Guðjónsson.
Sveinn Skúlason.	Stefán Eiríksson.
Torfi Einarsson.	

Var tölulíðurinn þannig samþykktur með 12 atkvæðum gegn 11.
Fjærverandi voru: Björn Pètursson, Jón Guðmundsson. Sveinn Níelsson.

5. tölul. samþ. með 22. atkv.

4. grein.

6. tölul. samþ. með 22. atkv.

5. grein.

7. — samþ. með 17 atkv. gegn 2.
8. — samþ. með 19 atkv.
9. — samþ. með 23. atkv.

6. grein.

10. — viðtekinn án atkv.
11. — felldur með 11 atkv. gegn 8.
12. — samþ. með 16 atkv. gegn 2.
13. — samþ. í einu hljóði.

7. grein.

14. — felldur með 13 atkv. gegn 7.
15. — felldur með 13 atkv. gegn 9.
16. — samþ. án atkv.
17. — felldur með 13 atkv. gegn 10.
18. — samþ. með 20 atkv.

8. grein.

19. — samþ. með 13. atkv. gegn 8,
20. — samþ. með 17 atkv.

9. grein.

21. — samþ. með 21 atkv.

10. grein.

22. — viðtekinn án atkv.
23. — sömuleiðis.
24. — samþ. með 19 atkv.

11. grein.

25. — samþ. með 21 atkv.

12. grein.

26. — felldur með 10 atkv. gegn 10.
27. — samþ. með 16 atkv. gegn 1.

13. grein.

28. — samþ. með 21 atkv.
29. — samþ. án atkvæða.
30. — samþ. með 18 atkv. gegn 3.
31. — þar við burtu fallinn.

Fundi slitið.

---

37. fundur. — 21. ágúst.

Allir á fundi nema þingmaður Árnesinga og þingmaður Vestur-Skaptfellinga, er höfðu tilkynnt forseta forföll sín.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur í dag til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um stofnun læknaskóla í Reykjavík. Framsögumaður er hinn háttvirti annar konungkjörni þingmaður, og veit eg ekki, hvort hann vill taka til máls.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 525—527).

Framsögumaður (Jón Hjaltalín): Þingmenn munu hafa tekið eptir því, að mál þetta er vant því, að fá góðan byr hèr á þingi, og eins vona eg að fari enn, Mèr þykir það illt, að nefndin hefir haldið, að læknasjóðurinn væri ríkari en hann í raun og veru er. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi og 1. konungkjörni hafa sýnt, að tekjur læknasjóðsins, eins og þær nú eru, væru eigi nægar til að standast þenna kostnað. Það hafa því góðviljaðir menn komið fram með breytingaratkvæði við uppástungur nefndarinnar til þess að reyna að hjálpa málinu við, og ætla eg að fara fáeinum orðum um þau. Breytingaratkvæðið undir 1. tölulið er, eins og eg gat um, um

daginn, af góðum toga spunnið, því uppástungumaðurinn veit vel, hvað sjóðurinn getur misst. Sama er segja um 2. tölulið, en þó kann eg ekki eins vel við hann. Mèr finnst hann draga úr því, að læknaskóli komist nokkurn tíma á. En það getur skeð, að uppástungumaðurinn geti sannfært mig um, að þessi skoðun mín sè ekki á rökum byggð. 4. töluliður fer í líka stefnu og uppástunga hins háttvirta 1. konungkjörna undir 1. tölulið. Þó hefði mèr þótt betra, að tekið hefði verið fram, að læknirinn skyldi losast við störf þau, sem hann nú hefir sem hèraðslæknir og landlæknir, enda hefir það víst verið meining uppástungumannsins. Viðvíkjandi 7. tölulið skal eg geta þess, að mèr þykir nú 200 rd. lítil laun handa kennaranum, þegar hann á að kenna efnafræði, eðlisfræði og þar á ofan grasafræði. Eg get því með engu móti fallizt á þetta breytingaratkvæði. Um 9. tölul. skal eg ekki segja annað, en að það er mesta þörf á að fá það, sem þar er farið fram á, ef læknasjóðurinn hefir efni á því. Hinn háttvirti 1. konungkjörni getur bezt upplýst, að hvað miklu leyti það er fært fyrir læknasjóðinn; eg fyrir mitt leyti álít mjög æskilegt, ef það gæti fengið framgang. Sama er að segja um 10. tölulið; það er víst um það, að þeir þurfa þess með, og svo ættu þeir einnig að komast á jafnan fót við prestaskólamenn, því mèr þykir það hart, ef þessi læknaskólí á að verða settur í öllu strax neðar en prestaskólinn. Eg er því samþykkur þessu breytingaratkvæði. Eg verð nú að segja um 12. tölul., að eg hefi litla trú á að það gagni stórt að biðja um það, sem þar er farið fram á. Það er tilraun, sem tekur sig mikið vel út á pappírnum, en sem — eg er því miður hræddur um — að kann að eiga þungt uppdráttar, og vil eg vara þingið við að stóla ekki of mikið upp á hana. Eg hefi fulla ástæðu til að tala þannig. Eg hefi tvisvar beðið stjórnina um ferðastyrk og haft góð meðmæli, en verið neitað í hvorttveggja skiptið. Eg held það sè því bezt að stóla upp á það sem vér höfum, en vera ekki að biðja um fè úr ríkissjóði, hvorki til þessa nè annars, ef mögulega verður hjá komizt. Þegar eg skoða 1. tölul. í sambandi við 4. tölulið, sè eg ekki, að kostnaðurinn verði svo mikill, þótt þetta nýja hèraðslæknisembætti verði stofnsett hèr, að hann yfirstígi krapta þá, sem vèr höfum yfir að ráða; vèr höfum líka «Ressourcer» í þessum 600 rd., sem tilteknir voru af stjórninni 1848 að brúka mætti til læknakennslu, og ekkert hefir verið brúkað af nema einu sinni 100—200 rd. Eptir uppástungu nefndarinnar ætti að borga 1600

—1700 rd. úr læknasjóðnum, og ætti sjóðurinn að geta borið þann kostnað.

Eg skal svo ekki tala fleira að sinni. Eg vona að þingið aðhyllist uppástungur nefndarinnar í öllu því verulega. Að öðru leyti vil eg þakka hinum háttvirtu þingmönnum fyrir þeirra góðu undirtekir í máli þessu.

Forseti: Eg skal leyfa mèr að geta þess, að eptir því sem mèr hefir skilizt uppástungan undir 1. og 4. tölul., þá heyrist mèr sem hinn háttvirti framsögumaður hafi skilið hana nokkuð á annan veg. Eg vil því skýra frá, hvert samband er milli þessara liða á atkvæðaskránni. Fyrsti töluliður er breytingaratkvæði við 2. tölul. *b*. Uppástunga hins 3. konungkjörna þingmanns undir tölulið 2. *a* og *b* er ætluð til að koma í staðinn fyrir allar uppástungur nefndarinnar. Ef uppástunga hins 3. konungkjörna þingmanns undir 2. tölulið verður samþykkt, þá falla allar uppástungur nefndarinnar. Nefndin stingur upp á, að hèr verði stofnaður *læknaskóli*, en hinn 3. konungkjörni fer að eins fram á að fá styrk handa *læknakennslu*. Þess vegna getur 1. og 2. tölul. ekki samrýmzt 4. tölul. sem er breytingaratkvæði við uppástungu nefndarinnar undir 5. tölul., því ef að annar tölul. verður samþykktur, þá falla allir tölulíðirnir, sem á eptir koma, nema 9., 10. og 12. tölulíður.

Framsögumaður: Mèr sýnist þó 1. tölul. ekki koma í bága við 4. tölul.

Forseti: 1. tölul. er breytingaratkvæði við 2. tölul., svo að 1. og 2. tölul. koma í staðinn fyrir allar uppástungur nefndarinnar.

Bergur Thorberg: Eg skal leyfa mèr að geta þess, að það sem hinn háttvirti forseti tók fram um breytingaratkvæði mitt, er rètt, því eg hafði einmitt hugsað mèr það þannig. Það getur því víst ekki verið meining framsögumanns að fallast á 1. tölul. en gefa atkvæði móti 2. tölul. (*Framsögumaður*: Nei, engan veginn). Því 1. tölul. er að eins breytingaralkvæði við eitt atriði í 2. tölul. Mèr virðist þessi uppástunga mín hafa þann kost, að líklegt er, að hún hafi meiri árangur en uppástungur nefndarinnar. Eg hefi einmitt þess vegna komið fram með þetta breytingaratkvæði, og ef það fæst sem þar er farið fram á, þá er töluvert unnið, því eg get ekki skilið annað en að kennslan mundi taka talsverðum bótum, ef það kæmist á. Mèr finnst tvennt vera unnið, ef þessi uppástunga mín gengur í gegnum. Landlæknirinn fær þá betri tíma til að kenna, ef þessi hèraðslæknir yrði settur hèr, og svo

fær hann einnig meiri umbun fyrir starfa sinn, ef hann fær þessa viðbót við þóknun þá, er hann nú hefir fyrir kennsluna. Svo er líka ætlazt til, að héraðslæknirinn aðstoði hann við kennsluna, svo hún yrði að líkindum einnig að því leyti fullkomnari og betri en menn geta búast við að hún sé nú. Það er sjálfsagt, að sú viðbót, sem eg hefi stungið upp á við kennslukaup landlæknisins, hefir engin áhrif á laun þau, er hann nú hefir sem landlæknir. Hann hefir nú 1300 rd. og 150 rd. í húsaleigustyrk, og ef hann nú fengi í viðbót við það 500 eða 600 rd. þá mundu kjör hans batna, og það álít eg maklegt og æskilegt.

Konungsfulltrúi: Þó að það, eins og eg hefi tekið fram bæði við inngangs- og undirbúningsumræðuna í þessu máli, eptir minni meiningu sé mjög æskilegt, að betri tilhögun komist á læknakennsluna hér í landinu, en nú er, og þó að eg fyrir mitt leyti álíti það ofætlun að heimta af landlæknum, sem nú er eða þeim sem eptir hann kann að koma, að hann haldi bæði öllum embættisstörfum sínum sem landlæknir og héraðslæknir og þar að auki einn annist um alla kennsluna, — hefi eg álitið skyldu mína að leiða athygli þingsins að því, að ómögulegt sé nú sem stendur, að læknasjóðurinn geti borgað þann kostnað, sem stofnun læknaskóla eptir uppástungum nefndarinnar mun hafa í för með sér. Eg gat þess, að þar sem *þingið* hefir gjört verulega breytingu við frumvarpið um spítalahlutina, geta menn ekki sagt með neinni vissu, hvort stjórnin muni fallast á uppástungur meiri hlutans eða minni hlutans, eða hvort hún muni láta gjaldmáta spítalahlutanna fyrst um sinn vera óbreyttan; og eg tók það fram, að læknasjóðurinn með þeim tekjum, sem hann nú á, ekki getur borgað þenna kostnað, og það er óvíst, hvort hann, ef breyting meiri hlutans kemst á, getur gjört það. Nokkrir þingmenn eru sannfærðir um það, að þessi breyting muni auka tekjur sjóðsins fremur en ákvarðanir frumvarpsins; þó að eg nú fyrir mitt leyti ekki efist um það, að þingmenn hafi þessa sannfæringu, og þó að eg vildi óska, að þessi von þeirra staðfestist, þori eg þó ekki, eins og nú stendur á, að byggja neina fasta áætlun á því, og eg skal þess vegna ráða þinginu frá, að gefa uppástungu nefndarinnar atkvæði sitt. En af því að eg óska, að þetta mál fái sem beztan byr hér á þinginu, til þess að því geti orðið framgengt, skal eg nú snúa orðum mínum til þeirra uppástungna, sem mér þykja aðaðgengilegar, að minnsta kosti með nokkrum óverulegum breyt-

ingum, sem eg nú skal benda á. Eg skal þá fyrst taka það fram, að ef landlæknirinn verður laus við þau embættisstörf, sem hvíla á héraðslækninum í Borgarfjarðarsýslu og í Gullbringusýslu, þá getur hann eptir minni meiningu vel sameinað héraðslæknisembættið í Kjósarsýslu og Reykjavíkurumdæmi við landlæknisembættið, og mér þykir það í sjálfu sér æskilegt, að hann, einmitt með tilliti til kennara-embættis hans, hafi á hendi svo mörg praktisk störf, sem unnt er að gegna í sameiningu við landlæknis- og kennara-embættið. En fyrir þessu er gjört ráð í konungsúrskurði af 10. maímánaðar þ. á., með því, að þegar lækna-efni setjast að í Keflavík og í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum, þá verði þessum tveimur praktiserandi læknum falið á hendur, að gegna héraðslækna-embættisstörfum í þeim hlutum af landlæknisins héraði. En til bráðabyrgðar mun annar kennari í læknisfræðinni hér í Reykjavík geta gegnt þessum störfum að minnsta kosti í Gullbringusýslu og landlæknirinn á meðan haldið störfum sínum í Borgarfjarðarsýslu. Eg gjöri ráð fyrir að fyrst um sinn — þangað til læknaefni setjast að í Keflavík — muni verða veittur öðrum kennara í Reykjavík, sem verður settur héraðslæknir í Gullbringusýslu sá styrkur, sem lofaður er 5 lækna-efnum, þegar þeir setjast að í þeim héruðum landsins, hvar mest þörf þykir á læknishjálp, og að viðbót af 400 rd. við þenna styrk sem byrjar með 400 rd. árlega, muni verða álitin hæfileg laun handa 2. kennara, auk þess sem praxis og máske föst laun af sjúkrahúsinu getur veitt honum. Ef launaviðbót handa landlæknirnum þar næst verður hækkuð frá 300 rd. til 500 eða 600 rd., eins og stungið er uppá undir tölulið 1 og 2, og þegar maður — eins og hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður benti á við undirbúningsumræðuna — gjörir ráð fyrir, að húsrúm (Locale) handa læknakennslunni geti fengizt í sjúkrahúsinu í Reykjavík, verður kostnaðaraukinn við þetta fyrirkomulag ekki meiri en 7—800 rd. árlega af læknasjóðnum, og þenna kostnað álít eg honum fært að bera. Þegar seinna læknisefni sezt að í Keflavík og honum verður falið á hendur að gegna læknisembættisstörfum í Gullbringusýslu, þá getur annar kennari í Reykjavík verið héraðslæknir í Borgarfjarðarsýslu, og landlæknirinn á þann hátt verið laus við þessi störf og þegar héraðslækni er fenginn í Mýra og Borgarfjarðarsýslum, þá getur spursmál orðið um það, hvort landlæknir og 2 kennari hvor um sig eigi að gegna embættisstörfum í Kjósarsýslu og í

Reykjavíkur kaupstað, eða að öðru leyti að ákveða bæði störf og laun þeirra. Kennsluna í grasafræði, efnafræði og eðlisfræði, geta menn eptir minni meiningu fyrst um sinn falið öðrum kennara á hendur, og held eg að hann muni leysa af hendi þetta starf eins vel og kennarinn í náttúrufræði í latínuskólanum. Eg held að með þessu fyrirkomulagi geti bæði læknakennslan hèr í landinu orðið skipuð eins vel og stungið er upp á af nefndinni og embættisstaða landlæknisins orðið viðunanleg; en á hinn bóginn getur þetta fyrirkomulag eptir minni meiningu samrýmzt efnahag læknasjóðsins þar sem hinar uppástungurnar fara lengra. Það er mjög áríðandi í öllum löndum en sèr í lagi í voru fátæka landi, að skipa hin nauðsynlegu embætti svo, að embættismenn bæði geti án áhyggju gegnt störfum sínum, og landið borið kostnað þann, sem rís af embættislaunum, og þingið mun, þegar það fær löggjafarvald, sanna þetta, þó að það má ske nú ekki sè þingmönnum eins ljóst og það er mèr, að nauðsynin krefur þess.

Að svo mæltu skal eg ráða þinginu til að aðhyllast þær uppástungur, er fara í þá stefnu, sem eg nú hefi tekið fram, en þær eru töluliðir 1, 2 og að nokkru leyti 4.

Framsögumaður: Í tilefni af ræðu hins hæstvirta konungsfulltrua verð eg að segja, að mèr þykir það óviðurkvæmilegt, að landlæknirinn ekki getur losazt við störf þau, er hann hefir sem hèraðslæknir. Það er þó eitthvað ónáttúrlegt í því að landlæknirinn verður t. d. að hlaupa frá kennslu eða yfirheyrslu, og fara upp í Borgarfjörð, sem er einhver sú lengsta ferð fyrir lækninn hèr, t. d. upp að Reykholti; hann getur hæglega teppzt í hálfan mánuð eða jafnvel lengur á þessari ferð. Ungum lækni er ekki vorkunn á að gegna læknisstörfum í þessum 3 sýslum; en þingmenn vita, að eg er nú ekki ungur lengur, og það er ekki auðhlaupið að fara á vetrardag upp í Borgarfjörð; eg treysti mèr ekki til þesu lengur að gegna þessum örðugu hèraðslæknisstörfum hèr, en eg álít það enga frágangssök fyrir ungan mann, Vèr, sem eldri höfum verið, höfum opt mátt þola hroðaferðir suður í Keflavík, og eru þær optast illar ekki einungis á vetrum, heldur jafnvel bæði haust og vor, og engu betri en upp í Borgarfjörð, nema hvað maður getur ekki teppzt eins lengi. Þetta nýja læknisembætti, sem gjört er ráð fyrir í Borgarfjarðar- og Mýrasýslum, er eitt af þeim, sem tekið verður með þökkum, því það er eitt hið hægasta hèraðslæknisembætti, ef læknirinn væri settur við Hvítá.

Eg get ekki neitað, að nefndin er komin nokkuð í bága við uppástungur þær, sem áður hafa komið fram í máli þessu, og á því stjórnin ef til vill örðugt með að ganga inn á uppástungur nefndarinnar, nema hinn hæstvirti konungsfulltrúi veiti þeim full meðmæli sín. Eg er viss um, að stjórnin verður ekki ánægð með afdrif spítalamálsins hèr á þingi; því eg álít það mjög óheppilegt, hvernig það fór. Eg er hræddur um, að þegar stjórnin fær að sjá alla þessa steinbíta, þorska, ísu, háfa og lýsiskúta, þá fari henni ekki að lítast á blikuna. Mèr þykir ætíð góðra gjalda vert, þegar eitthvað miðar áfram, því mèr þykir allt af leiðinlegt, þegar eg er á ferðum, að komast ekkert úr sporunum, en vera allt af að höggva í sama farið. Það er líka allt af hægra að bæta við en byggja að nýju, og eg er viss um, að kennslan gengi greiðara, ef það fengist, sem farið er fram á í 2. tölul. En eg er líka hræddur um, að örðugt muni verða að fá fè úr ríkissjóðnum, til þess að koma upp læknaskólanum.

Eiríkur Kúld: Hinn háttvirti framsögumaður spáði því, að mál þetta mundi hafa hin mestu óhöpp af endalyktum spítalamálsins, og er honum æði tíðrætt um það. En eg verð að lýsa því yfir, að eg er alveg á gagnstæðri meiningu, eg held að það verði einmitt til hins mesta stuðnings fyrir mál þetta, ef stjórnin fellst á minni hluta nefndarinnar í spítalamálinu. Hinn heiðraði framsögumaður man víst allt eins vel og eg, að meiri hlutinn gjörði ráð fyrir, að tekjur spítalasjóðsins mundu verða 4000 dalir og minni hlutinn sýndi með dæmi fram á, að eptir hans uppástungum mundu tekjurnar ekki verða minni. Það gladdi mig mjög að heyra undirtektir hins hæstvirta konungsfulltrúa, því eptir því sem honum fórust orð, er eg viss um, að hann muni veita máli þessu meðmæli sín. Áður en atkvæðaskráin var prentuð kom mèr til hugar að sameina mig við hinn 3. konungkjörna þingmann um breytingaratkvæði hans undir tölulið 2.; en þegar eg fór betur að aðgæta sá eg að eg gat það ekki, því sá galli er á breytingaratkvæði hans. að það fyrirbyggir, að læknaskóli komist á, og því tók eg mèr breytingaratkvæðið undir 4. tölulið. Mèr heyrðist framsögumaður heldur ekki hafa neitt á móti því, nema að hann vildi heldur hafa það þannig orðað, að auk þóknunar fyrir kennsluna ætti hann að halda launum sínum sem landlæknir og hèraðslæknir; en meiningin er hin sama, því í breytingaratkvæðinu stendur, að *hann haldi þeim launum, er hann nú hefir,* og er þetta því sami gallinn og er á

uppástungu nefndarinnar, en það var allt af mín meining, að hann hèldi hvorutveggju launanum. Mèr virtist hinn hæstvirti konungsfulltrúi heldur vilja halla sèr að tölulið 2 en 4, þó hann reyndar ekkert hefði á móti honum. Eg ann betur, að læknaskóli komist á heldur en ekki; en í 2. tölulið er engin lagaskylda til að halda kennslunni áfram. Það gæti farið svo, að þegar vèr fengjum annan landlækni, að hann vildi ekki vinna til að auka þessum störfum á sig fyrir þessa þóknun, og þá væri kennslan búin; ef skólinn þar á móti kæmist á, væri kennslan ekki bundin við landlækninn, heldur við kennarann. Það er ekki víst, að vèr allt af höfum jafn árvakran og atorkusaman landlækni sem nú, er fús sè til að leggja jafnmikið á sig og hann gjörir. Hinum hæstvirta konungsfulltrúa sýndist, að þetta mundi verða kleyft fyrir landlækni, ef læknir kæmi í Gullbringusýslu. En eg hefi sèð þess ljósan vott, að landlæknir hefir mjög mikið að starfa, þó ekki sè nema hèrna í sjálfri Reykjavík. Eg held, að ef hann yrði laus við hèraðslæknisstörfin, mundi kennslan verða langtum fullkomnari en menn geta búizt við henni, þegar hann verður að hafa hana eins og í hjáverkum. Það er satt, að útgjöld þau, er á læknasjóðnum hvíla eru mikil, en þó held eg, að hann geti borið þenna kostnað. Eptir skýrslu hins háttvirta 5. konungkjörna þingmanns um daginn, voru tekjur sjóðsins 1865 hèr um bil 3500 dalir; ef að þær nú aukast, sem eg vona að verði, þá held eg að sjóðurinn geti borið kostnað þenna, jafnvel þó embætti þau, sem um er talað í hinni konunglegu auglýsingu, komist á fót. Eg get ekki sèð, að landlæknir megi hafa minni þóknun fyrir kennsluna en hèr er til tekið, og ekki má heldur hinn læknirinn byrja með minna. Eg er öldungis samdóma hinum hæstvirta konungsfulltrúa, að mjög sè áríðandi að launa embættismönnum svo vel, að þeir geti gegnt embætti sínu án þess að þurfa að bera áhyggju fyrir viðurværinu. Eg lætla ekki að halda breytingaratkvæði mínu neitt fast fram, og það því síður, sem hinn háttvirti framsögumaður ekki taldi á því aðra galla en þann, sem eg hefi sýnt, að einnig væri á uppástungu nefndarinnar sjálfrar.

Ólafur Sigurðsson: Breytingaratkvæði mitt undir 7. tölul. tók eg mèr einungis í þeim tilgangi að spara fè um 100 rd. á ári, af því eg vildi hlynna að málinu, en var hræddur um, að tekjur læknasjóðsins eigi mundu hrökkva til stofnunar þessa læknaskóla; einkum á meðan ekki kemst á hèr hin væntanlega breyting á spítalagjaldinu, sem eg er viss um að mundi auðga hann töluvert;

vèr höfum hingað til og megum líklega enn spila mest upp á okkar eigin spítur í þessu máli, því yfir höfuð hefir stjórnin til þessa látið sèr lítið annt um, að sjá lífi og heilsu manna hèr á landi borgið; þetta sèst bezt af því, hvernig næstliðið ár hefir verið ástatt með læknishjálp í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslu læknisumdæmi. Eg get heldur ekki dulizt þess, að mèr virðast launin vera nokkuð há hjá nefndinni, því kennararnir á læknaskólanum hafa æði mikið minna að gjöra en kennararnir á prestaskólanum. Ef eg man rètt, hefir hèr aldrei verið gjört ráð fyrir meir en 20 læknum, eða einum lækni í hverri sýslu, en þar á mót þarf hèr 170 presta, og sjá þá allir, að það er mikill munur að kenna 20 eða 170 manns. Eg get ekki heldur sèð annað en að 200 rd. sèu sæmileg laun fyrir ekki erviðari kennslu, því það er alkunnugt, að studentar frá lærða skólanum hèrna, eru ekki alveg framandi í náttúrufræði. Breytingaratkvæðið undir 2. tölulið get eg ómögulega aðhyllzt, því það hefir fyrir mark og mið að halda öllu enn þá í sama horfinu, en eg legg þar á móti svo mikla áherzlu á það, að hèr komist upp *læknaskóli,* því þá er það orðin föst stofnun; en þessi *læknakennsla* getur hæglega dálið út með þeim landlækni sem nú er.

Framsögumaður: Það kann að vera, að hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga hafi góða von um, að tekjur læknasjóðsins vaxi, ef álit minni hlutans i spitalamálinu verði að lögum, en það hefir nú lítið að segja, ef stjórnin er á gagnstæðri meiningu, því upp á hana kemur mest hvernig þessu máli reiðir af. Út af því, sem þingmaður Skagfirðinga talaði um læknakennsluna, skal eg geta þess, að eg álít það ótilhlýðilegt, að kennararnir við læknaskólann sèu settir skör lægra en kennararnir við prestaskólann, því þó að prestarnir sèu fleiri en læknarnir, þá er þo meiri fyrirhöfn að kenna á læknaskólanum en prestaskólanum; eg þori og að fullyrða það, er helmingi orðugra að nema læknisfræði en guðfræði. Nafnið «skóli» kæri eg mig ekki um, þetta var hèr og ekki áður, þegar læknakennslan var hèr á 18. öld, þá var landlækninum falið á hendur að kenna; mèr er einungis um að gjöra, að læknakennslunni verði haldið á fram, og hún útbúin svo vel sem auðið er.

Arnljótur Ólafsson: Mèr finnst aðalefnið hèr vera á eina höndina að bæta læknaskipunina, og á hinn bóginn, hve mikið við getum bætt hana, eður með öðrum orðum, hve mikið fè vèr höfum til þessa. Vèr verðum að gæta að því nákvæmlega, hvað mikið

fè vèr höfum fyrir hendi; vèr verðum líkt og þegar menn þreifa í vasa sinn og gá að, hvort þeir geti borgað skuld sína, en ekki allt af að vera að segja við ríkissjóðinn opnaðu þig Sesam! Hinn hæstvirti konungsfulltrúi og 1. konungkjörni þingmaður hafa tekið það fram, að 1865 hefði tekjur spítalasjóðsins verið rúmar 3000 rd. Eg hefi tekið það áður fram, að nálega 525 rd. væri nú borgaðir af spítalasjóðnum hèr til spitalans og annars, og þar við er rètt að bæta 40 rd., sem eru vextir af þeim 1000 rd., er spítalanum eru lèðir vaxtalaust. Hèr við bætast 240 rd., sem er meðaltal af hinum rèttu gjöldum læknasjóðsins til þeirra 5 nýju lækna-embætta. Þetta er til samans 2965 rd., og ef vèr bætum hèr við þeim 600 rd., er nú ganga til læknakennslunnar, þá er í rauninni ekkert fè til, þó ekki sè taldir þeir 200 rd., er greiddir hafa verið fyrir bækur til læknakennslunnar nú um tvö ár. En nú geta menn sagt, að dálitið fè sè til meðan aðstoðarlæknarnir eigi eru til, og í annan stað muni tekjur læknasjóðsins aukast, ef frumvarpið um spítalahlutina verður að lögum. Þetta er satt, vèr höfum *dálitið* fè til, en eigi mikið, og því get eg eigi fallizt á uppástungur nefndarinnar. Eg vil leyfa mèr að spyrja nefndina, á hverju hún hefir byggt álit sitt um tekjur spitalasjóðsins. Hun hefir byggt þenna reikning sinn á tekjum sjóðsins eitt ár, í stað þess, að hún hefði átt að byggja hann á 5 ára tímabili, því spítalablutirnir færast upp og niður, allt eptir því, hvort fiskast vel eður illa. Vextirnir af spítalasjóðnum, sem er um 60,000 rd., er um 2,400 rd., og spitalahlutirnir eru upp og ofan um 1000 rd. Hèr er því annaðhvort að gjöra að fallast á nefndina og 12. tölul., og þá að biðja ríkissjóðinn að drepa í skörðin, eða að fella hana og fallast á 1. og 2. tölul. Eg er samdóma hinum háttvirta framsögumanni í því, að mjer stendur á sama, hvort stofnun þessi er kölluð skóli eða ekki, með því að sú menntastofnun er skóli, sem kennarar eru settir við með föstum launum, og þeir er þar læra, verða hæfir og fá rètt til að verða embættismenn. Mèr finnst nú, að *kostnaðaraukinn* eptir 2. tölulið *sè í rauninni eigi nema 400 rd.*, það er að skilja 200 rd. viðbót við landlæknirinn og 200 rd. einir af þeim 1000 rd., er annar læknir við skólann á að fá; því að hann er til bráðabyrgðar aðstoðarlæknir í Borgarfjarðarsýslu, og eins í Kjósar- og Gullbringusýslu, og hefir 400 rd. fyrir hvort þessara embætta, eður 800 rd., verður þá að eins að skjóta til hans fyrst um sinn 200 rd.

Eg skal að endingu leyfa mèr að víkja þeirri spurningu til hins háttvirta framsögumanns, hvort hann gjöri sig ekki ánægðan með að fá 200 rd. til þess að losast við hjeraðslæknisstörf þau, er hann kvartar svo mikið undan að hafa á hendi; hann er eins eptir sem áður læknir í Reykjavík og hefir sína praxis þar (Nokkrir þingmenn: Nei). Jú, að minnsta kosti er það ómögulegt að banna neinum að hafa hann fyrir húslækni og fá Recept hjá honum. Hann kemur þá til að hafa í allt 1950 rd. laun eður 2050 rd. fyrir utan kornbótina.

Ólafur Pálsson: Það er enginn efi á, að allir vilja styðja þetta mál, og ekkert væri æskilegra en að næg efni væru fyrir höndum til þess að koma öllu því á fót, sem nefndin hefir farið fram á. en það mun yfir höfuð að tala bezt fyrir þetta mál, að fara ekki öðru fram, en því sem mögulegt er, og þannig þoka málinu áfram til hins betra það sporið sem kleyft verður; og virðist mèr bent á það í 1. og 2. tölulið á atkvæðaskránni. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sýndi það með glöggu reikningsyfirliti við undirbúningsumræðuna, að fè það sem læknasjóðurinn á, væri ekki nægilegt til þess, sem nefndin fer fram á, og var reikningsyfirlit hans mun glöggara og betur sannfærandi fyrir mig, en annað reikningsyfirlit er rètt á eptir var borið hèr fram á þingi, og sem gekk í gagnstæða stefnu. Eg hefi því í hyggju að vera á þeirra máli, er halda því einu fram, sem útsjón er til að fengizt geti, og gefa tölul. 2 atkvæði mitt, þó með breytingu þeirri sem gjörð er í 1. tölul. Með því að fallast á þetta, þokar maður þó málinu í þetta skipti um eitt fet til þess, sem betur gegnir.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg var einn í nefndinni og hèlt þar fram læknaskóla, eins og eg hef ávallt verið með því, að hann kæmist á, ekki nafnsins eins vegna, heldur vegna þess, að eg álít hann nauðsynlegan og með stofnun hans sè læknakennslunni að eins borgið. Með þeirri tilhögun, sem felst í 2. tölul., er alveg sleppt hugmyndinni um skóla, en öll kennsla er einungis bundin við vilja og hæfilegleika landlæknisins. Þó hinn núverandi ötuli landlæknir hafi haft læknakennsluna á hendi og vilji, af áhuga fyrir læknaskipunarmálinu, halda henni áfram, þá er engan veginn sagt, að eptirmaður hans finni hvöt til að takast hana á hendur, ofan á önnur störf sín, eða sè jafnvel lagaður fyrir það. Eg játa reyndar, að miklu er lètt á landlæknínum með 2. tölul., en þetta er að eins fyrir þenna landlækni sem nú er, eða þann sem vill

takast kennsluna á hendur, hèr er ekkert gjört, til að fá fasta kennslu, en meðan hún er ekki fengin og engin lagaskylda hvílir á landlæknunum til að hafa læknakennsluna á hendi, á meðan er málinu ekki borgið, því að eins og nú er ástatt, er ekkert líklegra, en að þessi kennsla deyi út, með þeim manni, er nú hefir hana á hendi. Það er satt, sem hinn háttvirti 2 konungkjörni þingmaður sagði, að læknakennsla var hèr á 18. öld hjá Bjarna landlækni Pálssyni, og var hún víst góð og kom að töluverðum notum, en hún dó líka út með honum, og lá svona í þagnargildi í 80 ár. og svo getur farið enn, ef fastur skóli er eigi stofnaður. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi gaf glöggt yfirlit yfir reikning spítalasjóðsins hèr um daginn við undirbúningsumræðuna, enda var sú skýrsla að öllu samhljóða við það, sem eg þá sagði, en þegar eg reiknaði tekjurnar, og gat þeirra í nefndarálítinu, játa eg, að eg hafði ranglega talið 100 rd. með tekjunum, sem eigi átti þar með að telja. Spítalahlutirnir hafa verið að meðaltali 1000—1100 rd., og það mun nefndin nú hafa talið þá, sem sett var í málið af stjórninni 1864. En auk þessa hafa engir spítalahlutir komið úr Vestmanna-eyjum, 1865 að eins 1 rd. 48 sk.; eg skal og geta þess, að 1865 eru ekki spítalahlutir úr Þingeyjarsýslu taldir meðal tekja spítalasjóðsins fyrir það ár, heldur fyrir árið aður. Þó nú tekjur læknasjóðsins eigi væru meiri þetta ár en 3067 rd., ber þess að gæta, að þetta var eitthvert hið lakasta ár fyrir sjóðina sökum fiskileysis og nú eru þó liðin síðan 2 ár, og vona eg að tekjur sjóðsins hafi aukizt. Konungsfulltrúi vildi koma læknaskipuninni í lag án þess um of að íþyngja spítalasjóðnum, en eg er sannfærður um, að það varir lengi að við fáum lækna í embættin, ef læknaskólinn ekki kemst á, því eg ætla það muni aldrei verða, og þó hann komist nú bráðum á, þá varir þó að minnsta kosti 6 ár þangað til við getum fengið lækna úr honum út í landið. Þar sem þingmaður Skagfirðinga bar saman kennsluna við prestaskólann og við læknaskólann, skal eg geta þess, að eptir þeirri reynslu sem eg hefi, þá er minnstur munur á því, hvort maður kennir mörgum eða fáum, og þegar hann nefndi 20 læknisembætti, en 170 prestsembætti, skal eg geta þess, að svo er til ætlazt, að læknarnir þurfi 4 ár til námsins þar sem einungis 2 ár þurfa á prestaskólanum, svo að það yrði hið sama og að kenna 40 lækna-efnum í samanburði við 170 presta. Framsögumaður sagði og, að læknisfræðin væri helmingi örðugri en guðfræðin, og er það sjálfsagt

satt (*Pètur Pjetursson:* Þingmaðurinn hefir ekkert vit á því). Eg trúi landlæknunum,að minnsta kosti vita menn það, að kennslugreinirnar í læknisfræðinni eru miklu margbreyttari en í guðfræðinni. Að endingu skal eg geta þess að ef framsögumaður sem landlæknir gjörir sig ánægðan með 2 tölul., þá situr ekki á mèr að vera að mögla á móti því, þar sem allt lendir á honum núna fyrst um sinn; en eg segi það enn, eins og eg áður hefi sagt, að mèr virðist eigi læknakennslunni nægilega borgið nema vèr fáum fasta læknakennslu eða læknaskóla stofnsettan.

Sveinn Níelsson: Eg hefi ekki talað fyrr í þessu máli, eg ætla því að lýsa því yfir, í hvern strenginn eg vildi taka, af þeim strengjum sem í málinu hafa verið snertir hèr á þingi. Eg byrja þá á því, að mèr er vel, ekki einungis við hugmyndina, heldur við málið sjálft, af því mèr er vel við fósturjörð mína og enda allt það, sem miðar henni til framfara. Eg gleðst af því, að landið er svo heppið að hafa annan eins landlækni og það nú hefir, hann sem með lífi og sál hefir manna bezt unnið að þessu máli frá því fyrsta að byrjað var að hreifa við því. Eg minnist orða hins rómverska skálds er sagði, að betra væri þó að komast nokkuð á leið, enda þó maður ekki kæmist alveg að hinu fyrirhugaða takmarki, eg vona að hver sá, sem vel skoðar atkvæðið undir tölulið 2, verði að játa, að hèr sè þó feti stígið áfram í málinu, og að þessu hafa líka, eins og menn nú hafa heyrt, lotið orð hins háttvirta framsögumanns; eg vil því af alefli fylgja því fram, sem farið er á flot í 2. tölul. hèr á atkvæðaskránni; eg vona að allir kannist við, að það sè hyggilegt að sníða sèr stakk eptir vexti eins og líka það verður að álítast viturlegt, þegar maður vill byggja það hús, sem lengi á að standa, að skoða vel efnin, hvort hann muni geta það, eða hafi þau efni, sem þar til útheimtist, og þá ættum vèr nú vel að skoða efni vor til að geta sèð, hvort vèr getum borgað kostnað þann, er flýtur af stofnun læknaskólans. Mig furðar því á, að menn sem ættu að vita hvernig nú á stendur fyrir oss, skuli hèr vera að sprengja þenna læknaskólareikning upp, eins og mèr líka finnst það mesta óráð, að vera búinn að rígbinda sig við einhverja upphæð, áður en vèr erum orðnir sjálfs vor ráðandi. Eg er nú búinn að benda á það, að mèr fellur bezt við annan tölulið, því þar sè eg að haft er tillit bæði til þarfa landsins og efna landsins. Það hefir verið sagt, að þótt hinn háttvirti landlæknir sem nú er, vilji vinna að þessu, þá sè eigi víst, að sá sem eptir hann kem-

ur vilji taka að sèr hið sama starf; sama sè um það, að landlæknirinn sem nú er sè tekinn að eldast, og sè því ekki til þess að ætla, að hann geti lengi hèðan af lagt eins mikið á sig, og hann hefir hingað til gert. Það er satt, enda höfum vèr hèr uppástungu um að lètta á honum nokkru af byrðinni; það er líkamanum sem fer hnignandi, sálinni getur farið fram eins fyrir það, þótt ytri maðurinn hrörni, já, henni eykst meðal annars dag frá degi reynsla, og allir vita það, hversu mikilsverð reynslan er fyrir læknisfræðina. Eg er því viss um, að dugnaðarmaðurinn Jón Hjaltalín aldrei mun neita að halda áfram störfum sínum upp á þá kosti, sem vèr erum færir um að bjóða honum, en það finnst mèr sjálfsagt, að gera megi eptirmanni hans að skyldu að gegna kennarastörfum. Það er eitt atriði enn, sem eg vildi minnast á út af orðum þingmanns Skagfirðinga, þar sem hann var að bera saman prestaskólann og þann væntanlega læknaskóla og lærisveina beggja þeirra, þó það aldrei sè nema satt, að þeir sem eiga að læra læknisfræði þurfi að vera 4 ár, en á prestaskólanum að eins tvö, þá er tölumunurinn svo mikill á prestum og læknum hèr á landi, að hann er miklu meir en tvöfaldur, eins og alkunnugt er. Það er satt, læknarnir eldast og deyja en það gjöra prestarnir líka, þeir þurfa líka tíðum að fá sèr aðstoðarmenn, þar eð margir eru svo lyntir, að þeir hlífast við í lengstu lög, að verða ómagar eptirmanna sinna, því það er alkunnugt, að þessir embættismenn eru þeir einu, sem við slík kjör eiga að búa, og þegar til þess er litið, í hve mörg prestembætti á landinu presta vantar, þá er harla auðsætt, lærisveinar hvers skólans af þessum tveimur þurfi að vera fleiri.

Jón Sigurðsson: Það er skjótt að segja, að eg gef heldur atkvæði fyrir 1. og 2. tölulið á atkvæðaskránni, og af því eg býst við, að mönnum komi nú að þykja það skrítið, af því að eg hefi áður verið á nokkuð annari skoðun, vil eg gjöra grein fyrir því hvers vegna að eg er kominn til þessarar niðurstöðu. Mèr er annt um málið, og álít eg það mesta velferðar- og nauðsynjamál, og því vil eg fara því eina fram, er eg get ímyndað mèr að muni verða veitt, því þar með þokast málið enn feti framar en hvorki stendur í stað nè heldur hopar á hæli sem er aðalatriðið í þessu máli. Mèr finnst auðsætt, að stjórnin muni aldrei fallast á uppástungu nefndarinnar, þó eigi sè annað, þá er henni aldrei um nafnið skóli og það út af fyrir sig mundi verða beinlínis til að

ónýta málið. Nú er og einmitt í ráði að vèr fáum frjálsara atkvæði í vorum eigin málum, og mun stjórnin því fremur máske fresta málinu. Málið er þannig borið upp á mjög óhentugum tíma, því annaðhvort er það of snemma upp borið eða of seint. Of snemma er það upp borið með tilliti til spítalagjaldsins og þeirrar fyrirhuguðu nýju tilhögunar sem á að koma á spítalatekjurnar. Það er sem sè óráðin gáta, hvernig það mál ræðst eða hvað hin nýja tilhögun á spitalatekjunum mundi auka tekjur læknasjóðsins; því ef að þar með fengjust nægilegar tekjur til þeirra umbóta sem stungið er upp á í læknakennslunni, þá ímynda eg mèr, að ekkert geti verið því til fyrirstöðu að fá því framgengt. Mèr finnst því, að ætti að vaka fyrir þinginu, sem það og sjálfsagt mun gjöra fyrir stjórninni, að eigi sè tiltækilegt að fara neinu einskorðuðu fram í þessu efni fyrr en útsèð er um, hvernig spítalamálið ræðst. Eg er líka öldungis móthverfur 12. tölulið, því að eg gjöri mèr mjög litla von um, að stjórnin vilji hlaupa undir bagga með það sem á kann að vanta, að tekjur læknasjóðsins nægi til að fá nefndaruppástungunum framgengt; og eins og eg hefi fyrri sagt, vil eg eigi fara neinu því fram í þessu áríðanda máli, sem auðsætt er að ekki fæst.

Jón Bjarnasson: Af því að eg var einn í nefndinni þá stend eg upp og fer fáeinum orðum um þetta mál; mèr kom það næsta óvart, að hinn háttvirti 2. konungkjörni, sem er uppástungumaður, formaður og framsögumaður þessa máls skuli nú vera snúinn við og lagður á flótta frá nefndarálitinu, sem hann sjálfur var þó með að semja, og hann áður fleirum sinnum hefir verið að berjast fyrir, það er að læknaskóli kæmist á hèr á landi, og þessi barátta hans sem hefir verið sprottin af ljósri þekkingu og kærleiksríkri tilfinningu, yfir hve læknaskipun vorri er ábótavant, já það er mjög undarlegt, að landlæknirinn sjálfur er nú jafnvel ánægður með að vera næstum daglaunamaður, heldur enn fastur embættismaður við kennsluna. Breytingaratkvæðin undir 1—2 tölul. hafa orðið að þeim torfærum á leið hans með skólastofnunina sem snúa honum aptur, orð og ástæður sem lúta að þessum breytingaratkvæðum, voru áður kunn, og rædd meðal vor í nefndinni, svo sem þau, að fè vantaði til skólans eins og nú á stendur, en það er öllum ljóst, að strax og hin nýju spítalalög koma í gildi, sem víst verður bráðum, aukast tekjur læknasjóðsins svo mikið, að sjóðurinn getur vel annast skólann. Það sjá þó allir, að það er hin mesta lífsnauðsyn,

að læknaskóli komist á, með lögboðnum réttindum og skyldum, eg get mikið heldur fallizt á 4. tölul., því eptir honum kemst þó föst kennslustofnun á fót, enn eptir 1. og 2. tölul. getur hæglega að borið, um leið og sá sem kennir gefst upp eður fellur frá, að þá verði allri læknakennslu lokið hèr á landi, og mun eg óhikað standa eður falla með nefndarálitinu.

Jón Hjaltalín: Eg get svarað hinum háttvirta þingmanni Dalamanna því sama sem Snorri goði svaraði Flosa, er hann var spurður um, hverir væri valdir að því, að hann náði eigi vígis í Almannagjá. Hann sagði: Því valda þeir Kolur og Kroppinnskeggi, en þeir voru mestir óeirðarmenn í liði Flosa, þessu: Að eg hopa nú á hæli, valda lýsiskútarnir og steinbítarnir, sem minni hlutinn fèkk inn í spítalamálið. Hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga svara eg því, að eg get eigi vel fallizt á að sætta mig við það, sem hann vildi bjóða, því í konungsúrskurðinum eru mèr veittir 600 dalir, en eg hefi sjálfkrafa gefið eptir helminginn til styrks handa lækna-efnunum.

Torfi Einarsson: Eg var einn af þeim, sem við undirbúningsumræðuna mælti með nefndarálitinu, og af því það stendur á höfði við þá stefnu sem málið nú tekur, verð eg að minnast á kostnaðinn. Mèr var það nú strax ljóst, að laun annars kennara í læknafræði, að því leyti sem hann er hèraðslæknir eru þau sömu og áður eru lögð til að fjölga læknum, svo kostnaðurinn minnkar við það. Hvað spítalahlutina snertir, þá sèst af landshagsskýrslunum að árin 1864 og 65 aflaðist bæði árin 16092 tunnur lýsis eða rúm 8000 hvort árið, ef nú 1 al. eða 24 sk. hefðu verið borgaðir af hverri tunnu, þá hefði það verið 2000 rd., og þó, eins og sjálfsagt er, sè frá dregið, þorskalýsið, vita allir að það er að eins lítill hluti þess. Af þessu er ljóst að tekjur sjóðsins aukast ekki svo lítið, ef stjórnin fellst á meiri hluta þingsins. Þegar framsögumaður minntist á þá Þorvald og Kol, þá hugsaði eg hann meinti til töluliðanna 1. og 2. á atkvæðaskránni (því fyrir þeim hopaði hann) en til mannanna sem báru þá upp gat hann ekki meint.

Mèr kom til hugar út af því sem talað hefir verið, hver er sjálfum sèr næstur, eg ætla samt ekki að ræða um kjör embættismanna eða samband þeirra sín á milli, og þá ekki heldur hreppstjóranna, eg get ekki heldur búizt við að forseti leyfi slíkt.

Sighvatur Árnason: Af því nú er búið að taka flest það

fram er eg vildi vekja máls á, skal eg ekki vera margorður um málið. Það hefir verið greinilega sýnt fram á, eptir því sem föng eru til, hver munur sè á þeim tilkostnaði, eða útgiptum af læknasjóðnum, sem hin umrædda endurbót á læknakennslunni mundi hafa í för með sèr, eptir uppástungum nefndarinnar á eina hlið og eptir 2. tölul. á atkvæðaskránni á hina, sem sè nálægt 5 til 600 rd. Þetta er nú að vísu talsvert í samanburði við þau efni sem fyrir liggja; það er að segja tekjur læknasjóðsins; og þegar menn á hinn bóginn telja tvísýni á, að stjórnin muni hlaupa undir bagga þó á þyrfti að halda, en eg álít nú sannarlega ólíklegt, að hún verði svo skammsýn og ónærgætin, ef til hennar kasta kæmi, þar sem um slíkt lífsspursmál er að ræða sem þetta er, að hún neitaði um styrk til að fá því framgengt, sem miðar til að halda við lífi og heilsu manna. Það hefir vakið fyrir mèr og vakir enn, að úr því farið er á annað borð, að þoka áfram læknakennslunni, frá því sem verið hefir, um undanfarin ár, að þá ætti bezt við að mynda læknaskóla á líkan hátt og nefndin hefir hugsað sèr í staðinn fyrir þessa landlækniskennslu, sem er má ske á völtum fæti, svona án nokkurrar læknaskólastofnunar, eða fastra ákvarðana. En þetta vill stranda á sama skeri og aðrar framfarir vorar, sem fè þarf til, að það vill ætíð vanta; svo annaðhvort er að hætta við svo búið eða takmarka um of framfaratilraunirnar. Hvað þessum læknaskóla viðvíkur, mætti spara nokkuð með því að hafa einungis tvo kennara við skólann eins og hinn háttvirti konungsfulltrúi stakk upp á, og eg ímynda mèr, að kennslan geti þannig vel staðizt, að minnsta kosti fyrst um sinn, án þess að hafa þenna þriðja kennara sem nefndin stingur upp á undir 8. tölulið á átkvæðaskránni og þá yrðu útgjöldin 300 rd. minni og vantar þá orðið lítið upp á að tekjur læknasjóðsins nægi til þessarar áætlunar, og annara vitaskulda sem á honum hvíla. Mèr sýnist því eiga bezt við eptir kringumstæðunum að fella 8. töluliðinn, en samþykkja að öðru leyti uppástungur nefndarinnar.

Konungsfulltrúi: Nokkrir þingmenn hafa farið þeim orðum um tölul. 2 á atkvæðaskránni, að ef hann yrði tekinn til greina, þá fengjum vèr ekki lækuakennsluna fasta hèr í landinu — en eg fæ ekki betur sèð, en að þetta sè misskilningur, því undir tölulið 2 er beinlínis ákveðið, að hèraðslæknir sá, sem stungið er upp á, sè skyldur að aðstoða landlæknirinn í að kenna læknisfræði, og að landlæknirinn fái fyrir kennslu í læknisfræði þóknun allt að 500 rd.

— eða ef þingið aðhyllist tölulið 1. 600 rd.; en með þessum á-kvörðunum er það, held eg, skýrt ákveðið, að landlæknirinn eigi að vera yfirkennari en héraðslæknirinn 2 kennari, — og munur í þessu tilliti á því, hvort menn kalla það skóla eður ekki, þykir mèr — eins og hinn háttvirti framsögumaður einnig hefir tekið fram — að eins vera á pappírnum. Ef landlæknir sá sem nú er, ekki lengur getur gegnt embættinu, þá verður landlæknisembættið sjálfsagt auglýst sem *vacant* með þeim skilyrðum, að landlæknirinn sè skyldur að vera yfirkennari í læknisfræði hèr á landi.

Pètur Pètursson: Hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók mest af því glögglega fram, sem eg vildi sagt hafa; meðal annars, að það er hreinn misskilningur á 2. tölulið, að halda, að hann gjöri læknakennsluna óvissari; það er sjálfsagt, að það verður gjört þeim að skyldu er tekur við landlæknisembættinu, að annast einnig um læknakennsluna. Eg álít það annars í þessu máli hinn mesta skaða fyrir þing þetta, að það eigi er löggjafarþing, því þá mundu menn alvarlegar hafa gefið sig að reikningunum; eg get eigi annað en verið þakklátur við hinn háttvirta þingmann Borgfirðinga fyrir hans glöggva reikningsyfirlit. Ef eg vildi eyða málinu, þá mundi eg gefa atkvæði fyrir uppástungum nefndarinnar og 12. tölulið; en af því að eg vil að málið komist áleiðis, þá verð eg að vera á móti þeim. Eptir uppástungum hins háttvirta 5. konungkjörna þingmanns lítur svo út sem hann ætlist til, að af læknasjóði skuli eigi annað borga við þenna fyrirhugaða læknaskóla, en húsnæði og ölmusur lærisveinanna, hitt skuli fá annarstaðar; sami þingmaður tók það og fram í ræðu sinni, að það stæði á sama upp á erfiðleikann við kennsluna, hvort fám væri kennt eða mörgum, en hèr lýsir hann því sem optar, að hann er eigi sem fastastur, þegar um tölur er að ræða; það hèlt eg þó að flestum mundi skiljanlegt, að það er æði munur á því að lesa 20 ritgjörðir og hinu að lesa 1 eða 2. Eg vil eigi orðlengja meira um þetta; eg gef atkvæði mitt með 1. og 2. tölulið; að eins vil eg geta þess, út af því sem hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður sagði um fjárveitingu til læknakennslu, að í konungsúrskurðinum eru 600 rd. veittir, og er í á-stæðunum tekið fram, að helmingurinn skuli vera styrkur handa lækna-efnum, en helmingurinn sem þóknun handa landlækninum.

Sveinn Skúlason: Það fer að verða óþakklátt verk úr þessu fyrir okkur nefndarmenn, að tala til þess að styðja tillögur nefndarinnar, því það er aldrei nema satt, sem þingmaður Dalamanna

sagði, að hinn háttvirti framsögumaður hefir hreinlega snúizt frá því, sem hann hèlt svo kappsamlega fram í nefndinni. Áður en nefndarálitið var samið, var honum þó fullkunnugt um, hver endalok spítalamálið fèkk hèr á þingi, og veit hann engu betur nú en þá, hvernig því reiði af á endanum hjá stjórninni. En vèr hinir þurfum eigi að gjöra þetta mál að neinu kappsmáli, úr því framsögumaður öldungis hefir horfið af þeirri stefnu, sem hann fyrst fór í, og í uppástungu sinni til þingsins, og sem nefndin fylgdi honum í statt og stöðugt gegnum alla undirbúningsumræðuna. Það er mesti munur á uppástungunum undir 1. og 2. tölulið og svo uppástungum nefndarinnar. Í 1. og 2. tölulið er sett eitthvert millibilsástand, og er því eitthvert hálfgjört kák; eg vil samt eigi neita, að það kunni að vera betra að fá það en ekki neitt. En að menn í þessu máli telja það hreinan ógjörning að flýja til stjórnarinnar þykir mèr hálfskrítið; þó taldi þingmaður Suður-Þingeyinga öll tormerki á því; eigi að síður hefir hann trúaröruggur beðið um gufuskipsferðir kringum landið og lagaskóla, án þess að hafa einn skilding fram að leggja; en hèr, þar sem lítils eins er vant, fer hann að verða kvíðinn. Það lítur út sem þingið láti sèr miklu annara um lagaskóla en læknaskóla, og er það kátlegt; því svo er þó ávallt ástatt, að færri standa laus sýslumanna-embættin en læknaembættin; það eru enda afgangs hjá oss lögfræðingar, sem eigi komast að, þar sem engir fást í lækna-umdæmin. Mèr finnst því, að eigi ætti að vera hið minnsta hik á þinginu með að gjöra þessa viðauka-uppástungu undir 12. tölul.; en eg þykist viss um, að eigi muni til þess koma, að stjórnin þurfi að leggja fè fram; því eg er viss um, að fallist stjórnin á uppástungur minni hlutans í spítalamálinu, þá muni spítalasjóðurinn aukast svo, að hann meir en geti staðið straum af öllum kostnaði við læknaskólann.

Framsögumaður: Skrifað stendur, góður vilji er eigi einhlítur, og góð meining enga gjörir stoð. Hèr hafa komið fram þær mótbárur móti uppástungum nefndarinnar, sem eg eigi hefi sèð fært að hrekja, efnin voru eigi svo mikil þegar til átti að taka sem vèr bjuggumst við, en maður má til að sníða ser stakk eptir vexti. Eg mun ávalt fylgja því í málinu, sem eg held að helzt muni þoka því áfram; það getur verið óþægilegt, að byrja með smáu, en aukist efnin, þá er ávalt hægt að fara lengra. Eg held menn viti, hvernig farið hefir með lagaskólann. Vèr höfum verið að biðja og

biðja, en hann fæst aldrei fyrr en vèr sjálfir höfum nóg efni til að koma honum upp.

Jón Pèturssón: Eg verð að láta í ljósi, að eg er meðmæltur 1. og 2. tölulið, því mèr sýnist, að ef þeir verða samþykktir þá sè læknaskóli stofnaður, og það fannst mèr líka vera meining hins hæstvirta konungsfulltrúa. Eptir uppástungum nefndarinnar verður kostnaðurinn miklu meiri, en hún býst við, sem eg nú skal sýna. Eptir tölulið 5. á landlæknir sem forstöðumaður læknaskólans og yfirkennari hans að fá sömu laun og yfirkennari prestaskólans, og því byrja með 1600 rd. og enda með 2200 rd.; hann á að halda að auk landlæknislaunum, en þau verða að vera 400 rd., því hèraðslæknalaunin byrja með 600 rd., en landlæknirinn, sem að auk er hèraðslæknir, hefir nú 1000 rd., auk þess hefir landlæknirinn nú 158 rd. í húsaleigu, sem hann ætti að halda. Eptir uppástungu nefndarinnar ætti því yfirkennari læknaskólans að byrja með 1600 rd. + 400 rd. + 150 rd. eður 2150 rd. og enda með 2200 rd. + 400 rd. + 150 rd. eður 2750 rd. Eptir tölulið 6. á undirkennarinn að fá fyrir kennsluna 500 rd. og sem hèraðslæknir byrja með 600 rd., er geta með tímanum hækkað upp í 1000 rd., eins og hjá öðrum hèraðslæknum; hann byrjar því með 1100 rd. og endar með 1500 rd. Ef maður nú sleppir nefndaruppástungunni undir 8. tölulið og tekur í staðinn fyrir þá 300 rd., sem þar eru nefndir, tölulið 9. nr. 1, eður 3 ölmusur hverja upp á 100 rd. og líka nr. 2 í sama tölulið 120 rd. og leggur þetta svo allt saman, þá verður kostnaðurinn minnst 2150 rd. + 1100 rd. + 300 rd. + 120 rd. eður 3670 rd., en mest 2750 rd. + 1500 rd. + 300 rd. + 120 rd. eður 4670 rd. Þegar nú hèr frá dragast laun landlæknisins núna, sem borgast af ríkissjóðnum, og sem minnst eru með húsaleigu 1150 rd. en mest 1550 rd., og þar að auki þá 600 rd. sem nú eru goldnir af spítalasjóðnum bæði landlæknirnum fyrir kennsluna og í lærisveina-ölmusur, og sem því er minnst 1760 rd., en mest 2150 rd., þá verður kostnaðaraukinn, sem spítalasjóðurinn fær við uppástungu nefndarinnar minnst 1920 rd. en mest 2520 rd. árlega, en þenna kostnaðarauka mun spítalasjóðurinn nú varla geta tekið upp á sig.

Framsögumaður: Eg held, að hinn háttvirti 4. konungkjörni gjöri ekki annað en villa sjónir fyrir mönnum með þessu; hann hefir sett upp reikning, sem nefndarálitið gaf honum enga ástæðu til. Það er tekið fram í nefndarálitinu, að laun yfirkennarans sèu

að eins 1900 dalir; þingmaðurinn hefir ekki lesið nefndarálitið, og það hefði hann þó átt að gjöra.

Forseti: Fyrst að ekki taka fleiri til máls er ályktarumræðu þessari lokið; vil eg þá biðja þingmenn að ganga til atkvæða eptir atkvæðaskránni.

Framsögumaður: Af því að þingmaður Dalamanna sagði, að eg hefði orðið hræddur, en það þykist eg nú raunar aldrei hafa orðið, lýsi eg því yfir, að eg ætla ekkert atkvæði að greiða í máli þessu, einkum þar mèr, satt að segja, virðist að hvorki stjórnin eða þingið hafi hingað til gefið því þann róm er það verðskuldar og sem menn hafa fullan rètt á að ætlazt til, að þeim málum væri gefinn, er varða líf manna og heilsu. Eg hefi barizt nú í 7 ár með litlum efnum, og verið neitað um margt, sem til læknakennslunnar hefir þurft, jafnvel það sem alþingið sjálft fyrir 19 árum hefir stungið upp á að varið væri til læknakennslu hèr á landi. Þetta getur sannarlega dregið kjark úr manni og gjört menn ef mögulegt væri kæruminni en vera skyldi.

1. Pètur Pètursson; fellt með 11 atkv. gegn 10.
2. Bergur Thorberg; af því að atkvæðagreiðslan þótti óglögg var nafnakall viðhaft, og fèllu atkvæði þannig.

»Já »sögðu:	»Nei »sögðu:
Arnljótur Ólafsson.	Eiríkur Kúld.
Bergur Thorberg.	Halldór Kr. Friðriksson.
Jón Pètursson.	Björn Pètursson.
Jón Sigurðsson.	Hjálmur Pètursson.
Magnús Jónsson.	Jón Bjarnason.
Ólafur Pálsson.	Ólafur Sigurðsson.
Pètur Guðjónsson.	Páll Ólafsson.
Pètur Pètursson.	Páll Vídalín.
Sveinn Níelsson.	Sighvatur Árnason.
	Stefán Eiríksson.
	Stefán Jónsson.
	Stefán Thordersen.
	Sveinn Skúlason.
	Torfi Einarsson.

Var töluliðurinn þannig felldur með 14 atkv. gegn 9.
Fjærverandi voru: Benidikt Sveinsson, Jón Guðmundsson.

3. Nefndin; samþ. með 17 atkv. gegn 1.
4. Eiríkur Kúld; samþ. með 14 atkv.

5. Nefndin; fallinn við atkvæðagreiðsluna um tölul. 4.
6. Nefndin; samþ. með 16 atkv.
7. Ólafur Sigurðsson; af því atkvæðagreiðslan varð óglögg, var haft nafnakall, og fèllu atkvæði þannig:

«Já sögðu»:	«Nei sögðu»:
Eiríkur Kúld.	Halldór Kr. Friðriksson.
Jón Bjarnason.	Arnljótur Ólafsson.
Ólafur Sigurðsson.	Bergur Thorberg.
Páll Vídalín.	Björn Pètursson.
Sighvatur Árnason.	Hjálmur Pètursson.
Stefán Jónsson.	Jón Pètursson.
	Jón Sigurðsson.
	Magnús Jónsson.
	Ólafur Pálsson.
	Páll Ólafsson.
	Pètur Guðjónsson.
	Pètur Pètursson.
	Stefán Eiríksson.
	Stefán Thordersen.
	Sveinn Níelsson.
	Sveinn Skúlason.
	Torfi Einarsson.

Töluliðurinn var þannig felldur með 17 atkvæðum gegn 6. Fjærverandi voru: Benidikt Sveinsson, Jón Guðmundsson.
8. Nefndin; samþykkt með 13 atkvæðum gegn 5.
9. Halldór Kr. Friðriksson; fellt með 13 atkvæðum gegn 3.
10. Björn Pètursson; fellt með 9 atkvæðum gegn 7.
11. Nefndin; eptir ósk hins 1. konungkjörna þingmanns var haft nafnakall, og fór það þannig:

«Já sögðu»:	«Nei sögðu»:
Eiríkur Kúld.	Arnljótur Ólafsson.
Halldór Kr. Friðriksson.	Bergur Thorberg.
Björn Pètursson.	Magnús Jónsson.
Hjálmur Pètursson.	Ólafur Pálsson.
Jón Bjarnason.	Pètur Guðjónsson.
Jón Pètursson.	Pètur Pètursson.
Jón Sigurðsson.	
Ólafur Sigurðsson.	
Páll Vídalín.	

»Nei »sögðu.

Páll Ólafsson.
Sighvatur Árnason.
Stefán Eiríksson.
Stefán Jónsson.
Stefán Thordersen.
Sveinn Níelsson.
Sveinn Skúlason.
Torfi Einarsson.

Var töluliðurinn þannig samþykktur með 17 atkvæðum gegn 6.

Fjærverandi voru: Benidikt Sveinsson og Jon Guðmundsson.

12. Sveinn Skúlason og Benidikt Sveinsson; eptir ósk þingmanns Norður-Þingeyinga var viðhaft nafnakall, og fór það þannig:

«Já sögðu»:	«Nei sögðu»:
Halldór Kr. Friðriksson.	Eiríkur Kúld.
Björn Pètursson.	Arnljótur Ólafsson.
Hjálmur Pètursson.	Bergur Thorberg.
Jón Bjarnason.	Jón Pètursson.
Jón Sigurðsson.	Ólafur Pálsson.
Magnús Jónsson.	Pètur Guðjónsson.
Ólafur Sigurðsson.	Pètur Pètursson.
Páll Ólafsson.	
Páll Vídalín.	
Sighvatur Árnason.	
Stefán Eiríksson.	
Stefán Jónsson.	
Stefán Thordersen.	
Sveinn Níelsson.	
Sveinn Skúlason.	
Torfi Einarsson.	

Var þannig töluliðurinn samþykktur með 16 atkv. gegn 7.

Fjærverandi voru: Benidikt Sveinsson, Jón Guðmundsson.

Því næst lèt forseti ganga til atkvæða um, hvort senda skyldi konungi bænarskrá um þetta, og var það samþykkt með 16 atkvæðum gegn 5, að svo skyldi gjöra.

Forseti: Atkvæðagreiðslu þessari er þá lokið, og ekki meira að starfa í dag.

Fundi slitið.

38. fundur. — 24. ágúst.

Allir á fundi nema þingmaður Austur-Skaptfellinga.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg hefi fengið tilkynning frá nefndinni í stjórnarskipunarmálinu, um að þar væri orðin formannaskipti, og er *Benidikt Sveinsson* kosinn formaður í stað *Jóns Guðmundssonar.*

Samkvæmt dagskránni koma til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu sakamálalögin. Af því atkvæðaskráin er býsna löng og kann þess vegna að sýnast nokkuð flókin, skal eg fara nokkrum orðum um þráðinn í henni. Hèr eru komnar fram þrjár aðalstefnur í þinginu í þessu máli, og þær koma allar fram á atkvæðaskránni. Fyrst er sú, sem meiri hluti nefndarinnar fylgir eða fylgdi, og sem fer því fram, að frumvarpið verði eigi lögleitt fyrr en skilyrði þau eru uppfyllt, sem frumvarpið gjörir ráð fyrir. Ef þessi stefna fengi framgang, þá yrði eigi atkvæði greidd um frumvarpið sjálft, eða hin einstöku atriði á atkvæðaskránni sem þar að lúta. Önnur stefnan er sú, að taka frumvarpið allt til atkvæðagreiðslu með þeim uppástungum og breytingaratkvæðum sem þar til heyra, en biðja síðan um, að það verði ekki lögleitt fyrr en nýtt frumvarp hefir verið lagt fyrir þingið. Þriðja stefnan er sú, að taka frumvarpið allt til atkvæðagreiðslu og biðja um að gjöra frumvarpið nú þegar að lögum, samkvæmt uppástungum minni hlutans undir 320. tölulið. Eptir þessu vona eg að atkvæðaskráin verði ljós öllum þingmönnum.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 498—520).

Arnljótur Ólafsson: Eg vil leyfa mèr að spyrja hinn hæstvirta forseta, hvort 331. tölulíðurinn eigi mætti koma með 5. tölulið í atkvæðagreiðslunni.

Forseti: Eg get eigi sèð að þess þurfi við. Í 331. tölulið er skýrskotað til rèttarmeðvitundar Íslendinga; en sú rèttarmeðvitund í þessu máli getur ekki komið í ljós, nema í þeim atkvæðum, sem þingið leggur á frumvarpið. Þessi uppástunga er því bersýnilega byggð á því, að allt frumvarpið verði tekið til atkvæða. En í 5. tölulið eru málsrèttingar teknar fram, og þarf það ekki að verða nauðsynlega samferða hinu.

Bergur Thorberg: Eg skal leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta forseta, hvort ekki liggi sama í 1. tölulið og í 330. tölulið; mèr virðist mega sleppa 1. tölulið eður setja hann aptur fyrir

frumvarpið. Eg get ekki betur sèð, en að þingið með því að greiða atkvæði um 330. tölulið einmitt geti atkvæði um það atriði, sem liggur í 1. tölulið. Eg verð því að óska, að þessum tölulið og eins 5. og 6. tölulið verði skotið aptur fyrir frumvarpið sjálft, og eg verð að biðja um beinan úrskurð hins háttvirta forseta um þetta atriði

Forseti: 330. töluliðurinn er staðfestingaratkvæði upp á frumvarpið í heild sinni, þegar þingið er búið að gefa atkvæði um hinar einstöku greinir frumvarpsins; en fallist þingið á 1. tölulið, þá sýnir þingið þar með, að það vilji eigi að þessu sinni gefa atkvæði um hinar einstöku greinir frumvarpsins. Þessi tvö atkvæði eru því hvort öðru gagnstæð.

Jón Pètussson: Er eigi 1. töluliður öldungis sama og 330. töluliður, ef honum er neitað?

Forseti: Nei, engan veginn, því 1. töluliður er, eins og eg hefi tekið fram, byggður á því, að *ekki* skuli taka frumvarpið til atkvæða í einstökum greinum þess; þetta sýnir einmitt álitsskjal meiri hlutans í nefndinni og uppástungur hans. Þess vegna verður að bera þenna 1. tölulið fyrst undir atkvæði þingsins, til þess að vita, hvort það vill taka frumvarpið til atkvæða eða ekki í þess einstöku greinum. Það er ljóst af ástæðum meiri hlutans, að hann er eigi á móti frumvarpinu í sjálfu sèr að efninu til, en honum þykir það að eins of snemma upp borið.

Pètur Pètursson: Eg álít það hættulegt að setja 1. tölulið í broddi fylkingar, því að eptir því mætti ætíð ráða frá frumvörpum stjórnarinnar án þess að ræða þau, ef einhver þingmaður stingur upp á því; mèr finnst því rèttast að sleppa 1. tölulið, og láta koma undir, hvað þingið segir við 330. tölulið.

Forseti: Það er á þingsins valdi, hvort það vill fella 1. tölul.

Sveinn Skúlason: Það er glöggur stefnumunur á 1. og 330. tölulið, og á því 1. töluliður að standa þar sem hann er.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal leyfa mèr að gjöra þá athugasemd við 1. tölulið, að þar er því farið á flot, að frumvarpið verði eigi samþykkt fyrst um sinn, en eigi farið fram á, að það verði lagt aptur fyrir þingið, svo 1. töluliður er eiginlega þýðingarlaus, út af fyrir sig.

Forseti: Þar um gefur töluliðurinn sjálfur fulla upplýsingu.

Jón Pètursson: Eg finn mèr skylt, að gjöra nokkra grein fyrir breytingaratkvæðum mínum, og vil eg því gjöra það sem fyrst.

Breytingaratkvæðin undir 8. 10. og 12. tölulið eru einungis orðabreytingar, þar á móti er breytingaratkvæðið tölul. 13. efnislegt. Stiptamtmaðurinn og landsyfirrèttarinn stungu upp á að láta 6. og 7. grein hafa sætaskipti, en stjórnin þykist eigi geta fallizt á það, og skal eg þá ekki frekar halda því fram; þar á móti virðist mèr, að þetta viðauka-atkvæði mitt sè ómissandí, ef sætum greinanna eigi er breytt. Mèr virðist það nú eðlilegt í alla staði, að þeir, er gjöra sig seka í brotum þeim, sem nefnd eru í 4. og 5. grein, skuli dæmast eptir íslenzkum lögum með tilhlýðilegri hliðsjón af 7. gr. En þegar brotið eigi heyrir undir 4. eður 5. grein, þá álít eg það eðlilegast, að það dæmist eptir þess lands lögunum, sem mildari eru. Íslendingur sem drýgir lagabrot í útlöndum, brýtur auðsjáanlega móti þess lands lögum, en eigi Íslands. Sè nú hegningin í útlandinu fyrir lagabrotið linari en eptir íslenzku lögunum, væri virkilega eigi rètt að dæma hann til harðari hegningar, en hann hefir verðskuldað, þó lög hèr á landi væru harðari í því efni, og það því síður, sem engan veginn væri víst, að hann hefði drýgt brotið hefði eins hörð hegning legið við því þar, sem hèr. Sè nú þar á móti hegningin fyrir lagabrotið harðari í útlandinu, þar sem brotið er drýgt, en eptir Íslands lögum, þá hefir að vísu hinn seki verðskulda þessa harðari hegningu, en það væri þó eigi rètt, að dæma hann þar fyrir til þyngri hegningar, en hann hefði verðskuldað, hefði hann drýgt brotið hèr á landi, sem löggjafinn hefir álitið nógu þunga. Móti 8. grein hefi eg það, að engin samkynja lagagrein finnst í dönsku sakalögunum, en ekki á móti efni greinarinnar í sjálfu sèr; mèr virðist hún óþörf. Eitt af því, sem stiptamtmaðurinn og landsyfirrèttarinn stungu upp á, var það, að ríkisfangelsi, hvar sem það kæmi fyrir, yrði breytt í einfalt fangelsi, út á það gengur 26. töluliður hjá mèr og sama er um 37. og 38. tölulið. Komist fangahús á, þá er það virkilega nokkuð óviðkunnanlegt, að ríkisfangar verði fluttir Danmerkur. En á þessu er eg samt ekkert harður. Undir tölulið 52. finnst mèr sjálfsagt, að sett verði «frjálsræði» fyrir «sjálfræði». 9. kapítulann og eins hinn 10. 11. og 15. vil eg láta fella undan, nema stjórnarbót verði innleidd hèr, því mèr virðast þeir ómögulega geta átt við hèr á landi, svo sem þeir eru nú, meðan vèr höfum það stjórnarform, sem vèr nú höfum, og meðan hin lúterska trú er hèr drottnandi trú. Í fyrirsögn finnst mèr eigi eiga vel við að tala um drottinssvik. Það er eigi haft nema um svik við sjálfan konung. 105. tölul.) finnst

mèr eigi verða undanfelldur, því eins og nú stendur, er hèr engin herskylda, og það er auðsèð, að það getur ekki verið saknæmt, að maður hèr á landi, meðan engin herskylda hvílir á honum, tekur herþjónustu í útlöndum, þegar það eigi er móti konunginum. Í 128. tölul. er sjálfsagt að «rèttarþjóns» verði sett fyrir «rèttara», því þar er meint til hinna óæðri rèttarþjóna, en eigi sýslumanna, sem í Jónsbók kölluðust og rèttarar. Viðvíkjandi 161. tölulið verð eg aptur að ítreka það, sem eg sagði við undirbúningsumræðuna, að sú ákvörðun sè öldungis nauðsynleg, þótt hún sè hörð. Breytingaratkvæðið við 136. gr. «embættismanni» í staðinn fyrir «manni», er ómissandi, því það verður meiningarvilla og of almennt, ef orðinu «manni» er haldið. Breytingaratkvæðið undir 174. tölulið finnst mèr líka nauðsynlegt; frumvarpið á auðsjáanlega við póstmeistara, en það er allt annað, þegar manni er trúað fyrir einhverju embætti, að þá varði það meiru að svíkja traustið, en þegar það eigi er embætti manns heldur eitthvert aukastarf, eins og þegar því er dengt hèr upp á presta eður bændur að opna brèfatöskuna. Undir 193. tölulið finnst mèr sjálfsagt, að menn samþykki að setja 16 fyrir 18, því allir vita, að hèr á landi fara menn að lögum að eiga með sig sjálfa 16 vetra, og eigi fyrst 18 vetra sem í Danmörku. 196. töluliður er nauðsynleg orðabreyting; gái menn að danska textanum, kemur allt annað út en það, sem stendur í frumvarpinu, nefnilega «hver sem verður með saurugu athæfi til almenns hneykslis» o. s. frv.; en meiningin er eigi í danska textanum, að sèrhver, sem verður til almenns hneykslis, á hvern helzt hátt sem er, eigi að sæta þeirri hegningu, sem greinin getur um. Það sem stendur undir 206. tölulið, «er eigi nein hætta búin» samsvarar alls eigi danska textanum, og yrði líka meiningarleysa, því allir sjá, að það alls eigi getur verið saknæmt, þó maður skreppi sem snöggvast frá barni eður manni, sem enga björg getur sèr veitt, ef engin hætta getur verið búin af því. Það verður að vera svo lagað, að manni geti orðið hætt, þó honum í reyndinni eigi hafi orðið meint við það; það sem stendur undir 215. og 219. tölulið eru að eins orðabreytingar; frumvarpið meinar sjálfsagt, að faðir eigi með að ógna barni sínu með hörðu, til að hamla því frá að gjöra það sem ljótt er, en eptir orðunum sýnist hann ekki mega það; ógnanin hlýtur að verða ólögleg, eigi hún að verða saknæm. Út af 237. grein verð eg að geta þess, að stjórnin hefir þar gengið á móti tillögum stiptamtmannsins og

landsyfirrèttarins; hún segir, að greinarmunurinn á hvinnsku og þjófnaði væri burt numinn úr lögum við löggjöfina, og að þessi greinarmunur sè engan veginn inngróinn rèttarmeðvitund Íslendinga. Hvað nú fyrra atriðið snertir, þá hafa mèr lærðari menn, og skal eg tilgreina conferenzráð M. Stephensen í Viðey, þó hann fengi illt að heyra fyrir það hjá mönnum, sem ekki komust í hálfkvisti við hann í lagaþekkingu, álitið svo, að hvinnska hafi aldrei verið úr lögum numin hèr á landi, og það mun satt, að svo hafi verið, allt þangað til að tilskipun 24. janúar 1838 innleiddi hèr í sakamálum Christjáns V. dönsku lög. Menn verða að gæta að því, að hvinnska er önnur hugmynd en þjófnaður, og eg held, að eptir hugsunarhætti manna hèr á landi, sè skakkt að kalla hana «Undtaget Tyveri», eður undantekinn þjófnað. Það er nú að vísu satt, að konungsbr. 19. febr. 1734 segir, að norsku lög skuli gilda hèr á landi í þjófnaðar- og manndrápsmálum; en það eru til mjög lærðar ritgjörðir frá þeim tímum, þó óprentaðar sèu, er álíta, að lagaboð þetta eigi geti náð til hvinnskunnar, er enginn sannur þjófnaður var, eptir þeim hèr drottnandi hugsunarhætti; en hafi þannig þetta konungsbrèf eigi náð til hvinnskunnar, þá er engin breyting hèr á gjörð, hvorki við tilskipun 1789, nè kgbr. 1808, og ekki heldur kgbr. 2. maí 1776; þess ber í þessu tilliti að geta, að 5 rd. var á þeim tímum langtum meira en eyrir; reglulegur þjófnaður gat því þá opt átt sèr stað á munum, sem voru millum eyris og 5 rd., er þetta seinastnefnda kgbr. talar um. En því getur nú enginn neitað, sem sagt, að við tilskipun 1838 hvarf allur munur á hegningunni fyrir þjófnað og fyrir hvinnsku, en þetta varaði ekki lengi, því tilsk. 11. apr. 1840 30. gr. setur linara straff við því broti, en reglulegum þjófnaði, sem, þó það hefði formið af þjófnaði, væri samt eptir almenningsáliti eigi sannur þjófnaður; en sè nú almenningsálitið í þessu efni mismunandi frá því, sem það er í Danmörku, sem enginn efar, er nokkuð þekkir hèr til, þá er það auðsèð, að 30. gr. í tilsk. 11. apr. 1840, um leið og tilskipunin er gjörð hèr gildandi, verður að binda sig við almenningsálitið hèr en ekki við almenningsálitið í Danmörku, því tilskipunin hvorki hefir ætlað sèr nè gat lögleitt hèr neitt almenningsálit úr Danmörku. Hvað nú seinni ástæðuna snertir, að stjórnin viti betur en Íslendingar um rèttarmeðvitund á Íslandi, get eg eigi skilið. Hvinnskuhugmyndin er eigi sèrstakleg fyrir Ísland, önnur lönd hafa þenna greinarmun. Þannig liggja í Frakk-

landi undir friðardómarann mál öll sem eigi nema 20 frcs, og eigi undir sakadómstól, líkt er og í löggjöf Svía um «Snapperi», og eins í enskum lögum. Hvar takmörkin eru sett, millum þjófnaðar og hvinnsku, er með öllu pósitívt, en hèr á landi er eðlilegast, að setja þau við eyririnn, í samkvæmni við hin eldri lög, eður þá heldur miða þau við vissa peninga-upphæð, svo sem 2 rd., er hèr um bil samsvarar eyri. Að álíta allt í lögum þjófnað, þó eigi sè tekinn nema svo sem hálfur skildingur, finnst mèr þar að auki rangt og óhyggilegt. Sè það þjófnaður að taka hálfan skilding, ætti hið opinbera strax að setja sig í hreifingu, ef það yrði þess vart, en þetta hvorki gjörir það nú, nè mun gjöra eptirleiðis, og það er þá ekki til annars, að vilja ekki taka upp í lögin hvinnskuna, en að láta menn álíta, að hið opinbera breyti eptir eigin geðþekkni, án þess að hirða um lögin, en þar við niðurbrýzt öll virðing fyrir lögunum. Eg skal enn fremur leyfa mèr að geta þess, að það er allt annað, að vera hvinn og annað að vera reglulegur þjófur, og eg er viss um, að margar kerlingar, sem eins og menn segja aldrei geta verið óhnuplandi, mundu aldrei fást til að drýgja reglulegan þjófnað, og því ætti þá að straffa þær þjófa? Loksins skal eg geta þess, að eg er sannfærður um, að ef hæstirèttur vissi þann greinarmun, sem hèr á landi er gjörður í almenningsáliti millum hvinnsku og þjófnaðar, mundi hann aldrei hafa dæmt eður dæma þá sem þjófa, er að eins gjöra sig seka í hvinnsku. Viðvíkjandi 240. tölulið, þá verð eg að segja, að það er mjög örðugt að aðgreina, hve nær eitthvað er traustatak, og hve nær það er ekki; en það sjá allir, að það væri óhæfilegt að hegna manni sem fyrir þjófnað fyrir að taka t. a. m. bát til að bjarga fjármunum sínum, sem annars eru í voða; en spilli maður hlutnum, verður hann sjálfsagt að borga skaðann; 258. tölul. er samkvæmur töluliðnum um hvinnsku. 321. tölul. er því upp borinn, að eg vil hafa konungsúrskurð fyrir því, hve nær skuli eiga að fara að beita lögunum.

Konungsfulltrúi: Við undirbúningsumræðuna í þessu máli tók eg það skýrt fram, að það væri mjög ísjárvert fyrir þingið, þegar stjórnin leggur undir álit þess mál, sem, eins og þetta, er ætlazt til að veita landinu mikla og verulega rèttarbót, eins og meiri hluti nefndarinnar hefir farið orðum um frumvarpið, þá að fara þann veg, sem meiri hlutinn, eða nú eptir atkvæðaskránni annar helmingur hans, hefir stungið upp á, að beiðast þess að

málinu verði frestað í óákveðinn tíma, án þess að segja álit sitt um sèrstök atriði málsins, því eins og það vafalaust er samkvæmt hinum gildandi lögum, mun stjórnin máske komast til þeirrar niðurstöðu, að hún lögleiði frumvarpið óbreytt, og þingið hefði þá með því að fara þann veg, spillt áhrifum þeim, sem það samkvæmt lögunum getur haft á úrslit málsins, og sem vafalaust er skylda þingsins gagnvart landinu að nota sem bezt. Eg áleit skyldu mína skýrt að taka þetta fram, því eptir minni meiningu er það nauðsynlegt, að það ætíð sè þingmönnum hugfast, hvernig rèttarástand landsins í raun og veru er, því að öðrum kosti gefa þingmenn atkvæði sín langtum meira í blindni, en þegar þeir gefa atkvæði um sèrstök atriði frumvarps þessa, sem öll eru byggð á hinum gildandi hegningarlögum og miða til þess sumpart að skýra þau og sumpart til þess að innleiða mildari og anda tímans meira samkvæmari hegningarákvarðanir, og yfir höfuð að tala að gjöra landsmönnum það mögulegt að kynna sèr hegningarlög landsins, en þetta er nú sem stendur svo að segja ómögulegt; og sem einmitt þess vegna bæði eru mikilsvarðandi í sjálfu sèr og lètt um þau að dæma, þar sem það á hinn bóginn sjálfsagt er og verður æfinlega ofætlun að heimta af hverjum sèrstökum þingmanni, að hann geti kynnt sèr málið svo, að hann sjálfur geti samið brúkanleg og góð hegningarlög fyrir landið, — en það er þetta sem mèr virðist meiri hlutinn hafa haft fyrir augum og sem er alveg skakkt. Eg sagði, að hver þingmaður, sem ekki er full-ljóst, hvern myndugleika þingið í raun og veru hefir, — gæfi atkvæði sitt í blindni, því hann getur ekki sèð það, sem hvert atkvæði um sèrstök atriði málsins gjörir ráð fyrir, að hann sjái, og þó hann væri sá kunnugasti í öllum sèrstökum atriðum — hans atkvæði hlyti eigi að síður að vera í blindni, því hann veit ekki, hvort það getur haft neina þýðingu. Það var einmitt tilgangur minn að gefa þingmönnum tækifæri til, — að minnsta kosti til vara — að nota rèttindi þingsins frekar, en meiri hlutinn hefði gefið því tækifæri til, af því að eg álít það skyldu þingsins gagnvart landinu að gjöra allt það, sem í þess valdi stæði til þess, að stjórnin gæti tekið breytingar þær, sem þinginu þættu uauðsynlegar, til greina, ef hún ekki gæti fallizt á uppástungur meiri hlutans. Eg hefi ekki sagt, að stjórnin vildi lögleiða frumvarpið, ef álit þingsins færi í sömu stefnu og meiri hlutinn, en eg hefi sagt, að stjórnin samkvæmt stjórnarfyrirkomulagi því, sem vèr nú höfum, hefði rètt

til að gjöra þetta, og að líklegt væri, að hún mundi gjöra þetta, ef hún ekki getur fallizt á uppástungnr meiri hlutans og ástæður þær, sem þær eru byggðar á. Eg hèlt, og eg held enn þá, að eg á þann hátt einmitt hafi gjört ráð fyrir, að þingið hafi frjálst ráðgjafarvald, því frelsið á að sýna sig hjá mönnum í því, að þeir þekki rèttindi sín og verndi þau gegn öllum, eða með öðrum orðum sá maður, sem rèttilega á að kallast frjáls, hann á fyrst og fremst að þekkja rèttindi sín sjálfs og annara; að öðrum kosti getur hann ómögulega haldið vörn uppi fyrir þeim, þegar nauðsyn krefur, og hann á fyrst og fremst að gæta þess, að hann þegar ræðir um að vernda þau, ekki standi á röngum grundvelli, því þá getur hann sjálfur fallið, og rèttindi hans, sem hann átti að vernda, verða þá verndarlaus. Eg hèlt einmitt frjálsu ráðgjafarvaldi þingsins uppi með því að reyna til þess að gjöra þinginu ljóst, hvaða þýðingu álit þingsins hefir samkvæmt lögunum, og með því að taka það fram, hver sè í raun og veru rèttur stjórnarinnar gagnvart þinginu; eg vildi ekki og eg vil ekki villa sjónir fyrir þingmönnum, því mèr þykir starf það, sem mèr er falið á hendur á þinginu, svo alvarlegt og mikilsvarðandi, að eg ekki þori að telja þingmönnum trú um annað en það, sem eg með vissu veit, að er bæði satt og rètt, þó að eg máske á hinn bóginn kynni að verða mönnum, að minnsta kosti fyrst um sinn, persónulega vinsælli en þegar eg framfylgi hinu. Það kom mèr þess vegna óvart, þegar hinn háttvirti forseti við undirbúningsumræðuna fann sèr skylt að vernda þingsins frjálsa ráðgjafarvald gagnvart mèr, sem einmitt hafði haldið því uppi, því þótt eg vissi, að hann skoðaði rèttindi alþingis öðrum augum en eg, hlýtur hann þó að sjá, að i því erum vèr samdóma, að þingið hafi frjálst ráðgjafarvald. En ágreiningurinn okkar á milli er sá, hvort ráðgjafarvald sè löggjafarvald eður ekki. Eg fyrir mitt leyti held — eins og eg tók fram við undirbúningsumræðuna —, að hinn háttvirti forseti þekki mismuninn milli þessara tveggja valda eins vel og eg; — eg skal vera manna fúsastur til að óska alþingi löggjafarvalds; en hinn háttvirti forseti mun — held eg — vorkenna mèr, að eg ekki geti sagt, að svart sè hvítt, eða að löggjafarvald og ráðgjafarvald sè hið sama, eða þá að alþingi nú þegar hafi löggjafarvald. En sè þetta satt — og það er satt — þá látum ekki villa sjónir fyrir þingmönnum og telja þeim trú um það, að þegar þeir að eins sjálfir segja, að þeim beri löggjafandi atkvæði eptir

þeim gildandi lögum, þá eigi stjórnin að taka tillögur þeirra þannig, og væru þeir þá í raun og veru löggjafandi, — látum oss með sameinuðum kröptum þá fáu daga, sem eptir eru af þessari samkomu, starfa að því, að alþingi verði löggjafarþing, en látum oss, á meðan vèr báðir, hvor frá sinni stöðu, verndum frjálst ráðgjafarvald þingsins, skoða stjórnarfyrirkomulag landsins eins og það í raun og veru er.

Hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður hefir nú að miklu leyti bætt úr vandræðum þeim, sem meiri hluti nefndarinnar hafði orsakað, með því að stinga upp á þeim breytingum, sem honum hafa þótt nauðsynlegar, og þar sem minni hluti nefndarinuar einnig hefir gjört þetta, og með því 2 heiðraðir nefndarmenn, sem við undirbúningsumræðuna voru í meiri hlutanum, nú hafa farið annan veg, sem eg fyrir mitt leyti álít rèttan, ekki að stinga upp á að fresta málinu, án þess að þingið segði álit sitt um hin sèrstöku atriði þess, getur þingið nú notað tækifæri það, sem því þannig er gefið til þess að segja álit sitt um sèrstök atriði frumvarpsins — en þetta álít eg, eins og eg optar hefi sagt, skyldu þingsins gagnvart þjóðinni. Ef meiri hluti þingsins aðhyllist aðaluppástungu meiri hluta nefndarinnar, eða eg veit ekki hvernig á að nefna hann; hann var áður meiri hluti, en þá voru 4 í flokkunum; en nú fara 2 af þeim einn veg og tveir annan; hann er þá í raun og veru orðinn tveir minni hlutar, og minni hluti nefndarinnar sem var við undirbúningsumræðuna er þannig í raun og veru orðinn meiri hluti; en ef meiri hluti þingsins aðhyllist breytingaratkvæðið undir tölulið 331, verða atkvæði þingsins um sèrstök atriði frumvarpsins sjátfsagt að eins til vara, ef stjórnin ekki fèllist á aðaluppástungur þess.

Þegar eg nú fer fáeinum orðum um hin sèrstöku breytingaratkvæði, sem eru á atkvæðaskránni, skal eg geta þess, að eg, að svo miklu leyti sem breytingaratkvæðin eru samhljóða þeim breytingum, sem stiptamtmaðurinn og yfirdómurinn hafa stungið upp á, skal skýrskota til þess, sem tekið er fram í ástæðunum til frumvarpsins, og sem mèr virðist nægilega að hafa hrundið ástæðum, þeim, sem þeir stiptamtmaðurinn og yfirdómurinn hafa byggt álit þeirra á.

Undir tölulið 1. hefir hinn núverandi minni hluti nefndarinnar stungið upp á að fella frumvarpið, án þess að segja álit sitt um sèrstök atriði frumvarpsins, en þetta álít eg að vera alveg ó-

forsvaranlegt frá þingsins hálfu, ekki — eg skal ítreka það — gagnvart stjórninni, því hún á sjálfsagt rètt sinn óskertan, en gagnvart landinu, því rètti þessi verður á þann hátt spillt. Hvað tölulið 2. snertir, þá verður timi til þess að ræða um hann, þegar frumvarp um fangelsishús verður lagt fyrir þingið; það er þess vegna þýðingarlaust, hvort þingið aðhyllist hann eða ekki.

Töluliðir 3 og 4 eru samkvæmir tilgangi stjórnarinnar.

Töluliður 5 virðist mèr vera of *naiv* eða of barnalegur, því sökum málsins á frumvarpinu á ekki að stofna landinu mikinn kostnað; úr því getur orðið nægilega bætt, þegar þingið leiðir athygli stjórnarinnar að því, að bæta þurfi málið, því uppástungumaðurinn sjálfur hefir — ef eg man rètt — viðurkennt, að nægilegir kraptar væru til þess í hinni íslenzku stjórnardeild, en þegar ræðir um frumvarp, sem lagt er fyrir ráðgjafarþing, þá er það sjálfsagt, að orðabreytingar geta tekizt til greina án tillits til atkvæðagreiðslunnar. En sè tilgangurinn með þessum tölulið að frávísa málinu í óákveðinn tíma, þá á hann að standa og falla með tölulið 1; hið sama er að segja um tölulið 6. Hvað snertir tölulið 16 skal eg skýrskota til þess, sem tekið er fram í ástæðunum, bls. 89.

Hvað viðvíkur töluliðunum 26 og 38, þá hefir hinn háttvirti uppástungumaður að líkindum ekki tekið eptir því, að eins og sjá má af bls. 90 í ástæðum frumvarpsins, hafði stiptamtmaðurinn og yfirdómurinn gjört þrjár uppástungur viðvíkjandi 28. grein frumvarpsins og af þessum 3 uppástungum aðhyllist stjórnin þá, að hegning sú, sem rætt er um í nefndri grein, nefnilega ríkisfangelsis hegningin, skuli út tekin í konungsríkinu, þangað til búið er að koma upp til þess sèrstökum fangelsum á Íslandi; 28. grein frumvarpsins er þannig til orðin eptir uppástungu áðurgreindrar nefndar, og mèr þykir það í sjálfu sèr eðlilegra að halda þessum ákvörðunum frumvarpsins undir töluliðunum 26. og 28., og ef til vill hinum seka meira í hag.

Við töluliðina 89—91 skal eg að eins skýrskota til þess, sem eg tók fram við undirbúningsumræðuna um 68. grein.

Töluliðirnir 96, 112, 116 og 188 fara allir í þá stefnu, að ákvarðanir þessar eigi að fella úr, nema því að eins, að Ísland fái sèrskilda stjórnarbót; eg skal í þessu tilliti skýrskota til þess, sem tekið er fram í ástæðunum til frumvarpsins, bls. 79, og bæta því við, að af því að hinn háttvirti uppástungumaður ekki hefir stungið upp á

breytingu við 310. grein frumvarpsins, þykja mèr uppástungur þessar óaðgengilegar, vegna þess að menn þá geta verið í efa um það, hver hegningarlög gildi um þessi afbrot, því 310. grein frumvarpsins tekur úr gildi öll hin eldri hegningarlög, er koma í bága við efni þessara laga, en hvað er efni þessara laga? að vera almenn hegningarlög fyrir Ísland, eða að ákveða hegningu í sèrstökum tilfellum?

Tölulið 139 virðist mèr ísjárvert að aðhyllast, því menn geta ekki neitað því, að í þessari grein eru innifalin afbrot, sem verðskulda hegningu.

Töluliður 174 þykir mèr ónauðsynlegur, vegna þess, að mèr eptir orðunum virðist það ljóst, að greinin einungis snertir póstembættismenn; en máske þetta megi betur orða í greininni áður en lögin verða lögleidd.

Töluliður 219 þykir mèr ónauðsynlegur, af því að neyða annan mann með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi ætíð er ólöglegt.

Uppástunguna uudir tölulið 234 get eg ekki skilið, og skal þess vegna ráða þinginu frá að taka hana til greina.

Við töluliðina 237 og 258 skal eg skýrskota til ástæða þeirra, sem teknar eru fram í ástæðum frumvarpsins um það, hvers vegna stjórnin ekki hafi getað fallizt á uppástungur stiptamtsins og yfirdómsins.

Um töluliðina 323 og 326 hefi eg við undirbúningsumræðuna sagt, að mèr þættu báðir aðgengilegir.

Á móti tölulið 321 hefi eg ekki neitt. Breytingaratkvæðið undir tölulið 332 álít eg ónauðsynlegt, því mèr virðist það við almenn hegningarlög, sem eiga að innibinda í sèr öll sakamál, að eins hafa *theoretiska* eða vísindalega Interesse, að telja upp öll þau eldri lög og tilskipanir, sem þessi lög nema úr gildi, en ekki neina praktiska þýðingu; þess vegna og vegna þess að örðugt er að gefa þessa *specifikation* höfðu einnig stiptamtmaðurinn og yfirdómurinn stungið upp á, að þessari *specifikation,* sem er í hinum dönsku lögum, yrði sleppt í hinu íslenzka frumvarpi, og stjórnin hefir fallizt á þessa uppástungu.

Forseti: Þó að hinn háttvirti konungsfulltrúi nú hafi tekið upp aptur, þó í nokkuð mildara formi, það sem hann sagði um daginn, um rèttindi og atkvæði alþingis, þá finn eg ekki ástæðu eða nauðsyn til að taka upp aptur það sem eg talaði þá, allra sízt þegar hann hefir játað, bæði þá og nú, að þingið hafi fullkomlega

frjálst ráðgjafaratkvæði. Þó fannst mèr á orðum hans um daginn, eins og að atkvæði þetta ætti að vera bundið, þegar að ræða væri um stjórnarfrumvörp. Hinn háttvirti konungsfulltúi tók það fram, að stjórnin hefði rètt til að gjöra frumvörpin að lögum, jafnvel þvert á móti tillögum alþingis, þetta kann stjórnin að vísu að geta gjört; það kann vera, að sumum þyki hún hafa rètt til þess, en slíkur rèttur er ekki annað en *valdsrèttur*, það er sá rèttur, sem hinn sterkari getur notað, þegar hann hefir, sem menn kalla, bæði töglin og hagldirnar; eg verð að játa, að eg veit ekki hvar sá rèttur er settur með lögum; eg hefi aldrei sèð það lagaboð, enda held eg að það komi mjög svo í bága við tilgang þann, sem konungur hafði, er hann stofnaði alþingi; og það væri beinlínis mótsögn, þegar þingið nú hefir fullt ráðgefandi atkvæði, ef það mætti þá ekki nota það eptir sannfæringu sinni og ástæðum þeim, sem því þykja sannfærandi. Sízt finnst mèr í þessu máli vera ástæða til að hafa hótanir í frammi; en það kalla eg hótanir, ef þingið mætti óttast, að lögum þessum yrði nauðgað upp á landið, ef það rèði til að fresta þeim þangað til skilyrði þau eru uppfyllt, sem stjórnin hefir sjálf sett fyrir því, að frumvarpið geti öðlazt lagagildi. En þótt nú að stjórnin vildi fara að eins og konungsfulltrúinn benti til, þá get eg ekki sèð, að þar í sè neitt hræðsluefni fyrir þingið; því það er auðsætt, að ekki er meiri ástæða fyrir stjórnina að gjöra frumvarpið að lögum óbreytt, þó að þingið ekki gjört á því neinar breytingar, heldur en þó það stingi upp á breytingum. Stjórnin getur þá eins tekið það í sig, að gefa breytingum þingsins engan gaum. En satt að segja finnst mèr hvorttveggja jafnólíklegt, og eiginlega stjórninni óverðugt.

Framsögumaður: Mèr finnst, að segja megi um atkvæðaskrá þessa, að «margt sè smátt í vettling manns, gettu sands» o. s. frv., enda virðast mèr ræður þingmanna sýna og sanna, að eigi allfáir þingmenn, líti *ekki* öldungis rèttum augum á hana. Eg tek það nú fram, að eg held mèr til hins sama sjónarmiðs, sem hinn háttvirti forseti tók áðan fram, að hèr sè um 3 aðalatriði að ræða, en hitt álít eg þó rèttara, að það sèu *að eins* 2 aðalvegir, sem þessi langa og margbrotna atkvæðaskrá fer fram á. Annar aðalvegurinn er þá sá, að þingið, eins og *minni hlutinn* fer fram á, ræði málið til fullnaðar, með þeim breytingum sem stungið hefir verið upp á í aðalefni þess, og biðji svo um, að gjöra frumvarpið þannig breytt nú þegar að lögum. Hinn aðalvegurinn er sá, að

þingið ræði málið til undirbúnings undir nýtt frumvarp, sem síðan sè lagt fyrir þingið til fullnaðar álita, og biðja þannig um, að frumvarpið verði ekki að lögum, að svo stöddu eður rèttara fyrr en skilyrði þau eru uppfyllt, sem frumvarpið sjálft gjörir ráð fyrir, og einbindur sig við. En í þessu tilliti liggja aptur fyrir 2 vegir eptir því, *hvort* menn vilja *að eins* halda sèr til 307. greinarinnar, eins og meiri hlutinn fyrst gjörði, *ellegar* þá ganga þar að auki inn í annað innihald laganna, eins og breytingaratkvæði þingmanns Borgfirðinga og mín, í sambandi við breytingaratkvæði hins háttvirta 4. konungkjörna þingmanns benda til.

Eg vil nú fyrst leyfa mèr að gjöra þá almennu athugasemd, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir að mínu áliti, að vísu rètt, í því, að gjöra mikinn mun á ráðgefandi þingi og löggefandi þingi. En hver er eiginlega munurinn? og hvers konar er þessi munur? Munurinn er í *rauninni*, sem menn segja «formel» en ekki «reel», hann er miðaður við góða löggjöf, að innihaldinu til alls enginn. Munurinn hverfur nefnilega, ef þeir kraptar, sem vinna eiga að sama augnamiði, góðri og þjóðlegri löggjöf, sameina sig en ganga ekki hver í sína áttina. Eg hef spurt þann lagamann, sem eg þekki beztan, á hverju lög eigi að byggjast, og sagði hann mèr, að sá væri beztur löggjafi, sem heyrði, það er að segja, sem bezt þekkti þarfir, vilja og óskir þjóðfèlagsins, eður þegnanna. Gætum vel að því, að góð lög eru ekki eins og fat, eður regnkápa, sem menn fleygja yfir sig, og frá sèr aptur eptir geðþekkni; nei, lögin eru óslítandi liður í hinu almenna mannlífi sjálfu, og verða því að vera því samvaxin. Eg vil nú, með tilliti til þessa atriðis, og með sèrlegri hliðsjón til þess, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, taka það fram, að hafi nú þjóðin ekkert atkvæði um löggjöfina, þá er það skylda konungsins eins, að finna hvað lög eigi að vera, en hafi hann þing, sèr til ráðaneytis þá fær hann af fulltrúum þjóðarinnar á þingi, upplýsingar um þarfir og vilja hennar, og þá er það ábyrgðarhluti fyrir hann, að taka *ekki* tillögur þingsins til greina. En hitt er satt, að þegar þingið er að eins *ráðgefandi* getur konungur með valdi gjört það að lögum sem hann vill, en það getur hann *ekki* ef þingið hefir *löggjafarvald*. Svo munurinn á milli *ráðgefandi* og *löggjafarþings* snertir í raun rèttri formhlið laganna eins og eg sagði en ekki innihald þeirra. Hinn hæstvirta konungsfulltrúi bar nú meiri hlutanum á brýn, að hann hefði eigi fullnægt tilgangi stjórnarinnar, en ástæðan til þess ámælis, ef

hún væri nokkur, held eg að sè meira á pappírnum en í raun og rèttri veru; að minnsta kosti get eg ekki skilið, hvernig minni hlutinn fer að segja, að hann fari nær tilgangi stjórnarinnar en meiri hlutinn, hvort sem menn vilja tala um hann í heild sinni eða klofinn á þann hátt, sem konungsfulltrúi benti á. Þessu til ònnunar skal eg leyfa mèr að lesa upp kafla úr ástæðum fyrir frumvarpi stjórnarinnar bls. 86. «Þó að málefni þessu — sagt hefir verið hèr að framan»; eg óska að kafli þessi komi inn í þingtíðindin orðrèttur. Sbr. síðari part alþtíð. bls. 133—134. Orð þessi eru svo ljós, að þau þurfa ekki útskýringar við, því allir skilja þau. Það er þannig ekki einungis í 307. grein, heldur einnig í ástæðunum fyrir frumvarpinu, svo augljóslegt og áþreifanlegt, að lög þessi geti ekki öðlazt gildi fyrr en búið sè að koma fangelsunum á fót. En í hverju er þá að öðru leyti þessi rèttarbót fólgin meðan svona stendur, að lögunum verður ekki beitt? Á þessu byggði meiri hlutinn skoðun sína, geti menn sannfært mig um, að hún sè röng, skal eg vera fyrstur manna til þess að falla frá henni; þetta atriði er því þýðingarmeira, sem að nefndin í fyrra komst að sömu niðurstöðu og stjórnin, einmitt í þessu efni, að nefnilega uppfylling skilyrðanna hlýtur að verða samferða löggildingu frumvarpsins. En hvað gjörir nú minni hlutinn? Hvaða úrræði hefir hann nú fundið? *Hýðinguna,* sem stjórnin tvímælalaust segir í ástæðum sínum nú einmitt að sè *óhafandi;* já þegar 1838 (sjá 4. gr. í tilskipun 24. janúar 1838) játaði, að væri sannarlegt neyðarúrræði til bráðabyrgða. Það eru fyrir utan allt þetta leidd ljós rök að því í nefndarálitinu, að hýðingin geti ekki staðizt með hinni nýju rèttarbót, og að þetta tilsamans tekið sè þó ekki tómt ástæðuleysi sýnir það bezt og sannar, að enginn ærlegur maður fæst til að hýða, því hvaða rèttarhegning er það, sem enginn heiðarlegur maður fæst til að framkvæma? Má eg því spyrja: *því,* og með *hvaða* rètti vill minni hlutinn halda hýðingunni, þvert ofan í frumvarp stjórnarinnar og rèttarmeðvitund Íslendinga? Eg skal að vísu ekki dæma tvo svo ranga dóma, að eg segi það rèttarbót 23. október 1866, sem eg sè og þreifa á, að rèttarmeðvitund landa minna með öllum hinum siðaða heimi fordæmir í ágúst 1867, og það þó jeg játi, að eg sè skyldugur til að breyta meiningu minni, ef kringumstæðurnar heimta það; og að jeg breyti henni því að eins, að næg rök sèu til þess. Eg tek það enn fram sem beina afleiðing af uppástungum minni hlutans, yrðu þær samþykktar, að þá *hlyti* stjórnin að álíta, að það væri

vilji og ósk Íslendinga að halda hýðingunum, og gjörði hún þá að engu hina helztu og mestu hvöt til að koma fangahúsunum upp, sem er einasta ráðið til að nema burtu þessa — ef eg mætti svo segja — smán þjóðar vorrar. Þetta er nú skoðun mín á málinu, og vona eg að þingmenn trúi því, að þetta sè mín hjartans sannfæring. Hvað meiri hlutann aptur á móti snertir, þá kemst hann ekki í neinn bága við stjórnarfrumvarpið. Hann álítur, að skilyrði þau, er stjórnin sjálf hefir sett, séu «Conditio sine qva non» fyrir því að það öðlist lagagildi; og þetta er og sannfæring mín að sè hið eina rètta. Meiri hlutinn vill þannig gagnstætt minni hlutanum á engan hátt misbjóða frumvarpinu, nè drepa niður skynsamlegum tillögum um það. Þetta er auðsèð fyrir hvern mann á niðurlagsatriðum meiri hlutans, því aptan við 1. niðurlagsatriðið er hnýtt beiðni um það, að skilyrðum sjálfs frumvarpsins verði sem fyrst framgengt, og lögin þá þegar verði lögð aptur fyrir þingið þannig úr garði gjörð sem rèttarmeðvitund þjóðarinnar útheimtir. Eg get þess vegna ekki fundið neina ástæðu til, út af þessu máli, hvers vegna eg, sem nefndarmaður þurfi að taka á móti ráðleggingu um það, hvernig að taka skuli í konungleg frumvörp; eg vona að allir sjái að þetta er rètt, og að meiri hlutinn sè *samkvæmur* frumvarpi stjórnarinnar en minni hlutinn því *gagnstæður*. Það er að öðru leyti meining mín og þingmanns Borgfirðinga, að unnt sè enn fremur að gefa stjórninni kost á að fá bendingar frá þinginu um málið, viðvíkjandi öðrum atriðum þess, þó vèr álítum enn að ofætlun væri fyrir nefndina að ganga inn í aðalefni málsins til hlítar. Hvað 5. tölulið snertir, þá er það eflaust meining stjórnarinnar að frumvarpið sè þannig útlagt, að engi meiningamunur verður á milli hins danska og íslenzka texta; dómstólarnir á Íslandi dæma eptir íslenzkunni en hæstirèttur eptir dönskunni, og ef munur væri þar á milli, gætu margar misklíðir þar af risið. Það þarf mikla krapta til og mikla «autoritet» til þess; að sjálfsagt sè að fallast á annað eins frumvarp og þetta, er einungis einn maður hefir hefir útlagt á tæpum tíma að minni hyggju. — Eg ætla þannig að leyfa mèr að biðja hinn hæstvirta konungsfulltrúa, að skýra þinginu frá, áður en til atkvæða er gengið, hvort honum þykir ekki sjálfsagt, að stjórnin muni taka aðalhugsun meiri hlutans allt eins vel til greina með breytingaratkvæðum þingmanns Borgfirðinga og mínu eins og minni hlutans. Því ef svo er, vil eg fylgja því fram, að aðalefni málsins sè rætt og atkvæði gefið um

hvern einstakan tölulið á atkvæðaskránni, en annars ekki. — Eg skal að svo mæltu ekki fjölyrða meira um þetta mál, en eingöngu geta þess, að það eru nokkrar af breytingum minni hlutans sem eg get gefið atkvæði mitt fyrir, en sumum ekki. Aptur á móti fellst eg á allar breytingar hins háttvirta 4. konungkjörna þingmanns, því þær eru samkvæmar áliti voru um málið í fyrra. Eg skal einungis geta þess, að það getur ekki staðizt hjá minni hlutanum, að breyta *hýðing* í *refsing*, því *hýðing* kemur af *húð*, og til þess að henni verði framgengt, þarf að fletta hinn seka fötum og þannig vona eg, að hinn háttvirti minni hluti kannist við, að hýðingunni sé beitt. *Refsing* er þar á móti miklu yfirgripsmeiri; hún getur farið fram á margan hátt, t. d. með reyrpriki, án þess hinn seki sé flettur fötum o. s. frv. Margar eru þær breytingar fleiri, er eg ekki get fallizt á, en vil eigi tefja tímann með því að telja þær allar upp.

Bergur Thorberg: Mèr finnst hinn háttvirti framsögumaður sanna annað er hann ætlaði sèr að sanna þegar hann talaði á móti minni hlutanum. Það er auðsèð, að það var meining minni hlutans, að nefndin og síðan þingið ætti að segja álit sitt um hinar einstöku ákvarðanir frumvarpsins, og þetta var aðalágreiningsefnið milli meiri hlutans og minni hluta, það var einmitt þetta sem gjörði skilnaðinn í nefndinni. Ein af uppástungum minni hlutans lýtur að því að finna úrræði til þess, að ekki þurfi að fresta löggilding frumvarpsins út í neina óvissu; en framsögumaður leggur meiri áherzlu á þetta úrræði sem minni hlutinn þannig hefi stungið upp á heldur en minni hlutinn sjálfur gjörir. Minni hlutinn áleit vel tiltækilegt og sjálfsagt að segja endilegt álit sitt um frumvarpið undir öllum kringumstæðum, eins þó engin breyting væri gjörð á 307. grein, en til þess, að engin óvissa gæti verið um að frumvarpið gæti bráðum fengið lagagildi stakk hann upp á þessari millibils ákvörðun um, að straffið skyldi fyrst um sinn, *framkvæmt* eptir sömu reglum og nú eru við hafðar í þessu tilliti, en það er þetta úrræði, sem framsögumaður álítur óhafandi. Hann leggur efalaust meiri áherzlu á hið svo kallaða skilyrði í 307. gr. heldur en stjórnin; hún álitur sjálfsagt, að endurbót á hegningaraðferðinni sè mikilsvarðandi, og hún hugsar sèr að láta fangahúsin komast á, jafnframt því að lögin fá gildi. Það sèst, að stjórnin hugsar sèr málið á þenna hátt, en að öðru leyti er engin ástæða til að halda, að hún legði neina sèrstaklega áherzlu

á það, að lögin einmitt öðlist gildi með því skilyrði, sem um er rætt í 307. grein. Eg get ekki annað sèð, en að jafn nauðsynlegt sè, að fá fangahús hèr á landi og fá hýðingarstraffinu breytt, eins fyrir það, hvort hin almennu hegningarlög verða lögleidd hèr eður ekki; því fangelsisstraffið stendur ekki í neinu innilegra sambandi við þau lög, en við hin helztu nú gildandi hegningarlög. Það virðist mega ráða af orðum framsögumanns, að hann haldi, að minni hlutinn vilji halda hýðingunum lengur, en annars þyrfti að vera; en eins og eg hefi opt tekið fram, er þetta ekki rètt, þetta er engan veginn meining minni hlutans, hann vill öldungis ekki hindra, að fangelsin komizt á sem allra fyrst, og hann vill fallast á uppástungu um, að beðið verði um þetta, og eg skil ekki, að meiri hlutinn flýti meira fyrir fangahúsunum, því það tefur öldungis ekki fyrir fangahúsuuum, þó lögin fái sem fyrst gildi, eins og minni hlutinn vill. Það getur engan veginn villt sjónir fyrir stjórninni þó þingið fallist á minni hlutans uppástungu, um að lögin verði eigi látin bíða eptir fangahúsunum, því það er svo skýrt tekið fram, hver tilgangur minni hlutans sè, og þessi tilgangur er auðsèður, af uppástungunni sjálfri, að hann er, að fá sem fyrst rèttarbót þá, sem lögin veita, en eigi að fresta fangahúsunum. Eg hèlt um daginn, þegar hinn 5. konungkjörni þingmaður ráðgjörði breytingaratkvæði sitt undir tölulið 5. að honum væri ekki alvara. Eg verð að vera því breytingaratkvæði alveg mótfallinn, og álíta það óþarft og ótilhlýðilegt, og eg hefði ekki búizt við, að það hefði komið fram frá neinum þingmanni, en mèr finnst það þar að auki, af konungkjörnum þingmanni, vera ókurteist, að koma fram með uppástungu um, að vísa málinu aptur til stjórnarinnar til betri meðferðar, af því málið sè ekki nógu gott; mèr finnst hann hafa gjört allt of mikið úr göllunum á orðfærinu, því eg get ekki betur sèð, en að það sè gott. Ef margir gallar hefðu verið á því, þá hefði hann átt að vera fær um að bæta þá, og það hefði verið skylda hans, að grafa ekki pund sitt í jörðu. Mèr finnst uppástunga þessi svo ólagleg, að hún ætti ekki að koma frá neinum þingmanni. Hvað tölulíð 26 snertir, hef eg ekki á móti honum í sjálfu sèr, en er hræddur um, að hann kunni að koma í bága við 28. grein frumvarpsins; því einföldu fangelsi má eigi beita um lengri tíma en tvö ár, og á því er ekki beðið um neina breytingu, en þegar einfalt fangelsi ætti að koma, í staðinn fyrir ríkis fangelsi, sem er ætlazt til að gæti orðið 10 ár, þá er auðsætt að það brot

gæti komið fyrir, sem ekki yrði nægilega hegnt, með því mesta einfalda fangelsi sem beita má. Eg er á sömu skoðun sem fyrri, að ekki skuli fella þá kapítula burt, sem hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður stingur upp á, að skuli burt falla, því eg álít það engan galla á lögunum, þó þau hafi einhverjar ákvarðanir sem ekki geta strax heimfærzt í öllum greinum. Hvað tölulið 105 snertir, þá er hann óheppilega orðaður, og orðin lúta að öðru en því, er hlýtur að vera meining uppástungumanns; eptir greininni í frumvarpinu, er maximum hegningarvinnunnar 6 ár, en minni munur ótiltekið, og getur því verið 8 mánaða betrunarhúsvinna, en uppástungumaður, sem þó vill milda straffið, biður um, að það megi færast niður í 4 ára hegningarvinnu; en meining hans hlýtur að vera, að minnka maximum straffsins, en þetta getur ekki samþýðzt orðunum.

Viðvíkjandi 161. tölulið skal eg geta þess, að mèr virðist þessi viðbót aptan við greinina eigi nauðsynleg, því það er eigi bannað í greininni að láta leita þjófaleit, þegar nauðsyn ber til. Það stendur í greininni: Hver sá embættismaður, sem *að ólögum* o. s. frv., en það verður ekki sagt, að það sè gjört *að ólögum*, þótt rannsókn framfari, þegar glæpur hefir verið framinn, þar sem ástæða virðist vera til slíkrar rannsóknar. Viðvíkjandi 237. greininni skal eg geta þess, að það hefir í umræðunum um þessa grein hèr á þinginu verið lögð mikil áherzla á fasta rèttarmeðvitund þjóðarinnar um hvinnskuna. Það er sjálfsagt, að rèttarmeðvitundin á að ráða miklu, en eg held það sè ekki svo föst rèttarmeðvitund hèr á landi, að það sè nokkurt fast takmark einungis eptir verði hlutarins milli hvinnsku og þjófnaðar. Eg held miklu fremur, að það stríði *á móti* réttarmeðvitund þjóðarinnar, eptir því sem eg hefi haft færi á að kynna mèr, ef maður sleppur hjá þjófsstraffi, ef hann tekur 11 mörk, en sætir hegningu fyrir þjófnað, ef hann tekur 2 rd. Það er líka mjög undir kringumstæðunum komið, hve mikils hluturinn er verður, því verðið á sama hlutnum getur breyzt mjög fljótt og verið mjög ýmislegt á ýmsum tímum. Eg skal taka til dæmis, að ullin var í fyrra á 48 sk. pundið, en nú er hún hjer um bil 2 mörk. Maður, sem í fyrra hefði stolið 4 pund af ull hefði orðið straffaður fyrir þjófnað eptir uppástungu hins háttvirta 4. konungkjörna, en þótt hann nú í sumar tæki 5 pund af ull, þá sleppur hann, hjá þjófsstraffi af því ullin er í lægra verði í ár en í fyrra. Eg held, að almenningur áliti hann að minnsta kosti

eins sekan fyrir að taka 5 pund í ár eins og 4 pund í fyrra undir sömu kringumstæðum. Eg skal ekki fara út í það, hve nær hvinnsku hugmyndin er úr lögum numin, en eg skal geta þess að eg felli mig betur við þá skoðun, að þegar norsku lög voru lögleidd hèr 1734 meðal annars í þjófnaðarmálum, þá hafi eptir það átt að afgjöra það eptir þeim lögum ekki einungis, hvernig þjófnaður ætti að straffast, heldur einnig hvað ætti að álítast þjófnaður, eða hvaða verk ættu að heimfærast undir það sem í þeim lögum er kallaður þjófnaður. Eg er ekki óhræddur um, að 240. tölul. dragi of mikið úr ákvörðun greinarinnar, því það má færa margt undir hugmyndina «traustatak«. Uppástungan undir 332. tölul. er að minnsta kosti ekki heppilega orðuð. Það virðist vera meiningin, að fyrst verði lögð fyrir þingið sèrstakleg skýrsla um öll þau lög, sem úr lögum sè numin, og í öðru lagi yfir þau lög, sem að nokkru leyti eru úr lögum numin, og upptalningu þessara síðarnefndu laga vill hann láta tengja við hegningarlögin; ef gjöra ætti slíka upptalningu þá ætti að taka hana upp í lögin, og ætti þá eigi síður að taka upp fyrri flokkinn en hinn síðari og þetta hefir gjört verið í hinum almennu dönsku hegningarlögum. En það er töluverðum vandkvæðum bundið að semja slíkt yfirlit, og mundi með því lítið unnið fyrir almenning, þótt það gæti verið fróðlegt fyrir lögfræðinga. Mèr virðist því, að þingið ætti ekki að aðhyllast þessa uppástungu og mun eg gefa atkvæði mitt móti því. Eg skal geta þess, að uppástungan undir 325. tölul. er ekki uppástunga mín, heldur minni hluta nefndarinnar.

Konungsfulltrúi: Upp á áskorun hins háttvirta framsögumanns skal eg svara því, að eg nýlega tók það skýrt fram, að stjórnin, ef þingið aðhylltist breytingaratkvæðið undir tölulið 331, sjálfsagt mundi skoða þessa uppástungu sem aðaluppástungur þingsins og taka þær til greina, að svo miklu leyti sem henni virtist þær aðgengilegar, en álit þingsins um sèrstök atriði frumvarpsins verður þá sjálfsagt einungis til vara.

Það var spáný kenning, sem hinn háttvirti framsögumaður nú gaf þinginu, að það einmitt se samkvæmt tilgangi stjórnarinnar og sèr í lagi 307. grein frumvarpsins, að þingið beiðist þess, að málinu nú verði frestað og nýtt frumvarp lagt fram fyrir þingið, því sèrhver heilvita maður hlýtur þó að sjá, að stjórnin leggur ekki þetta eða annað frumvarp fyrir alþingi, til þess að fá leyfi eða tækifæri til að leggja það fyrir þingið aptur, heldur einungis

til þess, að gefa alþingi tækifæri til þess að segja álit sitt um málið í heild sinni.

Með tilliti til þess, sem hinn háttvirti framsögumaður tók fram að hann ekki hefði breytt sannfæringu sinni frá októbermánuði 1866 til ágústmánaðar 1867, skal eg geta þess, að það, sem eg við undirbúningsumræðuna tók fram í þessu efni, var það, að hinn háttvirti framsögumaður í októbermánuði f. á. þekkti öll atriði málsins til hlítar, en að hann í ágústmánuði 1867 ritaði nafn sitt undir nefndarálit, sem sagði, að honum væri ekki fært að dæma um þessi sérstöku atriði málsins.

Framsögumaður: Það gladdi mig að heyra, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi lýsti því yfir, að sér virtist, að uppástungur mínar og þingmanns Borgfirðinga væru því eigi til fyrirstöðu, að aðaltilgangur meiri hlutans gæti fengizt fram. En það hefir orðið misskilningur milli mín og hans út af 307. greininni. Það var ekki meining mín, að það væri tilgangur stjórnarinnar að leggja frumvarpið tvisvar fyrir þingið, heldur meinti eg, að ef stjórnin leggur nú frumvarpið fyrir þingið, til þess það segi um það fullnaðarálit sitt, þá næst ekki tilgangur stjórnarinnar eins vel, og eptir uppástungum meiri hlutans. Mér finnst því þessi munur á aðferðinni vera mjög óverulegur í samanburði við það, hvað málið vinnur við að bíða. Það var satt, að eg lèt í ljósi álit mitt í fyrra um aðalefni málsins, en stjórnin tók það ekki til greina. Það var spáný lagakenning, sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður kom með, að það gjörði ekkert til, hvort 9., 10., 11. og 15. kafla laganna væri sleppt úr þeim eða ekki, eða með öðrum orðum, að það sè eitt og hið sama, hvort konungurinn sje »constitutionel« eða einvaldur, eður með öðrum orðum, að það sè eitt og hið sama, hvort stjórnarlögin innihalda þjóðstjórn eður ekki. Já, ef eg hefði nú við hendina fyrirlestra mína skyldi eg lesa upp fyrir honum dálítinn kafla úr þeim, og mundi hann þá sjá, að munurinn er mikill. Það þarf meira en að segja, að eg hafi ekki sýnt að ástæður stjórnarinnar eru rangar. Vèr skulum taka gömlu prentfrelsislögin og bera þau saman við hin nýju, og sjá þá allir heilvita menn, hvílíkur fjarskalegur munur er í þessu tilliti, er hèr um ræðir. Það lá við, að mèr sortnaði fyrir augum, þegar eg heyrði þessar kenningar hans áðan. Því það eru þó vona eg sannmæli, sem enginn getur hrakið, að ráðgjafi, sem stendur undir »abolut« konungi, er undir langt um heilagri lagaverndun, en

annar, sem stendur undir «constitutionel» konungi. Eg verð því að halda mèr fastlega við álit nefndarinnar í fyrra og uppástungur hins háttvirta 4. konungkjörna þingmanns nú, að þessir kaflar verði ekki löggiltir, fyrr en Ísland er búið að fá sèrskilda stjórnarbót. Hinn 3. konungkjörni leggur og í einelti rèttarmeðvitund þjóðarinnar um hvinnskuna. Mèr datt aldrei í hug að vilja láta lögleiða þessa rèttarmeðvitund, en lögin geta bæði hitt og ekki hitt hana. Hann átti að sýna og sanna, að þegar norsku lögin komu út 1734, þá hafi verið önnur rèttarmeðvitund en nú, eða að lögin hafi þá hitt hana eða þá breytt henni. Og í þessu efni vona eg, að hinn háttvirti þingmaður geti fundið næg rök fyrir þessu í álitsskjali nefndarinnar í fyrra, að svo hafi *hvorugt* verið. Það er merkilegt, að hann skuli segja, að rèttarmeðvitundin fari ekki eptir skildingum og mörkum, því það er ekkert spursmál um, að eitthvert takmark verði að eiga sèr stað, og um takmörkin á milli hvinnskunnar og þjófnaðarins. Hinn háttvirti þingmaður þekkir þö það sem hann nefndi, og þetta er einmitt hið svo kallaða *positiva* takmark, sem gengur í gegnum öll mannleg lög. Eg vona því að dæmið sanni einmitt sama sem *ekki neitt*. Já meira að segja: Hvernig er rèttarmeðvitundin í þessu tilliti í Danmörku eptir 30. § í tilskipuninni frá 11. apt. 1840? Einhver sá mesti lagamaður í Danmörku, Örsted, var í vafa um, hvar setja skyldi takmarkið fyrir «undtaget Tyveri». Hann játaði því, að eitthvert takmark yrði það að vera, sem lítilvægi hins stolna miðaðist við, en hvar er þá takmarkið? Hèr er því gallinn á lögum Dana, að þeir kannast við rèttarmeðvitund, en setja henni ekki hið nauðsynlega og glögga og manuúðlega takmark. Mundi ekki rèttara að miða það jafnvel við $^1/_{1000}$ part úr skilding? Frakkar og Svíar og fleiri þjóðir, sem hafa hin beztu lög, hafa víst aptur takmark í þessu efni. Það er þannig merkilegt, að hinn 3. konungkjörni skuli vilja láta ákvörðunina um hvinnskuna falla burt fyrir ástæðu, sem öll «positiv» lög hljóta að byggja á um allan heim. Menn verða nefnilega í þessu sem svo mörgu öðru efni að setja eitthvert «vilkaarligt» takmark fyrir hinu almenna, einhvern mælikvarða fyrir hinu nauðsynlega og eðlilega svo sem um *myndugleika, hefð*, firning skulda o. s. frv., en hvort sem þessi mælikvarði er hvað hugmyndina snertir, gagnvart hugmyndinni um þjófnað, hvort sem hann er miðaður við ull eða tólg, gjörir ekki meira til saka, en þótt miðað sè við fránka eða sænskan dal. Í Jónsbók er takmarkið

miðað við eyri, og það þekkir stjórnin eins vel og dali. Uppástunga hins háttvirta 4. konungkjörna um traustatakið er alveg rètt. Eg skal taka til dæmis, að ef maður fer yfir land mitt, og grípur hest til þess að komast yfir á, eða eg vil jafnvel segja, þótt hann riði honum austur yfir fjall, ef honum liggur mikið á, og þetta gjörir hann af því hann treystir kunningskap og mannúðleika mínum, þá er hart að dæma manninn til hegningar fyrir það. Hinn 3. konungkjörni skilur ekki hvað liggur í þessu traustataki: það er byggt á veglyndi og gestrisni, sem Íslendingar eru svo kunnir að, og ætti því að hlynna að því.

Eg skal svo ekki orðlengja um þetta mál, en áður en gengið verður til atkvæða, þá ætla eg að segja álit mitt um hina einstöku töluliði á atkvæðaskránni. Eg skal játa það um 332. tölul., að hann fer fram á að taka upp »clausula derogativa». Þannig skilinn má ganga að honum, sem bendingu eða bón til stjórnarinnar, því menn vita, að þetta er gjört í dönsku lögunum. Eg álít samt ekki, að þingið eigi að leggja svo sterka áherzlu á það; því það má eigi heimta svo vísindalega skýrslu af stjórninni, að ekkert spursmál geti verið um eldri lagaákvarðanir, hvort þær gildi eða ekki.

Konungsfulltrúi: Eg held að eg nægilega hafi skýrt þinginu frá skoðun minni um 307. grein frumvarpsins; en nú sem stendur get eg ómögulega sagt, hvort breytingar þær, sem stungið er upp á við þessa grein, geta orðið teknar til greina af stjórninni.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg skal ekki fjölyrða mikið um atkvæðaskrána. Eg á að eins eina uppástungu, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi og hinn 3. konungkjörni hafa neytt mig til að verja. Það kann að vera galli á, hvernig hún er orðuð, en það var tilgangur minn, að fyrri partur hennar gæti komizt, hvort sem fallizt væri á 1. eða 331. tölul. Hinum hæstvirta konungsfulltrúa þótti það barnalegt af mèr að koma fram með þessa uppástungu. Mèr þykir það furða af honum, því að honum er svo annt um tungu vora, að hann vill hafa hana sem hreinasta og fegursta, og talar hana einnig sjálfur, og hann hefir að minnsta kosti sýnt það á þingi í sumar, að hann ann henni. Eg bjóst því sízt við að hann mundi áfella mig fyrir þessa uppástungu, þótt eg vildi, að málið væri vel skiljanlegt á lögunum. Það var ekki tilgangur minn að frávísa frumvarpinu með þessari uppástungu, heldur vildi eg fá það endurskoðað og bætt að málinu til. Eg ætlaði og ætla, að

það væri nógir kraptar í íslenzku stjórnardeildinni til þess að endurskoða og bæta málið, og mèr hefir aldrei dottið í hug, að það *skyldi* verða gjört annarstaðar en þar. Eg vona, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi og allir þingmenn játi, að það sè mjög áríðandi, bæði fyrir þá, sem eiga að dæma eptir lögunum, og þá, sem eiga að verða dæmdir eptir þeim, að málið á lögunum sè ljóst, og eins að ekki standi annað í íslenzkunni en í danska textanum, og hefir þó hinn heiðraði 4. konungkjörni þingmaður sýnt, að þetta ætti sèr stað í þessu frumvarpi. Breytingsratkvæði er hèr liggja fyrir, sýna, að frumvarpið er ekki eins nákvæmt útlagt sem skyldi. Hinum háttvirta 3. konungkjörna þótti eg hvorki hafa nefnt marga nè mikla galla á frumvarpinu að málinu til, en eg þóttist hafa nefnt þá nógu marga, og sagði að þeir væru fleiri en eg taldi upp. Eg áleit, að það ætti ekki við, að rekja hverja setningu og hvert orð, en eg vona, að menn finni og játi, að það sèu margir málgallar á því. Það er undarlegt af honum að heimta af mèr, að gjöra allar þær breytingar við frumvarpið, sem þyrfti; nefndin hefir haft málið til meðferðar í 6 vikur, og gjört að eins fáar breytingar, en hann heimtar að eg skuli gjöra það á 2 dögum (*Bergur Thorberg*: Eg áleit eigi fleiri breytingar nauðsynlegar). Lagfæringin verður eigi gjörð á svo stuttum tíma. Það þarf lengri tíma til þess að ganga í gegnum það og búa það svo vel úr garði sem þyrfti, og hefði mèr ekki veitt af að hafa til þess 2—3 vikur. Eg ætla ekki að áfella nefndina fyrir breytingar þær, sem hún hefir gjört; sumar af þeim eru til bóta en sumar ekki. Eg álít t. d. »*tukthús*» ekki betra en typtunarhús; það verða allir að játa, að »*tukthús*» er ekki íslenzka, og þótt það hafi verið haft hèr um stuttan tíma, ætla eg eigi vert að halda því, þar sem vèr höfum annað gott orð yfir það. Hann furðaði sig og á, að eg sem konungkjörinn þingmaður skyldi hafa verið svo ókurteis að koma fram með þessa uppástungu, en hann er að mínu áliti enn þá ókurteisari, þar sem hann biður um, að frumvarpið verði lögleitt að ári, þvert á móti tilgangi stjórnarinnar, sem tekinn er með berum orðum fram í 307. greininni. Eg sè enga ókurteisi í því, að biðja stjórnina um að lagfæra galla þá sem eru á frumvarpinu, því það er rèttur, sem bæði þjóðkjörnir og konungkjörnir þingmenn hafa, þegar þeir gjöra það með sæmilegum orðum, og eg þykist eigi hafa haft nein þau orð, hvorki í ræðum mínum nè uppástungunni, er eg þurfi að taka aptur. Það var ekki ætlun mín, að vísa

málinu frá, heldur vil eg að eins, að málið á frumvarpinu verði bætt. En ef þingmaðurinn hneykslast á síðari hluta uppástungu minnar, þá er eg fús á að taka hana aptur, því það eru aðrar uppástungur á atkvæðaskránni, sem taka það betur fram, bæði 1. og 331. tölul. Það hefir verið talað svo ljóst og skýrt um formið á málinu sjálfu, að menn þurfa ekki að vera í vafa um það. Það er ekki talað um að ónýta málið, heldur biðja konung vorn um, að leggja það aptur fyrir næsta þing, áður en það verður löggilt. Stjórnin hefir sjálf lýst því yfir, að nógur væri tíminn, því að frumvarpið ætti eigi að ná lagagildi, fyrri en skilyrði þau, sem gjört er ráð fyrir í 307. greininni væru fengin. Eg get því ekki séð neina ókurteisi í því að biðja konung vorn um að leggja ekki fullnaðaratkvæði á málið nú. En það er nú að mínu áliti ókurteisi af minni hlutanum að biðja um, að frumvarpið verði lögleitt að hálfu leyti, en að hálfu leyti ekki.

Jón Hjaltalín: Eg tek til máls, bæði af því að eg vil láta meiningu mína í ljósi, um málið í heild sinni, og einnig á hèr nokkur breytingaratkvæði. Það er þá fyrst, breytingaratkvæði við 77. tölulið; það væri þó hart að fara að dæma menn eptir þessum lögum fyrir það, þó menn, til að losa sig við óknyttastrák, lokkuðu hann til þess að taka þjónustu á Frakknesku skipi. Viðvíkjandi 134. grein, þá er það samkvæmt minni rèttlætis tilfinningu, nóg, að svipta manninn embætti. 217. greinin finnst mèr langt of væg, eg get eigi annað en fallizt á breytingar hins háttvirta 4. konungkjörna þingmanns, út af traustataki og hvinnsku; væri slík mál lögð í rètt, þá mundu þau eflaust dæmd á sama hátt og hann segir. Eg get eigi leitt hjá mèr, að tala um aðalstefnu málsins. Hèr á þinginu er flokkur manna sem fresta vilja málinu, með öðrum orðum eyða því (Margir: Nei), ju, þingmenn, þó þeir fyrir sinn part eigi séu neitt á móti efni málsins, vita eigi nema á næsta þingi verði allur hávaðinn fyrir allt öðru, t. a. m. að sumir vilji hafa gapastokka fyrir sýslufangelsin, þegar þeir sjá, að í stórum sýslum er það bæði erfitt og kostnaðarsamt, að flytja hinn seka til fangelsanna; það getur vel verið, það komi afar margar bænarskrár um, að fá hýðing innleidda aptur. Vèr verðum að vara oss á því, að vera eigi sí og æ, að spana oss á móti stjórninni; gáum, þess, að það hefir steypt stærri þingum en vèr erum, að vera ávallt öndverðir gegn stjórninni; hvaða dóm munum vèr þess utan fá út um landið, að hafa setið yfir þessu marga daga

og fella svo allt á eptir? Tökum oss til eptirdæmis, eitt lítið land í Europu, Belgíu, sem á síðasta mannsaldri hefir náð óheyrðum framförum, einmitt fyrir eindregið samlyndi stjórnar og þings. Enn nú eitt er varhugavert við þetta mál, og get eg ímyndað mèr, að það hafi verið lagt fyrir þing sem prófsteinn. Stjórnin hugsar sem svo: Sjáum nú hvað þessir piltar duga, fyrr en vèr förum að gefa þeim löggjafarvald. Eg er öldungis móthverfur 1.—6. tölulið; þótt orðin eigi sèu hin sömu, þá er andinn þó í öllu samur að afbiðja, fresta, allt einir útúrdúrar, sem þingið á vel að vara sig á. 5. töluliður er alveg ósæmilegur, og þess utan ófullkominn, hann tekur t. a. m. eigi fram hvort stafsetningin skuli vera Koðræna eða Guðbrenzka, svo að menn á næsta þingi kannske þyrftu að fara að stagla um það. Vèr erum úr allri skuld um hegningarlaga húsin, þó seint kunni að gánga með þau, en eigi vítalausir fyrir þjóðinni, ef þingið vísar málinu frá sèr.

Forseti: Með því að nú er mjög áliðið, en margir hafa beðið sèr hljóðs, þá sè eg mèr eigi annað fært, en slíta fundi að sinni, en biðja menn að mæta kl. $5\frac{1}{2}$ á kvöldfund.

Fundi slitið.

39. fundur. — 24. ágúst.

(Kvöldfundur).

Allir á fundi.

Forseti: Á þessum fundi kemur til umræðu, málið um hið konunglega frumvarp til almennra hegningarlaga handa Íslandi, og er það frahmald ályktarumræðunnar í þessu máli.

Eiríkur Kúld: Það eru að eins fáein orð, sem eg vildi mæla með viðauka-uppástungu minni. Eg tók mèr þetta atkvæði, með fram af því, að eg ætla mèr, þrátt fyrir umræður þær, sem orðið hafa, að hallast að meiri hlutanum. Eg hefi ekki getað skilið enn, hvernig á að lögleiða frumvarpið í heild sinni, fyrri en skilyrði þau eru fengin, sem gjört er ráð fyrir í 307. greininni. Eg sè ekki heldur, að málið missi mikið við að bíða í að eins 2 ár enn, og sè svo lagt fyrir næsta þing. Ef þingið verður þá orðið lög-

gjafarþing, þá græðir málið einmitt við það að biða, og þó það kosti meira við það, að það kemur aptur fyrir þingið ef eins mikið er varið í málið, eins og mönnum hafa farizt orð um, þá má segja um það, að það skal dýrt kaupa sem kostar mikið. Eg skildi ekki ræðu hins háttvirta 2. konungkjörna, nema þau orð hans, að það væri flokkur manna hèr á þinginu, sem vildi fella mál þetta, en því verð eg alveg að mótmæla. það er rangt, að kalla það að fella málið. þótt menn vilji fresta því málinu til bóta, að eins um 2 ár. Hann komst og í mótsögn við sjálfan sig, þegar hann var að tala um gapastokkana, því hann hefir gleymt því, að það liggur ekki fyrir nein uppástunga um þá. Eg get líka bent honum á fleiri mál en þetta, sem dráttur hefir orðið á, eg get minnt hann á 2, bæði póstgöngumálið og brunabótamálið, og má eg spyrja hinn háttvirta þingmann, er sá dráttur þinginu að kenna? Mèr kom alveg á óvart, að hinn háttvirti 3. konungkjörni, vildi ekki fallast á uppástungu mína. Eg get ekki sèð, að það sèu neinir formgallar á henni. Hann sagði að það væri illt að semja slíka skrá; það kann að vera, eg þekki það ekki, því eg er engin lögfræðingur; en eg veit að það er þess konar skrá aptan við dönsku hegningarlögin. Eptir því sem eg þekki hinn 3. konungkjörna, þá treysti eg honum manna bezt, til að semja slíka skrá; eg átti því sízt von á því, að *hann* skyldi hafa það vantraust á stjórninni, að hún gæti ekki samið eða látið semja skrá þessa.

Eg skal svo ekki mæla meira með uppástungu minni, og það því síður, sem hún fèkk góðar undirtektir hjá hinum heiðraða framsögumanni.

Framsögumaður: Eg ætla að reyna til, að benda með fáeinum orðum á það, sem mèr þykir athugavert við hin einstöku breytingaratkvæði á atkvæðaskránni, án þess þó að fjölyrða mikið um hvert einstakt þeirra. Eg verð þá að geta þess að eg fellst á sumar breytingar minni hlutans, en sumar ekki. Við 3 fyrstu greinir frumvarpsins hefir ekki verið stungið upp á neinum breytingum. 8. tölul. þykir mèr vera til bóta og eins sá 10., en eg get ekki fallizt á 12. tölul., því eg held að orðið »þar« geti ekki valdið neinum misskilningi, þegar Ísland er nefnt rètt á undan. Eg álít rètt að samþykkja 13. tölulið, en aptur á móti get eg ekki fallizt á 16. tölulið. Eg álít rètta breytinguna undir 18. tölul., en 21. tölul. get eg ekki fallizt á, því eg álít orðið »typtunarhúsvinna» betra en »tukthúsvinna», þótt hvorugt sè gott. 24. tölul. þykir

mèr vera til bóta. 26. tölulið get eg ekki fallizt á. Það kann að vera samkvæmt hugsun uppástungumannsins, en eg álít ekki nauðsyn á þeirri breytingu. 29. tölul. get eg ómögulega fallizt á. Hinn 3. konungkjörni tók það reyndar fram, að rètt væri að láta þetta bann um reyktóbakið ná til allrar tóbaksbrúkunar. En það er skýlaust tekið fram í ástæðum stjórnarfrumvarpsins, að «ratio legis» er öll önnur en þingmaðurinn byggir á, en það liggur í hlutarins eðli, að þetta vatns og brauðs straff að eins á að svipta mann næringu, en menn *borða* þó eigi tóbakið. En aptur á móti er reyktóbaksbrúkun hættuleg því hún getur valdið voða. Breytinguna undir 31. tölul. álít eg alveg ranga, því þar er »hýðing« ekki sama sem »refsing«. Eg er með 33. tölul., því það eru betur valin orð en í greininni í frumvarpinu, en minni hlutinn hefir ekki lesið greinina út, því sama orðatiltæki kemur fyrir seinna í henni, og hefði því þurft að breyta því þar líka; en ef forseti álítur þessa orðabreyting geta einnig náð til síðari hluta greinarinnar, þá er eg með henni, ella er hún þýðingarlaus. Eg er samþykkur 31. tölul., en 37. og 38. tölul. get eg ekki fallizt á. Eg fellst á allar orðabreytingarnar undir 41., 45., 46., 48., 51., 52., og 54. tölul. Það eru óverulegar orðabreytingar, en allar fremur til bóta. Breytingar þær, er minni hlutinn hefir stungið upp á við 4. kap. get eg þar á móti eigi sèð að sèu til bóta. Eg fellst á 61. tölul., því »frumkvöðull« er hinn andlegi hvatamaður, en «forsprakki» hinn líkamlegi gjörningsmaður. Eg álít einnig breytingarnar undir 64., 67., 69., 72. og 73. tölul.. allar til bóta; sama er að segja um 75. og 76. tölul. En 79. tölul. get eg ekki fallizt á, og sama er að segja um 82. tölul. Aptur álít eg góða breytinguna undir 85. tölul., en eg get eigi verið með 86. tölul., því meiningin verður við það óglöggvari. Sama er að segja um öll breytingaratkvæði minni hlutans við 68. grein frumvarpsins. Eg fellst á 94. tölul. af því eg fellst á 85. tölul. Eg tók það fram í dag, að eg álít 96. tölul. alveg nauðsynlegan. Hinn háttvirti 4. konungkjörni tók það fram, að orðið «drottinssvik» í 97. tölul., mætti eigi standa. Eg er þar á móti með 98. og 100. tölul. 103. tölul, get eg ekki fallizt á, því það má vara sig á, að grípa þannig inn í lögin og trufla jafnvægi þeirra. 105. tölul. fellst eg á, þótt hinn 3. konungkjörni væri á móti honum. Sömuleiðis fellst eg á 108. og 109. tölul., og sjálfsagt á 112. tölul.; einnig fellst eg á 114. tölul. Eg vil og, að 11. kap. frumvarpsins verði felldur úr. Eg er með 118.

og 120 tölul., en get ekki fallizt á 123. tölul., því eg álít það enga bót. Aptur á mót fellst eg á 124., 126. og 128. tölul. En eg get ekki fallizt á 130. tölul., ef það er að eins orðabreyting, vildi eg heldur hafa haft «*að* embættismanni» í staðinn fyrir «*upp-á* embættismann». Eg er með 133. tölul., en 135. og 136. get eg eigi fallizt á. Viðvíkjandi 139. tölul. skal eg geta þess, að það hefir víst verið meining uppástungumanns, að einungis fyrri hluti greinarinnar fælli í burtu (*Forseti*: Hann hefir sagt það.). 140., 143., 145., 148., 152., og 155. tölul. eru allt orðabreytingar til hins betra; sama er að segja um 158. tölul. Hinn 3. konungkjörni var á móti 161. tölul., en eg álít að hann ætti að standa, því þjófaleitin er sérstaklegt og alveg navðsynlegt réttarmeðal hér á landi eptir því sem til hagar. Eg get þar á móti ekki fallizt á 164. tölul., en aptur er eg með 167. tölul. Eg er á móti 168. tölul., því eg álít, að «efnivið», sem stendur í 136. grein stjórnarfrumvarpsins sé réttara en «efni», því það getur eigi verið meint trè, heldur allt sem er smíðaefni. Eg fellst á 174. og 178. tölul.; en 181. tölul. get eg ekki fallizt á, því hann er öljósari og ekki sömu meiningar og frumvarpið í þessu tilliti. En aptur á móti er eg með 184. og 185. tölul. Eg er fastur á, að 188. töluliður eigi að fá framgang. 190. tölul. get eg ekki fallizt á, en aptur fellst eg á 193. tölul. Eg álít nauðsynlegt, að 196. tölul. fái meðhald þingsins. Eg get ekki fallizt á 200. tölul., en eg er með 203. tölul., og 206. tölul. álít eg alveg nauðsynlega breytingu, því það er öll önnur meining þar í dönskunni en í íslenzkunni í frumvarpinu. 209. tölul. get eg ekki álítið nauðsynlegan, og ekki heldur 210. nè heldur 213. tölul. Aptur á móti er eg með 215. og 219. tölul.; 221. tölul. get eg vel fallizt á, en þar á móti ekki á 224. tölul., því eg álít það óheppilega breytingu. Eg er með 227. tölul., en get ekki fellt mig við 228. tölul. Aptur fellst eg á 232. og 234. tölul. Um 237. tölul. lèt eg í ljósi meiningu mína í dag. Sama er að segja um 240. tölul.; einnig er eg með 243.. 246, 251., 253., 256., 258., 259. og 261. tölul. Einnig álít eg 265. tölul. öldungis réttan, sömuleiðis 268. og 272. tölul. Enn fellst eg á 273., 276., 277. og 279.; það eru ekki verulegar breytingar, en skýra og bæta málið. Eg er með 282. tölul. og öðrum breytingar-atkvæðunum við 28. kapítulann. Sama er að segja um breytingarnar við 29. kapítulann, nema 304. og 307. tölul., því þeir finnast mèr óþarfir. Eg fellst á 312. tölul. en ekki á 315.

tölul. Þar á móti fellst eg á 317. tölul. Eg þarf ekki nú að gefa ástæður fyrir því, að eg get ekki fallizt á 320. tölul. Breytingaratkvæðið undir 321. tölul. er öldungis rètt, því það hlýtur þó að vera meining stjórnarinnar, að lögin skuli vera kunngjörð með konungsúrskurði.

Hvað 323 tölulið snertir þá get eg ekki fallizt á hann, Sama er að segja um 324 og 325. Það er ekki hægt, eins og hinn 3. konungkjörni þingmaður þó reyndi til að gjöra, að sameina þetta; það er ekki mögulegt að koma inn sèrstakri vernd fyrir þá flokka sem ekki hafa trúarbragðafrelsi hèr. Á 326. tölulið get eg ekki fallizt. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram, hvaða þýðingu það hefði, ef 331 töluliður yrði samþykktur, og skal eg ekki fara um það fleirum orðum. Hvað 332 tölulið snertir, þá hefir nú hinn heiðraði uppástungumaður skýrt hann svo, að eg sè ekkert á móti formi hans, það verður einungis »Clausula derogativa«, sem segir hvaða lög sèu upphafin, án þess að fara út í æsar um sambandið milli þessara laga og hinna eldri. Eg skal geta þess, að eptir minni sannfæringu er það öldungis rètt sem fram á er farið í 5. tölulið, ef stjórnin verður við ósk þingsins og málið verður tekið fyrir aptur. Eg verð að játa, að eg hef ekki vit á að dæma um alla þá galla. sem á málinu kunna að vera, en það sýnist mèr vera komið í ljós, að ekki samsvari íslenzkan alstaðar alveg dönskunni, og svo mun víðar vera ef til vill; en það getur valdið miklum misfellum. Eg vil að hèr að lútandi töluliður, sè klofinn og fyrri hluti hans verði samþykktur. Eg hefi nú lýst skoðun minni á máli þessu, og þykist eg hafa góða samvizku fyrir því, að eg hafi ekki viljað eyða því; eg vil þvert á móti styrkja það af alefli, því það veitir Íslendingum mikla rèttarbót, tilgangur og heit stjórnarinnar fær framgang og þykist eg hafa gjört mitt til að hrinda því í það horf sem stjórnin vill.

Jón Guðmundsson: Eg held að hinum háttvirta framsögumanni sè auðsvarað með því, að ef þingið fellst á minni hlutann, þá sè málinu fremur hrundið í það horf, sem stjórnin ætlast til og eðlilegt er, heldur en ef fallizt er á meiri hlutann og málinu frestað, án tillits til hvað stjórnin hefir meint með að leggja frumvarp þetta nú fyrir þingið. Vèr fáum fangahúsin þegar að lögin eru búin bæði frá þingi og stjórn; en frestum vèr lögunum með því að draga oss í hlè við eða færast undan að segja álit vort um þau, þá frestum vèr einnig fangahúsunum. Það er undarlegt að

framsögumaður skuli álíta 307. grein sem »positiva» laga-ákvörðun, og byggja á ástæðum stjórnarinnar fyrir henni, en segja aptur í hinu orðinu, eins og hann gjörði á fundinum í morgun »að ástæður stjórnarinnar sè alveg rangar». Hann kemst líka í bera mótsögn, er hann segir, að ef þingið fallist á minni hlutann, þá sè gengið ofan í vilja stjórnarinnar. En eg sè ekki að vilji stjórnarinnar komi ríkar í ljós fram í frumvarpsuppástungunni í 307. grein heldur en í því, að hún hefir lagt málið fyrir þingið til álita sem lagafrumvarp í heild sinni. Með þessu og að þessu leyti er vilja stjórnarinnar skýlaust yfirlýst en ekki í frumvarpsuppástungunni í 307. grein, þetta er einungis uppástunga sem liggur undir álit og breytingar þingsins. Um hin einstöku atriði skal eg ekki vera fjölorður; það skyldi helzt vera ef þingið vildi dálitla stund skoða með mèr *hvinnskuna*. Það hefir verið tekið sterklega fram bæði af framsögumanni og hinum 4. konungkjörna þingmanni, að hvinnskan sè öldungis samgróin rèttarmeðvitund Íslendinga. Eg fyrir mitt leyti hefi verið og ferðazt allvíða hèr um land, og er orðinn nokkuð roskinn, en eg hefi hvergi orðið var nè þekki *hvinnsku* öldungis ekki svo, að hún sè samgróin rèttarmeðvitund manna, eins og þessir þingmenn segja. Eg þekki einmitt gagnstæða skoðun hjá mönnum, nefnilega, að almenningi hættir miklu fremur við því að álíta og nefna miklu fleira heldur en það sem er þjófnaður, bæði hvinnskuþjófnaðinn og annað. Eg hefi varla heyrt menn upp til sveita nefna eða viðhafa orðið *hvinnsku*, þannig að það sè bundið við neitt víst og einskorðað »Begreb» eður einkenndan skilning, er afmarki einkennileg takmörk milli t. d. hvinnsku og þjófnaðar (*Benidikt Sveinsson:* Hnupl), já en almenningur leggur allan annan eða að minnsta kosti afmarkaðri og þrengri skilning í orðið »hnupl»; en menn þekkja ekki og brúka ekki orðið hvinnsku í öðrum skilningi eða með annari hugmynd heldur en um óheilan og smærri þjófnað út í loptið, líkt og menn þekkja og nefna »*tunglið*» tungl, en binda enga aðra hugmynd þar við, heldur en að það lýsi um nætur, og þekkja ekki annað til þess. Það hefir verið sagt, að hvinnska væri grundvallarregla í lögum annara þjóða, en hvað sem um það er eða ekki, þá finnst mèr, að þessleiðis laga-ákvarðanir hafi meir og minna það til brunns að bera, sem nefnd er »Casuistik», sem allir löggjafar seinni tíma ganga á snið við eptir því sem mest má verða og fordæma meira að segja; hegningarlagafrumvarp þetta ber beztan vott um að þetta er satt; og

hvinnsku ákvörðunin á þar alls ekki við eptir grundvelli, stefnu og niðurskipun þessara laga. Eg er nú reyndar ekki vel kunnugur lögþingisdómum og alþingisdómum frá 16., 17. og 18. öld, en ekki hefi eg verið svo heppinn að finna þar neina dóma um hvinnsku frá þeim tíma, þ. e. dóma, sem skýrlega eru miðaðir við hvinnsku skilninginn (»Begrebet«) til mótsetninga við lagaskilninginn um þjófnað; þetta vottar eða staðfestir þá sannarlega ekki það sem framsögumaður og hinn háttvirti 4. konungkjörni eru að berja hèr fram, að «hvinnsku-hugmyndin sè enn og hafi frá Jónsbókarlaga dögum verið samgróin rèttarmeðvitund þjóðarinnar fram á þenna dag». Að binda hvinnskuna t. d. við 2 dali getur verið næsta hæpið og óheppilegt, og má sjá það meðal annars af hinu sláandi dæmi, sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður tilfærði áðan um ullina. Eg skal nú bæta öðru dæmi við. Það er altítt hèr á Íslandi, og það sèst af mörgum dómum, að menn láta lykla standa í kistum sínum, og er svo stolið úr þeim. Setjum nú, að á einhverjum bæ væri breiskt hjú, en húsbændur kirkjuræknir, eins og hèr er títt, og fara vanalega til kirkju, en skilja lykilinn eptir í kistu sinni eða leggja hann í borðskúffu, en láta stofuhúsið ólæst þar sem kistan er, eins og hèr er svo altítt. Nú notar þjófurinn tækifærið, hefir sèr samt hugfasta hvinnsku-ákvörðun framsögumanns og þeirra fèlaga, og tekur svo ekki meira í hvert skipti en t. d. 9—11 mörk; en hjúið sætir hverju tækifærinu sem býðst því, og getur þá þetta fljótt dregið sig saman og orðið allmikil peninga-upphæð, sem eitt og sama hjúið þannig stelur; en þó að það sè orðið miklu meiri upphæð allt tilsamans, heldur en einatt og optast er stolið í einu lagi, og þá þætti varða vafalausri þjófssök, þá skilst mèr svo, að þetta hjú yrði að eins dæmt fyrir hvinnsku, ef að þessar hvinnsku-ákvarðanir væru teknar upp í lögin, en ekki fyrir þjófnað. Og þó vil eg spyrja, hvort það er ekki aðalcinkenni þjófnaðarins, að ganga svona sístelandi — nei, eg bið forláts, — «síhvinnskandi» munu þeir herrar 4. konungkjörni og framsögumaður vilja kalla það, — á bak við húsbónda sinn, missirum saman, og gjöra sig þar með sekt í hreinum og beinum þjófaglæp og honum mjög verulegum, og með þyngjandi atvikum: sístelandi, og það frá húsbændum sínum eptir almennum grundvallarreglum þjófnaðarlaga hvar sem er um heim, — en af því hjúið, með því sem það stelur í hvert sinn, heldur sèr innan *tveggja dala* eður *eyris*-takmarksins, er þeir herrar vilja binda

við hvinnsku-takmark sitt, þá skal þessi hinn illi og viðsjáli þjófur eigi sæta þjófshegningu heldur að eins lítilfjörlegum sektum, ef húsbóndi kærir, en annars hlaupa frí og óátalinn. Mèr finnst grundvallarreglan í 30. grein í tilskipun 11. apríl 1840, sem einnig kemur hèr fram í hinum nýju hegningarlögum, að allar óheimildartiltektir, er undir þjófnaðarhugmyndina heyra að lögum, eins hinar er meiru nema, skuli sæta þjófshegningu, nema því að eins að annaðhvort sè því lítilræði hnuplað. t. d. bita eða sopa sem menn segja, eður svo að segja engu öðru en því, sem þegar er neytt af þeim sem tekur, eður og að verkið sè eigi bundið neinum þeim atvikum, er einkenni verkið sem þjófnað («der höre til Tyveriets sande Væsen). Enginn húsbóndi klagar hjú eða kallar það þjófnað, þó það taki sèr matarbita eða mjólksopa í leyfisleysi. Eg hef heyrt á tal húsmæðra um griðkonu. Önnur spurði, er hún fróm? Og ekki er hún þjófgefin garmurinn; eg segi ekki, að hún kunni ekki að grípa sèr bita eða í spæni»; en engum húsbónda á Íslandi kemur annað til hugar, en að kalla þjóf og fara með sem þjóf, það hjú sitt, sem sætir lagi, hve nær sem það sèr færi á, þótt eigi sè stolið nema ríkisdal eða ríkisdalsvirði í hvert skipti. Svona kemur fram hin sanna rèttarmeðvitund almennings hèr á landi og hefir lengi komið, og þetta er hin sama rèttarmeðvitund eins og byggt er á í hinum yngri dönsku hegningarlögum og í frumvarpi þessu. Það hefir nú verið mikið talað um 5. tölulið og málið á frumvarpinu. Eg vil nú reyndar játa, að það sè ekki hið »mögulegast hreinasta mál» á frumvarpinu, og eg vil ekki segja, að ekki hefði mátt bæta það meira og víðar heldur en minni hlutinn hefir gjört, enda voru ekki neinir sèrlegir málfræðingar í honum; en eg hefði ætlazt til þess af hinum 5. konungkjörna þingmanni; frumvarp þetta er ekki stærri «Compa» en svo, að hann hefði átt að geta komizt yfir að leiðrètta hana á þessum 8 vikum. En jafnframt vil eg segja þingmanninum, að það getur verið góður málfræðingur, en ekki er þar fyrir sagt, að hann leggi lög vel út, eða við hafi þau orðatiltæki sem þar eiga bezt við.

Stíls- eða málsbæturnar, sem hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður hefir komið með og hèr finnast á atkvæðaskránni, eru bezta sönnun fyrir þessu, er eg nú sagði; því þær álít eg eigi sem heppilegastar sumstaðar t. d. «hlutaðeigandi«; en hver er nú hèr »hlutaðeigandi«? er það sá, sem veldur hættunni«, eða sá sem hættan vofir yfir«. Að valda þessu« (á dönsku: paaföre Fare) er

bæði hugsunarvilla og málvilla. Þetta tek eg til dæmis, og getur mèr eigi annað fundizt, en að sízt sitji á þeim að bæta, sem eiga gera betur sjálfir. Eg get eigi leitt alveg hjá mèr ágreining þann, sem kom á milli konungsfulltrúa og forseta og vil eg skýra frá, hvernig eg skildi hann, og lít á það mál yfir höfuð. Konungsfulltrúi vill vara þingið við, að snara máli frá sèr óskoðað, og telur þá mundu liggja nær, að stjórnin beitti þeim rètti sem hún hefði og hefir vafalaust til að lögleiða frumvarpið óbreytt. Forseti áleit, að ráðgjafaratkvæði þingsins sè jafnrètt, og hafi jafnmikla þýðingu, hvort þingið heldur tekur málið til meðferðar og segir um það álit sitt að efni þess, eða það afrèði málið óskoðað, og vildi forseti, að mèr skildist, í því tilliti eigi gjöra svo mikinn mun á löggjafaratkvæði og ráðgjafaratkvæði, ef stjórnin á annað borð vildi beita valdsrètti. Eg efast eigi um, að þingið hafi fullan rètt á að afbiðja eða fresta; en er eigi andspænis stjórninni munur á þessu? Skoðum afleiðingarnar. Ef þingið opt tæki þann kost, að vísa frá sèr málum óskoðuðum; hvað mundi þá stjórnin geta hugsað um slíkar tiltektir? Mundi hún eigi hugsa, að þingið vildi taka sèr nokkurs konar *veto,* en það get eg eigi skilið, að þingið hafi eða geti haft, því *veto* eða laganeitun í stjórnarlaga skilningi er einungis hjá konunginum, og hve nær ætti stjórnin að beita þeim lagarètti sínum, sem konungsfulltrúi alveg rèttilega benti til, eða valdsrètti þeim sem forseti kallar, ef eigi, þegar þingið gefur sjálft tilefni til þess með slíkum upptektum, og fyrir slíkar kenningar sem þessar. Mèr finnst því í alla staði hyggilegra fyrir þingið, eins og konungsfulltrúi hefir þávallt bent til, að segja álit sitt um málið, í þessa stefnu mun eg og fylgja málinu fram, sem minni hlutinn hefir gjört.

Forseti: Eg finn enga ástæðu til að taka upp aptur það, sem eg áður hefir sagt. Að þingið ætli hèr að taka sèr annað neitunarvald en það, sem liggur í þess frjálsu atkvæði, það álít eg eigi svörum gegna. Þingið hefir frjálst ráðgjafaratkvæði, það hefir hinn háttvirti konungsfulltrúi játað; þetta ráðgjafaratkvæði getur hljóðað upp á eitthvað af þessu þrennu, að samþykkja, eða frávísa, eða breyta. Hvern af þessum vegum, sem þingið velur, þá er það í sínum góðum rètti, og eg get vissulega enga ástæðu sèð til þess, að stjórnin eins og firrtist við, hvern veginn sem þingið velur. Mèr er yfir höfuð að tala ómögulegt, eða að minnsta kosti mjög ógeðfellt, að skoða stjórnina svo sem hún sè í eilífr

mótstöðu og óvingan við þingið og við landsmenn, sem finni sèr allt til ósamlyndis; þvert á móti ætlast eg til, að stjórn komi fram sem hlífskjöldur þegnanna, og tel sjálfsagt, að hún taki öllum góðum ráðum, þótt þau fari mjög á mis við uppástungur hennar, sem engan veginn þurfa ávallt að vera að sjálfsögðu rèttar, þótt stjórnin aldrei nema vilji allt hið bezta.

Arnljótur Ólafsson: Eg ætla að fara fáeinum orðum um breytingaratkvæði mitt og hins háttvirta framsögumanns. Hinn háttvirti forseti tók fram þrjá vegi eður stefnur málsins. Framsögumaður talaði einungis um tvo vegu málsins, annar er að meðferðinni til, og hinn að efninu. Verði nú 1. tölul. samþykktur þá koma hin einstöku atriði á atkvæðaskránni ekki til atkvæða, en verði hann ekki samþykktur, þá verður að greiða atkvæði um hvern einn tölul. á atkvæðaskránni. Nú eru menn farnir að berjast um, hvort gefa eigi atkvæði um efni málsins eða ekki, þar sem áður var bardaginn um hvort fylgja skyldi 307. gr. stjórnarfrumvarpsins, eður halda fram hýðingunum. Eg get sagt fyrir mitt leyti, að eg vildi taka efni málsins fyrir, og gjöra þær breytingar á því, sem eg gat, en *jafnframt* áskilja þinginu á síðan rètt til, að segja álit sitt um málið. Þeir sem í nefndinni voru með mèr geta borið um það, hvort eg eigi var fús til að taka efni málsins fyrir til athugunar. Mönnum kann að þykja þetta nokkurs konar flótti af mèr og hinum háttvirta framsögumanni. (Margir. Nei). Eg játa það að hèr kemur nokkur ósamkvæmni fram, nl. að vilja ekki gjöra breytingar í nefndinni, en svo, þegar þær eru komnar fram, frá öðrum þingmönnum þá að gefa atkvæði um þær. Eg skal geta þess, að í raun rèttri er engin ósamkvæmni hjá mèr, því eg vildi gjöra efnisbreytingar í nefndinni, og í öðru lagi er það víst, að ósamkvæmni þessi er fremur í orði en á borði. Eg skal játa fyrir mitt leyti, að eg treysti mèr ekki til að gjöra neinar nægar breytingar á svona stuttum tíma við þessi sakalög, af því eg er enginn lagamaður, og þar að auki var hinum beztu kröptum í nefndinni varið til annars, til stjórnarbótarmálsins. Aðalstefna mín og framsögumanns var þessi, að málið að sinni eigi geti verið svo úr garði gjört, að eigi sè æskilegt, að það verði aptur lagt fyrir þingið og þannig notaður frestur sá sem stjórnin gefur í 307. gr. Þess vegna tókum við breytingaratkvæðið undir tölul. 331. til þess að málið yrði sem haganlegast leitt til lykta fyrir land og lýð, og stjórninni gæfist kostur á að bera málið undir álit amt-

mannanna, og þeir aptur fengið álit sinna beztu sýslumanna um það, síðan hefði það átt að koma undir álit landsyfirrèttarins, og að síðustu, þannig undirbúið, leggjast fyrir þingið. Eg get ekki skilið í, að þingmenn geti skorazt undan að gefa atkvæði um hin einstöku atriði á atkvæðaskránni, því þetta er sá einasti vegur fyrir þingið, að sýna stjórninni, að hverjum uppástungum vèr viljum ganga, og hverjum vèr aptur á mót viljum hafna. Eg get sannarlega eigi ímyndað mèr, að þingmenn *nenni* ekki að gefa atkvæði sitt um breytingarnar, og því síður get eg ætlað, að þeir *vilji* eigi gjöra það, því að þá ætti eg að ímynda mèr að þingið *vilji* eigi segja stjórninni hvað það vill og hvað það eigi vill hafa. Það er nauðsynlegt, að þingið lýsi yfir áliti sínu, það er t. a. m. nauðsynlegt, að þingið gefi átkvæði sitt um 105. tölul. til þess stjórnin þar af geti sèð, hvort álit þingsins sè í þessu efni; sama er að segja um traustatak og jafnvel hvinnsku, þó eg ekki sè eins harður í þessu tilliti og lögfræðingarnir eru hèr á þingi. Hvað 9. 10. 11. og 15. kapítula frumvarpsins snertir, þá geta þær á-kvarðanir ekki fyrr átt hèr við á landi, en hin tilsvarandi stjórnarbót er komin hèr á. Það er og í annan stað nauðsynlegt að greiða atkvæði gegn 320. og 323. tölul., því tilgangur stjórnarinnar er sjálfsagt sá, að vilja komast fyrir, hvort vèr viljum heldur halda hýðingunum, en fá fangahúsunum komið á. Eg vil spyrja þingmenn, hvort þeir ekki vilji gefa atkvæði sitt fyrir 331. og 332. tölul. eða með öðrum orðum, hvort þeir vilji ekki að frumvarpið sè byggt á rèttarmeðvitund Íslendinga, stjórnarskipun þeirra og sèrstöku landsháttum, eða hvort þeir vilji ekki hafa hina svo köll-uðu »Clausulam derogativam« sem ekki einungis er fróðlegt og áríðandi fyrir sjálfa dómendurna og lögfræðingana, heldur og hina aðra, sem hlýða eiga lögunum. Eg tek það upp aptur, að ef fall-izt verður á 1. tölul. þá getum vèr eigi gefið stjórninni neinar bendingar um hvað við viljum í þessu efni. Það lítur út fyrir að þingmenn ímyndi sèr, að stjórnin fremur muni skirrast við að gjöra frumvarpið að lögum, ef vèr greiðum ekki atkvæði um greinir þess og um breytingarnar. En í þessu get eg ómögulega skilið; vèr erum þó í sannleika fremur svaraverðir, ef vèr segjum álit okkar, og því greinilegra sem þetta álit vort verður, því meira traust fær stjórnin á oss, og því minni freistni hefir hún til að láta frumvarpið koma út sem lög. Þannig ætla eg það sè víst rèttara og ráðlegra, úr því svo merkileg breytingaratkvæði eru kom-

in fram, að ganga til atkvæða um málið, því þar með vinnst, að frumvarpið verður betur undirbúið ef það verður aptur lagt fram á þinginu, sem vèr hljótum að breyta, og verði það gjört að lögum þvert ofan í bæn þingsins, þá fær þó stjórnin álit vort um hvað vèr viljum og eigi viljum.

Eg skal að lyktum leyfa mèr að benda á breytingaratkvæðið undir 2. tölul., sem ekki hefir áður verið minnzt á. Þingmaður Vestur-Skaptfellinga tók það fram, að kostnaðurinn á flutningi sakamanna til amtsfangelsanna væri óbærilegur og mörgum vandkvæðum bundinn. Úr þessu er bætt með uppástungunni í 2. tölul., þótt húsin á hinn bóginn kosti nokkuð, það er og önnur ástæða, sem mælir með öðrum tölul. og hún er sú, að hegningin fær með henni fyrst sína sönnu þýðingu fyrir sakamanninn. Það er ljóst, að hegningin hefir mest og bezt áhrif, þegar hún er framkvæmd þar, sem brotið er framið og á vitorði og svo sem frammi fyrir þeim mönnum, er þekkja sakamanninn, sök hans og sekt. Úr þessu verða menn að gjöra næsta mikið. 5. tölul. álít eg góðan. Hinn 5. konungkjörni benti og á orðatiltækið í frumvarpinu »*að úttaka hegningu*». Þetta gæti misskilizt, því menn hugsuðu um að það væri eins og að *taka út úr búð.* Að úttaka hegningu og inntaka Camala bendir og á eitthvert innra samband!

Eg segi fyrir mig, að eg ber með rólegu geði það álas, sem eg kann að verða fyrir, af því að eg hefi viljað ræða um efni málsins. Vilji stjórnin nauðga lögum þessum upp á oss, þá er þó betra, að hún gjöri það með þeim breytingum sem þinginu finnast við eiga, en að hún gjöri það öldungis breytingarlaust. Það er auðvitað, að konungur hefir rètt til að löggilda frumvarpið Hann hefir eigi að eins *valdsrètt* til þess, svo sem hinn háttvirti forseti komst að orði, heldur og *lagarètt.* En hitt er og víst, að þessi *lagarèttur* er einungis bókstafsrèttur, þegar hann kemur í bága við hinn siðferðislega rètt, er öll sönn löggjöf, og allt samband milli konungs og þegna eiga og hljóta að vera byggð á. Á Englandi geta menn ekki sýnt með neinum opinberum »Act», að Parlamentið sè *að lögum* annað en ráðgefandi, svo sem það var í upphafi. Menn þekkja af sögu Karls 1. og Cromvells, hver aðferð þeirra var, og hverjar afleiðingar þar af urðu eru mönnum kunnar. (*Jón Hjaltalín:* Hvernig fór Kromvell með þingið)? Hann rak það út úr þinghúsinu með skömmum og læsti síðan, svo sem kunnugt er. En hinu mega menn eigi heldur gleyma, að þingið rak son hans svo

frá völdum, að hann hann hvarf og varð svo sem að engu. Neyti ráðgefandi þing réttar síns skynsamlega, þá verður munurinn harla lítill. Þing og stjórn eiga hvort um sig að hliðra til hvort við annað. En á hinn bóginn getur enginn láð þeim, sem minni máttar er, að hann sè hörundsárari um sinn litla rètt, en hinn sem meiri hefir rèttinn, og að hann þá haldi fastar á þessum litla rètti og beiti honum harðskeytlegar, og að þeasu leyti er þinginu meir vorkennandi en stjórninni.

Framsögumaður: Það voru fáein ummæli í ræðu hins háttvirta vinar míns þingmanns Vestur-Skaptfellinga, sem neyða mig til að tala fáein orð, þótt eg annars ekki ætlaði mèr að tala optar í málinu. Eg get ekki sèð, að vegur sá, sem hann vill ganga greiði á nokkurn hátt fyrir rèttarbót þessari, því enda þótt hýðingarnar ættu að viðhaldast eptir ósk hans og uppástungu, þá kemur það þó alls ekki við þeirri spurningu, hvort eigi skuli koma upp hegningarhúsum á Íslandi, samkvæmt 307. gr. sem beinu skilyrði fyrir lagagildi þessa frumvarps. Eg meina, að jafnvel þó Íslendingar vildu nú halda hýðingunum eptir svo skörunglegum bendingum hins háttvirta þingmanns, þá samt yrði úrræði hans, hýðingingarnar, alls engin mótbára, eða ástæða til að binda *ekki* gildi laganna við hegningarhúsin, af þeirri einföldu ástæðu, að hýðingin getur ekki náð nema yfir þær vægari hegningar (2. ára hegningarvinnu, sbr. 4, gr. í tilkip. 24. jan. 1838), en hin öll hærri stig af hegningarvinnunni standa eptir sem áður. Eg tek það enn þá fram, að eg, án tillits til alls þessa, álít að þingið villi beinlínis stjórnina, ef það fellir skilyrði það, sem hún hefir sett í 307. greininni. Það er rètt og satt, sem hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga sagði, að 307. gr. er ekki lagaboð, heldur er hún frumvarpsgrein; mèr dettur ekki í hug að neita þessu, en hvað skyldi þetta sanna máli þingmannsins til styrkingar, úr því *engin* grein frumvarpsins er lagaboð, heldur eru þær *allar* frumvarpsgreinir. Hitt hefi eg að eins sagt, að maður hlyti að skoða þessa grein, sem eina *aðalgrein* meðal allra greina frumvarpsins, og að hún jafnvel væri máttarstólpinn, undir allri rèttarbót þeirri, sem frumvarpið inniheldur fyrir oss Íslendinga, hvar af beinlínis flýtur að *ef* menn felldu hana burtu þá væri það sama sem að kippa fótunum undan þessari fyrirhuguðu rèttarbót. Hinn sami þingmaður sagði og, að eg kæmist í mótsögn við sjálfan mig, þar sem eg sagði, að ástæður stjórnarinnar væru rangar; en eg er svo

samvizkusamur, að eg segi það rangt sem rangt er, og meðan þetta stjórnarfyrirkomnlag er hjá oss sem nú er, þá er ómögulegt að ákvarðanirnar í 9., 11. og 15. kapítula eigi við, eða geti átt við hjá oss; af þessu flýtur, að engin mótsögn er í því sem eg sagði. Eg skal gjarnan játa, að hinn sami þingmaður þekki nokkuð til hugmyndarinnar um hvinnsku, en eg skal jafnframt geta þess, að í stað *hvinnsku* er í daglegu tali brúkað orðið *hnupl*, og þessa hugmynd veit eg að þingmaðurinn þekkir til hlítar, og að hún sè samvaxin rèttarmeðvitund Íslendinga. Þar sem hinn sami þingmaður talaði um Casuistik, þá skildi eg ekki vel hvað hann meinti; þetta orð bendir til laganna sjálfra, en ekki til verknaðarins sem heyrir undir lögin. Út af 206 tölul. skal eg gela þess, að eg álít þessa breytingu alveg nauðsynlega, því þegar maður ber saman danska textann við útleggínguna í frumvarpinu, þá er hún alveg röng, en úr þessu er bætt með breytingunni í 206. tölul.; eg er að öðru leyti enginn málfræðingur, eg vil því ekki vera að fara út í neitt orðastríð út af fegurð málsins á frumvarpinu, eg læt meininguna sitja í fyrirrúmi og þegar eg fæ hina sönnu og rèttu meiningu um málið, í útleggínguna, þá er eg frá mínu sjónarmiði ánægður. Eg skal enn fremur geta þess, út af ræðu hins háttvirta vinar míns, þingmanns Borgfirðinga, að þó eg yfir höfuð að tala sè honum samdóma, þá er eg þó ekki á sama máli og hann um það, að munurinn á meiri hlutanum og uppástungum okkar, sè eins mikill og hann hèlt. Fyrsti tölul. bindur sig að eins við eina aðalgrein málsins, og það er því rangt, að hann einungis snerti formið, og þó fyrsti tölul. fái framgang, þá mega menn ekki misskilja það svo, sem þingmenn vilji eyða málinu, eins og einn þingmanna áðan sagði; en falli fyrsti töluliður, sè eg enga ástæðu til þess að stjórnin fyrir það lögleiði frumvarpið óbreytt; því er það að uppástunga mín og þingmanns Borgfirðinga miðar til þess, ef mögnlegt er, að gefa stjórninni bendingar, áður en hún lögleiðir frumvarpið. Eg fyrir mitt leyti, get gefið hverju einstöku atriði á atkvæðaskránni atkvæði mitt. Eg vona að þingmenn eigi misskilji það sem eg hefi sagt, min meining er að eins, að þjóð og stjórn eigi að vinna í sameining að tilbúningi góðra og þjóðlegra laga, og þannig leita sannleikans, stjórn og lýð til sameiginlegra heilla og framfara. Eg skal að lyktum lýsa því yfir, að eg gef ekki atkvæði fyrir 1. tölul. og þótt hann fái framgang, vonast

eg samt til, að stjórnin taki fullkomið tillit til breytinga þeirra, sem á eru orðnar í aðalefni málsins.

Stefán Jónsson: Það þykir mèr illa farið, að hina lögfróðu menn þingsins ágreinir hèr svo mjög, hverir á móti öðrum, og er því auðsætt, að það muni vera vandi fyrir hina ólögfróðu menn að tína innan úr öllum þessum fjölda á atkvæðaskránni sem verður yfir 350 atkvæði það sem hèr kynni að geta átt vel við. Sumir hinna lögfróðu vilja strax láta lögleiða frumvarpið, af því það, sè svo milt og mannúðlegt, og eg skal ekki neita að svo sè, en mèr finnst það hverfa mikið af þessari mannúð, ef hýðingar straffinu er haldið, eins og minni hluti nefndarinnar vill endilega hafa, til þess að frumvarpið verði lögleitt sem allra fyrst. En þegar nú bæði lögfræðingar og aðrir menntaðir menn hafa játað, að þeir eigi væri færir um að gjöra breytingar við frumvarpið, sèr í lagi vegna timaskorts, þá get eg eigi betur sèð en að rèttast sè að fresta því, að gjöra þetta frumvarp að lögum, heldur leggja það fyrir næsta alþing, því eg er sannfærður um, að það eigi er enn þá svo úr garði gjört frá minni hlutanum, að það geti orðið að viðunandi lögum; og setjum nú það yrði að lögum, þá er þó ekkert unnið með því, að bænarskrár færu að streyma inn á þing, um það að fá lögunum breytt aptur. Af þessum ástæðum mæli eg með því, að löggildingu frumvarpsins verði frestað og málið lagt fyrir alþing aptur.

Jón Sigurðsson: Eg álít það skyldu mína bæði við þing og þjóð, að gjöra grein fyrir, hvernig eg muni greiða atkvæði í málinu. Eg gef þá atkvæði mitt fyrir 1., 3. og 5. tölulið, en gjöri ráð fyrir, að eg muni sitja fyrir flestu af hinu öðru á þessari löngu atkvæðaskrá. Hinir heiðruðu meðnefndarmenn mínir í meiri hlutanum hafa nú haldið uppi vörnum gegn hinum heiðraða minni hluta, en þótt mig gruni, að margir muni telja vörnina heldur sljófa fyrir vora hönd, sem eigi er að furða, þar sem hinar mestu hetjur meiri hlutans eru lagðar á flótta undan merkjunum, eins og þingmaður Borgfirðinga viðurkenndi, en flóttamenn eru, eins og kunnugt er, aldrei traustir til framsóknar. Hinar helztu mótbárur gegn áliti meiri hlutans, hafa komið fram frá konungsfulltrúastólnum; en það gladdi mig, að hinum háttvirta forseta hefir að mèr skildist heppnazt að sannfæra konungsfulltrúa um, að þingið hefði frjálst atkvæði í málinu, svo eptir því hefir það fullt frelsi til, hvort heldur það vill skjóta málinu á frest um lengri eða skemmri tima, eins og

meiri hlutinn stingur upp á; ellegar það greiðir atkvæði um, hvert sèrstakt atriði málsins eins og minni hlutinn vill. Eg ætla mèr ekki að fara út í það, að tala um hvern sèrstakan tölulið á atkvæðaskránni, en skal einungis geta þess, að eg álít mjög svo ábyrgðarmikið og vandasamt fyrir þingmenn að gefa atkvæði um hin einstöku atriði þessa máls. Eg vil í þessu tilliti einungis biðja þingmenn um að stinga hendinni í sinn eiginn barm, spyrja sjálfa sig að, hvort að þeir sèu undir það búnir, að dæma um það, hvort þessi eður hin breyting, sem stungið hefir verið upp á við frumvarpið eigi við, eður ekki. Það sýnir og ljósast, að þetta mál er eigi svo grandgæfilega yfirvegað sem skyldi, að hinir beztu lögfræðingar þingsins hafa verið á einu máli um það, að frumvarpið þyrfti mikilla breytinga við, málfræðingar þingsins hafa og sagt, að á því væri margir verulegir málgallar; og enda guðfræðingarnir hafa ekki látið sitt eptirliggja að finna að því í ýmsu tilliti. Allir þessir hafa gjört margar og margvíslegar breytingar við frumvarpið, en segja þó jafnframt, og það hygg eg satt vera, að það sè ekki helfingurinn af þeim breytingum sem gjöra þyrfti, ætti frumvarpið að koma út sem lög; þegar svona á stendur álít eg það eina ráðið fyrir þingið að aðhyllast það, sem meiri hlutinn hefir stungið upp á, að málinu verði frestað fyrir það fyrsta til næsta þings, eða þangað til að fangahúsin eru upp komin, sem er aðalskilyrðið fyrir því, að lög þessi geti komið hèr að fullum notum.

Pètur Pètursson: Eg játa það, að eg skil ekki 1. tölul. og get enda ekki sèð, að það breytingaratkvæði eigi við, því stjórnin sjálf hefir hvergi sagt, að hún nú þegar ætli að lögleiða frumvarpið, heldur þvert á móti sagt í 307. gr. frumvarpsins, að hún eigi lögleiddi það fyrr, en skilyrði þau, sem þar í er getið um, yrðu uppfyllt; eg álít því að 1. tölul. berjist út í loptið. Eg ætla því eigi að fallast á tölul. 320. heldur held eg mèr eingöngu til orða stjórnarinnar. Þetta hafa þeir og sèð hinir háttvirtu nefndarmenn, framsögumaður málsins og þingmaður Borgfirðinga, eins og líka hinn síðastnefndi þingmaður hafði alveg rètt í því, að ef þingið fèllist á 1. tölul. þá fengi stjórnin enga formlega bendingu frá þinginu um það, hvernig þinginu þætti bezt að breyta frumvarpinu.

Stefán Thordersen: Eg skal leyfa mèr í fám orðum að gjöra grein fyrir atkvæði mínu í málinu, og um leið geta þess, að eg er þakklátur við minni hlutann fyrir skýringar þær, er hann hefir gjört við málið.

Af því eg er ekki skarpur maður, þá ætla eg mèr að taka í sama streng og þingmaður Suðurþingeyinga, og það af því, að eg álít mèr ekki fært að gefa atkvæði um hvert atriði fyrir sig í málinu, gjöri þeir þingmenn það sem treysta sèr þar til, eg játa að eg treysti mèr ekki til þess. Aptur á móti sè eg ekki annað en að 1. tölul. sè mjög svo skiljanlegur, enda fer hann og fram á það sama sem stjórnin sjálf gjörir í 307. gr. frumvarpsins. Eg vil ekki gefa atkvæði mitt í blindni, og ætla því að greiða atkvæði mitt með 1. tölulið, og þeim breytingaratkvæðum sem þar með geta staðizt.

Forseti: Út af því, sem hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður sagði, að stjórnin fengi enga formlega bendingu frá þinginu, ef það fèllist á 1. tölulið, þá get eg þó ekki verið honum samdóma í þessu, því eg álit það fullkomna forms- og efnisbendingu frá þingsins hálfu, þegar það segir við stjórnina, að það vilji ekki að frumvarpið verði að lögum fyrr en eptir að skilyrði þau, sem hún hefir sett í 307. grein frumvarpsins, eru uppfyllt.

Páll Vidalín: Áður en gengið er til atkvæða í máli þessu verð eg að leyfa mèr að tala nokkur orð, enda er nú eigi um annan að gjöra, til að halda svörum uppi fyrir okkur, er áður vorum í meiri hlutanum, en erum nú orðnir 2, þar sem hinir 2 fèlagar vorir hafa tekið aðra stefnu; en mèr finnst mál þetta ekki svo örðugt, ef menn rètt gefa gætur að því, og gjöra sèr ljósa grein fyrir, hver munur er á uppástungum meiri hlutans sem var, uppástungum hinna 2. af meiri hlutanum, sem nú eru komnar fram í stjórnarfrumvarpinu og minni hlutans uppástungum. Þegar menn nú bera saman hinar fyrri uppástungur meiri hlutans, sem var, undir tölulið 1. og 6., þá eru þeir hèr um bil sama innihalds og hin nýja uppástunga hinna tveggja fèlaga meiri hlutans undir tölulið 331, en sá er munurinn, að tölul. 1. og 6. ætlast ekki til að frumvarpið komi til atkvæða, þar sem tölul. 331. ætlast til að allt frumvarpið komi til atkvæða. Hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður tók það fram, að hann áliti, að 1. töluliður hjá meiri hluta nefndarinnar innihèldi eigi annað en það sem stæði í 307. grein stjórnarfrumvarpsins — en þessu verð eg alveg að mótmæla; hinn mikli munur þar á milli er fólginn í því, að þar sem stjórnarfrumvarpið ætlast til að málið komi eigi aptur fyrir þing, þar ætlast meiri hluti nefndarinnar 1. tölul. til, að málið komi aptur fyrir þing hèr á landi, þegar skilyrðunum fyrir því, að lögin verði

framkvæmd, er fullnægt. Eg verð að biðja þingmanninn að gefa gætur að því, að 307. grein frumvarpsins ætlast til að lögin komi þegar í gildi á pappírnum en eigi *til framkvæmdar*, einungis af því, að skilyrðin fyrir gildi þeirra vanta, þar sem 1. og 6. töluliðir ætlast til, að lögin verði ekki löggilt, hvorki á pappírnum nè heldur til framkvæmdar, heldur borin á ný fyrir þingið. Aðalspurningin er því þessi, hvort menn eigi að fallast á 1. og 6. tölul. eða ekki; ef menn ekki fallast á hann, verða menn að gefa atkvæði um allt frumvarpið eða hvert eitt atriði á atkvæðaskránni. En eg álít þetta mál ekki meir en hálfskoðað enn þá, og ætla mèr því ekki að greiða atkvæði um hin einstöku atriði þess, því eg vil byggja atkvæði mín á fastri skoðun og sannfæringu. Þingið hefir heyrt, hversu hina lögfróðu þingmenn greinir hèr á, og úr því svo er, þá má enginn furða sig á því, þótt hinir ólögfróðu sèu í vafa um, hvernig þeir eigi að greiða atkvæði í málinu; enda er eg sannfærður um að málið græðir mjög við það að koma aptur fyrir þing, þegar skilyrðunum fyrir gildi þess er fullnægt. Eg ætla svo ekki að tala meira um mál þetta, því eg treysti því, að hverjum þingmanni sè það ljóst, hver munur er á hinum einstöku töluliðum á atkvæðaskránni, eins og eg og treysti því, að þeir gefi átkvæði eptir fastri skoðun og sannfæringu en eg að minnsta kosti ætla að gefa atkvæði fyrir 1. og 6. töluliðnum, af því eg vil ekki gefa atkvæði í blindni.

Hjálmur Pètursson: Svo að menn viti meining mína áður en gengið er til atkvæða, skal eg lýsa því yfir, að eg hefi þegar frá upphafi þessa máls hallast að meiri hluta nefndarinnar, því mèr finnst hann hafa bæði hugsað um þau skilyrði, sem nauðsynlega útheimtast til framkvæmdar þessa lagaboðs, og líka hitt, að lögin geti orðið sem bezt úr garði gjörð; fyrir þessu eru færð sönn og ljós rök í nefndaráliti meiri hlutans. Þessari skoðun minni held eg enn þá óbreyttri, en það er öldungis ekki af því, að eg vilji á nokkurn hátt spilla málinu, heldur vil eg miklu fremur óska, að það fái sem beztan framgang og það álít eg bezt farið með því að því sè frestað; eg álít líka þýðingarlaust að fá þau í gildi, á meðan hegningarhúsin vanta; að öðru leyti hef eg ekkert á móti, að atkvæði sèu greidd um hvert sèrstakt atriði og breytingar á atkvæðaskránni, þó eg verði að vera í nokkrum vafa, um, hverjar af þeim sèu nauðsynlegar og hverjar ekki. Þar sem eg heyri, að þeir menn, er flestir munu bezt treysta í þessum efnum,

sjálfir eru í vafa og ósamdóma; og er það vottur um, að málið er ekki nema hálfskoðað, það getur engum dulizt, enda verð eg að álíta, að miklu fleiri breytinga muni þurfa, til þess að lög þessi eigi hèr vel við og nái hylli þjóðarinnar. Eg fyrir mitt leyti linast ekki á skoðun minni, þó konungsfulltrúi haldi að stjórnin muni hvumpast við það, ef beðið er um að málinu sè frestað; slíkar hótanir eru allt of veik grýla til að fæla mig frá meiningu minni. Eg ætla því að halla mèr að því sem bezt á saman í 6 hinum fyrstu tölnliðum á atkvæðaskránni og sjálfsagt að 1. tölulið. Það hefir mikið verið talað um 5. tölulið; eg hef styrkzt í því af umræðum manna, að málið sè ekki svo gott á frumvarpinu, sem vera skyldi og að nokkru leyti hef eg rennt grun í það sjálfur, og mun eg fallazt á þá appástunguna, því eg sè ekkert voðalegt eða ljótt felast í henni.

Ólafur Sigurðsson: Eg hef nú eins og sumir aðrir lengi hlýtt á ræður manna, en því lengur sem eg hef hlýtt á þær, því betur hef eg sannfærzt um, að eg verð að halla mèr að áliti meiri hlutans, sem mèr virðist fara nær tilgangi stjórnarinnar en minni hlutinn. Mèr finnast líka breytingar minni hlutans vera svo litlar og óverulegar, að frumvarpið sè litlu betra eptir en áður; aptur á móti virðast mèr breytingaratkvæði hins 4. konungkjörna þingmanns vera til mikilla bóta, ef þau fá framgang. En nú hefir hinn hæstvirti konungsfulltrúi og hinn 3. konungkjörni þingmaður talað á móti mörgum af þessum breytingaratkvæðum, svo eg er mjög hræddur um, að þau fái ekki meðhald þingsins; þess vegna þori eg ekki annað en gefa 1. tölulið atkvæði mitt

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls er ályktarumræðu þessari lokið og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, sem eg vona, að þingmenn hafi prentaða fyrir sèr.

1. tölul. Nefndarmenn meiri hlutans, Jón Sigurðsson og Páll Vídalín; eptir beiðni hins 1. konungkjörna þingmanns var viðhaft nafnakall, og fèllu atkvæði þannig:

»Já« sögðu:	»Nei« sögðu:
Eiríkur Kúld.	Halldór Kr. Friðriksson.
Hjálmur Pètursson.	Arnljótur Ólafsson.
Jón Sigurðsson.	Bergur Thorberg.
Ólafur Sigurðsson.	Jón Bjarnason.
Páll Vídalín.	Jón Guðmundsson.
Páll Ólafsson.	Jón Hjaltalín.

»Já« sögðu:	«Nei« sögðu:
Sighvatur Árnason.	Jón Þórsson.
Stefán Jónsson.	Ólafur Pálsson.
Stefán Thordersen.	Þórður Guðjónsson.
Torfi Einarsson.	Þorsteinn Þórsson.
	Sveinn Níelsson.

Var þannig tölulíðurinn felldur með 11 atkvæðum gegn 10 Benidikt Sveinsson, Björn Þórsson, Magnús Jónsson og Sveinn Skúlason, greiddu ekki atkvæði.

2. Nefndarmenn meiri hlutans, Arnljótur Ólafsson og Benidikt Sveinsson; samþ. með 13 atkvæðum gegn 5.
3. Nefndarmenn meiri hlutans, Jón Sigurðsson Páll Vídalín; orðin «sem fyrst»; samþykkt með 13 atkvæðum.
4. Nefndarmenn meiri hlutans, Arnljótur Ólafsson Benidikt Sveinsson; samþykkt með 18 atkvæðum.
5. og 6. Af því 1. tölulíður fèll, var þessum tölulíðum skotið aptur fyrir 330. tölulíð.
7. Frumvarpsins 1.—3. grein óbreyttar; samþ með 15 atkvæðum.
8. Jón Þórsson; samþykktur án atkvæða.
9. Frumvarpsins 4. grein með áorðinni breytingu; samþykkt með 18 atkvæðum.
10. Jón Þórsson; samþykktur án atkvæða.
11. Frumvarpsins 5. gr. með þessari breytingu; samþykkt með 17. atkvæðum.
12. Jón Þórsson; tekið aptur.
13. Sami; samþ. með 13 atkvæðum móti 2.
14. og 15. frumvarpsins 6. og 7. grein; samþ. með 18 atkvæðum.
16. Frumvarpsins 8. grein óbreytt; samþykkt með 11 atkvæðum gegn 3.
17. Frumvarpsins 9. grein óbreytt, samþykkt með 17 atkvæðum.

2. kapítuli.

18. Minni hluti nefndarinnar, Þórður Guðjónsson, Bergur Thorberg og Jón Guðmundsson; fellt með 10 atkvæðum gegn 7.
19. og 20. Frumvarpsins 10. og 11. grein óbreyttar; samþykkt með 18 atkvæðum.
21. Minni hluti nefndarinnar; fellt með 13 atkvæðum móti 3.
22. Frumvarpsins 12. grein óbreytt; samþykkt með 17 atkvæðum.

23. Frumvarpsins 13.—16. grein óbreyttar; samþykkt með 17 atkvæðum.
24. Minni hluti nefndarinnar; samþykkt með 15 atkvæðum.
25. Frumvarpsins 17. grein með þessari breytingu; samþykkt með 16 atkvæðum.
26. Jón Pètursson; tekið aptur.
27. og 28. Frumvarpsins 18.—20. grein; samþykkt með 17 atkvæðum.
29. Minni hluti nefndarinnar; fellt með 11 atkvæðum gegn 4.
30. Frumvarpsins 21. grein óbreytt; samþykkt með 16 atkvæðum.
31. minni hluti nefndarinnar; fallið við atkvæðagreiðsluna um tölulið 18.
32. Frumvarpsins 22. grein; samþykkt með 14 atkvæðum.

Þegar atkvæðagreiðslunni var hèr komið, höfðu svo margir þingmanna gengið af fundi, að ekki var lögmætur fundur, og með því mjög var orðið framorðið, skaut forseti því sem eptir var atkvæðagreiðslunnar á frest til næsta dags og sagði:

Fundi slitið.

40. fundur. — 26. ágúst.

Allir á fundi.

Forseti skýrði frá, að konungsfulltrúinn hefði falið herra etazráði Þórði Jónassyni að mæta í sinn stað á þessum fundi. Síðan var samkvæmt dagskránni haldið áfram atkvæðagreiðslunni um hin almennu hegningarlög.

23. grein.

33. tölul. Minni hluti nefndarinnar; samþykkt án atkvæða.
34. tölul. Sami; samþ. með 12 atkv. gegn 8.
35. tölul. 23. gr. með aorðnum breytingum; samþ. með 18 atkv.
36. tölul. 24.—27. grein óbreyttar; samþ. með 18 atkv.
37. tölul. 28. gr.; samþ. með 13 atkv.

29. grein.

38. tölul. Jón Pètursson; tekið aptur af uppástungumanni.
39. og 40. tölul. (29. og 36. gr.); samþ. með 15 atkv.

31. grein.

41. tölul. Minni hluti nefndarinnar. Samþ. með 20 atkv.

42. og 43. tölul. 31. og 32.—35. gr.; samþ. með 16 atkv.

Þriðji kapituli.

44. tölul. 26. gr. samþ. með 16 atkv.

37. grein.

45. tölul. Minni hluti nefndarinnar. Samþ. sem orðabreyting.

46. tölul. Sami. Samþ. sem orðabreyting.

47. 50. tölul. 37.—39. gr.; samþ. með 17 atkv.

40. grein.

51. tölul. Minni hluti nefndarinnar. Samþ. sem orðabreyting.

52. tölul. Jón Þórsson; samþ. sem orðabreyting.

53. tölul. 40. gr. með áorðnum breytingum; samþ. með 18 atkv.

41. grein.

54. tölul. Minni hluti nefndarinnar. Samþ. sem orðabreyting.

55.—57. tölul. 41.—46. gr.; samþ. með 18 atkv.

47. grein.

58. og 59. tölul. Minni hluti nefndarinnar. Samþ. sem orðabreyting.

60. tölul. 47. gr. með áorðnum breytingum; samþ. með 18 atkv.

Fimmti kapituli.

48. grein.

61. tölul. Minni hluti nefndarinnar. Samþ. sem orðabreyting.

62. og 63. tölul. 48. og 49.—51. gr.; samþ. með 18 atkv.

52. grein.

64. tölul. Minni hluti nefndarinnar; orðabreyting «upphvatning»; samþ. með 9 atkv.

65. og 66. tölul. 52. og 53. gr., samþ. með 17 atkv.

67. og 69. tölul. minni hluti nefndarinnar. Samþ. sem orðabreyting.

68. 70. og 71. tölul. 54. 55. og 56. gr.; samþ. með 17 atkv.

57. grein.

72. tölul. Minni hluti nefndarinnar. Felldur með 10 atkv. gegn 9.

73. tölul.; samþ. án atkvæða.

74. tölul. 57. gr.; samþ. með 17 atkv.

Sjötti kapituli.

75. tölul. Minni hiuti nefndarinnar, orðabreyting; samþ. án atkv.

76. tölul. Sami. Samþ. sem orðabreyting.

77. og 78. tölul. 58. og 59. gr. Samþ. með 17. atkv.

60. grein.

79. tölul. Minni hl. nefnd., orðabreyting. Felld. með 13 atkv. gegn 4.

80. og 81. tölul. 60. og 61.—62. gr. Samþ. með 15 atkv.

Sjöundi kapítuli.

63. grein.

82. tölul. Minni hluti nefndarinnar. Felldur með 13 atkv. gegn 6.
83. og 84. tölul. 63. og 64.—66. gr. Samþ. með 15 atkv.

Áttundi kapítuli.

85. tölul. Minni hluti nefndarinnar. Samþ. sem orðabreyting.

67. grein.

86. tölul. Minni hluti nefndarinnar. Felldur með 13 atkv. gegn 6.
87. tölul. Sami. Felldur með 12 atkv. gegn 6.
88. tölul. 67. gr.; samþ. með 16 atkv.
89—91. tölul. Minni hluti nefndarinnar. Fellt með 13 atkv. gegn 4.
92. og 93. tölul. 68., og 69.—70. gr. Samþ. með 16. atkv.

71. grein.

94. tölul. Minni hluti nefndarinnar. Samþ. sem orðabreyting.
95. tölul. 71. gr. með áorðinni breytingu. Samþ. með 15 atkv.

Níundi kapítuli.

96. tölul. Jón Þórsson. Samþ. með nafnakalli með 18 atkv. gegn 7.

«Já» sögðu:	«Nei» sögðu:
Eiríkur Kúld.	Halldór Kr. Friðriksson.
Arnljótur Ólafsson.	Bergur Thorberg.
Benidikt Sveinsson.	Jón Guðmundsson.
Björn Þórsson.	Jón Hjaltalín.
Hjálmur Þórsson.	Ólafur Pálsson.
Jón Bjarnason.	Þórður Guðjónsson.
Jón Þórsson.	Þórður Þórsson.
Jón Sigurðsson.	
Magnús Jónsson.	
Ólafur Sigurðsson.	
Páll Vídalín.	
Sighvatur Árnason.	
Stefán Eiríksson.	
Stefán Jónsson.	
Stefán Thordersen.	
Sveinn Níelssou.	
Sveinn Skúlason.	
Torfi Einarson.	
Fjærverandi: Páll Ólafsson.	

97. tölul. Minni hluti nefndarinnar. Felldur með 11. atkv. gegn 6.

72. grein.

98. tölul. Minni hluti nefndarinnar. Samþ. sem orðabreyting.

99. tölul. 72. gr. Samþ. með áorðinni breytingu.

100. tölul. Minni hluti nefndarinnar orðabr. við 73. gr. Samþ. með 11. atkvæðum gegn 3.

101. og 102. tölul. 73.—76. gr. óbreyttar. Samþ.

77. grein.

103. tölul. Jón Hjaltalín. Felldur með 13 atkv. gegn. 2.

104. tölul. Minni hluti nefndarinnar. Samþ. sem orðabreyting.

105. tölul. Jón Pètursson. Samþ. með nafnakalli með 14 atkv. gegn 8.

«Já» sögðu:	«Nei» sögðu:
Arnljótur Ólafsson.	Eiríkur Kúld.
Benidikt Sveinsson.	Halldór Kr. Friðriksson.
Björn Pètursson.	Bergur Thorberg.
Hjálmur Pètursson.	Jón Guðmundsson.
Jón Bjarnason.	Jón Hjaltalín.
Jón Pètursson.	Ólafur Pálsson.
Magnús Jónsson.	Pètur Guðjónsson.
Ólafur Sigurðsson.	Pètur Pètursson.
Sighvatur Árnason.	
Sefán Eiríksson.	
Stefán Jónsson.	
Sveinn Níelsson.	
Sveinn Skúlason.	
Torfi Einarsson.	

Atkvæði greiddu eigi: Jón Sigurðsson, Páll Vídalín, Stefán Thordersen.

Fjærverandi: Páll Ólafsson.

106. Frumv. 77. gr. (með breytingum eða óbreytt). Samþ,

107. Frumv. 78—82. gr. (óbreytt). Samþ.

108. tölul. Minni hluti nefndarinnar 83. gr. Samþ. án atkv.

109. tölul. Sami. Samþ. án atkv.

110. Frumv. 83. gr. (með breytingum eða óbreytt). Samþ.

111. Frumv. 84. og 85. gr. (óbreyttar). Samþ.

Allur kapítulinn í heild sinni.

töluliðirnir 96—107. 72.—82. gr.; samþ. með 16 atkv.

Tíundi kapituli.

112. tölul. Jón Pètursson. Samþ. með nafnakalli með 19 atkv. gegn 6.

«Já» sögðu:	«Nei» sögðu:
Eiríkur Kúld.	Bergur Thorberg.
Halldór Kr. Friðriksson.	Jón Guðmundsson.
Arnljótur Ólafsson.	Jón Hjaltalín.
Benidikt Sveinsson.	Ólafur Pálsson.
Björn Pètursson.	Pètur Guðjónsson.
Hjálmur Pètursson.	Pètur Pètursson.
Jón Bjarnason.	
Jón Pètursson.	
Jón Sigurðsson.	
Magnús Jónsson.	
Ólafur Sigurðsson.	
Páll Vídalín.	
Sighvatur Árnason.	
Stefán Eiríksson.	
Stefán Jónson.	
Stefán Thordersen.	
Sveinn Níelsson.	
Sveinn Skúlason.	
Torfi Einarsson.	

Fjærverandi: Páll Ólafsson.

113. tölul. Frumv. 86.—87. gr. (óbreyttar).

114. tölul. Minni hluti nefndarinnar. Samþ. sem orðabr.

115. tölul. 88. gr.

10. kapítulinn; samþ. með 15. atkv.

Ellefti kapituli.

116. tölul. Jón Pètursson. Samþ. með nafnakalli með 19 atkv. gegn 6.

«Já» sögðu:	«Nei» sögðu:
Eiríkur Kúld.	Bergur Thorberg.
Halldór Kr. Friðriksson.	Jón Guðmundsson.
Arnljótur Ólafsson.	Jón Hjaltalín.
Benidikt Sveinson.	Ólafur Pálsson.
Björn Pètursson.	Pètur Guðjónsson.
Hjálmur Pètursson.	Pètur Pètursson.
Jón Bjarnason.	
Jón Pètursson.	

»Já» sögðu:
Jón Sigurðsson.
Magnús Jónsson.
Ólafur Sigurðsson.
Páll Vídalín.
Sighvatur Árnason.
Stefán Eiríksson.
Stefán Jónsson.
Stefán Thordersen.
Sveinn Níelsson.
Sveinn Skúlason.
Torfi Einarsson.
Fjærverandí: Páll Ólafsson.

117. tölul. Frumv. 89. gr. óbreytt.

118. tölul. Minni hluti nefndarinnar; felldur með 13 atkv. gegn 9.

119. tölul. Frumv. 90. gr. óbreytt.

120. tölul. Minni hluti nefndarinnar. Samþ. án atkv.

121. og 122. tölul. 91. 92.—98. gr,
Ellefti kapítuli í heild sinni, Samþ. með 14. atkv.

Tólfti kapítuli.

99. grein.

123. tölul. Minni hluti nefndarinnar. Felldur með nafnakalli með 12 atkv. gegn 9.

«Nei» sögðu:	«Já» sögðu:
Eiríkur Kúld.	Arnljótur Ólafsson.
Halldór Kr. Friðriksson.	Bergur Thorberg.
Benidikt Sveinsson.	Björn Þórsson.
Hjálmur Þórsson.	Jón Guðmundsson.
Jón Þórsson.	Jón Hjaltalín.
Magnús Jónsson.	Ólafur Pálsson.
Ólafur Sigurðsson.	Þórður Guðjónsson.
Þórður Þórsson.	Sighvatur Arnason.
Stefán Jónsson.	Stefán Eiríksson.
Sveinn Níelsson.	
Sveinn Skúlason.	
Torfi Einarsson.	

Atkvæði greiddu eigi: Jón Bjarnason, Jón Sigurðsson.
Fjærverandi voru: Páll Vídalín, Páll Ólafss., Stefán Thordersen.

124. tölul. Minni hluti nefndarinnar; samþ. án atkv.

126. tölul. Jón Pètursson; samþ. án atkv.
128. tölul. Jón Pètursson; samþ. án atkv.
130. tölul. Minni hluti nefndarinnar; samþ. með 13 atkv. gegn 2.
133. tölul. Minni hluti nefndarinnar; samþ. með 16 atkv.
135. tölul. Minni hluti nefndarinnar. Við þenna tölul. var viðhaft nafnakall.

«Já» sögðu:	«Nei» sögðu:
Eiríkur Kúld.	Halldór Kr Friðriksson.
Arnljótur Ólafsson.	Benidikt Sveinsson.
Bergur Thorberg.	Jón Bjarnason.
Björn Pèturson.	Jón Pètursson.
Hjálmur Pètursson.	Ólafur Sigurðsson.
Jón Guðmundsson.	Pètur Pètursson.
Jón Hjaltalín.	Sighvatur Árnason.
Magnús Jónsson.	Stefán Jónsson.
Ólafur Pálsson.	Torfi Einarsson.
Pètur Guðjónsson.	
Sveinn Níelsson.	
Sveinn Skulason.	

Var þannig töluliðurinn samþ. með 12 atkv. gegn 9.
139. Jón Pètursson. Við þenna tölul. var viðhaft nafnakall.

«Já» sögðu:	«Nei» sögðu:
Eiríkur Kúld.	Halldór Kr. Friðriksson.
Arnljótur Ólafsson.	Bergur Thorberg.
Benidikt Sveinsson.	Jón Guðmundsson.
Björn Pètursson.	Jón Hjaltalín.
Hjálmur Pètursson.	Ólafur Pálsson.
Jón Bjarnason.	Pètur Guðjónsson.
Jón Pètursson.	Pètur Pètursson.
Magnús Jónsson.	
Ólafur Sigurðsson.	
Sighvatur Árnason.	
Stefán Eiríksson.	
Stefán Jónsson.	
Sveinn Níelsson.	
Sveinn Skúlason.	
Torfi Einarsson.	

Var þannig tölul. samþ. með 15 atkv. gegn 7.
140. Jón Pètursson; samþ. án atkv.

12. kapítuli, stjórnarfrumvarpsins 99. gr. til 117. grein með áorðnum breytingum, samþ. með 18 atkv.

13. kapítuli. Um afbrot í embættisfærslu.

143. Minni hluti nefndarinnar; samþ. sem orðabreyting.
145. Minni hluti nefndarinnar; samþ. sem orðabreyting.
148. Sami; samþ. með 13 atkvæðum.
150. Sami; samþ. við atkvæðagreiðsluna um 148. tölulið.
152. Sami; samþ. við atkvæðgreiðsluna um 41. tölulið.
155. Sami; samþ. án atkvæða.
158. Sami; samþ. án atkvæða.
161. Jón Þórsson; samþ. með 10 atkvæðum gegn 6.
164. Jón Hjaltalín; fellt með 14 atkvæðum gegn 2.
167. Jón Þórsson; samþ. án atkvæða.
168. Minni hluti nefndarinnar; fellt með 13 atkvæðum gegn 5.
171. Sami; samþ. sem orðabreyting.
172. Sami; samþ. án atkvæða.
174. Jón Þórsson; samþ. með 10 atkvæðum gegn 4.

13. kapítuli frumvarpsins (118.—145. grein) með áorðnum breytingum; samþ. með 17 atkvæðum.

Fjórtándi kapítuli.

178. Jón Þórsson; samþ. án atkvæða.
181. Minni hluti nefndarinnar; fellt með 11. atkvæðum gegn 6.
184. Sami; samþ. án atkvæða.
185. Sami; samþ. án atkvæða.

Fjórtándi kapítuli (146.—156. grein) með áorðnum breytingum; samþ. með 15 atkvæðum.

15. kapítuli.

188. Jón Þórsson; eptir ósk þingmanns Árnesinga var viðhaft nafnakall.

»Já» sögðu:	»Nei» sögðu:
Eiríkur Kúld.	Halldór Kr. Friðriksson.
Arnljótur Ólafsson.	Bergur Thorberg.
Benidikt Sveinsson.	Jón Guðmundsson.
Björn Þórarrsson.	Jón Hjaltalín.
Hjálmur Þórsson.	Þór Guðjónsson.
Jón Bjarnason.	
Jón Þórsson.	
Magnús Jónsson.	
Ólafur Pálsson.	

«Já» sögðu:
Ólafur Sigurðsson.
Páll Vídalín.
Sighvatur Árnason.
Stefán Eiríksson.
Stefán Jónsson.
Sveinn Níelsson.
Torfi Einarsson.

Var töluliðurinn þannig samþ. með 16 atkvæðum gegn 5.

Pètur Pètursson greiddi ekki atkvæði.

Jón Sigurðsson, Páll Ólafsson, Stefán Thordersen, Sveinn Skúlason voru fjærverandi.

Fimmtándi kapítuli (157—159 grein) með þessari breytingu; samþ. með 13 atkvæðum.

Sextándi kapítuli.

190. Minni hluti nefndarinnar. Við þenna tölulið var haft nafnakall eptir ósk þingmanns Vestur-Skaptafellssýslu og fór það þannig.

»Já» sögðu:	»Nei» sögðu:
Arnljótur Ólafsson.	Eiríkur Kúld.
Bergur Thorberg.	Halldór Kr. Friðriksson.
Jón Guðmundsson.	Benidikt Sveinsson.
Jón Hjaltalín.	Björn Pètursson.
Ólafur Pálsson.	Hjálmur Pètursson.
Pètur Guðjónsson.	Jón Bjarnason.
	Jón Pètursson.
	Magnús Jónsson.
	Ólafur Sigurðsson.
	Sighvatur Árnason.
	Stefán Eiríksson.
	Stefán Jónsson.
	Sveinn Skúlason.
	Torfi Einarsson.

Var töluliðurinn þannig felldur með 15. atkv. gegn 6.

Páll Vídalín, Jón Sigurðsson, Sveinn Níelsson greiddu ekki atkvæði. Páll Ólafsson og Stefán Thordersen voru fjærverandi.

193. Jón Pètursson; samþ. með 17. atkv. gegn 3.

196. Sami; samþ. án atkvæða.

197. Minni hluti nefndarinnar; samþ. með 9 atkv. gegn 7.

Sextándi kapítuli (160.—186. grein) samþ. með 17 atkv.

Seytjándi kapituli.

200. Jón Hjáltalín; fellt með 10 atkv. gegn 5.
203. Jón Pètursson; samþ. með 16 atkv.
206. Sami; samþ. með 16 atkv. gegn 2.
Seytjándi kapituli (187.—201. grein); samþ. með 15 atkv.

Átjándi kapituli.

209. Minni hluti nefndarinnar; fellt með 13 atkv. gegn 2.
210. Sami; samþ. með 12 atkv. gegn 4.
213. Sami; samþ. við atkvæðagreiðsluna um tölulið 210.
215. Jón Pètursson; samþ. með 12 atkv.
Átjándi kapituli (202.—209. grein); samþ með 13 atkv.
Nítjándi kapituli (210.—211. gr.) óbreyttur; samþ. með 12 atkv.

Tuttugasti kapituli.

219. Jón Pètursson; samþ. með 11 atkv gegn 6.
221. Minni hluti nefndarinnar; samþ. án atkv.
224. Sami; samþ. með 11 atkv. gegn 4.
Tuttugasti kapituli (212.—216. grein) með áorðnum breytingum; samþ. með 15 atkv.

Tuttugast og fyrsti kapituli.

227. Minni hluti nefndarinnar; orðið «meðbræðra»; samþ. með 18 atkv.
228. Jón Hjaltalín; fellt með 13 atkv. gegn 3.
Tuttugasti og fyrsti kapiluli (217.—225. gr.); samþ. með 15 atkv.
Tuttugasti og annar kapituli (226.—229. grein) óbreyttur; samþ. með 17. atkv.

Tuttugasti og þriðji kapituli.

232. Minni hluti nefndarinnar; samþ. án atkv.
234. Jón Pèturson. Við þenna tölulið var viðhaft nafnakall.

«Já» sögðu:	«Nei» sögðu:
Benidikt Sveinsson.	Eiríkur Kúld.
Jón Pètursson.	Halldór Kr. Friðriksson.
Magnús Jónsson	Arnljótur Olafson.
Sighvatur Árnason.	Bergur Thorberg.
Stefán Eiríksson.	Björn Pètursson.
Stefán Jónsson.	Hjálmur Pètursson.
Torfi Einarsson.	Jón Bjarnason.
	Jón Guðmundsson.
	Jón Hjaltalín.
	Ólafur Pálson.
	Ólafur Sigurðsson.

«Nei» sögðu:
Pètur Guðjónsson.
Sveinn Skúlason.

Var töluliðurinn þannig felldur með 13 atkv. gegn 7.
Jón Sigurðsson, Páll Vídalín, Pètur Pètursson og Sveinn Níelsson greiddu ekki atkvæði.
Þingmaður Norður-Múlasýslu var fjærverandi.

237. Jón Pètursson. Við þenna tölulið var viðhaft nafnakall, og fèllu atkvæði þannig:

«Já» sögðu:	«Nei» sögðu:
Benidikt Sveinsson.	Eiríkur Kúld.
Jón Bjarnason.	Halldór Kr. Friðriksson.
Jón Hjaltalín.	Bergur Thorberg.
Jón Pètursson.	Björn Pètursson.
Ólafur Sigurðsson.	Hjálmur Pètursson.
Páll Vídalín.	Jón Guðmundsson.
Pètur Pètursson.	Magnús Jónsson.
Sighvatur Árnason.	Ólafur Pálssou.
Stefán Eiríksson.	Pètur Guðjónsson.
Stefán Jónsson.	
Sveinn Níelsson.	
Sveinn Skúlason.	
Torfi Einarsson.	

Þannig var töluliðurinn samþ. með 13 atkv. gegn 9.
Arnljótur Ólafsson og Jón Sigurðsson greiddu eigi atkvæði.
Fjærverandi voru: Páll Ólafson og Stefán Thordersen.

238. Minni hluti nefndarinnar; fallinn við 237. tölul.
240. Jón Pètursson; samþ. með 15 atkv. gegn 6.
243. Minni hlutinn; samþ. án atkv.
246. Sami; samþ. án atkv.

23. kap. frumvarpsins (230.—244. gr.) samþ. með 14 atkv.
24. kap. (245.—248. gr.) og 25. kap. (249.—252. gr.); samþ. með 15 atkv.

26. kapítuli.

251. Minni hlutinn; samþ. án atkv.
253. Sami; samþ. með 14. atkv.
256. Sami; samþ. án atkv.
258. Jón Pètursson.; samþ. með 15. atkv. gegn 4.
259. Minni hlutinn; samþ. án atkvæða.

261. Þessi töluliður var borinn upp til atkvæða í tvennu lagi og var fyrri hluti hans samþ. án átkvæða, en seinni hlutinn felldur með 10 atkv. gegn 8.

26. kap. 253.—265. gr.) í heild sinni með áorðnum breytingum; samþ. með 14 atkv.

27. kapituli.

265. Minni hlutinn; samþ. við 61. tölul.
268. Jón Þórsson; samþ. án atkv.
269. minni hlutinn; fallinn við 268. tölul.
272. Sami; samþ. með 13 atkv.
273. Sami; samþ. án atkv. við 272.
276. Sami; samþ. án atkv.
277. Sami; samþ. án atkvæða.
279. Sami; samþ. án atkvæða.

27. kapituli (268—281. gr.) með áorðnum breytingum; samþ. með 14. atkv.

28. kapituli.

282. Minni hlutinn samþ. án atkvæða.
284. Sami; samþ. með 14 atkv.
285. Sami; samþ. án atkvæða.
287. Sami; samþ. með 13 atkvæðum.
288. Sami; tekinn aptur.
291. Sami; samþ. án atkvæða.

28. kapituli (282—286 gr.); samþ. með 18 atkvæðum.

29. kapituli.

294. Minni hlutinn; samþ. án atkvæða.
285. Sami; samþ. án atkvæða.
296. Sami; samþ. án atkvæða.
298. Sami; samþ. án atkvæða.
299. Sami; samþ. án atkvæða.
302. Sami; samþ. án atkvæða.
304. Sami; fellt með 14 atkv. gegn 3.
305. Sami; við þenna tölulið var haft nafnakall.

»Já« sögðu:	»Nei« sögðu:
Bergur Thorberg.	Eiríkur Kúld.
Björn Þórsson.	Halldór Kr. Friðriksson.
Hjálmur Þórsson.	Arnljótur Ólafsson.
Jón Bjarnason.	Benidikt Sveinsson.
Jón Guðmundsson.	Magnús Jónsson.

Jón Hjaltalín	Ólafur Sigurðsson.
Jón Pètursson.	Stefán Jónsson.
Ólafur Pálsson.	Sveinn Skúlason.
Pètur Guðjónsson.	Torfi Einarsson.
Pètur Pètursson.	
Sighvatur Árnason.	
Stefán Eiríksson.	
Sveinn Níelsson.	

Þannig var töluliðurinn samþ. með 13 atkv. gegn 9.
Jón Sigurðsson og Páll Vídalín greiddu ekki atkvæði.
Fjærverandi voru Páll Olafsson og Stefán Thordersen.

307. Minni hlutinn; samþ. með 14 atkv. gegn 2.

308. Sami; samþ. með 8 atkv. gegn 7.

29. kapítuli (287.—295. gr.) í heild sinni; samþ. með 14 atkv.

30. kapítuli.

312. Minni hlutinn; samþ. með 14 atkvæðum.

315. Sami; samþ. með 13 atkvæðum gegn 1.

30. Kapítuli (296.—299. gr.) með áorðnum breytingum; samþ. með 15 atkvæðum.

31. kapítuli.

317. Minni hlutinn; samþ. með 13 atkvæðum.

31. Kapítuli (300.—306. gr.) með áorðinni breyting; samþ. með 15 atkvæðum.

32. kapítuli.

320. Minni hlutinn. Við þenna tölulið var haft nafnakall eptir ósk þingmanns Árnesinga, og fèllu atkvæðin þannig:

»Já« sögðu:	»Nei« sögðu:
Bergur Thorberg.	Eiríkur Kúld.
Jón Guðmundsson,	Halldór Kr. Friðriksson.
Jón Hjaltalín.	Arnljótur Ólafsson.
Ólafur Pálsson.	Benidikt Sveinsson.
	Björn Pètursson.
	Hjálmur Pètursson.
	Jón Bjarnason.
	Jón Pètursson.
	Jón Sigurðsson.
	Magnús Jónsson.
	Ólafur Sigurðsson.
	Páll Vídalín.

«Nei» sögðu:
Pètur Pètursson.
Sighvatur Árnason.
Stefán Eiríksson.
Stefán Jónsson.
Sveinn Níelsson.
Sveinn Skúlason.
Torfi Einarsson,

Var töluliðurinn þannig felldur með 19 atkvæðum gegn 4. Fjærverandi voru Páll Ólafsson, Pètur Guðjónsson og Stefán Thordersen

321. Jón Pètursson; samþ. með 12 atkv.

322. Frumv. 307. gr. með áorðinni breytingu; samþ. með 19 atkv.

323. Minni hlutinn. Við þenna tölulið var haft nafnakall eptir ósk þingmanna Árnesinga og Barðstrendinga og fèllu atkvæðin þannig.

»Já» sögðu:	»Nei» sögðu:
Bergur Thorberg.	Eiríkur Kúld.
Jón Guðmundsson.	Halldór Kr. Friðriksson.
Jón Hjaltalín.	Arnljótur Ólafsson.
Ólafur Pálsson.	Benidikt Sveinsson.
Pètur Guðjónsson.	Björn Pètursson.
	Hjálmur Pètursson.
	Jón Bjarnason.
	Jón Pètursson.
	Magnús Jónsson.
	Ólafur Sigurðsson.
	Páll Vídalín.
	Sighvatur Árnason.
	Stefán Eiríksson.
	Stefán Jónsson.
	Sveinn Skúlason.
	Torfi Einarsson.

Var þannig töluliðurinn felldur með 16 atkvæðum gegn 5. Fjærverandi voru Páll Ólafsson og Stefán Thordersen; en Jón Sigurðsson, Pètur Pètursson og Sveinn Níelsson greiddu ekki atkvæði.

324. Bergur Thorberg og 325. minni hlutinn; fallnir við 188. tölul.

326. Bergur Thorberg og Eiríkur Kúld; fallinn við 322. tölul.

327. Frumvarpsins 308.—310. gr. óbreyttar; samþ. með 16 atkvæðum.

328. Minni hluti nefndarinnar; þar með burtfallinn.

329. Samþ. án atkvæða.

330. *a*, hvort þingið vildi frumvarpið í heild sinni sem lög; hèr við var haft nafnakall.

»Já» sögðu:	»Nei» sögðu:
Bergur Thorberg.	Eiríkur Kúld.
Jón Guðmundsson.	Halldór Kr. Friðriksson.
Jón Hjaltalín.	Arnljótur Ólafsson.
Jón Pètursson.	Benidikt Sveinsson.
Ólafur Pálsson.	Pètur Pètursson.
Pètur Guðjónsson.	Hjálmur Pètursson.
Pètur Pètursson.	Jón Bjarnason.
Sveinn Níelsson.	Jón Sigurðsson.
	Magnús Jónsson.
	Ólafur Sigurðsson.
	Páll Vídalín.
	Sighvatur Árnason.
	Stefán Eiríksson.
	Stefán Jónsson.
	Sveinn Skúlason.
	Torfi Einarsson.

Var þannig töluliðurinn felldur með 16 atkv. gegn 8.

b, hvort þingið vildi það sem frumvarp til laga; hèr við var haft nafnakall.

»Já» sögðu:	»Nei» sagði:
Eiríkur Kúld.	Pètur Guðjónsson.
Halldór Kr. Friðriksson.	
Arnljótur Ólafsson.	
Benidikt Sveinsson.	
Björn Pètursson.	
Hjálmur Pètursson.	
Jón Bjarnason.	
Jón Sigurðsson.	
Magnús Jónsson.	
Ólafur Sigurðsson.	
Páll Vídalín.	
Sighvatur Árnason.	

«Já» sögðu:
Stefán Eiríksson.
Stefán Jónsson.
Sveinn Níelsson.
Sveinn Skúlason.
Torfi Einarsson.
Atkvæði greiddu eigi: Bergur Thorberg, Jón Hjaltalín, Jón Guðmundsson, Jón Pètursson, Pètur Pètursson.
Fjærverandi: Páll Ólafson, Stefán Thordersen.
Var þannig töluliðurinn samþ. með 17 atkv. gegn 1.
Við fyrri hluta 5. tölul. var viðhaft nafnakall:

«Já» sögðu:	«Nei» sögðu:
Eiríkur Kúld.	Bergur Thorberg.
Halldór Kr. Friðriksson.	Jón Guðmundsson.
Arnljótur Ólafsson.	Jón Hjaltalín.
Benidikt Sveinsson.	Ólafur Pálsson.
Björn Pètursson.	Pètur Guðjónsson.
Hjálmur Pètursson.	Pètur Pètursson.
Jón Bjarnason.	
Jón Sigurðsson.	
Magnús Jónsson.	
Ólafur Sigurðsson.	
Páll Vídalín.	
Sighvatur Árnason.	
Stefán Eiríksson.	
Stefán Jónsson.	
Sveinn Níelsson.	
Sveinn Skúlason.	
Torfi Einarsson.	

Var þannig tölul. samþ. með 17 atkvæðum gegn 6.
6. tölul. Nefndarmenn meiri hlutans: Jón Sigurðsson og Páll Vídalín; samþykktur með 13 atkv. gegn 9
331. Nefndarmenn úr meiri hlutanum, Arnljótur Ólafsson og Benidikt Sveinsson, fallið samkvæmt 6. tölul.
332. Eiríkur Kúld, nr. 1, samþ. með 16 atkv. gegn 4; nr. 2, samþ. með 12 atkv. gegn 7
333. Í heild sinni: Hèr við var haft nafnakall:

«Já« sögðu:	«Nei« sögðu:
Eiríkur Kúld.	Bergur Thorberg.

«Já» sögðu:	«Nei» sögðu:
Halldór Kr. Friðriksson.	Jón Guðmundsson.
Arnljótur Ólafsson.	Jón Hjaltalín.
Benidikt Sveinsson.	Jón Pètursson.
Pètur Pètursson.	Ólafur Pálsson.
Hjálmur Pètursson.	Pètur Guðjónsson.
Jón Bjarnasson.	Pètur Pètursson.
Jón Sigurðsson.	
Magnús Jónsson.	
Ólafur Sigurðsson.	
Páll Víðalín.	
Sighvatur Árnason.	
Stefán Eiríksson.	
Stefán Jónsson.	
Sveinn Níelsson.	
Sveinn Skúlason.	
Torfi Einarsson.	

Fjærverandi voru: Páll Ólafsson, Stefán Thorðersen.

Forseti: Atkvæðagreiðslunni er þá lokið, og með því ekki er meir að sinni fyrir hendi, mun eg slíta fundi að sinni, og ákveða fund kl. 6 í eptirmiðdag.

Fundi slitið.

---

41. fundur. — 26. ágúst.

(Kvöldfundur).

Allir á fundi nema hinn 1. konungkjörni og þingmaður Norður-Múlasýslu.

Forseti lèt þá lesa upp nokkrar bænarskrár og álitsskjöl.

Var síðan lesið upp:

1. Bænarskrá til konungs í málinu um frumvarp þingsins til laga um laxveiðar og friðun á laxi.
   (Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 648—660).
2. Álitsskjal í málinu um konunglegt frumvarp um betri tilhögun á spítalahlutunum.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 537—546).

Og voru þessi skjöl samþykkt af þinginu.

Fundi slitið.

---

42. fundur — 27. ágúst.

Allir á fundi, nema 1. og 2. konungkjörni þingmaður og þingmaður Snæfellsnessýslu, sem höfðu tjáð forföll.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur nú til undirbúningsumræðu konunglegt frumvarp um afplánun fésekta. Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga, og mun hann lesa upp álitsskjal nefndarinnar og skýra frá málinu svo sem þörf gjörist.

Jón Guðmundsson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa nefndarálitið.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 648—650).

Að sinni þarf eg eigi að fara neinum orðum um málið.

Sveinn Skúlason: Mèr finnst það eigi heppilegt í niðurlagsatriðunum, að það er gjört að skilyrði að búið sè að koma upp fangahúsum, eg vil því gjöra breytingaratkvæði við niðurlagsatriðið á þá leið, að skilyrði fyrir löggildingu þessara laga sè það, að hegningarlögin fái lagagildi.

Jón Guðmundsson: Eptir atkvæðagreiðslu þingsins um hegningarlögin er það nú orðið víst, að hegningarlögin komast eigi í lagagildi fyrr en fangahús eru komin, svo mèr finnst ekkert unnið við að binda lögin fremur þessu skilyrði um hegningarlögin.

Forseti: Var það meining þingmanns Norður-Þingeyinga að taka sèr breytingaratkvæði?

Sveinn Skúlason: Mín meining var sú að taka mèr breytingaratkvæði í þá stefnu, að út koma þessa frumvarps sem laga yrði bundin við löggildingu hegningarlaganna.

Jón Guðmundsson: Eg vil að eins gjöra þá stuttu athugasemd, að eg alls eigi sè, hvers vegna menn eru að berja það fram að fá löggildingu þessa frumvarps bundna við sakalögin, þar sem í frumvarpsfyrirsögninni sjálfri stendur, að þetta er um afplánun fésekta í öðrum málum en sakamálum.

Sveinn Skúlason: Eg er eigi að berja neitt fram, því stjórnarfrumvarpið sjálft bindur í 5. gr. þessi mál alveg saman, svo eg vil að eins hafa, að þessi lög sè eins konar fylgifiskur við sakalögin, þegar þau verða löggilt, eins og þau voru, þegar þau komu hèr inn á þingið.

Björn Pètursson: Breytingaratkvæði hins háttvirta þingmanns Norður-Þingeyinga er beinlínis tekið fram í 5. gr. frumvarpsins, og er þess vegna óþarft. En það er sjálfsagt betra að hlíta henni, en niðurlagsatriði nefndarinnar.

Pètur Guðjónsson: Eg verð að gjöra þá athugasemd, að auk þess sem það liggur í 5. gr. frumvarpsins, að það öðlast ekki gildi fyrri en hegningarhúsin eru orðin til, þá hafði þingmaður Norður-Þingeyjarsýslu enga ástæðu til síns breytingaratkvæðis fyrir því, að afplánun fjárúrláta með fangelsi hefir átt sèr stað hèr á landi og það ekki alls fyrir löngu, því það var milli 1820 og 30, eins og sèð verður af Klausturpóstinum, austur á Eskifirði.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil áskilja mèr rètt til að gjöra breytingaratkvæði við 1. gr. frumvarpsins, ef mèr svo sýnist; meiningin virðist vera sú, að maður eigi að afplána, ef hann tregðast við að borga; nú stendur svo í tilskipun 24. janúar 1838, 9. gr., að amtmenn megi gefa allt að misseris fresti, ef ástæður sè til. Þessi vægð vil eg að standi í löggjöfinni, að sá sem fèbótum á uppi að halda megi leita til amtmanna um frest.

Jón Guðmundsson: Má eg spyrja, í hverjum kafla 1. greinar ætlar hinn háttvirti þingmaður uppástungumaður að koma þessu inn?

Arnljótur Ólafsson: Eg ætla það sem undantekning við 1. kafla 1. greinar.

Forseti: Þar eð eigi taka fleiri til máls, er þessari undirbúningsumræðu lokið, og kemur þá til inngangsumræðu uppástunga nokkurra þingmanna um að skrifa *konungi ávarp*. Flutningsmaður er þingmaður Vestur-Skaptfellinga.

Jón Guðmundsson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp uppástunguna.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 650—651).

Það getur virzt svo síðan nefndarálitið í stjórnarbótarmálinu er komið inn, að það sè miður þarft nú að rita ávarp til konungs, með þeirri niðurstöðu sem nefndin hefir komizt að viðvíkjandi fjárkröfunum; eg get samt eigi verið á því; því hvernig sem niður-

staðan verður um fjárkröfur og stjórnarskipun, þá verð eg að álíta það aldrei nema tilhlýðilegt og með fullu tilefni, að rita vorum allramildasta konungi, þó að ekki væri annað en þakkarávarp fyrir tilboð hans.

Konungsfulltrúi: Þótt nú sè svo langt liðið á þingtímann, að mèr þykir ísjárvert fyrir þingið að taka ný mál til meðferðar, skal eg þó ekki mæla á móti uppástungunni, af því að eg ekki efast um, að tilgangur hins heiðraða uppástungumanns sè hinn bezti, og mèr einnig þykir þingið hafa fulla ástæðu til allraþegnsamlegast að þakka Hans Hátign Konunginum fyrir það, sem hann í þetta skipti hefir látið leggja fyrir þingið.

Jón Guðmundsson: Eg vil að eins bæta því við orð þau, sem konungsfulltrúi sagði, að þó nefnd yrði kosin, þá þyrfti það alls eigi að teygja þingtímann; slíkt mál sem þetta, getur eigi tafið hið minnsta fyrir stjórnarbótarmálinu, þó að það sè haft samfara því, en um ekkert mál annað er að tala, þar eð öll hin málin eru útrædd; það geta ekki allir þingmenn unnið að stjórnarbótarmálinu hvort eð er, og þess vegna er nógum á að skipa til að undirbúa ávarpið.

Arnljótur Ólafsson: Eg hefi enn eigi haft tækifæri til að kynna mèr vel niðurlagsatriðin í nefndarálitinu í stjórnarbótarmálinu. En það hef eg sèð, að hún tekur þar inn í ósk sína eður skilyrði um tillagsupphæðina, og að málið verði aptur lagt fram fyrir þjóðfund, ef konungur samþykkir það eigi; þessi atriði geta því eigi verið umtalsefni í ávarpinu, og þá er eptir þakklætið fyrir stjórnarskipunarfrumvarpið, en það verður sjálfsagt í reyndinni frá þingsins hálfu bundið því skilyrði, að þingið færi sèr tilboðið réttilega í nyt, því ef það verður eigi, þá geta menn eigi lýst yfir þeirri von sinni og trausti, að Hans Hátign gefi því samþykki sitt. Nefndarmennirnir í stjórnarbótarmálinu eru þeir einu, sem geta fyrst og fremst borið um, hvort tilefni er til að skrifa ávarp. Enn fremur þurfa menn að vera vissir um að hafa meiri hluta þingsins með uppástungum nefndarinnar, og einnig vera vissir um, að konungur vilji aðhyllast það sem þingið fer á flot. Þeir einir geta gert sèr hugmynd um efnið í ávarpinu, og ávarpsnefndin verður að bíða með ávarpið þangað til hún sèr, hvernig stjórnarbótarmálinu reiðir af.

Forseti: Síðan í gær morgun hefir nefndarálitið í stjórnarbótarmálinu legið fram á lestrarsalnum.

Eiríkur Kúld: Eg get ekki sèð, að nokkuð sè í sjálfu sèr í móti því, að konungi sè ritað ávarp fyrir það, að hann lèt leggja fyrir þingið frumvarp til nýrrar stjórnarskipunar, en ef ávarpið ekki á fyrri að geta komizt að en stjórnarbótarmálið er alveg búið, eins og þingmaður Borgfirðinga virtist að geta til, þá ímynda eg mèr að marga muni verða farið að langa heim til sín og kynni þá ef til vill fara að verða þunnskipað á þingmannabekkjunum. Annars skal eg geta þess, að það mun vera vanalegra að senda konungi ávarp, annaðhvort við konungaskipti ellegar þegar þingsetutíminn er á enda, en nú stendur reyndar ekki svo á, því enn er eitt ár eptir af kosningartíma þeirra sem hèr eru á þingi.

Benidikt Sveinsson: Af því nafn mitt stendur undir uppástungunni verð eg að tala fáein orð. Það er engin sannfærandi ástæða fyrir mig móti því, að ávarp sè ritað konungi, að tíma vanti til þess, því konungsfulltrúi ræður yfir honum, og þingið þarf því eigi annað en að snúa sèr að konungsfulltrúa, sem mun lengja tímann til þess þingið geti gætt skyldu sinnar gagnvart konungi og þjóð. Eg lýsi því og yfir, að stjórnarbótarmálið og ávarpið, þarf ekki að komast í bága hvað við annað, sökum þess sambands, sem þar er á milli. Eg gef því atkvæði mitt fyrir, að þingið sendi konungi ávarp.

Torfi Einarsson: Eg vona einungis og óska, að úr þessu verði þingtíminn ekki lengdur meira en nauðsyn krefur.

Stefán Jónsson: Þingmenn, sem hèr voru 1865, munu muna eptir því, að þá varð töluverð tímatöf að umræðunum um ávarpið. Eg segi þetta ekki af því, að eg efist um, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi lengi þingið, ef nauðsyn ber til, en vegna ávarpsins, ætla eg það sè óþarfi. Eg hugsa flestir þingmenn vilji komast heimleiðis þegar kostur er á, og því sting eg upp á, að ávarpinu verði frestað fyrst í þetta sinn, og geymt til næsta þings að semja það, og að það þá verði þeim mun stærra og sterkara sem þá getur, ef til vill, verið enn meira tilefni til að semja þakkarávarp heldur en nú er, og vil eg heldur, að engin nefnd verði sett, en að ávarpið seinna verði fellt, þegar búið væri að semja það; eins og einum þingmanni fórust orð.

Benidikt Sveinsson: Það er merkilegt, að þingmenn skuli vera að metast um nokkrar klukkustundir, þegar um það ræðir að láta í ljósi trúnaðartraust sitt og þakklæti við konunginn; eg fyrir mitt leyti tel ekki eptir mèr að bíða nokkrum klukkustund-

um lengur til þess, að ávarpið geti orðið samið, því eg álít samband mitt við konung og föðurland jafnvel dýrmætara en við konu og börn.

Jón Hjaltalín: Það er hrein og bein skylda þingsins, að senda hans hátign konunginum ávarp og þakka honum fyrir, að hann hefir látið oss fá stjórnarbótarfrumvarp, sem eg yfir höfuð álít gott og frjálslegt, og eiga vel við hæfi fósturjarðar vorrar, ef því er rettilega beitt; það er naumast sæmilegt að brúka það sem afsökun móti ávarpinu, að þingið vanti tíma til þess.

Jón Guðmundsson: Ávarpið þarf ekki að orsaka hálfs dags þinglengingu, eins og eg fyrr tók fram, en eg get þessa út af því sem þingmaður Eyfirðinga sagði, að það mundi valda tímatöf og þinglengingu.

Arnljótur Ólafsson: Eg vona, að enginn hafi skilja orð mín svo, sem eg sè á móti því, að konungi sè ritað ávarp, þvert á móti vil eg styðja að því, af alefli að svo verði gjört.

Forseti: Fyrst ekki fleiri taka til máls, er þessari inngangsumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða um, hvort nefnd skuli kjósa eður ekki.

Var málið síðan með 11 atkvæðum gegn 11 fellt frá nefnd.

Þá var lesið upp og samþykkt af þinginu:

1. Álitsskjal til konungs í málinu um konunglegt frumvarp til laga um að taka íslenzk skip upp á skipaskrá.
   (Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 527—535).
2. Bænarskrá til konungs um styrk handa forngripasafninu í Reykjavík.
   (Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 535—536).

Forseti: Á morgun kemur fyrst og fremst langur upplestur á þingbók; svo vilda eg einnig taka til ályktarumræðu mál það sem í dag var rætt til undirbúnings; eg vona þar að auki að fá nokkur álitsskjöl, tilbúin til upplesturs, og mun þetta allt verða nóg efni í fund. Stjórnarskipunarmálið getur því ekki komið til umræðu fyrr en í fyrsta lagi á fimmtudag, ef þingmönnum þá þykir það hafa legið nógu lengi á lestrarsalnum, svo þeir hafi getað kynnt sèr það til hlítar.

Fundi slitið.

---

43. fundur — 28. ágúst.

Þingmennirnir úr Gullbringusýslu, Vestmanna-eyjum og Húnavatnsýslu voru ekki á fundi, og höfðu tilkynnt forseta forföll sín.

Þingbók frá 3 síðustu fundum lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur nú í dag til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu hið konunglega frumvarp til laga handa Íslandi, um afplánun fèsekta í öðrum málum en sakamálum. Framsögumaður er þingmaður Vestur-Skaptfellinga.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 597).

Framsögumaður: (*Jón Guðmundsson*). Mèr finnst ekki þurfa að tala mikið um mál þetta, eptir því sem umræðan fèll í gær og eptir atkvæðaskrá þeirri er hèr liggur fyrir. Þetta eina breytingaratkvæði, sem á henni stendur, er í raun og veru engin breyting heldur er það sjálf 5. grein frumvarpsins; eg tók það fram í gær, að nefndin hefði gjört þessa uppástungu, fyrst af því hún áleit, að lagaboð þetta ætti ekkert skylt við sakalögin, og í öðru lagi af því, að hún áleit það sjálfsagt, eins og allir mega sjá, að fangahúsin væru skilyrði fyrir löggildingu frumvarps þessa. Nefndin áleit því rèttast að binda löggildinguna við fangahúsin.

Sveinn Skúlason: Mèr þykir breytingaratkvæðið mitt standa nokkuð undarlega á atkvæðaskránni. Nafn mitt stendur skrifað undir 5. grein frumvarpsins og eg er þarna orðinn eins og einhver ráðgjafi konungs. Þar á eptir kemur breytingaratkvæði við 5. greinina, sem eg hefi gjört, en það er reyndar ekki hægt að sjá það á atkvæðaskránni eptir hvern það er. En eg skal nú ekki ræða meira um þetta. Eg skal að eins geta þess, að eg gjörði þetta breytingaratkvæði af því, að mèr fannst stjórnin hafa sett þetta frumvarp í eðlilegt samband við hegningarlögin; því öll stefnan í hegningarlögunum miðar að því að taka af hýðingarnar, en koma upp fangahúsum, en framsögumaður hefir allt af einblínt á hýðingarnar. Það skín út úr þessari uppástungu nefndarinnar. Mèr finnst 5. grein frumvarpsins standa í rèttu sambandi við hegningarlögin. Eg kæri mig annars ekki fremur um breytingaratkvæði mitt en 5. gr. frumvarpsins. Eg ætlaðist til að það stæði á undan uppástungu nefndarinnar á atkvæðaskránni. Því ef það hefði verið svo, bjóst eg við, að menn síður mundu flaska á því að samþykkja jafnvitlaust níðurlagsatriði og þetta er, sem nefndin hefir gjört.

Jón Guðmundsson: Það er enginn hægðarleikur og eg vil að minnsta kosti leiða það hjá mèr, að sannfæra þingmanninn, sem nú settist niður, þegar hann beitir þeim einum ástæðum, að kalla þetta eður hitt »vitleysu«. Eg ætla því ekki að reyna það, en láta hann eiga það við stjórnina, hvort frumvarpið er vitlaust, hvort fyrirsögn þess er vitlaus, og hvort það sè vitleysa, að þetta mál komi ekki hegningarlögunum við. Hvað misskilning hans um hýðingarnar snertir í sambandi við þetta mál, þá er eg hræddur um, að sá misskilningur hans komi til af því, að annaðhvort hafi þær riðið honum martröð, þegar þær voru til umræðu hèr um daginn, eða að hann hafi tekið því ástfóstri við þær, að hann þurfi nokkra daga til þess að jafna sig, og til þess að hann geti slitið sig alveg frá þeim.

Forseti: Eg verð að segja, að mèr finnst vera gott vit bæði í frumvarpinu og uppástungu nefndarinnar. Að breytingaratkvæði þingmanns Norður-Þingeyinga sè á röngum stað á atkvæðaskránni get eg heldur ekki sèð. Það væri eitthvað skrítið, að setja breytingaratkvæði þingmannsins á undan uppástungu nefndarinnar þegar það er hèr um bil öldungis orðrètt sama og frumvarpsins 5. grein, sem svo ætti að koma á eptir nefndinni, og sem nefndin vill gjöra breyting á; því nefndin vill gjöra það að skilyrði fyrir löggildingu frumvarpsins, að fangahús skuli vera komin hèr upp, en þingmaðurinn og frumvarpið fara fram á, að frumvarp þetta verði samferða hegningarlögunum, mèr skilst ekki betur en að nefndin hafi stungið upp á þessu í því skyni, að frumvarpið næði fyrr lagagildi og getur enginn sagt annað en að fullt vit sè í þeirri uppástungu. Eg get þess vegna ekki sèð, að ástæða sè til að kvarta yfir hvernig breytingaratkvæðið er sett, nema ef vera skyldi að fyrir aptan nafa þingmanns Norður-Þingeyinga stendur óvart *púnktur* í staðinn fyrir *kólon*.

Eg veit ekki, hvort nokkrir fleiri vilja taka til máls? Fyrst að það er ekki, er ályktarumræðu þessari lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

1. til 4. grein frumvarpsins, óbreyttar; samþ. með 21 atkvæði.
5. Nefndin; felld með 14 atkvæðum gegn 4.
6. Frumvarpsins 5. grein; samþ. með 22. atkvæðum.
7. Fyrirsögn frumvarpsins; samþ. án atkvæða.
8. Frumvarpið allt í heild sinni; samþ. með 21 atkvæði.

Því næst voru lesin upp og samþykkt þessi skjöl frá þinginu:

1. Bænarskrá til konungs í fjárkláðamálinu, með frumvarpi til viðaukatilskipunar.
   (Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 549—555).
2. Álitsskjal um konunglegt frumvarp um hundahald og hundaskatt á Íslandi.
   (Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 555—560).
3. Bænarskrá til konungs í læknaskipunarmálinu.
   (Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 546—549).

Forseti: Eg skal geta þess, að fram á lestrarsalinn verður lagt, til þess að hinum háttvirtu alþingismönnum gefist færi á að skrifa nöfn sín og hversu þeir vilji ákveða.

1. Áskorun til Íslendinga frá nefndinni, sem á að standa fyrir samskotum til hátíðarhaldsins 1874 í minningu Íslands byggingar. Eru þingmenn beðnir að rita þar á nöfn sín og gjöf.
2. Nafnaskrá þingmanna 1867, og eru þingmenn beðnir hver um sig að rita út undan nafni sínu hversu mörg exemplör af fyrrnefndri »áskorun» hver þeirra vill taka á móti.

Fundi slitið.

---

44. fundur — 29. ágúst.

Allir á fundi.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eins og þingmönnum er kunnugt, er á morgun sá tími liðinn, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi hafði lengt þingið um, en á hinn bóginn getur fyrst í dag byrjað undirbúningsumræða í stjórnarbótamálinu, sem auðsætt er, að ekki getur orðið til lykta leitt á þessum tíma. Þegar svona á stendur, vildi eg leyfa mèr að skjóta því til hins háttvirta konungsfulltrúa, hvort hann vill lengja þingtímann enn framar, annaðhvort um nokkra daga, sem kynni duga til að ræða þetta mál, eða um þann tíma, sem þarf til að leiða málið til lykta.

Konungsfulltrúi: Eg álít það skyldu mína, að lengja þingtímann þangað til þingið hefir haft tækifæri til, að ræða stjórnarbótamálið til lykta, vegna þess að eg ekki get ábyrgzt þinginu, að eins frjálslegt frumvarp og þetta eptir minni mein-

ingu er, optar verði lagt fyrir þingið. En gagnvart landsmönnum, sem eiga að borga kostnað þann, er þessi óvanalega þinglenging hefir í för með sèr, skal eg geta þess, að hún ekki er orsökuð frá stjórnarinnar hálfu, en eptir því sem liggur fyrir, hefir þingnefndin valdið henni.

Að svo mæltu, skal eg samkvæmt ósk hins háttvirta forseta, lengja þingtímann þangað til búið er að ræða stjórnarbótamálið til lykta.

Forseti: Þá tökum vèr til dagskrár í dag, og kemur til umræðu konunglegt frumvarp til stjórnarskipunarlaga handa Íslandi, Þingmaður Árnesinga er framsögumaður, og mun hann lesa upp nefndarálitið, og skýra þinginu frá því, er honum þurfa þykir.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Eg skal leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 449—475).

Jón Guðmundsson: Eg skal leyfa mèr að lesa ágreiningsatkvæði mitt við nefndarálitið.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 476—481).

Eg skal geta þess, að einungis seinni hlutinn, þar sem eg fer að svara þein 7 meðnefndarmönnum mínum áhrærandi hin nýju niðurlagsatriði þeirra um fjárkröfurnar, er verulegt ágreiningsálit, og að eins um þetta efni, og að eg, út af áskorun forseta um að koma mèr saman við meðnefndarmenn mína, sendi skriflega auglýsingu fyrir neitun undirskriptar minnar.

Forseti: Hvað viðvíkur ágreiningsatriði þingmanns Vestur-Skaptfellinga, skal eg geta þess, að eg verð að skoða hann frá þingsins sjónarmiði, en hvað söguna um það, sem fram hefir farið í nefndinni, þá tel eg hana þinginu alveg óviðkomandi. Eg skal að öðru leyti skýra stuttlega frá stöðu minni til málsins, og hún er þessi; formaður nefndarinnar sendi mèr öll skjöl málsins, og sagði af sèr formennskunni, skýrði mèr um leið fra, að síðari hluti nefndarálitsins væri óupplesinn og ósamþykktur í nefndinni og nefndarálitið óundirskrifað; þetta fól formaður nefndarinnar mèr á hendur að annast, en að öðrum kosti að annast um, að fá nefndarálitið fullgjört og undirskrifað, þetta starf áleit eg mèr sem forseta ekki skylt, og vísaði málinu aptur til formanns nefndarinnar, til þess að hann sjálfur annaðhvort annaðist um, að málið yrði fullgjört í nefndinni, eða þá segði af sèr formennskunni í sjálfri nefndinni, og sæi um, að nýr formaður yrði kosinn, því for-

seti kýs ekki nefndarformenn, heldur nefndirnar sjálfar, og að nefndarálitið yrði leitt til lykta á löglegan hátt. Eg álít því, að þessi seinni hluti komi ekki málinu við, og verði ekki viðurkenndur sem ágreiningsatkvæði; en í fyrri hlutanum aptur á móti liggur hinn verulegi ágreiningur, sem er sá, að þessi nefndarmaður, vill ekki láta nefna árgjaldið frá ríkissjóðnum í þetta sinn. Þetta er framsett í fám orðum í fyrri hlutanum, og þetta atriði er í rauninni hið eina, sem á milli ber, því í hinum atriðunum eru svo að kalla öll nefndin samdóma. Til þessa benti eg þingmanninum, og óskaði, að hann lagaði ágreiningsatkvæði sitt samkvæmt því, og setti það í reglulegt form, og síðan skrifaði undir nefndarálitið eptir skipun laganna; en þessu neitaði hann, eins og eg hefi þegar skýrt þinginu frá. Að öðru leyti er það velkomið, að það, sem út af ágreiningi þessum hefir farið á milli forseta og hins fyrrverandi nefndarformanns, verði lagt fram á lestrarsalinn, svo þingmenn geti kynnt sèr það, ef þeir vilja, en umræður um það álít eg óþarfar, og aðalmálinu óviðkomandi.

Jón Guðmundsson: Eg vona, að eg megi þó svara nokkrum orðum því, sem hinn háttvirti forseti sagði, mèr til rèttlætingar andspænis aðferð þeirri, sem hann hefir beitt við mig í þessu. Þar er allt um ágreining þann, sem hèr er upp kominn milli meiri hlutans og forseta öðru megin og svo mín hinu megin, undir því komið, hvort hið eina og aðalætlunarverk nefndarinnar var það að fjalla um stjórnarskipunarmálið og hafa það til meðferðar og álita eitt sèr, eða fjárhagsaðskilnaðarmálið og fjárkröfurnar líka. Ef það er rètt, sem hinn háttvirti forseti byggir á, að nefndin hafi haft fullar ástæður og tilefni til að taka fjárhagsmálið og fjárkröfur þessar inn í stjórnarskipunarmálið, tengja bæði málin saman og gjöra fjárkröfurnar að einbundnu skilyrði fyrir því, að stjórnarskipunarlögin yrði lögleidd, þá er það satt og rètt sem forseti hèlt fram, að málið hafi ekki verið fullbúið, þegar eg sendi honum það 21. þ. mán., en hafi eg rètt í því, að nefndin hafi einungis átt að fjalla um stjórnarskipunarmálið, þá var málið fullrætt og fullgjört að öllu, þegar eg sendi það frá mèr til forseta (Ýmsir: Nei), Jú, segi eg, því stjórnarskipunarmálið var þá alútrætt í nefndinni, og um það var engi ágreiningur milli nefndarmanna í neinu atriði og því gat enginn ágreiningur risið eptir á, ef að nefndin hefði staðið stöðug í því að halda sèr einungis við ætlunarverk það, sem bæði stjórnin og þingið hefir ætlað henni, en það var frumvarpið til stjórn-

arskipunarlaganna. Það skyldi þá hafa verið út af þeim hinum allra síðasta kafla af ástæðum nefndarálitsins, er einkum laut að bænarskránum, er eg skrásetti þá um morguninn 21. ásamt síðasta kafla ástæðanna við hinar einstöku greinir nefndarfrumvarpsins, sem aldrei var lesið upp á nefndarfundi; en það lítur ekki út fyrir, að ágreiningur hafi orðið um það, því meiri hlutinn hefir, eins og allir sjá, fallizt á allan þann kafla ástæðanna, sem eg hafði skrifað frá bls. 73=85 (í handritinu) óbreyttan, hvað stjórnarskipunarmálið snertir, en einungis breytt til viðvíkjandi bænarskránum, en það var ekki aðalefnið, þurfti og aldrei að valda, og hefði aldrei valdið miklum ágreiningi. Hafi eg nú þess vegna rètt fyrir mèr í þessu, þá hefir ekki verið næg ástæða fyrir forseta að senda málið til nefndarinnar aptur, því eg sem nefndarformaður sendi honum þar alrætt mál og álitsskjal, sem var út til enda ýmist beinlínis samþykkt, en ýmist byggt á samþykktum allra nefndarmanna, nema má ske eins. En ef forseti og meiri hlutinn, getur sýnt og sannað hið gagnstæða, að þetta fjárkröfumál hafi átti að bendlast við stjórnarskipunarmálið, og að það hafi verið rangt að halda ekki báðum þeim málum óaðgreinanlega samtengdum, þá hefi eg rangt fyrir mèr; en það mun aldrei reynast að svo sè. Eg ætla samt ekki að halda þessu til neinnar streytu, eða heimta að gengið sè til atkvæða um þetta efni. En eg mólmæli því hátíðlega, samkvæmt rökum þeim, sem eg hefi tilfært, og sem ítarlega er tekið fram í ágreiningsáliti mínu, að forseti hafi haft rètt fyrir sèr í þessu og eins mótmæli eg í alla staði allri þeirri aðferð sem forseti hefir viðhaft.

Forseti: Mèr sýnist það hljóta að liggja hverjum einum í augum uppi, að fjárhagsmálið er eitt atriði stjórnarbótarinnar. Alþing hefir ávallt verið á því máli; stjórnin hefir lengi haldið hinu sama fram optast nær, og hin konunglega auglýsing til þessa þings setur árgjaldið sem beint skilyrði við, að stjórnarskipunarlögin verði lögleidd. Það er undir þingmanninum komið, hvort hann vill sleppa því, og það að hann vill gjöra það, er hið einasta, sem hann greinir á um við nefndina, að minnsta kosti kannast eg ekki við neitt annað ágreiningsatkvæði frá honum en þetta, því saga sú, er hann sendi mèr um aðgjörðir nefndarinnar, er enginn ágreiningur; hún er þvert á móti málinu óviðkomandi. Einmitt þessi saga þingmanns Vestur-Skaptfellinga sýnir ljóslega

að forseti hefir haft fullan rètt til að breyta eins og hann hefir gjört.

Framsögumaður: Eg álít einnig, að öllum hljóti að liggja í augum uppi að fjárhagsmálið og stjórnarskipunarmálið er í nánu sambandi hvort við annað, en eg álít ógjörandi að ræða um það á þessu stigi málsins. *Hèr* er einungis spursmál um það, hvort að þeir formgallar sèu á nefndarálitinu, að þingið geti ekki tekið það til meðferðar. Þegar nú hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptafellssýslu ekki vill halda þessu til streytu, svo atkvæða sè leitað um það, álít eg að hèr sè eigi um neitt frekar að ræða.

Forseti: Eg álít þá umræðunni lokið um þetta efni, skal eg þá biðja hinn háttvirta framsögumann, fyrst búið er að lesa upp nefndarálitið, að skýra mál þetta eptir því sem honum þykir þörf á.

Framsögumaður: Eg vil leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta forseta, hvort ekki muni haganlegast, að málið sè rætt í köflum sem frumvarpið sjálft skiptir málinu í.

Forseti: Eg álít sjálfsagt, að svo verði gjört, og ef hinn háttvirti konungsfulltrúi og þingmenn ekki hafa neitt á móti því, skal eg fyrst setja fyrsta kafla frumvarpsins til umræðu, svo annan kafla, þá hinn þriðja og síðan hinn fjórða kafla. En hina síðari kaflana, fimmta til áttunda, held eg að megi ræða í einu lagi. Hèr liggur þá nú sem stendur hinn fyrsti kaflinn til umræðu.

Framsögumaður: Hvað þá þenna 1. kafla frumvarpsins snertir, þá vona eg, að það sè fullkomlega ljóst af ástæðunum fyrir nefndarfrumvarpinu, og breytingum þeim, sem nefndin hefir stungið upp á, að grundvallarreglu stjórnarfrumvarpsins sè öldungis ekki haggað. Nefndin hefir einungis farið annan veg til þess að komast að sama takmarki og stjórnin. Aðalbreytingin er nefnilega í því fólgin, að nefndin ræður til heldur að telja upp hin sèrstaklegu mál, er Ísland snerta, en ekki að gefa ákvörðun um hin almennu mál; en þetta er engin breyting á grundvelli frumvarpsins, því ekkert af málum þeim, sem upp eru talin í 5. grein nefndarfrumvarpsins getur heyrt undir ákvörðun þá, sem gjörð er í 3. grein stjórnarfrumvarpsins, eða með öðrum orðum: Nefndin hefir ekki gjört neitt það mál að sèrstaklegu máli, sem stjórnin álítur sameiginlegt. Hvað hinar aðrar breytingar snertir í þessum kafla, þá skal eg einungis geta þess, að þær eru eðlilegar afleiðingar af aðalbreytingunni og standa því og falla með henni.

Konungsfulltrúi: Þegar eg nú skal ræða um nefndarálit það, sem liggur fyrir í þessu máli, er eg í nokkurs konar vandræðum, ekki vegna þess, að eg ekki geti sèð, hverjar uppástungur nefndarinnar eru aðgengilegar og hverjar óaðgengilegar, og sem óumflýjanlega muni spilla málinu, ef þingið aðhyllist þær, og heldur ekki vegna þess, að eg ekki geti sèð, hvað skylda mín uppáleggur mèr með tilliti til þessara uppástungna, því mèr er það full-ljóst, og hefir verið það frá því að eg byrjaði að starfa að málefnum Íslands, að sannleikurinn einn yrði að ráða hèr sem alstaðar, hvar spursmál er um það að grundvalla heill og hagsæld þjóðfèlagsins. En svo margt er í þessu tilliti hingað til forsómað í málefnum þessa lands, að mèr þykir vissulega vandaverk, að gjöra þinginu eins ljóst og það er mèr, að það er rèttarástand landsins, eins og það í raun og veru er, en ekki hugmyndir ýmsra manna um það, þegar þær ekki eru byggðar á góðum og gildum rökum, sem stjórnin og þingið eiga að byggja á stjórnarfyrirkomulag landsins og landsmanna til verulegs gagns um aldur og æfi. En þau vandræði, sem mèr nú þykja mest, þegar nefndarálitið loksins kemur til umræðu hèr í salnum, eru þau, að eg af nefndarálitinu ekki get sèð, hvort það sè alvara nefndarinnar að ráða þinginu til þess að taka á móti hinu konunglega frumvarpi eða að vísa því frá sèr. En mèr þykir þetta mjög svo sorglegt, því vel gæti eg skilið, að menn ekki vildi ganga að skilmálum þeim, sem frumvarpið er bundið við, og vel gæti eg skilið, að mönnum þætti þeir bæði aðgengilegir og æskilegir fyrir land og lýð; en það get eg ekki skilið, að menn eptir 8 vikna umhugsun og umræður sín á milli, ekki geti komizt að neinni fastri undirstöðu um það, hvort frumvarpið sè aðgengilegt í aðalatriðum sínum eða ekki.

Ástæður frumvarpsins eru svo greinilegar og svo skýrar, að enginn efi getur verið um það, að Hans Hátign konungurinn og stjórn hans hefir viljað bjóða landsmönnum frjálst fyrirkomulag á öllum sèrstökum málefnum landsins; en á hinn bóginn getur hver sá maður, sem vill sjá, sèð, að ástæðurnar eru byggðar á alvarlegri og vel yfirvegaðri sannfæringu stjórnarinnar um stöðu Íslands í ríkinu. En nú vil eg spyrja hina heiðruðu nefnd, hvort hún, þegar stjórnin í öðru eins mikilsvarðandi máli og þessu skýrt og skorinort tekur það fram, að hún hafi byggt frumvarpið á föstum grundvelli og grundvallarskoðun, og að þessi grundvöllur sè hin eina rètta — Íslandi hagfelldasta og því ófrávíkjanlegasta

undirstaða undir hinni fyrirhuguðu stjórnarskipun Íslands, — hvort nefndin sjálf heldur, eða vill telja mönuum trú um það, að þessi orð stjórnarinnar ekki sèu alvarlega hugsuð og yfirveguð. Eg get fullvissað þingið um það, að hvert orð, sem sagt er í ástæðunum er vel yfirvegað, og að í öllum þeim atriðum, þar sem stjórnin fer þannig orðum, þá er þetta í fyllstu alvöru og með þeim eindregna vilja ekki að víkja frá þeim. Það er þess vegna einungis til tímaspillingar að ræða um þessi skilyrði; þeim verður ekki breytt; um það get eg fullvissað þingið. En nefndin hefir haft rètt að mæla, þar sem hún segir, að stjórnin ekki hafi ætlazt til að útiloka íhugun þingsins og álít um þessi spursmál, það er að segja: Stjórnin lætur þingið alveg frjálst íhuga, hvort grundvöllur sá, sem eptir grundvallarsannfæringu hennar er sá einasti, sem stjórnarskipun landsins verður byggð á, er samkvæmur skoðun þingsins eður ekki; og ef hann er það, þá getur stjórnin og þingið byggt á honum, en að öðrum kosti á þingið sjálfsagt ekki að aðhyllast frumvarpið. Eg skal þess vegna ekki spilla þingtímanum, sem þegar er svo langt liðinn, með því að hrinda því, sem í þessu tilliti er tekið fram í nefndarálitinu, en eg skal svo skýrt og skorinort sem unnt er, taka það fram, að sèrhver breyting frá þingsins hálfu við þenna grundvöll, sem allt frumvarpið er byggt á, vafalaust mun leiða til þess að ónýta með öllu tilraunir þær, sem hèr eru gjörðar til þess að veita Íslendingum sjálfsforræði og löggjafarvald í sèrstökum málum landsins.

Spursmálið er á þann hátt þetta: Álítur þingið, að grundvöllur sá, sem frá sjónarmiði stjórnarinnar er óraskanlegur, sè hæfur til þess, að á honum verði byggt stjórnarfyrirkomulag landsins um aldur og æfi, eða að hann ekki sè hæfur til þess. En þessi grundvöllur er rèttarástandið sem nú er, og sem skýrt er tekið fram í ástæðunum til frumvarpsins og í 1. kafla þess, og sem eg nú stuttlega skal taka fram. Ísland er óaðskiljanlegur hluti hins danska ríkis, og hefir saman við það ekki að eins sama konung og ríkiserfðir, heldur einnig öll þau málefni, sem útheimtist til þess, að sjálfræði ríkisins sè borgið, eða með öðrum orðum til þess, að land geti kallast ríki; en þessi málefni eru nafngreind í 1. og 3. grein frumvarpsins. Í öllu, sem snertir þessi mál, hefir Ísland og á framvegis að hafa löggjöf og stjórn saman við konungsríkið, en öll önnur mál, sem ekki eru nafngreind í 1. og 3. grein frumvarpsins eru sèrstakleg, og í þeim hefir Ísland og á

framvegis að hafa löggjöf sína og stjórn út af fyrir sig. Þessi er grundvöllurinn, sem á að leggjast á, ef byggja skal; honum má ekki raska. En spursmálið, sem þingið á nú að svara upp á og að ábyrgjast svarið gagnvart landi og lýð, gagnvart landsmönnum sem nú eru og niðjum vorum, er það: Vill þingið á þessum grundvelli reyna til þess að byggja sjálfsforræði landsins, eða vill þingið það ekki. Alþingi hefir — eg hefi fleirum sinnum tekið það skýrt fram, og eg hefi aldrei neitað því eða gefið mönnum neina ástæðu til að álasa mèr í því efni — frjálst ráðgjafarvald, í þessu máli og í öðrum, og eg vil bæta því við, að þingið hefir í þessu máli í raun og veru meira vald en eintómt ráðgjafarvald; það hefir samþykkjandi vald, því Hans Hátign konungurinn vill ekki — um það get eg fullvissað þingið — oktroyera nein ný stjórnarskipunarlög handa Íslandi, án samþykkis þingsins, en hann mun — um það get eg einnig fullvissað þingið — eins og segir á bls. 23 og 24, ef þingið ekki aðhyllist þann grundvöll, sem hann álítur þann eina rètta —, álíta það vott um, að árangurslaust muni vera að svo stöddu að gjöra neinar frekari tilraunir í þessu efni; — en fari svo, þá er það áform konungs, að beita þeim gildandi lögum, eptir orðum og tilgangi þeirra, og á þann hátt binda enda á það ástand, sem hefir myndast þessi síðustu ár, þar sem spursmálið um stjórnarbreytingar hefir svo að segja dagsdaglega haft áhrif á öll önnur mál landsins. En þetta hefir haldizt of lengi — um það held eg að allir landsmenn, að minnsta kosti þeir, sem óhlutdrægir eru í sjálfri meðferð málsins, sèu mèr samdóma; — og út úr þessu ástandi á landið og stjórn þess að komast; þess vegna held eg, að þingið eigi að vera þakklátt móti konunginum, bæði vegna þess, að hann hefir fastráðið að leiða þessar umræður um stjórnarmálið til lykta, og vegna þess, að hann hefir gjört það á þann hátt, sem nú liggur fyrir, með því að bjóða landinu sjálfu forræði í öllum málum, sem snerta Ísland sèrstaklega, og stjórnarfyrirkomulag, þess efnis, að nefndin bls. 8 fer um það þeim orðum: »Þessir kaflar (II—VIII.), er innihalda almennar og skipulegar ákvarðanir um stjórnarfyrirkomulag hinna sèrstöku mála Íslands, eru að áliti nefndarinnar frjálslegir og aðgengilegir yfir höfuð að tala og sèrstaklega verðum vèr að taka það fram, að VI (á að vera IV), kaflinn, að því lýtur að sjálfsforræði Íslendinga og skattgjafar- og fjárveitingaratkvæði alþingis, frambýður það fyr-

irkomulag, sem tekur langt fram því, er stjórn konungsins hefir gjört Íslendingum kost á til þessa».

Nú er hið alvarlega og ábyrgðarmikla spursmál til þingsins: Vill þingið taka á móti þessum frjálslegu boðum konungsins, eða vill það vísa þeim frá og fresta stjórnarbótinni í óákveðinn tíma? Eg vona fastlega, að hver þingmaður svari upp á þetta spursmál eptir sannfæringu sjálfs sín, og eg skal fyrir mitt leyti ekki reyna til þess að takmarka atkvæðisfrelsi þingmanna í þessu máli eða í öðrum. Frelsið til að gefa atkvæði, og ábyrgðin, sem með því er sameinuð, er eptir sannfæringu minni nægileg til þess, hvort á sinn hátt að sýna þingmönnum veg þann, sem þeir eiga að fara; ef vèr ekki getum haft það traust til frelsisins í þessu máli, þá erum vèr enn þá ekki fullvaxnir því að taka á móti sjálfsforræði og stjórnarfrelsi. Margir merkustu menn, sem þekkja landsmenn sína vel, hafa viljað telja mèr trú um það, að Íslendingar enn þá ekki væri fullþroskaðir til frelsis, en eg hefi ekki viljað trúa þeim, og þó að trú minni fleirum sinnum þessar síðustu vikur kunni að nokkru leyti að vera haggað —, hefi eg hana þó enn þá og treysti því, að það sem oss vantar, það muni frelsið sjálft gefa oss.

Eg held, að eg nú hafi nægilega skýrt tekið fram, hvernig stjórnin lítur á málið, sem nú liggur fyrir þinginu, og eg held, að eg með því einnig hafi gjört skyldu mína gagnvart landinu og þinginu. Þingið hlýtur að sjá, að í þessu máli og öðrum hefir ekki að eins þingið frjálst atkvæði, en stjórnin, konungurinn hefir að minnsta kosti eins frjalst atkvæði; hann hefir það eptir lögunum á hærra stigi en þingið, því eptir þeim ber honum úrskurðarvaldið en þinginu ráðgjafarvaldið, þó að hann nú í þetta skipti bjóði þinginu samþykkjandi vald. Þegar nú svo er ástatt, held eg, að eg einmitt hafi gjört skyldu mína gagnvart landinu og þinginu með því að hafa tekið skýrt fram, með hverjum skilmálum konungurinn nú býður þinginu sjálfsforræði. Þingið á nú með frjálsum atkvæðum að skera úr því, hvort þessir skilmálar sèu aðgengilegir frá þingsins sjónarmiði eður ekki — en það tjáir ekki að vilja raska grundvellinum, hann stendur fastur, og eg ætla ekki að spilla þingtímanum með því að vernda þenna grundvöll, því hann þarf ekki minnar verndar við.

Eg skal nú snúa orðum mínum til breytinga þeirra, sem meiri hluti nefndarinnar hefir stungið upp á við 1. kafla frumvarpsins, og með tilliti til þeirra taka það fram, sem nú skal greina:

Við 1. grein. Þó að það má ske geti verið samkvæmara eldri yfirlýsingum einvaldskonunganna til Íslendinga að orða upphaf greinarinnar þannig, sem nefndin hefir stungið upp á, þá er það alveg ósamkvæmt stöðu ríkisins sem nú er, að greina á milli erfðalands Danakonungs og Danaveldis; þess vegna er þessi breyting, ef hún á að eins að vera orðabreyting, mjög óheppileg og þýðingarlítil, en ef hún á að vera efnisbreyting, alveg óaðgengileg, eptir því sem eg áður hefi tekið fram. Eg skal þess vegna ráða þinginu frá, að gefa þessari uppástungu atkvæði sitt. Á móti því að greinir þær úr hinum endurskoðuðu grundvallarlögum frá 28. júlí 1866, sem skýrskotað er til í þessari grein, verði að tengjast aptan við þessa stjórnarskrá Íslands hefi eg ekki neitt.

Um 3. grein hefi eg áður tekið það fram, sem nauðsynlegt er til þess að sýna, að breytingaruppástunga nefndarinnar er alveg óaðgengileg, og að hún, ef hún verður samþykkt af þinginu, óumflýjanlega mun spilla öllu málinu. Eg skal hèr að eins bæta því við, að mèr þykir það í sjálfu sèr þýðingarlítið, hvort menn, þegar á að ákveða, hver mál sèu sameiginleg og hver sèu sèrstakleg, kjósa þann veg að nafngreina hin sameiginlegu og þá ákveða, að öll önnur mál sèu sèrstök, eða þann veg, að telja upp öll sèrstöku málin, og þá ákveða, að öll önnur mál sèu sameiginleg. Hinn fyrrnefnda veg fer frumvarpið, en hinn síðarnefnda veginn fer breytingarûppástunga meiri hlutans. Ef upptalningin í báðum tilfellunum er alveg nákvæm og greinileg, þá verður árangurinn sjálfsagt hinn sami, en þess er vel gætandi, að af því að öll mannaverk eru ófullkomin, þá getur þess konar upptalning einnig verið það, og hún verður það með tímanum, af því að aldirnar skipta og með þeim þarfir og hugmyndir manna, — en þá er vafalaust regla frumvarpsins Íslandi langtum meira í hag en meiri hlutans, sem miklu optar mun gefa tilefni til ágreinings um það, hvað sè sèrstaklegt, og hvað sameiginlegt. En það, sem gjörir uppástungu meiri hlutans með öllu óaðgengilega, er það, að hún gjörsamlega raskar grundvelli stjórnarlaganna með því að hún lætur alveg óákveðin hin sameiginlegu mál landsins, og gjörir ráð fyrir, að þessi nú sem stendur ekki verði ákveðin. 6. grein meiri hlutans er í raun og veru að eins orðabreyting til síðara kafla 3. greinar frumvarpsins, því það er skilyrði, sem sèrhver konungsúrskurður gjörir ráð fyrir, að Hans Hátign fyrr en

hann leggur úrskurð á eitthvert mál, leiti skýrslu hlutaðeiganda ráðgjafa.

6. grein frumvarpsins. Á móti orðabreytingu þeirri, sem nefndin hefir stungið upp á, hefi eg ekki neitt.

Framsögumaður: Eg held að eg hefði ekki minni ástæðu en hinn hæstvirti konungsfulltrúi til þess að segja, að eg væri hèr í vandræðum staddur, og það af þeim ástæðum, sem flestum þingmönnum munu vera ljósar, og ef til vill ekki sízt af þeirri ástæðu, að eg held, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi hafi nú vakið allt of mikinn mismun og misskilning milli stjórnarfrumvarpsins og nefndarinnar, eptir því sem hinum hæstvirta konungsfulltrúa fórust orð. Eg játa, að ástæðurnar fyrir frumvarpi stjórnarinnar muni vera frá hennar stjórnarmiði af góðu einu runnar og samdar eptir vandlega yfirveguðu ráði. En eg held einnig, að frumvarp nefndarinnar lýsi því, að nefndin hafi eigi að eins hugsað alvarlega um mál þetta heldur einnig einmitt byggt á því, sem eg nú sagði og konungsfulltrúinn heldur fram sem *mótbáru* gegn nefndinni. Eg held nú því að rettast sè að líta svo á hvorttveggja, að bæði reyni til að komast að hinni sömu og sönnu niðurstöðu. Eg get annars ekki skilið, hvernig á að álíta það rèttarástand lands, sem á að breyta, óhaggandi grundvöll nema með *þessum* augum sè litið á málið. Eg get heldur ekki skilið, að það sè meining stjórnarfrumvarpsins, að minnsta kosti ekki jafnsterk og orðin virðast að benda til, að ekki megi setja *þessa hina einu og sömu grundvallarhugsun*, að Ísland fái sem haganlegasta stjórn sinna málefna í sèrskildum málum og tengist löglega við Danmörku á eðlilegan hátt í almennum málum, fram með *neinu* öðru móti en *stjórnin* hefir gjört. Hèr veltur nefnilega ekki á ástæðum heldur augnamiði og endalykt. *Þó* nefndin því ekki byggði á eins góðum ástæðum og stjórnin, þá gjörir það ekkert til, ef hún fylgir sama aðalaugnamiði og málalokum. Eg held það sè sannast sagt, að fyrir nefndinni hafi vakað sú hugsun og nauðsyn að reyna til að komast að sömu undirstöðu og frumvarp stjórnarinnar; eg vona og, að ljós og skýr þráður gangi gegnum nefndarálitið sem sanni þetta fullkomlega fyrir hverjum þeim, sem skilið getur og skilja vill, og þessu til sönnunar vil eg geta þess, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi las einmitt sjálfur upp nokkrar greinir úr nefndarálitinu, sem hann byggði á sína eigin skoðun á málum. Það gleður mig þannig að heyra af hins hæstvirta konungsfulltrúa eigin munni, að það hlýt-

ur líka að vaka fyrir honum sú aðalhugsun, að nefndin vilji hið sama sem stjórnin, *þó* hið factiska ástand væri aldrei nema þannig lagað, að *ekki* væri rètt að leggja það til grundvallar í þessu alsherjar máli Íslands.

Hvað 3. grein að öðru leyti snertir, þá get eg ekki sèð, að nefndin hafi breytt grundvallarreglu frumvarpsins með því að telja hin sèrstöku mál, nema að það sè augljóst, að hún hafi talið eitthvað það meðal hinna sèrstaklegu mála, sem stjórnin telur meðal hinna sameiginlegu. Þessu vil eg fá sönnun fyrir; því sè þetta ekki gjört, þá er grundvallarreglum frumvarpsins ekki raskað. En þessi sönnun er ómöguleg eptir setningu sjálfs hins hæstvirta konungsfulltrúa. Því það er öldungis satt, sem hann sagði, að á sama ætti að standa, hvort hin sèrstöku mál væri talin, eður hin sameiginlegu, því í fyrra tilfellinu stæði hin sameiginlegu málin í mótsetning til hinna sèrstöku og í seinna tilfellinu stæðu hin sèrstöku í mótsetning við hin almennu. Þetta sýnir þó sannarlega ljóslega, að enginn grundvallarbreyting er gjörð á grundvallarreglum stjórnarfrumvarpsins 1. kafla. En viðvíkjandi því aptur, að nefndin kaus heldur þann veginn að telja upp hin sèrstöku málin, þá vil eg geta þess, að eg og nefndin hlutum að hafa það fyrir augum, að þessi vegur stæði í nánara sambandi við hinn síðara kafla frumvarpsins, sem er mergur málsins, en hinn 1. kafla þess, sem ekki getur verið aðalatriðið. Því *aðalhugsun* sú sem í frumvarpi stjórnarinnar auðsjáanlega liggur, er að gefa Íslendingum *frelsi út af fyrir sig í sèrstökum málum,* en ekki að gefa lög um hin almennu mál; þannig að það *byndist sem fastast saman við Danmörku*; *þetta* getur enginn, og, að mig vonar, allrasízt hinn hæstvirti konungsfulltrúi leitt út úr frumvarpinu nè heldur hlutarins eðli. Það er þannig að vísu sannarlega grundvallarregla frumvarpsins, sem *ekki* má hagga, að *þau* mál skuli vera *sameiginleg* sem, eptir að stjornarbótin er á komin, geta verið það eptir hlutarins eðli, og ástandi landsins, en hitt er jafnhelg og óhaggandi grundvallarregla, þessi, að Ísland fái *frjálslega þjóðstjórn í öllum sèrstaklegum málefnum landsins, sem eigi eptir hlutarins eðli snerta Danmörku.* Þegar nú þetta hlýtur að standa fast, þá þykir mèr það undarleg mótbára hjá hinum *hæstvirta konungsfulltrúa* gegu nefndinni, að hún hafi valið það í þessu efni, sem í rauninni sè óaðgengilegra fyrir *landsmenn,* því þetta atriði getur þó sannarlega engan veginn hindrað stjórnina frá að gefa oss þá stjórnarbót sem

nefndin fer fram á; því ef vèr heimtum *meira* en stjórnin vill gefa, þá er það að vísu mögulegt, að stjórnin eigi vilji ganga að því, en ef vèr heimtum *minna* en stjórin býður oss, þá álít eg það óhugsandi, að *þessi* breyting sè óaðgengileg fyrir stjórnina. Eg sannfærist þess vegna æ betur og betur um, að nefndin hafi farið rètt að, því það er auðsætt, að því minna sem vèr heimtum og því vægara vèr förum að, því líklegra er, að vèr fáum ósk vora, og að nefndin hefir farið í þessa stefnu, hefir sjálfur hinn hæstvirti konungsfulltrúi, einmitt tekið fram. Að öðru leyti skyldi eg fyrir mitt leyti, vera fús á, að gjöra breýting á þessu aðalatriði málsins, ef það væri málinu til gagns, og skal eg nú nákvæmlega yfirvega, hvort það sè ekki rètt sem eg hefi sagt. Eg vona, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi taki til greina, að eg hugsa af lífi og sál um mál þetta í sömu átt og hann, og það veit eg, að bæði nefndin og allt þingið gjörir líka, svo eg vona, að engin sú misklið geti komið, er hindri framgang máls þessa, í hina happasælustu stefnu fyrir stjórn, land og lýð, jöfnum höndum. Hvað upphafið á fyrstu grein að öðru leyti snertir, þá játa eg, að breyting nefndarinnar er ekki sem heppilegust, en frumvarpið er sannarlega ekki heldur sem heppilegast orðað, en eg held að þetta mætti lagast, og vil áskilja mèr og nefndinni rètt til breytingaratkæðis í þá stefnu.

Jón Guðmundsson: Eg vildi segja fáein orð, um fyrsta kafla frumvarpsins út af athugasemdum hins hæstvirta konungsfulltrúa. Honum þótti óheppileg breyting nefndarinnar á 1. grein, og kunni ekki við að hafa *erfðaland,* eptir því sem nú væri komið stjórnarfyrirkomulaginu í Danmörku; en Ísland hefir frá fornu og nýju í margar aldir verið erfðaland Danakonungs, og nefndin vildi því viðhafa þetta orð, ekki svo til þess að tákna þar með, að Ísland væri *enn* erfðaland *konungsins*, heldur að landið, sem fyrrverandi erfðaland Danakonunganna, væri nú einn hluti Danaveldis og þannig eins óaðskiljanlegt frá ríkisheildinni eins og einn óðals og erfðaeignarhluti væri frá öðrum eða frá eignarheildinni. Orðið «*óaðskiljanlegur*» eða «*óaðskiljanlegt*» hefir opt og einatt verið haft einkum í eldri lögum, og á tímum einvaldskonunganna, en samt hefir sá landshluti eður annað, sem hefir þannig átt að tákna og sem óaðskiljanlega samtengt, einatt reynzt næsta sundurlaust og valt eður *aðskiljanlegt*; auk þess er orðið líka næsta ófagurt eptir íslenzku máli. Með orðinu sem «erfðaland» er Ísand svo óaðskiljanlegur hluti Danaveldis sem mögulegt er að lýsa og ákveða

með orðum. Hvað 3. og 5. grein snertir, þá get eg ekki sèð nè skilið, að grundvelli þeim sè raskað, sem sambandið milli Dana og Íslendinga stendur á, eins og mèr fannst hinn hæstvirti konungsfulltrúi vilja gefa í skyn; en til þess þyrfti þá að sanna, að grundvöllurinn væri allur annar en hann var 1851, því í frumvarpi því, sem stjórnin lagði þá fyrir þjóðfundinn, var höfð hin sama niðurskipun og upptalning, sem sú er nefndin hefir fylgt, það er að segja að telja upp hin sèrstaklegu mál en ekki hin sameiginlegu. Eg verð því að álíta, að nú sè gengið út frá sama grundvelli og þá, að minnsta kosti vantar skýringu frá stjórnarinnar hálfu um, að hann sè breyttur að þessu leyti. Annað mál er það, hvort uppástunga nefndarinnar sè heppilegri fyrir oss Íslendinga og niðja vora, heldur en upptalning frumvarpsins á sameiginlegu málunum; þar um mætti víst margt segja, bæði fyrir því og á móti því. Eg ætla, samkvæmt því, er eg gjörði ráð fyrir í nefndinni, að áskilja mèr breytingaratkvæði við 3. og 6. grein nefndarfrumvarpsins, því mèr sýnist hún ekki nà til alls þess, sem stjórnin gjörir ráð fyrir í síðari kafla 3. greinar í frumvarpi sínu.

Jón Pètursson: Eg veit að allir samhuga óska þess, að betra skipulag komist á stjórn vora, en verið hefir. Hvað 1. greinina snertir finnst mèr byrjun hennar vera eins heppilega orðuð í frumvarpi stjórnarinnar eins og hjá nefndinni; að eins kann eg betur við að hafa »Danaveldis« í staðinn fyrir »Danmerkur ríkis«, en svo vil eg bæta þar við »með sèrstökum landsrèttindum« (*Jón Guðmundsson*: Það á ekki við í grundvallarlögum), því það er þó auðvitað, að stjórnin skoðar Ísland öðruvísi en Jótland. Þetta liggur líka í sjálfu frumvarpinu (*Jón Guðmundsson*: Einmitt þess vegna er það óþarft), en það er langtum betra, að taka það með berum orðum fram einmitt í upphafinu sjálfu, um leið og því er lýst yfir, að það sè hluti Danaveldis. Grundvallarlög Danmerkur geta breyzt með tímanum, og þess vegna vil eg sleppa aptan af 1. greininni frá orðinu »eru« skulu ávalt sömu lög gilda á Íslandi og Danmörku. Því eg vil að ávalt gildi sömu grundvallarlög fyrir Ísland og Danmörku, og það, þótt grundvallarlög Danmerkur breytist, og vil eg því áskilja mèr breytingaratkvæði í þá stefnu. Viðvíkjandi 3. og 5. grein stjórnarfrumvarpsins, skal eg geta þess, að eg álít það hið sama, hvort menn telja upp þau mál, sem eru sameiginleg fyrir Ísland og Danmörku, eða að eins þau mál, sem eru sèrstakleg fyrir Ísland, eins og nefndin hefir gjört, en mèr

sýnist þetta síðarnefnda allt eins viðkunnanlegt. Ef hinn hæstvirti konungsfulltrúi samt álítur, að uppástunga nefndarinnar verði því til fyrirstöðu, að frumvarpið fái samþykki stjórnarinnar (*Jón Guðmundsson*: Konungs), þá vil eg heldur samþykkja frumvarp stjórnarinnar. Það stendur í 3. greininni í stjórnarfrumvarpinu, að »konungur skuli kveða á um, hversu mikið tillagið skuli vera», svo er aptur ákveðið, að konungur og alþingi setji með lögum, hvernig það skuli goldið af landinu, og loks heitir, að konungur ákveði með lögum, hvernig Ísland eigi að taka þátt í stjórn sameiginlegu málanna, en á þessum síðastnefnda stað er ekki talað um, með hvaða lögum þetta skuli skè (*Jón Guðmundsson:* Jú). Danir munu skilja þetta, ef það verður ekki nákvæmar orðað, sem það muni eiga að vera með lögum, er komi út í gegnum ríkisdaginn, því þeir kalla nú ekki annað lög; en mèr sýnist þetta ætti að vera ákveðið með sameiginlegum lögum, því það áhrærir bæði stjórn Danmerkur og Íslands í sameiningu, eður rèttara, mèr sýnist, að bæði ríkisdagurinn og alþingi ættu að taka þátt í þeirri löggjöf, og því berast upp fyrir hvorutveggju. Viðvíkjandi 6. grein frumvarpsins skal eg geta þess, að nefndin hefir þar í sinni 7. grein byggt á «Forudsætning», sem eg veit ekki, hvort fær framgang hèr á þinginu eður hjá konungi, og finnst mèr sú breyting óþörf, eins og hinum hæstvirta konungsfulltrúa. Eg veit ekki heldur gjörla, hvað nefndin hefir meint með viðauka þeim, er nefndin hefir gjört við 4. grein stjórnarfrumvarpsins, «þó með þeim hætti, er segir í 3. grein«, því það stendur ekkert um það í stjórnarfrumvarpinu (*Jón Guðmundsson:* Það er ekki von). *Forseti*: Það stendur í 3. greininni í frumvarpi nefndarinnar.

Framsögumaður: Eg skal geta þess, að breytingaratkvæði hins háttvirta 4. konungkjörna þingmanns við 1. grein vel getur sameinazt við skoðun nefndarinnar; því ef þetta frumvarp verður að lögum, þá verða hver grundvallarlög um sameiginleg mál milli Íslands og Danmerkur sem eru «eo ipso» lög á Íslandi; eg vil og leyfa mèr að spyrja þingmenn að því, hvort það muni vera nokkur mál, sem falla undir 3. grein stjórnarfrumvarpsins, sem ekki einnig falli undir 3. grein nefndarinnar. Meining stjórnarfrumvarpsins getur hvort sem er aldrei verið sú, að Ísland skuli vera *hlutlaust* af löggjöf og stjórn sameiginlegra mála, en *hluttakandi* í byrðum þeim, sem af þeim rísa. Eg skal og geta þess, að eg efast um, að upptalning stjórnarinnar í 3. grein sè fullkomin,

enda er þess ekki að vænta, þegar að öllu er gætt, sem þar að lýtur. Á móti 6. grein nefndarinnar hafði hinn hæstvirti konungsfulltrúi ekki neitt að segja, enda er hún og eðlileg.

Eiríkur Kúld: Út af orðum hins hæstvirta konungsfulltrúa, þori eg ekki annað en að taka mèr breytingaratkvæði við 3. grein stjórnarfrumvarpsins, ef henni verður haldið óbreyttri, þannig, að orðin: »*vörn ríkisins á landi og máske »sjó«, ríkisskuldir og ríkiseignir*», verði felld úr.

Jón Guðmundsson: Eg skal geta þess, að eg er að miklu leyti á sömu skoðun sem hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður með tilliti til breytingaratkvæðis hans við 3. grein, og vona eg að geta sameinað mig við hann um það, og þá þingmann Borgfirðinga báða.

Konungsfulltrúi: Það er verulegur misskilningur, — ekki frá minni hálfu og stjórnarinnnar, eins og hinn háttvirti framsögumaður tók fram, heldur frá hálfu beggja hinna háttvirtu nefndarformanna, — að frumvarpið að eins væri til laga um sèrstök málefni Íslands, því það inniheldur bæði ákvarðanir um sameiginleg mál, nefnilega í 1. til 4. gr., og um þau mál, sem eru sèrstakleg fyrir Ísland í hinum öðrum greinum þess.

Hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga benti mèr og þinginu til þess, að stjórnin 1851 í frumvarpi því, sem hún þá lagði fyrir þjóðfundinn, hefði einmitt haft hina sömu upptalningu á hinum sèrstöku málefnum Íslands, sem nefndin hefir tekið upp í 5. grein sína; eg þekki fullvel til þess, sem framfór 1851, en hinn háttvirti þingmaður gleymir því, að við þetta frumvarp stjórnarinnar, sem að eins snerti hin sèrstöku málefni, voru tengd grundvallarl. 5. júní 1849 í heild sinni, en í frumvarpi því, sem hèr liggur fyrir, eru þessar ákvarðanir, hvað hin sameiginlegu mál Danmerkur og Íslands snertir, teknar upp í 1. til 4. gr.

Hinn háttvirti varaþingmaður Barðstrendinga sagði, að hann mundi svo framarlega sem 3. grein stjórnarfrumvarpsins yrði haldið, gjöra þá litlu breytingaruppástungu að orðin: »vörn ríkisins á landi og sjó» og »ríkisskuldir» yrðu felld úr greininni. Þetta kynni nú að vísu máske í fyrstu að virðast lítil breyting, en hún er þó þannig löguð, að hún gjörsamlega raskar aðalgrundvallarreglu stjórnarfrumvarpsins, sem er rèttarástand landsins sem nú er, en þetta er eins og nefndin hefir tekið fram við konungal. 14. nóvbr. 1665, að svo miklu leyti sem hin sèrstöku mál snertir; þar á móti hefir

nefndin ekki rètt að mæla í því, þar sem hún í ástæðum sínum segir, að konungalögin sèu gildandi fyrir öll mál, því í hinum sameiginlegu málefnum gilda grundvallarlögin 5. júní 1849 eins og ástæður frumvarpsins skýrt taka fram. Það dugar ekki að segja, að þessi sameiginlegu mál enn þá sèu óákveðin, að svo miklu leyti sem þau snerta Ísland, því einmitt vegna þess, að þau eru og hafa verið og framvegis eiga að vera sameiginleg fyrir Danmörk og Ísland, — geta þau að eins ákveðist í sambandi hvort við annað, eins og vafalaust er gjört við grundvallarl. 5. júní 1849. Ástæður frumvarpsins skýrskota í þessu tilliti — eg held nægilega skýrt — til þess, sem fór fram á ríkisfundinum í Kaupmannahöfn 1848—49 og til þess sem skýrt er tekið fram í konungsbrèfi frá 23. sept. 1848 um það, að Ísland var repræsenterað á ríkisfundinum, þó að þetta eptir kringumstæðunum ekki gæti skeð alveg á sama hátt og fyrir hina hluta Danaveldis.

Framsögumaður: Út af því sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, gleður það mig, að hèr er ekki um annað að tala en misskilning milli þess, sem nefndin hugsaði sèr og orða hans, sem einmitt lúta að því, að hann hafi misskilið nefndina. Það er rètt og satt, að grundvallarlögin frá 5. jún. 1849 hafa þau áhrif á Ísland með tilliti til sameiginlegra mála, að þau hlutu og áttu að *verða* lög á Íslandi með tilliti til hinna sameiginlegu mála; en að þau sèu *orðin* gildandi hèr á landi, get eg ekki sèð, því enda mundi og stjórnin þá *ekki* hafa lagt þetta frumvarp fyrir, sem þingið nú á að leggja samþykki sitt á. Því þar stendur einmitt að þingið *fallist á* grundvallarlögin 1849 um sameiginleg mál, en þetta gat ekki átt sèr stað um gildandi lög. Konungalögin 14. nóv. 1865 eru þar á móti þau einu formelt gildandi stjórnarlög hèr á landi, og þingið á nú því að *stíga það fet, að* af nema þau, og samþykkja grundvallarlög Danmerkur í sameiginlegum málum. Eg fyrir mitt leyti vil fúslega styðja að því, að grundvallarlögin frá 1849 *verði* lög hèr á Íslandi í sameiginlegum málum; en eg vil eins fúslega styðja að því, að sýna og sanna, að þau *sèu* ekki lög á Íslandi enn sem komið er.

Jón Sigurðsson: Eg skal leyfa mèr frá mínu sjónarmiði og sem nefndarmaður að gjöra grein fyrir breytingu nefndarinnar við 3. grein stjórnarfrumvarpsins, og get eg þá fullvissað þingið um, að það var engan veginn tilgangur nefndarinnar að raska grundvelli stjórnarfrumvarpsins, eins og framsögumaðnr hefir þegar gjört

grein fyrir. Konungsfulltrúi sagði í ræðu sinni, að öll upptalning, hvort heldur er á sameiginlegum eða sèrstaklegum málum væri ófullkomin, því slík upptalning gæti aldrei orðið tæmandi eða tryggjandi; eg játa og að þetta sè rètt, og það var einmitt þetta, sem kom nefndinni til að telja upp hin sèrstaklegu málin í staðinn fyrir hin sameiginlegu, því ef stjórnin gengur inn á 5. grein nefndarinnar, þá getur ekki verið neinn vafi um, að þau mál, sem þar eru upp talin, sèu sèrstakleg.

Jón Hjaltalín: Eg skal leyfa mèr að skýra þinginu frá, hvers vegna eg tók mèr ágreiningsatkvæði mitt. Eg sá, þegar eg las stjórnarfrumvarpið, hvílikt vandamál að nefndinni var fengið í hendur gagnvart þingi og stjórn; þingi og þjóð er og var kunnugt, að þetta 18 ára stjórnarástand hèr á Íslandi var óþolandi; eg vil ekki dæma um, hverjum þetta var að kenna. Þess vegna áleit eg það vera skyldu nefndarinnar að sjá enda á þessu ástandi, sem þegar átti að vera útkljáð fyrir 17 árum. Þegar eg las frumvarpið, sá eg það var gott og hagkvæmt fyrir oss Íslendinga; eg vissi og, að hèr að hafði unnið sá maður, sem hafði lagt alla sína krapta fram, sem Íslendingur, að vinna fósturjörðu vorri gagn, og þó mèr í fyrstu sýndust ýmsar misfellur á frumvarpinu, þá hurfu þær þó, því optar sem eg las frumvarpið og urðu nærfellt að engu. Þegar svona er ástatt, þá gat eg ómögulega eptir minni sannfæringu gengið eins langt og nefndin hefir gjört í breytingum sínum, því eg sá, að þetta eigi gat orðið oss til nota. Setjum nú, að stjórnin ekki gangi að breytingum nefndarinnar! Hver verður þá niðurstaðan? Ekki önnur en sú, að við göngum beint aptur á bak, eða göngum á bak aptur að árinu 1843. Eg fyrir mitt leyti vil áfram en eigi aptur á bak, og get eg því í ýmsum greinum eigi verið með nefndinni. Mèr fannst að vèr með orðabreytingum hefðum getað gjört stjórnarfrumvarpið gott; í stað þessa hefir nefndin farið aðra leið, og það máske þar sem verst gegnir, þar sem stjórninni þykir verulegar breytingar. Eptir orðum konungsfulltrúa, sem eg veit að hefir lagt sig fram í þessu máli, og líka veit, að er oss Íslendingum velviljaður, og sjálfur er hann líka nokkurs konar Íslendingur, verð eg að vera á móti öllum þessum breytingum, þess vegna skildi eg við nefndina. Nú vona eg, að þingið líti á málið með rósemi; eg vil eigi bera það ansvar móti þjóð og stjórn, að málinu verði hafnað; en vèr verðum að gá að því, að þá megum vèr eigi fara einu feti lengra en kon-

ungsfulltrúi bendir oss. Það sem hefir legið til grundvallar fyrir nefndinni, er sá sami (andi?), sem nú um stund hefir gengið fjöllum hærra um heiminn og sett Europu í bál og brand; það er höfðatalan, það er árafjöldinn sem á að gjöra það. Þetta hefir eigi legið í láginni, hvorki hèr á landi nè annarstaðar. En mundi þetta koma vel heim við veraldarsöguna. Hèr þurftu menn nú að fara að spana sig, og mæla á móti konungkjörnu mönnunum (Margir: Það er verið að tala um 1. kaflann). Eg hefi leyfi til að forsvara mig og gefa ástæður fyrir ágreiningi mínum við nefndina, og spyr því engan um hvort eg megi tala. Þessi þanki, sem eg gat um, kom fram, þegar menn fóru að skoða sig gagnvart stjórninni. Stjórnin til tók vissa menn sem konungkjörna, en það líkaði mönnum eigi (*Forseti*: Það er bezt að geyma þetta). Jæja, eg get geymt það, þangað til seinna, ef forseta fellur það betur. Þegar eg var í nefndinni, hafa meðnefndarmenn mínir eigi viljað virða mig sem minni hluta, og ætla eg að slíkt sè á móti þingsköpum; nú erum við tveir minni hlutarnir. Eg vil geta þess, að eptir undirtektum og orðum hins háttvirta konungsfulltrúa, þá gjöri eg að svo stöddu engar breytingar.

Hjálmur Pètursson: Út af orðum hins hæstvirta konungsfulltrúa vil eg geta þess, að eg skal vera fús á að láta í ljósi þakklæti mitt fyrir frumvarp þetta, að svo miklu leyti sem mèr er mögulegt, og að því leyti sem mèr finnst það þakklætisvert; en eg verð að játa, að eg get ómögulega hrósað því að öllu leyti, hvorki sumum einstökum greinum þess, nè heldur hversu það er komið oss til handa, því eins og öllum er kunnugt, er það komið fyrir þetta þing, þvert í móti óskum þings vors og þjóðar, og þvert í móti margyfirlýstum vilja stjórnarinnar að undanförnu, nefnilega þeim vilja, að sljórnarbótar- og fjárhagsmálið ætti í heild sinni að leggjast fyrir þing í landinu, án þess að neinar ástæður sèu færðar fyrir sundurskiptingu málsins. Samt er það ekki meining mín að mæla í móti, að frumvarp þetta sè tekið til ítarlegrar yfirvegunar, eins og mèr finnst nefndin hafa gjört, og ber álit hennar þess ljósan vott, að hún hefir reynt til að sameina skoðun sína o. s. frv., að því leyti sem hún hefir álitið rètt; en eins og eg vil vera hæfilega þakklátur fyrir frumvarpið, eins verð eg líka alvarlega að láta í ljósi, að eg álít ógjörning að fallast á það í öllum greinum, og hins vegar álít eg fyllstu skyldu þingsins, að hopa ekki eitt fótmál frá því sem vèr höfum álitið og álítum enn,

oss hafa rètt til, nè frá því, sem vort sanna frelsi útheimtir, allrasízt á þessum tíma og á þessu stigi málsins.

Hvað viðvíkur fyrsta kafla, o. s. frv. sem nú liggur fyrir til umræðu, þá skal eg geta þess, að eg vil áskilja mèr breytingaratkvæði við 1. gr. líkt því sem hinn 4. konungkjörni þingmaður áskildi sèr, og kann vera að við getum komið okkur saman um það; eg hefi hugsað mèr það þannig, að í staðinn fyrir, »óaðskiljanlegur hluti Danmerkurríkis», komi: einn hluti Danaveldis með sèrstökum landsrèttindum. Að öðru leyti hefi eg að þessu sinni ekki fleira að athuga við þenna kafla frumvarpsins.

Arnljótur Ólafsson: Eg er sannfærður um, að allir þingmenn finna nú til ábyrgðar þeirrar, sem á þeim liggur, ábyrgðar, sem þeir hafa eigi einungis fyrir sjálfum sèr og þjóð þeirri, sem nú lifir, heldur fyrir öldum og óbornum. Þessi ábyrgð er tvenn, maður má eigi ganga að neinu boði, sem sè eða geti orðið til skaða, en hins vegar má maður eigi hafna neinu góðu boði, sem geti orðið oss til heilla. Að þræða þann milliveg, en forðast báðar þessar villigötur er skylda vor, og ábyrgðin er að oss eigi skeiki. Þegar eg hugsa til sjálfs mín, þá býst eg við, og hinu heiðraða þingi er kunnugt um, að eg hefi fulla ástæðu til að búast við því, að mínar tillögur megni lítið hvorki til nè frá; en atkvæði mitt gæti ef til vill valdið því, að eg svipti þjóð mína frelsi, hver veit hvað lengi, og það getur líka orðið til þess, að eg gefi þjóð minni frelsi. Tilfinningin fyrir þessari ábyrgð knýr mig til að fara heldur gætilega, en þó svo, að eg eigi fyrir of mikla varkárni bindi þjóð mína um of og stofni henni í óhamingju. Mèr finnst eg megi vænta þess, að þeir heiðursmenn, sem hèr sitja og sem að vonum eru hinir gætnustu menn hver í sinni sveit, muni nú taka aðgætnina með sèr. Það er sannarlega eigi síður skylda þeirra nú, en þegar þeir eru að slá og róa og þurrka hey, að nota stundina og tækifærið. Nú gefst það, og er eigi sagt, að það gefist svo gott aptur. Þessi tilfinning knýr mig til þess að laga mig svo mikið sem unnt er eptir orðum hins hæstvirta konungsfulltrúa um 1. kafla frumvarpsins og samkvæmt því sem tekið er fram í ástæðum frumvarpsins á 23. og 24. bls. Stjórnin heldur þar fram ríkisheildinni og vill í engu láta henni hagga, er því föst á sambandinu milli Íslands og Danmerkur; á milli Íslands og Danmerkur getur aldrei verið tal um »personalunion«, heldur um »realunion«. Eg get alveg fallizt á 1. grein frumvarpsins með breytingum hins

háttvirta 4. konungkjörna þingmanns og viðauka nefndarinnar. Hvert sem Ísland er kallað óaðskiljanlegt eða ekki, stendur á sama; það er það jafnt sem áður. Eg vil taka mèr í munn orð hins háttvirta þingmanns Suður-Þingeyinga út af 3. grein, er hann sagði: »Það hefir eigi verið meining nefndarinnar að raska grundvelli stjórnarinnar«, og mèr er óhætt að segja, að það muni allt eins affarasælt, að telja hin sameiginlegu mál, því þar með er eins vel ef eigi betur girt fyrir um ágreining. Þetta sèst bezt, ef menn bera 3. grein saman við þessi orð í upphafi 5. gr. stjórnarfrumvarpsins: »*Í öllum öðrum málum*« o. s. frv. Munurinn á 3. grein frumvarpsins og 5. grein nefndarfrumvarpsins er því engan veginn verulegur, aptur á móti er breytingaruppástunga þingmanns Barðstrendinga veruleg og viðsjárverð efnisbreyting, því að »vörn á sjó og landi« getur varla að ósekju, hvorki fyrir oss nè ríkisheildina, fellst úr. En þau eru þó að því leyti ísjárverð fyrir oss, að menn kynni að greina á um skilning þessara orða, og sumir gert það úr þeim, að útboð til hers og flota hèr með sè gert að almennri skyldu hèr á landi; en hèr í lögunum getur það eigi verið meiningin, því að í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu er byggt á því ástandi, sem myndast hefir 6 síðustu aldirnar. En nú hefir á Íslandi sem kunnugt er, aldrei komizt á útboð að lögum. Nokkur efnismunur er og á stjórnarfrumvarpsins og nefndarfrumvarpsins 3. greinar niðurlagi. Í stjórnarfrumvarpinu stendur: Ísland leggur eigi til gjalda, í nefndarfrumvarpinu aptur á mót: Ísland tekur eigi þátt í *byrðum* nè gjöldum; þetta er fyllra hjá nefndinni; þá er enn fremur öðruvísi um tillag Íslands til sameiginlegra þarfa. Í stjórnarfrumvarpinu stendur, að konungur skuli ákveða hversu mikið tillagið skuli vera; eptir nefndarfrumvarpinu skal konungur og alþing ákveða það; þetta er veruleg breyting, og miklu betri fyrir Íslands hönd og í sjálfu sèr eðlileg. Því hvernig á að ákveða og hvar á að dæma um, *hve nær* Ísland sè fært um að gjalda til ríkisþarfa og hvað mikið; eptir stjórnarfrumvarpinu er það konungur. Eg vil fallast á 3. grein stjórnarfrumvarpsins, ef að eins í síðara hlut 3. greinar er sett 3. grein nefndarfrumvarpsins annaðhvort breytt eða óbreytt. Eg get eigi fundið í ástæðum konungsfrumvarpsins, hvaða löggjafarvald það er, sem á að *ákveða með lögum,* en það segir sig sjálft að þetta löggjafarvald, er konungur og ríkisdagurinn, svo sem þetta orð hefir verið áður skilið (Nokkrir þingmenn: Nei, alþing líka). Svo ætti það að vera;

en það getur *varla* skilizt svo. Eg vil áskilja mèr rètt til breytingaratkvæða í þá stefnu er eg nú hefi talað.

Bergur Thorberg: Eg get nú verið því stuttorðari sem hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga lýsti í byrjun ræðu sinnar hinni sömu skoðun og eg hefi á máli þessu. Eg álít það verði aldrei um of brýnt fyrir þinginu, hve mikla ábyrgð það hefir, þar sem um þetta mál er að ræða. Menn verða að gá vel að því og hafa það hugfast, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók svo skýrt fram í ræðu sinni, að hèr liggur fyrir oss tilboð frá konungi vorum um að fá endurbót á stjórnarskipun vorri á þann hátt, sem er yfirlýst í frumvarpinu. Ef að þingið því kemst að þeirri niðurstöðu, að fyrirkomulag það á stjórnarskipun vorri, sem oss er boðið í frumvarpinu, sè betra en það, sem nú á sèr stað, þá ættu menn að varast að gjöra nokkrar þær breytingar, er gætu orðið því til hindrunar, að vèr fengjum þessa endurbót; jafnvel þó menn álitu að slíkar breytingar í sjálfu sèr væru þannig vaxnar, að þær kynnu að gjöra fyrirkomulagið í einhverju tilliti hagfelldara. En það munu allir verða að játa, að frumvarpið sè mikil og veruleg endurbót á stjórnarfyrirkomulagi voru. Þegar menn líta þannig á mál þetta, er það í raun og veru mjög einfalt, eins og það liggur fyrir, og þá virðist einnig hægra fyrir menn að gefa atkvæði í máli þessu þannig, að menn gæti skyldu sinnar og komi ekki í bága við ábyrgð þá er á mönnum hvílir. Vèr verðum vel að gæta að því, að *þetta* er oss boðið, en ekki *annað;* það er alvarlega og skýrt tekið fram bæði í ástæðum stjórnarfrumvarpsins og eins af hinum hæstvirta konungsfulltrúa. Þegar menn því eiga að dæma um, hverjar breytingar gjöra megi við frumvarpið, þá verða menn að gæta þess að halda ekki þeim breytingum fram, sem geta orðið málinu til tálmunar, því með slíkum breytingum geta menn orðið þess ollandi, að frumvarpið sem menn játa, að í heild sinni bjóði mikið gott, verði ekki gjört að lögum; þegar menn nú komast í vafa um það, hverjar breytingar sèu þannig, þá verða menn að fara eptir ástæðum stjórnarfrumvarpsins og yfirlýsingu hins hæstvirta konungsfulltrúa, ef menn ekki vilja hafa þá miklu ábyrgð að hafna boði því, er geti orðið til míkils góðs fyrir land og lýð. Það hefir orðið svo lítill ágreiningur hjá nefndinni um 1. kafla frumvarpsins, að eg get ekki sèð, að það verði málinu til fyrirstöðu; því breyting nefndarinnar snertir meira formið en efnið. Það má líta á það með tvennu móti, hvort eðlilegra sè að telja upp hin sam-

eiginlegu eða þá hin sèrstaklegu málin; mèr þætti næstum eðlilegast að telja þau hvortveggja, en það virtist ekki nauðsynlegt. Eg álít það nóg, ef önnur málin væru talin öll upp, en eg held þá, að það sè eins gott, að talin sèu þau mál, sem eru undantekning frá reglunni. En það er reglan eptir frumvarpinu, að Íslendingar hafi löggjafaratkvæði í málum landsins, en frá þeirri reglu eru hin sameiginlegu mál undanskilin, og þau eru því undantekning frá reglunni. En þar sem þeirri aðferðinni er nú fylgt í frumvarpi stjórnarinnar að telja upp hin sameiginlegu málin, og hinn hæstvirti konungsfulltrúi leggur mikla áherzlu á, að henni sè fylgt, þá verð eg að álíta, að það sè sjálfsagt, að þinginu ekki beri að stinga upp á neinni breyting í því tilliti; því í rauninni virðist það frá þingsins sjónarmiði að standa á litlu. Hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga hreifði því, að hann ætlaði að taka sèr breytingaratkvæði við 3. grein frumvarpsins á þá leið, að hann vildi fella úr þessi orð: «Vörn ríkisins á sjó og landi», en það er svo verulegt atriði, að eg álít ógjörlegt að sleppa því. Það er ekki æskilegt fyrir Ísland, ef það mætti eigi vænta neinnar varnar frá Danmörku, einkum getur það eptir því sem á stendur, orðið afar-mikils umvarðandi með tilliti til varnar á sjó. Því hefir verið hreift, hvort útboðsskyldan væri innleidd með þessum lögum, en það get eg ekki sèð. Það er sjálfsagt, að það hvílir sú almenna skylda á Íslendingum, að taka þátt í vörn ríkisins, sú skylda hlýtur að liggja á öllum þegnum konungs. En þegar er að ræða um uppfyllingu þessarar skyldu, þá þarf sèrstakleg lög til þess að ákveða á hvern hátt hún skuli uppfyllt. Í síðari kafla 3. greinarinnar stendur: «Konungur og alþingi ákveður í sameiningu með lögum, á hvern hátt tillagið skuli goldið»; það mundi þá fara eins um hlutteknigu Íslendinga í vörn ríkisins á landi og sjó, að konungur og alþingi gæfi út lög um, hvernig þessi skylda eigi að verða uppfyllt, og fær þá alþingi nægilegt atkvæði í því tilliti. Enn fremur skal eg leyfa mèr að geta þess viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði framsögumaður sagði, að frumvarp þetta bæri vott um það, að dönsku grundvallarlögin væru ekki gildandi hèr á landi í hinum almennu málum, að eg ekki get skilið það, því í 1. grein frumvarpsins stendur, að greinir þær sem þar eru taldar upp úr grundvallarlögunum, «eru einnig gildar á Íslandi», enda sýna og ástæður frumvarpsins, að það er vafalaus meining stjórnarinnar, að grundvallarlögin sèu nú þegar gildandi hèr í sameiginlegum

málum, en að hún ekki skoðar það svo, að þau nú fyrst verði innleidd hèr með þessum lögum.

Framsögumaður: Eg ætla að svara þeim háttvirtu herrum, hinum 2. og 3. konungkjörnu nokkrum orðum. Þeir hafa hraparlega misskilið ræðu hins hæstvirta konungsfulltrua. Það var þannig misskilningur af hinum 2. konungkjörna, að bera það fram, að stefna sú, er nefndin hafði tekið, hefði verið gagnstæð því að fylgja frumvarpi stjórnarinnar; þetta sjá allir, að er alveg rangt. En hvort sannfæring hans á máli þessu sè rèttari og á betri rökum byggð en meiri hlutans, það er ekki hans að dæma um heldur þingsins. Eg álít það gleðilegt, að hinn háttvirti 3. konungkjörni áleit ekki ágreininginn milli nefndarinnar og stjórnarfrumvarpsins, neitt verulegan. En eg álít það mjög óhappasælt, að vera nú að tala um, hvaða lög gildi hèr, þegar verið er að búa til *ný* lög, og þetta hefir einmitt nefndin tekið fram, því hèr að ræða um, hvernig rèttarástand vort eigi að *verða* til hins betra, en eigi hvernig það sè að lögum eða ólögum. Það er því alveg rangt, að byggja á þeirri setningu: Grundvallarlög Dana *eru* gildandi lög hjá oss. Það er eigi svo að skilja, heldur eru grundvallarlögin lögð nú fram fyrir þingið, til þess að þau *verði* að lögum hjá oss. Ef grundvallarlögin *væru* gildandi hèr á landi, hefði ekki þurft að taka það inn í texta frumvarpsins, heldur hefði það átt að koma fram í ástæðunum, því þá hefði það ekki komið málinu við. En eg skal nú ekki fara frekara út í þetta, því eg vona, að því fleiri umræður sem verða, því ljósara verði það fyrir þinginu, að nefndin hafi rètt fyrir sèr. Að öðru leyti get eg þess, að í fyrstu greinum frumvarpsins er talað um hin *sameiginlegu* mál, og er það því aðalreglan, svo það er ekki rètt að telja *hin* sameiginlegu mál sem undantekning frá reglunni. Því hvort sem menn skoða hina formlegu hlið málsins eða efni þess, þá eru hin *sèrstöku* mál sannarleg undantekning frá reglunni, aðalmálunum. Ef menn vilja snúa þessu við, eptir ráðleggingu hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns, þá hagga menn grundvelli frumvarpsins. Þetta vakti fyrir mèr og hinum heiðruðu meðnefndarmönnum, og því lètum vèr sem mest óákveðið um hin sameiginlegu málin eins og fram er tekið í nefndarálitinu. En eg skal fús á að bera mig saman við þá um það, hvort þeir muni vilja ganga inn á breytingaratkvæði um þetta efni. Eg áskil mèr breytingaratkvæði við 6. gr. nefndarfrumvarpsins, í sömu átt og hinn 4. kon-

ungkjörni, því orðið *ráðgjafi* stendur í sambandi við þá seinni kafla frumvarpins, sem nú liggja eigi fyrir til umræðu.

Forseti: Það er nú orðið áliðið dags og eigi fært að halda kveldfund. En með því að margir af þingmönnum munu óska, að heldur verði haldnir tveir fundir á dag en einn langur fundur, til að flýta fyrir, þá verður nauðsynlegt að fjölga skrifurum. Eg vil því bera það undir hinn hæstvirta konungsfulltrúa, hvort hann hafi nokkuð á móti því, að bætt sé við tveimur innanþingsskrifurum. Eptir að konungsfulltrúinn hafði lagt þar á samþykki sitt, sagði forseti.

Fundi slitið.

45. fundur. — 30. ágúst.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni verður í dag haldið áfram undirbúningsumræðu um konunglegt frumvarp til stjórnarskipunarlaga handa Íslandi, og er það fyrsti kafli frumvarpsins, sem liggur fyrir til umræðu.

Stefán Jónsson: Eg ætla einungis að geta þess, að mèr fannst hinn háttvirti 3. konungkjörni álíta, að grundvallarlög Dana frá 5. júní 1849 séu gildandi hèr á landi; en eg get ómögulega skilið að svo sè, *(Bergur Thorberg*: Í sameiginlegum málum) eg held varla einu sinni í þeim; eg veit sem sè ekki til, að þau hafi verið þinglesin hèr á landi, og þá skil eg ekki, hvernig þau eru gildandi. Hvað 3. grein frumvarpsins snertir, þá er eg fastur á því, að breyting nefndarinnar sè til bóta, og verð eg því að mótmæla því, sem sagt hefir verið á móti uppástungu nefndarinnar, sem eg er alveg samþykkur og verð að halda fast fram.

Pètur Pètursson: Eg er öldungis samdóma hinum heiðruðu þingmönnum, er hafa látið það álit sitt í ljósi, að þetta sè hið þýðingarmesta mál, sem nokkru sinni hefir komið fyrir alþing, og því meiri er ábyrgðarhlutinn, hvernig menn koma fram í því, og eg finn það glögglega sjálfur, og því er það sem talað út úr hjarta mínu, er ýmsir þingmenn hafa talað í þessa stefnu. En eins og

þingmenn finna, hversu þýðingarmikið mál þetta er fyrir land og lýð, eins mun og hinn hæstvirti konungsfulltrúi finna til þess fyrir hönd stjórnarinnar. Þegar eg skoða stjórnarfrumvarp það, sem hèr liggur fyrir, verð eg fyrir mitt leyti að játa, að mèr þykir það mjög frjálslegt; þetta hefir líka nefndin játað, og það hljóta allir að játa; að minnsta kosti hefði það þótt frjálslegt 1851, því meiri hluti nefndarinnar þá fór ekki nema litlu einu lengra en frumvarp þetta gjörir. Það getur nú verið, að eg álíti frumvarp þetta frjálslegt af því, að eg hafi aðra skoðun á hvað frjálslegt er en sumir aðrir; því eg álít ekki ætíð hið mesta frelsi bezt, heldur það, sem bezt á við hvers lands ásigkomulag, og mest gagn veitir bæði landi og lýð. Þegar eg ber nú frumvarp þetta saman við frumvarp nefndarinnar, þá finn eg, að nokkur munur er á þeim, eins og tekið hefir verið fram af hinum hæstvirta konungsfulltrúa og framsögumanni. Mèr virðist mismunurinn einkanlega vera í í því fólginn, að stjörnin um leið og hún skoðar hina eðlilegu hlið málsins, leggur meiri áherzlu á hið factiska rèttarástand, eða hið sögulega samband milli Íslands og Danmerkur, en nefndarfrumvarpið leggur aptur meiri áherzlu á hið eðlilega samband. Þetta er ekki gagnstætt hvað öðru. Mèr virðist að eigi að skoða hvorttveggja, bæði hina sögulegu og eðlilegu hlið, og sameina þetta, því ef hinu sögulega sambandi er sleppt, þá er það afarmikill stökkur. Nefndin hefir nú játað sjálf, að ekki sè verulegur munur á frumvarpi hennar og stjórnarinnar, og að hún hafi byggt á sama grundvelli, en þá verður líka hægra að sameina hvorttveggja, heldur en ef sitt væri byggt á hverjum grundvelli, og það gagnstæðum. Eg ætla ekki að kasta þungum steini á nefndina fyrir það, þó hún hafi reynt að þenja frumvarpið sem mest út, og leita fyrir sèr, hvað langt hún gæti komizt, en af því að hún hefir byggt á sama grundvelli og stjórnin, þá veit eg að bæði hún og þingið muni verða fús á, að þýðast bendingar þær, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi gefur, og muni laga sig eptir því sem hann álítur að framast megi komast, því allir vita, að hann er manna kunnugastur máli þessu og Íslandi mjög velviljaður; þess vegna bera menn gott traust til hans, enda mun það ekki breytast, því hann mun gjöra allt sitt bezta.

Eg hefi nú með þessum orðum látið í ljósi skoðun mína á máli þessu; eg geng út frá því sjónarmiði, að eg muni ekki bæta

mál þetta með tillögum mínum, en eg vil reyna að sætta og sameina skoðanir manna að því leyti sem mèr er unnt.

En svo að eg snúi mèr nú að fyrsta kafla frumvarpsins, þá hefir nefndin gjört þá breyting, að fella skuli úr orðið *óaðskiljanlegur*, en setja í staðinn *erfðaland* Danakonungs; þetta kann nú í rauninni að vera hið sama, en menn verða að vera varkárir að gjöra þess konar breytingar, því þegar nú þetta orð *óaðskiljanlegur* einu sinni stendur í stjórnarfrumvarpinu þá getur orðið lögð meiri þýðing í að nema það burtu, en nokkrum ef til vill kemur til hugar. Hvað upptalninguna á hinum sameiginlegu eða sèrstöku málum snertir, þá get eg eigi sèð, að neinn verulegur munur sè þar á milli; en þó get eg eigi annað en álitið það að vissu leyti ísjárvert að sleppa upptalningu á hinum sameiginlegu málum, og ber það eitt til þess, að í frumvarpi stjórnarinnar er ekki verzlunarmálið talið meðal þeirra, en eg held, að það gæti kostað þá baráttu, að fá það gjört að sérstöku máli, að eg ekki vildi að minnsta kosti takast þá baráttu á hendur; þannig var lengi mjög mikið stríð um það milli Svía og Norvegsmanna, hvort það skyldi vera sameiginlegt mál eða sèrstakt, þangað til Norðmenn á endanum fengu hið síðara fram. Nefndin hefir nú reyndar bætt máli þessu inn í og talið það með hinum sèrstöku málum, en það er eptir að fá stjórnina til að fallazt á að svo sè; en ef 3. grein stjórnarfrumvarpsins er haldið óbreyttri, þá getur hún ekki gengið á bak orða sinna.

Konungsfulltrúi: Margir þingmenn hafa tekið það fram, að ágreiningurinn milli 3. greinar stjórnarfrumvarpsins og 3. og 5. greinar meiri hlutans væri óverulegur og ekki raskaði grundvelli þeim, sem frumvarpið er byggt á, og sèr í lagi hafa bæði hinn háttvirti framsögumaður og hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga fastlega haldið því fram, að tilgangur meiri hlutans ekki sè að raska þeim grundvelli. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga tók það skýrt fram, að þegar svo stendur á, eiga þingmenn ekki að gjöra að kappsmáli við stjórnina um þessi lítilræði, eins og þeir sjálfir fara orðum um það; en stjórnin álítur — eins og bæði ástæður frumvarpsins skýrt taka það fram, og eins eg hefi farið orðum um það, — þessar ákvarðanir nauðsynlegar. Það er frá sjónarmiði stjórnarinnar vissulega ekki lítilræði, hvort í stjórnarskipunarlögum handa Íslandi því verði haldið eða sleppt, að ákveða hver mál sèu sameiginleg fyrir Danmörk og Ísland, en

það er alveg nauðsynlegt, að þetta verði ákveðið á þann hátt, að framvegis ekki geti verið efi á um það; en þau mál, sem nafngreind eru í 3. grein frumvarpsins, eru ekki upptalin af handahófi, en einmitt eptir því, sem nú á sèr stað, — þar sem þingmenn hafa viljað byggja uppástungu meiri hlutans á annari skoðun um stöðu Íslands í ríkinu en þeirri, sem stjórnin álítur óraskanlegan grundvöll stjórnarfyrirkomulagsins; frumvarpið er byggt á þeim grundvelli, að öll spursmál, sem snerta Ísland bæði þess stöðu í ríkinu og öll mál, sem sèrstakleg eru fyrir landið nú eigi að útkljást; hin fyrst nefndu mál, sem eru sameiginleg fyrir Danmörku og Ísland eru ákveðin samkvæmt því, sem nú á sèr stað, og sem hefir myndast frá því að Ísland varð hluti Danaveldis; frumvarpið gjörir einungis tvær undantekningar frá því ástandi sem nú er, báðar Íslandi í hag, með því að póstgöngurnar milli Danmerkur og Íslands framvegis verða sameiginleg mál, það er með öðrum orðum, að þær ekki munu hafa neinn kostnað í för með sèr fyrir Ísland, og að verzlunarmálin framvegis verða sèrstakleg. En þessar undantekningar raska ekki grundvelli frumvarpsins, því þær snerta ekki sjálfræði *ríkisins*, en þau mál, sem talin eru upp í 3. grein, snerta öll sjálfræði þetta, og þeim verður þess vegna ekki breytt án þess að raska grundvellinum. Ísland hefir ekki hingað til tekið neinn *aktiv* þátt í stjórn og löggjöf þessara málefna, eða borgað neitt til þeirra; eptir frumvarpinu verður þessu ástandi haldið þangað til fjárhagur Íslands kemst í betra horf; þá kveður konungur á, hversu mikið Ísland eigi að borga til hinna sameiginlegu ríkisþarfa; eg held að þegar þetta verður um óákveðinn tíma, þá muni úrskurður konungsins verða meira í hag, en ef tillagið yrði ákveðið með lögum, því eptir hlutarins eðli mun þá til þeirra útheimtast bæði ríkisdagsins og alþingisins samþykki.

Hvað snertir spursmál hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga, hvort útboðsskyldan sè innifalin undir 3. grein, þá getur 63. grein frumvarpsins svarað upp á þetta; — útboð má eptir frumvarpinu ekki ákveðast nema með lögum.

Sveinn Skúlason: Eptir minni skoðun eru það bæði gleðilegar og alvarlegar stundir, er vèr nú sitjum hèr; gleðilegar eru þær, af því vèr nú eigum að ræða það mál, sem á að veita fósturjörðu vorri frelsi og framfarir um allar ókomnar aldir, og leysa oss undan því ómyndugleikans-ástandi, er vèr höfum lengi við búið, — alvarlegar eru þessar stundir, af því að mál þetta er svo þýð-

ingarmikið og áríðandi, og hefir svo mikið í för með sèr, ef oss tekst að leysa það vel af hendi; þess vegna er það skylda hvers og eins þingmanns ekki að leggja neitt það til í umræðunum um málið, er geti tálmað því, að málið fái framgang. Þingið allt í heild sinni hefir mikla ábyrgð, ef það viðtekur eitthvað það fyrir kapps sakir, sem málinu getur orðið til fyrirstöðu.

Það vildi svo til af hendingu, að í gær, þegar byrjað var að ræða mál þetta, var einn af merkisdögum vorum, höfuðdagurinn. Veður var fremur þykkt og ískyggilegt framan af degi, en rèðist vel. Það er gömul trú alþýðu vorrar, að eptir því sem viðrar þenna dag muni haustið verða. Þegar eg nú ber mál þetta, sem vèr nú erum að ræða, saman við alþýðutrúna, þá vona eg, að eins og vel rèðist veðrið í gær eins muni mál þetta vel ráðast. Mál þetta hefir lengi verið torsótt fyrir vora hönd; það er nú þegar alllangur tími liðinn síðan Danir fengu frelsi, en óskir vorar um það hafa ekki verið teknar til greina, að minnsta kosti ekki svo, að viðunandi væri, fyrri heldur en nú. Frumvarp það, sem nú liggur fyrir, gefur oss reyndar ekki allt sem vèr viljum og þess vegna stingur nefndin upp á breytingum þeim, sem henni hafa þótt nauðsynlegar til þess að lög þessi gætu orðið sem samkvæmust nauðsyn vorri. Ekkert getur verið rèttara en það, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að sannleikurinn einn ætti að ráða í máli þessu; einungis er vegurinn að finna hann örðugur. Eg vona, að þingið geti samt með tilstyrk hins hæstvirta konungsfulltrúa, sem talaði þessum orðum, og út úr þeim skein, að hann vildi ekkert annað en rèttlæti og sannleika, að þingið geti, segi eg, ráðið máli þessu til lykta, landi og lýð til blessunar og heilla. Það er sjálfsagt, að eins og þingið hefir ábyrgð á ekki að brjóta grundvöll þann sem frumvarpið er byggt á, eins verður stjórnin og konungsfulltrúi fyrir hennar hönd að leita sannleikans, því *absolut* sannleiki er enginn gefinn, hvorki stjórn, þingi nè nefnd. Stjórnin hefir frá sinni hálfu tekið fram, að frumvarp hennar sè byggt á þeim eina rètta grundvelli, og þetta er sannleikur frá hennar sjónarmiði, en það er jafnsatt frá sjónarmiði nefndarinnar, að með þessu er þinginu ekki fyrirmunað að segja álit sitt um málið, heldur er það miklu fremur hvatt til þess. Það er eins og nefndarálitið segir, að öllu mannlegu hyggjuviti fylgir ófullkomleiki, algjörðan sannleika er hvorki að finna hjá stjórn, þingi nè þjóð, því mannlegt vit er eigi algjört. Eg er því sannfærður um, að þegar þingið, sem eg vona það gjöri,

sýnir vilja að slaka til, þá muni hinn hæstvirti konungsfulltrúi mæta þinginu á miðri leið, svo framarlega sem hann sèr sèr það fært.

Hvað nú 1. kafla frumvarpsins snertir, sem nú liggur fyrir til umræðu, þá kæri eg mig fyrir mitt leyti ekki um neina breyting á 1. grein. Eg vil vekja athygli manna að því, að 2. grein frumvarpsins, sem er óbreytt hjá nefndinni er tekin upp eptir fyrri lið hinnar 7. af greinum þeim, sem tengdar eru hèr aptan við, og er því ekki annað en *iteration*; vil eg því fella aðra hvora burtu, nema ef viðaukinn við 7. grein þykir of nauðsynlegur til þess. Eg get ekki betur sèð en að mótbárur þingmanna móti seinna lið 3. greinar sèu á rökum byggðar; því eg held, að konungur hafi aldrei hugsað sèr að ákveða tillagið einn saman án atkvæðis alþingis; hann hefir aldrei hingað til lagt nokkurn skatt á án þess að bera það undir alþingi, sem þó var einungis ráðgjafandi; eg held varla að stjórnin muni vilja halda því fast fram. Eg vildi stinga upp á smáorðabreytingum við 3. grein nefndarfrumvarpsins, nefnilega að í staðinn fyrir *leiðir* komi *leiða,* og fyrir *leggi* komi *getur lagt.*

Sveinn Níelsson: Eg vildi einungis eins og aðrir þingmenn láta í ljósi álit mitt á máli þessu. Það er ekki í fyrsta skipti nú að eg sit á þingi, þegar mál násvipaðs efnis og þetta kemur fyrir, því eg var á þjóðfundinum 1851, og man eg glögglega, hverjar tilfinningar þá hreifðu sèr í brjóstum manna. Eg ætla að taka undir með hinum háttvirta 1. konungkjörna þingmanni, og segja, að þinglok þá mundu ekki hafa orðið eins og þau urðu, ef annað eins frumvarp og þetta hefði þinginu verið boðið. Eg ætla nú ekki að halda neina lofræðu um frumvarpið, heldur taka undir með hinum hæstvirta konungsfullfrúa, og segja, að það hrósi sèr sjálft. Síðan Danir fengu stjórnarbót, er hinn háttvirti konungur vor Friðrik hinn 7. gaf þeim nokkuð af einveldi sínu, þá hefir ávallt vakað sú löngun hjá Íslendingum, að verða hinna sömu kjara aðnjótandi. Vonin um, að þessari löngun yrði framgengt, hefir ávallt lifað í brjóstum Íslendinga, og það svo sterk, að hún kólnaði ekki við málalokin 1851; því vonin er sterk og fylgir manninum ætíð. Það er til merkis um að þessi löngun hafi vakað og þessi von hafi lifað ávallt í brjóstum Íslendinga, að þeir hafi kvakað til konungs um þetta á hverju þingi; en ekki hefir það komið af því, að þeir hafi efazt um hinn landsföðurlega vilja konungs, eða speki hans heldur treyst því, að hann muni taka í þann streng

sem bezt á við eptir ásigkomulagi landsins og ríkisins, og veita oss svo mikið frelsi og sjálfforræði sem samrýmzt getur velferð alls ríkisins. Hann byrjaði 1865 að uppfylla vonir vorar með því að leggja fjáraðskilnaðarmálið fyrir þingið, sem hann ætlaðist til, að væri undirstaða til að byggja stjórnarbótina á. Það er vissulega hèr sem optar, að setningin forna sannast fullkomlega: Fèð er afl þeirra hluta, sem gjöra skal. Eg ætla nú ekki að þessu sinni að fara að minnast á, hver og hvílík afdrif þessa máls urðu þá, en eg vil að eins geta þess, að sú von lifði í brjósti þeirra manna er voru þá í fjárhagsnefndinni og í minni hluta þingmanna, að þrátt fyrir þau úrslit, er málið fèkk þá á þinginu, þá mundu þau úrslit þó eigi hamla því, að það yrði lagt fyrir þingið aptur af hendi stjórnarinnar; og vèr sjáum nú, að þessi von hefir rætzt; vèr höfum fengið frumvarp til stjórnarskipunarlaga fyrir Ísland. Eg lifi í þeirri gleðilegu von, að nú muni miklu betur til takast en 1851, og 1865, og þinginn muni nú takast að byggja tillögur sínur á sönnum og hollum grundvelli, já, yfir höfuð á sama grundvelli sem stjórnin hefir gjört í frumvarpinu, og því fulltreysti eg, að þingið ekki muni raska neinum þeim ákvörðunum, sem eru grundvöllur og undirstaða fyrir því, að hið eðlilegasta og bezta stjórnarskipulag komizt hèr á.

Vèr höfum líka þann konungsfulltrúa hèr á meðal vor, sem er í þessu máli allra manna kunnugastur í öllum þess greinum; og eg fulltreysti því, að hann muni benda þinginu á það, sem hann álítur bezt og hollast; já, eg treysti því, að hann muni slaka til við þingið í öllu því, sem hann sèr sèr með nokkru móti fært, öllu því, sem landinu er hollt og heillavænlegt. Í þessari föstu og vissu von lifi eg; þingið lifir í þeirri von og allir landsmenn lifa í henni.

Hèr liggur nú fyrir oss það hið vandamikla mál, já, hið vandamesta sem fyrir þingið getur komið; en því vandameira, og því mikilvægara, sem þetta mál er, og því meir sem það er áríðandi fyrir land og lýð, því meiri ábyrgð liggur á oss, að hafna ekki góðum boðum frá hendi stjórnarinnar. Já, víst er það mikil ábyrgð, sem oss liggur á herðum, því að ætlunarverk vort, er ekki einungis að vinna fyrir oss, sem hèr erum í salnum og margir erum komnir á efri árin, heldur eigum vèr að vinna fyrir hina ungu upprennandi kynslóð; vèr vinnum fyrir niðja vora, er taka við af oss þegar vèr erum fallnir frá. Og því vil eg ákalla guð, að hann

blessi þessa mikilvægu athöfn vora, já, áköllum hann, að hann láti þessi storf vor fá heillarík afdrif fyrir oss og ættjörðu vora.

Að svo mæltu vil eg snúa mèr að 1. kafla frumvarpsins, og þá vil eg fyrst og fremst sèrstaklega snúa mèr að 1. greininni. Eg er þá alveg samdóma þeim heiðruðu þingmönnum, sem halda fram breytingum nefndarfrumvarpsins; í stjórnarfrumvarpinu stendur orðið: »óaðskiljanlegur», en sú breyting, sem nefndin þar hefir farið fram á, er að minni hyggju að eins orðabreyting, en engin veruleg efnisbreyting, og það álít eg sè góð breyting, sem vel getur staðizt. Eg ætla ekki að fara mörgum orðum um þriðju grein, enda hefir mikið um hana verið talað áður. Eg vil að eins geta þess, að mèr finnst heppileg breyting nefndarinnar, þar sem hún hefir sett 3. grein í sínu frumvarpi í staðinn 3. grein stjórnarfrumvarpsins, og fellst eg alveg á skoðun þeirra þingmanna, sem fallast á þessa breytingu nefndarinnar, því mèr virðist úrskurðurinn í þriðju grein stjórnarfrumvarpsins á 2. bls. vera einhvern veginn þríklofinn; þar stendur: »þá kveður konungur á» o. s. frv.; því næst »og skal þá þar að auki ákvarðað með lögum» o. s. frv.; og í þriðja lagi stendur: »konungur og alþingi ákveða» o. s. frv. Eg játa nú, að eg er hvorki lögfræðingur nè stjórnfræðingur, en eg reyni til og vil af fremsta megni leitast við, að nota þann skilning, sem mèr af guði er gefinn í öllum hlutum, og skilningur minn fellur og stendur með mèr, hvort sem hann er rèttur eða rangur, en sá er skilningur minn á þessu, að eg felli mig betur við uppástungur nefndarinnar í þessu efni. Það hefir nú einnig verið talað um 5. grein, og er eg á skoðun þeirra þingmanna, sem vilja koma upptalningu hinna sèrstöku mála inn í 5. gr. stjórnarfrumvarpsins, eins og stendur í gr. nefndarfrumvarpsins, eptir orðin: »en þeim sem að framan eru nefnd» svo sem o. s. frv. Og svo ætla eg nú ekki að tala meira um þetta að sinni.

Ólafur Pálsson: Þegar eg lít á þetta mál, þá getur mèr ekki dulizt, hve mikilvægt og þýðingarmikið það er, og eg lít á það með sömu hugsunum og sömu tilfinningum, sem hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður svo tilhlýðilega lèt í ljósi og fleiri þingmenn, er mælt hafa í líka stefnu; eg finn hve mikil ábyrgð liggur á þinginu og hverjum einum þingmanni í þessu efni og einnig á mèr sjálfum, að því er snertir atkvæði mitt, þegar að því kemur, að eg á að greiða það, ekki einungis yfir höfuð, heldur í hverri einstakri grein; en eg vil nú ekki fara fleirum orðum um það og

lengja með því þingræðurnar. En eg vil snúa orðum mínum að 1. kafla frumvarpsins, og þá sèr í lagi að 3. greininni og ágreiningi þeim, sem þar á sèr stað milli hins konunglega frumvarps og frumvarps nefndarinnar. Hið konunglega frumvarp telur einungis upp hin sameiginlegu mál Íslands og Danmerkur, en nefndin hefir þar á móti sleppt þeirri upptalningu, og telur aptur upp þau mál, er varða Ísland sèrstaklega, sem ekki eru tilgreind í hinu konunglega frumvarpi. Það hefir verið tekið fram af mörgum, að ágreiningur þessi sè í raun og veru næsta lítill og að hvorirtveggja hèldi hèr hinum sama grundvelli. Ef eg man rètt eptir því, þá tók hinn háttvirti framsögumaður það fram, að hèr væri að eins spurningin um form, en ekki um efni. Eg ber ekki brigður á, að þetta sè svo, en því optar sem eg heyri ræður þingmanna í þá átt, því veikari verða fyrir mèr ástæðurnar fyrir breytingu þeirri, er nefndin hefir gjört í þessu efni, og eg kemst helzt til þeirrar niðurstöðu, að hèr sè engin ástæða til að víkja frá hinu konunglega frumvarpi. Eg álít það yfir höfuð hollast fyrir þetta mál, að gjöra þær einar breytingar, sem brýn nauðsyn ber til. Eg vil því halda þriðju grein hins konunglega frumvarps, en eg er heldur ekki mótfallinn því, að telja líka upp hin sèrstaklegu mál, eins og nefndarfrumvarpið gjörir. En það er auðvitað, að það er eins um þetta, eins og um annað, að öll mannleg verk eru ófullkomin, og því verður hvorki upptalning hins konunglega frumvarps nè nefndarinnar svo algjör, að ekki kuuni að þurfa að bæta einhverju við; hvorttveggja hlýtur í þessu að vera háð hinu sama lögmáli.

Sighvatur Árnason: Þó eg standi upp til að tala fáein orð, má eg játa það fúslega, að mál þetta er á margan hátt ofvaxið mínum veiku kröptum, því eg má viðurkenna vanmátt minn, þó um minna sè að ræða en þetta mikilvæga vandamál, sem mun óhætt að fullyrða að ekki hafi komið slíkt fyrir alþing nokkru sinni fyrr. Mál þetta hefir að sönnu komið fyrir hèr á þingi, en á annan hátt; það hefir rekizt á milli þingsins og stjórnarinnar, sem kunnugt er og fengið ýmsar breytingar og vendingar; en það er víst, að það hefir aldrei komið fyrr inn á alþing með eins góðum kjörum frá hendi stjórnarinnar sem nú, því eg viðurkenni það þakklátlega, að frumvarp það sem hèr liggur fyrir hefir sannarlega mikla rèttarbót í sèr fólgna fyrir Íslendinga. Það fram býður Íslendingum sömu stjórnarbót, sem Danir hafa fengið en til þess að Íslendingar fái jafnrètti við þá í öllum greinum verður sèr í lagi

afstaða og ástand Íslands, sem mest má verða að takast til greina í breytingum þeim, er þingið gjörir við frumvarp þetta; þess ætti þingið vel að gæta. Konungur vor vill eflaust, að vèr fáum sömu stjórnarbót sem Danir hafa fengið, með sömu þýðingu fyrir Ísland og eg treysti því, að þetta nái framgangi, með því líka að það hefir verið sagt af hinum hæstvirta konungsfulltrúa, er talar í umboði konungs, að þing þetta hefði ekki einungis frjálst ráðgjafaratkvæði, heldur fullkomið samþykktaratkvæði; en því meiri ábyrgð hvílir á þessu þingi að leiða þetta mál, sem er svo mikils varðandi fyrir land og lýð, til hinna beztu lykta, og vèr þingmenn höfum í þessu tilliti mikla ábyrgð eigi einungis andspænis Íslendingum, heldur einnig konunginum. Friðrik konungur hinn sjöundi gaf öllum þegnum sínum heityrði um stjórnarbót með opnu brèfi 4. d. aprílmánaðar 1848, og þessi stjórnarbót hins hásæla konungs vors átti einnig að ná til vor Íslendinga; og eg trúi því ekki, að hans hátign konungurinn beiti því valdi við oss Íslendinga, að hann taki upp aptur konungalögin frá 14. nóvembermánaðar 1665, sem Friðrik hinn sjöundi nam að nokkru leyti úr gildi yfir allt Danmerkurríki með nefndu konungsbrèfi frá 4. apríl 1848, þó þingið leyfi sèr að stinga upp á ýmsum breytingum við frumvarpið. Frá þeim tíma sem þessara konungalaga einveldisbönd voru leyst, hafa Íslendingar ekki fengið neina niðurstöðu i stjórnarskipunarmálinu fram á þenna dag. En þegar eg nú virði fyrir mèr þær breytingar, sem nefndin hefir gjört á stjórnarfrumvarpinu, þá finnst mèr að þær sèu yfir höfuð á góðum rökum byggðar, og eingöngu vera miðaðar við hina sèrstaklegu og afskekktu stöðu Íslands gagnvart Danmörku í samanburði við stjórnarbót Dana, til að fá yfir höfuð samsvarandi stjórnarbót fyrir hönd Íslendinga, sem þeir óneitanlega eiga fulla heimting á til jafnrèttar við Dani. En á hinn bóginn virðist mèr, að nefndin breyti í engu frá grundvelli stjórnarfrumvarpsins, sem sumir hafa borið henni á brýn, heldur einungis haft sèr hugfast, að bæta úr þeim göllum sem eru á stjórnarfrumvarpinu í tilliti til fjarlægðar afstöðu Íslands til að ná jafnrètti við Dani. Nefndin hefir og yfir höfuð tekið á margan hátt vel til greina þær sanngirnis og rèttindakröfur, bæði í stjórnarbótar tilliti og öðru sem Íslendingar eiga rètt á gagnvart Dönum, og eg get eigi betur sèð, en að nefndin hafi þar með gætt skyldu sinnar, því það er, eptir mínu áliti, eigi einungis skylda nefndarinnar að fara sem greinilegast út í þetta mál, eptir því sem henni var framast auðið, eptir

beztu samvizku og sannfæringu, heldur er það heilög skylda hvers þingmanns út af fyrir sig, og þingsins í heild sinni að leitast við á allan hátt, að gjöra það gildandi, sem Íslendingar eiga sanna og rètta kröfu á í þessu máli yfir höfuð að tala, og vona eg, að þingið sameini til þess krapta sína á sem hyggilegastan hátt með tilstyrk hins hæstvirta konungsfulltrúa, og að það ekki í neinu verulegu breyti grundvelli frumvarpsins, svo það eigi aptri með því framgangi og góðum úrslitum þessa máls. En eptir skoðun minni hygg eg, að þær breytingar, sem nefndin hefir gjört með hagkvæmum lagfæringum, muni ekki verða málinu til fyrirstöðu; og þegar maður á hinn bóginn lítur á það, að konungur vor hefir sannarlega fullkominn vilja á að veita oss stjórnarbót, samkynja stjórnarskipun Dana, og hann veitir alþingi í máli þessu fyllra atkvæði en ella, þá fulltreysti eg því, að hann ekki muni heimta það af oss, að vèr að eins segjum *já* og amen til þessa frumvarps stjórnarinnar í öllum greinum.

Eg sný nú orðum mínum að 1. kafla stjórnarfrumvarpsins, og að því, er þá snertir 3. gr., þar sem upp eru talin hin sameiginlegu mál Íslendinga og Dana, en nefndin þar á móti vill sleppa þeirri upptalningu, en telur upp hin sèrstaklegu mál Íslands, þá virðist mèr efasamt, hvor leiðin er rèttari. Það er að vísu æskilegt að hafa öll hiu sèrstaklegu mál Íslands greinilega upp talin, því þá er af tekin allur vafi um þau, því ef þau eru látin ótalin, þá má búast við ágreiningi út af því seinna meir milli stjórnarinnar og þingsins. En að öðru leyti skal eg gjöra skýra þá hugsun seinna, sem hefir vakað fyrir mèr á móti upptalningu hinna sèrstöku mála.

Konungsfulltrúi: Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga og fleiri háttvirtir þingmenn hafa spurt, hvort eg fyrir mitt leyti mundi mæla með uppástungu um það, að halda 1. kafla 3. greinarinnar, en í staðinn fyrir annan kafla að taka 3. grein meiri hlutans; eg skal upp á þetta spursmál svara, að eg ekki get ábyrgzt þinginu að stjórnin muni fallast á þessa breytingu, sem mèr að öðru leyti ekki virðist mikilsvarðandi frá sjónarmiði Íslands, því eptir minni meiningu veitir ákvörðunin í 2. kafla 3. greinar landinu nægilega tryggingu, en til þess að koma 3. grein meiri hlutans í staðinn fyrir 2. kafla 3. greinar stjórnarfrumvarpsins, útheimtist að minnsta kosti nokkur breyting, ekki að eins orðaheldur einnig nokkur efnisbreyting í 3. grein meiri hlutans, og eg skal ef breytingaratkvæði þetta verður sett á atkvæðaskrána, ná-

kvæmar, eptir því sem það verður orðað, skýra frá, hvort eg geti orðið því meðmæltur. Upp á spursmál hins háttvirta þingmanns Snæfellinga um annan kafla 3. greinar skal eg geta þess, að spursmálið um, hve nær Ísland eigi að gjalda tillag til ríkisþarfa og hversu mikið þetta eigi að vera, er eptir hlutarins eðli sameiginlegt mál, sem þess vegna verður að ákveða, ef á að vera með lögum, þá með lögum, samþykktum bæði af ríkisþinginu og alþingi, en vegna þess sagði eg áður, að eptir minni meining mundi úrskurður konungs verða Íslendingum eins mikið í hag eins og þess konar laga-ákvörðun. En spursmálið um, á hvern hátt tillagið skal goldið, er eptir eðli hlutarins sèrstaklegt mál.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg álít það í raun og veru óþarft fyrir mig að tala mikið um þetta mál, en af því eg var einn í nefndinni, þá vil eg leyfa mèr að tala fáein orð. Eg er alveg samdóma hinum heiðraða þingmanni Norður-Þingeyinga og öðrum um það, að málið er þýðingarmikið, og þingmaður Norður-Þingeyinga tók það greinilega fram, að málið væri ekki að eins þýðingarmikið fyrir oss, heldur einnig, þegar menn skoða það frá stjórnarinnar hálfu. Eins og þingið og Íslendingar eiga að lempa sig eptir stjórninni, eins er eg sannfærður um, að stjórnin vill lempa sig eptir ósk þingsins og Íslendinga. Eins og mikil ábyrgð liggur á þinginu, ef það hafnar aðgengilegum boðum frá stjórninni, eins er eg sannfærður um, að stjórnin finnur sèr skylt, að taka til greina allar þær uppástungur og óskir þingsins, sem við skynsamlegar ástæður eiga að styðjast. Eg er og samdóma hinum háttvirta 1. konungkjörna þingmanni um það, að þingið geti borið fullt traust til hins háttvirta konungsfulltrúa, að hann muni leggja hið bezta til í þessu máli; eg fyrir mitt leyti ber hið fyllsta traust til hans og það mun vera óhætt fyrir alla þingmenn, að hann muni mæla fram með uppástungum þingsins í öllu því, sem hann ætlar oss Íslendingum fyrir beztu. Eg þekki hann að þeirri velvild, og get sagt það miklu fremur en margur annar þingmaður, því eg þekki hann að því bæði að fornu og nýju. Eg ætla mèr ekki fyrir mitt leyti að gjöra nokkra af uppástungum nefndarinnar að kappsmáli, og það ætla eg enginn muni gjöra, og eigi ekki að gjöra. Nefndin sá það ljóslega, hve mikla ábyrgð hún hafði, og uppástungur sínar gjörði hún eptir beztu sannfæringu eptir vandlega umhugsun og langar umræður. Að því snertir 3. grein stjórnarfrumvarpsins skal eg geta þess, að eg álít það rèttara orðað hjá

nefndinni en í frumvarpi stjórnarinnar; og það er ein ástæða fyrir því, sem ekki hefir enn verið tekin fram, að það er alveg samkvæmt lögunum frá 29. ágúst 1855, þar sem er að ræða um sérstök stjórnarskipunarlög fyrir Danmörku, að telja upp hin sérstöku málin, en sleppa hinum sameiginlegu. Það er satt, að í 1. kafla frumvarpsins eru talin upp hin sameiginlegu mál og sá kaflinn á að vera lög fyrir þeim málum; en þess ber þó vel að gæta, að þessi kaflinn tæmir alls eigi allar ákvarðanir um hin sameiginlegu mál, því þau eru eigi svo mikið sem talin þar öll upp, eptir því sem stjórnarfrumvarpið sjálft segir, því að í þriðju greininni er gjört ráð fyrir, að ágreiningur verði, hvort eitthvert mál sé sameiginlegt eða ekki. Eg held því réttara, að sérstök lög væru síðar gefin út um hin sameiginlegu mál, eins og líka er gjört ráð fyrir í frumvarpinu, að gefin verði út lög um ýmisleg atriði í þeim málum síðar meir. Eg get ekki séð, að ágreiningur geti ekki orðið, hvort sem sameiginlegu málin eru talin upp eða hin sérstaklegu, því að ekki verður við því búizt, að þau verði öll tínd til, enda er og gjört ráð fyrir slíkum ágreiningi í frumvarpi stjórnarinnar. Fyrir þenna ágreining verður því ekki girt, þótt menn haldi 3. grein frumvarpsins; upptalning hinna sameiginlegu mála verður eins ófullkomin eins og upptalning hinna sérstöku mála, svo eg get ekki séð að það sé betra að halda frumvarpsgreinni en uppástungu nefndarinnar. Hinn heiðraði þingmaður Norður-Þingeyinga vildi sleppa 2. greininni burt úr frumvarpinu, en það ætla eg ekki alls kostar rétt, því að í 7. grein grundvallarlaganna er meira en í 2. grein frumvarpsins, og held eg því réttast að halda þeim báðum. Eg álít heldur enga bót í orðabreytingum þingmannsins, því að önnur þeirra var skökk en hin engu betri, og mundi eg geta sannfært hann um það utanþings.

Framsögumaður: Eg skal geta þess í tilefni af ræðu hins heiðraða þingmanns Borgfirðinga, að það er rangt að segja, að hans hátign konungurinn taki sér nýtt vald með því að beita *konungalögunum,* því konungurinn þarf þó víst eigi að taka sér *nýtt* vald með því, að beita því valdi, sem Danakonungar hafa haft síðan 1665, og hafa þann dag í dag. Nefndinni datt heldur ekki einu sinni *í hug* að efast um, að konungurinn hafi þetta vald, því hún byggir, og hlaut að byggja á því gagnstæða. Hinn háttvirti þingmaður hefir því víst ekki meint eins mikið með orðum sínum sem út leit fyrir. Ræða hins konungkjörna varaþingmanns fór í

sömu stefnu og ræður þingmanns Borgfirðinga og hins 4. konungkjörna, og skal eg bera mig saman við meðnefndarmenn mína um það, hvort eg og þeir eigi muni getað aðhyllzt breytingar þeirra.

Eiríkur Kúld: Eg skal ekki lengja þingræðurnar með því að lýsa tilfinningum mínum, eins og sumir heiðraðir þingmenn hafa gjört viðvíkjandi þessu allsherjarmáli, því eg finn eins og aðrir þingmenn til þeirrar ábyrgðar, er hvílir á mèr, en hugga mig við þá von að mèr eigi glepjist svo sjónir, að eg ekki fái gefið atkvæði mitt í málinu þegar að því kemur eptir minni beztu sannfæringu og eptir því sem eg hefi bezt vit á, og tel eg þá ábyrgð minni lokið. Eg er ekki sá eini, heldur er eg viss um, að allir þingmenn hafa glaðzt í gær, þegar hinn hæstvirti konungsfulltrúi lýsti því yfir, að þingið hefði samþykktarvald í þessu máli, því hann var sá eini maður, er gat sagt oss það svo sem af konungsmunni; það mun og gleðja alla Íslendinga og allir menn minnast hans með þakklæti fyrir það, að hann hefir þokað máli þessu svo langt á leið, að það hefir aldrei eins langt komizt, og sú von vakir fyrir mèr að minnsta kosti, að hann eigi framvegis sleppi af því hendinni, heldur leggi sitt til að leiða það til þeirra lykta, er landi og lýð má til blessunar horfa. En menn munu ekki lá mèr, þótt mèr sem nefndarmanni yrðu orð hans nokkuð viðkvæm, þegar hann fór að tala um 1. kafla frumvarpsins; því ef eg hefi skilið orð hans rètt, þá lá sú þýðing í þeim, að nefndin hefði með uppástungum sínum við 3. grein raskað grundvelli frumvarpsins, svo málið mundi dragast á frest enda um ókominn langan tíma. Mèr fór þá að detta í hug, að þessi 3, grein frumvarpsins, sem hann ræddi mest um, væri uudantekin frá hinum greinunum, og væri eins og skilningstrè góðs og ills, hvers ávexti ekki mætti snerta. Nefndin væri þá eins og Eva, sem hefði snert ávexti très þessa og orðið svo brotleg; því eg get ekki fallizt á það, sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður sagði í gær, að nefndin hefði breytt 3. greinni að eins að forminu til, því hinn hæstvirti konungsfulltrúi áleit það meira en formbreyting hjá nefndinni, og hann tók það skýrt fram í ræðu sinni í gær. Eg vil alls ekki fella málið um ókominn tíma með þessari breytingu, og eg vil eigi fyrir mitt leyti og vona að meðnefndarmenn mínir sèu á sama máli og eg, gjöra uppástungur nefndarinnar að kappsmáli, heldur vilji að málinu þoki áfram; því annars veit eg eigi til hvers vèr eigum að sitja hèr lengur. En eg ætla því að reyna að bera

sættarorð á milli konungs og þingsins, og koma enn fram með breytingu við 3. grein frumvarpsins, sem kann að koma sèr betur; því fjárhagsnefndin, sem sett var í Kaupmannahöfn 1862, stakk upp á því sama, og það er að talin sèu hvortveggi málin, hin sameiginlegu og hin sèrstöku; en í þeirri nefnd var ekki nema einn af alþingismönnum, en hinir voru allir menn, sem voru mikils metnir í Danmörku. Eg held því, að slík breytingaratkvæði kæmi sèr vel hjá stjórninni, og vil eg áskilja mèr rètt til þess, að koma fram með það síðar.

Stefán Eiríksson: Eg stend upp til þess einungis að taka undir með þeim þingmönnum, sem talað hafa, að þetta fótmál, sem hèr er byrjað að stíga, er án efa hið þýðingarmesta fótmál í sögu vorri, það er eigi hvað sízt þýðingarmikið fyrir oss bændurna, þegar vèr eigum að greiða atkvæði í jafn áríðandi máli og þetta er. Það væri sannarlega sorglegt, ef þetta langa þing gæti ekki leitt málið til lykta, á þann hátt, að það fengi samþykki konungs. Þegar menn nú eiga að þræða þann veg sem er á milli stjórnarfrumvarpsins og nefndarfrumvarpsins, þá geta menn auðveldlega rekizt á boða og blindsker um það, að hverju konungur vor og stjórn hans muni ganga. En því að eins hefir stjórnin og konungur lagt þetta fram fyrir þjóðfulltrúa Íslendinga, að þeir segði álit sitt um það, eptir því sem bezt ætti við um þjóðrèttindi Íslendinga. Því þótt nefndin hafi gjört nokkrar breytingar við frumvarpið, þá hefir hún þó fylgt því í aðalstefnunni, og er eg því viss um, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi muni mæla með málinu eptir beztu kröptum og vilja þingsins. Það hefir verið mikið talað um 5. gr. í fyrsta kafla í frumvarpi nefndarinnar, bæði í gær og í dag; en mèr finnst nefndin hafa farið þar rètt að. Eg held að stjórninni geti verið það kært að vita, hvaða mál vèr álítum sèrstök fyrir Ísland og hvað sameiginleg mál, enda hefir konungur eptir 6. greininni vald til að leggja úrskurð á, hvort málið sè sameiginlegt eða ekki, (Benidikt Sveinsson rètt).

Arnljótur Ólafsson: Eg ætla að eins nákvæmar að ákveða breytingaratkvæði mín við 3. grein stjórnarfrumvarpsins, við síðari kafla hennar. Það er víst, að skilningur sá sem eg lagði fyrst í þessi orð: »Og skal þá þar að auki ákvarðað með lögum», var alveg rèttur, en eg fèll þá frá því, af því sumir höfðu á móti því, Hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók það fram, að í orðinu »lögum» lægi það, að ríkisdagurinn og alþingið ættu að ákvarða það í sam-

einingu við konung. Þetta liggur líka í hlutarins eðli. En eg vil samt halda aðalþýðingunni, sem mèr finnst liggja í 3. greininni hjá nefndinni, en þýðing þessi liggur fyrst í orðinu »*byrði*», því það útilokar útboðsskylduna og í öðru lagi í því að alþingi veitist náttúrlegt atkvæði í hlutdeild landsmanna í sameiginlegu málunum, þegar þar að kemur. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi vitnaði til 63. gr. frumvarpsins, að stjórnin hafi eigi lagt í 3. grein nokkra útboðsskyldu. Eg skal eigi bera á móti því, að 63. gr. innibindi það í sèr, að ekkert útboð skuli eiga sèr stað af eður á Íslandi nema til að verja landið sjálft, og að engin útboðsskylda liggi því í 3. greininni, en þá er það heldur ekki nein efnisbreyting að skjóta orðinu «byrði» inn í 3. grein, með því, að orði þessu er þá að eins bætt inn í til þess að fyrirgirða, að greinin geti skilizt svo, að það hvíli á oss nokkur almenn útboðsskylda. Þetta er nauðsynlegt, því þótt konungur vor, og ráðgjafi sá, sem nú er, hafi ekki meint það, þá höfum vèr þó enga ábyrgð fyrir, að *einhver* ráðgjafi, er *seinna* kann að koma, skilji það ekki á aðra leið. Eg vil skýrskota til orða hins háttvirta 3. konungkjörna, þar sem hann sagði, að eptir 3. gr. hvíldi engin *sèrstök* útboðsskylda á oss; en það er þá eins og hann álíti, að það hvíli *almenn* útboðsskylda á oss eptir greininni, eður með öðrum orðum, *að* vèr sèum liðskyldir eptir 3. gr. en hitt skuli að eins ákveðið hèr á landi, *hvernig* vèr skulum inna liðskyldu þessa af hendi. En eg vona, að með því að bæta inn í orðinu »byrði» sè tekinn af allur efi um, að nokkur útboðsskylda geti hvílt á oss. Stjórnin getur ekki haft á móti þessari breytingu, en hún er þó til enn meiri vissu fyrir oss. Önnur efnisbreytingin við 3. greinina er sú, að konungur ákveði ekki *einn, hversu mikið* vèr skulum leggja til ríkisþarfa, heldur gjöri hann það ásamt með alþingi, og ákveði þá, *hversu mikið* vèr skulum leggja til, *hve nær* vèr skulum gjöra það, og *hvernig* vèr getum gjört það. Þessi tvö atriði eru í raun-inni ekki efnisbreytingar eptir skilningi hins hæstvirta konungsfulltrúa og stjórnarinnar; því það stendur í raun og veru á sama, hvort konungur gjörir það *einn* eða *með* alþingi. Því eg vil taka mèr í munn og heimfæra hèr hið enska máltæki sem segir: »The king can do no wrong (konungurinn getur ekki gjört neitt rangt). Lögin eru sett til að ákveða og gjöra það að fastri reglu, sem siðferðislega er fólgið í eðli málsins og því í anda laganna sjálfra. Eg áskil mèr því rètt til að tengja saman á þessa leið

3. grein frumvarpsins og 5. grein nefndarinnar. Einnig áskil eg mèr þær orðabreytingar við 4. gr. frumvarpsins, að í staðinn fyrir »kunngjörð» komi »birt» og í staðinn fyrir »skuldbindandi» verði sett »lög», því það er réttara eptir fornu máli.

Viðvíkjandi breytingaratkvæði því, er hinn háttvirti þingmaður Snæfellinga drap á, skal eg bera mig saman við hann. Eg vil og bera mig saman við þingmann Barðstrendinga, og segi eg fyrir mig, að eg er og til með að tiltaka hin sèrstöku mál, þó að því tilskildu, að byrja með orðunum «svo sem» og halda öllum töluliðunum 1—9 í frumvarpi nefndarinnar. Ætla eg að skeyta mætti saman 5. greinir beggja frumvarpanna, og að með því móti fengist glöggara yfirlit yfir hin sameiginlegu og sèrstöku mál. Þess skal eg geta, að orðin: «svo sem» eru sömu þýðingar og «til dæmis«, og liggur því eigi í þeim nein *útilokandi* eður *tæmandi* upptalning. Eg vona, að hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður taki sèr breytingaratkvæði og skjóti inn í einhverju máli, sem hann eigi vill sleppa, eða ætti eigi að sleppa. Mèr virðist annars eigi standa á sama, hvort talin eru upp hin sameiginlegu mál eða hin sèrstaklegu, því að sèu hin sameiginlegu mál talin upp, þá er auðvitað, að hin *öll önnur mál*, sem eigi eru upp talin, eru sèrstakleg, en ef hin sèrstaklegu mál eru talin, þá eru hin önnur, sem eigi eru talin, sameiginleg.

Síðasta málsgrein í 3. grein stjórnarfrumvarpsins samsvarar að minni hyggju 6. grein nefndarfrumvarpsins, en þó ætla eg heldur að hallast að 6. grein nefndarfrumvarpsins, þótt báðar fari í sömu stefnu, En þar sem nefndin kallar hina 6. grein frumvarps síns nýja, þá er það að skilja um tölurnar, en eigi efni hennar, eður að minni hyggju, fremur í orði en á borði.

Jón Hjaltalín: Eg skal ekki vera langorður að þessu sinni, en að eins geta þess, að þessi breytingaruppástunga nefndarinnar var hin eina, sem mèr geðjast að, og get eg eigi imyndað mèr, að hún muni valda nokkrum ágreiningi, nè að stjórnin verði henni mótfallin. Eg get ímyndað mèr, að grundvallarreglur þær fyrir sóttvörnum, sem gildandi eru í Danmörku, ættu eigi alls kostar vel við hèr á landi, og get eg borið um það, þar eð eg hefi sjálfur verið sóttvarnarlæknir í Danmörku. Eg skal taka til dæmi, sem eg vona, að allir hinir heiðruðu þingmenn þekki, það er sóttvarnarreglur þær, sem gilda í Danmörku; þær mundu eigi geta átt sem bezt við um fjárkláðann hèr á landi; ef t. a. m. einhver kæmi

með enska kind í heilbrigt hèrað, þá færi menn nú sjálfsagt að ímynda sèr, að hún væri kláðaveik og vildu beita við hana sóttvarnarlögum er alls eigi gilda í Danmörku. Menn heimta sjálfsagt hún yrði drepin, líkt og þeir menn eru, er brjóta sóttvarnarhald í sumum löndum. Verði 5. grein nefndarfrumvarpsins tekin upp, vil eg skjóta inn í undir 3. tölulið orðunum «öll heilbrigðismál». Og verði ekki hinn hæstvirti konungsfulltrúi því mótfallinn, að hún verði tekin upp, álít eg bezt, að aðhyllast hana, eins og hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga stakk upp á. Mèr þætti annars vænt um, að heyra meiningu hins háttvirta konungsfulltrúa um undirtektir stjórnarinnar á þessu atriði.

Björn Pèturssson: Eg er í nokkrum efa um, hvort þessar löngu umræður muni leiða að nokkru takmarki eða til nokkurs gagns. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði í gær, að sèrhver breyting á frumvarpi stjórnarinnar frá þingsins hálfu, mundi tálma því, að þetta hið þýðingarmikla mál fái framgang (*Halldór Kr. Friðriksson*: Misskilningur). Getur verið; en eg vil þá biðja hinn hæstvirta konungsfulltrúa og má ske hinn 5. konungkjörna þingmann, að skýra það fyrir mèr. Að minnsta kosti var það ljóst af orðum hins háttvirta 3. konungkjörna, að hann hafði þenna sama skilning, því hann tók það fram í gær, að það væri þetta, sem boðið væri í stjórnarfrumvarpinu, en ekki annað. Í þessu liggur auðsjáanlega sú hugsun, að þingið ekki megi breyta frumvarpinu. Eg fyrir mitt leyti vil vita, á hvaða stigi eg stend, áður en eg tala nokkuð um efni málsins. Ef ekki má breyta frumvarpinu í einu nè neinu, þá er ekki til nokkurs gagns, heldur þvert á móti til tímaspillis eða kostnaðar að vèr sitjum hèr og ræðum um hverja einstaka grein frumvarpsins því þá þarf ekki annað en ganga til atkvæða um frumvarpið allt í heild sinni. Mèr virðast að vísu koma fram nokknrs konar hótanir ofarlega á 24 bls. í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu; en til hvers var þá að bera mál þetta undir álit þingsins, ef þingið eigi má hreifa neitt við frumvarpinu?

Konungsfulltrúi: Það var undarlegur misskilngur frá hálfu hins háttvirta þingmanns Suður-Múlasýslu, þar sem hann hefir skilið orð mín á þann hátt, að eg hefði sagt, að sèrhver breyting á stjórnarfrumvarpinu frá hálfu þingsins mundi verða til þess að spilla málinu í heild sinni. Þetta hefi eg alls ekki sagt; eg sagði, að sèrhver breyting, sem raskaði aðalgrundvelli þeim, sem stjórn-

arfrumvarpið er byggt á, væri alveg óaðgengileg, og mundi verða til að spilla málinu.

Framsögumaður: Á því stigi, sem málið er nú, álít eg ekki vera ástæðu til, að spyrja um, hvort raska megi frumvarpi stjórnarinnar, eða hvernig stjórnin muni taka því, ef breytingar verða gjörðar á því, heldur að menn eigi að gæta að grundvelli og tilgangi málsins, og framfylgja því, sem allir verða að álíta tiltækilegast og réttast.

Sighvatur Árnason: Eg ætla að eins, að taka það fram, er eg hvarf frá áðan, að eg óneitanlega kann betur við að fylgja nefndinni og telja upp hin sérstöku mál, ef eg gæti verið viss um, að það valdi ekki ágreiningi, eða örðugum undirtektum af hálfu stjórnarinnar, því ef það kæmi fyrir, þá er auðsèð, að það tálmar framgangi þessa máls, sem eg vil á allan hátt varast að gefa tilefni til; og þetta er það eina sem eg sè á móti þessari aðferð nefndarinnar. Skal eg svo ekki orðlengja meira að sinni.

Jón Pèturssón: Hèr er nú af nokkrum talað um, að sameina 3. grein stjórnarfrumvarpsius við uppástungu nefndarinnar. Eg fyrir mitt leyti er alveg samþykkur hinum heiðruðu þingmönnum úr Borgarfjarðar, Barðastrandar- og Snæfellsnessýslu, og þeim, sem hafa talað í sömu stefnu, um þetta, og því betur sem eg hugsa um þetta mál, því frjálslegra og betra virðist mèr að halda upptalningu stjórnarfrumvarpsins á hinum sameiginlegu málum; því að öll önnur mál en þau, sem eru talin upp í 3. grein, heyra Íslandi sèrstaklega til, svo sem er um öll verzlunarmál, eins og líka hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir tekið fram. Mèr virðist eigi heldur upptalning nefndarinnar á hinum sèrtöku málum alveg fullkomin, því að margt getur komið fram með tímanum, er verður að teljast til hinna sèrstöku mála, en sem nefndin getur ekki um; eg skal taka til dæmis, að hèr í landinn fyndust námar, þá heyrði það eptir 5. gr., samanborinni við 3. gr., undir hin sèrstöku mál Íslands; það getur að vísu óneitanlega verið gott til skilningsauka, að telja upp hin sèrstöku mál, og það er einnig nauðsynlegt, að halda sèr til þess, hvað sè sameiginleg mál. Eg álít þannig bezt, ef unnt væri, og sem hlýtur að takast, að sameina hvorttveggja.

Framsögumaður: Eg ætla að eins að svara hinum háttvirta 4. konungkjörna þingmanni því, að það er misskilningur af honum að í 3. grein stjórnarfrumvarpsins sèu talin upp öll sameig-

inleg mál; eg get að minnsta kosti ekki skilið að svo sè enda virðist mèr eigi þurfa annað en gæta að síðustu orðunum í síðari kafla 3. greinar stjórnarfrumvarpsins, og mun þá þessi misskilningur hverfa. Það er líka ómögulegt fyrir stjórnina, að telja upp öll hin sameiginlegu mál, nè segja nákvæmlegu takmörkin á milli þeirra og hinna sèrstöku, og það er auðsætt af síðustu orðunum í 3. grein frumvarpsins, að stjórnin hefir aldrei ætlað sèr það. Það er einnig ómögulegt að telja til öll hin sèrstöku mál, og vil eg vekja athygli hinna háttvirtu þingmanna á því, að það er eigi unnt að tæma hvorugt, og fyrir því virtist mèr sú uppástunga mín og fleiri annara rètt, að telja upp hvortveggju málin, því að það verður aldrei unnt, að setja fast og úttæmandi takmark fyrir, hvað sè sameiginlegt og hvað sèrstaklegt mál.

Björn Pèturssón: Eg þakka hinum hæstvirta konungsfulltrúa mikillega fyrir úrlausn þá, er hann veitti mèr áðan; en þessi góðfúslega úrlausn gefur mèr einmitt tilefni og djörfung til að bera upp aðra spurningu. Það þykir máske einfaldlegt að spyrja um, hver þessi grundvöllur stjórnarfrumvarpsins sè, er eigi má raska, en það þarf eg þó að vita, áður en eg skal greiða atkvæði og velja milli ákvarðana stjórnarfrumvarpsins og frumvarps nefndarinnar, og fyrir því þætti mèr mjög vænt um, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi vildi skýra þetta ítarlega fyrir mèr.

Jón Pèturssón: Eg gat eigi vel skilið ræðu hins háttvirta þingmanns Árnesinga, þar sem hann sagði, að 3. grein stjórnarfrumvarpsins væri ekki tæmandi, þar sem talin ern upp hin sameiginlegu mál. Upptalningin sjálf sýnir, að ætlazt er til, að hún skuli vera tæmandi, og að flokkar þeirra mála, sem þar standa, eru ekki nefndir sem til dæmis, en það er auðvitað, að opt getur orðið spursmál um mörg tilfelli í því «concreta», hvort þau heyri undir flokka þessa, sem upp eru taldir í 3. grein, og á þá það við, sem stendur síðast í 3. grein, að konungur sker þá úr þeim ágreiningi. Að öðru leyti virðist mèr, að varla geti verið spursmál um, að þessi grein eigi að vera fullkomlega tæmandi.

Framsögumaður: Það er merkilegur misskilningur af hinum háttvirta 4. konungkjörna þingmanni, að bera saman 3. grein stjórnarfrumvarpsins við 5. grein nefndarinnar, án þess að samanbera síðustu málsgrein 3. greinar, þar stendur með berum orðnm: »verði *ágreiningur*» etc. Það liggur eins og í augum uppi, að ekki er hægt að telja annað en það, sem er öldungis vafalaust; það er

og ómögulegt annað en þingið fallist á grundvallarreglu frumvarpsins, því að það er sjálfsagt, að ákveða einhver viss takmörk. Eg tek það og sterklega fram, að það er beinn misskilningur af hinum háttvirta 4. konungkjörna þingmanni, að nefndin breyti grundvelli stjórnarfrumvarpsins (*Jón Pètursson*: Hver hefir sagt það?) Viðvíkjandi 6. grein nefndarfrnmvarpsins, sem eiginlega er ekki ný, nema á pappírnum, áskildi eg mèr í gær rètt til breytingaratkvæðis, því að það er óvíst, hvernig umræðurnar falla um annan kaflann, sem þessi grein stendur í nánu sambandi við.

Jón Pètursson: Hinn háttvirti þingmaður Árnesinga ber það beinlínis upp á mig, sem eg aldrei hefi borið nefndinni, að hún hafi gjört nokkra efnisbreytingu. En ef hún álítur, að öll mál, sem ekki eru talin upp í 3. gr., geti heyrt undir konungsúrskurð, þá hefir hún að mínu áliti gjört virkilega efnisbreytingu, með að telja upp flokka ýmsra málefna, er hún vill að skuli vera sèrstök fyrir Ísland og því eigi heyra undir konungsúrskurð. Annars sýnast mèr þessar ræður ekki færa til neins gagns.

Framsögumaður: Eg verð að segja frá mínu sjónarmiði, að það sè hreinn misskilningur að segja, að stjórnln í 3. grein hafi sett glögg takmörk um sameiginlegu málin. Það liggur í hlutarins eðli, að upptalningin eigi geti verið fullkomin. Það er víst, að upptalningin í 5. grein gjörir vafalaust, að það sè sèrstök mál, sem þar eru upptalin, og það vona eg, að vinur minn hinn háttvirti konungkjörni þingmaður játi. Viðvikjandi því, hvers vegna nefndin telur upp sèrstaklegu málin vil eg að eins segja svo míkið, að með því er vafanum settar þrengri skorður.

Bergur Thorberg: Út af orðum hins háttvirta þingmanns Árnesinga vil eg leyfa mèr að geta þess; að 3. greinin úttæmandi tekur fram, hvað sè sameiginleg mál, það liggur skýlaust í upphafi 5. greinar, þar sem segir, að *öll önnur* mál en þau, sem talin eru á undan í frumvarpinu, skuli vera sèrstakleg fyrir Ísland. Ágreiningurinn getur risið út af því, að málin eru talin upp í flokkum, og það getur orðið spursmál um, hvort eitthvert einstakt mál heyri undir einhvern af hinum upptöldu flokkum. Úr því eg á annað borð tók til máls, þá vil eg víkja á eitt, sem hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga sagði í gær. Hann sagði, að þetta, að taka fram sèrstakleg mál fremur en sameiginleg, væri nokkuð annað og meira en formspursmál. Eptir skýrslu framsögumanns um málið, gat eg ekki annað sèð, en að það væri meining nefndarínnar að

hèr væri einungis um formlegan mun að ræða; þegar menn ekki vilja breyta neinu í því, hver mál skuli vera sameiginleg og hver sèrstakleg, þá er það ekki annað en formlegur munur, hvort talin eru upp sameiginlegu málin eða hin sèrstaklegu; ýmsir fleiri nefndarmenn hafa talað í sömu stefnu og framsögumaður; eg verð því að álíta, að hinn háttvirtl þingmaður hèr sè í ágreiningi við nefndina.

Framsögumaður: Eg get eigi sèð, að hinn háttvirti þingmaður, hinn 3. konungkjörni, leysti spursmálið; ágreiningurinn stendur; það er ómögulegt að tæma svo út við upptalningu, að ágreiningurinn sè útilokaður. Það er merkilegt, að hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður skuli vilja gjöra það óaðgengilegt fyrir stjórnina, sem eg tel ómögulegt að stjórnin finni óaðgengilegt. Nefndin fer í alla hina sömu stefnu og stjórnarfrumvarpið; stendur fast á stjórnarinnar grundvelli, sem er að treysta sambandið, hið eðlilega samband milli Íslands og Danmerkur. Eg vil biðja hinn háttvirta þingmann að gæta þess, að breyting sú, sem nefndin hefir gjört, á engan hátt raskar grundvelli stjórnarinnar. Í gær áskildi eg mèr rètt til fyrir allrar nefndarinnar hönd að taka til enn nákvæmari yfirvegunar sambandið milli 3. og 5. greinar, sem gæti orðið til að lýsa málið og skýra frumvarpið.

Arnljótur Ólafsson: Af því hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður eigi tók sèr breytingaratkvæði við 6. tölul. 5. greinar nefndarinnar, þá vil eg áskilja mèr það, og það einhvern veginn á þá leið, að aptan við orðið «verzlunarmál», verði bætt: «bæði innanlands og við önnur lönd». Eg skil 3. grein stjórnarfrumvarpsins á þá leið, að allt það sem heyrir til «Handels og Consulatsager», eður verzlunarmál alls konar sè sèrstskleg fyrir Ísland; þetta breytingaratkvæði ber eg upp til þess að það sè ljóst fyrir oss, hve góður rèttur oss sè gefinn. Milli Norðmanna og Svía hafa risið mestu deilur út af þessum málum. Það kann vel að vera, að gagnið af þessari ákvörðun verði eigi næsta mikið; en það er eigi að kenna frumvarpinu, heldur hinu, að vèr erum eigi mikils um komnir, og höfum lítið að segja. Það gæti þó verið oss eigi til lítils hagnaðar, þegar um t. a. m. fiskimarkað vorn við Spánverja er að ræða; svo gæti og verið um fleira.

Eiríkur Kúld: Eg get eigi skilið, hvernig hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður hefir út úr orðum mínum í gær getað fundið það, að eg væri í ágreiningi við meðnefndarmenn mína

út úr. 3. grein; annað mál er það, að hann gat fengið það út úr ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa, sem skýlaust tók það fram, að þessi breyting væri meir en í forminu einu.

Torfi Einarsson: Það hafa svo margir þingmenn talað um stöðu sína til þessa máls, en eg vil alls eigi tala um mína stöðu til þess. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga tók í gær dæmi af forsjálum bónda, er sætti lagi til hvers sem eius, róa, slá og þurrka hey; bóndinn þarf, það er auðvitað, að sæta lagi við það, og hafa allan hugann á að ná heyi sínu heim í garð; en þó má hann eigi hrapa að því að hirða óþurrt hey, svo að brenni. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir eins og hans var von og vísa með einurð og einlægni lýst yfir skoðun stjórnarinnar, og skýrt frá rètti alþingis í þessu máli sem frjálsu ráðgjafaratkvæði; nú hefir stjórnin af sinni hendi sagt sína meiningu um málið, en þingið verður að hafa leyfi til að láta sína meiningu í ljósi frá sínu sjónarmiði, þingið og stjórnin hlýtur í því tilliti að hafa jafnan rètt. Hèr ber að líta á báðar hliðar málsins og ber þess þá að gæta, að ofmikil stífni skaðar; en hins vegar má maðr eigi breyta móti sannfæringu sinni, og eigi slá meira af en svo, að manni sè auðsætt, að maður bindi sig og eptirkomendur sína engum vandræðum um ókomnar aldir, með því að ganga að því sem í boði er. En þess þykist eg viss, að þótt eigi gangi nú saman, þá muni þó stjórnin af nýju leggja málið fyrir þingið, svo að drátturinn mundi vart verða meiri en tvö ár. Um efni hinna einstöku greina er svo ítarlega rætt, að eg mun lítið bæta úr því. Bæði nefndarálitið og breytingaratkvæðið við 3. gr. vilja fyrirbyggja sem mest allan ágreining um sèrstöku og sameiginlegu málin, eins og rètt er, en það efni verður ekki dæmt til hlítar, og leiði eg því hjá mèr að tala frekar um það.

Konungsfulltrúi: Með tilliti til ræðu hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga skal eg geta þess, að mèr virðist breyting hans við 5. gr. nr. 6. vera óaðgengileg, af því að hún gjörir ráð fyrir að Ísland sè ríki út af fyrir sig.

Eg er manna fúsastur til þess að uppfylla ósk hins háttvirta þingmanns Suður-Múlasýslu um það að skýra fyrir honum grundvöll þann, sem frumvarpið er byggt á, en eg er hræddur um, að mèr heppnaðist ekki að gjöra hinum háttvirta þingmanni þetta skiljanlegt eða skýrt, þar sem eg svo að segja ekki hefi rætt um ann-

að hingað til en um þenna grundvöll; eg ætla því ekki að þessu skipti að orðlengja meira um þetta mál.

Framsögumaður: Eg vona að þinginu hafi orðið það ljóst af orðum hins hæstvirta konungsfulltrúa í gær, að hèr ræðir eigi um ástæður, heldur um *sannan grundvöll* málsins og það sem á *honum verður byggt.*

Forseti: Þegar hinn háttvirti konungsfulltrúi tók fyrst til máls, þá gat hann þess, að það væri sá galli á nefndarálitinu, að svo sýndist, sem nefndin hefði verið í vafa um, hvort hún vildi ráða þinginu til að vísa máli þessu frá, eða ekki. Því verður vissulega ekki neitað, að eg held, að þetta hefði verið vorkunn, þó svo hefði verið. Það er vissulega full ástæða til, að þingið væri í vafa um, hvort það ætti að taka mál þetta til meðferðar, svo undirbúið sem það var, eður ekki. Eg get að vísu játað það, að menn geti litið til himinsins með von og trúnaðartrausti, en það er allt öðru máli að gegna, þegar maður rennir augum til jarðarinnar. Eg vil uú alls eigi fara út í það, að frumvarp það, sem fyrir þingið er lagt, er í raun og veru ekki á neins manns ábyrgð, því eg vil álíta, að hinn háttvirti konungsfulltrúi geti verið oss svo góður og fullgildur ábyrgðarmaður í þessu efni, sem vèr getum átt kost á. Eg vil heldur ekki fást um það, sem þó er eiginlega mjög mikilsvarðanda atriði, að vèr höfum ekkert yfirlit frá stjórninni um, hvernig fjárhagur landsins eiginlega stendur nú, og hvernig hann mundi standa, ef stjórnarbreyting kæmist á, eptir hugmynd þeirri, sem stjórnin gjörir sèr. En fyrir utan þetta hvorttveggja, þá vantar oss enn hið þriðja, sem mestu varðar; oss vantar alla vissu fyrir árgjaldi því, sem fram er boðið; oss vantar öll skýrteini fyrir því, að ríkisþingið vilji veita enda tillag það, sem hèr er í boði. Það væri því fyrirgefanlegt, þótt menn segði: »Það er öldungis ófært að ræða þetta mál fyrr en þetta skilyrði er uppfyllt. »Eg fyrir mitt leyti verð að segja, að eg gæti ekki kastað þungum steini á neinn, þó hann segði þetta, og heimtaði þetta skilyrði uppfyllt áður en frumvarpið yrði rætt hèr á þingi. Því það er í augum uppi, að standi þetta skilyrði eigi, þá er allt tómt, og allar umræður hèr á þingi til einskis. Þetta er enginn hugarburður, því allir sjá, að það getur hugsazt, að ríkisþingið vilji ekki veita þetta tilboðna árgjald, þótt hans hátign konungurinn hafi boðið oss það og láti bera það fram. Eg segi ekki, að svo muni fara, en eg segi, að ef svo færi, þá væri öllum ræðum spillt, og þetta er svo

alvarlegt, að það væri vorkunn, þó menn gæfi því tölulverðan gaum. Þar við bætist það, að víðsvegar að hafa komið til vor skýlausar yfirlýsingar frá þjóð vorri, að hún álíti ekki alþing hafa umboð til að ræða þetta mál, og hún treysti því ekki til þess, og engu öðru þingi en þjóðfundi þeim, sem oss hefir verið lofað, sem hefir það sèrstaklega ætlunarverk að starfa að þessu máli og ræða það til lykta, og sem vèr því höfum leyfi til að vænta, að stefnt verði til. Eptir því kynni menn enda að láta sèr finnast, að alþing hafi gengið töluvert út yfir köllun sína með því að taka málið til meðferðar. Hvers vegna hefir þá alþing samt sem áður tekið þetta mál til meðferðar, þó þessir gallar og annmarkar sè hèr á? — Það hefir gjört það fyrst og fremst í þeirri von, að geta þar með komið því nokkuð áleiðis að minnsta kosti, og til þess, að enginn gæti sagt, að ábyrgðin væri á alþingi og á oss Íslendingum, ef málið stanzaði af þeirri ástæðu. Skoðum þar hjá, hvernig frumvarpið er í sjálfu sèr. Það er í mörgum greinum gott og sjálfsagt hið bezta tilboð, sem landið nokkurn tíma hefir fengið áður í þessu máli; já, eg vil segja, að það gangi svo nærri uppástungum meiri hlutans á þjóðfundinum 1851, að þar munar varla hnífsbakkaþykkt, þegar búið er að ganga frá því. Hèr við bætist það, að vèr viljum allir koma oss saman við þann mann, sem nú hefir þessi boð að bjóða, því vèr vitum, að hann hefir unnið svo mikið að málinu, og sjálfsagt eptir sinni skoðun viljað útvega oss svo góð kjör sem unnt væri; vèr erum því skuldbundnir til þess, að sýna honum viðurkenningu vora, að taka málið til meðferðar og og eigi vísa því frá oss, sem mundi vera að sýna þeim mistraust, er sízt skyldi. Auk þess hefir nú og hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagt berum orðum, að þingið í þessu máli hefði fullt *samþykkis-atkvæði*. Þetta er stórvægilegt atriði, sem hvorki landsmenn nè þingmenn hafa getað byggt á, og ekki nefndin sjálf, af því það er fyrst nú orðið oss kunnugt. En hvað leiðir þar af? Að vèr þurfum og getum fundið oss skylt að taka tillit til kringumstæðna, en getum þó því öruggar byggt á því, sem er fast og varanlegt; því vèr getum þá verið vissir um, að engu verður neytt upp á oss móti atkvæði voru, og engu breytt í tillögum vorum án vors samþykkis. Með því móti getum vèr vænt að njóta jafnrèttis við samþegna vora í Danmörku, sem þeim var heitið og veitt 1848, þegar byrjað var að semja þar um stjórnarbót.

Hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir sagt, að stjórnarskipun vor

ætti að byggjast á hinu verulega réttarástandi, en ekki á hugmyndum einstakra manna um það. Í ástæðum stjórnarfrumvarpsins er sagt, að hèr eigi að byggja á réttarástandi því sem myndast hefir um sex síðustu aldirnar. En þetta réttarástand er nokkuð margháttað, og hugmyndirnar um það hjá stjórninni hafa ekki verið fastari en hjá hverjum öðrum. Er það meiningin að skoða oss sem nýlendu, eins og stórnin gjörði um eina hríð, og vakað hefir fyrir sumum til skamms tíma; eða skoða oss sem flokk úr Eydönum, eins og þegar oss var slengt saman við standaþing Eydana í Hróarskeldu; eða skoða oss sem innlimaða í konungsríkið Danmörk, undir grundvallarlögunum frá 1849, eins og stjórnin hugsaði sèr 1851., og sagði þá vera hið verulega réttarástand; og á þá að byggja á því, að grundvallarlög þessi sèu hèr gildandi, þó þau hafi aldrei verið hèr birt, og þó nú sè fyrst lagt fram frumvarp um að þau geti orðið gild að nokkru leyti í sameiginlegum málum? Það lítur út sem stjórnin blandi saman í því atriði lögunum og því ástandi, sem viðgengst um eitthvert árabil, sem menn láta standa og ekki gjöra neina mótstöðu á móti, og mèr er það óskiljanlegt, hvernig stjórnin getur frá sínu sjónarmiði kallað slíkt verulegt réttarástand; það lítur miklu fremur út til að vera hugmyndir einstakra manna, byggðar á misskilningi. Eða á nú að byggja á því, sem kemur fram í þessu frumvarpi og sem gengur miklu nær þeim hugmyndum, sem hafa komið fram af vorri hálfu, eins og eg hefi áður sagt? — Þetta verða menn að gjöra sèr ljóst, og það litur svo út, sem stjórnin þurfi þess eins og aðrir, því það er auðsætt, að hèr er eins hvikult að byggja á réttarástandi því, sem stjórnin kallar verulegt á hverri tíð sem er, eins og á hugmyndum einstakra manna. Það er einn ljós vottur sem stendur á einum stað í ástæðum frumvarpsins, þar sem segir, að ef alþing vísaði nú málinu frá því, þá mundi alþingistilskipunin 8. marz 1843, «taka við fullu gildi sínu». Er það þá meining stjórnarinnar, að alþingistilskipunin hafi ekki fullt gildi? Eða meinar stjórnin, að hún hafi eigi haldið alþingislögin í þessi rúm 20 ár, sem liðin eru og ætli nú fyrst að fara að halda þau? Eða á að taka það sem hótun? Ef svo ætti að vera, þá gætl sú hótun auðsýnilega ekkert þýtt, nema það, að stjórnin hugsaði sèr að breyta réttarástandi landsins lagalaust, og það getur hún auðsýnilega ekki meint. Vèr getum því sagt, að eptir því sem hèr stendur á, verði maður að skoða réttarástandið frá báðum hliðum, svo að menn geti komið

sèr saman. Í þessu er fólgið samþykkisatkvæði alþingis, og eg vona, að hinn háttvirti konungsfulltrúi, sem mikið og vel hefir unnið að þessu máli, haldi fast við þetta, og fylgi því fram til lykta; með því móti getur málið, fyrir hans milligöngu, fengið hagsælastan enda fyrir land og lýð.

Framsögumaður: Eg skal leyfa mèr að geta þess að eins, út af ræðu hins hæstvirta forseta, að það gleður mig innilega að ekki að eins nefndin í öllu verulegu er samþykk stjórnarfrumvarpinu, heldur og sá maður sem hvert mannsbarn á Íslandi veit og játar, að *manna* bezt, um *langan tíma* hefir haldið uppi rètti vorum Íslendinga, þó vèr höfum enn sem komið er, að litlu launað.

Konungsfulltrúi: Eg skal með tilliti til ræðu hins háttvirta forseta, að eins geta þess, að þegar eg hefi sagt, að hans Hátign konungurinn í þessu máli, veiti þinginu samþykkjandi vald, þá er það sjálfsagt, að þessi orð mín að eins snerta þetta mál, sem hèr ræðir um og í þetta skipti; því það er að eins við alþingi 1867, að eg er konungsfulltrúi og að eg get talað í nafni konungs; en eg hefi engan myndugleika til að tala um annað en það, sem viðkemur þessari samkomu þingsins.

Forseti: Eg veit það vel; enda nefndi eg og einungis þetta mál.

Jón Hjaltalín: Eg skal geta þess, að eg hvorki skildi efni nè tilgang ræðu hins háttvirta vinar míns forsetans, mèr fannst hann koma með nokkuð, sem málinu alls er óviðkomandi, nefnil. fjárhagsspursmálið, sem alls ekki liggur hèr fyrir þinginu. Það er og skrítið, að hann segir, að stjórnarfrumvarpið ekki muni nema hnífsbakkaþykkt frá uppástungum þjóðfundarins 1851, og þó skuli nú frumvarp stjórnarinnar má ske ætla að falla fyrir þessum nýja agnúa. Eg veit eigi, og forseti víst eigi heldur, hvað landið hefir misst í þessi 16 ár, sem allt hefir staðið í stað hjá oss, og hvers vèr munum missa í, ef stjórnarfrumvarpið ekki gengur í gegn á þinginu, og vèr enn þá má ske verðum að sitja í sömu óvissunni í 32 ár. Það yrði ómetanlegur skaði fyrir oss, sem allur þingheimurinn ekki gæti, þótt hann vildi, matið í peninga. Það getur verið, að sumir hugsi sem svo: «Nú fáum við svona góð tilboð frá stjórninni, og ef við bíðum, fáum við má ske betra». En eg vil til þessa að eins geta þess, sem sagt er, að betri er ein kráka í hendi en tvær í skógi. Eg hefi þá trú til þingsins, að það neiti ekki þeim góðu boðum, sem því nú eru boðin, enda er eg og sann-

færður um, að margir út um landið mundu verða óánægðir, ef við neituðum boðum stjórnarinnar að þessu sinni.

Forseti: Mèr datt ekki í hug, að eg mundi hneyksla smælingjana með orðum mínum, hvað þá heldur stórmenni þingsins; en eg hefi líka þá von, að þegar hinn háttvirti annar konungkjörni þingmaður hugsar betur eptir orðum mínum, þá muni hann skilja þau á annan og betri veg en nú.

Pètur Pètursson: Frá mínu sjónarmiði get eg ekki annað en þakkað hinum háttvirta forseta fyrir ræðu hans; því þó hann sæi nokkra agnúa á stjórnarfrumvarpiou, þá voru þeir þó ekki svo miklir, að hann áliti, að menn ættu ekki að sameina sína beztu krapta til að koma málinu í gegn hèr á þingi; eg er honum því þakklátari, sem enginn grunur leikur á hans föðurlandsást, og að hann muni gefa þær einu tillögur í málinu, sem landi og lýð sèu hagfelldastar.

Jón Hjaltalín: Það er meinlegt, að menn ekki geta skilið mig, en það kemur líklega af því, að eg ekki hef skilið forseta rètt; hann talaði um fjártillagið, og sagði, að ríkisdagurinn í Danmörku mundi ekki samþykkja það; og svo setti hann þetta frumvarp í samband við fjárhagsmálið eða árgjaldið frá Danmörku. Þetta gjörir ekki annað en að draga kjark úr þinginu, og á eptir minni meiningu eigi við á þessu stigi málsins.

Forseti: Hjð fyrra sagði eg ekki, en hitt stendur í hinni konunglegu auglýsingu.

Framsögumaður: Eg tek það enn þá fram, að eg gladdist yfir ræðu hins háttvirta forseta, og skal einungis bæta því við, að vilji og styrkur hins hæstvirta konungsfulltrúa í þessu máli á að styðjast við samhuga tillögur þingsins í heild sinni. Eg skal og geta þess, að það stríðir á móti orðum hins hæstvirta konungsfulltrúa, að skoða stjórnarfrumvarpið sem óumbreytanlegt, en það er auðvitað, að því má ekki breyta nema með skynsamlegum ástæðum, og þegar svo er, þá er eg sannfærður um, að konungsfulltrúi muni gjöra sitt til, að stjórna áliti sínu eptir skynsamlegum ástæðum, rètti og skyldum þingsins gagnvart stjórn og þjóð. Það er, segi eg, í gegnum traust þingsins, að fulltrúi konungs á að vinna traust stjórnarinnar; í þessu er hans og þingsins vandasama og ábyrgðarmikla staða innifalin.

Eg skal að endingu, út af ræðum hins háttvirta vinar míns, hins 2. konungkjörna þingmanns, lýsa því yfir, að það gleður mig,

að hann enn þá ekki hefir talað neitt á móti uppástungum nefndarinnar, nema af *tómum misskilningi.*

Jón Hjaltalín: Eg vona, að misskilningur minn hafi ekki verið svo mikill, að framsögumaður ekki geti leiðrètt hann; en úr því eg er svona misskilinn, þá ætla eg mèr að fara skrifa orðin upp eptir þingmönnum.

Sveinn Níelsson: Það hefir verið talað um þjóðarviljann, það er að segja þann þjóðarvilja, sem stefnir til verulegra heilla og framfara. En hvað er það sem miðar í verulega framfara átt? En vèr hljótum að leitast við að gjöra oss sem ljósast, hvað það er, sem í raun og veru miðar landi voru til framfara og heilla í bráð og lengd. Og þegar vèr höfum í þessu tilliti gjört það, sem í voru valdi stendur, og skýrt það sem bezt fyrir oss, þá skulum vèr treysta því, að konungur vor, sem vel veit, að hann er konungur á Íslandi, þó Ísland standi ekki í titli hans og að hann hefir það yfirlit yfir ríki sitt, að hann veit, að hann ekki má slíta neinn part út úr ríkisheildinni, og öll lög sín verður hann því að miða við þetta yfirlit sitt og þarfir þjóðarinnar. Eg er sannfærður um, að við með kærleiksfullum og viturlegum tillögum hins hæstvirta konungsfulltrúa, munum komast að hinni heillavænlegustu niðurstöðu í þessu máli fyrir land og lýð. Það var vel og greinilega talað um sannleikann hèr á þingi í dag, og eg hef þá von og sannfæringu, að ef við elskum sannleikann, þá muni allt ganga okkur vel og að sannleikurinn muni sigra, og hann muni gjöra oss frjálsa.

Forseti: Fyrst ekki fleiri taka til máls, er umræðunni um þenna fyrsta kafla lokið. Eg vona, að þingmenn sem fyrst láti mig fá breytingaratkvæði þau, sem þeir hafa áskilið sèr.

Eg ákveð fund til kl. 6 í dag eptir middag til að halda áfram umræðunni í þessu máli.

Fundi slitið.

---

46. fundur. — 30. ágúst.

(Kvöldfundur).

Allir á fundi.

Forseti: Nú kemur til á þessum fundi að halda fram undir-

búningsumræðu í stjórnarskipunarmálinu; og er það þá sèr í lagi annar kafli frumvarpsins, eða 7.—21. grein, sem nú liggur fyrir til umræðu. Eg veit eigi, hvort framsögumaður vill taka til máls.

Framsögumaður: Eg finn ekki ástæðu til að tala um þenna kafla annað en það, sem stendur í nefndarálitinu, fyrr en eg heyri ræður þingmanna.

Konungsfulltrúi: Áður en eg byrja að ræða um 2. kafla frumvarpsins skal eg leyfa mèr að fara fáeinum orðum um stöðu sjálft míns til þessa máls. Eg hefi áður tekið það skýrt fram, að eg er sannfærður um, að vèr að eins getum leitt þetta mikilsvarðandi mál til lykta, svo að það verði til verulegs gagus fyrir landið um aldur og æfi, ef vèr getum skoðað rèttarástand landsins eins og það í raun og veru er, og á þeim grundvelli byggt stjórnarfyrirkomulag landsins. Eg hefi einnig tekið það skýrt fram, að ekki einungis þinginu beri frjálst atkvæði um það, hvort frumvarpið er aðgengilegt frá þess sjónarmiði, en að konungur og stjórn hans einnig hafi rètt til þess að skoða málið í heild sinni frá hans sjónarmiði, að frumvarpið væri byggt á þeim grundvelli og grundvallarskoðun, sem konungur og stjórn hans eptir alvarlega yfirvegun álíta hinn eina rètta, og að þess vegna sèrhver breyting við frumvarpið, sem raskar þessum grundvelli mundi spilla málinu og það á þann hátt, sem segir í ástæðunum, að Hans Hátign konungurinn mundi álíta það vott um, að árangurslaust muni vera að svo stöddu að gjöra neinar frekari tilraunir í þessu efni; en fari svo, þá er það áform konungs að láta alþingistilskipunina taka við fullu gildi sínu.

Eg hefi áður getið þess, að ástand það, sem hefir myndast hèr í landinu hin síðustu ár, vegna þess, að umræðurnar um stjórnarbreytinguna svo að segja dags daglega hafa haft áhrif á öll önnur mál landsins, hafi haldizt of lengi, og að nauðsynlegt sè, að landið og stjórn þess komizt út úr þessu ástandi. Eg óska og vona, að þingið fari þann veg, að vèr bindum enda á þetta ástand með því að aðhyllast framvarpið, og að vèr á þann hátt fáum frjálslega og verulega stjórnarbót —, en á hinn bóginn er það sannfæring mín, að ef þingið ekki getur aðhyllzt frumvarpið í aðalatriðum þess, svo að það geti orðið lögleitt, krefur nauðsynin eigi að síður, að ástandinu verði breytt á þann hátt sem hin gildandi lög heimila, og sem er áform Hans Hátignar konungsins, eins og segir í ástæðunum; — Þetta er ekki að hóta, eins og einhver þingmanna hefir

farið orðum um það —, en það er: skýrt að segja frá því, bæði hvað stjórnin álítur nauðsynlegt, og hvernig hún ætlar, að framkvæma það samkvæmt lögunum. Eg álít það skyldu mína skýlaust að segja þinginu frá, hvort eptir sannfæringu minni, breytingar þær, sem stungið verður upp á, séu frá hálfu stjórnarinnar aðgengilegar eða ekki. Það liggur í hlutarins eðli, að margar breytingar eru þess efnis, að vafasamt er, hvort stjórnin getur fallizt á þær; ef breytingar þessar ekki eru mikilsvarðandi fyrir landið, skal eg sjálfsagt ráða þinginu frá að aðhyllast þær; en breytingar þær, sem eru alveg óaðgengilegar frá stjórnarinnar hálfu, viðvíkjandi þeim má þingið ekki heimta af mèr, að eg skuli telja þeim trú um, að þær séu aðgengilegar með því að lofa þinginu að mæla með þeim við stjórnina. Það gladdi mig nýlega að heyra, hvað mikið traust þingmenn hafa til vilja mins í þessu máli, — eg er viss um það, að hann er góður og fastur — en eg er hræddur um, að þingið hafi of mikið traust á þessu, hver áhrif eg geti haft á úrslit málsins; þegar eg sjálfur ekki treysti því, að stjórnin muni finna einhverja breytingu aðgengilega, þá ber þinginu ekki að hafa meira traust í því efni til mín en eg sjálfur hefi. En fyrir velvild þá, sem þingmenn með þessum orðum þeirra hafa sýnt mèr persónulega, er eg þeim þakklátur.

Eg skal nú snúa orðum mínum til 2. kafla frumvarpsins, sem hèr liggur fyrir.

Við 7.—10. grein frumvarpsins (8.—10. gr. meiri hlutans) skal eg geta þess, að breytingar þær, sem meiri hlutinn hefir stungið upp á, reyndar ekki koma í bága við grundvöll þann, sem þetta frumvarp er byggt á, að svo miklu leyti sem frumvarpið er til stjórnarskipunarlaga handa Íslandi, og er miðað við stöðu þess í ríkinu, en á hinn bóginn eru þessar breytingar í gjörsamlegu stríði við grundvallarreglur hins *konstitutionella Monarki,* eins og þessi hugmynd hefir myndast í öllum menntuðum löndum heimsins. Þegar eg áður tók það fram, að eg gæti ekki séð, hvort það væri alvara nefndarinnar að ráða þinginu til að aðhyllast frumvarpið eða ekki, þá hugsaði eg bæði um uppástungur nefndarinnar við 1. kafla frumvarpsins og einnig um þessar breytingar og niðurlagsatriði nefndarinnar. Því vel get eg skilið, að það væri gaman og fróðlegt, ef meiri hlutinn gæti myndað ný *konstitutionelle Begreber,* og á þann hátt orðið kennari allra annara þjóða, en eg get ómögulega séð, hvernig alvarlegir menn geta ímyndað sèr, að

þegar hans hátign konungurinn býður þeim að veita landinu frjálslega konstitution, að þeir þá geti breytt þeim grundvelli, sem sérhvert *konstitutionelt Monarki* er byggt á, en þessi grundvöllur er sá, að konungurinn hefir *framkvæmdarvaldið* án takmarka. En til þess heyrir öll skipun framkvæmdarvaldsins, og þetta er einmitt óraskanlegur einkarèttur konungsins (Kongeligt Prærogativ). Í öllum stjórnarskipunarlögum, sem byggð eru á hinu *konstitutionella Monarki*, er reyndar ákvörðun um það, að konungur, til þess að framkvæma það vald, sem honum einum ber, hefir ráðgjafa, en þessi ákvörðun er einmitt og einungis tekin upp í lögin vegna þess, að konungurinn er ábyrgðarlaus, en ráðgjafinn hefir alla ábyrgð á stjórninni; en í engum stjórnarlögum er rèttur konungsins í þessu tilliti takmarkaður við ákvarðanir um það, hvernig hann eigi að skipta störfum þeim, sem heyra undir framkvæmdarvaldið milli ráðgjafanna. Í frumvarpinu er við þessa almennu ákvörðun um ráðgjafa konungs, sem ábyrgðarinnar vegna finnst í öllum þess konar lögum, bætt ákvörðun um það, að konungur þar að auki til þess að framkvæma þetta vald hafi hèr í landinu landstjórn, sem á að hafa aðsetur sitt á Íslandi sjálfu; en það er misskilningur þar sem meiri hlutinn vill leggja aðra þýðingu í þessa ákvörðun, en þá miklu, sem hún í raun og veru hefir, nefnilega: á grundvallarlegan hátt að ákveða, að landstjórnin framvegis eigi að hafa aðsetur sitt hèr í landinu; þetta loforð gefur konungurinn í 7. grein frumvarpsins, og þetta er eptir minni meiningu einhver meðal hinna beztu og frjálslegustu ákvarðana frumvarpsins, því það er satt, að stjórnarfyrirkomulagi voru hingað til hefir verið mjög ábótavant, einmitt vegna þess, að stjórn allra íslenzkra málefna, hingað til hefir verið erlendis, og það er sú mesta bót á stjórnarfyrirkomulagi landsins, að æðsta stjórn í öllum þeim málum, sem ekki liggja undir úrskurð hans hátignar konungsins sjálfs, verði innlend.

Ef þingið nú aðhyllist uppástungur meiri hlutans við 7.—10. grein og 21. grein frumvarpsins, og með því setur önnur takmörk fyrir konungsvaldið, en þau, sem geta staðizt með hinum *konstitutionella Monarkies Principer*, þá er það sjálfsagt, að þingið muni spilla frumvarpinu, ekki einungis í þetta skipti, heldur einnig um aldur og æfi, að minnsta kosti þangað til búið er að viðurkenna, að hinn konstitutionelli konungur eigi að afsala sèr einkarètti þeim, hinum einasta eða þá þeim verulegasta, sem hann hefir, frjálst

að skipa framkvæmdarvaldið, með því skilyrði, að ráðgjafi hans beri alla ábyrgð, ráðstafana konungsins. Mèr virðist það öldungis ótilhlýðilegt að meiri hluti nefndarinnar, þegar Hans Hátign konungurinn nú býður að skipta valdi því, sem hann hingað til hefir haft í öllum sèrstökum málum landsins eptir konungalögum 14. nóvember 1865 og alþingistilsk. 8. marz 1843, með þegnum sínum, — sjálfur viðurkennir, að Hans Hátign konungurinn hafi gjört frjálslegt boð í þessu tilliti, þá að beiðast, að konungurinn ekki að eins gefi það, sem öllum þjoðum heimsins þykir stórkostleg gjöf, en þar að auki heimta, að hann gefi burt einkarètt þann, sem allar menntaðar þjóðir álíta að konunginum einum beri.

Í ástæðunum til frumvarpsins bls. 27 § 28 er skýrt tekið fram, hverjum erfiðleikum það sè bundið hèr í landinu að ákveða ráðgjafa-ábyrgðina, er má álíta nauðsynlega afleiðing af þjóðlegri stjórnarskipun; og hvernig eigi að ákveða hana. Rökum þeim, sem þar eru tilfærð, þykir mèr nefndin ekki að hafa hrundið, eða að hafa sýnt, hvern annan veg eigi að fara í þessu tilliti, þegar þessi nýja og undarlega uppástunga hennar um framkvæmdarvald konungsins ekki verður samþykkt af þinginu, — en ef hún verður samþykkt af því, þá er það ónauðsynlegt að rannsaka, hvernig ákveða eigi ráðgjafa-ábyrgðina, því þá verður yfir höfuð að tala ekki spursmál um þessa ábyrgð, með því að frumvarpið þá — eins og eg hefi tekið fram — ómögulega getur orðið lögleitt. Eg veit ekki, hvort eg hefi skilið 10. grein meiri hlutans rèttilega, því hún er mjög óljós, ekki orð hennar, þau skil eg vel, heldur meining hennar. «Ráðgjafinn flytur fyrir konung af hendi landstjórnarinnar» o. s. frv.; má eg spyrja hinn háttvirta meiri hluta: Á ráðgjafi konungs þá að vera umboðsmaður landstjórnarinnar eða hvernig? Má eg spyrja: Á konungurinn að kjósa ráðgjafann eða þá á landstjórnin að gjöra það? — Ef það er konungurinn; hvernig getur þessi ráðgjafi þá verið umboðsmaðsmaður landstjórnarinnar? og ef það er landstjórnin, þá verður maður sá, sem á að kallast ráðgjafi, einungis fullmektugur hennar, og getur ekki haft þau áhrif á afgreiðslu málanna, sem einmitt er tilætlazt. Það sem meiri hlutinn stingur upp á í þessa tilliti, mun gjöra þenna ráðgjafa að því, sem menn á dönsku máli kalla: Halv Fugl og halv Fisk»; eg skal ekki lasta hvorki fugl nè fisk, en skepnu þá, sem liggur milli beggja þeirra, hana virði eg ekki mikils, hvorki í náttúrunni nè í stjórnarskrá.

Við 12. grein frumvarpsins skal eg skýrskota til þess, sem segir í ástæðunum bls. 27, hvar hreint og beint er sagt frá, að ástæðan til þessarar uppástungu er sú, hversu æskilegt það væri að takmarka alþingiskostnaðinn eins og auðið er —; mèr virðist þessi ástæða mikilvæg, en ef þingmenn, sem fulltrúar þjóðarinnar segja, að henni ekki þyki alþingiskostnaðurinn þungbær, þá hverfur að miklu leyti þessi ástæða. Eg held þess vegna, að stjórnin muni fallazt á þá breytingu, sem hèr er stungið upp á, en eg skal biðja þingmenn vel að hugsa um það, hvernig þjóðin muni dæma um þessa breytingu ef hún kemst á. Eg skal taka það fram, að þegar stjórnarbreytingin kemst á, þá eykst sjálfsagt vald alþingis, en í því er ekki með nauðsyn fólgið, að störf þingsins einmitt aukist, því það er vonandi, að bæði frumvörp þau, sem verða lögð fyrir þingið, mundu falla löggjafarþinginu betur í geð en hingað til hefir verið tilfellið með frumvörp stjórnarinnar til ráðgjafarþingsins, og að mörg mál, sem nú taka talsverðan tíma, þá muni verða afgreidd á styttri tíma með því að þingið vísi þeim til landstjórnarinnar til að undirbúa málin undir næsta þing; yfir höfuð má gjöra ráð fyrir langtum meira samlyndi milli stjórnarinnar og alþingis, en hingað til hefir verið; en það er auðsætt, að þegar svo verður, þá er nauðsynin til þess, að þingið komi saman annaðhvort ár minni en nú. Að vísu mun í byrjuninni, þangað til hin organisatorisku lög, til dæmis um sveitastjórn og skattamálefni landsins eru komin í kring, vera þörf á fleiri alþingissamkomum en síðar meir, og þess vegna þykir mèr eiga vel við í ákvörðunum um stundarsakir að taka grein um það, að þangað til lög þessi eru komin í kring, komi alþingi saman annaðhvort ár, en í sjálfu frumvarpinu að halda ákvörðun þeirri, sem er í 12. grein; að öðru leyti er breyting sú, sem eg benti á við ákvarðanirnar um stundarsakir, ef til vill miður nauðsynleg, af því að 13. grein heimilar konungi rètt til að stefna alþingi saman til aukafunda.

Við 21. grein skal eg skýrskota til þess, sem áður er sagt um það, að það er að grípa inn í einkarèttindi konungsins, sem breyting meiri hlutans hefir stungið upp á, og að það vafalaust mun spilla öllu málinu, ef þingið aðhyllist hana. Eg skal hèr að eins bæta því við, að frumvarpið ákveður, að í þessari landstjórn eigi að vera einn maður eða fleiri, og að þessi ákvörðun að öllu leyti virðist nægileg, því fari svo, eins og meiri hlutinn segir, að ekki geti orðið umtalsmál, að einn maður geti nægt til þess

að hafa á hendi æðsta landstjórnarvald hèr á landi, og reynslan getur betur sannað þetta en meiri hlutinn, sem ekki einu sinni hefir reynt að sanna það —, ef svo fer, segi eg, að einn maður ekki gæti nægt til þess, þá heimilar frumvarpið beinlínis konunginum að skipa landstjórnina fleiri mönnum. En hinn háttvirti meiri hluti hefir alveg gleymt við þessa uppástungu og við aðrar, að Ísland er fátækt land, sem ekki má eyða peningum til stórkostlegs stjórnar *Apparats*; það er vonandi, að þingmenn sem fulltrúar landsmanna, þeir, er eiga að borga þenna kostnað, — og í þessari uppástungu ræðir á að gizka um 10,000 rd. árlega —, vilji hugsa betur um það, hverjir eiga að borga þenna stórkostnað, þangað til reynslan er búin að sýna, að hann sè nauðsynlegur. Eg skal að öðru leyti ítreka það, að breyting sú, er hèr ræðir um, miðar til þess að grípa inn í hin konunglegu *Prærogativ,* og þess vegna er alveg óaðgengileg.

Framsögumaður: Eg verð að tala fáein orð viðvíkjandi því, sem konungsfulltrúi *nú* sagði. Eg vil þá leyfa mèr að geta þess, að *Constitutionelt Begreb,* sem sè hugmyndin um bundna konungsstjórn sè sú hugmynd, sem sèrhver þjóð, sem frjáls á að verða, hljóti að gjöra sèr ljósa og skýlausa grein fyrir og líka sú hugmynd, sem sèrhver stjórn, sem vill gefa þjóðstjórn, hlýtur að gjöra sèr fullkomlega ljósa. Hafi nefndin nú gengið út fyrir þetta »*constitutionelle Begreb*«, eins og konungsfulltrúi segir, þá er eg fús á, að slaka til og taka þetta nefndarinnar »constitutionelle Begreb« aptur (*Forseti:* íslenzku). Eg leyfi mèr að við hafa gagnvart forseta og þinginu sama orð og hinn hæstvirti konungsfulltrúi, en eg vil, ef út af þessu skal breyta með tilliti til íslenzkunnar viðhafa í staðinn fyrir *Constitutionelt Begreb frístjórnar hugmynd.* Eg vona og veit, að hver af hinum háttvirtu meðnefndarmönnum mínum muni, ef nefndin hefir gengið út fyrir hina rèttu og viðurkenndu *frístjórnarhugmynd,* þá muni þeir, segi eg verða fúsir á, að slaka til og taka aptur uppástungur sínar samkvæmt leiðbeiningum hins hæstvirta konungsfulltrúa. Eg vil að eins geta þess, að *ef* út í þessa *frístjórnarhugmynd* skal fara, þá er hún svo ólík og auðþekkt frá konungsins Prærogativum, eður einkarèttindum, að eg þori að fullyrða, að *enginn* af mínum háttvirtu meðnefndarmönnum hefir eitt augnablik blandað þessu saman; það eru þó tveir í sjálfu sèr öldungis ólíkir hlutir. Ef menn því vilja byggja á því, að nefndin hafi brotið frístjórnarhugmynd-

ina, þá er engin átylla fyrir því; gæti þingmenn, — já eg vil biðja þá, að gæta vandlega að því, — hver munur er á stjórnarfrumvarpinu og nefndarfrumvarpinu, og eg þori að fullyrða, að þeir finna *ekkert* orð í nefndarfrumvarpsbreytingunum, eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir fyrstur manna hèr í salnum látið í ljósi og haldið svo sterklega fram, er raski grundvelli þeim, sem frumvarp stjórnarinnar er byggt á, hvorki með tilliti til *fristjórnarhugmyndarinnar* eður *hugmyndarinnar um einkarèttindi konungs*, að *því ráðgjörðu, (forudsat)* að *frumvarpið* í raun og rèttri veru, frambjóði Íslendingum þjóðstjórn eða fristjórn. *En* eg vil leyfa mèr að lesa upp 7. grein stjórnarfrumvarpsins, hún er svo hljóðandl: «Konungur hefir hið æðsta vald yfir öllum þeim málum» o. s. frv., og beri maður nú saman þessa grein við tilsvarandi grein í nefndarfrumvarpinu, það er að segja 8. grein, þá getum vèr sèð og sagt með sanni, að breytingin í þessari grein er næsta lítil og raskar alls eigi grundvelli stjórnarfrumvarpsins. Hið sama er að segja um 8. grein stjórnarfrumvarpsins, sem er 9. grein hjá nefndlnni, þar á er sannarlega engin höfuðbreyting gjör, *svo framarlega* sem 9., 21. og 33. grein stjórnarfrumvarpsins frambjóða eður heimila *fristjórnarhugmynd* á Íslandi, en *það* eru nú einmitt orð hins hæstvirta *konungsfulltrúa*, en *ekki* mín, heldur hitt, að nefndin ekki hafi gengið út fyrir fristjórnarhugmynd þá, sem konungsfulltrúi segir að sè grundvölluð í tèðum greinum stjórnarfrumvarpsins. Þetta, sem eg hefi nú *bókstaflega* til fært, það sýnir það bezt og sannar fyrir hverjum þeim, sem vandlega og út í æsar íhugar þetta mál, að nefndin hefir *ekki* brotið á móti þeirri fristjórnarhugmynd, sem er viðurkennd um heim allan. Það er því, *svo framarlega* sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi leggur frumvarp stjórnarinnar *rètt* út í tilnefndum greinum (og *hver* skyldi efast um *það?*) einber orðabreyting og *ekkert* annað, sem skilur *nefndina* og *stjórnina,* nema það eina, að nefndin vill láta það sjást í lögunum sem *ljósast*, að meiningin sè *sú, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi* hefir sagt og segir enn að sè stjórnarfrumvarpsins *sanna* meining. En gangi menn nú inn í málið sjálft, þá hefir nefndin sannarlega viðurkennt konunginn sem konung, eins og hann er viðurkenndur um allan heim, um allan hinn menntaða heim, og eins og hann er viðurkenndur í Danmörku, og því er það alveg rangt af hinum hæstvirta konungsfulltrúa, að bregða nefndinni um, að hún hafi skert Hans Há-

tignar einkarèttindi (Prærogativa). Sama er nú og um ráðgjafann eða ábyrgð hinna sèrstöku mála Íslands að segja. Eg játa það sannarlega, að það sè konungsins *helgasta* «Prærogativ» eða einkarèttindi, að hafa ráðgjafafa, sem hefir ábyrgð *allra* stjórnaraðgjörðanna, en hitt er eins óumflýjanlegt skilyrði fyrir Íslands þjóðfrelsi og jamrètti við Dani, að *þessi* ábyrgð sè í Íslandi, en *ekki* í Danmörku í Íslands sèrstöku málum. Þetta, sem eg nú hefi sýnt fram á, það liggur eigi einungis *prentað* fyrir hinum háttvirtu þingmönnum, heldur eru þessi orð í raun og rèttri veru svo sönn orð, að engin rödd frá hinum menntaða heim ætti að mótmæla þeim.

Eg vona þá, að nefndin þurfi ekki og eigi ekki að fá þungar ákúrur fyrir það að hafa nefnt íslenzkan ráðgjafa í íslenzkum málum, og eg veit eigi betur, en að nú megi það *öllum* vera fullkomlega ljóst, að þetta atriði hafi engin röng eður skaðleg áhrif á eðli málsins; og nefndin hefir meira að segja í ástæðum sínum leitt rök að öllu þessu sem eg eptir stöðu minni til málsins neyðist til að taka upp aptur og aptur.

Viðvíkjandi hinu öðru atriði í ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa, þá játa eg það, að eg er ekki fullviss um, hvort vegur nefndarinnar er rèttur eður í öllu falli sem heppilegastur. Hèr er mikið spursmál um, eptir minni sannfæringu, hvort nefndin hafi gengið rèttan og hyggilegan veg, eptir því sem á stendur. Konungsfulltrúi hafði nefnilega *alveg* rètt fyrir sèr, er hann sagði, að konungur hefði *framkvæmdarvald*, og það skal eg manna fúsastur játa, og vona eg og veit, að hinir heiðruðu meðnefndarmenn mínir muni gjöra slíkt hið sama; *það* er satt, að það er torvelt og vandi mikill, að setja framkvæmdarvaldi konungs rètt takmörk. En það vona eg *þó*, að slík takmörkun á framkvæmdarvaldi konungs, sem hèr ræðir um, muni ekki vera *dæmalaus, því* að það eru til grundvallarlög, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi þekkir víst og vafalaust betur en eg, enda eru þau ekki langt í burtu frá Danmörku, sem sýna það og sanna, að nefndin hefir í þessu tilliti *alls ekki* farið fram á neitt *dæmaleysi*. Og *þetta* er þó hið eina, sem *kynni* að geta orðið misskilningi undirorpið hjá nefndinni. — Eg skildi ekki, hvað hinn hæstvirti konungsfulltrúi meinti, þar sem hann í ræðu sinni um 21. grein var að nefna *meiri og minni* hluta (*Halldór Kr. Friðriksson:* Minni hlutinn er hinn 2. konungkjörni þingmaður). Já, það er satt, en aðalbreytingin er hèr

sú, að vegna þess, að hlutfallið á milli stjórnarfrumvarpsins og nefndarfrumvarpsins er svo mismunandi viðvíkjandi landstjórninni, þá hefir nefndin leyft sèr að setja ákvörðunina í 21. grein í frumvarpi stjórnarinnar í samband við greinina um ráðgjafa í íslenzku málunum, og hefir því flutt greinina fram. Sú ákvörðun er þó sannarlega rètt sett á þann stað, sem hún er sett í nefndarfrumvarpinu, eg held því sannarlega, að munurinn sè minni en hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram, að sèr sýndist viðvíkjandi þessu atriði. Hèr má með sanni segja, að þetta atriði geti eigi verið öðruvísi hjá nefndinni nema grundvöllur stjórnarfrumvarpsins sè yfirgefinn. Stjórnin segir: Eg gef Íslendingum *frelsi* í öllum sèrstaklegum málum, og hvað er nú frelsi þetta? Einmitt þjóðstjórn «Constitution». Það hefir nú líklega enginn hinna háttvirtu meðnefndarmannn minna, eins litla hugmynd um, hvað «constitutionelt Begreb» er eins og eg. Eg spyr að því, hvort eg hafi fyrstur orðið til að misskilja hinn hæstvirta konungsfulltrúa, en þó eg misskilji konungsfulltrúa, þá má þingið það ekki. Eg lít svo á mál þetta, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi hafi nú, sem fyrr tekið fram þá afvegi, sem liggja fyrir þinginu; en það undirskrifa eg ekki hèr í salnum, að eg viti ekki, hvað «constitutionelt Begreb» er. Eg óska, að öll misklíð þessi linni, og konungsfulltrúi sagði ekki annað en það sem eg er sannfærður um, að ómögulega *verður* komið fyrir hèr á landi í sambandi við þjóðstjórn. Eg vil segja, að það sè *ómögulegt* að leggja íslenzk mál undir danskan ráðgjafa, sem um leið yrði ábyrgðarlaus, því ábyrgð *hans* yrði eigi nema á pappírnum, og að þetta sè hið sama, sem að hafa trúna en afneita hennar krapti. Bæði sveitamál og annað, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram, getur með engu móti útkljáðst af dönskum ráðgjafa; það er ómögulegt, að danskur ráðgjafi, segi eg, geti verið þessu fátæka landi sannur «constitutionel» ráðgjafi. Það sem nefndin hefir farið fram á er því alls ekki til að aðskilja Ísland frá Danmörku, heldur til að sameina þessi lönd á *eðlilegan* hátt undir «constitutionel» þjóðstjórn; þetta var það, sem vakti fyrir mèr og hinum heiðruðu meðnefndarmönnum mínum. Hinn háttvirti konungsfulltrúi veit vel, að það er mjög örðugt að vinna fyrir Ísland, því menn verða að þekkja það nákvæmlega, og því er nógur vandi að vinna fyrir það, þó menn ekki vinni fyrir Danmörk líka, en hèr ræðir um *Prærogativ* þjóðarinnar, eða frelsi það, sem stjórnin nú býður henni. Eg vona,

að hinn hæstvirti konungsfulltrúi játi, að þessi orð geti ekki misskílizt. Það væri mjög slæmt, þegar nefndin nú hefir haft mál þetta til meðferðar í 2 mánuði, og að hinn hæstvirti konungsfulltrúi, sem hefir svo mannúðlega lengt þingtímann, skuli benda til þess, að honum sè ekki orðið ljóst nefndarálitið, sem er þó sannarlega ljóst að mèr virðist. Það er sjálfsagt, að þingið verður nákvæmlega að íhuga bendingar hins hæstvirta konungsfulltrúa; en vandinn er að fara hvorki of langt nè of stutt bæði fyrir konungsfulltrúa og þingið. Spursmálið er, hvort frelsi það, sem oss er boðið, og hinn hæstvirti konungsfulltrúi manna bezt hefir barizt fyrir, sè verulegt frelsi, en út frá því sjónarmiði hefir nefndin gengið, en varð einmitt þess vegna að breyta stjórnarfrumvarpinu. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi má ekki ætla nefndinni, að hún segi annað en hún meinar, en það er sjálfsagt, að nefndin er skyldug til að slaka til, þar sem hún eptir bendingum hins hæstvirta konungsfulltrúa sèr að þörf er á breytingu. En jafnframt verður nefndin að vona, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi fallist á þær breytingar, sem óumflýjanlega eru til þess, að þessi góði tilgangur frumvarpsins, sem hann heldur, *sjáist* í sjálfum frumvarpsgreinunum.

Konungsfulltrúi: Af því að konungurinn er ábyrgðarlaus, en ráðgjafinn hefir alla ábyrgð ráðstafana hans, og með því að ráðgjafinn á að vera, — eins og hinn háttvirti framsögumaður tók fram, — milligöngumaður milli konungsins og þjóðarinnar í öllum málum, — þá get eg ekki sèð, að ákvörðun frumvarpsins í 21. grein um, að landstjórnin skuli vera undir hlutaðeiganda ráðgjafa, geti orðið breytt, því hún segir í raun og veru ekki annað, en að landstjórnin skuli vera hinum *constitutionella* konungi að öllu leyti undirgefin.

Að öðru leyti skal eg einungis geta þess, að það einmitt var skipun framkvæmdarvaldsins eptir uppástungu meiri hlutans, sem eg mælti á móti. Hinn háttvirti framsögumaður gat þess, að 8. og 9. grein ekki gæti gefið mèr ástæðu til að mæla á móti breytingum meiri hlutans, á þann hátt, sem eg hefði gjört; — en eg tók ekki sèrstaklegt tillit til þessara greina; það var skipun framkvæmdarvaldsins í heild sinni hjá meiri hlutanum, sem eg gat um.

Framsögumaður: Það gleður mig, að eg heyri á ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa, að hann hefir eigi rök fyrir því, að eg hafi misskilið hann. Það er að vísu öldungis satt, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að uppástunga nefndarinnar um það,

hvernig framkvæmdarvaldinu skuli skipað, ekki sè sem heppilegast samkvæm stjórnarfrumvarpinu. Eg hefi hugsað vandlega um þetta atriði, en það játa eg, að það er mjög örðugt, bæði fyrir mig og aðra, að finna hvað rèttast er í þessu. Eg játa, að 1. kafli 21. greinar stjórnarfrumvarpsins er betri en í frumvarpi nefndarinnar, einkum með tilliti til þess, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi nú sagði; og eg veit, að mínir heiðruðu meðnefndarmenn eru fúsir á að játa, að þeim hafa ekki verið gefnir kraptar til að gjöra allt þetta fullkomið. En hitt er víst, að ákvarðanir frumvarpsins að öðru leyti ekki geta staðizt með þjóðstjórn á Íslandi.

Jón Guðmundsson: Áður en eg svara að nokkru hinni síðustu ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa, verð eg að biðja hið háttvirta þing að hafa þolinmæði litla stund, því eg finn mèr það skylt, eigi síður en margir aðrir háttvirtir þingmenn, að víkja fáeinum orðum að því hinu mikilvæga umtalsefni, er hèr var uppi í morgun. Margir af hinum háttvirtu þingmönnum völdu sèr þá hinn sama texta, er konungsfulltrúi benti þá til, í hinni fyrstu ræðu sinni í dag, eins og fyrr í umræðum sínum um þetta mál, að menn yrðu að ganga út frá aðalgrundvelli málsins, út frá sannleikanum einum í máli þessu. Og það mátti að vísu vekja eptirtekt allra þingmanna, er hinn háttvirti þingmaður Norður-Þingeyinga þá tók svo skarpt og ljóslega fram í sinni ræðu, að ekki væri einhlítt, að sannleikurinn væri skoðaður einungis frá hlið annars málspartsins, heldur yrði að leita hans og rannsaka hann, frá báðum hliðum; eins verðum vèr og eigum að skoða grundvöll þann, sem frumvarpið er byggt á, þenna «grundvöll», er hinn hæstvirti konungsfulltrúi vísar þinginu svo þrávalt til, og honum er svo tíðtalað um, er eg alls eigi lái honum. En það dugir ekki, að stjórnin ein og hennar menn, vísi á þenna grundvöll, og ákveði hann; þar sem það erum vèr, hin íslenzka þjóð, sem á að byggja á þessum grundvelli frelsi sitt og alla framtíð um ókomnar aldir. Því er haldið fram í ástæðum stjórnarfrumvarpsins og af konungsfulltrúa, að þessi eini og óyggjandi grundvöllur, sè fólginn í því, *hver að sè staða Íslands í ríkinu að lögum*, En hver er hún nú, þessi staða landsins í ríkinu, eða konungsveldinu? Hvernig er, og hver er staða Íslands í ríkinu eptir skoðun stjórnarinnar sjálfrar? Eigum vèr að byggja á skoðun þeirri, um stöðu Íslands, sem stjórnin hèlt fram við Íslendinga árið 1851, eða þeirri frá 1855, eða þá þeirri frá 1867? Vèr höfum hèr þrennslags skoðanir stjórn-

arinnar, um stöðu Íslands í konungsveldinu og um þjóðrètt vorn, eg vil ekki segja hverja þvert ofan í aðra, en engar eru þær byggðar á sama grundvelli, allar víkja þær meira og minna hver frá annari, og allar eru þær gagnstæðar þeirri skoðun, sem *nú* kemur hèr fram í frumvarpi þessu, og í ræðu hins hæstvirta konungsfulltrú, hvað «heimastjórn» vora, — ef eg mætti brúka það orð, — og ráðgjafastjórnina snertir. Þetta skal eg sanna bráðum. Eg játa fúslega, að nú eru hèr lögð fyrir oss ólíku betri boð, en vèr nokkru sinni höfum átt kost á áður. En þó að svo sè, þá er ekki nóg og dugir ekki, að einblína á «skoðun stjórnarinnar, um stöðu Íslands», það sjá allir, að hún hefir verið mjög svo á reiki um hin síðustu ár. Það sem öfugast hefir verið hjá ráðgjáfastjórninni í þessu máli, og hún hefir optast flaskað á, er þetta, að hún hefir fyrr og síðar hingað til, skoðað og álitið hina *almennu frelsisgjöf* Friðriks konungs hins 7., þá er hann veitti öllum þegnum sínum með opnu brèfi 4. apríl 1848, eins og annað herfang sitt, að hún hafi ekki átt að ná með sínum fulla krapti nema til Danmerkur einnar, og þessa skoðun fór stjórnin að gjöra gildandi og halda henni fram fyrir alvöru, einmitt eptir það, að Danir voru orðnir aðnjótandi hinnar almennu frelsisgjafar að sínu leyti, og búnir að koma stjórnarbótinni fyrir hjá sèr; upp frá því fór þegar að brydda á þeirri skoðun hjá stjórninni, að Dönum (þ. e. Eydönum og Jótum) einum hefði verið ánöfnuð og ætluð frelsisgjöfin 1848, eða að minnsta kosti rètturinn til að *veita* hana og úthluta henni til hinna annara ríkisshluta konungsveldisins, að minnsta kosti mætti hún hafa hönd í bagga með það, hvenær, hvern og hve mikinn þátt, að hinar þjóðir veldisins tæki í frelsisgjöfinni, og að bæði öðrum landshlutum og eins okkur, mætti skamta hana úr hnefa, en þetta er óldungis skökk skoðun og heimildarlaus. En þarna höfum við samt grundvöllinn, sem stjórnin í Danmörku hefir byggt á hingað til. Hún hefir jafnframt gengið út frá því sama, sem einnig í dag hefir heyrzt frá nokkrum hliðum hèr í salnum, að einveldi konungsins í Danmörku, og konungalögin dönsku frá 1665, væri enda enn þann dag í dag, í óröskuðu gildi, og þannig gæti stjórnin í Danmörku haft það eins og hún vildi, eptir sem áður í nafni og umboði hins *einvalda* konungs, eins í því að miðla oss Íslendingum af frelsisgjöfinni, eins og í öllu öðru. En það er öðru nær! Friðrekur konungur 7. hóf, eða «suspenderaði» með nefndu brèfi sínu 4. apríl 1848, einveldið og konungalögin yfir gjörvalt konungsveldi

sitt, og í öllum ríkjum sínum og löndum, öldungis eins hèr á landí eins og í Danmörku; því er það ekki rètt í strôngum skilningi og verður með engu móti sagt, að konungurinn í Danmörku sè hèr einvaldur enn í dag, og að konungalögin frá 1665 gildi hèr enn. Því er alveg eins varið með þenna grundvöll, er ráðgjafastjórnin í Danmörku hefir skapað sèr til að byggja á stjórnlega ráðsmennsku sína yfir Íslandi síðan 1848, eins og ef einhver gjörði almenna ráðstöfun eigna sinna og rèttinda öðrum til handa og eptir lèti sèr stórt og mikið «legat», en arftakendur, eða þeir sem gjöfin og hluttakan væri ánöfnuð, væru tvístraðir víðsvegar út um heim; — já, það er sjálfsagt — þá stjórnar *ráðsmaður* á meðan, þangað til erfingjarnir eða þeir sem gjöfin var ánöfnuð og helguð geta komið sèr við til þess að gjöra gildandi hluttöku sína í gjöfinni og rèttindunum og tekið við henni; þessi ráðsmaður, sem er til staðar, hann stjórnar þessu sem ráðsmaður eða sem «executor testamenti», en *ekki* sem «*legatarius*». Meiri rètt geta eða annað gildi gefa konungalögin og hið konunglega einveldi ekki haft hèr á landi eptir 4. apríl 1848, og síðan hin dönsku grundvallarlög 5. júní 1849 komu út; upp frá því hefir konungurinn í Danmörku *ekki getað* stjórnað Íslandi sem *einvalds* konungur «de jure», og hefir eigi heldur gjört það de facto, eða í rèttri raun. Konungurinn í Danmörku hefir *ekki* stjórnað Íslandi í gegnum «sitt ríkisráð» eða «Cancellie» og «Rentukammer», eins og hann gjörði á dögum einveldisins; hann hefir ekki síðan 1848 undirskrifað eina og eigi haft myndugleika eða vald til að undirskrifa neina konunglega ráðstöfun eða lagaboð til Íslands, eins og var sjálfsagt á dögum konungalaganna og einveldisins, — heldur hefir Danakonungurinn síðan 1848 stjórnað oss sem *lögbundinn* konungur með takmörkuðum konungdómi, gegnum hin dönsku ríkisþing og danska ráðgjafa, sem hafa aðalábyrgð stjórnargjörða sinna einungis fyrir ríkisþinginu í Danmörku. Af þessu vil eg að sjáist, og eg vona að öllum verði það full-ljóst, að «*skoðun*» stjórnarinnar hafi verið öfug, að «grundvöllur» sá, sem hún hefir byggt á, *er* bæði laus og staðlaus, og að hún ekki með rèttu hafi getað dregið það svona, eins og hún hefir dregið, að fram bjóða oss og gjöra oss eindreginn kost á að verða hluttakandi með fullu jafnrètti í frelsi því, sem Friðrik konungur hinn 7. tilsagði og gaf oss jafnt sem öðrum hlutum Danaveldis. Vèr megum því engan veginn missa af því sjónarmiði, heldur halda því fast: að ef vèr ekki

kreſjumst eða förum fram á annað eða meira en frelsi það, er Friðrik hinn 7. gaf oss og tilsagði eins og öllum öðrum þegnum sínum, og ef vèr höldum oss innan þeirra takmarka, þá segi eg, það hafi verið og sè enn heimildarlaust af stjórninni að segja: «Fyrst þið heimtið svona mikið, fáið þið ekkert»; og ef þið farið slíkum kröfum fram og haldið fast við þær, þá skuluð þið ekkert hafa af frelsisgjöfum eða þá annað verra; við tökum þá aptur upp og endurnýjum lögin frá 8. marz 1843, og beitum þeim við ykkur með öllum strangleik og af öllu afli»; öldungis eins og ef «*ráðsmaðurinn*» segði við erfingjana, sem koma seinna, að vitja gjafar sinnar eða arfs síns: «Þið komið nú helzt til of seint, góðir bræður, og getið nú ekki fengið neitt; eða þá það eina af gjöfinni sem eg vil láta af hendi rakna við yður»; «eg er nú búinn að hafa gjöf þessa svo lengi í hendi mèr, bæði ykkar part af gjöfinni eins og þann hluta, sem mèr var ánafnaður, að eg get ekki verið að sleppa yðar hluta óskertum og skilyrðislaust úr hendi mèr hèðan af. Svona er nú rèttarástandið milli vor og Danastjórnar í rèttri raun. Það er því óefað og sjálfsagt, að ef vèr ekki förum út fyrir takmörk frelsisgjafarinnar og eigi skerðum að einu nè neinu þau «Prærogativa» eður einkarèttindi konungsins, sem honum eru helguð, einmitt með hinni sömu gjöf, og eru ein og hin sömu konungdómsins yfir Íslandi eins og konungdómsins í Danmörk, þá hefir stjórnin engan rètt til að neita oss eður synja um þá jafnrèttishluttöku í frelsisgjöfinni, sem oss Íslendingum er sèrstaklega fyrirhuguð og heitin í allrahæstu brèfi frelsisgjafarans til vor Íslendinga 23. sept. 1848. Það er sjálfsagt, að með *valdsrètti* sínum getur stjórnin horfið aptur til stjórnarlaganna frá 1843, og farið að beita þeim við oss í stað þess að láta oss verða aðnjótandi hins lögbundna þjóðfrelsis, en með lagarètti eða eðlilegum rètti getur stjórnin það með engu móti gjört. Að svo mæltu hverf eg frá þessu aðal- og undirstöðuefni málsins, og sný mèr að hinum sèrstaklegu atriðum í ræðum hins hæstvirta konungsfulltrúa áhrærandi þá kafla frumvarpsins sem nú liggja fyrir til umræðu.

Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að einkarèttindi konungs væri skert með uppástungum nefndarinnar við 7., 8. og 9. grein stjórnarfrumv., en eg get með engu móti fallizt á þá skoðun. Hinn háttvirti framsögumaður benti á mismuninn, og er það aðalmunurinn, að nefndin vill, að landstjórnin hafi ábyrgð stjórnargjörða sinna eins hèr á landi eins og þeirra er ganga fyrir kon-

ung og að íslenzkur ráðgjafi, þ. e. »*ráðgjafi fyrir Ísland*« verði settur hjá konunginum til þess að hafa á hendi alla vanalega ráðgjafastjórn í sèrstökum íslenzkum málum, í staðinn fyrir, að í 9. grein stjórnarfrumvarpsins er ráðgjört, »að konungur skuli ákveða *hverjum* ráðgjafa sinna stjórn þessara mála skuli fengin í hendur;« það er auðsætt eptir því, að ráðgjafar Eydana eiga að hafa hin íslenzku mál á hendi eptir því sem vill veltast og eptir því sem á stendur í þann og þann svipinn; það liggur í öllu fyrirkomulaginu og leiðir af hlutarins eðli, að þeir ráðgjafar geta aldrei haft Íslandsmálin öðruvísi á hendi heldur en í hjáverkum. Nefndin hefir ekki, í þessum uppástungum sínum farið einu feti lengra en stjórnarlög Dana sjálfra; eptir þeim kveður konungur ráðgjafa, sem bera ábyrgðina af öllum stjóruarathöfnum sínum fyrir konungi og ríkisþingi jöfnum höndum og eptir því sem á stendur. Eg að mínu leyti skyldi hafa látið mèr lynda hefði frumvarpið ákveðið, að fyrirkomulagið skyldi vera það, að ráðgjafi íslenzku málanna væri settur jafnhliða hinum dönsku ráðgjöfum. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi lèt sèr þóknast að líkja þessari ábyrgðarstjórn og ábyrgðarfyrirkomulagi, sem nefndin hefir stungið upp á, saman við kvikindi er væri samsett úr fugli og fiski eður væri fiskur að halfu en fugl að hálfu; í því hann sagði fyrst, að þetta fyrirkomulag nefndarinnar yrði, eptir hljóðun danska málsháttarins hvorki álitið »fugl nè fiskur«. En eg vil meina það megi vera öllum í augum uppi, að stjórnarfyrirkomulagið og stjórnarábyrgð sú, sem frumvarpið ákveður, kemur fram í líkingu mikið verra kvikindis heldur en þess, er væri að hálfu fugl en fiskur að hálfu. »Öllu má nafn gefa, og svo er um þetta æðsta framkvæmdarvald, sem frumvarpið er að bæta eða ætlar sèr að bæta oss til handa; það má slá pening úr tíni og logagylla hann síðan og sýna og segja manni: »Þarna hafið þið óyggjandi ekta-gullpening, það sjá allir«. Það er bezt að skoða snöggvast í krók og í kring þetta æðsta framkvæmdarvald sem frumvarpið ætlar að koma á laggirnar í hinum sèrstöku málum Íslands. Konungur má fela svona *einhverjum* og sèrhverjum ráðgjafa sínum eður hinna dönsku ráðgjafa, nú þessum nú hinum, stjórn hinna sèrslöku mála Íslands, og þarf sá ráðgjafi aldrei að koma hingað, og ekkert að þekkja hèr, ekkert að eiga við þjóðþingið og aldrei þar að koma, og ekki að hafa að neinu marki eða taka neitt til greina tillögur þess eða umkvartanir. Er þá nokkurt tiltökumál, þótt hann skeyti eigi mjög tillögum lög-

gjafarþings vors? er það nú þegar þingið ætti ekki að koma saman nema þriðja hvert ár? »Gildir einu hvort væri« munu menn segja; þessir hlauparáðgjafar dönsku, eða ráðgjafar á hlaupum hafa hvort eð er, enga, alls enga ábyrgð af stjórnargjörðum sínum fyrir þinginu og sem nær enga fyrir konungi. Þá kemur hinn annar liður framkvæmdarstjórnarinnar eptir frumvarpinu, það er þetta »eitt *æðsta(!)* framkvæmdarvald« sem á að hafa aðsetur sitt í landinu sjálfu«, landstjórnin á Íslandi, »*einn* maður eða fleiri«, landstjórn, sem á að vera *að öllu leyti undir hlutaðeiganda ráðgjafa*, ábyrgðarlausum eins og nú var sýnt, og sjálf er hún einnig beinlínis ábyrgðarlaus, eptir berum orðum frumvarpsins. Eg verð að segja: — það yrði sannarlega skrítinn íslenzkur »fiskur« undir þessum danska fugli eða í hreiðri hans; þó á hún samt eigi að hafa all-lítið vald andspænis þinginu, þessi landstjórn vor, þar sem hún má vaða inn á þingið svona, þá sjaldan það ætti að koma saman eptir frumvarpinu, nefnil. 3. hvert ár, og draga út og ónýta — opt og einatt alla eður mest alla vinnu þingsins á því hinu sama þingi, — nefnilega þær breytingar, eina eður fleiri sem þinginu hefir komið ásamt um eptir hvað langa og rækilega yfirvegun sem væri, að gjöra við eitthvert lagafrumvarp; en af þessu atferli sínu þarf landstjórnin þó alls eigi að hafa neina ábyrgð heldur en öðrum gjörðum sínum. Það er reyndar eðlilegt, að stjórnin heimti nógu mikið að sínu leyti og einkum, þó hún vilji sjá því farborða, að stjórn landsmála vorra sè sem bezt borgið, — en þarna sjáum vèr sjálfsforræði vort, og hvernig því er borgið eptir frumvarpinu. Yfir höfuð getur víst engi sagt með sanni, að einkarètti konungs sè misboðið með uppástungum nefndarinnar, því hèr er eigi farið feti lengra heldur en eptir samkynja fyrirkomulagi í Danmörku í hinni einu og sömu stjórnargrein. En þar á móti er auðsætt sjálfsforræði Íslendinga sem næst brotið á bak aptur eptir frumvarpi stjórnarinnar í þessum kafla.

Jón Hjaltalín: Hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga sagði, að ríkisþingið veldi ráðgjafa (*Jón Guðmundsson*: Nei), að minnsta kosti kom mèr það svo fyrir. Mèr þykir nefndin annars fara nokkuð geyst í þetta atriði málsins, og er það eigi satt, sem sagt hefir verið, að ráðgjafi íslenzku málanna eigi að vera ábyrgðarlaus, og þarf eigi annað, en lesa 19. grein stjórnarfrumvarpsins, til að sannfærast um það; að minnsta kosti get eg fundið þar ákvörðun um ábyrgð hans, þó aðrir geti það má ske ekki. Mèr

finnst það ekki alveg rètt af nefndinni, að segja gagnvart stjórnarfrumvarpinu: «Eg vil hafa það svona og svona»; slíkt er nokkuð frekt af okkur, en það er öðru máli að gegna, þar sem *revolution* kemur upp, svo sem í Frakklandi, því þá þykist lýðurinn geta talað sem sá er bjóði, og hefir það þó eins og allir vita gefiztærið illa. Eg fyrir mitt leyti get ekki annað sèð, en að konungur hafi fullkominn rètt til að velja sèr ráðgjafa eptir vild sinni og setja ábyrgð hans eptir þeim lögum, er konungurinn sjálfur tiltekur (*J. Guðmundsson*: Nefndin hefir ekki farið fram á annað).

Sveinn Skúlason: Að því, er snertir þann kafla frumvarpsins, er nú ræðir um, verð eg að geta þess, að mèr virðist hann vera einhver hinn vandasamasti í öllu frumvarpinu, og það því heldur, sem eg ætla, að það sè alveg nauðsynlegt, að gjöra á honum talsverðar breytingar. Eg get ekki sèð nokkra samhljóðun í stjórnarfrumvarpinu á niðurskiptingu stjórnarvaldsins hèr og erlendis, og er eg hræddur um, að þessi ráðgjafl, hafi eptir stjórnarfrumvarpinu, svo mikið vald, að hann kyrki stjórnarbótina og dragi dug og kjark úr þingi voru. Fyrst og fremst á þessi ráðgjafi, sem hefir allt í vasa sínum, að hafa einn alla ábyrgð; en hann hefir í raun rèttri litla eður alls enga ábyrgð, og eins og sjá má af ástæðunum fyrir frumvarpinu, á 27. og 28. bls. er stjórnin í vandræðum með, að koma nokkurri mynd á ábyrgð hans. Hann á að bera blak af landstjórninni hèr, en hvert á þingið að snúa sèr, ef eitthvert misferli kemur fyrir í stjórninni, annaðhvort hjá landstjórninni eða ráðgjafanum? Líklega til ráðgjafans; eg skil ekki, hvernig það á að ná rètti sínum hjá honum; eða fyrir hverjum á að klaga hann? Það er ekki tiltekið, hver eigi að dæma hann. Eg vona, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi sjái, að það sè nauðsynlegt, að styrkja landstjórnina hèr, svo að Íslendingar fái fullkomin ráð í sínum málum, en það getur eigi orðið nema því að eins, að landstjórnin beri ábyrgð fyrir þinginu og konungi. Það hefir vakað fyrir nefndinni, að þetta fyrirkomulag væri óhagkvæmt, og hefir hún viljað bæta það með því að stinga upp á íslenzkum ráðgjafa, en ábyrgð sú, sem hann á að hafa, er ekki að neinu gagni, því að nefndin setur hann jafnhliða landstjórninni, svo að tveir verða um ábyrgðina, en það finnst mèr óhafandi. Mèr virðist það vera helzta úrræðið, þegar konungur gefur oss þessi lög, að landstjórnin hèr hafi sömu ábyrgð fyrir þinginu, sem ráðgjafarnir fyrir ríkisþinginu í Danmörku, en að hinn íslenzki

ráðgjafi beri málin fram fyrir konung til undirskriptar, og virðist mèr, að með þessu sè eigi gripið inn í konungsins Prærogativa, eður einkarèttindi. Þetta er að vísu allmikil breyting á frumvarpinu, en mèr finnst eigi unnt, að komast hjá því, ef landstjórnin á eigi að verða þýðingarlaus soppur í höndum ráðgjafans, eins og hún sannarlega verður eptir stjórnarfrumvarpinu.

Arnljótur Ólafsson: Það er auðsætt, að 7.—10. gr. og 21. grein stjórnarfrumvarpsins er og hefir hingað til verið hinn mesti vandræðagripur fyrst fyrir stjórnina og síðan fyrir nefndina og þingið. Það er og auðsætt, hvers vegna konungsfrumvarpið hefir ekki farið lengra, en að ráðgjafi hinna íslenzku mála sè settur í Kaupmannahöfn, og hafi þar alla ábyrgðina. Nefndin hefir nú eigi þorað, að flytja ráðgjafann inn í landið, heldur farið nokkurs konar meðalveg, og sett landstjórnina jafnhliða ráðgjafanum. Skal eg nú gjöra grein fyrir, hvernig eg skil þetta hjá nefndinni. Nefndin hefir nú fyrst mest bundið sig við hina *lagalegu* eða *dómslegu* ábyrgð, en eigi hugsað eins vel um hina *siðserðislegu,* sem eg gjöri mest úr. En hin siðferðislega ábyrgð liggur í *jafnvægi valdsins,* og hvernig það er treyst og bundið á ýmsa vegu innbyrðis með þeim svo nefndu *stjórnfrjálsu tryggingum* (constitutionelle Garantier). Vald það allt, er hèr um ræðir, skiptist í þrennt: í *framkvæmdarvaldið, löggjafarvaldið* og *dómsvaldið;* þetta eru máttarviðirnir, og nú stendur að, að framkvæmdarvaldið sè hjá konungi, löggjafarvaldið hjá konungi og þingi til jafnaðar, og dómsvaldið hjá dómstólunum. Þetta er leiðarsteinn, sem á að ganga eptir gegnum stjórnarlögin og ekki að hagga. Allar stjórnarskrár setja ábyrgð ráðgjafa og fjárforæði þings sem takmörk eður yztu vogarenda jafnvægisins, en í hvorugu þessu er stjórnarfrumvarpið fullnægjandi. Í 30. grein er talað um fasta fjárhags-áætlun, en eg ætla eigi að tala um hana að sinni.

En það sem nú er um að ræða í þessum kafla, sem fyrir liggur, er í 7.—10. og 21. gr. stjórnarfrumvarpsins, og í 8.—10. og 21. gr. nefndarfrumvarpsins. Hèr liggur hnúturinn, sem örðugt er að leysa, og það geta menn eigi til fullnustu, nema með því að flytja ráðgjafa-ábyrgðina inn í landið, en hafa að eins flutningsmann í Danmörku, er beri málin upp fyrir konungi, og sendi síðan málin aptur til landstjórnarinnar. Ef eg hefði nokkra von um, að frumvarpið fengi samþykki konungs, ef slík breyting væri gjörð á því, þá skyldi eg taka mèr breytingaratkvæði í þá

stefnu, og vil eg þótt eg ekki áskilji mèr rètt til þess nú, að minnsta kosti geyma mèr rett til þess. Annar vegurinn er sá, að láta ráðgjafann vera í Danmörku, sem er hið sama sem að halda 8.—10. gr. stjórnarfrumvarpsins óbreyttri. En svo jafnframt að bæta inn í 21. gr. ákvörðun um ábyrgð landstjórnarinnar. Ef menn bera saman 8. og 21. gr. stjórnarfrumvarpsins, sjá menn, að þar er nokkur mótsögn. Eptir 8. greininni hefir ráðgjafinn alla ábyrgð á stjórninni, en í 21. grein stendur, að landstjórnin hafi á hendi í *nafni konungs* stjórn allra sèrstaklegra íslenzkra málefna. Eptir þessu og eptir ástæðum stjórnarinnar heyrir eigi annað undir ráðgjafann en að bera þau af hinum sèrstöku málum upp fyrir konung, er þyrfti að fá hans undirskript undir. Það yrðu því öll löggjafarmál landsins, embættaveitingar, náðanir og ýms leyfi, en sum þeirra hafa amtmenn nú vald til að gefa, — og annað því um líkt, sem ráðgjafinn ætti að bera upp fyrir konung. Það eru þá eigi svo mörg mál, sem ættu að greiðast í Danmörku, en sjálfsagt heyra líka undir þessi mál, segja menn, bráðabyrgðarlög og úrskurðir um löggjafarmálefni, og það er hættulegt, því að ábyrgð ráðgjafans í Kaupmannahöfn er eigi nema á pappírnum. Þetta er að vísu satt; en þá eru dómstólarnir, og þeir dæma um, hvort bráðabyrgðarlögin sè samkvæm stjórnarskipun landsins.

Ef vèr nú skoðum 10. gr. nefndarfrumvurpsins, þá er 1. málsgreinin hèr um bil samkvæm 9. gr. stjórnarfrumvarpsins, að því undanteknu, að nefndin kveður á um tölu landstjóranna, nema hvað 21. gr. frumvarpsins er slengd saman við 10. grein nefndarinnar, og það hefir nefndin gjört í góðum tilgangi. En svo er 2. og 3. málsgrein 10. greinar um sambandið milli ráðgjafans og landstjórnarinnar við konung. Í 2. málsgrein stendur: «Ráðgjafinn *flytur* fyrir konung» o. s. frv. Ráðgjafinn verður eptir þessu ekki annað en «Referent» eða flutningsmaður landstjórnarinnar, og eptir 3. málsgrein má hann eigi einn sèr skrifa undir lögin með konungi, nema hann hafi umboð til þess frá landstjórninni. Þannig verð eg að skilja þessi orð greinarinnar: «eður ráðgjafinn *af þeirra hendi*», og verður þá ráðgjafinn eptir þessu að eins *umboðsmaður* landstjórnarinnar. Það getur verið, að eg hafi ekki skilið nefndina rètt, en hafi hún hugsað sèr ráðgjafann *jafnhliða* landstjórninni, þá hefir hún sannarlega orðað greinina óheppilega, og eg skil eigi heldur, að þess konar ábyrgð sè heppileg, þar sem ábyrgðin hvílir á 2 mönnum í *sama málinu*. En eg skal eigi fara

lengra út í þetta, fyrr en eg veit um skilning nefndarinnar. Hvernig sem menn velta þessu fyrir sèr, þá reka menn sig á það sker, að það verður annaðhvort að hafa ráðgjafann hèr og flutningsmann í Kaupmannahöfn, eður þá ráðgjafann í Kaupmannahöfn — sem eg annars álít sjálfsagt —; en þá verður nauðsynlegt að ákveða um ábyrgð landstjórnarinnar í 21. grein, svo einhver ábyrgð fyrir þinginu yrði þó í landinu. Ef hið fyrra er því til fyrirstöðu, að frumvarpið fái samþykki konungs, þá áskil eg mèr rètt til þess að bæta inn í 21. greinina ákvörðun á þá leið, sem eg hefi bent til.

Jón Guðmundsson: Viðvíkjandi ábyrgðar-umtalsefninu, er umræðurnar hafa nú kvíslast um svo mjög, skal eg enn fremur leyfa mèr að minnast á það, sem segir í 9. gr. nefndarfrumvarpsins, að «ábyrgð *þessi*« — sú er ráðgjafinn og landstjórarnir eiga að hafa á stjórnargjörðunum «skuli síðar nákvæmar ákveðin með lögum». Það er því helzt til of tímanlegt að fara að ræða um ábyrgðina nú; hinar sèrstaklegu ákvarðanir er þar að lúta, þ. e. hvernig henni skuli vera varið, og hvernig hún, ef til kemur, eigi að koma niður ýmist á ráðgjafanum, eða landstjóranum. Konunginum er þannig í þessari ákvörðun laga vorra, eins og almennt er í öllum grundvallarlögum geymdur og áskilinn hans fyllsti rèttur óskerður að öllu, til að leggja *frumvarp* til þessara ábyrgðarlaga fyrir alþingi, og að laga frumvarpið og haga því, bæði yfir höfuð, og hinum ýmsu ákvörðunum þess, eptir því, sem honum þykir bezt henta, og sèr einkarèttindum sínum bezt borgið, og sem óskerðustum. Það væri annað mál, ef nefndin hefði farið fram á það, eins og mèr hefir skilizt á nokkrum þingmönnum, að konungur mætti ekki víkja þessum ráðgjafa íslenzku málanna úr völdum, rètt eins og hverjum öðrum ráðgjafa sínum; þetta er þar að auki líka tekið fram með berum orðum í 10. grein nefndarfrumvarpsins, og með svofelldum ákvörðunum sè eg ekki, að gengið sè of nærri einkarèttindum konungs, eða að nefndin hafi vikið í þá átt, fremur en gjört er í stjórnarskrá meginríkisins. Eg skal játa það, orðin «af hendi», í 2. málsgrein 10. greinarinnar hjá nefndinni, eru má ske miður heppileg, og að þau mættu missa sig. En eg ætla nú fyrst að víkja orðum mínum að því, umtalsefninu sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir hvað harðlegast andæft á móti, og þótt hvað nærgöngulast konunglegri hátign eður einkarèttindum konungs, en það er þessi uppástunga nefndarinnar: að konungur taki sèr

einn sèrstakan ráðgjafa fyrir Ísland, eða yfir hin íslenzku mál. En eg verð að biðja hinn háttvirta konungsfullrúa og þingið allt vel að gæta þess, að þetta er ekkert nýmæli á alþingi Íslendinga, sem nefndin hèr hefir stungið upp á. Því hefir fyrr verið hreift hèr á þingi, að konungur tæki sèr og setti ráðgjafa yfir íslenzku málin. Það var eigi að eins, tekið beinlínis upp í uppástungur þjóðfundarins 1851, ákvörðun um ráðgjafa fyrir Ísland, eður «erindsreka», eins og þar er nefnt, heldur einnig upp í stjórnarbótarbænarskrá alþingis 1853, — og varð þó stjórnin sjálf að játa það, að í þeirri bænarskrá hefði verið eins varlega farið af nefndinni, eins og hitt, að hún væri höglega samin». Í þessari bænarskrá þingsins frá 1853, var það beinlínis tekið fram í niðurlagsatriðunum, en að vísu einungis sem «bendingaratriði» (Henstillingspunkt), að konungur tæki sèr «*ráðgjafa fyrir Ísland*» eða yfir hin Íslenzku mál. Þetta niðurlagsatriði, svo lagað, tók þingnefndin upp einmitt eptir hvötum konungsfulltrúans sjálfs sem þá var, Páls amtmanns Melsteðs, því hann kom optar en einu sinni á fundi þeirrar þingnefndar í stjórnarbótarmálinu (1853) og geta þeir af meðnefndarmönnum mínum, sem þá voru, og sem enn sitja hèr á þingmanna bekkjunum, vitnað að þetta er satt. Hitt get eg eigi eins staðhæft, er eg þó man með vissu, að hinn sami konungsfulltrúi sagði mèr og eg ætla fleirum nefndarmönnum, að hann hefði fengið «prívat bendingu» um það, frá sjálfum ráðgjafa forsetanum, að því mundi eigi verða óstinnt tekið af stjórninni, þó að þingið bæri fram svofellt niðurlagsatriði í stjórnarbótarbænarskrá, ef hún yrði afráðin í þinginu hvort eð væri; og svo mikið er víst, og það geta allir sèð af alþingistíðindunum 1853, bæði að konungsfulltrúinn sjálfur fellst á þetta sem önnur niðurlagsatriði nefndarinnar, og hèt, að fylgja þeim öllum fram við stjórnina, og að þetta niðurlagsatriði, eigi síður en hin, mætti þá engum mótmælum frá þingmannabekkjunum, heldur var samþykkt, eins og öll hin, nálega í einu hljóði. Og hvernig tók nú stjórn konungsins í þessa uppástungu alþingis, þegar til hennar kom? Áleit hún, kann ske, að alþingi hefði farið fram á einhverja óhæfu, t. d. að þar með væri skert einkarèttindi konungsins, eins og þessi vor hæstvirti konungsfulltrúi nú gefur í skyn, að sè gjört af þessari nefud? Það fer mjög fjærri. Ráðgjafaskipti urðu í Danmörku um það leyti, ráðaneyti Örsteðs fór frá, en ráðaneyti Bangs kom í staðinn; — það var Bang, eins og menn muna, er skrifaði undir með konungi þessa

frægu stjórnarauglýsingu frá 12. maí 1852 og átti þá að ábyrgjast hana; vèr sjáum af því, og öðru, sem gjörðist um þau missiri í stjórninni oss Íslendingum til handa, hve vinveitt þetta nýja ráðaneyti hans var oss Íslendingum, og því jafnrètti í stjórnarmálum vorum, er vèr höfum fyrr og síðar farið fram á; það var þetta Bangs ráðaneyti eður sjálfur hann, er svaraði stjórnarbótar bænarskrá alþingis 1853 í skýrslu til þingsins 1855, sem konungsfulltrúi flutti af hendi stjórnarinnar á því sama þingi. Vèr sjáum þar, að stjórnin eimir ekki með einu orði í þá átt, að þingið hafi farið fram á neina óhæfu, eða viljað skerða einkarèttindi konungdómsins með uppástungu þessari: *um sèrskilinn ráðgjafa fyrir Ísland*; þvert í móti: stjórnin tekur svo í uppástunguna, að hún telur hana eins sjálfsagða eins og þær hinar aðrar uppástungur þingsins um stjórnarfyrirkonulagið; en skýrslan ber þær allar niður að því leyti, að það sè ekki tími til kominn», að taka þær til greina að svo komnu, á meðan ekki sè komið í kring stjórnarfyrirkomulagið í öðrum hlutum konungsríkisins, og að það vanti fè og annað til þess að koma stjórnarskipunarmáli Íslands í kring o. s. frv. Um *ráðgjafa* uppástunguna út af fyrir sig, telur stjórnin þar ekkert annað til fyrirstöðu heldur en þetta: «að stjórnin sjái sèr *ekki fært* að beiðast *fjárstyrks* til að setja slíkan embættismann eða stjórnarherra», — enda mundi það «verða *ástæðulaus byrði*» og óþarft, eptir því sem þá stóð, þar sem «hin *íslenzka stjórnardeild* veiti næga tryggingu fyrir því, að málin frá Íslandi verði svo afgreidd og undirbúin undir úrskurð konungs og stjórnarinnar, að öllu sè vel borgið í þeim efnum.

Þannig var skoðun stjórnarinnar *þá* um árin 1853—55 á máli þessu, og má lesa og sannfærast um það í skýrslu þeirri frá stjórninni, er eg nú benti til, og konungsfulltrúi lagði fram í þinginu 1855 í þingtíðindunum fyrir sama ári bls. 48—51.

Eg held að það sè góð og gömul vísa, að stinga upp á að minnsta kosti 3 manna landstjórn eins og nefndin hefir gjört. Það er vanaleg og eðlileg tala; vèr höfum 3 menn í yfirdóminum og 3 amtmenn yfir landinu, og hefir það staðið allt sem af er þessari öld og engi mun geta borið í móti, að þessi 3 manna landstjórn eður þrír landstjórar fái eigi svo mikil, margkynja og yfirgripsmikil embættisstörf til yfirstjórnar, að þeim verði fullfengið, ef þeir ættu að leysa framkvæmdarstjórnina af hendi, svo að viðunandi sè, og að færa hèr allt í lag, sem aflaga er. Uppástungur þings og þjóðar

hafa og fyrr og síðar lotið að 3 manna stjórn í landi hèr og aldrei að færri mönnum. Og það var eins með þá uppástungu þingsins 1853, eins og með uppástunguna um ráðgjafa fyrir Ísland, að í stjórnarskýrslunni 1855, er alls eigi hreift neinum mótbárum móti þessari *tölu* stjórnendanna hèr á landi, eða því slegið fyrir, að *þrír* sèu óþarflega margir; eg vil biðja menn að sannfærast um þetta af sjálfri stjórnarskýrslunni. Viðvíkjandi niðurskipunni á 10. og 21. grein, sem meiri hluta nefndarinnar hefir greint á við oss í minni hlutanum, þá get eg eigi fellt mig við, að fella úr 1. og 2. málsgrein framan af 21. grein, en halda að eins síðasta atriðinu. Þankagangurinn, sem niðurskipunin er byggð á í stjórnarfrumvarpinu, og sem vèr minni hlutinn viljum halda, er alveg rèttur. Fyrst eru ákvarðanir um sambandið milli konungsins og framkvæmdarvaldsins (í 7.—8. gr.); þar næst um verkahring, umfang og ábyrgð framkvæmdarstjórnarinnar, eins andspænis konungi eins og þjóðþinginu og þjóðinni yfir höfuð (í 9. og 10. gr.), og í þriðja lagi sambandið milli framkvæmdarvaldsins og þegnanna. Þessi niðurskipun virðist mèr að hafi talandi yfirburði yfir þá, sem meiri hlutinn vill hafa í 10. og 21. grein, því eptir henni verður ekkert hugsunarsamband milli ákvarðananna, en þær koma svona hèr og hvar að, eins og ofan úr skýjunum.

Forseti: Nú stendur svo á, að margir hafa beðið sèr hljóðs, og er þó orðið áliðið, þess vegna virðist mèr rèttast að slíta fundi í kveld og verður þá umræðunni um annan kafla frumvarpsins haldið áfram á fundi á morgun.

Fundi slitið.

---

47. fundur. — 31. ágúst.

Allir á fundi.

Forseti: Nú í dag liggur fyrir, samkvæmt dagskránni, að halda áfram undirbúningsumræðu um annan kafla konunglegs frumvarps til stjórnarskipunarlaga handa Íslandi. Framsögumaður hefir beðið sèr hljóðs.

Framsögumaður: Eg skal geta þess, með tilliti til þeirra

orða, sem flutt voru hèr í þingsalnum í gærkveld af mínum háttvirta vin þingmanni Vestur-Skaptfellinga, að eg, og að vísu allir, efast ekki um, að hann hafi haft hina beztu meiningu, en eg skal jafnframt geta þess, að eg álít hann ekki hafi byggt á rèttum grundvelli þessa meiningu sína eður í öllu falli ekki valið henni sem heppilegastan búning.

Konungsfulltrúi: Eg tók það fram í gærkvöld, að framkvæmdarvaldið í hinu *konstitutionella Monarki* á að vera ótakmarkað hjá konunginum, ef stjórnarskipun á að kallast lögbundin konungsstjórn, að hinn *konstitutionelli* konungur á að hafa ráðgjafa, ábyrgðarinnar vegna, því sjálfur er hann ábyrgðarlaus, og að þessi ráðgjafi á að vera milligöngumaður milli konungsins og allra þegna hans í öllum málefnum, þeim, er liggja undir konungsvaldið, og hann á einnig einmitt vegna þess að vera milligöngumaður milli konungsins og hinna annara embættismanna hans, sem að eins gegnum ráðgjafann, er konungurinn sjálfur kýs alveg frjálst, geta útvegað úrskurð konungsins, eða með öðrum orðum, ráðgjafinn er, þegar ræðir um lögbundna konungsstjórn, öldungis nauðsynlegur milliliður, sem menn ekki geta sleppt eða breytt, án þess að raska grundvelli þeim, sem hin lögbundna konungsstjórn er byggð á. Eptir hlutarins eðli á konungurinn, eins og eg nýlega drap á, alveg frjálst, bæði að kjósa ráðgjafa sína, og skipta störfum milli þessara, en að fyrirskipa konungi takmörk í þessu tilliti, er vafalaust að grípa inn í einkarèttindi hans, og hið sama er að segja um það, þegar menn í grundvallarlögum vilja ákveða, hvernig konungur að öðru leyti eigi að skipa framkvæmdarvaldið. Þess vegna tók eg það fram, að breytingar þær við frumvarpið, sem lúta að þessu, óumflýjanlega myndi spilla málinu, og þótt eg innilega óski, að geta komið mèr saman við þingið um öll atriði þessa máls, hefi eg enga von um, að þetta muni heppnast mèr, ef þingið heldur uppástungum meiri hlutans við kafla þann sem hèr ræðir um. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga benti í gærkveld á úrræði nokkur í þessum vandræðum, með því að hann tók sèr breytingaratkvæði, ef eg skildi hann rèttilega, í þá stefnu, að bæta við 21. grein frumvarpsins ákvörðun um ábyrgð landstjórnarinnar. Eg skal játa það, að mèr þykir þetta úrræði máske geta orðið aðgengilegt, ef honum heppnast að orða breytingu sína á þann hátt, að bæði hinu konunglega *Prærogativi* verði borgið, og ábyrgð ráðgjafans og landstjórnarinnar verði að

áliti þingsins nægileg og fulltryggjandi. Þegar þetta atkvæði kemur á atkvæðaskrána, skal eg, eptir því sem það verður orðað, skýlaust taka fram, hvort eg get mælt með því eða ekki. Það var hreinn og beinn misskilningur frá hálfu hins háttvirta þingmanns Vestur-Skaptfellinga, þegar hann í gær fór þeim orðum, að ráðgjafi konungs eptir frumvarpinu væri í raun og veru ábyrgðarlaus andspænis alþinginu, því 8. gr. frumvarpsins ákveður ábyrgð hans alveg á sama hátt og grundvallarlögin 5. júní 1849, nefnilega að hún eigi nákvæmar að ákveðast með lögum; síðast í ræðu sinni tók hinn háttvirti þingmaður sjálfur þessa ákvörðun fram, til þess að sýna, að 10. grein meiri hlutans ekki væri óskiljanleg eða sjálfri sèr ósamkvæm. Hann bætti því við, að landstjórnin eptir frumvarpinu væri öldungis ábyrgðarlaus, en í ástæðunum bls. 28 er tekið fram, að embættismenn þessir hafi fulla ábyrgð á hinum öðrum embættisverkum sínum samkvæmt almennum lögum, og sèr í lagi fulla ábyrgð á því, ef þeir fara út yfir gjöld þau, sem alþingi veitir í föstu fjárhags-áætluninni og fjáraukalögunum, og það er einasta stjórnarábyrgðin (den politiske Ansvarlighed), sem á að ákvarða í stjórnarskipunarlögum; og vegna þess hefir hinn háttvirti þingmaður, ekki haft rètt að mæla þar sem hann sagði, að landstjórnin væri alveg ábyrgðarlaus. Hitt er annað, að ábyrgð þessi ekki er ákveðin í sjálfu frumvarpinu, eða að í því ekki er tekið sèrstaklega fram, að hún á að ákveðast með sèrstökum lögum. En ástæður frumvarpsins taka það fram, að nauðsynlegt sè að skipta störfum þeim, sem umtalsmál getur verið um að ábyrgjast, milli ráðgjafans annars vegar, og landstjórnarinnar hins vegar, og mèr virðist bending þessi vel geta samrýmzt með breytingaratkvæði því, sem eg nýlega gat um, og því, sem hinn háttvirti þingmaður Norður-Þingeyjarsýslu — ef eg man rètt — tók fram; að spursmálið er, hvernig eigi að skipta ábyrgðinni milli ráðgjafans og landstjórnarinnar. Hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga gat þess við 10. grein meiri hlutans, að sjálfsagt gæti ákvörðun um, hvernig eigi að skipta ábyrgð þeirri, sem ræðir um í þessari grein, ekki tekizt upp í grundvallarlögin sjálf, en í lög þau, sem ræðir um í 8. grein frumvarpsins, — eg er honum samdóma í því, og það er á þann hátt, að eg hefi skilið breytingaratkvæði hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga. Eg skal bæta því við, að af því að ákvörðunin um landstjórnina eiginlega ekki átti að vera í grundvallarlögunum, en að eins var tekin upp í þau,

til þess að veita Íslandi sèrlega tryggingu í þessu tilliti, þá er það ekki álitið nauðsynlegt, að ákveða neitt sèrstaklegt um ábyrgð hennar í grundvallarlögunum, en að eins í tilliti til hennar að skýrskota til hinna almennu laga.

Þar sem hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga tók það fram, að ráðgjafar konungs væru í raun og veru ráðgjafar ríkisdagsins en ekki ráðgjafar konungs, hefir hann ekki haft rètt að mæla, en orð hans, eins og þau sannarlega eru alveg ástæðulaus, þykja mèr vera mjög ótilhlýðileg hèr í salnum.

Bergur Thorberg: Þessi kafli frumvarpsins hefir fengið mjög harðan dóm, einkum hjá hinum heiðraða þingmanni Vestur-Skaptfellinga, en eg álít það mjög svo óheppilegt, að dæma um ákvarðanir frumvarpsins, ef menn ekki jafnframt geta sett annað í staðinn, sem geti náð samþykki stjórnarinnar eður miði til að koma á samkomulagi milli stjórnarinnar og þingsins. Eg efast ekki um, að nefndin muni laga uppástungur sínar svo, að þær geti samþýðst áliti stjórnarinnar, einkanlega þegar hún heyrir frá konungsfulltrúa-stólnum, að hverju stjórnin framast getur gengið. Til þess að þetta geti jafnazt, er nauðsynlegt að líta á, í hverjum atriðum ágreiningurinn á sèr stað millum nefndarinnar og frumvarpsins; það er nauðsynlegt að gjöra sèr þetta ljóst. Þegar 8. gr. nefndarinnar er skoðuð, þá er að orðunum til lítill munur á henni og 7. grein stjórnarfrumvarpsins og það er, þegar einungis er litið á orðin, ekki nauðsynlegt að álíta breytingu þá, sem gjörð er, annað en orðabreyting, en af ástæðunum fyrir nefndarfrumvarpinu sèst, að hèr er um verulegan mun að gjöra. Eptir 9. grein stjórnarfrumvarpsins á ráðgjafi sá, sem hefir á hendi hin íslenzku mál, að vera einn af ráðgjöfum konungsins, sem konungur felur þenna starfa á hendur, auk þess sem hann hefir á hendi sem danskur ráðgjafi, en að ástæðum nefndarinnar samanbornum við 10. grein nefndarfrumvarpsins sèst, að uppástunga nefndarinnar, á að skiljast um sèrstakan ráðgjafa fyrir Ísland, en þetta er veruleg breyting hjá nefndinni, og þessi breyting hefir hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagt, að væri óaðgengileg fyrir stjórnina. Framsögumaður hefir viðurkennt, að «Prærogativ» konungs gæti eigi, og mætti eigi takmarkast, en hèr verður það þó að vissu leyti takmarkað eptir nefndarfrumvarpinu, því konungur getur ekki eptir því, tekið sèr fyrir ráðgjafa í íslenzkum málum hvern sem hann vill; hann er nefnilega útilokaður frá að fela þenn starfa nokkrum þeim manni

sem hann einnig hefir fyrir ráðgjafa í dönskum málum, en slík takmörkun á ekki að finnast í neinum grundvallarlögum, heldur á konungurinn sjálfsagt, að vera öldungis ótakmarkaður í því, hvern hann kýs sèr fyrir ráðgjafa. Þar sem mèr virðist þetta auðsætt, þá er mèr ekki á hinn bóginn fullkomlega ljóst, hvort það er nauðsynlegt, að nokkuð standi í grundvallarlögunum um, að ráðgjafi konungs í íslenzkum málum, skuli einmitt vera einn af hinum dönsku ráðgjöfunum, eða hvort þetta mætti ekki vera öldungis óákveðið, t. a. ef sleppt væri 9. grein í frumvarpi stjórnarinnar; því mèr finnst í rauninni, ákvörðunin í 7. grein vera fullnægjandi, því eptir henni getur konungurinn tekið sèr fyrir ráðgjafa í íslenzkum málum, hvern sem hann vill, hvort heldur einhvern af hinum ráðgjöfunum eður annan, þó mèr þyki sjálfsagt eðlilegast að það, eins og nú er ástatt yrði falið einhverjum af hinum ráðgjöfunum að vera ráðgjafi í hinum íslenzku málum. Eg vil benda nefndinni og þinginu á þetta, ef það kynni að geta orðið til þess, að nálægja nefndina og stjórnarfrumvarpið hvort öðru, einkum ef hinn hæstvirti konungsfulltrúi lýsti því yfir, að hann væri því ekki mótfallinn. Eg álít og, að sèrstaklegur ráðgjafi fyrir Ísland, eptir hinu fyrirhugaða nýja fyrirkomulagi væri eigi eins þarfur og menn ætla. Nefndin heldur, að stjórnin verði ekki eins hvíkul, ef menn fá sèrstakan ráðgjafa fyrir Ísland; en þetta er held eg, ekki rètt álítið, því ef þessi ráðgjafi ætti að standa samhliða hinum dönsku ráðgjöfum, þá yrði hann að eiga sæti í leyndarráði konungs, og taka hlutdeild í hinni almennu pólitisku ábyrgð með þeim, en afleiðingin þar af yrði einmitt, að hann mundi optast nær víkja úr völdum undir eins og þeir, þegar þeir yrðu að fara frá, af einhverjum pólitiskum ástæðum; eg held því að sá hvikulleiki í stjórninni, sem nefndin vill fyrirbyggja, verði hinn sami eins fyrir það, þó settur væri sèrstakur ráðgjafi í íslenzkum málum. Það er líka aðgætandi, að ætlazt er til, að landstjórnin hèr hafi reglugjörð, staðfesta af konungi til að fara eptir, og þessi reglugjörð yrði nokkurs konar almennt instrúx fyrir hana til að fara eptir í embættisfærslunni, og það mundi alls eigi raskast við ráðgjafaskipti. Menn mega eigi heldur gleyma því, að það yrði töluverður kostnaður af því, að hafa sèrstakan ráðgjafa, því ráðgjafalaunin eru 6000 rd., og þetta er mikið þar sem ekki er um meiri auðæfi að gjöra en hjá oss.

Þá er og önnur breyting hjá nefndinni, sú, að landstjórnin hafi ábyrgð fyrir þinginu; það er auðsætt, ef landstjórnin á að

standa undir ráðgjafanum, þá er erfitt að koma því heim, að bæði sá yfirboðni og þeir undirgefnu hafi ábyrgðina fyrir sama þingi; þetta gæti rekið sig hvað á annað. En það er auðsèð, að nefndin hefir ekki ætlazt til að landstjórnin stæði undir ráðgjafanum, heldur að þau stæði jafnhliða, og að ráðgjafinn þar að auki væri milligöngumaður milli konungsins á eina hlið og landstjórnarinnar og þingsins á hina. Þetta er mjög veruleg breyting frá stjórnarfrumvarpinu, og þó ekkert annað væri á móti henni, þá mundi af þessu fyrirkomulagi leiða þann kostnað, að ókljúfandi yrði að koma því í gegn. Þar að auki talar það á móti því, að landstjórnin geti borið ábyrgð gagnvart þinginu, að aðalatriðið í ráðgjafa-ábyrgðinni er það, að ráðgjafinn skuli standa ábyrgð á konungsúrskurðum þeim, er þeir undirskrifa með konunginum, en slík ábyrgð getur ekki vel hvílt á öðrum en ráðgjafanum í Danmörku, sem ber málin upp fyrir konungi; en að koma því svo fyrir, að landstjórnin einnig hafi ábyrgð fyrir þinginu, held eg verði mjög erfitt. En eg held líka, að þetta skipti ekki mjög miklu, því þegar ráðgjafa-ábyrgðin á sèr stað á þann hátt, sem eg gat um, þá er ábyrgð fyrir öllum greinum í stjórnarmálefnum landsins, með því það er auðvitað, að landstjórnin hefir fulla embættisábyrgð af gjörðum sínum, og þar á meðal ábyrgð á meðferð sinni á fè landsins og því, að eigi sè farið út fyrir fjárhagsáætlunina. Út af uppástungu nefndarinnar um tölu landstjóranna skal eg geta þess, að þar sem þessi ákvörðun snertir fyrirkomulag framkvæmdarvaldsins á hún ekki að vera í stjórnarskipunarlögunum, enda ímynda eg mèr, að nefndin ekki muni halda þessari uppástungu mjög fast fram, og það því síður sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi álítur að hún muni skaða málið. Að öðru leyti vona eg og óska, að nefndinni mætti takast að laga uppástungur sínar þannig, að þær ekki komi í bága við frumvarp stjórnarinnar og verði því eigi til fyrirstöðu, að málið geti fengið framgang og sem farsælust endalok fyrir land og lýð.

Framsögumaður: Með tilliti til ræðu hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns viðvíkjandi ráðgjafanum skal eg að eins geta þess, að þar sem hann tók það fram, að appástungur nefndarinnar væru eigi sem heppilegastar, þá tók eg í gærkveldi mèr fyrir hönd meðnefndarmanna minna rètt til að bera upp breytingaratkvæði um það atriði. En út af því sem hann síðan sagði um embættismanna-ábyrgð, þar sem hann vildi telja oss trú um, að embættismanna-ábyrgð væri sama og fristjórnarábyrgð, því bið eg

menn gá að því, að embættismanna-ábyrgð á ekkert skylt við frístjórn eða constitution; embættismanna-ábyrgðin getur enda verið ríkust, þar sem engi fristjórn er, heldur takmarkalaus konungsstjórn; embættismanna-ábyrgð fylgir hverri sem helzt stjórn eins og skuggi líkama. Eg vil líka geta þess, að eg fyrir mitt leyti mun vera mjög fús á að taka til greina þær bendingar, sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður gefur nefndinni til hins betra, en það verður þá líka að vera til hins betra. Með tilliti til ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa, þar sem hann tók fram sambandið milli 8. greinar stjórnarfrumvarpsins og 72. greinar dönsku grundvallarlaganna, þá skal eg geta þess, að einmitt þessu atriði málsins hefir nefndin viljað halda föstu; að svo stöddu fer eg eigi fleiri orðum um málið, en áskil mèr að eins breytingaratkvæði.

Arnljótur Ólafsson: Eg finn mèr skylt að þakka hinum hæstvirta konungsfulltrúa þær mildu undirtektir, sem hann hafði við breytíngaratkvæði mitt, enda þótt hann eigi gæti gefið neina vissu fyrir, hvort hann mundi geta gengið að því; en þessar mildu undirtektir gefa mèr samt djörfung til þess að lýsa því nákvæmar fyrir hinum hæstvirta konungsfulltrúa og þinginu, hversu eg hafði hugsað mèr aðalefnið í þessu breytingaratkvæði. Eg þarf eigi að taka það fram, því það mun vera orðið öllum þingmönnum ljóst, bæði af orðum hins hæstvirta konungsfulltrúa og annara þingmanna, bæði hvernig ráðgjafa-ábyrgðin er löguð, og eins hitt, að hans hátign hefir þann einkarètt að skipa embættin, og ákvarða tölu þeirra. Ráðgjafarnir hafa ábyrgð bæði við konung og þjóð, þeir eru að þessu leyti eins og önnur hlið á hátigninni sjálfri, sú hlið, er hefir ábyrgðina gegn þjóðinni. Þingið getur eigi eður ætti eigi að komast í neitt stríð út af þessum almennu grundvallarreglum í stjórnarlögunum. Það eina, sem vandkvæðum öllum veldur er það, að *þingið er á Íslandi,* en *konungurinn í Danmörku.* Ef það væri eigi svo, ef þetta fjarlægðardjúp væri eigi staðfest milli konungs og þings, þá þyrftum vèr eigi 21. greinar stjórnarfrumvarpsins; vèr hefðum þá allar »constitutionelle Garantier», sem eru hèr í 7. til 10. gr. stjórnarfrumvarpsins, það er að segja, allar þær tryggingar, sem stjórnarlög þurfa að hafa. En af því að konungur nú einu sinni er í Danmörku en þingið á Íslandi, þá eru oss eigi nógar ákvarðanirnar í 7. til 10. grein. Þá er spursmálið, hvar á þá stjórn sú að vera, sem ábyrgðina hefir; á hún að vera í Kaupmannahöfn eða á Íslandi? Ef stjórnin á að

vera í Kaupmannahöfn, þá er það eigi nema í orði, að hún hefir ábyrgð fyrir þinginu. Ef vèr aptur á móti segjum, að stjórn sú, sem *ábyrgðina* hefir, á að vera á Íslandi og hvergi annarstaðar, þá er eg hræddur um, að verði sagt, að vèr höfum gengið of langt, enda þótt mèr finnist það í raun og veru eðlilegt, að ábyrgðin fyrir þinginu ætti að vera í nánd við þingið, svo að enginn í sjálfu sèr ætti að geta haft á móti því. Það er þó auðsætt, að það er öldungis nauðsynlegt, að þingið hafi þann mann hèr, er ábyrgð hafi verka sinna og tillagna, ábyrgðin hlýtur að vera hjá landstjórninni, þegar ráðgjafinn er í Kaupmannahöfn. Mèr skilst svo 10. grein nefndarinnar, að nefndin hafi viljað sameina hvorttveggja: landstjórn hèr, er samkvæmt fyrsta lið 21. greinar hefir alla stjórn þeirra mála, er snerta Ísland sèr í lagi, og sem hèr skal ráðið til lykta, og ráðgjafa, er hafi ábyrgð á tillögum sínum í öllum málum, er ganga til Kaupmannahafnar til konungsúrskurðar. Eg vil reyndar það sama sem nefndin að efninu til, en eg vil koma því öðruvísi fyrir. Eg vil fyrst, að ábyrgð landstjórnarinnar verði ákveðin með lögum, og í öðru lagi, að tiltekið sè, að landstjórnin hafi ábyrgð af *tillögum sínum* í þeim málum, er ganga hèðan til konungsúrskurðar. Þetta er lík hugmynd og í 30. grein grundvallarlaga Norðmanna. Undirskript ráðgjafans er nú reyndar eigi nema *ytri sönnun,* sem eigi hefir fulla þýðingu, ef annar maður er til, er standa skal ábyrgð af *tillögum* sínum, og það sannast, að hann sem *kunnugur* hefir hvatt ráðgjafann sem *ókunnugan* til einhvers þess, er ábyrgð fylgir. Hafi nú landstjórnin ábyrgð fyrir öllum tillögum sínum og ráðstöfunum, þá geta menn að vísu sagt, að ráðgjafinn sè í rauninni eigi orðinn annað en flutningsmaður, og standi hann þá að eins ábyrgð af flutningi málsins, og afgreiðslu, eður af referati og expedition. Þannig ætti allir sem sækja um embætti að afhenda landstjórninni umsóknarbrèf sín, en hún leggur til hver hljóta skuli líkt og stiptsyfirvöldin nú um prestaköll.

Þá er eigi annað sèrlegt um að gjöra en bráðabyrgðarlögin. Það þyrfti þá að taka inn í 21. grein, að konungur eigi mætti gefa út bráðabyrgðarlög nema eptir beinum tillögum landstjórnarinnar; á þann hátt yrði enn fremur þrengt um ábyrgð ráðgjafans.

Jón Sigurðsson: Þótt eg sè einn af nefndarmönnum, þá hefi eg enn eigi lengt þingræðurnar í þessu máli og ætla mèr eigi enn að lengja þær. Vil eg að eins fara fáeinum orðum um þenna

annan 2. kafla frumvarpsins sem nú liggur fyrir til umræðu, og sem svo mikið umtal hefir orðið um. Við þenna kafla hefir komið fram töluverður ágreiningur í umræðum þingmanna, og eru hèr að mèr sýnist tveir andstæðir partar; annars vegar hinn háttvirti konungsfulltrúi en hins vegar nefndin, en eg held, þegar vel er að gáð, að þá sè ágreiningurinn milli tèðra málsparta í raun og veru ekki eins mikill eins og hann sýnist vera í fljótu áliti, því hvorutveggi verða sjálfsagt að vera samhuga í því að vilja beina málinu áleiðis rètta stefnu, sem verða mætti Íslandi til heilla og farsældar. Hèr getur því eigi verið ágreiningur um annað en það, hver vegur að sè beinastur og rèttastur, til að ná þessu sameiginlega takmarki. Nefndin hefir nú fyrir sitt leyti, bent á þann veg, sem henni sýnist beinastur i þessu efni; en þær breytingaruppástungur nefndarinnar við 7. til 10. gr. frumvarpsins, sem hèr að lúta hafa nú eigi fundið náð fyrir augum hins hæstvirta konungsfulltrúa. Eg hefi þó eigi getað sannfærzt af ræðum hans um það, að breytingar nefndarinnar sèu óþarfar. Konungsfulltrúi sagði, að nefndin hefði gripið inn í einkarèttindi konungs með breytingaruppástungum sínum; en hann á eptir á sýna, hverjar af uppástungunum miða til þessa; það skyldi vera það væri þá viðaukinn við 21. gr. stjórnarfrumvarpsins, um tölu landstjóranna, og verð eg að segja fyrir mitt leyti, að það atríði er eigi svo mikilvægt, að vert sè fyrir nefndina, að halda því til streytu, ef það yrði til að spilla fyrir málinu, Eg lýsi því þess vegna yfir, að eg vil slaka til um þetta atriði. Eg er samdóma því, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði í ræðu sinni um kostnaðinn; vjer verðum nefnilega, að sníða oss stakk eptir vexti, eins í þessu efni sem öðru, og eg játa, að við Íslendingar erum fátækir, og megum ekki við að bera kostnaðarmikla stjórn. Það er og sjálfsagt, að vèr verðum að hafa hugfast, að halda sem sparlegast á efnum vorum, en á hinn bóginn megum vèr þó ekki sýta í hvern skildinginn, þegar um það er að ræða, að fá frjálslega og hagfellda stjórnarskipun, enda er eg sannfærður um, að sú skoðun ríkir í hvers mann brjósti, að ekki megi naga við nögl sèr, ef unnt væri að koma máli þessu í það horf, sem hugur vor stendur til, og flestir munu kjósa. Eg ætla að minnast lítið eitt á aðalgalla þá sem sem mèr finnast vera á öðrum kafla frumvarpsins eptir mínum skilningi. Aðalgallarnir á því finnast mèr vera þeir, að ráð er gjört fyrir, að hin sèrstöku mál Íslands verði lögð undir *einhvern* hinna dönsku ráðgjafa; við

þetta get eg engan veginn sætt mig, því málum vorum getur ekki verið fullborgið með þeim hætti. Eg held menn hafi fullreynt, að ráðgjafar Dana eru ekki langgæðir, og þegar vèr þess utan eigum það undir skapti og blaði, undir hvern hinna Dönsku ráðgjafa málefni Íslands verði lögð í það og það skipti, þar eð konungur og ríkisráð hans ákveða það, án þess alþing hafi nokkurt atkvæði um það; gæti því svo farið, að vèr einmitt yrðum sviptir þeim ráðgjafa, sem vèr vildum fyrir hvern mun halda í, en mættum aptur sitja með annan, sem má ske sízt væri fær um að sjá fyrir vorum málefnum; því eins og hverjum má sera ljóst, getum við enginn áhrif haft á þann ráðgjafa, sem stendur undir hinu danska ríkisþingi. Eg held þess vegna, að það sè á góðum ástæðum byggt hjá nefndinni, að biðja um, að mál vor verði lögð undir sèrstakan ráðgjafa. Hinn annar galli á 2. kafla frumvarpsins, er um ábyrgð ráðgjafans, því þó látið sè í veðri vaka, að hún skuli ákveðin með lögum, þá er þó í ástæðunum fyrir þessum kafla frumvarpsins grafinn fóturinn undan allri ábyrgðinni (*Jón Guðmundsson:* Rètt. *Arnljótur Ólafsson*: Hvernig). Eg vil biðja þingmenn að gæta að ástæðum frumvarpsins neðst á bls. 28; þar stendur: «En ef það er athugað .... á ráðgjafanum sálfum». Sbr. ástæður stjórnarfrumvarpsins 31. bls. Eg vil spyrja: Hvernig á þessari ábyrgð ráðgjafans að verða háttað fyrir okkur? Eða hverja tryggingu höfum vèr fyrir því, að hún komi oss að nokkru haldi? Ráðgjafinn hefir ábyrgð fyrir konungi og ríkisþingi Dana; hvernig getur hann þá haft ábyrgð fyrir alþingi? þetta vil eg biðja þingmenn að skýra fyrir mèr, því eptir ástæðum frumvarpsius, fæ eg ekki betur sèð, en að ráðgjafa-ábyrgðin verði ekki nema á pappírnum, og meira að segja, að með því fyrirkomulagi, sem frumvarpið ráðgjörir, verður ábyrgð landstjórnarinnar, hèr gagnvart alþingi líka alveg þýðingarlaus. Eg ætla mèr ekki að halda stranglega fram uppástungu nefndarinnar, en á frumvarp stjórnarinnar óbreytt, get eg heldur með engu móti fallist, en það er sjálfsagt, að eg er mjög fús á að taka öllum þeim bendingum, sem miða til að sameina breytingaruppástungurnar við stjórnarfrumvarpið.

Sveinn Skúlason: Það var eitt, sem mèr þótti mig vanta í ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa, en það var svo skýrt það sem eg spurði um í gær, nefnilega, hvort það komist í nokkurn bága við hið lögbundna konungsvald, þó þingið beiddi um, að oss yrði veitt jöfn hlutdeild í frelsisgjöf Friðriks konungs 7. og væri

það þá fyrst, hvort ekki væri rètt, að mest öll ábyrgðin væri dregin inn í landið; þetta er hið fyrsta undirstöðu-atriði og vil eg því bíða svars upp á það. Þegar eg nú skoða 2. kafla frumvarpsins sem nú liggur fyrir, og ástæðurnar fyrir honum, þá finnst mèr þar vera nokkrar mótsagnir. Þannig er í ástæðunum bls. 32 sagt »að fyrirhugað sè að fela íslenzku landstjórninni á hendur að ráða öllum þeim sèrstaklegum málefnum til lykta, sem áður hafa átt undir stjórnarráðin í Kaupmannahöfn, eða undir íslenzku stjórnardeildina. Eptir því er ætlazt til, að landstjórnin hèr hafi allar »ministerielle Afgjörelser« á hendi, sem hin íslenzka stjórnardeild og ráðaneyti konungs hefir áður haft. Í mótsögn við þetta kemur sú ákvörðun, að einn maður skuli settur í Danmörk til höfuðs landstjórninni, sem getur breytt öllu er hún gjörir og jafnvel stungið upp á, að hún sè sett af, eins og segir á bls. 28. Þá verður landstjórnin eins og eg sagði í gær, rèttlaus soppur í hendi ráðgjafans; en þó á hún að hafa yfirgripsmikil völd, eptir því sem stendur á bls. 32, og sjá allir, að þetta er mótsögn. Mikið af ábyrgðinni hlýtur eðlilega að hvíla á landstjórninni, en þá er að finna hlutfallið í ábyrgðinni milli hennar og ráðgjafans, og það er skilyrði fyrir því, að eg geti gengið að 2. kafla. Það eru víst eindæmi, að landstjórn sè mælt svo rúmt svið án þess hún þó hafi nokkurn rètt. Ef að hinn hæstvirti konungsfulltrúi og þingið getur komið sèr saman um þau atriði, er gjörðu samband þetta tryggjandi og viðunandi, skyldi eg alls ekki vera harður á sèrstökum ráðgjafa í Danmörk, því hann hefði þá miklu minna að gjöra en ráð er fyrir gjört eptir frumvarpsins 8. og 10. grein. Hvað ábyrgð ráðgjafans eptir 8. grein snertir, þá verður hún ekki ákveðin öðruvísi en á sama hátt og gildir fyrir hina ráðgjafana. Eg get ekki sèð, að hægt verði að kalla ráðgjafann fyrir þingið eða nokkurn dóm hèr á landi; heldur yrðu menn að sækja hann í ríkisdóm Danmerkur, ef til þyrfti að taka, og þar mundi oss erfitt að festa höndur í hári honum. Þegar aptur á móti er gengið út frá því, að landstjórnin hafi ábyrgð á öllum málum, þá held eg, að ráðgjafinn þurfi ekki að hafa ítarlegri ábyrgð, en til er tekið í frumvarpi stjórnarinnar. Það verður þá samhliða vald og svipuð ábyrgð sem landstjórnin og ráðgjafinn hefir, og virðist enginn verulegur ágreiningur geta risið milli þeirra, þar sem málin koma undirbúin frá landstjórninni, en ráðgjafi ber þau fram fyrir konung. En ráðgjafinn getur samt haft mikla þýðingu, því

hann er einn út af fyrir sig fyrir Íslands hönd í sameiginlegum málum. Það eru enn einstakar greinir, sem eg vildi leiða athuga þingmanna að. Þannig get eg eigi fellt mig við fyrsta kafla 21. greinar, en eg held, að breytingaratkvæði það sem þingmaður Borgfirðinga ráðgjörði bæti úr því, og vil eg áskilja mèr að koma mèr saman um það við hann. Það er ein grein, sem mèr þykir ísjárverð, og vil eg leyfa mèr að spyrja hinn hæstvirta konungsfulltrúa, hvort hún sè nauðsynleg, eða muni gjöra verulegt gagn, en það er 14. greinin. Eg veit vel, að alstaðar þar sem lögbundin konungsstjórn er, getur konungur frestað löggjafarþinginu; en eptir því sem tilhagar hèr á landi efast eg um, að það sè hagfellt, eg er hræddur um, að það miklu fremur mundi verða til óhags vegna þingtíma vors og fleiri kringumstæðna. Væri t. d. þingi á miðju sumri frestað mánaðartíma yrði það ekki búið fyrr en komið væri fram á vetur, og yrði þá sumum þingmanna ómögulegt að komast heim. Það er sjálfsagt, að eg fell frá að sleppa grein þessari úr, ef hinn hæstvirti konungsfulltrúi segir að hún sè nauðsynleg í þessum þinglögum.

Konungsfulltrúi: Eg held að svar það, sem hinn háttvirti þingmaður Norður-Þingeyjarsýslu sagði, að enn þá vantaði upp á spursmál hans í gær um ráðgjafa-ábyrgðina, sè gefið af mèr í ræðu minni í dag, þegar eg bar bendingu hins háttvirta þingmanns saman við breytingaratkvæði hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga, og lèt í ljósi, að eg má ske gæti mælt með því. Upp á spurningu hins háttvirta þingmanns um 14. grein skal eg geta þess, að mèr þykir hún þýðingarlítil, og ef þingið óskar, að henni verði sleppt, skal eg fyrir mitt leyti ekki mæla móti því.

Upp á ræðu hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga í dag, skal eg að eins geta þess — ef eg hefi skilið hann rètt — þá miðar breyting hans til þess, að ákveða í 21. grein frumvarpsins, að landstjórnin eigi að hafa ábyrgð andspænis þinginu, en hinar nákvæmari ákvarðanir um það eigi að setjast í lögum þeim, sem nafngreind eru í 8. grein.

Framsögumaður: Út af ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa og hins háttvirta þingmanns Norður-Þingeyinga skal eg geta þess, að eg verð að álíta, að skýrsla sú, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi gaf í gær um jafnrèttisatriðið, sè svo ljós, sem honum eptir hlutarins eðli og kringumstæðunum er unnt að gefa hana. Hvað 14. grein snertir, þá álít eg nauðsynlegt að halda henni. Það er

konungsins að sjá um, að ákvörðun þessi fái eðlileg áhrif á þingið eptir kringumstæðunum, og eg mistreysti því ekki, að ráð muni finnast til þess að koma því eðlilega fyrir og samkvæmt því, sem á stendur. Hvað aðalatriði málsins snertir, það er að segja ábyrgð ráðgjafans og landstjórnarinnar, þá er það alveg nauðsynlegt, sem margir hinna heiðruðu þingmanna hafa tekið fram, að til þess að vilji konungs komi að þeim notum, sem hann hefir til ætlazt, að breytt sè reglu frumvarpsins, en það er líka nauðsynlegt að gæta þess, að menn ekki haggi grundvelli frumvarpsins með þessari breytingu. Það gleður mig mjög, að allar ræður hinna háttvirtu herra er talað hafa, miða í sömu aðalstefnu. Eg vil leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta forseta, hvort eg hafi ekki geymt mèr og nefndinni rètt til breytinga um þetta efni, og hvort eg hafi ekki nægilega gjört grein fyrir þeim breytingum.

Forseti: Hinn háttvirti framsögumaður hefir reyndar að eins tekið það lauslega fram; en eptir því sem á stendur vil eg ekki gjöra strangar kröfur um slíkt. Eg held líka, að þegar svo margir eru í nefndinni, 7 eða 8, sem eiga að koma sèr saman, þá sè það næg trygging fyrir þingið.

Jón Guðmundsson: Það eru nú þegar orðnar allmiklar umræður út af grundvallarreglunni í 7.—10. gr. stjórnarfrumvarpsins, og hafa að vísu flestir orðið að játa, að stjórnarbót vorri sè lítt borgið með því fyrirkomulagi, sem þar er stungið upp á: að svona einhver og einhver hinna dönsku ráðgjafa, nú þessi og nú hinn skuli hafa á hendi æðstu úrslit mála vorra þeirra er mestu varða, og að *þessum* ráðgjöfum skuli landstjórnin hèr á landi vera undirgefin að öllu leyti. En það er svo að heyra sem mönnum líki heldur ekki þær breytingar, sem nefndin hefir stungið upp á við þenna kafla, og hafa því talið nauðsynlegt að breyta 9. og 10. gr. nefndarfrumvarpsins. Það skyldi verða mèr til sannrar gleði, ef menn með því gætu bæði nálgast hinn hæstvirta konungsfulltrúa og þó jafnframt hið rètta og eðlilega fyrirkomulag, sem verður að eiga sèr stað til þess, að jafnvægið milli konungs og framkvæmdarvaldsins öðru megin og hins löggefandi þings hins vegar komist í það eðlilega horf, sem það verður að vera í, þar sem konungsstjórn er lögbundin. Eg hefi heyrt í dag bæði þingmanni Borgfirðinga og fleiri og fleirum farast svo orð, að þeir vilji halda ráðgjafa-*nafninu,* en ætla honum þó eigi önnur störf en að flytja málin fyrir konung eða með öðrum orðum, að hann *þurfi* ekki að gjöra ann-

að eða fleira; aptur vilja menn láta landstjórnina hafa ábyrgð bæði fyrir konungi og þingi, fyrir konungi af því hann hefir hið æðsta vald, og fyrir þinginu af því landstjórarnir mæta þar af konungs hendi. Þarna er nú, segja þeir, allt framkvæmdarvaldið af konungs hendi, og þess vegna er það ætlun þeirra, að ekki þyrfti neinn sèrlegan mann til þess að flytja málin fyrir konung. Eg vil nú spyrja, er þessi stefna ekki miklu nærgöngulari einkarèttindum konunglegrar hátignar heldur en uppástunga nefndarinnar, er beinlínis ætla honum *ráðgjafa* við hönd sèr? Fjarlægir ekki þetta of mjög framkvæmdarvaldið frá konungi? Hvernig á konungur að ná til þess, ef hann hefði ekki sèr við hönd nema að eins flutningsmann af hendi landstjórnarinnar, en hún er hèr á landi í 300 mílna fjarlægð frá konunginum og hefir í höndum sèr hið æðsta framkvæmdarvald af konungs hendi. Flutningsmaður þessi kæmi þó aldrei fyrir konung nema þegar hann hefir fengið brèf frá landstjórninni, og kemur þá sem ábyrgðarlaus sendiboði frá henni. Það gegnir furðu, að verða að heyra annað eins og það, að menn geti ekki hugsað sèr, að það sè óumflýjanlegt og sjálfsagt, að konungur hafi sèr við hönd einhvern af þeim mönnum, er hann felur á hendur hið æðsta framkvæmdarvald konunglegrar hátignar, þetta æðsta vald, sem grundvallarlögin heimila konunginum. Það gegnir furðu, að menn skuli ímynda sèr og láta til sín heyra, að til þessa þurfi ekki nema að eins fáein brèf frá landstjórninni á Íslandi. Ráðgjafinn, sem nefndin hugsar sèr, er sá hluti landstjórnarinnar sem æfinlega er til staðar hjá konunginum, og er hans hægri hönd, hvað framkvæmdarvaldið snertir; þessa hægri hönd má ekki slíta frá honum og fleygja henni 300 mílur norður í heimsskaut. Menn hafa hèr í salnum í dag ítrekað það aptur og aptur, að ráðgjafi Íslands hjá konunginum hefði ekkert annað starf eða ætlunarverk á hendi heldur en þetta eina, að bera fram mál þau fyrir konung, sem liggja undir konungsúrskurð; menn vilja þannig alveg sleppa hinni rèttu og eðlilegu þýðingu orðsins »*ráðgjafi*« það er *ráðaneyti* konungsins áhrærandi hið æðsta framkvæmdarvald konungdómsins; menn missa þarna sjónar á því, að það er óaðgreinanlega fólgið í hinu æðsta framkvæmdarvaldi, að hafa upptökin, hvort heldur er til lagasetningar eður til umboðslegra ákvæðisfyrirtækja og breytinga. Þá er enn eitt óaðgreinanlegt frá lögbundinni konungsstjórn: »Konungur kveður menn í landstjórnina og víkur þeim úr völdum«; til þessa þarf konungur-

inn að hafa fullt og fast ráðaneyti *Íslands málanna* sèr *við hönd*, einmitt *einn* af þeim mönnum, er hann hefir falið hið æðsta framkvæmdarvald konungdómsins til fyrirsvara, og þyki konungi að eigi megi hjá komast, að víkja landstjórninni úr völdum, þá þarf hann einmitt ráðaneyti sèr við hönd til þess að mynda *nýja* landstjórn.

Menn hafa enn fundið sèr það til, að 10. grein nefndarinnar ráðgerði, að einn landstjóranna kynni að skrifa undir sumar afgreiðslurnar ásamt konungi, og hafa menn sagt á þá leið, að þetta væri öfugt eða jafnvel óheyrt fyrirkomulag. Eg læt mèr nægja að vísa þeim til 10. greinar í hinni nýju stjórnarskrá Danmerkurríkis 28. júlí 1866; þar, og svo af nýrri stjórnarskrám annara landa, geta menn sèð, hvort eigi er gjört ráð fyrir nema undirskript *eins* ráðgjafa. Konungsfulltrúi og fleiri hafa enn sem fyrri otað hinum «óbærilega kostnaði» er stæði af þessu fyrirkomulagi fyrir vort fátæka land Ísland. Það þarf alls eigi að brýna þetta fyrir oss; vèr vitum vel, að þetta nýja fyrirkomulag, er vèr stingum upp á, landstjórarnir, má ske *einn* ráðgjafi hjá konungi, að einhverju leyti, fjölgun alþingismanna, og alþingi annaðhvort ár, í stað 3. hvert ár, hlýtur að hafa enda talsvert meiri kostnað í för með sèr, heldur en fyrirkomulag það, sem stungið er upp á í stjórnarfrumvarpinu. En þegar eigi er nema um tvennt að velja, öfugt og ófrjálslegt stjórnarfyrirkomulag, þótt kostnaðarminna sè, eða eðlilegt og frjálslegt fyrirkomulag með nokkuð meiri kostnaði, þá blandast vart neinum hugur á því, hvern kostinn heldur skuli kjósa. Það þykir eitt vera of nærgöngult hjá nefndinni, þar sem hún hefir í 23. grein ákveðið, að eigi færri en 3 menn skyldi vera í landstjórninni; menn hafa sagt, að þetta væri móthverft því, sem vant væri að vera í stjórnarskrám, þar sem *tala* ráðgjafanna væri aldrei ákveðin. Eg veit vel, að þetta er svo; en þar sem stjórnarfrumvarpið sjálft ákveður töluna að nokkru leyti: »*einn* eður fleiri menn í landstjórnina« þá virtist nefndinni, að nefndin hefði hèr eigi vikið feti lengra frá almennri reglu heldur en stjórnin hefir sjálf gjört. Þá hafa einn eður fleiri þingmenn látið í ljósi, hèr í dag, að 14. gr. stjórnarfrumvarpsins ætti að burtfalla, og var svo að heyra á hinum hæstvirta konungsfulltrúa, eða mèr skildist eigi betur, en að hann væri eigi neitt sèrlega á móti því, að svo yrði gjört; en þó að eg hafi þótt nokkuð nærgöngull einkarèttindum konungsins í ýmsum tillögum vor nefndarmanna, og í ræðum mínum hèr í salnum, þá leiði eg samt minn hest frá að

vilja skerða svo freklega einkarèttindi konungsins, eins og mundi verða ef grein þessi væri úr felld; því ákvörðun hennar hefir í sèr fólgin mjög veruleg einkarèttindi konungdómsins. Það er reyndar satt, hún *gæti* komið mjög ónotalega og önuglega niður hèr á landi, ef henni væri misbeitt, en það óttast eg aldrei af konunginum, og eg þekki engi grundvallarlög, hvorki eldri nè nýrri tíma er eigi hafa þessa sömu ákvörðun, sem sjálfsagt einkarèttindi konungdómsins, eins og 14. gr. stjórnarfrumvarpsins.

Framsögumaður: Viðvíkjandi ræðu hins háttvirta þingmanns Vestur-Skaptfellinga,þá skal eg fyrst geta þess, eins og hinn háttvirti forseti þegar hefir tekið fram, að breytingaratkvæði mitt er þegar svo rætt, sem þörf er á, til þess að málið komist í sem rèttasta stefnu. Mèr fyrir mitt leyti virtist ræða hins háttvirta þingmanns að öðru leyti ekki eiga alls kostar sem bezt við, því að það er ekki fjárspursmálið, sem hèr liggur fyrir á þessu stigi málsins. Hèr er spursmálið að eins, hvað vèr eigum að gjöra viðvíkjandi stjórnarbótarmálinu sjálfu. Málið á þar að auki að ræða í köflum, og þetta spursmál á því alls ekki að koma til umræðu hèr í þessum kafla; það á ekki við að tala hèr um, hvað er *dýrast,* heldur hvað er *rèttast* og hyggilegast fyrir land og lýð. Það sem er rètt, það verður að vaka fyrir þingmönnum, það verða nú að vísu að vera nægir kraptar til að framkvæma þetta rètta og sanna, og það er sönn setning í þessu sem öðru, sem hinn háttvirti þingmaður Snæfellinga tók fram og fleiri hinir heiðruðu þingmenn: «Fèð er afl þeirra hluta sem gjöra skal»,en hvaðan kemur þetta afl, fèð, þegar ræðir um þjóðfrelsi; er þjóðfrelsið uppspretta peninganna, eður peningarnir uppspretta þjóðfrelsisins? Þetta á þingið að gjöra sèr ljóst. Eg gleðst af því, að hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga hefir tekið til greina orð hins hæstvirta konungsfulltrúa. Vèr tölum hèr ekki um *ástæður*, en um *málalok og niðurstöðu,* eptir orðum hins hæstvirta konungsfulltrúa og hins háttvirta forseta; *þeim* byggi eg á, og lýsi því yfir; hin sama skoðun hlýtur að vera skoðun hins háttvirta þingmanns Vestur-Skaptfellinga, þó orð hans í *fljótu* bragði kunni að hafa nokkuð annan blæ.

Jón Guðmundsson: Eg get ekki neitað því, að mèr þótti ræða hin háttvirta framsögumanns nokkuð undarleg, og mèr kom það sannarlega á óvart, þar sem hann sagði, að eg hefði svo mikið talað bæði um ráðgjörð breytingaratkvæði, er eigi lægi fyrir, t.

d. um «erindsreka» hjá konungi og um kostnað, sem leiddi af ráðgjafanum fyrir Ísland, er heldur ekki lægi fyrir á þessu stigi málsins. Eg mun nú þvert í móti ekki hafa nefnt á nafn neinn kostnað, þó að margir hinna heiðruðu þingmanna hafi gjört þetta að umtalsefni í dag og viljað einmitt telja úr að halda ráðgjafanum, einmitt vegna kostnaðarins sem af honum mundi verða. Eg talaði og ekkert um það breytingaratkvæði hans, sem ekki var einmitt ráðgjört af framsögumanni og jafnvel fleirum í umræðunum hér í dag, t. d. af þingmanni Borgfirðinga og 4. konungkjörna nefnilega um «erindsreka» eða «flutningsmann» hjá konungi, í stað ráðgjafa, eptir því sem mèr gat framast skilizt; ætli »flutningsmaður» eða »erindsreki» yrði alveg kostnaðarlaus, eða miklu kostnaðarminni fyrir Ísland heldur en ráðgjafi? Hinir heiðruðu þingmenn, sem hafa fylgt þessari skoðun fram, hafa alls eigi sannað »að» flutningsmaðurinn hlyti að verða kostnaðarlaus, þó að hann hèti ekki annað en flutningsmaður eða »erindsreki», og eigi hafa þeir heldur sýnt neitt brèf eður skilyrði frá konungi vorum um það, að hann eður ríkisþingið afsegi að launa »ráðgjafa» þeim er konungur tæki sèr fyrir Ísland, rètt eins og hverjum öðrum ráðgjafa sinna. Eg hefi ekki gjört neitt af þessu að umtalsefni, heldur einungis það, að ráðgjafi væri allt annað en einber flutningsmaður, eða erindsreki, og að ætlunarverk ráðgjafans væri allt annað og meira, ef í lagi væri.

Arnljótur Ólafsson: Eg hlýt sjálfsagt að hafa misskilið ræðu hins háttvirta þingmanns Vestur-Skaptfellinga áðan; því að sú ályktan, sem eg fèkk út úr ræðu hans, hefir þó líklega ekki verið meining hans; eg fèkk þá ályktan út úr ræðu hans, að það væri *ómögulegt,* að hafa landstjóra með ábyrgð hèr á landi, því sá sem ábyrgðina hefði yrði að sitja við hægri hlið konungsins. Þetta hlýtur víst að vera misskilningur hjá mèr (Hlátur). Að öðru leyti ætla eg ekki að svara ræðu hans, þó að hún auðsjáanlega beindist gegn breytingaruppástungu minni og hins háttvirta þingmanns Norður-Þingeyinga. Eg vil og stinga upp á og áskilja mèr rètt til orðabreytingar í 15. grein, að í staðinn fyrir: »leyst upp» verði sett: »rofið».

Jón Hjaltalín: Mèr þótti ætla að hvessa hèr í salnum í gærkveldi, en nú er farið að lygna aptur. Eg ætla ekki að fara að rifja það upp, sem þingmenn hafa sagt í dag, enda man eg ekki margt af því; en það man eg, að hinn háttvirti þingmaður

Vestur-Skaptfellinga var að tala um ábyrgðina, sem ráðgjafinn ætti að hafa, og loks, að stjórnin ætti að gefa lög um þessa ábyrgð. Eg verð nú að játa, að eg skil ekki mikið í því; það getur nú verið af því eg er svoddan einstaklingur, eins og talað er um á 2. blaðsíðu í nefndarálitinu. Eg vil nú biðja menn, að hyggja að því, hvernig háttað er þessu fyrirkomulagi hjá hinni stærstu þjóð í heiminum; eg hef verið að lesa í bók einni um þetta fyrirkomulag hjá Coloníum Englendinga og þá sè eg, að munurinn er lítill frá því, sem oss er boðið í frumvarpi stjórnarinnar. Við mættum víst og svo þakka guði, ef við næðum sömu stjórn sem Coloníur Englendinga, eg vil til nefna Newfoundland, Canada og Ástralíu; þetta þref um ábyrgðina heyrist ekki hjá þeim, eins og oss (*Stefán Thordersen*: Ísland er ekki Colonía). Þingmaðurinn þekkir líklega eins og eg, hvað Colonía er í raun og veru og í hvaða merkingu menn opt viðhafa þetta nú á dögum; er það allopt er heimfært upp á lönd er hafa eigin innri stjórn en eru þó samtengd öðrum löndum, er menn vanalega kalla móðurlandið eða aðalríkið í tilliti til hinna einstöku hluta þess.

Það er skrítið af oss að ætla að heimta sèrstakan ráðgjafa fyrir land vort, þar sem ekki þykir neitt að því á Englandi, þótt konungur ekki setji sèrstakan ráðgjafa fyrir Coloníur sínar, hvorki Canada, Newfoundland nè Ástralíu, en þó hafa þessi lönd sín eigin þing og fullkomlega frjálsa innri stjórn alla, eins og oss nú er boðið. Það er skrítið, að þetta getur átt við þjóðfèlög upp á margar millíónir, en það getur ekki átt við hjá oss, sem ekki erum nema 70,000. Það er líka skrítið, sem framsögumaður og þingmaður Vestur-Skaptfellinga sögðu, að það væri ekki að horfa í kostnaðinn. Eg vildi, að þeir góðu herrar hefðu haft sama huga, þegar verið var að ræða um að koma hèr upp spítala. Það er undarlegt, þegar menn, sem annars hafa góðan vilja og þekkja vel til, láta sèr slíkt um munn fara. Eg finn ekki ástæðu til að fallast á neinar af breytingum þeim, sem stungið hefir verið upp á, nema ef vera skyldi, að eg hallaði mèr að breytingaruppástungum þingmanns Borgfirðinga og ef til vill þingmanns Suður-Þingeyinga, svo eg komist út úr þessum einstæðingsskap, (sem eg þó satt að segja ætla mèr að bera ofur lètt), því eg hefi litla von um, að eg muni koma mèr úr þessu saman við nefndina. Eg mun helzt halla mèr að þeim, því þeir fara þó næst minni hugmynd. Eg vona, að forseti hafi ekki á móti því, þótt eg ekki nú

geri nákvæmari grein fyrir þessum breytingum, er eg kann að ganga inn á.

Forseti: Eg verð að benda hinum háttvirta þingmanni til þess, að hann verður að bera upp breytingaratkvæði þau, sem hann ætlar sjálfur að bera fram, í tæka tíð. Því það er auðvitað, að þau geta ekki komizt að, ef hann kemur ekki með þau fyrr en ályktarumræðan er byrjuð.

Framsögumaður: Eg skal geta þess, að eg hefi líka áskilið mèr rètt til þess að bera mig saman við hinn háttvirta 4. konungkjörna og þingmanni Borgfirðinga um það, hvort að nefndin gæti ekki gengið inn á breytingaratkvæði þeirra. Eptir ræðu hins háttvirta vinar míns, hins 2. konungkjörna, þá lítur nú svo út, að hann ætli að bætast við sáttamanna töluna, svo eg vona nú að breytingaruppástungur hans verði nú loksins hinar sömu og nefndarinnar, sem hann er einn heiðraður meðlimur af.

Pètur Pètursson: Eg skal játa það, að mèr heyrðist í gærkveldi koma fram svo sundurleitar og ólíkar meiningar og mótsetningar um þenna kafla frumvarpsins, að það lá nærri, að eg væri búinn að missa þær góðu vonir, sem eg áður hafði fengið um góðan framgang máls þessa á þinginu. Eg verð að segja það, að eg tók mèr þetta nærri, eigi að því leyti, er mig persónulega snertir, því eg held eg eigi skylt við flesta þingmenn í því, að eg held, að mál þetta varði eigi hina persónulegu stöðu vora; en eg tók mèr það nærri af því, að þetta er allsherjarmál, (heyr) sem varðar atvinnuvegi vora, bændur vora, það varðar fátæklingana, það varðar alla þjóðina (heyr). En þessi hryggð mín, hefir nú snúizt í fögnuð í dag, því nú sè eg, að opnaður er vegur til miðlunar og sátta, og hefir því rætzt betur úr en áhorfðist í gærkveldi. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir eigi aftekið, að þessi vegur gæti leitt til miðlunar, og eg er viss um, að hann vill reyna til að miðla máli eins og frekast er unnt. Eg hefi skilið mismuninn í nefndarálitinu og frumvarpi stjórnarinnar á þann veg, að nefndin vill draga ráðgjafaábyrgðina meira inn í landið, en frumvarpið fer fram á. Þetta get eg ekki láð nefndinni; en því þótti mèr það undarlegt, þegar þingmaður Vestur-Skaptfellinga fór áðan í ræðu sinni í stefnu, sem var alveg gagnstæð þessu (*Jón Guðmundsson:* Þingmaðurinn tók það fram með berum orðum, að hann vildi ekki láta ábyrgðina dragast út úr landinu). Eg skildi hann svo, sem hann meinti hið gagnstæða, þegar hann var að tala um þenna

skugga-ráðgjafa í Danmörku (*Jón Guðmundsson*: Eg nefndi hann eigi svo). Eg bý það orð sjálfur til, en meiningin var hin sama, þótt þingmaðurinn kallaði hann flutningsmann. Eg er annars viss um, að eg skoða einhverja óheppilega hlið á ræðu þingmannsins, því eg veit, að hann vill, að mál þetta fái hin beztu úrslit á þinginu, og hann er líka fær um að beina því í þá átt. Mèr sýnist því, eins og eg áður hefi tekið fram, vera opnaður miðlunarvegur, en eg skal ekki tala frekara um hann, fyrr en eg sè, hvernig hann greiðist, og hvort hinn hæstvirti konungsfulltrúi getur gengið að þeim breytingum, eða eg að öðru leyti get fellt mig við þær.

Eiríkur Kúld: Ræða hins háttvirta 2. konungkjörna þingmanns gaf mèr tilefni til að tala fáein orð. Hann þóttist ætla að sameina sig við þá, sem höfðu tekið sèr breytingaratkvæði, og sem framsögumaður hafði gjört ráð fyrir, að nefndin mundi koma sèr saman við, en eg get varla skilið, að honum takist það, eptir því, sem hann kom fram í nefndinni. Mèr fannst núna sem hann ætlaði að fara að gjöra Ísland að nýlendu (*Jón Guðmundsson*: Það var drengilega gjört), og tók dæmi af nýlendum Breta, þar sem aldrei hefði orðið neitt þref um landstjórn eða ábyrgð. En mætti eg spyrja hinn háttvirta þingmann, hvort hafa þá ekki Englendingar stundum mátt heyra stunur og hósta frá Írlandi? Eg fyrir mitt leyti kann ekki við þessa nýlenduhugsun, og eg veit ekki betur en Englendingar hafi «nationaliserað» flestar nýlendur sínar, en það mun hann nú gilda einu. Það er heldur ekki rètt af þingmanninum að vera að segja frèttir úr bókum, sem ef til vill ekki eru sannar. Eg veit ekki betur en að Englendingar hafi jarla með ráðgjafa yfir nýlendum sínum, og þessir hafa fulla ábyrgð — það á ekki við og dugar ekki að koma með svona hálfsagðar sögur einungis til þess að glepja sjónir fyrir þingmönnum.

Jón Hjaltalín: Eg gæti sýnt þingmanni Barðstrendinga bók, þar sem greinilega er talað um fyrirkomulagið á stjórninni í nýlendum Breta. Hann hefði gott af að sjá þetta verk, og lesa um það stjórnarfyrirkomulag, sem þar er, því eg sè, að hann er því ekki alls kostar kunnugur. Eg neita því ekki, að Englendingar hafa heldur farið illa með Írland, en eg skýrskotaði ekki til þessa lands, heldur til annara hluta Englaveldis, er hafa frjálsa innri stjórn með góðu fyrirkomulagi. Eg get ekki sèð, að það liggi nein niðurlæging í nafninu »Colonie», eptir því sem það er skilið nú á dögum, þar sem það gengur næst sambandslanda fyrirkomu-

lagi. Þingmaðurinn mætti óska, að vèr Íslendingar hefðum eins góða stjórn, og nýlendur Breta. Það var annars illt, að hann kynnti sèr ekki stjórn þeirra, meðan hann var í stjórnarbótarnefndinni, því það eru hinir frjálsustu menn í stjórn slíkra ríkishluta. Eg tek mèr annars ekki orð hans nærri, því eg ber lètt slettur. Hann hefði annars gott af að koma heim til mín, og sitja hjá mèr svo sem einn eða tvo tíma, og þá mundi eg geta sýnt honum í bók þeirri, sem eg talaði um, í hvilíku vingli hann er.

Eiríkur Kúld: Eg þakka þingmanninum fyrir gott boð, en þingtíminn er nú orðinn svo stuttur, að eg treystist ekki hèðan af til að nota það. Eg skal leyfa mèr að leiðrètta orð hins háttvirta þingmanns þar sem hann sagði, að eg hefði verið í stjórnarbótarfrumvarpinu, eins og þingmaðurinn komst að orði, rètt eins og eg hefði verið eitthvert blað í frumvarpinu, heldur var eg í nefndinni og það hefir þingmaðurinn máske meint.

Jón Hjaltalín: Það kann að vera, að eg hafi mistalað mig; eg meinti í nefndinni í stjórnarbótarmálinu.

Framsögumaður: Hinn háttvirti 2. konungkjörni hefði átt að sýna nefndinni þessar fróðlegu bækur fyrri, sem hann nú er að tala um í fyrsta sinni, úr því hann sjálfur var einn í nefndinni eins og hinu heiðraði þingi er kunnugt eigi síður en mèr.

Jón Hjaltalín: Eg hèlt, að nefndin þættist of lærð til þess að fara að leggja sig niður við bækur mínar og mèr heyrðist satt að segja vera svo mikill gorgeir í henni, að hún þóttist vissulega ekki þurfa að fræðast, þó af lærðari manni hefði verið en mèr.

Sveinn Níelsson: Eg er nú hèr um bil á sömu skoðun og hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður var í gær; mèr virtist málið komið í gott horf á hinum fyrra fundinum, en síður á hinum seinni; en það fór hèr, sem optar ber til, að betur rèðist úr en á horfðist; eg vonaði allt af, að sannleikurinn mundi vinna sigur, og þá von hefi eg enn þá; enda mun hún eigi bregðast mèr. Mèr virðast reyndar skoðanir manna fara nokkuð í ólíka stefnu, þótt flestir tali um hið sama efni, það er að segja ábyrgðina. Það eru nokkrir, sem vilja draga hana út úr landinu, en eg fyrir mitt leyti álít sjálfsagt, að ábyrgðin hljóti að vera þar, sem stjórn landsins á aðsetur; og þótt eg sè enginn stjórnfræðingur, er eg samt alveg samdóma þeim, sem vilja draga hana inn í landið, sem mest, að auðið er, og konungur leyfir og álítur hæfilegt; eg held því fastlega fram, að stjórnin fái aðsetur hèr í Reykjavik,

en það er auðvitað, að það verður á konungsvaldi, hve margir skuli í henni vera, en eg fulltreysti því, að hann af speki sinni muni ákveða töluna sem haganlegasta, En eigi vil eg, að þessi stjórn verði ábyrgðarlaus fyrir konungi og þinginu, því til hvers eigum vèr þá að fá löggjafarþing, ef vèr látum það við gangast, að landar vorir horfi á það aðgjörðalaust og hugsunarlaust, og að það sjálft skipti sèr ekkert af því, hvernig stjórn landsins framfer. Nei, það get eg eigi ímyndað mèr, og þannig á það ekki að vera. Eg get ekki heldur fallizt á þá skoðun, að ráðgjafinn eigi að hafa mesta þýðingu eða ábyrgð af stjórninni, heldur álít eg hann sem nokkurs konar millilið milli konungs og landstjórnarinnar í hinum sèrstaklegu málum Íslands. Að því er snertir undirskript konungs, skal eg játa, að eg er henni eigi svo kunnugur, að eg geti rætt um það atriði; heldur ætla eg að halla mèr að skoðun þeirra, sem gjöra mun á ábyrgð og verkahring stjórnarinnar hèr og ráðgjafans. En að því er snertir kostnaðinn, sem margir hafa talað um, álít eg enn, að hver eigi að sníða sèr stakk eptir vexti; eg held, að Íslendingum farist varla, að bjóða fram fè til þess, sem þeim er ekki alveg nauðsynlegt, en þar á móti er eg sannfærður um, að þeir muni eigi spara fè til þess, sem lítur út fyrir að geta komið þeim að sannarlegum notum, eða valdið almennri framför, og held eg, að hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður hafi látið alveg rètta skoðun í ljósi, um þetta atriði. Að endingu oska eg, að ræður hinna háttvirtu þingmanna fèllu þannig, að eg við lok þessarar umræðu, yrði kominn að einhverri fastri niðurstöðu í þessu svo mjög umvarðandi máli, og að eg sæi, að því hefði eitthvað miðað áfram, að því takmarki, sem flestir hafa augastað á.

Arnljótur Ólafsson: Það gleður mig, að hinn háttvirti þingmaður Snæfellinga hefir skilið rètt breytingaruppástungu mína og hins háttvirta þingmanns Norður-Þingeyinga. Það er aðalmeining mín að draga ábyrgðina, sem mest má verða, inn í landið, en þar fyrir ætlast eg eigi til, að ráðgjafinn í Kaupmannahöfn skuli vera ábyrgðarlaus, og hefi eg einmitt tekið fram hið gagnstæða. En það þykir mèr undarlegt, að hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga skuli vera mótfallinn andanum í breytingaruppástungum þessum, hann, sem er einn af hinum merku þjóðfundarmönnum. Eg veit ekki, hver skoðun hans þá hefir verið, en það veit eg, að einn af þjóðfundarmönnum, sem nú er hèr á þingi, er mèr eigi mótfallinn. Eg skoða stjórnarfrumvarp þetta, sem hèr er lagt fyrir

þingið sem ávöxt af aðgjörðum hins hæstvirta konungsfulltrúa og annars þess manns hèr á þingi, sem að undanförnu hefir starfað manna mest að frelsismáli voru. Þessum mönnum eigum vèr að fylgja. Mèr virðist breytingaruppástunga mín fara í frjálslegri stefnu en stjórnarfrumvarpið, en þó ekki út fyrir það, sem er *Constitutionelt* eða stjórnarlagalegt. Eg lýsi yfir þessu til þess, að hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga sjái, hver skoðun mín er, og að hann, en ekki eg, hefir komizt í mótsögn við sjálfan sig.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, álít eg þenna kafla frumvarpsins fullræddan, en með því að nú er orðið nokkuð framorðið, skal eg slíta fundi að sinni, en ákveða fund kl. 6. í dag, eptir middag, og kemur þá hinn þriðji kafli frumvarpsins til umræðu.

Fundi slitið.

---

48. fundur. — 31. ágúst.

(Kvöldfundur).

Forseti: Nú kemur enn á þessum fundi framhald af undirbúningsumræðunni í stjórnarbótarmálinu, og er nú 3. kafli þess til umræðu.

Konungsfulltrúi: Við 22.—23. grein frumvarpsins (22.—25. grein meiri hlutans) skal eg geta þess, að mèr þykir uppástungan um það, að alþingi verði skipt í tvær deildir, mjög undarleg, eptir því sem hèr hagar til í landinu, en ef eg ekki tek tillit til þessa, þá skal eg játa það, að mèr þykir *Tokammersystemet* að öllu leyti langtum hollara en *Eetkammersystemet;* eg mundi þess vegna vera manna fúsastur til að mæla með tveimur málstofum, ef þær eptir kringumstæðum þeim, sem nú eru, yfir höfuð gætu stofnazt hèr. Þetta hefir nú nefndin álitið auðvelt, því fyrir henni vakir væntanlega sú hugmynd, að þegar þingmenn sitja í tveimur herbergjum, þá höfum vèr *Tokammersystemet;* en annað og meira útheimtist til þess, því tilgangurinn með það að hafa tvær málstofur, er sá að veita tryggingu fyrir rólegum og friðsamlegum framförum þjóðfélagsins, —

en þessi tilgangur getur ekki náðst með því fyrirkomulagi, sem meiri hlutinn stingur upp á, því það er auðsætt, að ef ágreiningur kemur á milli beggja hluta þingsins, — og það er einmitt það, sem gjört er ráð fyrir, þar sem ræðir um þessa tryggingu, þá veitir 50. grein meiri hlutans alls enga tryggingu, því eptir grein þessari á hið ályktandi alþingi að myndast af báðum þingdeildum, sem ganga saman í eina málstofu, og þá höfum vèr einmitt *Eet-kammersystemet* í öllum þeim tilfellum, hvar spursmálið hefir nokkra þýðingu; í öðrum tilfellum er það sjálfsagt þýðingarlaust, hvort fulltrúaþingið er myndað eptir *Eet-* eller *Tokammersystemet*. Ástæður frumvarpsins bls. 24—26 taka greinilega fram öll þau rök, sem frumvarpið í þessu tilliti er byggt á, og þeim er sannarlega ekki hrundið við það, sem meiri hlutinn telur uppástungu sinni til gildis; eg skal biðja þingmenn vandlega að lesa þessar ástæður, og þar hjá hugsa vel um það, að þær tvær málstofur, sem meiri hlutinn stingur upp á, í raun og veru ekki er annað en ein málstofa, og að þessi breyting mun hafa töluverðan kostnað í för með sèr, að minnsta kosti þriðjungi meiri en ákvörðun frumvarpsins, án þess að hafa tillit til þess kostnaðarauka, sem hækkun þingmannatölunnar mun af sèr leiða. Gjörum ráð fyrir, að alþingið, skipað 27 þingmönnum eins og nú er og frumvarpið ákveður, kosti landið hèr um bil 12,000 rd. árlega — í ár verður það sjálfsagt meira — þá verður kostnaðurinn, þegar þingið verður fjölmennara um 9 þingmenn, 16000 rd., en þegar þinginu verður skipt í tvær deildir, mun kostnaðurinn verða hèr um bil þriðjungi meiri eða samtals 24000 rd., það er að segja helmingi meiri en nú er; má eg spyrja hina heiðruðu þingmenn: Haldið þèr ekki, að þessum 6000 rd. á ári megi verja betur landinu í hag, en á þann hátt, sem nefndin stingur upp á. Ástæða sú, sem eg nú hefi tekið fram, gildir einnig um þessa hækkun á þingmannatölunni — það er tekið fram í ástæðunum, að ekkert land í heiminum hefir svo fjölskipað fulltrúaþing að tiltölu við fólkstal eins og Ísland, sem hefir einn þjóðkjörinn þingmann fyrir hverja 3,300 manna, þar sem til dæmis fólksþingið í Danmörku hefir 1 fyrir hverjar 14—16000 manna, eigi að síður er ástandið hèr í landinu þannig, að bæði er þingsetan þungbærari og örðugri fyrir hvern þingmann sjálfan, það er að segja, ef hann býr ekki hèr í Reykjavík, og kostnaðurinn að tiltölu meiri fyrir landsmenn, sem eru fátækir. Eg fyrir mitt leyti álít þessa hækkun tölu þingmanna

alveg óaðgengilega frá sjónarmiði stjórnarinnar, en eg álít hana öldungis óforsvaranlega gagnvart landinu og landsmönnum, og skal frá þessu sjónarmiði mæla fastlega á móti henni. Eg held einmitt að með því að halda kosningarlögunum frá 1857 óbreyttum, þangað til reynslan er búin að sýna, að þeim þurfi að breyta, gjöri þingið skyldu sína gagnvart landinu. Enn fremur hefir nefndin við þessa grein stungið upp á, að breytt verði ákvörðun frumvarpsins um það, að láta rètt þann og skyldu að eiga sæti á alþingi, vera samfara helztu embættum landsins, eins og minni hluti nefndarinnar, sem sett var á þinginu 1851 stakk upp á, svo að eiga að halda konungskosningum 6 þingmanna. Á móti þessari uppástungu held eg, að ekki sè neitt verulegt frá hálfu stjórnarinnar; því fyrir hana var sjálfsagt ekki spursmál um annað, en að skipa þingið svo, að það ætíð gæti haft í sèr nokkuð konservativt *Element,* sem einmitt gæti gefið þinginu bæði það samband við stjórnina, sem æskilegt og nauðsynlegt er í öllum löggjafarþingum, og sem í öðrum löndum skipast á annan hátt, og þá *Forretningsdygtighed* eða atorku og dugnað í þingstörfum, sem ekkert fulltrúaþing getur verið án, og sem eptir kosningarlögnnum 1857 getur komið inn á þingið, en líka eins vel getur orðið fyrir utan það, og þetta getur náðst við konungskosningar, eins vel og við að veita vissum embættum fast sæti á þinginu. En breyting sú, sem konungur gjörir á því, sem nú er, er í sjálfu sèr miklu frjáslegri en uppástunga meiri hlutans, sem getur haft það í för með sèr, að konungskosningarnar geta sett inn á þingið þá embættismenn, sem fremur öðrum eru á móti þjóðfrelsinu. Skilyrði það, sem meiri hlutinn hefir bundið konungskosningarnar við, að þær skuli skiptast milli fjórðunga landsins með 3 á Norður- og Austuramtið, 2 á Suðuramtið og 1 á Vesturamtið, er með öllu óaðgengilegt, og ástæður meiri hlutsns eru byggðar á eintómum misskilningi á því, sem konungskosningarnar eiga að *repræsentera,* því hver þingmaður hlýtur að sjá, að þetta ekki er hin *lokale Interesser,* því þeim er nægilega borgið með kosningum þjóðarinnar, en þvert á móti hin almennu *Interesser* landsins frá sjónarmiði stjórnarinnar. Á móti breytingaruppástungunni við 23. grein frumvarpsins litr. C hefi eg ekki neitt. Að öðru leyti skal eg í tilliti til þessara greina skýrskota til ástæða frumvarpsins og ítreka, að eptir minni meiningu getur stjórnin aðhyllzt hækkun tölu þingmanna og konungskosningarnar, ef skilyrði það, sem eg

nú tók fram, verður numið burt, en að öðrum kosti ekki, og að mèr virðist ákvarðanir frumvarpsins vera landinu í öllu tilliti meira í hag, en uppástunga meiri hlutans, en á hinn bóginn get eg ekki ábyrgzt þinginu, að stjórnin muni álíta þessar breytingar eins aðgengilegar, og eg fyrir mitt leyti hefi gjört. Tokammersystemet eptir uppástungu meiri hlutans er í mínum augum nokkurs konar óskapnaður, og eg er viss um, að stjórnin ekki muni samþykja það.

Stefán Thordersen: Eg vildi að eins gjöra fáeinar athugasemdir út af 22. grein, og get eg þess þá fyrst, án þess að vilja bera á borð neinar nefndarsögur, að mèr gat aldrei samið við meðnefndarmenn mína um þessa grein, og vil eg því áskilja mèr breytingar við hana. Bæði stjórnin og nefndin hafa gefið ástæður fyrir því, hvers vegna konungskosningarnar skuli binda við embætti eður embættismenn; en þær hafa ekki getað sannfært mig. Mèr finnst það öldungis óaðgengilegt að binda konungskosningarnar við embætti yfir höfuð, og því síður við viss tiltekin embætti. Þótt einhver sè duglegur embættismaður, þá er engan veginn með því sagt, að hann einnig sè góður þingmaður; og eg get því vel hugsað mèr, að stjórnin færi að veita embættin góðum þingmannaefnum, þó þeir má ske væru lakari embættismanna-efni, eða að minnsta kosti að svo *gæti* á staðið, að stjórnin tæki svo mikið tillit til þessa, að það gæti orðið embættisfærslunni til hnekkis. Að binda konungskosningar við fjórðunga, eins og mínir heiðruðu meðnefndarmenn hafa gjört, er það allrafráleitasta; mèr er yfir höfuð illa við alla þessa fjórðungaskoðun og fjórðungamatning; vèr Íslendingar höfum sannarlega ekki yfir svo miklum kröptum að ráða, að oss sè fært að sundra þeim, eins og mèr líka sýnist það vera heldur nærgöngult við konunginn, að einbinda hann svona við fjórðunga landsins, enda get eg ekki gjört mikið úr höfuðástæðum nefndarinnar fyrir þessum fjórðungaskiptingum, sem sè þessi, að þar við fáist («local Kundskab») staðarþekking eður þekkingin á *því*, sem bezt hentar á hverjum stað, því hana ætla eg nægilega fyrir hjá hinum þjóðkjörnu, svo engi ástæða getur verið til þess, að binda konungskosninguna við fjórðunga til þess, að auka staðarþekkinguna.

Breytingaratkvæði mitt mun því verða á þá leið: «Á alþingi eiga sæti 36 þingmenn, 30 þjóðkjörnir og 6 konungkjörnir». Eg vil nefnilega alls eigi binda hendur á stjórninni um kosning hinna

konungkjörnu, ekki einu sinni við það, að hún kjósi embættismenn, því þó eg þykist þess fullviss, að stjórnin eins og nú stendur, kjósi að eins embættismenn, og líklega einmitt þá sömu, sem hún hefir stungið upp á í frumvarpi sínu, svo þessi breyting nú sem stendur, fengi litla sem enga «praktiska» þýðingu, þá get eg vel ímyndað mèr, að þegar fram líða stundir, og ef eitthvert fjör og líf kæmist í «praktik» okkar og stjórn, að þá geti orðið til þeir menn, sem — þótt þeir engi embætti hefðu — gætu sem þingmenn orðið stjórninni að miklu meira liði en einhver embættismaðurinn, sem má ske væri lítt lagaður til þingsetu. Auk þessa finnst mèr þetta breytingaratkvæði mitt lýsa yfir því trausti til stjórnarinnar, að henni sè bezt trúandi fyrir að vera einráð um kosningarnar.

Eiríkur Kúld: Hinn háttvirti þingmaður Vestmanna-eyinga tók fram það, sem eg vildi sagt hafa móti því, að binda kosningar við fjórðunga; þó voru ástæður hans eigi þær sömu og mínar; eg verð að vera á móti þessari fjórðungaskipting af því, að eins og vant er, þá er í þessum skiptum hallað á Vestfirðingafjórðung, þar sem hann að eins má fá einn konungkjörinn þingmann; eg vona því, að engi geti furðað sig, þótt eg geti eigi verið með í þessum fjórðungaskiptum. Það aðalatriði, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram móti uppástungu nefndarinnar í þessum kafla skildist mèr vera þessar tvær málstofur; í nefndinni var eg lengi á báðum áttum, hvoru megin eg ætti að vera; með fram vegna þess, að fyrst var stungið upp á því, að innleiða tvöfaldar kosningar; en það skrýmsli hefir mèr ætíð verið illa við, enda fèllu allir nefndarmenn frá þeim. Nú held eg fast við, að nauðsynlegt sè, að hafa tvær málstofur; kostnaðurinn verður sjálfsagt talsvert meiri en nú er, en þó verður hann varla svo mikill, sem konungsfulltrúi taldi, og eg get aldrei annað skilið, en að sá kostnaður mundi borga sig, þegar þingið er orðið löggjafarþing, svo mikla tryggingu tel eg sjálfsagt, að þær muni gefa fyrir góðri endalykt málanna. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram, að með þeirri tilhögun sem nefndin hefði stungið upp á, væri þetta í rauninni ekki nema ein málstofa; en eins og sagt hefir verið, þá er þetta fyrirkomulag mjög líkt því, sem Norðmenn hafa, og hefir þeim gefizt það vel, og má oss því vel sóma að taka það upp. Svo eg nú snúi mèr að konungskosningunum, þá er þar stungið upp á, að tveir amtmann skuli vera konungkjörnir, en þá sýnist í á-

stæðum frumvarpsins vera gjört ráð fyrir amtmanni sameiginlegum fyrir Suður- og Vesturamtið, en það vona eg og óska, að aldrei komi fyrir, því það mundi verða mjög óheppilegt og óhentugt fyrir Vesturland, ef amtmaður flytti suður. Allir vita, að aðhald og eptirlit á embættismönnum hèr er ekki of mikið, en auðsjáanlega mundi það minnka við slíka tilhögun.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal fyrir mitt leyti segja, að eg eigi er mikið móti breytingum nefndarinnar út af fyrir sig, en hitt finnst mèr eigi að síður, að þær tvær málstofur, sem nefndin hefir stungið upp á, muni engan veginn veita neina þá tryggingu, sem til er ætlað. Þingmannatalan á að vera 36; 30 þjóðkjörnir og 6 konungkjörnir. Þar af eiga þeir konungkjörnu að vera sjálfsagðir í efri málstofuna; nú er tilhögunin samkvæmt 36. grein svo lögð, eins og ef þessir 30 þjóðkjörnu segði við þá 6 konungkjörnu. Vèr skulum nú ljá yður góðum herrum 6 fylgifiska úr vorum flokki, farið þèr nú með þessum yðar þènurum, og skrafið og skeggræðið um landsins gagn og nauðsynjar; svo skuluð þèr fá að segja álit yðar um vorar ráðagjörðir, og fá um það skeyti þegar tími kemur til, en ef þèr eigi verðið á sama máli og vèr, þá gjörið svo vel allir saman, að koma á vorn fund aptur, og þá skulum við betur talast við allir saman, og ef þèr þá eigi viljið fallast á vort mál, þá skal afl ráða; en gætið að því, að vèr höfum tvo á móti einum, svo vèr höfum bæði töglin og hagldirnar, hve nær sem ágreiningur verður. Hvað verður þá úr tryggingunni? Nefndin mun svara: Málið verður tvisvar rætt, og efri málstofan tekur eptir göllum á skipulagi og efni frumvarpanna. En alþingi rýrir aptur á mót við þessa tvískiptingu krapta sína; menn verða ekki vitrari, þótt menn þingi í tvennu lagi; eptir almennum náttúrulögum vinnur maður minna með því að sundra krðptum sínum, en við að sameina þá. Atkvæðafjöldi þeirra manna, sem eptir eru í neðri málstofunni mun ávallt ráða úrslitum. Gjörum nú ráð fyrir, að þeir 6 konungkjörnu sè upp og niður betur að sèr, en hverjir 6 aðrir af hinum þjóðkjörnu, og þeir 6 þjóðkjörnu, sem með þeim eiga að sitja, verða sjálfsagt af hinum betri þingmönnum, með því að þeir eru hinir elztu og því hinir reyndustu. Þeir 24, sem eptir sitja í neðri málstofunni, fara nú þess á mis, að heyra umræður og ástæður þessara 12, sem að líkindum þannig eru beztu kraptar þingsins; menn munu svara

mèr: Þeir lesa tillögur þeirra og ástæður. Já en það er sitt hvað að lesa ástæður manna, eða heyra orð þeirra og geta spurt þá til að ganga úr skugga um skilning þeirra. Hið skrifaða eður prentaða orð þýðir sig eigi sjálft; en sá sem talar, hann getur þýtt orð sín og gjört öðrum þau full skiljanleg. Þetta er munurinn, og hann er mikill. Vèr ættum annars að gjöra oss að reglu, að breyta sem minnst frá því ástandi sem er. Vèr ættum þá fyrst að skapa oss tvær málstofur, er vèr sjáum, að vèr komumst enga leið með eina. Það er altènd skaplegra, að færa sig upp á skaptið, en hitt að hafa hátt á sèr risið, og verða svo að smá minnka við sig.

Jón Guðmundsson: Þegar fara á betur en vel, þá fer opt verr en illa; þetta rætist hèr á nefndinni og uppástungum hennar til breytingar á fyrirkomulagi alþingis. Hver hefir gefið tilefni til þessara uppástungna nema stjórnin sjálf? Með ákvörðunum sínum í 30. og 33. grein og ástæðunum við og fyrir frumvarpinu í heild sinni hefir stjórnin neytt oss til að afráða að taka þessa ákvörðun inn. Stjórnin segir með berum orðum, að Íslendingar sè lítt til þess fallnir, að þiggja þessi boð eða annað frjálslegra fyrirkomulag með þeirri skipun á alþingi sem vèr höfum; vèr vildum sýna og sanna, að vèr erum fúsir að ganga að því að leggja töluvert fram, ef vèr fengjum jafnfrjálslegt fyrirkomulag á stjórn vorri hèr heima fyrir eins og samþegnar vorir í Danmörku. En stjórnin segir sjálf í ástæðum frumvarpsins, og þess bið eg vel gætt, að hún »hafi *mátt til* að leitast við að reisa, eins og þarf við því sem ávallt er hætt við, þar sem *ekki er nema ein málstofa,* að fulltrúaþingið í bráðræði ályktí eitthvað, sem er skaðsamlegt almennings heillum». Þarna, og svo er víðar í ástæðum frumvarpsins, segir stjórnin með berum orðum, að einmitt sakir þess fyrirkomulags, sem nú er á alþingi, þar sem eins og það er og einskipt eða ekki nema í einni málstofu, þá hafi *mátt til* að hleypa að í frumvarpinu þeim ákvörðunum — til þess að »reisa skorður við því, að þingið færi ofhröpum» — sem stjórnin verður sjálf að játa, að sèu bæði gagnstæðar því sem er í stjórnarskrá meginríkisins, óeðlilegar, óvanalegar yfir höfuð og ófrjálsar. Gæti hinn hæstvirti konungsfulltrúi fullvissað þingið um, að ákvarðanirnar í 30. og 33. og 46. gr. sè eigi einmitt þannig undir komnar, og af þessu tilefni sprottnar, gæti hann fullvissað menn um, að stjórnin yrði fús til að nema þær burtu, þó að engi breyting yrði gjörð á

alþingi, þá mundu menn má ske falla frá uppástungum sínum. Nefndin afræði þær einmitt og eingöngu fyrir nauðsynjasakir, eins og nú var sýnt, og til að mæta stjórninni á miðri leið. Þingmaður Borgfirðinga hljóp í 36. gr., og eg neita því, ekki að sumt var rètt og satt í því, sem hann sagði, um þá uppástungu nefndarinnar, en eg hefði þó heldur óskað, að hann hefði einnig lesið ástæður nefndarinnar fyrir greininni, áður en hann fór að halla svo sterklega á þessa uppástungu. Þingmenn geta sèð af ástæðum nefndarinnar, að nokkrir af nefndarmönnum voru fyrir öðru fyrirkomulagi, og einmitt áþekku því, er mèr heyrðist þingmaður Borgfirðinga benda til. En þegar hèr var komið, var það orðin regla hjá nefndinni að menn slökuðu til hver fyrir öðrum. Þegar landsþingum og fólksþingum — eða hèr hjá oss þingdeildunum, ber ekki saman, eður greinir á um mál, þá er meiningin á þar að lútandi ákvörðun hinna dönsku grundvallarlaga, að gjörðarmenn skuli kjósa jafnmarga úr hverju þingi, eða hèr úr hverri þingdeild, til að jafna þann ágreining, og voru nokkrir af nefndarmönnum á því að taka þessa sömu ákvörðun upp hèr, eins og ástæðurnar sýna. Eg tek það aptur fram, að það er einmitt stjórnin og hennar skorður, er hún þykist hafa «mátt til» að reisa, — þessar sem eg nú benti til, er hvatti og knúðu nefndina til að gjöra þessar uppástungur um þingmannafjölgunina og tvískiptingu þingsins, eður tvær þingdeildir, þar sem því er allt af barið við í stjórnarástæðunum, að ekki sè eigandi undir alþingi með þessu fyrirkomulagi sem nú er á því. Það hefir verið talað um kosningu hinna konungkjörnu þingmanna, og er eg öldungis á sama máli og hinir háttvirtu meðnefndarmenn mínir, þingmenn Vestmanneyinga og Barðstrendinga í því, að alls engin trygging sè í því, að kosningin sè bundin við embættin, eins og stungið er upp á í 22. gr. stjórnarfrumvarpsins. Eg get heldur ekki sèð, að tvær þingdeildir sè neinn sá vanskapnaður, eins og hinn háttvirti konungsfulltrúi vildi gjöra úr þeim; það er sjálfsagt, að úr litlum efnivið verður lítið snið, og eg skal játa, eins og hver maður getur sèð, að þar með fáum við að vísu ekki eins algjörðar tvær málstofur, eins og t. d. fólksþingið og landsþingið í Danmörku; en þegar sama eðlis þingskipting kemur fram, þá er þar með þeim vankvæðum rutt úr vegi, er stjórnin hefir þótzt mega til að reisa skorður við, og að minnsta kosti er grundvallarreglan þar með viðurkennd og aðhyllzt

af þinginu, og þar með grundvöllurinn lagður til *tveggja* málstofa hjá oss, eins og stjórninni sjálfri þykir svo mikið undir komið.

Pètur Pètursson: Eg skal leyfa mèr að geta þess, að eg fyrir mitt leyti verð heldur að halda mèr að stjórnarfrumvarpinu en að nefndarálitinu og það af ástæðum þeim, sem teknar eru fram af hinum hæstvirta konungsfulltrúa. Það er auðvitað, að nefndinni hefir gengið gott eitt til, hún hefir viljað tryggja sem mest, en eptir 36. grein verður tryggingin lítil (*Jón Guðmundsson:* Þá er að gjöra breytingaratkvæði við hana). Já, það er nú svo gott, en eg á ekki víst, að þingið samþykki breytingaratkvæði mitt í því tilliti, og um það vil eg engin eptirkaup eiga við það. Út af því, sem hinn háttvirti þingmaður Vestmanneyja talaði um góðan þingmann og góðan embættismann, þá skil eg ekki mun þann, sem hann vildi gjöra á þessu; vilji þingmaðurinn kalla þann einn góðan þingmann, sem er tölugur og málsnjall, þá kann hann að hafa rètt að mæla; en sè góð þingmennska innifalin í því, eins og eg held sè, að hugsa vandlega og skynsamlega um hvert mál og starfa rækilega í nefndunum, þá held eg, að hver góður embættismaður geti og verið góður þingmaður. Eg álít litla tryggingu í uppástungu nefndarinnar að binda ekki þingsetuna við embættin, því sè hún bundin við þau, eru menn einmitt óháðari stjórninni, og að fara eptir tillögum hennar, en annars. Hitt er nauðsynlegt, eins og þingmaður Vestur-Skaptfellinga sagði, að ef 2 málstofur eiga að vera, að eitthvað það komi fram, er geti miðað til að jafna ágreining þann, er komið gæti upp á milli deildanna, ef ekki á að fara ver en þó ein málstofa væri. Yfir höfuð skilst mèr svo, að ef engin trygging í þessu tilliti er gjörð, þá gæti rekið þar að, að, hver vitleysan, sem neðri málstofan færi fram á, með hægu móti gæti gengið gegnum.

H. Kr. Friðriksson: Eg veit víst, að allir þeir, sem í nefnd. inni eru, muni kannast við, að þeim þótti það enginn hægðarleikur, að búa til þessar tvær þingdeildir, og jeg get sagt þinginu það fyrir víst, að það var alls ekki hugsunarlaust, að nefndin tók þetta ráð; hún hugsaði sig vel og vandlega um, og ræddi það á ýmsa vegu, áður en hún tók þetta til bragðs. Eg skal geta þess, að eg get ekki skilið í öðru en að töluverð trygging sje í því, að þegar hans hátign konungurinn kýs 6 hina beztu embættismenn landsins, og 6 hinir ráðnustu þingmenn úr neðri þingdeildinni eru kosnir til að mynda í hina efri deild þingsins, þá get eg eigi sèð,

að neðri þingdeildin hafi neina ástæðu til að halda skoðun sinni fram með stífni, þvert ofan í skoðun hinnar deildarinnar, ef ágreiningur verður, og það því síður, sem allan þorra atkvæða hennar þarf til þess, að álit hennar vinni sigur; því að ef efri deildin er sammála, þurfa meira en þrír fjórðungar neðri deildarinnar að greiða atkvæði með. Eg neita því ekki, að við þessa tvískiptingu þingsins kunni að verða nokkur kostnaðarauki, en hann verður þó vissulega ekki svo mikill, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði; sama er um tímatöfina að segja; því að þegar t. a. m. 10 mál eru lögð fyrir þingið í heild sinni, þá er sjálfsagt, að deildirnar skipta þessum málum til helminga milli sín; þegar verkum er þannig liðlega skipt á milli deildanna, þarf ekki mikið að verða úr kostnaðaraukanum og tímatöfinni, og að því er kostnaðinn sèr í lagi snertir, þá lendir fèð allt eða því nær í landinu sjálfu og dreifist þegar út aptur, og verður því ekki mjög þungbær eða tilfinnanlegur greiðendum, og álít eg því sjálfsagt, að ef konungsfulltrúi ekki ætlar þessa tvískiptingu þingsins vera óaðgengilega frá stjórnarinnar hálfu, þá eigum við ekki að fælast hana. Út af því, sem hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður svaraði þingmanni Vestmanna-eyja, skal eg geta þess, að það er mikill munur á því, að vera vel að sèr í einhverri einni mennt, og að geta starfað vel og liðlega að almennum þingmálum, þessu þarf öldungis ekki að vera jafnt skipt niður, og get eg því ekki sèð annað en að þingmaður Vestmanna-eyinga hefði rètt í því, er hann sagði.

Eg kalla það sannarlega undarlegt að ímynda sèr, að þegar vèr fengjum skipulega stjórnarskrá, að konungur þá kynni að velja til þingmanna þá embættismenn, sem mótfallnir væru þjóðfrelsi (*Pètur Pètursson:* Það sagði eg aldrei). Þingmaðurinn sagði þó eitthvað í þá áttina, að þeir kynnu vera á móti þjóðfrelsi. Eg fyrir mitt leyti get eigi ímyndað mèr, að konungur velji þá menn fyrir fulltrúa sína, sem hafa mót eðlilegu þjóðfrelsi, því að þegar þjóðfrelsi vort er lögum bundið, er alls engin ástæða fyrir embættismennina, að ganga í gegn því í nokkru. Viðvíkjandi því, að taka þá ákvörðun burtu, að skipta kosningum hinna konungkjörnu þingmanna niður á hina ýmsu fjórðunga landsins, þá ímynda eg mèr, að enginn verulegur ágreiningur geti út af því orðið meðal nefndarmanna eða þingmanna, því eg fyrir mitt leyti held því ekkert sèrlega fram, og eg ímynda mèr, að meðnefndarmenn mínir muni ekki gjöra það heldur, ef konungsfulltrúi heldur því fram, að því

verði sleppt. Það vakti alls ekki fyrir nefndinni, er hún fèllst á þessa fjórðungakosningu, að þar með væri betur hægt að hafa tillit til þarfa og hagsmuna hinna ýmsu hèraða, heldur að með því móti fengist þeir menn, sem kunnugastir væru hinum ýmsu pörtum landsins og öllum ástæðum þeirra. En sem sagt, þetta mun ekki verða til uppistöðu-efnis meðal þingmanna; en það var tilætlunin, þegar alþing var stofnað, að þingmenn væru ekki allir úr sama stað. Eg vona líka, að ekki mikill ágreiningur verði út af 36. grein nefndarfrumvarpsins; því að það er hægt að breyta henni svo, að þegar báðar þingdeildirnar kæmu saman, þá þyrfti tvo þriðjunga atkvæða með einhverju máli, ef það ætti að fá samþykki.

Eiríkur Kúld: Eg ætla að bæta við það, sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður sagði nokkrum orðum, viðvíkjandi því, sem talað hefir verið um kostnað þann, sem leiddi af þessu nýja fyrirkomulagi. Það getur nú verið, að kostnaðurinn til hins fyrirhugaða þings kynni að verða dálítið meiri, en hefir verið, en aðgætandi er það, að margur sá kostnaður, sem þingið hefir í för með sèr, eins og það er nú og hefir verið hingað til, t. a. m. sá kostnaður, sem leiðir af þingbókaskriptum og útlegging þingbókarinnar o. fl., sem er þó víst ekki svo lítill, minnkar og sumpart hverfur við það, að þingið verður löggjafarþing, með því fyrirkomulagi, sem nefndin hafði fyrir augum. Eg hef líklega misskilið hinn háttvirta 1. konungkjörna þingmann og þingmann Borgfirðinga. Eg hèlt, að þessir háttvirtu þingmenn hafi álitið, að nefndinni hafi eigi verið alvara með tryggingu þingsins með tveimur þingdeildum. Hinn háttvirti 1 konungkjörni þingmaður skildist mèr er hræddur um, að neðri þingdeildin muni hlaupa í frelsisgönur. Eg fyrir mitt leyti imynda mèr, að þegar alþing er búið að fá fullt löggjafarvald, þá muni koma fram hjá hinum þjóðkjörnu þingmönnum allt eins mikill »conservativ Tendens» eins og hjá hinum konungkjörnu þingmönnum. Þó að sleppt væri úr ákvörðuninni um kosningu hinna konungkjörnu þingmanna, að þeir skyldu vera konunglegir embættismenn, þá er alls ekki að minni hyggju loku fyrir það skotið, að embættismenn væru kosnir til þings, því hver duglegur embættismaður, sem hefir ást á ættjörðu sinni, og finnur hjá sèr köllun til að komast á þing mun ávallt geta komizt að þingi, þótt ekki sè beinlínis lagaboð um það, að skylda sè, að allir hinir konungkjörnu þingmenn skuli vera embættismenn. Eg held virkilega, að hinn háttvirti þingmaður frá Borgarfjarðarsýslu og hinn 1. kon-

ungkjörni þingmaður hafi misskilið þá hugsun, sem vakti fyrir nefndinni um hinar tvær þingdeildir, og það er þó sannarlega ekki opt, að þeir misskilja; þeir hafa skilið svo, að þegar missátt kæmi milli hinna tveggja þingdeilda, þá mundi hin neðri þingdeildin ávallt verða ofan á, ef báðar kæmu saman, en þetta er ekki rètt, því að t. a. m. ef 8 menn væri í neðri þingdeildinni á máli þeirra þingmanna, sem eru í efri þingdeildinni, þá sigrar efri þingdeildin þegar allt þingið kemur saman til að ræða málið. Eg ímynda mèr, að ef tvær þingdeildir kæmist hèr á, þá mætti líka fara svo að, að kosnir væru af þinginu nokkrir menn, er ráða úrslitum málsins, svo sem rúmur fjórðungur þingmanna, sem ræður úrslitunum.

Ólafur Pálsson: Það var eitt lítið atriði, í því er hèr ræðir um, sem einn háttvirtur þingmaður óskaði að heyra álit manna um, og um leið og eg verð við þessum tilmælum, vil eg láta í ljósi skoðun mína á þessu máli yfir höfuð. Hvað því viðvíkur, að þinginu verði skipt í tvær deildir eða málstofur, þá mun eg vist vandlega skoða huga minn, áður en eg samþykki það. Mèr virðist hinn hæstvirti konungsfulltrúi og hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður hafi ljóslega tekið fram, og sýnt fram á, að trygging sú, sem 36. grein nefndarfrumvarpsins gjörir ráð fyrir, sè ekki nóg, og eg get ekki fallizt á það, sem nefudin stingur upp á; eg mun fremar fallast á hið konunglega frumvarp í þessu atriði, að málstofan sè einungis höfð ein. Það leiðir þá einnig af þessu, að eg er á máli þeirra þingmanna, sem álíta, að ekki ætti að fjölga tölu hinna þjóðkjörnu þingmanna, og þessi skoðun mín er með fram sprottin af því, að kostnaðaraukinn yrði að ætlun minni með þessu móti ekki lítill. Aptur á móti er eg alveg samdóma þeim þingmönnum, sem hafa farið því fram, að kosning hinna 6. konungkjörnu þingmannna væri ekki bundin við embætti, og virðast mèr ástæður nefndarinnar í því falli ljósar og sannfærandi; en eg get ekki fallizt á, að kosning hinna konungkjörnu þingmanna sè bundin við fjórðunga, því mèr virðist það sè að binda hendur konungsins, að ákveða það svo, enda eru hinir þjóðkjörnu þingmenn úr ýmsum hèruðum landsins, og virðist með því gefin full trygging fyrir, að ætíð sè á þinginu nægur kunnugleiki á því, hvernig til hagar á ýmsum stöðum.

Arnljótur Ólafsson: Eg ætla að svara hinum háttvirtu þingmönnum Vestur-Skaptfellinga og Barðstrendinga fáeinum orðum.

Það er þá fyrst, að eg er fús til að játa, að nefndinni hafi gengið gott til, þar sem hún hefir stungið upp á tveimur þingdeildum, en hitt segi eg, að eptir því, sem 36. grein nefndarinnar er orðuð, finnst mèr öll trygging fara. Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga studdi tryggínguna með því, að þegar missætti kæmi upp á milli þingdeildanna og báðar kæmu saman gæti svo verið, að þingmenn úr neðri deildinni væri meðmæltir skoðun efri deildarinnar, þá sigraði efri deildin. Þetta getur hitt sig, en þá getur líka eins farið, að nokkrir úr efri deildinni sèu með neðri deildinni og þá er öll þessi trygging farin, því það verður jafnlíklegt á báða bóga. En tökum það sem líklegast er, að flestir sèu á sama máli í hverri deildinni fyrir sig, og þá verður neðri deildin auðsjáanlega ofan á. Í einu orði: Efri deildin getur einungis sigrað, ef allir í henni eru á eitt sáttir, og þar að auki meira en fjórði hluti neðri málstofunnar er á máli efri deildarinnar. Eitt þykir mèr undarlegt, og það er það, að þegar nefndin hefir viljað leiða inn þessa tryggingu, þá hefir hún ekki farið eptir neinum grundvallarlögum (*Halldór Kr. Friðriksson*: Eptir grundvallarlögunum norsku). Nei, eigi heldur eptir þeim, því eg skal benda hinum heiðraða þingmanni á 74. greinina í grundvallarlögum Norðmanna; þar er svo ákveðið, að stórþingið velji $^1/_4$ þingmanna í efri málstofuna «lögþingið» en $^3/_4$ þingmanna eru í neðri þingdeildinni eða í «aðalþinginu». Eptir 76. og 77. grein er nú frumvarp fyrst lagt fyrir neðri þingdeildina og síðan fyrir hina efri; ef deildunum kemur þá eigi saman, er frumvarpið að nýju lagt aptur fyrir neðri málstofuna eður óðalsþingið og svo fyrir lögþingið. Komi deildunum enn eigi saman, þá ganga þær saman í eitt þing, stórþingið, en þá þurfa tveir þriðju atkvæða, eigi að eins *rúmur helmingur* eins og er hjá nefndinni, að vera með málinu, ef frumvarpið á að verða samþykkt. Eptir stjórnarlögum Norðmanna, yrðu 24 af 36 þingmönnum, að vera með málinu, en eptir uppástungum nefndarinnað eins 19, rúmur helmingur. Annars hef eg ekkert sèrlegt á móti þessu fyrirkomulagi, annað en að alla tryggingu vantar eptir því fyrirkomulagi, sem nefndin stingur upp á. Aptur á mót er í flestum grundvallarlögum teknir jafnmargir gjörðarmenn úr báðum deildunum, ef deildirnar geta eigi komið sèr saman; svo er það í Danmörku og optast á Englandi nema í fjármálum. Ef menn nú vilja það eigi, þá ættu menn þó eigi að fara lengra, en farið er í grundvallarlögum Norðmanna. Reyndar vil eg eigi vera harður mót

2 málstofum, en eg vil láta það geymt til seinni tímanna. Meira orðlengi eg ekki um það. — En hitt finnst mèr nauðsynlegt, að auka tölu þingmanna; kostnaðurinn eykst eigi svo mjög fyrir það, en lenging þingtímans eykur miklu meir kostnaðinn, ef tvær málstofur verða. Viðvíkjandi konungs kosningunni, eptir fjórðungum eður ömtum, þá er það víst fram borið í góðum tilgangi, en er víst óþörf uppástunga, og vil eg skjóta því til nefndarinnar hvort hún vill eigi falla frá þessari takmörkun á kjöri hinna konungkjörnu þingmanna, því mèr finnst viðkunnanlegt, að konungur setji þá sem hann vill, og eg vona, að nefndin verði samdóma hinum háttvirta þingmanni Vestmanneyinga, er stakk upp á því.

Jón Hjaltalín: Af því að það var og svo í þessari grein, sem mèr barst á, og varð viðskila við meðnefndarmenn mína, verð eg að tala fáein orð; þar sem meðnefndarmenn mínir í þessu og öðru slökuðu nokkuð til, fannst mèr það samt ekki nóg. Það sýnir sig á þessu eins og öðrum konunglegum frumvörpum, hvernig þingið vill opt fara með þau, en þess háttar getur gengið of langt og fær auðveldlega útlit af, að menn sèu opt gagnstæðir stjórninni. Ef eg væri viss um, að þessi grasnytjartrygging, sem hèr stendur og öllum virðist fullgóð, væri góð, skyldi eg vera fús á að fallast á að enginn embættismaður sæti á þingi (Nokkrir: Þess óskar enginn); það er satt, en það er gefið undir fót, að þar þurfi ekki að vera embættismenn. Það væri eitthvað skrítið, ef enginn embættismaður sæti á þessu stóra þingi, sem á að hafa 1 þingmann fyrir hver 2500 manns, eða, eins og Vestmannaeyjar nú hafa fyrir hverja 500 manns; þetta er svo sèrstaklegt, að þess finnast ekki dæmi undir sólunni, og þetta á sèr stað hjá þeirri þjóð sem ekki hefir ráð á að halda einn læknir fyrir hverja 10,000 manns, en vill þó hafa einn þingmann fyrir 500 manns. Eg hef hèr liggjandi fyrir mèr stjórnarskrá Ameríkumanna, sem álitin er hin frjálslegasta, en þó er þar ekki nema 1 þingmaður fyrir hver 36,000 manns, mismuna má nú, eða því sem hèr er gjört ráð fyrir, en látum oss tífalda töluna og þá fer nú nærri lagi hjá oss eins og nú er (*Björn Pètursson*: Ameríka er fjölbyggðari). Nei hún er að sínu leyti fámennari, því hún er það feikna flæmi. Það er gott að gjöra þetta, ef þingið vill gjöra sig hlæilegt fyrir öllum heiminum, og álítur að ekki útheimtist annað til að stjórna landi og lýð en að hafa grasnyt. Eg vil geta þess, að Guizot í bók sinni um *Mennt-un og þjóðfrelsi*, álítur nauðsynlegt, að þeir sem eiga að gefa lög

og stjórna, hafi bæði sèð eitthvað og lært eitthvað, en hèr halda menn, að nóg sè að hafa grasnyt og að höfðafjöldinn sè nógur. Eg skal játa, að hèr fyrrum stýrðu 3 tylftir manna landinu, en hvað liggur eptir þá? Arg þeirra og þingdeilur og stórbokkaskapur! Þegar útlendingar koma hèr segja þeir: «Hvernig stendur á þessu, er landið öldungis nýbyggt»? «Nei, það er nú öðru nær, það hefir verið byggt í 1000 ár». — «Guð hjálpi mèr» segja þeir, «hvað hafið þið verið að gjöra»? Og er eigi von, þegar þeir sjá og reyna vegina okkar, og líta yfir húsabyggingarnar, að þeir tali svona? Eg hef ekki minna traust á íslenzkum bændum en bændum annara þjóða, því vèr höfum marga góða og vel viti borna bændur, en eg held, að þeir hafi ekki nóga lífsreynslu til þess að þekkja þjóðarheill og þjóðarstjórn, og reynslan í kláðamálinu sýnir það ljóst, að þeir geta farið herfilega villir vega, og þá bæði sèr og öðrum að voða. Stjórnvísindin eru mjóg erfið að læra. Þeir sem hafa varið allri æfi sinni til lærdóms, ættu að hafa haft tíma til að kynna sèr þetta; það þykir mèr hart, að lærðir menn skuli ráðast á sinn eiginn flokk, eins og þeir nú gjöra, og smjaðra svo fyrir lýðnum, þvert ofan í betri meðvitund, því lærða menn kalla eg þá sem skólagengnir eru; en menn geta ekki ætlazt til af þeim sem hafa grasnytina eina að styðjast við, að þeir hafi haft tíma að læra að stjórna landi og lýð, eða yfir höfuð að sjá glöggt, hvað landi og lýð sè fyrir beztu. Eg gef því ekki neitt fyrir þessa grasnytjar tryggingu, þó eg játi, að bændur vorir sèu fullkomlega jafnsnjallir bændum erlendis, enda hefir bændaflokkurinn á þingi Dana gjört harla lítið gagn, heldur að eins hjálpað til að koma Danmörku í það eymdarástand sem nú er hún í. Eg er ekki síður velviljaður föðurlandi mínu en aðrir, en eg get ekki að því gjört, að mèr sárnar, þegar hugsanir manna og ræður fara á ringulreið, en það kalla eg ruglaðar og rangar hugsanir, er menn virða upplýsinguna einskis eða nota ekki tækifæri til að afla sèr hennar, heldur en hún væri ekki til eða einskis verð. «Knowledge is power» segja Englendingar, það er: «Lærdómur er veldi», og vita þeir, hvað þeir segja, og hafa sýnt að svo er. Eg get ekki fallizt á að svipta embættismennina þeim rètti, sem þeir áður hafa haft um langan aldur, meðan gamla alþing stóð, en það var, að þeir voru sjálfkjörnir þingmenn, er það er ekki af því að eg álasi bændum, heldur af því, að mèr finnst slíkum þingum aldrei veita af, þó í þeim sèu þeir helztu kraptar sem til eru. Eg ætla nú að stinga

upp á, að hinum konungkjörnu þingmönnum verði fjölgað um 2, óg vil eg, að það sè rector við hinn lærða skóla og forstöðumaður prestaskólans; en til þess að lètta byrðina á landsbúum sting eg upp á, að þeir sitji þar kauplaust, því eg held, að Íslendingum sè fullboðið að borga 24,000 dali annaðhvort ár í alþingiskostnað; og held eg að eins gott væri að nota eitthvað af því til einhvers annars er landið þarfnast fyrir, t. .d að koma upp sjúkrahúsum. Mèr er sem eg sjái framan í ríkisdaginn, þegar konungur fer að biðja hann um 50,000 dali handa okkur, og hann sèr, að Íslendingar vilja hafa 2 málstofur með 36 þingmönnum, eg held að hann færi að hlæja, en það mundi hann vart gjöra þó vèr beiddum um fleiri lækna. Eg óska að þingmenn vildu taka dálitið tillit til hvernig dæmt er um þá utanþings af æðri og lægri. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga tók það ljóslega fram, hve þýðingarlaust væri fyrir okkur, að hafa tvær málstofur, en aptur væri það mesti kostnaðarauki. Eg held, að margir mundu verða til að segja, að betra væri, að færri sætu á þingi, en einhver vegarspottinn væri gjörður fyrir þá peninga. Eg hef ekkert á móti, að þingið komi saman annaðhvort ár, ef þingmönnum er ekki fjölgað.

Eg veit, að orð þau sem eg nú hefi talað muni eigi geðjast mönnum, en eg álít það skyldu að segja meiningu mina; hafi eg meitt nokkurn, þá er það móti vilja mínum.

Framsögumaður: Það er hvorttveggja, að nefndin í stjórnarbótarmálinu var fjölskipuð, enda hafa nefndarmenn haldið vel hóp, og vil eg því til sönnunar skýrskota til ræðu hins háttvirta 2 konungkjörna þingmanns, því þó hann teldi 500 fyrir 2000, og 3 tylftir fyrir 12 tylftir, þá er það ekki nema smámunir einir, þegar tillit er haft til hinnar venjulegu samkvæmni og röksemdaleiðslu þessa háttvirta þingmanns, því hún sannar sannarlega ekki mikið gegn nefndinni. Á annan veg skoðað lítur það svo út sem nú eigi að fara að bera skörp vopn á nefndina af hennar eigin meðlimum, en þó má nefndin eigi gjöra þau að grýlu, og þingið heldur ekki. Nefndin skoðaði allt mál þetta sem mjög alvarlegt mál, og það gjörði hinn 2. konungkjörni þingmaður líka víst, eða hitt þó heldur. Það sem nú liggur fyrir er að komast að niðurstöðu um rètta og hyggilega skipun alþingis í sambandi við það sem rætt var um í gærkveld, nefnilega um ákvarðanir þær, sem miði til að gjöra þingið að löggjafarþingi. Það er öldungis rètt sem þingmaður Vestur-Skaptafellssýslu og hinn 1. og 5. konungkjörnu

þingmenn tóku fram, að ómögulegt sè að hreifa við grundvallarreglunni í 2. kafla um ábyrgð ráðgjafans, án þess að breytt sè 3. kafla um þingskipunina. Hvað 33. grein snertir, þá liggur hún ekki fyrir til umræðu, því hèr er ekki verið að ræða um, hvernig þingdeildirnar skuli vinna saman, heldur hvort þær skuli vera 1 eða 2. Mèr virðist þingið hafa fengið góðar bendingar frá hínum hæstvirta konungsfulltrúa, hinum 1. konungkjörna og fleirum. Út af ræðum allra þessara háttvirtu herra get eg ekki dregið annað en það, að þetta sè mjög alvarlegt atriði og að allir hljóti að vilja, að sem mest trygging sè fyrir alvörugefni og varkárni alþingis er það fær löggjafarvald. Það er nefnilega ógjörningur að taka móti frelsi án fullrar tryggingar fyrir því, að það verði eigi misbrúkað; en eins og frelsi er óþekkt á Íslandi, eins er óþekkt þar ekki að misbrúka það. Þetta tók hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptafellssýslu fram, og þetta vakti bæði fyrir mèr og nefndinni í heild sinni. Eg álít, að allar ræður þingmanna í kveld miði að því, að þingið eigi að fylgja stefnu þeirri, er nefndin hefir tekið í þessu mikilvæga efni. Eg vona, að hinn háttvirti forseti álíti rètt, að eg áskilji mèr breytingaratkvæði fyrir hönd nefndarinnar í þessa átt, án þess eg gjöri frekari grein fyrir þeim, en eg nú hefi gjört. Konungur getur ekki gefið Íslendingum sjálfsforræði án tryggingar, það er ómögulegt; en eg veit ekki, hvernig «Constitutionel» trygging getur átt sèr stað nema með 2 málstofum eða þingdeildum; eg verð að játa, að eg þekki það ekki, þó aðrir kunni að gjöra það. Eg fyrir mitt leyti skil ekki, hvernig frjáls þjóðstjórn getur átt sèr stað með einni málstofu. Eg hefi skorað á mótmælendurna gegn nefndinni, að sýna fram á, að þetta sè ekki rètt, en þar sem þeir eigi hafa gjört það, álít eg þögn þeirra sama sem samþykki. Það er að öðru leyti alls ekki meining eða orð nefndarinnar að mynda 2 *málstofur,* heldur eitt þing í 2 deildum, og það hafði alþing hið forna líka; það vakti líka að minnsta kosti fyrir einum manni 1851, að þetta væri rètt. Það hryggir mig, ef þingmenn gæta ekki að, hver er meining nefndarinnar; hún hefir ekki vikið hót frá grundvelli stjórnarfrumvarpsins; uppástungur hennar eru vel yfirvegaðar og geta allar staðizt með grundvelli frumvarpsins; þetta verður þingið að gjöra sèr ljóst eigi síður en hinn hæstvirti konungsfulltrúi. En það er aptur sjálfsagt, að nefndin er fús á að gjöra þær breytingar, sem nauðsynlegar eru til þess, að *aðaltilgang stjórnarinnar* og *nefndarinnar* verði framgengt

í þessari allsherjar lagaskipun. Eg skal leyfa mèr að biðja hinn háttvirta forseta að skýra mèr frá, hvort eg þurfi nákvæmar að gjöra grein fyrir breytingum þeim, er eg nú áskildi mèr og nefndinni.

Forseti: Eg held reyndar, að betra væri að gjöra ítarlegri grein fyrir þeim uppástungum, sem hinn háttvirti framsögumaður boðaði, heldur en fram er komið, svo að sjáist nú þegar, hvað nefndin hefir hugsað sèr að setja í staðinn. En til þessa verður líka nægilegt tækifæri, því eg sè, að ekki verður útrætt um þenna kafla í kveld hvort sem er, álít eg því rèttast að slíta fundi nú, og getur þá framsögumaður gjört nákvæmari grein fyrir breytingaratkvæðum sínum og nefndarinnar á næsta fundi, sem eg vona verði á mánudaginn kemur.

Fundi slitið.

---

49. fundur. — 2. september.

Allir á fundi. Þingbók frá fjórum síðustu fundum lesin og samþykkt.

Forseti: Það sem nú liggur fyrir í dag, er að halda fram undirbúningsumræðunni um þriðja kafla stjórnarfrumvarpsins.

Konungsfulltrúi: Eg gat þess, þegar eg byrjaði að ræða þenna kafla, að mèr fèlli í sjálfu sèr betur tvær málstofur en ein, og að eg þess vegna fúslega mundi hallast að uppástungunni um tvær málstofur, ef þær yfir höfuð gæti komist á, eptir því sem nú hagar til hèr í landinu. Nú er búið að ræða margt og mikið um þetta spursmál frá þingsins hálfu, og þess vegna finn eg mèr skylt, að geta þess, að enn þá er ekki í umræðunum komið neitt það fram, sem getur sannfært mig um það, að mögulegt sè nú sem stendur hèr í landinu að stofna alþingi með tveimur málstofum þannig, að hèr með náist sú konstitutionella trygging, sem af öllum þingmönnum er viðurkennd að vera nauðsynleg, ekki á móti frelsinu sjálfu, heldur á móti misbrúkun frelsisins. Eg sagði um daginn, að það væri annað og meira, sem útheimtist til þess að mynda tvær málstofur en það, að skipta þingmönnum í tvo flokka

og láta þá sitja hvorn í sínu herbergi; ef tvær málstofur eiga að veita tryggingu þá, sem hèr ræðir um, er það nauðsynlegt, að efri málstofan verði útbúin á þann hátt, að hún geti haldið sjálfræði sínu andspænis hinni málstofunni og áliti sínu hjá þjóðinni; en þetta getur ekki skeð með því fyrirkomulagi, sem nefndin hefir stungið upp á, eða yfir höfuð að tala eptir því, sem á sèr stað hèr í landinu nú sem stendur, eða með öðrum orðum: Hèr vantar alveg undirstöðu þá, sem sjálfráð og mikilsmetin efrimálstofa þarf til þess að veita þá *konstitutionelle* tryggingu, sem einmitt er tilætlazt með henni. Það er ljóslega tekið fram af fleiri þingmönnum, að svo muni fara, og eg skal bæta því við, að mèr þykir þessi efrideild meiri hlutans, skipuð 6 konungkjörnum og 6 þjóðkjörnum þingmönnum, bæði mjög ófrjálsleg — eg þekki að minnsta kosti ekki annað þjóðþing, hvers annar helmingur er konungkjörinn en hinn þjóðkjörinn, — og þar að auki hafa þá galla, sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga og Norður-Þingeyinga ljóslega hafa tekið fram; en þegar eg lít á ósk þingmanna um að gjöra alþingi álitlegra með því að gjöra það fjölmennara, þá get eg ómögulega skilið, hvernig tvær deildir, önnur með 12 en hin með 24 þingmönnum, geti orðið álitlegra en alþingi eins og það nú er með 27 þingmönnum. Með því að gjört er ráð fyrir, að á alþingi sitji menn frá öllum hèröðum landsins, sem þekkja eða þá geta þekkt hinar sèrstöku kringumstæður, hver í sínum hluta landsins, og geta skýrt frá þeim, — get eg ómögulega skilið, hvernig efrimálstofan með 6 þjóðkjörnum þingmönnum geti haft þá þekkingu til hins sèrstaklega ásigkomulags landsins, sem nauðsynleg er, eða hvernig hin neðri þingdeild getur verið án þessarar þekkingar til ásigkomulags 6 hèraða landsins, eða hvernig þær báðar geta leyst störf sín vel af hendi þegar svo stendur á. Menn hafa talið þessu fyrirkomulagi til gildis, að hvert mál verði meðhöndlað þrisvar eða rèttara sagt 6 sinnum; það er þrisvar í hverri þingdeild, — gjörum nú ráð fyrir, að málið einnig verði gefið nefnd til meðferðar í báðum málstofum, þá verður það alls 8 sinnum, að hvert mál verður tuggið frá hèr um bil sama eða að minnsta kosti samkynja sjónarmiði. Þetta getur að vísu verið eins konar *Grundighed* eða djúphyggni, en mèr þykir hún reyndar of mikil, og eg get ómögulega sèð aðra tryggingu í því fólgna en þá, sem hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga svo sterklega hefir tekið fram, í tilliti til hinnar formlegu hliðar málsins; en *konstitutionel*

tryggingu veitir þetta fyrirkomulag vissulega ekki. Breyting sú, sem nokkrir þingmenn hafa áskilið sèr við 36. grein, veitir heldur ekki þessa tryggingu, þótt hún taki burt nokkuð af ósanngirni þeirri, sem er á uppástungu meiri hlutans. eins og hún nú liggur fyrir. Eg skal taka það skýlaust fram, að eg ekki hefi neina vou um það, að stjórnin mun fallast á þessar tvær þingdeildir, þó að þessi breyting kæmist á.

Nú segja nefndarmenn, ef til vill: Vèr höfum ekki myndað þetta fyrirkomulag eptir hugmyndum sjálfra vor; nei, vèr höfum tekið það upp eptir grundvallarlögum Noregsmanna; þeir hafa þetta fyrirkomulag á stórþingi sínu, og í Noregi hefir reynslan sýnt og sannað, að sú *konstitutionella* trygging, sem vèr viðurkennum sè nauðsynleg, getur komizt á og orðið nægileg með þessu fyrirkomulagi; fleiri þingmanna hafa skýrt frá því, sem í þessu tilliti á sèr stað í Noregi, — en allir hafa þeir gleymt að fræða þingmenn um það, að í Noregi er sú *konstitutionella* trygging, sem hèr ræðir um, ekki fólgin í þessu fyrirkomulagi stórþingsins, en í kosningarlögunum, sem eru mjög takmörkuð með tvöföldum kosningum, fáum kjördæmum og þess konar. Eg skal leyfa mèr að bæta þessari upplýsingu við það, sem hinir háttvirtu þingmenn hafa skýrt frá í þessu tilliti, og að öðru leyti skýrskota til ástæða frumvarpsins, sem taka það fram, hvers vegna stjórnin hefir álitið það ógjörandi að útvega þessa *konstitutionellu* tryggingu hèr í landinu með takmörkuðum kosningarlögum; en nefndin hefir eptir nákvæma yfirvegun, eins og segir bls. 16 verið þessari skoðun stjórnarinnar alveg samdóma.

Það er yfir höfuð að tala ísjárvert, að taka sèrstök atriði úr stjórnarlögum annara þjóða, og segja að þau líki oss betur eða eigi betur við hèr, en þau, sem ákveðin eru í frumvarpinu, því öll atriði þess gjöra ráð hvert fyrir öðru eins og í öllum stjórnarlögum; þess konar lög og yfir höfuð öll lög á að skoða í heild sinni, og eptir henni á að dæma, hvort lögin í sjálfu sèr eru frjálsleg og góð eða ekki.

Eg skal nú fara fáeinum orðum um fjölgun þingmannanna og konungskosninganarnar. Um bæði þessi spursmál hefi eg áður sagt, að eg vonaði að stjórnin gæti fallizt á þær breytingar, ef þingið aðhylltist það, sem nefndin stingur upp á; en eg hefi einnig sagt, að eg áliti ákvarðanir frumvarpsins aðgengilegri frá landsins sjónarmiði en uppástungur meiri hlutans.

Hvað nú snertir fjölgun þingmannanna, hefir nefndin ekki talið henni annað til gildis en nauðsyn þá, sem stofnun tveggja þingdeilda hefir í för með sèr, og eg get fyrir mitt leyti heldur ekki sèð neina ástæðu fyrir því. En þar sem ætlunarverk tveggja málstofa ekki getur náðst með því fyrirkomulagi, sem ætlazt er til af meiri hlutanum, held eg að þingmenn ekki muni vilja halda uppástungunni um þær fram, einungis til kostnaðarauka, því það er í raun og veru hið einasta, sem hún leiðir til; og eg held, að ef þingið fellir uppástunguna um tvær málstofur, þá felli það einnig uppástunguna um fjölgun þingmanna nú sem stendur, því hún er af meiri hlutanum einungis byggð á þessari breytingu, og hún fer í raun og veru ekki fram á neitt, sem annaðhvort er nauðsynlegt eða til gagns. Eg skal taka það aptur fram, að á alþingi sitja þingmenn frá öllum hèröðum landsins, þannig að þekkingin til ásigkomulagsins í öllu landinu finnst á þinginu, og mèr að minnsta kosti þykir þingið ekki vanta neitt í þessu tilliti, og eg get ekki sèð, að fjölgun þingmanna um 9 geti verulega aukið þessa þekkingu, því hún er þegar nú eins mikil, eins og yfir höfuð að tala er unnt. Einnig þykir mèr þingið, eins og það nú er, í öllu samsvarandi bæði hinum andlegu og *materielle* kröptum þjóðarinnar, og einmitt þess vegna eins álitlegt eins og það á að vera og getur verið. Hvers vegna eiga þá kosningar 9 þingmanna að koma inn á þingið? Á það að auka meiri dugnað, eða þá það, sem menn kalla *Intelligents* eður upplýsingu? Mèr virðist þingið ekki vanta þetta, og þar að auki geta 9 kosningar, eptir kosningarlögunum 1857 ekki *garanterað* að svo verði. Eg get þess vegna ekki sèð, að fjölgun þingmanna sè æskileg frá landsins sjónarmiði, því það einasta sem hún vafalaust hefir í för með sèr er kostnaðurinn, en þetta er einmitt sá aðalgalli, sem eptir minni meiningu er við hana, og þótt hann verði ekki meiri en á að gizka 2000 rd. á ári, og þótt þessir 2000 rd. ekki fari út úr landinu, held eg að þeim, sem eiga að borga alþingistollinn, bændum landsins, sè hann nægilega þungbær. Eg skal þess vegna fastlega ráða þinginu frá að aðhyllast þessa fjölgun þingmanna, sem í sjálfu sèr ónauðsynlega og óhentuga, þó að eg fyrir mitt leyti haldi, að stjórnin ekki muni finna hana alveg óaðgengilega.

Hvað snertir konungskosningarnar skal eg ítreka, að eg í sjálfu sèr ekki hefi neitt á móti þeim, eða að þeim verði haldið í staðinn fyrir ákvarðanir frumvarpsins, en eg skal eigi að síður

leiða þingsins athygli á bendingu þá, sem ástæður frumvarpsins í þessu tilliti gjöra, bls. 31, um þá fyrirhuguðu tilhögun á umboðsstjórn landsins. Það er — eins og eg sagði — einungis bending, en ekki uppástunga frá stjórnarinnar hendi, sem þar liggur fyrir, og eg tek ekki þetta atriði fram til þess að hefja umræður um þetta spursmál, því hvorki liggur það fyrir nú sem stendur, nè er fastráðið, hvernig skipa eigi þessa umboðsstjórn í öllum sèrstökum atriðum hennar. En mèr þykir það fyrirkomulag, sem þar er bent á, geta orðið að verulegu gagni bæði fyrir landstjórnina og fyrir alþingi, einmitt vegna þess, að tillögur landstjórnarinnar bæði til konungsins og til alþingis á þann hátt verða undirbúnar með aðstoð hinna helztu krapta landsins, og samband það milli stjórnarinnar og þingsins, sem æskilegt og svo að segja nauðsynlegt er fyrir sèrhvert löggjafarþing og fyrir sèrhverja *konstitutionella* stjórn, verði útvegað á þann hátt, sem mèr að minnsta kosti virðist hagkvæmur og góður. Stjórnarráð það, sem hèr ræðir um, mun, eptir því sem bent er á, geta haft mikil áhrif á landstjórnina, og eptirlit *(Control)* með undirtektum hennar, og einmitt með því greiða veginn, sem alþingí á að fara í þessu tillití. En þetta fyrirkomulag, sem mèr þykir mjög frjálslegt í sjálfu sèr og landinu í hag, er að mestu leyti bundið við það, að hinum föstu þingsætum frumvarpsins verði haldið, og vegna þess held eg, að þau eigi langtum betur við, frá landsins og þingsins sjónarmiði, en konungskosningarnar í hvert skipti. Mótbárur þær, sem teknar eru fram móti þessum föstu þingsætum, að þau gætu valdið, að stjórnin kysi til þessara helztu embætta þá menn, sem væru beztu þingmanna-efni en ekki beztu embættismanna-efni, eru einungis sprottnar af þeirri tortryggni, sem okkur öllum er inngróin, og sem, eins og hún hefir valdið landinu mikils tjóns, einnig getur gjört það framvegis, ef oss ekki heppnast að stjórna henni, í staðin fyrir að hún stjórnar oss.

Jón Guðmundsson: Eg hafði beðið mèr hljóðs í fyrra kveld, til að fara fáum orðum eða draga dálítinn »moral» útaf ræðu hins háttvirta 2 konungkjörna þingmanns, er hann þá hèlt á kvöldfundinum. En nú hefir hinn hæstvirti konungsfulltrúi einnig flutt langa og snjalla ræðu, sem eg get eigi látið með öllu ósvarað, og verð eg því að reyna, að svara þeim báðum, nokkrum orðum. Það er þá fyrst, að því er snertir undirtektir hins hæstvirta konungsfulltrúa, undir uppástungur nefndarinnar um þingmannafjölgunina og

tvískipting þingsins, þá komu þær mèr alls eigi óvart, því að eg vissi vel, að nefndin fór í gagnstæða stefnu eigi við ástæður eða rèttara sagt ástæðu-viðbárur stjórnarfrumvarpsins, heldur við tilætlun stjórnarinnar, sem er sú að geta otað hinum þrengri og lítthafandi ákvörðunum og haldið þeim fast fram með þessum ástæðum, að hèr sè eigi við traust og áreiðanlegt þjóðþing að eiga, ekki nema fáliðað þing í einni málstofu, öðruvísi þingi eða fullkomnara verði hèr eigi komið á, og þess vegna megi til að reisa slíkar skorður við misbrúkun löggjafaratkvæðisins, eins og gjört sè í stjórnarfrumvarpinu. En eg saknaði eins í ræðu hins háttvirta konungsfulltrúa og það var úrlausn hans eða svar upp á áskorun mína til hans í fyrra dag. Eg tók það fram, að ef eigi væri hin 30. og 33. gr. stjórnarfrumvarpsins þannig lagaðar, sem þær ákvarðanir eru, 2 öfuguggar gegn öllu því, sem nefnt verður lögbundið sjálfsforræði og frjálst og óbundið atkvæði þjóðfundarins, ef hinn háttvirti konungsfulltrúi vill og getur fullvissað þingið um, að stjórnin verði tilleiðanleg til að fara ofan af *fastri* fjárhagsáætlun, með einskiptu alþingi eins og nú er, og þar með fella burtu og taka aptur 33. gr. og láta þingið svo halda sínu vanalega frjálsa og lögfulla atkvæði óskerðu og óbundnu að öllu, þá mundi þingið eigi halda svo fast fram tveimur málstofum. En stjórnin er einmitt sjálf undirrót, hvatamaður til þessara uppástungna vorra með hinum öfugu ákvörðunum sínum og yfirlýstri tortryggingu gegn þinginu, er hún telur víst, að rasi fyrir ráð fram, eins og þingið sè nú skipað, fámennt og einskipt, og að þingið »í bráðræði ályktí eitthvað» sem er »skaðsamlegt almenningsheillum»; það er einmitt sökum þessa, að nefndin hefir stungið upp á þessu nýja fyrirkomulagi þingsins. Enda hefi eg eigi getað tekið eptir, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi hafi komið fram með neinar verulegar ástæður eða mótbárur, er megi fæla þingið eða aptra því frá, að aðhyllast uppástungur nefndarinnar. Að því, er snertir tvær þingdeildir, þá er auðvitað, að eptir uppástungum nefndarinnar geta þær eigi orðið fullkomnar, eins og t. d. þær tvær málstofur í Danmörku: «fólksþingið» og «landsþingið», enda má það vera minnisstætt, hve mikið þras og umtal var út af því hjá Dönum á allsherjarþinginu 1848—49, er samdi grundvallarlögin 5. júní, hvernig þessu skyldi háttað, að allur þorri manna á því þingi var lengst um fyrir einni málstofu, og að langt var komið fram á vetur, þegar þar loksins voru afráðnar 2 málstófur. Það kunna

nú reyndar sumir að segja, að fyrst að hvorki stjórnin nè þjóðfundurinn hafi upphaflega stungið upp á tveimur málstofum hjá oss árið 1851, þá höfum vèr ekki ástæðu til þess nú; en það mátti segja um hina almennu skoðun í Norðurálfunni á árunum 1848—1851, bæði á þessu stjórnarfyrirkomulagi: hvort væri betra einskipt þjóðþing eða tvískipt, eins og svo ótal margt annað í þeim efnum. «*Nú er öldin önnur*» heldur en hún var á þeim árum. En hvötin er til þessara uppástungna vorra, eins og eg þegar hefi sagt, einmitt frá stjórninni; hún heldr sjálf fram tveimur málstofum, og segir, að tveggja málstofuskipulagið á löggjafarþingi, þar sem er lögbundið þjóðfrelsi og sjálfsforræði, sè hið eina fyrirkomulag, sem undir sè eigandi og fyllilega treystandi ábyrgð fyrir því, að þjóðþingið misbeiti ekki löggjafaratkvæði sínu, eða misbrúki það. Reyndar er fyrirkomulag það, sem nefndin hefir stungið upp á, fremur sniðið eptir því sem á sèr stað í Noregi en í Danmörku; en ef þetta fyrirkomulag þykir eigi tryggilegt, þá mun oss Íslendingum þykja tilvinnandi, og aldrei horfa í það, að ganga því betur frá tveimur málstofum, og svo, að stjórnin megi álíta full tryggilegt, til að losast við alla slíka agnúa, og óeðlileg og óhafandi bönd á sjálfsforræði voru sem þau, er stjórnin nú þykist knúð til að beita og halda fast fram, einmitt af þeim einu rökum, að vèr eigi höfum nema einskipt og ófullkomið fulltrúaþing, og af því það muni ekki nærri því komandi við Íslendinga, að haga þinginu öðruvísi, hvorki að fjölga þingmönnum nè að taka upp tvær málstofur; það er þó vel, að stjórnin fái hèr að sjá og þreifa á því, að þessi skoðun hennar er skökk í alla staði. Hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði nú sem fyrri á þá leið, að lítið lið mundi verða að þessari efri þingdeild vorri, og lítið eða ekkert ávinnast annað með þeim 2 þingdeildum, en að sömu málin yrði «tuggin» (hann brúkaði þetta orð) 6—8 sinnum, og yrði sum málin þá að vísu nokkuð rækilegar yfirveguð og rædd, en hinum litlu kröptum þingsins og landshagsþekkingu þingmanna, sem hann áliti nægilega í alþingi, eins og það er nú einskipt, yrði þá svo á sundrungu, og gæti svo farið, að í hverri þingdeildinni fyrir sig, vantaði 6 eður fleiri heil kjördæmi talsmenn að þeirra leyti fyrir málinu og þá þekkingu, er úrslit málsins mætti vera undir komin fyrir þetta eða hitt kjördæmið. Hinum hæstvirta konungsfulltrúa hefir yfir sèzt hèr við, að hvort eitt og sama þingmál á að ræða í *báðum* deildunum, svo að þekkingin, sem hann gjörir

ráð fyrir (og það þó ástæðulaust, eins og eg mun bráðum sýna), að kynni að vanta í annari hverri þingdeildinni, — hlýtur þó að koma fram og gjöra sig gildandi, þegar málið kemur fyrir hina. Í annan stað gjörir konungsfulltrúi hèr undarlega og óskiljanlega lítið úr hinum sex konungkjörnu þingmönnum, og þeirra almennu og yfirgripsmiklu þekkingu, eins og líka má ráðgjöra að miklu leyti, til landshaga vorra yfir höfuð, og hinna ýmsu hluta landsins; — það er einmitt þessi almenna og yfirgripsmikla þekking, hinna konungkjörnu manna eður hinna æðstu embættismanna, er jafnan verða fyrstir fyrir konungs kosningum, sem konungsfulltrúi sagði á öðrum stað í ræðu sinni, að væri svo mikilsverð og ómissandi fyrir landstjórnina hèr, að eiga að, og geta stuðzt við í «*landráðinu*», sem hann heldur svo mikið fram, og er að gylla fyrir þinginu, en nú þegar þeir væri komnir í efri þingdeildina þá ætti þeir að þekkja lítið eða ekkert til, víðsvegar um land, eptir áliti konungsfulltrúa. Hann sagði enn fremur, á þá leið, að þar sem 6 þjóðkjörnir yrði kosnir í efri þingdeildina, þá gæti svo farið, að 6 kjördæmi yrði svipt þeim þingmönnum, frá sumum málunum, er þar væri kunnugastir innan hèraðs (*Konungsfulltrúi:* Það sagði eg eigi). Jú, á þá leið, en konungsfulltrúa hefir sèzt yfir það, að eptir uppástungum nefndarinnar, eiga tveir menn að verða kosnir úr flestöllum kjördæmunum, svo það væri sannarlega lítthugsandi slysni, ef einmitt veldust menn upp í efri deildina úr þeim 8 kjördæmum, sem eigi hefðu framvegis nema einn þingmann, og þar að auki munu flestir þingmenn, má ske að undanteknum einstaka þingmanni, sem væri búsettur hèr í Reykjavík og hefði jafnframt alið allan aldur sinn hèr, sem þó mun vera fáheyrt, vera kunnugir í fleiri og færri kjördæmum en sínu eigin. Eg segi fyrir mig, að eg er eins kunnugur í sex öðrum kjördæmum, eins og í því kjördæmi, sem eg er þingmaður fyrir, og þó nokkuð kunnugur víðar. Mèr virðist því það, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, viðvíkjandi þessu atriði, ekki hafa mikið að þýða. Að því er fjölgun þingmanna viðvíkur, þá hefir sú skoðun fyrri komið fram, eigi að eins af hendi landsmanna, heldur einnig stjórnarinnar sjálfrar, að fjölgunin væri nauðsynleg og sjálfsögð, án tillits til þess, að þingið væri eigi nema einskipt, eður í einni málstofu, undir eins og það væri búið að fá löggjafaratkvæði, og þarf eigi annað, til að sannfærast um þetta, en skoða stjórnarfrumvarp til kosningarlaga á Íslandi, sem hún lagði fyrir þjóðfundinn 1851; og sjálft stjórnar-

skrárfrumvarp hennar, er þá kom fram; og hefi eg þó eigi heyrt, að nokkrum hafi þótt stjórnin gjöra oss of frjálsleg tilboð þá, eða um þau árin. En af þessu geta allir séð, hinn hæstvirti konungsfulltrúi eins og aðrir, hvort þessi uppástunga vor nefndarmanna, um þingmannafjölgunina, er nýsprottin upp nú í nefndinni og einungis sprottin af því, að geta haft tvær þingdeildir. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að menn ættu að skoða lögin í heild sinni, til þess að sannfærast um, að þau séu frjálsleg og góð stjórnaalög; en ef vèr skoðum þetta stjórnarlagafrumvarp nákvæmlega og einmitt í heild sinni, mun það eigi sýnast tiltakanlega frjálslegt; vèr getum eigi skoðað það í heild sinni svo, að vèr hlaupum yfir eða lokum augunum við ákvarðanirnar í 7., 10; og 21. gr., í 30., 33., og 46. gr., en séu þær ákvarðanir látnar halda sèr, þá er sjálfforræði það, sem frumvarpið gjörir kost á í mörgum greinum sannarlega stórum lamað. Þá er nú þessi forna og nýja ástæða, sem konungsfulltrúi vildi beita á móti þessum uppástungum, og sem stjórnin hefir yfir höfuð að tala, og jafnaðarlega beitt í undirtektum sínum, eigi þó sízt 1851 og 1855, þessi almenna grýla, sem höfð er fyrir keyri á oss, ef vèr förum einhverju á flot til frjálslegra og verulegra umbóta en það er «*kostnaðurinn*»; æfinlega skal klingja hin sama bjalla; «það er óbærilegur kostnaður fyrir þetta sárfátæka land, og fyrir þá, sem kostnaðinn eiga að bera»! Eg skal ekki neita því, að það leiðir nokkuð meiri kostnað af þingmanna fjölguninni, og nokkuð meiri tímatöf og þinglengingu af því tvískipta þingi og þá einnig þar af leiðandi kostnað heldur en nú er; en eg vil biðja konungsfulltrúa og alla að gá vel að því, að þegar alþing er orðið löggjafarþing, og vèr höfum fengið innlenda landsstjórn, þá sparast aptur eða smásparast talsvert af ýmsum öðrum kostnaði, sem nú hvílir á alþingi eins og stendur, og getur þetta numið milli 3—4000 rd. sparnaði fyrir hvert þing. Eigi að síður vil eg að hinu leytinu eigi neita, að kostnaðaraukinn af fjölgun þingmanna um 9 og af tvískiptu þingi, getur orðið nokkur og látum svo vera, að hann yrði talsverður. En vèr skulum nú skoða 33. grein stjórnarfrumvarpsins og bera svo saman þann kostnaðarauka og málalengingarauka, sem sú ákvörðun getur haft í för með sèr og hlýtur að hafa. Það mun óhætt að gjöra ráð fyrir, að þegar um lagafrumvörp stjórnarinnar er að ræða, og einkum um almenn og mikilsvarðandi málefni; þá muni landstjórnin eigi ávallt fallast á breytingaratkvæði þingsins, heldur strika þau út og

bera það fyrir, að konungur muni eigi samþykkja frumvarpið með svofelldum breytingum þingsins; ástæður stjórnarinnar við þessa 33. gr. bæta því við næsta hreinskilnislega, að það sè engan veginn víst að heldur, að konungur samþykki lagafrumvarpið með hinum breytingunum, sem landstjórnin kynni að láta óstrikað út. En hvort sem er, þá yrði að leggja frumvarpið fyrir þingið aptur á ný; og ef svo þingið hèldi fast við sínar fyrri breytingaruppástungur, og landstjórnin hèldi áfram að strika út, og þetta gengi með sömu stælunni einum 3—4 sinnum þing af þingi, þá vil eg nú spyrja hinn hæstvirta konungsfulltrúa, hvort það muni eigi geta valdið meiri drætti á málaúrslitunum og margfalt meiri kostnaði, heldur en það skipulag á þinginu sem nefndin stingur upp á. Ef vèr á annað borð förum að skoða kostnaðinn, þá er bezt að rannsaka hann og leggja nákvæmlega niður, dal fyrir dal og skilding fyrir skilding og út í allar æsar, og eigi að »spara skildinginn til þess að láta hlaupa á heilum dölunum», og leggja svo margfalt meiri kostnað í sölurnar fyrir það fyrirkomulag, sem er miklu verra og viðsjálla. Þar sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi var að halda fram þessu fyrirhugaða landstjórnarráði, sem talað er um í ástæðum frumvarpsins, var að gylla það og varð svo margrætt um það og lýsa þess miklu kostum og nauðsyn þess fyrir hina tilvonandi landstjórn, þá skal eg ekki eyða mörgum orðum til að svara því; hugsunin í frumvarpinu stefnir eptir því sem mèr skilst, að því fyrirkomulagi sem haft er í nýlendum og nefnist almennt »Colonialráð» eða nýlenduráð; eg hefi heyrt talað um þau og þekkt það fyrirkomulag nokkuð af bókum og afspurn, en ekki get eg sèð, að þetta sè neitt keppikefli fyrir oss, eða oss geti staðið nokkurt gaman eða gagn af slíku fyrirkomulagi. Eg sè heldur ekki, að landstjórnin geti verið að neinu bættari, þó hún fengi þessleiðis «landráð»sèr við hönd; það væri óskiljanleg og undarleg breyting, ef landstjórnin gæti ekki hèr eptir eins og æðstu stjórnarvöldin hingað til leitað þeirra upplýsinga og þeirra álita um málin hjá embættismönnum, eins þeim sem verið er að hugsa um að taka í landráðið eins og öðrum, sem hún þyrfti og þeir embættismenn geta látið í tè, og get eg ekkert sèð, er leysi þá hèr eptir undan þeirri almennu skyldu, sem ávallt hefir verið. Þar sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi, í enda ræðu sinnar var að tala um tortryggni, mèr skildist af Íslendinga hendi til stjórnarinnar og embættismanna, og að menn ættu fremur að gjöra sèr far um að eyða henni og bæla niður heldur en að ala á henni og

við halda, þá ætla eg að það hafi eigi haft mikil rök við að styðjast, eða tilefni af nefndarinnar og þingsins hlið, með þeim uppástungum sem hèr liggja fyrir; eigi nokkur tortryggni sèr stað, og verði það með nokkrum sanni sagt, að enn sè alið á henni er það sannarlega frá stjórnarinnar hálfu, því með þeim áminnztu ákvörðunum í stjórnarfrumvarpinu hefir nefndin knúðst til að gjöra þessar uppástungur, en nefndin hefir þar með alls eigi tortryggt stjórnina (*Sveinn Skúlason*: Jú, hvorttveggja). Eg ætlaði enn fremur að taka fram viðvíkjandi fjölgun þingmannanna, og þar sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi var hræddur um, að það kynni að koma fyrir, að menn vanta úr sumum kjördæmum í neðri málstofuna, einkum ef konungur væri bundinn við að kjósa embættismennina úr vissum hèruðum eða vissa tölu úr hverju amti, að það hefir stundum vantað hèr á þingum þingmenn úr 2 eða 3 kjördæmum og það optast úr hinum fjarlægustu, og hafa því þau kjördæmin verið alveg þingmannalaus í það skiptið. En þetta hefir svona borið að einmitt vegna þingmannafæðarinnar, einmitt vegna þess, að eigi hefir hingað til mátt kjósa nema einn þingmann úr hverju kjördæmi, að hætt er einu auganu nema vel fari, og er það einmitt einnig með tilliti til þessa, að stjórnin sjálf 1851 og nefndin nú hefir stungið upp á, að þingmönnum yrði fjölgað. Því þótt þingmenn vantaði úr 3—4 kjördæmum landsins, þá yrði þó nokkrum fleiri á þingi eptir uppástungu nefndarinnar, þó að engan vanti, sem þó sjaldnar hefir verið til þessa. Nefndin hefir því með þessari uppástungu sinni einmitt girt fyrir þenna ókost, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi talaði svo mikið um, og gjörði svo mikið úr.

Nú skal eg þá víkja orðum mínum að ræðu þeirri, er hinn háttvirti 2. konungkjörni hèlt hèr á síðasta fundi, því eg dró þá strax saman dálítinn höfuðlærdóm eða «Moral» út úr ræðu hans jafnótt og hann talaði. Hann sagði meðal annars, að það væri »narraspil» fyrir oss að hugsa um það að fjölga þingmönnum; tók hann dæmi af því, að hið fjölmennasta og frjálsasta land í heimi hafi ekki nema 1 þingmann fyrir 30,000 manna (*Jón Hjaltalín*: Hèr um bil fyrir hverjar 32,000 manns) — þess betra! Ef vèr vildum laga oss eptir þessu, þá yrðu líklega ekki aðrir en hinn 1. og 2. konungkjörni á þingi vor Íslendinga (*Stefán Thordersen:* 8 konungkjörnir og 2 þjóðkjörnir eptir uppástungu hans). Þess betra; honum þætti víst, hinum 2. konungkjörna, glæsilegt

og gott þing, og þar með þjóð vorri og þjóðmálum vel borgið, þó að ekki væri það öðru vísi samsett, *tveir* þjóðkjörnir og 8 konungkjörnir af þessum æðstu embættismönnum; ekki vill þingmaðurinn missa af neinum þeirra eður að neinn þeirra glatist, það höfum vèr margsinnis heyrt. Getur verið gott; en það er til danskur skopmálsháttur, sem segir: «Þeim sem guð gefur embætti, þeim gefur hann líka vit» (*Pètur Guðjónsson:* Það stendur «peninga» en ekki «embætti»), því hefir einasta verið snúið hins veginn, eða má ske: góð embættis*laun,* eins og æðstu embættunum fylgja. Út úr þessu orðtæki mætti aptur leiða, að þeim sem guð gefur beztu embættin með beztu embættislaununum, þeim gefur hann líka bezt vit og mest vit, eða það sem við köllum «tólfkongavit», svo eptir því fengjum vèr með þessum 7 æðstu embættismönnum, ekki aðra á þingið, en menn með «tólfkongaviti«; það yrði þá 7 sinnum tólfkóngavit eður 84 kónga vit á þinginu (hlátur) og það held eg að væri mikið æskilegt(!) Því sem hinn sami 2. konungkjörni var að prèdika svo mikið og lángt út af grasnytinni, og að kosningarrèttur vor væri bundinn við grasnyt, þá ætla eg ekki að leggja mig niður við að svara því; það hefir sjálfsagt átt að vera spaug fyrir honum, eða eins konar glettu »pillur« til okkar þjóðkjörnu bændanna, sem ekkert hefðum oss til ágætis nema »grasnyt; enda á hann nú eptir að svara þessu fyrst er eg nú sagði út af ræðu hans. (*Jón Hjaltalín:* Eg mun borga það bráðum).

Konungsfulltrúi: Upp á spursmál hins háttvirta þingmanns Vestur-Skaptfellinga skal eg svara því, að af því að 30. og 33 gr. frumvarpsins ekki liggja fyrir nú, á meðan vèr erum að ræða 3. kaflann, hefi eg ekki enn þá tekið þetta spursmál til greina, meira en að svo miklu leyti sem eg skýlaust tók það fram, að tvær málstofur meiri hlutans ekki gæti veitt þá *konstitutionellu*-tryggingu, sem hèr ræðir um, og sem frá hálfu meiri hlutans einmitt er tilætlazt; en að þær má ske geti veitt nokkra tryggingu með tilliti til hinnar formlegu hliðar málsins, — og það er þetta, sem heyrir undir 33. grein; þegar vèr eigum að ræða hana, skal eg reyna til þess að koma mèr saman um þessa grein við hið háttvirta þing. Um það sem hinn háttvirti þingmaður gat um, nefnilega kostnað þann, er 33. grein gæti haft í för með sèr, skal eg að eins skýrskota til þess, sem eg nýlega tók fram, um tortryggnina.

Stefán Thordersen: Það er gamalt orðtæki til hjá oss, sem segir: »Það er illt að heita strákur og hafa ekki til unnið«. Á dauða mínum átti eg von, en ekki á því, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi dróttaði að mèr tortryggni, að mèr segi eg, því eg held, að hinn heiðraði þingmaður Vestur-Skaptfellinga hafi misskilið hinn hæstvirta konungsfulltrúa, þegar hann í niðurlagi ræðu sinnar var að tala um tortryggnina, því eg held eg hafi átt að eiga það einn, en nefndin ekki. Að minnsta kosti tók hinn hæstvirti konungsfulltrúi upp þau orð, er mèr varð á að tala, ef eg á að segja, að mèr hafi með því á orðið — þau orð sem sè, að eg sagði, að eins og það ekki ætíð væri víst, að embættismenn þeir sem ræðir um í 22. grein stjórnarfrumvarpsins, eða embættismenn yfir höfuð, þó þeir væru hinir duglegustu í embættinu, þar fyrir einnig væru duglegir þingmenn, eins gæti eg ímyndað mèr að þegar fram liðu stundir gæti svo á staðið, að stjórnin við veitingar þessara umgetnu embætta má ske tæki of mikið tillit til þess, hvort um leið fengist gott þingmannsefni, svo að það gæti haft illa verkun á embættaveitingarnar, þegar konungur yrði að binda kosningar sínar til alþingis við vissa embættismenn, og þess vegna vildi eg gefa stjórninni alveg frjálsar hendur til að kjósa hvern sem hún vildi, og þarna á nú að liggja tortryggnin í. Við hvern getur hún verið? Ekki þó við stjórnina, sem eg vil gefa alveg frjálsar hendur, ekki við stjórnina, sem eg einmitt er að lýsa trausti mínu til. Við embættismennina þá? Ekki getur það heldur átt sèr stað, því eg hefi hvergi haft á móti því, að stjórnin kysi þá, nei! miklu fremur hefi eg talið það sjálfsagt, að hún mundi kjósa embættismenn sína, og þá líklegast einmitt þá, sem stjórnarfrumvarpið stingur upp á í 22. gr. en þó *því að eins,* að þeir sèu hæfilegir til að sitja á þingi. Það er því hvorttveggja, að tortryggni sú, er eg á að hafa látið í ljósi með breytingaratkvæði mínu ekki kemur fram við neinn, enda var hún mèr aldrei í huga og vil eg því biðja hinn hæstvirta konungsfulltrúa að gjöra mèr ekki slíkar og þvílíkar gersakir, sem eg ekki á skilið, því það er enginn af þingmönnum, sem vill láta konung hafa frjálslegri kosningar en einmitt eg. Eg vil ekki einu sinni binda hann við embættismenn, eg gef honum það »Tillidsvotum«, að hann getur valið hverja sem hann vill, hvort heldur embættismenn eða aðra. Eg mótmæli þess vegna öldungis, að eg hafi lýst nokkru vantrausti til konungs eða stjórnarinnar með breytingaratkvæði mínu; eg hefi þvert á móti lýst því

mesta trausti. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi vildi, að þessum föstu embættum, sem nefnd eru í 22. grein frumvarpsins, væri haldið. Nú vil eg spyrja hann: Þurfa þessir konungkjörnu ekki að hafa sömu persónulegu eiginlegleika og aðrir þingmenn? Þurfa þeir ekki t. a. m. að vera 30 ára að aldri? og ef uppástunga nefndarinnar um 2 þingdeildir fengi framgang þá 40 ára að aldri. Má eg eigi hugsa mèr, að þeir menn kynnu að verða settir í eitthvert af embættum þessum, sem væru fyrir innan þrítugt? Eg fæst nú ekki um, fyrir innan fertugt, því það má óhætt telja sjálfsagt. Og hvernig fer þá? Væri það ekki að brjóta lög á þinginu að láta þingmanninn annaðhvort vanta, eða og þar með rýra krapta þingsins, eða þá láta hann taka sæti á þinginu þrátt fyrir það að hann er of ungur, og þar með brjóta gegn kosningarlögunum? Upp á þessar spurningar vænti eg svars frá hinum hæstvirta konungsfulltrúa.

Eiríkur Kúld: Eg var ekki hèr inni í salnum um daginn, þegar hinn heiðraði þingmaður Vestmanneyinga tók sèr breytingaratkvæði sitt; eg ætlaði að taka mèr breytingaratkvæði í sömu stefnu, en nú þarf eg þess ekki, fyrst hann er búinn að því. Mèr finnst það rèttara að binda eigi konung við vissa embættismenn, svo menn ekki hið minnsta snerti einkarèttindi hans. Þingmaður Vestur-Skaptfellinga hefir svarað konungsfulltrúa, svo eg sè eigi ástæðu til að fara frekara út í það. En eg ætlaði að leiðrètta nokkuð í ræðu þeirri, er hinn háttvirti 2. konungkjörni hèlt hèr á síðasta fundi. Eg veit ekki, hvort eg hefi skilið hann rètt, því hann kom víða við. Um formiðdaginn vildi hann leiða menn til Ástralíu, en um eptirmiðdaginn til Ameríku. Eg skal játa, að eg er ekki góður að ferðast svo langan veg með honum; annars skil eg ekki, hvaða tilgang hann hefir haft, fyrst hann vildi eigi um leið flytja Ísland á annanhvorn staðinn. Hann var nokkuð harðorður við nefndina; einkum tók hann hart á henni fyrir það, að hún vildi ekki binda konungskosninguna við þessi 6 embætti, sem frumvarp stjórnarinnar bindur hana við. Hann vildi halda fast við það, og tók sèr breytingaratkvæði um, að rektor lærða skólans og forstöðumaður prestaskólans skyldu einnig sitja á þingi og það þá líka kauplaust. Er þetta nú sanngjarnt? Nú kemur hèr upp lagaskóli, og þá yrði forstöðumaður hans sjálfsagt konungkjörinn, og eins læknaskóli; þá ættu forstöðumennirnir fyrir þremur af skólunum að sitja kauplaust á þingi, en forstöðumaðurinn fyrir lækna-

skólanum yrði sá eini af þeim 4, sem fengi nokkur laun. Hann fann uppástungum nefndarinnar það eina til ámælis, að hún hefði bundið kjörgengi hinna þjóðkjörnu við ekkert nema grasnyt; hann hefir þá ekki komizt til að lesa lengra eða ekki lesið vel, því nefndin bindur kjörgengið við fleira en grasnyt. Honum þótti eitthvað háskalegt í því, að nefna hana, og hugsaði, að það ætti sèr hvergi stað nema á Íslandi, að kjörgengi væri bundin við grasnyt. Heldur hann þá, að enginn sitji á þingi á Englandi, sem hafi grasnyt? Ef enginn mætti eiga hèr þingsetu, sem hefði grasnyt, þá mættu ekki embættismennirnir heldur sitja á þingi, því flestir embættismenn hèr á Íslandi hafa líka grasnyt. Hvað það snertir, að hve miklu leyti það sè nauðsynlegt að bændur sè á þingi, skal eg leyfa mèr að vekja athygli hans á því, að þótt þingmaðurinn sè bóndi, getur hann haft eins mikla lagaþekking og forstöðumenn lærða skólans og læknaskólans, enda eru nokkrir af bændum vorum lærðir eða skólagengnir menn.

Jón Hjaltalín: Eg ætlaði að svara því, sem beint hefir verið að mèr fáum orðum. Eg bið þingið forláts, að eg fór skakkt með töluna í tilliti til fólksfjöldans hèr á landi. Það er að vísu satt, en það reyndar skuld hins háttvirta sessunauts míns, þingmanns Vestmanneyinga (*Jón Guðmundsson:* Gott er að hafa barn til blóra), því eg miðaði við kjördæmi hans. En þar sem eg sagði, að ekki væri nema einn þingmaður fyrir hverjar 32 þúsundir manna í Ameriku, þá lá það ekki í orðum mínum, sem þingmaður Vestur-Skaptfellinga dróg út úr þeim, að eg vildi hafa það hèr. Það er misskilningur af honum, því mèr datt ekki i hug, að farið væri eptir sama hlutfalli hèr á landi, heldur tók eg það sem dæmi til þess að sýna, að hèr væri æði mikill munur, og finnst mèr óþarft að hafa slíkt í skopi og lengja þingtimann með því að vera að ræða um það. Eg held þingmaður Vestur-Skaptfellinga þurfi ekki að bregða sèr um, að hann vilji ekki hafa nógu sterkt þjóðþing hèr á Íslandi. Eg vil leyfa mèr að minna hann á Þingvallafundinn 1850. Hvað marga þingmenn vildi hinn háttvirti þingmaður Skaptfellinga hafa á Þingvallafundinum 1850? Þá vildi hann hafa 3—5 manns fyrir hvert kjördæmi; á þessum fundi voru 181 manns, og þótti þó eigi nóg til að segja frá þjóðviljanum; hinn heiðraði þingmaður Skaptfellinga ætti manna sízt að kvarta yfir fundarleysi, því hann hefir sannarlega verið á mörgum. Það er ekki lengra en síðan í fyrra haust, að hann þurfti meir en 20

manns á fund fyrir eina eða tvær sýslur í einu máli. Eg álít eg hafi nú svarað honum um það, sem eg nú honum var skyldugur um. Eg ætla að svara þingmanni Barðstrendinga nokkrum orðum; hann vildi ekki fara með mèr hvorki til Ameriku nè til Ástralíu, þó hann í rauninni hefði gott af því að koma með mèr til Ástralíu til að læra að lækna fjárkláðann. Eg ætla ekki lengra með hann en upp að Þingvöllum. Hann hefir víst verið þar 1850 (*Eiríkur Kúld:* Nei). Hann hefir þá lesið það, sem gjörðist þar (*Eiríkur Kúld:* Jú). Hvernig stendur þá á því, að menn eru núna svona við embættismennina? Þá (1850) vildu menn hafa tóma embættismenn í efri málstofuna. Eg ætla mèr ekki að fara langt inn í grasnytina, en vona, að menn ekki hneykslist á því, þó eg ekki vilji dríta í mitt eigið hreiður og vilji halda upp úr höfðinu á embættismönnunum. Vèr ættum að hafa það hugfast, sem Björn í Mörk sagði við Kára: «Hvort þykir þèr undir því komið, að vèr sèum sem vítrastir?» Það getur verið, að mönnum þyki það við eiga að hafa alla menntun hèr í skopi. Eg ætla mèr nú enn þá að bæta 2 embættismönnum við, sem eiga að hafa þingsetu. Að endingu skal eg geta þess, að eg skil ekki í því, hvernig menn geta neitað því, að stjórn og embættismenn hafa verið tortryggðir, þar sem þó svo mörg dæmi liggja fyrir í þessa átt og það hèr á þinginu.

Petur Pètursson: Af því hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga hefir sagt, að 33. gr. stjórnarfrumvarpsins hafi gefið nefndinni tilefni til að stinga upp á tveim málstofum, og hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir gefið von um, að hann muni koma sèr saman við nefndina viðvíkjandi 33. grein, skal eg leyfa mèr að leiða athygli þingsins að því, hvort vèr munum geta fullrætt þessi atriði, fyrr en vèr erum komnir svo langt að ræða 33. grein frumvarpsins.

Pètur Guðjónsson: Af því eg hefi heyrt, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir tekið svo mannúðlega í það, sem nefndarálitið í máli þessu stingur upp á, að þingið skuli vera í 2 málstofum, þegar það fær löggjafarvald, og með því að mèr virðist stjórnin í ástæðunum fyrir frumvarpinu einmitt hafa gefið þinginu bendingu í þá stefnu, að hún áliti þvílíkt fyrirkomulag á þinginu með löggjafarvaldi tiltækilegast, og þar sem eg að mínu leyti verð að álíta þetta nauðsynlegt til að öðlast nokkra tryggingu fyrir rólegri og skynsamlegri yfirvegun þingmálanna, þá skal eg leyfa mèr að

taka það fram, að mig furðar stórum á því, að nefndin, sem hefir gengið inn á þessa skoðun stjórnarinnar, og gjört hana að uppástungu sinni ekki í minnsta máta hefir hreift þeim skilyrðum, sem stjórnin hefir álitið nauðsynleg til þess að slíkt fyrirkomulag á þinginu geti átt sèr stað, en þau eru, það finnst mèr liggja í augum uppi, sjálfsagt önnur tilhögun á kosningunum til þingsins, en sú sem nú er; nefndin hefir sem sè hvorki minnzt á Census nè tvöfaldar kosningar, sem stjórnin þó hefir bent á í frumvarpsástæðunum, sem nauðsynleg skilyrði fyrir þingi með 2 málstofum. Og þó eg ekki geti sagt, að mèr þyki slíkt fyrirkomulag á hinu löggefanda alþingi allskostar tiltækilegt, eptir því sem á stendur hèr á landi, verð eg þó að lýsa því yfir, að mèr þykir það miklum mun aðgengilegra, heldur en sú meðferð þingmálanna, sem stjórnarfrumvarpsins 23. gr. gjörir ráð fyrir, því eg verð að játa það, að eg skil hana ekki, eg ætla að hún sè alveg ein síns liðs. Mèr þætti því nefndin hafa breytt þeirri ákvörðun skynsamlega, ef hún jafnframt hefði gengið út frá annaðhvort tvöföldum kosningum — sem mèr að öðru leyti er ekki mikið gefið um — eða frá fasteign, sem skilyrði fyrir kosningarrètti og kjörgengi. Eg ætla því að áskilja mèr breytingaratkvæði í þá átt, að kjörgengi og kosningarrèttur máske sèr í lagi til efri málstofunnar verði bundið vissum skilyrðum.

Þingmaður Skaptfellinga hefir komið með ýmisleg mótmæli gegn nefnd þeirri, sem frumvarpið ætlast til að sett verði til þess ásamt landstjórninni, að undirbúa þingmálin undir meðferð þingsins m. m., en eg held, að þingmaðurinn hafi lagt hèr söðul sinn á annan hest en þann er hann hingað til hefir riðið, þar sem hann ávallt að undanförnu hefir gjört sèr allt far um, að fá nefndir settar, svo sem jarðamatsnefndina, og hjúalaganefndina, til að fara með mál þau, sem fyrir þingið hafa átt að koma, og þrátt fyrir það, að slíkar nefndir hafa kostað ærið fè; en nú vill hann ekki hafa þessa stjórnarnefnd, sem að þó ekki, svo sèð verði af frumvarpinu, á að vera samfara neinum kostnaði fyrir landsjóðinn; en eg fyrir mitt leyti, get ekki sèð neitt á móti því, að slík nefnd verði skipuð, heldur verð þvert á móti að álíta það atriði frumvarpsins vel hugsað, þó eg að öðru leyti ekki hafi neitt sèrlegt traust á nefndum yfir höfuð. Eg áskil mèr að endingu að reyna til að sameina mig við hinn háttvirta 2. konungkjörna þingmann um breytingaratkvæði hans nefnilega um að fjölga hinum konung-

kjörnu til þess að fá 2 málstofur, en þannig að þeir skulu hafa sjálfviljuglega setu á þingi.

Forseti: Vill þingmaðurinn ekki gjöra nákvæmari grein fyrir breytingaratkvæði sínu.

Pètur Guðjónsson: Það get eg gjört, og vil eg þá binda kosningarrèttinn við ákvarðanirnar í tilskipun 8. marz 1843, en hvað kjörgengi viðvíkur, er það meining mín, að þeir, sem kosnir verða meðal annars, ekki sèu yngri en 40 ára.

Sveinn Skúlason: Aðalbreyting nefndarinnar á þessum kafla frumvarpsins er, að hún hefir tvídeilt þinginu og fjölgað þingmönnunum. Þetta seinna álít eg að sè nauðsynlegt, því það eru öll líkindi til þess, að þegar þingið er orðið löggefandi, þá þurfi meiri krapta inn í það en meðan það var ráðgefandi; þá munu bæði fleiri og margbreyttari mál koma fyrir til umræðu, og mun ekki veita af, þó afkasta meiri kraptar bætist þinginu. Eg hef það traust til þjóðarinnar, að hún muni kjósa þá sem menntaðastir og hæfastir eru til þessa starfa, og sem því geta afkastað meiru, en menn almennt geta búizt við, að menn af bændastèttinni geta. En eg get ekki betur sèð, en að það sè hreint af handahófi, hvernig nefndin hefir skipt þingmannatölunni niður á kjördæmin; þannig eru 2 fulltrúar fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu og 2 úr Þingeyjarsýslu, sem eru með fólksríkustu kjördæmum landsins, og 2 úr Mýra- og Hnappadalssýslu, en þar ættu eptir fólkstölunni að vera helmingi færri þingmenn hèr um bil; þetta nær engri átt. Það hefir mikið verið talað um 2 málstofur, og er eg þar með konungsfulltrúa og stjórninni, að eg álít það eigi ekki við hèr. Það er skrítið, að hinn háttvirti þingmaður Árnesinga skuli geta sagt, að það sè eigi nema ein málstofa, já svo eg hafi hans eigin orð þá finnst mèr það enda «*virkilega merkilegt*». Þetta verða þó eptir uppástungum nefndarinnar tvær málstofur eins og í Danmörku. Mèr finnst það rètt, að reyna svo mikið sem verður að halda kröptunum saman, og dreifa þeim eigi. Menn hafa sagt, að hèr væri eigi horfandi í kostnaðinn, kostnaðurinn mundi meira en verða borgaður með verknaðarlegum dugnaði; en sá hagnaðnr mundi vinna upp gæðin sín, því við því má búast, að misklíðir kæmi upp milli deildanna og sá misklíður mundi valda jafnmiklum tafningum á þinginu og svaraði því, er tvær deildirnar ræddu sitt málið hvor. Hitt atriðið er nefndin hefir stungið upp á, að konungskosningarnar alls eigi væri bundnar við viss embætti, og þó einna

helzt breytingaratkvæði hins háttvirta þingmanns Vestmanneyinga felli eg mig vel við. Eg get vel ímyndað mèr, að hinir háu embættismenn, sem ættu að vera sjálfkjörnir á þing, væri svo miklir vísindavinir, að þeir eigi gæti fengið tóm, eða gefið sèr geð til að hugsa um þingmál, og yrðu þannig mjög bágir »politici«; því það sjá þó allir, að eigi fer það jafnan saman, að sami maðurinn sè góður vísindamaður og þingmaður. Eg vil t. a. m. taka til um landlæknir; það er eigi sagt vèr allt af höfum annan eins og þann sem nú er, og eg get vel hugsað mèr, að maður í þeirri stöðu væri svo sokkinn niður í vísindi, að hann dyggði ekki til þingmennsku. Mèr finnst því bezt að gefa konungi öldungis frjálsar hendur um kosningarnar.

Ólafur Sigurðsson: Eg held, að það eigi ekki illa við, að vèr, sem bera eigum hinn aukna alþingiskostnað, sem leiðir af þingmannafjölguninni eptir uppástungum nefndarinnar, og erum líka kosnir af þeim, sem einnig eiga að bera þenna kostnað, segjum álit vort um málið. Eg segi þá fyrir mig, að eg er öldungis samdóma hinum hæstvirta konungsfulltrúa í því, að oss sè hyggilegast að fara varlega í það að leggja þungar byrðir á landsmenn; en aptur virðist mèr, að vèr megum eigi horfa svo mjög í skildinginn, þegar um þjóðarþing vort er að ræða, að það eigi strax verði svo úr garði gjört, að bæði stjórn og þjóð geti borið fullkomið traust til þess. Eg get heldur eigi skilið, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi geti af stjórnarinnar hendi haft neitt á móti því, að vèr leggjum á oss nokkurn kostnaðarauka, sem eg held verði töluvert minni en hann gjörði ráð fyrir, þegar á allt er litið, og þess vegna verð eg að vera með nefndinni. Eg vil áskilja mèr lítið breytingaratkvæði við 23. grein stjórnarfrumvarpsins að í stað orðanna »þar að auki getur enginn« verði sett: »þó getur enginn«, mèr finnst það einhvern veginn svara betur til meiningarinnar sem á eptir kemur í greininni.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil með fám orðum bera saman 22. og 23. grein stjórnarfrumvarpsins og nefndarinnar, og bera upp við þær breytingaratkvæði. Hvað tölu þingmanna snertir, þá álít eg gott, að hún verði aukin, en engin ástæða er þar fyrir til þess að hafa tvær málstofur. Eg get eigi verið á máli þeirra manna, er kvarta um tortryggni alþýðu við embættismenn; hitt er hægt að sýna, að þjóðin sýnir enga tortryggni við embættismenn

í kosningum sínum; það má sjá á þinginu sem nú er; af 21. þjóðkjörnum eru 10 menn, sem hafa verið til mennta settir, og 7 af þeim eru embættismenn, og það eru öll líkindi til að halda, að þjóðin muni fara eins vel hèr eptir með kosningar sínar, þótt tala þingmanna verði aukin, eins og hún hefir gjört hingað til. Hèr þarf því alls eigi að óttast neinn bændaflokk eður bændavini sem í Danmörku. Það hefir lengi verið vilji manna, að fá sýslumenn inn á þing, en það hefir verið mörgum vandkvæðum bundið hingað til. Eptir síðari málsgrein 36. greinar frumvarpsins, er nú um það rýmkað. Embættismenn þurfa nú eigi lengur að sækja um leyfi til að taka á móti kosningu, og það væri sannarlega ávinningur að fá suma sýslumenn á alþing. Því hefir eigi verið hægt að koma við hingað til, meðan sýslumenn hafa verið æðstir í kjörstjórninni og þurft að sækja um leyfi, og auk þess hefir eigi verið kosinn nema einn þingmaður úr hverri þinghá. En er tveir verða kosnir í sumum kjördæmum, þá er hvöt til að kjósa sýslumann fyrir annan þingmann. Þriðja ástæðan fyrir fjölguninni á þingmönnum getur verið sú, þótt eg eigi viti, hvort nefndinni hefir hugkvæmzt hún, að meðan þjóðlegt frelsi og þjóðleg stjórn var hèr á landi, og dómaskipun frjálsleg, þá skyldi hvorki fleiri nè færri dæma öll stórmál en þrennar tylftir manna (*Jón Guðmundsson:* Það bar í tal í nefndinni). Það væri að minnsta kosti heppilegt að nú lifnaði upp aptur sama hugsun og lifði á þjóðstjórnar öldum Íslands.

Þegar eg gái að 22. grein stjórnarfrumvarpsins, þá get eg eigi tekið það sem alvöru, sem hinn háttvirti þingmaður Norður-Þingeyinga sagði, er hann taldi það líklegt og mögulegt, að embættisdugnaður og þingmennska farist á mis. Mèr finnst til þessa engin líkindi. Maður má eigi styðja mál sitt á mögulegleikum eða undantekningum einum, þá kemur maður eigi til neinnar sannrar niðurstöðu. Þar sem eigi er byggt á öðru, en möguleika og undantekningum í einu máli, þar hefir maður annaðhvort eigi fundið merg málsins, eða málið er í sjálfu sèr einskisvert og ónýtt. Þeir hinir æðstu embættismenn landsins, munu að öllum jafnaði vera með þeim beztu, sem kongur getur kosið; en hitt að telja upp þessi embætti sem nú eru æðst, það er eigi svo heppilegt. Vèr getum auðveldlega hugsað oss, að amtmönnum verði fækkað, eða embætti þeirra lögð niður með tímanum, einnig að breytt verði stöðu þeirri, er landfógetinn nú hefir, og tel eg það enda sjálf-

sagt. Auðsætt er, að eg hefi eigi á móti, að landfógeti sá, er nú er, verði þingmaður; en hitt segi eg, að landfógeta-embættið mun að öllum líkindum breytast svo, að engin ástæða verði til að áskilja honum öðrum fremur setu á þinginu, því það, að hann telur öðrum út peninga gefur enga vissu fyrir, að hann sè vel inn í fjármálum landsins. Það er því sennilegt, að helmingurinn af hinum konungkjörnu í frumvarpinu, muni með tímanum missa þýðingu sína. Ef fyrri partur af 22. gr. nefndarinnar verður samþykktur, þá veitir hann stjórninni allt það, sem hún getur óskað viðvíkjandi konungs kosningunum. Eg get ekki fellt mig við breytingaratkvæði hins háttvirta þingmanns Vestmanna-eyinga, sem vill fella «embættis» framan af «embættismönnum». Það er auðvitað, að konungur mun kjósa embættismenn fremur en embættislausa, og í því, að fella þetta «embættis» úr, getur litið út, að liggi annaðhvort vantraust á embættismönnum, eður þá bending um, að það eigi skuli vera embættismenn einir er konungur ætti að kjósa. Hvernig svo sem maður tekur þessa breyting, þá finnnst mèr hún harla óviðkunnanleg. Mèr lízt mjög vel á ráðaneyti það, er hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram, að stofnað mundi verða við hönd landstjórnarinnar, og sem talað er um í ástæðunum fyrir frumvarpinu á 26. bls. Eg veit nú, að sumir menn munu hafa það á móti ráðaneyti þessu, að þesshättar ráð sèu höfð í sumum nýlendum Englendinga. Eg veit glöggt að svo er; en hèr held eg eigi við forna máltækið: «Hafa skal heil ráð, hvaðan sem þau koma». Mèr stendur öldungis á sama, hvort eg fæ góðu ráðin úr nýlendulögum Englendinga eða úr grundvallarlögum einhvers ríkis. Vèr mættum vera ánægðir, ef vèr fengjum alla kostina úr hinum beztu nýlenduskrám Englendinga, því margt í þeim lýsir stjórnvizku Englendinga. Eg tek það eitt til dæmis, að landstjórinn hefir vald til að gefa öll lög út í bráð. Það ætla eg væri stundum líka mjög hentugt hèr vegna fjarlægðar og samgöngufæðar. En aptur á móti er einn stóreflisannmarki á nýlenduskipun Englendinga, og sem vèr aldrei mundum ganga að (*Benidikt Sveinsson*: Hver er sá?). Hann er sá, að allar stjórnarskrár þeirra nýlenda, sem kalla má þingsnýlendur, eru ræddar og ráðnar á þingum heima á Englandi; en konungur setur sjálfur stjórnarlögin í þeim nýlendum, sem kallaðar eru konungs-nýlendur (Crown Colonies), en þær eru nú orðnar miklu færri og flestar ómerkari en hinar.

Jón Pèturssson: Eg felli mig að nokkru leyti betur við nefndarfrumvarpið, en stjórnarfrumvarpið viðvíkjandi konungskosningunum, og skal eg taka það fram, sem sagt hefir verið af þingmanni Vestmanneyja, að slíkt fyrirkomulag sem er í stjórnarfrumvarpinu getur staðið því í vegi, ef menn á síðar skyldu vilja breyta amtmanna-embættunum eður landfógeta-embættinu, því úr því þessi embætti væru tekin upp í grundvallarlög vor, þá þyrfti grundvallarlagabreytingu til þess, að fá þeim breytt eður fá þau upphafin, en að geta breytt nokkru í grundvallarlögum á að vera langtum örðugra en breyta öðrum lögum. Auk þessa er það ljóst, að amtmanna- og landfógeta-embættin heyra til stjórnarframkvæmdinni (Statsforvaltningen), en það er með öllu óeðlilegt, að láta stjórnarfyrirkomulagið (Statsforfatningen) byggjast í nokkru á stjórnarframkvæmdinni (Statsforvaltningen). Eg get eigi með öllu fellt mig samt við breytingaratkvæði hins háttvirta þingmanns Vestmanneyinga, þótt sumum kunni að þykja það frjálslegt, þar sem hann vill hafa *6 menn* konungkjörna; eg veit, að hann muni vilja, að þeir sèu samt íslenskir eður búsettir hèr á landi, þó það eigi liggi í orðum hans, en þrátt fyrir það kann eg betur við nefndina, sem vill, að það skuli vera 6 embættismenn, en eg sè enga nauðsyn á, svoleiðis sem hún vill, að nokkuð sè fyrirskipað um það, hvaðan þeir skuli vera af landinu, heldur virðist mèr nægja, að tiltekið sè að eins, að þeir skuli vera embættismenn landsins, eins og ákveðið er í alþingistilskipuninni.

Pètur Guðjónsson: Eg vil að eins gjöra þá athugasemd, að breytingaratkvæði það, sem eg áðan áskildi mèr er að skoða sem vara og viðauka-atkvæði, ef uppástunga meiri hluta nefndarinnar um 2 málstofur fær atkvæðafjölda á þinginu.

Framsögumaður: Tveir af mínum heiðruðu meðnefndarmönnum hafa tekið fram, hvað þessar tvær deildir í sama þingi hefði að segja, og get eg því leitt hjá mèr að fara fleiri orðum um það. Út af því sem hinn heiðraði vinur minn, þingmaður Borgfirðinga sagði, að undir mögulegleikum væri ekkert komið, þá vil eg taka það fram, að slíkt er háskalegur misskilningur, því allt veltur einmitt *fyrst og fremst á mögulegleikunum* í sjálfu sèr, og *því næst* á því, *hvort* og *að hve miklu leyti* menn vilji eður hafi færi á að framkvæma þenna mögulegleika.

Þegar menn bera saman 8., 21. og 33. grein stjórnarfrumvarpsins í sambandi við ástæðurnar fyrir þeim, þá játa eg, að

frumvarpið er fullkomlega sjálfu sèr samkvæmt; en það er mèr að minnsta kosti ekki full-ljóst, að þær innibindi í sèr þjóðstjórn eður *löggjafarþing*. Eg verð að láta þá meiningu mína í ljósi, að þetta sè *ekki* tilfellið. Eg efast ekki um, að það sè *meiningin* að gefa alþingi fullkomið löggjafarvald, en nefndinni þóttu ákvarðanirnar í greinum þessum ekki nógu ljósar, og því stakk hún upp á þessum breytingum, sem hún hefir gjört, því það má þó í slíkum efnum standa með ljósum ákvörðunum í lögunum, sem er þeirra meining. Eg þekki ekki það *löggjafarþing* í orðsins sönnu þýðingu, en það, einmitt það, er *lífæð* fristjórnarinnar, að ekki sè því skipt í 2 málstofur, enda er þetta einmitt «Garantien», tryggingin fyrir, að þingið sè á stjórnkænan og réttan hátt skipað. Eg játa, að eg er ekki kunnugur út um öll lönd, sem »Constitution» hafa, en í öllum þeim löndum í Europu, sem fristjórn hafa, og eg þekki, enda eru þau eigi allfá, er þinginu skipt í 2 málstofur eða 2 þingdeildir, og svo er og einmitt í Danmörku sjálfri. Eg bið því hina háttvirtu þingmenn, sem kasta þungum steini á nefndina, að skýra fyrir mèr, hvernig ábyrgðinni gegn löggjafarþinginu verður varið, ef ekki er nema ein málstofa, því eg verð að játa, að mèr er ekki mögulegt að hugsa mèr alþing sem löggjafarþing án þess þingdeildir sèu tvær. Geti menn sannfært mig um annað, skal eg vera manna fúsastur að slaka til um þetta aðalatriði; en hafi eg rètt að mæla, þá er breyting þessi óumflýjanleg. En geti nú þingmenn og sèr í lagi *þingmaður Borgfirðinga* ekki sannað *mögulegleikann* á því, að sameina þjóðstjórn við eina málstofu, þá er það sannarlega merkilegt, að nokkur maður skuli leyfa sèr að segja, að það sè ómögulegt að hafa hèr á landi 2 þingdeildir, því það er sama sem að segja, að það sè ómögulegt, sem er aðalskilyrði fyrir frelsi Íslands, og þannig sama sem að segja, að þjóðfrelsið hèr á landi sè ómögulegt, eg segi «merkilegt», af því hinn háttvirti þingmaður Norður-Þingeyinga sagði áðan, að eg brúkaði það orð svo opt, því hèr á það við hann og sessunaut hans þingmann Borgfirðinga. En gætum nú betur að því, hvað þessar og aðrar eins viðbárur eigi við að styðjast. Eg leyfi mèr því að taka það fyrst fram, að það stendur í *grundvallarlögum þings þessa*, að hið endurreista alþingi skuli líkjast alþingi hinu forna sem mest megi verða; þetta var vilji vors ógleymanlega hásæla konungs, Kristjáns hins 8. En hvernig var nú hið forna alþingi skipað. Það var einmitt í tveim þingdeildum, «lögbergi og lögrèttu»; það þekkir þó þingmaður

Borgfirðinga, svo fróður er hann víst; hlutfall þetta var bæði fagurt og gott. Hið «Conservative» efni í lögréttu gjörði, að lögberg gat ekki gjört neitt tjón. Skyldi það þá vera ómögulegt, að lögberg og lögrétta kæmist aptur á hèr á landi? Það skyldi þá vera af því, að menn mættu ekki heyra þessi nöfn, eða að fè vantaði til þess. Það hefir verið vel tekið fram af hinum heiðraða þingmanni Suður-Þingeyinga og þingmanni Skagfirðinga líka, að um fjárskort mætti ekki tala, þegar að um trygging löggjafarþings vors væri að ræða; þetta er öldungis satt, því þingið auðgar þjóðina, en þjóðin ekki þingið; þá beztu og mestu fjárvöxtu sem fengizt geta, fá menn frá góðu þingi; það borgar kostnað sinn þúsundfalt. Eg fyrir mitt leyti álít því, að nefndin hafi verið neydd til að stinga upp á tveim þingdeildum, af því hún vildi sannarlegt þjóðfrelsi, og að hún hafi eigi farið fram á neitt, sem eigi er hægt að framkvæma. En hitt játa eg, að eg er í nokkrum efa um það, hvort trygging sú, sem nefndin hefir heimtað, eigi hefði mátt eða getað verið ríkari; eg efast um, hvort nefndinni hefir tekizt að búa um þessa trygging svo vel sem unnt var, en það er þá komið af því sama, sem fram er tekið í ástæðunum fyrir frumvarpi stjórnarinnar, að mjög er örðugt að koma tryggingu þessari fyrir hèr á landi. Það hafa margir tekið það fram, að ef neðri þingdeildin kysi þessa 6 menn í efri deildina, þá hefði hún aldrei nægilegt sjálfsforræði móti neðri deildinni. En nú á þingið að ráða úr þessum örðugleika, og er þá tími til þess. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir bent á, að þetta sè íhugunarvert, og eg vona, að hinir háttvirtu þingmenn sameini krapta sína til þess, ef þörf þykir. Eg vil því áskilja mèr breytingaratkvæði í þá átt, að þingið kjósi ekki þessa 6 menn í efri deildina, heldur þjóðin sjálf; því það er ljóst, að ef þingið kýs þá, að þá hefir það allt af í höndum sèr að kjósa þá menn, er «harmonera» með neðri deildinni. Væri þar á móti við hafðar tvöfaldar kosningar, yrðu hinir þjóðkjörnu þingmenn í efri deildinni að líkindum hinir varkárustu eins og hinir 6 konungkjörnu. Það væri bezt að gæta jafnrèttis og sameina varúð stjórnarinnar og varúð þjóðarinnar; í þessa stefnu fer breytingaratkvæði mitt, ef eg annars finn við nákvæmari umhugsun ástæðu til að halda því fram. Hvað hin önnur atriði málsins snertir, þá fæ eg ekki betur sèð en að rètt sè ekki að binda konungskosningarnar við viss embætti; því þó þeir herrar, sem í þessum embættum sitja, að líkindum ætíð muni geta

gjört mikið gagn sem þingmenn, þá er þó ekki nauðsynlegt að binda sig við það, því stjórnin getur æfinlega valið þá, ef hún vill, og henni þykja þeir nýtastir af embættismönnum landsins; en ef henni nú þykja aðrir embættismenn landsins þeim fremri, ætti hún þá að vera bundin við að kjósa þá? Eg er á hinn bóginn fús á, að konungskosningar sèu ekki bundnar við fjórðunga, því eins og hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður tók fram, er það nokkurs konar band á konungi, og vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði um þetta. Þó auðvitað sè, að með *embættismenn* eða *menn* í 22. grein er meint íslenzkir embættismenn, þá kann eg eigi síður við, eins og hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður stakk upp á, að bætt verði inn í á eptir: *landsins*. Eg skal á þessu stigi málsins að öðru leyti einungis taka það fram, að atriði þessi standa í föstu sambandi við uppástungur nefndarinnar um 7.—10. gr., 21. gr. og svo við 33. grein, sem ekki liggur fyrir til umræðu nú. Ef að þingið fellst á 2 þingdeildir, þá er hægt að breyta 33. grein eptir því, og menn hafa þá fyrir sèr ljósar reglur í grundvallarlögum Dana til að sníða þær eptir; eg efast um, að menn geti fundið betri reglur en þær, án þess að víkja frá grundvelli þessara góðu og frjálslegu stjórnarlaga samþegna vorra í Danmörku.

Jón Hjaltalín: Það er með óvilja, að eg stend upp núna, því eg get hvorki sagt þinginu nè framsögumanni neitt þægilegt; en af því eg er æfinlega vanur að tala eptir sannfæringu minni í hverju máli sem er, ætla eg einnig að gjöra það nú. Eg held það sè nauðsynlegt, að allir sem á þingi sitja segi hreint og beint út meiningu sína, án þess að hafa nokkuð bak við eyrað; en það heyrist mèr nú ekki vera trútt um. Framsögumaður sagði, að þingið ætti að líkjast sem mest alþingi hinu forna. En eg vil spyrja: Hverjir sátu hèr fyrst á alþingi, og voru öldungis óaðskiljanlegir frá því? Einmitt helztu embættismennirnir, og þeir sátu þar ekki einungis, því, ef framsögumaður ekki veit það, þá skal eg segja honum, að þeir dæmdu þar dóma, sem nú mundu þykja harðir, en þá þóttu stjórnsamir. Jón Arason, sem að mörgu er álitinn hinn merkasti maður, dæmdi 1535 þann dóm með Jóni Erlendssyni í Selvogi, sem nú mundi þykja óhæfa, það er að segja, að enginn mætti setja sig niður við sjó, ef ekki ætti hann 3 kúgildi. Hvað skyldu þessir piltar hafa sagt um kosningarrèttinn til alþingis? Það er svo sem auðheyrt, hvaða andi er í þinginu, þeg-

ar verið er að tala um embættismennina, og það er mjög slæmt, ef þeir embættismenn, sem hèr sitja eru svo á sig komnir, að þeir þori ekki að segja meiningu sína. Það getur verið, að þessi spenningur og tortryggni móti embættismönnunum sè til heilla; eg held nú, að hún sè til bölvunar, og það held eg að saga hinna seinni tíma sýni berlega. Eg veit ekki á hverju þetta er byggt hjá framsögumanni. Þingmanni Vestur-Skaptfellinga hafa áður þótt nefndir vera nógu góðar, að minnsta kosti hèlt hann ekki mikið á móti þeim 1850, þegar hann vildi hafa þriggja eða fimm manna nefnd í hverri sýslu, en nú má konungur ekki hafa eina. Er nú ekki þetta að ofbjóða konungi sínum? Svo mikið er víst, að ekki þyrfti að bjóða öllum konungum slíkt; og það þyrfti ekki í öllum fristjórnarríkjum að bjóða embættismönnum það, sem þeim hefir verið boðið hèr núna seinustu 20 árin. Þó hinn heiðraði varaþingmaður Barðstrendinga kunni að hneykslast á því, verð eg þó að segja honum, að embættismenn í Ameríku mundu ekki hafa þolað slíkt; eg skal ekki ómaka hann með að ferðast þangað með mèr, eg hef hèr nýútkomna bók, sem hann getur sèð það í, að ekki dugar að bjóða þeim annað eins. Eg vil nú, að menn hætti þessu; eg vil ekki að framsögumaður sè að segja, að hann vilji hafa þingið sem líkast alþingi hinu forna, því hann ætlar sèr víst að hafa það sem ólíkast því; að minnsta kosti verður það mjög ólíkt eptir uppástungum nefndarinnar, það fær hann ekki hrakið. Menn ættu því hèr í salnum að hætta að segja, að það eigi að gjöra, sem þeir ætla ekki að gjöra. Mèr finnast tvær málstofur vera óhafandi fyrir oss Íslendinga, því þær hafa fjarska kostnað í för með sèr, en enga trygging nema á pappírnum.

Forseti: Þar sem hinn 2. konungkjörni þingmaður talaði um *spenning* og *tortryggni* gegn embættismönnunum, þá á það mjög illa við hèr, og er með öllu ástæðulaust, því það hefir engum komið til hugar að tala eitt orð í þá stefnu. Það er þingmaðurinn sjálfur, ef nokkur er, sem með þessum umræðum sínum hefir reynt að æsa menn móti embættismönnunum. Eg verð að taka það skýrt fram, að það er bæði gagnstætt öllum þingreglum, og þar hjá ótilhlýðilegt í sjálfu sèr, að ásaka aðra menn fyrir hlutdrægni og tortryggni við einstaka menn eða stèttir, þó þeir taki fram almennar ástæður og byggi á þeim uppástungur, sem öðrum ekki geðjast.

Framsögumaður: Út af því, að hinn 2. konungkjörni þing-

maður viðhafði þetta orð að »ætla», vil eg einungis gjöra þá athugasemd, að mèr virðist samkomulagið milli hans og þingmanna nú í þessari einu málstofu ekki vera betra en svo, að honum væri eins gott að eiga von á að vera í hinni efri þingdeild, sem nefndin hefir stungið upp á.

Torfi Einarsson: Eg ætla að tala nokkur orð út af ræðu hins háttvirta 2. konungkjörna þingmanns í gærkvöld, þar sem hann var að tala um embættismenn og grasbýlismenn (*Jón Hjaltalín*: Eg sagði það orð aldrei) jú það er líka í frumvarpi stjórnarinnar. Eg get eigi sèð, að bændur þurfi að útilokast svo mjög, sem hann vildi, frá þingsetu. Mèr er reyndar sama fyrir mitt leyti; eg þarf ekki að vera á þingi, og það er ekki stór skaði, þótt mín missi við af þingi; en þegar alþing kemur saman sem löggjafarþing seinna, þá á það að hafa fullt og frjálst löggjafaratkvæði um öll skattamál. Hann tók Björn í Mörk til dæmis upp á það, að gott væri að vera sem vitrastur; satt er það reyndar og rètt, Björn var vitur, en þó varð hann að standa á baki Kára, þegar þeir áttu að berjast. Mèr sýnist nú eðlilegt, að þegar öll gjöld og skattar liggja á bændum og grasbýlismönnum, þá ættu þeir þó að minnsta kosti að vera með í því að ákveða sjálfir, hvernig þeir vilji binda baggann á sig, eða hvernig þeir vilja haga skatta-álögunni á sig, meðan embættismennirnir bera lítið sem ekkert með þeim. Viðvíkjandi tölu þingmanna, þá vil eg geta þess, að það er ekkert nýtt, þó því sè farið á fiot, að þeim sè fjölgað. Það er öllum kunnugt, að nefndin á þjóðfundinum 1851 stakk upp á 36 þingmönnum og síðan hafa komið til þingsins frá þjóðinni og þinginu til konungs margar bænarskrár, sem hafa beðið um að fá fyrirhugaða stjórnarbót, er yrði byggð á uppástungum nefndar þeirrar, en aldrei hefir verið beðið um að fækka þingmannatölunni. Nefndarálitið á þjóðfundinum 1851 var mjög líkt því, sem nú liggur fyrir í þessu viðvíkjandi fjölgun þingmanna. Eg játa það reyndar, að þegar um kostnað er að ræða, þá eigi maður að vera varkár og hugsa sig vel um, en menn mega ekki heldur vera allt of fastir við venjuna, og í mikilsvarðandi málum megum vèr eigi allt of mikið sjá í kostnaðinn. Það er ljóslega tekið fram, þegar alþingistilskipunin var samin, að konungur áskildi sèr að kjósa 6 menn til þess að þingið aldrei vantaði upplýsta menn, og menn unnu þá í einum anda svo. Enginn ágreiningur varð út af þessu til 1851; þá var sumum vikið úr völdum fyrir það, að þeir hèldu

fram þeim grundvelli, sem þetta stjórnarfrumvarp er byggt á, sem nú liggur fyrir, en nú er allmikil breyting á þessu orðin. Hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður hamaðist undir merkjum konungsins áðan, en Egill Skallagrímsson óð fram í jötunmóði undir merkjum Englakonungs, en á þeim er þó mikill munur. Egill var illur í skapi og brýr hans færðust ekki fyrr í lag, en hann hafði þegið af konungi gullhring og tvær kistur fullar með silfurpeningum; en hinn 2. konungkjörni þingmaður hamast fyrir alls ekki neitt. Hann vildi sem sè, að konungkjörnir embættismenn sætu á þingi án þess að fá nokkra borgun fyrir þingsetu sína. Eg skildi reyndar ekki í hvaða tilgangi hann vildi fjölga hinum lærðu þingmönnum, líklega hefir það þó verið til þess, að bola bændur frá þingsetu sem mest yrði. Viðvíkjandi því, sem hann sagði um hið forna alþing, þá var það reyndar satt, að goðarnir voru sjálfkjörnir og áttu því sjálfsagðan þingseturètt, en hver goði tók með sèr tvo aðra, sem sátu með á þinginu, svo að það var þó af jarðföstum embættisklettum ekki nema þriðjungur á þingi. Að konungur sjálfur kjósi sína þingmenn án nokkurrar takmörkunar viðvíkjandi fjórðungum eða embættum, því er eg að öllu leyti samþykkur; eg vil að hann kjósi hverja embættismenn, sem hann vill; og eg vil engin böndhafa á kosningu þeirra fremur en hinna þjóðkjörnu.

Jón Guðmundsson: Mèr sýnist nú reyndar nóg rætt um 22. greinina, viðvíkjandi hinum sèrstöku æðstu embættismönnum, sem eiga að hafa sjálfsagðan þingseturètt, en þó verð eg að fara um þetta nokkrum orðum: Eg vil spyrja, — ef þetta er eins vel skoðað, eins vel grundvallað eins og konungsfulltrúi, 2. konungkjörni og fleiri halda fram, — og svari þeir mèr! «*Cui bono*»? (þ. e. hverjum er þetta til góðs eða gagns)? Er það fyrir konunginn eða þingið eða landið eða embættin sjálf, og þá menn sem í þau eru settir? Eg veit ekki hverjum af þessum það ætti að vera til góðs eða gagns. Má vera, að það sè fyrir konunginn? — Nei víst ekki fyrir hann; því konungurinn þarf sízt þess leiðis leiðarstein eða mælikvarða; hver góður og vitur konungur — og við öðru er eigi ráð að gjöra, — þekkir sína embættismenn og metur þá ekki, nè þingmanns hæfilegleik þeirra eptir því, hvað embættið heitir, eða hvað embættislaunin eru há, eða öðru því líku. Má ske það sè til góðs fyrir þjóðina. — Nei, það er svo langt frá, að það bíði svörum, því að ef þjóðin vill, að konungskosning haldist, þá vill hún og, að konungur kjósi hvern, sem hann sèr bezt henta og

metur bezt þingmannsefni eptir speki sinni; þjóðin mundi og sízt ganga á snið við góð þingmanna-efni fyrir það, þó að þeir sæti í æðri embættum, ef þeir sjálfir vildi láta kjósa sig. Skyldu menn þá hafa hugsað sèr að haga þessu hèr eins og á Englandi, þar sem greifarnir hafa sjálfsagt sæti í yfirhúsinu, og svo skyldi vera með æðstu embættismennina hèr? En þó að aldrei væri nema eins líku, eins og hèr er ólíku saman að jafna, þar sem eru hinir æðstu embættismenn hèr og greifadæmin á Bretlandi, þá kæmi það illa heim, við það sem er á Englandi, er frumvarpið og konungsfulltrúi ætlast til, að þessir vorir íslenzku lávarðar sitji í neðri og einustu málstofunni, innan um alla grasnytjarmennina, sem að minnsta kosti hinn virðulegi 2. konungkjörni hefir eigi sèrlegar mætur á, enda er það víst ekki tilgangurinn, og betur kemur það heim eptir uppástungum nefndarinnar, er ætlar þeim sæti í efri þingdeildinni. Stjórnarfrumvarpinu einu, sem veldur þessum uppástungum, og svo þeim er halda því fram, verður að kenna um alla þá stælu, sem hèr út af rís, og alla «tortryggni», sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi vakti enn máls á af nýju, ef hún væri annað en hugarburður, en alls ekki nefndinni eða þeim sem henni fylgja. Undarlegt er það líka og næsta óskiljanlegt, að sama hugsun eða þá næsta náskyld skuli koma hèr fram í þessu frumvarpi stjórnarinnar, sem í frumvarpi hennar til þjóðfundarins 1851; þá áttu allir æðri embættismenn að hafa laun sín úr ríkissjóði, en hinir lægri eður óæðri embættismenn úr landsjóði; eins er það nú að sínu leyti hèr í frumvarpinu, hinir sjö eða 8 æðstu embættismenn landsins, eiga að tilheyra konunginum einum, landstjórunum, — vera hennar ráðaneyti til halds og trausts, milli þinga, og konungsins útvöldu, eða þó heldur stjórnarinnar á þinginu, hvort sem þeir vilja eður ekki, og hvort sem er nokkurt lið í þeim til þess eður ekki; það er skrítið, að í sömu andránni og menn látast vilja, að sem duglegastir menn komist inn á þing, að menn þá eru hræddir um, að þeir menn, sem eru í hinum æðstu embættum, ekki muni komast inn á þing, nema því að eins, að konungur sè lögbundinn við að hafa þá þar af sinni hendi, hvort sem honum og stjórn hans, er það einhverju sinni ógeðfellt eður ekki, og hvort sem nokkurt lið er í þeim eður ekki; þetta er hvað á móti öðru; það er sama, sem að útiloka allt «Popularitet» eða allar alþýðlegar mætur frá hinum æðstu embættismönnum, sem þeir þó aldrei mega án vera. Hèr er því haldið

fram að hafa hið gamla og mikla djúp, staðfest og staðfast sem hefir verið milli stjórnarinnar og hennar æðstu embættismanna öðrumegin, og þjóðarinnar og hinna þjóðkjörnu manna hinu megin, og þessu djúpi lítur út fyrir, að stjórnin og þeir sem henni fylgja í þessu, vilji halda, og þar með hinum gömlu grunsemdum og «tortryggni», að því leyti hún hefir átt sèr stað, í stað þess, að reyna að miðla málum með eðlilegum og alþjóðlegum ákvörðunum, að sameina hvoratveggju svo, að hvorir hafi ómeingaðar mætur á öðrum og ómeingaða tiltrú hvorir til annara. Úr því að verið er að «Citera» svo mjög til Englands, þá skulum við skoða, hvernig þessu er varið í Englandi. Englendingar segja, að þrjú sèu meginöfl þar í landi: konungurinn, þjóðþingið eður «*house of Commons*» og almennings álitið, eða sem þeir kalla: «public opinion» (*Sveinn Skúlason*: Þjóðólfur). Já, hvað sem þau dagblöðin svo heita, sem halda skildi fyrir almenningsálitinu, vernda það og leiðbeina því — (*Jón Hjaltalín*: Þingmaðurinn veit ekki, hvað «public opinion» þýðir). Jú, það eru «blöðin» eins og eg nú sagði. Það er aldrei sá ráðjafi konungs á Englandi, að hann eigi vilji láta þjóðina kjósa sig til þingmanns, og eiga svo þar með sæti og atkvæðisrètt í neðri málstofunni; þar er svo mikils metið almenningsálit, að það þykir þar óhæfa, að taka sæti á þingi án kosningar og atkvæðisrèttar (*Arnljótur Ólafsson*: Þeir mega til), já, en ekki af því, að það sè lagaskylda, heldur knýr þá þetta meginafl almenningsálitið. Svona er orðið í flestum öðrum löndum þar sem lögbundið þjoðfrelsi er á komið, þó að ekki sè eins ríkt aðhaldið af almenningsálitinu eins og í Englandi; ráðgjafar kongsins gjöra sèr far um að verða kosnir af þjóðinni, og það hið sama er farið að eiga sèr stað í Danmörku. Hví skyldum vèr þá vilja halda alveg gagnstæðri grundvallarreglu hèr, og fastskorða hana með lögum, nema ef það væri til þess, að halda við hinu gamla djúpi milli stjórnarinnar og þjóðarinnar. Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti annar konungkjörni þingmaður hallaði á framsögumann eða vildi vefengja út af því, sem hann talaði um hið forna alþing Íslendinga, þá vil eg segja hinum háttvirta 2. konungkjörna þingmanni, að eigi lá annað í orðum framsögmanns en þetta, að Kristján konungur hinn 8., er endurreisti og stofnaði hið nýja alþingi vort, ákvað svo frá upphafi, að það ætti að verða «*sem líkast*» hinu forna alþingi; þar með var alls eigi meining konungs, að það skyldi vera sniðið alveg í sama formi

og hafa eitt og sama ætlunarverk sem hið forna alþing; því hèr var nú að ræða um að stofna *ráðgjafarþing* með sama ætlunarverki sem standaþingin i Danmörku, er þá voru nýstofnuð, og byggt á sama grundvelli, nefnilega á kjöri þjóðarinnar á þingmönnum sínum. Þessi verulegi mismunur duldist alls ekki fyrir hinum hásæla konungi, Kristjáni 8., þó að hann kvæði svo á, að hið nýja þing vort skyldi verða sem líkast hinu forna alþingi Íslendinga, — þó að það má ske leynist fyrir hinum 2. konungkjörna, og ef til vill sumum hinna heiðruðu þingmanna. Það var því í alla staði rètt, sem hinn háttvirti framsögumaður sagði viðvíkjandi þessu.

Forseti: Eg hèlt nú reyndar, að umræðunum um 3. kafla gæti verið lokið, en nú hafa tveir þingmenn beðizt hljóðs, og er það undir þingmönnum komið, hvort þeir vilja, að umræðunum sè fram haldið, því ef langar umræður verða, þá verð eg að slíta fundi nú þegar, og kveðja til fundar aptur í kvöld til að ræða út um 3. kaflann.

Pètur Pètursson: Eg vil að eins geta þess, að ef hinn heiðraði þingmaður Vestur-Skaptfellinga hefði lesið ástæðurnar fyrir 22. grein stjórnarfrumvarpsins, þá mundi hann ekki hafa sótt ástæðurnar í hið mikla djúp, sem væri staðfest milli hinna þjóðkjörnu og konungkjörnu þingmanna. Slíka ræðu, sem þessi þingmaður hèlt, ætla eg að lítið muni gagna. Persónulega get eg eins vel fallizt á þetta atriði í nefndarfrumvarpinu, eins og í stjórnarfrumvarpinu, enda hefir engin sèrleg mótbára komið gegn því frá hinum hæstvirta konungsfulltrúa svo eg hafi tekið eptir, og held eg því, að allt of mikið sè fjölyrt um þetta atriði.

Arnljótur Ólafsson: Eg ímynda mèr, að sumir þingmenn hafi misskilið þingmann Vestur-Skaptfellinga, þar sem hann talaði um þingkosningar á Englandi. Englakonungur hefir rètt til, að skapa eður kjósa svo marga lávarða sem honum lýst í efri málstofuna, og mun hinn heiðraði þingmaður vita, að margir hafa verið þannig kjörnir, svo það er eigi satt, að engir konungkjörnir menn sè til á Englandi. Þar sem hann í annan stað gat þess, að ráðgjafarnir á Englandi væru opt þjóðkjörnir, þá ímynda eg mèr, að hann viti, hvernig á því stendur; hann mun vita, að sumir ráðgjafarnir mega til að eiga sæti í neðri málstofunni, svo sem «premierministerinn» (the lord of treasury); hann er neyddur til að vera í neðri málstofunni, því annars getur hann eigi verið ráðgjafi. Í neðri mál-

stofunni eiga engir sæti nema þjóðkjörnir þingmenn, þess vegna hljóta þeir ráðgjafar að vera þjóðkjörnir, er halda eiga svörum uppi af hálfu stjórnarinnar í neðri málstofunni. Þess verða menn vel að gæta, að ráðgjafa-ábyrgðin á Englandi er þingmannleg ábyrgð (parlamentarisk), eður er fólgin einkum í því, að ráðgjafinn verður að hafa meiri hluta atkvæða með sér.

Forseti: Hinn 2. konungkjörni þingmaður hefir beðið sér hljóðs, en eg vona hann vari sig nú við að fara út í sína fyrri sálma.

Jón Hjaltalín: Það var misskilningur hjá hinum heiðraða þingmanni Vestur-Skaptfellinga, það sem hann var að tala um «public opinion»; það er allt annað en «public clamour» (*Björn Þórðarson:* Við skiljum ekki ensku). Eg veit eg má útlista það, sem sagt hefir verið.

Viðvíkjandi þeim ákúrum, er forseti gaf mèr, þá verð eg að segja, að eg hafði engin ótilhlýðileg orð; eg vil ekki annað segja, en sannleikann, og það hefi eg gjört.

Forseti: Það má nú fyrst og fremst segja sannleikann á svo margan hátt; en það á ekki heldur við að gjöra mönnum alveg ástæðulausar gersakir, eða búa til persónulegar ástæður, þar sem enginn hefir gefið tilefni til þess.

Af því nú ekki fleiri taka til máls, er þessari undirbúningsumræðu um þenna kafla lokið, en eg ákveð fund í kvöld kl. 6 til þess að halda áfram undirbúningsumræðunni um hinn 4. kafla.

Fundi slitið.

---

50. fundur. — 2. september.

(Kvöldfundur).

Allir á fundi, nema þingmaður Húnvetninga, er hafði tilkynnt forseta forföll.

Forseti: Það sem nú liggur fyrir til umræðu, er 4. kafli hins konunglega frumvarps til stjórnarskipunarlaga handa Íslandi. En af því, að kafli þessi er að nokkru leyti ræddur áður, þá álít eg, að vel mætti ræða í einu lagi alla kaflana, sem eptir eru af frumvarpinu, og vil eg skjóta því til hins háttvirta framsögumanns, hvort hann hefir nokkuð á móti, að tekið sè í einu til umræðu allt

það sem eptir er af frumvarpinu, og þar með einnig ákvarðanirnar um stundarsakir.

Framsögumaður: Eg álít þetta öldungis rètt.

Forseti: Þá koma til undirbúningsumræðu kaflarnir, sem eptir eru óræddir af frumvarpinu, nefnilega 4.—8. kafli, og þar með ákvarðanirnar um stundarsakir.

Konungsfulltrúi: Við 30. grein frumvarpsins (32. grein meiri hlutans), og yfir höfuð við þær greinar í þessum köflum, sem gjöra ráð fyrir því, að alþingi verði stofnað með tveimur þingdeildum, skal eg skýrskota til þess, sem eg áður hefir tekið fram um tvær þingdeildir. Hinar breytingarnar við 30. grein frumvarpsins eru að eins orðabreytingar, en mèr þykir annar kafli greinarinnar betur orðaður í frumvarpinu en hjá nefndinni, sem beinlínis hefir útlagt á íslenzku 48. grein grundvallarlaga Danmerkur, en ef til vill ekki gætt að því, að ákvörðunin um fasta fjárhagsáætlun ekki finnst í lögum þessum. Á móti vara-uppástungu þeirri, sem meiri hlutinn ef til vill ætlar að gjöra, eptir því sem segir í ástæðum hans við þessa grein, skal eg taka það fram, að stjórnin muni álíta hana óaðgengilega af ástæðum þeim, sem teknar eru fram í ástæðunum til frumvarpsins, bls. 27, og skal að eins bæta því við, að þar sem að eins er ætlazt til við *Normalbudgettet* að ákveða þau gjöld, sem nauðsynleg eru til þess að halda stjórn landsins í viðunanlegu horfi, og sem heimtuð eru í hinum gildandi lögum, en ekki önnur gjöld, eins og segir í ástæðunum bls. 41, «en þó megi hún ekki ná til annara gjalda en þeirra, sem heimild er til í gildandi lögum, eða í reglulegum þörfum hverrar umboðsstjórnargreinar um sig»; og þar sem það á að ákveðast með lögum, það er að segja með samþykki alþingis, og því getur orðið breytt með lögum, þykir mèr það frá þingsins hálfu aðgengilegt. Á móti breytingaruppástungunni við 31. grein frumvarpsins (32. grein meiri hlutans) hefi eg ekki neitt.

Við 33. grein frumvarpsins (35. grein meiri hlutans), skal eg geta þess, að ástæðurnar við frumvarpið eru svo fjölorðar um hana, — eins og meiri hlutinn gjörir vart við, — einmitt vegna þess, að þær lúta til þess að gjöra þingmönnum það ljóst, að þótt tilsvarandi ákvörðun ekki sè í grundvallarlögum Danmerkur, hefir stjórnin ekki getað fundið annað úrræði, til þess að gjöra löggjafarvald þingsins, sem að öðru leyti ekki er öðrum skilmálum bundið, en löggjafarvald ríkisdagsins, — sem hagfelldast fyrir landið,

því þess ber vel að gæta, að þegar hinu löggefandi valdi verður skipt á þann hátt, sem frumvarpið gjörir ráð fyrir, á milli konungsins og alþingis, þá ríður allra mest á því, að finna meðöl, sem geta gjört það að verkum, að vilja konungs og ályktunum alþingis beri saman, ekki að eins í öllum aðalatriðum, heldur einnig í öllum sérstökum atriðum sérhvers lagafrumvarps, ekki að eins að efninu til heldur einnig í orðatiltækjunum; eg hefi nú hugsað lengi og vandlega um það, en eg get fyrir mitt leyti ekki fundið annað eins gott meðal og þetta er; og þegar menn rólega og *praktiskt* skoða þessa ákvörðun, þá er eg viss um það, að ástæður frumvarpsins við þessa grein bæði eru greinilegar í sjálfu sér, og að ákvörðun frumvarpsins ekki leggur neitt ótilheyrilegt hapt á vilja eður frelsi þingsins, — því ef þessari ákvörðun verður sleppt, þá getur svo farið með frumvörp þau, sem þingið aðhyllist, að ef landstjórninni þykja þau óaðgengileg, annaðhvort efnisins eða orðatiltækjanna vegna, þá mun hún mæla á móti þeim hjá konunginum, og þá munu þau að líkindum ekki verða lögleidd. Minni hlutinn játar það, að þessi ákvörðun að nokkru leyti geti orðið réttlát með því sem nú á sér stað, og eg skal bæta því við, að eg, eptir því sem eg hefi séð af breytingaratkvæðum og atkvæðagreiðslu um þau á þessu þingi, er fyllilega sannfærður um, að þessi ákvörðun eða önnur eins, er alveg nauðsynleg. Á móti því að sleppa þessari ákvörðun í sjálfum grundvallarlögunum, og taka hana eða aðra eins góða upp í þingsköpin, hefi eg ekki neitt verulegt, því mér þykir hún eiga vel við í þessari grein.

Við 46. grein frumvarpsins (49. grein meiri hlutans) skal eg skýrskota til þess, sem tekið er fram í ástæðunum bls. 38, og að eins bæta því við, að ef þingið aðhyllist breytingaruppástungurnar við 33. grein frumvarpsins, álít eg það alveg nauðsynlegt að halda þessari grein óbreyttri. Það er ekki minna áríðandi fyrir stjórnina en fyrir þingið, að þingsköpin séu eins og þau eiga að vera, og þar sem þingsköpum eptir frumvarpinu má skipa og breyta með lögum, getur það ekki verið ísjárvert fyrir þingið að ganga að þessari ákvörðun.

Við hinar nýju greinir meiri hlutans, 51. og 52., skal eg geta þess, að eg ekki get séð nauðsynina til þess að skipa landsdóminn fyrr en í lögum þeim, sem lofað er í 8. grein frumvarpsins, hvar einmitt verður að ákveða bæði ábyrgð ráðgjafans og landstjórnarinnar og máta þann, sem beita á í þessu tilliti. Hið fyrsta

skilyrði fyrir því, að nokkur dómur geti verið það sem hann fyrst og fremst á að vera, réttlátur, er það, að hann sé óhlutdrægur; en þegar menn siga að skipa *politiskan* dómstól, er það nauðsynlegt að skipa hann svo, að minnsta kosti helmingur dómendanna ekki séu málspartar sjálfir, en þetta getur skeð með þessu fyrirkomulagi, sem meiri hlutinn hefir stungið upp á í 51. grein, ef nokkrir eða allir yfirdómendur landsins eru þingmenn, og hafa tekið þátt í að hefja sök gegn ráðgjafanum eða landstjórninni. Eg get þess vegna ekki fallizt á uppástungu meiri hlutans, og er viss um það, að stjórnin ekki muni aðhyllast hana, en á hinn bóginn get eg fullvissað þingið um það, að stjórnin muni láta sér vera annt um að efna loforðið í 8. grein frumvarpsins svo frjálslega sem unnt er, og með því að 51. og 52. grein ekki eru til verulegs gagns fyrr en búið er með lögum að ákveða ráðgjafaábyrgðina, og þær á hinn bóginn geta spillt málinu, skal eg fastlega ráða þinginu frá að aðhyllast þær.

Á móti 58. grein hefi eg ekki neitt, en eg skal einungis geta þess, að henni var sleppt vegna þess, að fyrirmynd hennar í grundvallarlögum frá 5. júní 1849 er komin í *Miskredit* í Danmörku, og hefir valdið miklum ágreiningi á milli þjóðkirkjunnar og ríkisdagsins.

Á móti hinni nýju 67. grein hefi eg ekki neitt.

Hið sama er að segja um breytingaruppástungurnar við 67. grein frumvarpsins (75. grein meiri hlutans), þó með þeim breytingum, sem leiða af því, sem eg áður hefi tekið fram um hinar tvær deildir þingsins.

Forseti: Þar sem hinn háttvirti konungsfulltrúi hélt, að breyting sú, er nefndin hefir stungið upp á við 33. gr. frumvarpsins, mundi verða hættuleg vegna atkvæðagreiðslunnar, þegar alþing yrði lögsjafarþing, og leiðir það út af atkvæðagreiðslum þeim, sem nú fara fram eptir þingsköpum þeim sem eru, þá skal eg geta þess, að atkvæðagreiðslan getur orðið, og verður án efa langtum vissari þegar alþing er orðið löggjafarþing; þá verða þingsköpin án efa sett öðruvísi en nú, og einkanlega um atkvæðagreiðsluna. Það gjörir undir eins snöggvan mun, þegar tvisvar verða greidd atkvæði. Eins og þingsköpin eru nú hér á þingi eptir tilskipuninni, getur það opt komið fyrir, og er enda óumflýjanlegt, að mótsagnir og ýmsir aðrir gallar verði á frumvörpunum eptir atvæðagreiðsluna, einkum þegar frumvörpin eru flókin, og mörg breytingaratkvæði,

því nú er atkvæðagreiðslan hjá oss ekki nema ein. Reynslan hefir sýnt mèr, að á þjóðfundinum urðu engiu vandræði að þessu, því þá var atkvæðagreiðslan tvöföld, svo að þá var mögulegt að ganga gegnum frumvörpin eptir fyrstu atkvæðagreiðsluna, og þannig að laga á eptir með síðari atkvæðagreiðslunni það sem þurfa þótti.

Jón Guðmundsson: Eg finn ekki ástæðu til að svara öðru í ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa, en því, er hann sagði um landsdóminn. Hann hefði þar haft alveg rètt fyrir sèr, ef nefndin hefði ætlazt til, að þessir 3 dómendur væru teknir úr landsyfirrèttinum, en vèr ætluðumst til, að þeir 3 dómendurnir væri teknir »úr æðsta dómi landsins« það er að skilja núna fyrst á meðan sú dómskipun helzt sem nú er, sbr. stjórnarfrumv. »ákvarðanir um stundarsakir« 5. gr., því það stendur í frumvarpi nefndarinnar »úr æðsta dómi landsins«. Eg held að engum af nefndarmönnum hafi dóttið í hug að meina með því til dómendanna í landsyfirrèttinum.

Hjálmur Pètursson: Eg vil áskilja mèr breytingaratkvæði við 41. gr. stjórnarfrumvarpsins sem er 44. grein nefndarfrumvarpsins, á þá leið, að þingið megi ekki gjöra ályktun um neitt nema tveir þriðju partar þingmanna eða fleiri sè á fundi. Í stað þess sem greinar þessar leyfa slíkt, ef meir en helmingur þingmanna er á fundi. Sömuleiðis vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði við 50. grein nefndarfrumvarpsins, í sömu stefnu, nefnilega að í stað orðsins »helft«, verði sett: »tveir þriðju hlutir; eg þykist viss um að allir skilji meininguna í þessum áskildu breytingum, og sjái tilgang minn, svo eg vona eg þurfi ekki að færa ástæður fyrir þessu. Eg á annars ekki hægt með að tala núna, svo menn heyri til mín, en áskil mèr rètt til að orða þessi breytingaratkvæði betur seinna.

Jón Sigurðsson: Mèr hefir dottið í hug að ráðgjöra breytingaratkvæði við 36. grein nefndarfrumvarpsins, ef að hún kynni að ganga í gegn við atkvæðagreiðsluna, á þá leið, að þegar báðar deildirnar koma saman, þurfi 2 hluti atkvæða til að ráða málinu til lykta.

Jón Guðmundsson: Eg man ekki, hvort nokkur hefir áskilið sèr rètt til breytingar á 36. grein nefndarfrumvarpsins í þá stefnu sem tekið er fram í ástæðunum, að nokkrir af nefndarmönnum hafi álitið rèttara. Hinn háttvirti framsögumaður og fleiri gjörðu ráð fyrir að breyta henni á líkan hátt og tilsvarandi grein í dönsku

grundvallarlögunum, og vil eg áskilja mèr rètt til þess til vara, ef framsögumaður skyldi hverfa frá því.

Framsögumaður: Eg skal geta þess, viðvíkjandi 27. gr. nefndarfrumvarpsins og 25. gr. stjórnarfrumvarpsins, að þar hefir nefndin gjört breytingu, sem gæti verið til hins lakara. Það getur verið óheppileg breyting, að *konungur* megi *ekki* kalla þingið annarstaðar saman en í Reykjavík *sjálfri* (*Jón Guðmundsson*: Á!) Sömuleiðis vil eg gjöra breytingu á næstu grein þar á eptir. Þar stendur hjá nefndinni: «Verður sekur um drottinssvik», en eg vil orða það þannig: «Verður sekur *sem* um drottinssvik» (*Sveinn Skúlason*: Sekur í landráðum). Viðvíkjandi hinni föstu fjárhagsáætlun hefir hinn hæstvirti konungsfulltrúi gefið þinginu bendingu um, að 32. gr. nefndarfrumvarpsins (30. gr. stjórnarfrumvarpsins) væri *aðgengileg*, og er það þá *sjálfsögð* skylda þingsins að nálægjast skoðun stjórnarinnar. Viðvíkjandi 33. gr. stjórnarfrumvarpsins (35. og 36. gr. nefndarfrumvarpsins) skal eg að eins geta þess, að það er satt, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að ástæður stjórnarinnar væru *ljósar;* á þessu hefir nefndin einmitt allt svo eigi syndgað. Nefndin hefir eigi viljað fyrirbyggja, að samhljóðun sú, sem á að vera á milli konungs og löggjafarþingsins, raskaðist í nokkru. Eg tók það einnig fram í dag, að ákvörðun þessi væri í samsvarandi *hlutfalli* við undangangandi aðalatriði málsins, og yrði að lagast eptir því. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir sýnt fram á hinn *eðlilegasta* veg til þess að ná þessari samhljóðun, og *eg* get ekki *betur* séð, en að bending *hans* í þessu tilliti sè fullnægjandi og fulltryggjandi fyrir þingið. Viðvíkjandi 51. gr. nefndarfrumvarpsins, sem er ný grein, en samsvarandi 68. gr. grundvallarlaganna, skal eg taka það fram, að það liggur í hlutarins eðli, að ef stjórnarfrumvarpið fer fram á þá breytingu, sem landinu og þjóðstjórn þess er til óhamingju, þá verður þessi ákvörðun að lagast eptir slíku fyrirkomulagi. Um þetta hefir hinn hæstvirti konungsfulltrúi einnig gefið þinginu fullnægjandi bendingu, og vil eg því eigi fjölyrða um það; en eg vil áskilja mèr rètt til að taka bendingu hins hæstvirta konungsfulltrúa til greina, að því leyti sem þessu máli kemur við. Eg finn mèr svo að öðru leyti eigi skylt að taka frekara til máls að sinni.

Sveinn Skúlason: Eg vil biðja hinn heiðraða þingmann Vestur-Skaptfellinga um nákvæmari útskýringu á landsdóminum. Eg hèlt að nefndin hefði ekki lagt þá þýðingu í hann, sem þing-

maðurinn tók áðan sjálfur fram. Því mèr þykir það eitthvað undarlegt af nefndinni, að ætla að fara að senda landstjórana niður til Kaupmannahafnar eins og einhverja sakadólga og svo þessa 3 besefa þingsins með þeim, sem verða þá eins og nokkurs konar fylgifiskar þeirra.

Jón Guðmundsson: Eg finn mèr ekki skyldara að skýra þetta heldur en framsögumanni, og ætla eg því að leiða það hjá mèr, það er heldur ekki til neins að reyna að skýra það fyrir þingmanninum, ef hann ekki skilur eða þykist skilja það af sjálfri greininni í nefndarfrumvarpinu, og af því, er eg útlistaði fyrir skemmstu. Svo mikið hafa víst flestir skilið í þessari uppástungu, að ekki hafi getað hugsað sèr aðra aðferð eða aðra niðurstöðu en þá, er þingmanninum nú þótti liggja næst, og að minnsta kosti mun enginn hafa getað hugsað sèr öfugri aðferð, eða fráleitari niðurstöðu.

Pètur Pètursson: Þar eð mèr heyrðist hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga, eigi halda fast fram uppástungum nefndarinnar við 33. grein stjórnarfrumvarpsins, þá vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði við þessa grein, í þá átt, að upphafinu og enda þessarar greinar sè haldið, þótt miðkaflinn falli úr (*Jón Guðmundsson:* Nefndin hefir gjört það). Það er þá óþarft, nema því að eins, að þingið yrði svo ákaft að fella uppástungur nefndarinnar; að það felldi þetta líka.

Jón Guðmundsson: Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hefir reyndar fyrr í umræðunum ráðgjört vara-uppástungu við 30. grein stjórnarfrumvarpsins eptir því sem mèr skildist, en þar eð mèr virðist það ætla að dragast hjá honum, þá vil eg áskilja mèr rètt til vara-uppástungu í þá stefnu, sem vikið er að í ástæðum nefndarfrumvarpsins, það er að segja, að ef eigi næst samþykki stjórnarinnar á breytingar uppástungur nefndarinnar og þingsins við 9.—10. grein frumvarpsins, þá vil eg stinga upp á *til vara*, að ákveðinn verði *vanaleg*, en eigi *föst* fjárhagsáætlun.

Jón Hjaltalín: Eg vildi að eins óska, að hinn háttvirti framsögumaður vildi skýra fyrir mèr, hvernig þessum rekstri málanna fyrir landsdómi á að verða varið. Eg er satt segja ekki svo mikill lögfræðingur, að mèr sè það ljóst.

Framsögumaður: Eg vona, að hinn háttvirti þingmaður sem nú talaði, fyrirgefi, þótt eg eigi fari að skýra það fyrir honum að sinni sem hann talaði mest um, og að hann sjái, að eigi er hægt

að fara í *málarekstur* hèr á þingsalnum. Þetta er og ljóslega tekið fram hjá nefndinni, og þarf hinn háttvirti þingmaður eigi annað, en lesa það betur en hann hefir gjört

Jón Hjaltalín: Hvernig fer, ef þrír dæma seka og þrír sýkna?

Framsögumaður: Ef hinn háttvirti þingmaður vill setja þessi orð sín í svo náið hugsunarsamband við samkynja aðalatriði þessa máls, er um var rætt í dag, vona eg, að raunin verði sú, að hann eður þingið verði ekki í *neinum* vafa.

Forseti: Nú taka ekki fleiri til máls um þessa kafla frumvarpsins og eru þeir því útræddir; en þá koma til umræðu niðurlagsatriði nefndarinnar, sem eru á 26. og 27. bls. í nefndarálitinu.

Konungsfulltrúi: Þegar nú er búið að ræða hin sèrstöku atriði frumvarpsins, og vèr nú eigum að snúa orðum vorum að niðurlagsatriðum nefndarinnar, skal eg leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta framsögumann, hvort meiri hluti nefndarinnar, eptir því sem nú stendur á; — en hèr með ætla eg að benda til þess, sem vonandi er, að verði árangur umræðanna — ætli að halda þessum niðurlagsatriðum, og eg skal fyrir mitt leyti strax taka það fram, hvers vegna eg legg þetta spursmál fyrir hina heiðruðu nefnd. Það er auðsætt, að þar sem ekki getur orðið ágreiningur um 1, niðurlagsatriði nr. 1. þá geta hin niðurlagsatriðin, eins og þau hafa valdið þeim ágreiningi meðal stjórnarinnar, sem eg fyrir mitt leyti álíti í sjálfu sèr sorglegan, — valdið ápekku stríði meðal þingmanna. En af því að eg frá stjórnarinnar hálfu ekki get annað en verið þessum niðurlagsatriðum alveg mótmæltur, og af því, að eg er viss um það, að þau geti spillt málinu, ef þingið aðhyllist þau, þykir mèr það lítið æskilegt nú sem stendur að rifja upp þessi spursmál um fjárhagsaðskilnaðinn og þjóðfund, sem eg er hræddur um, að þingmenn ekki geti rætt með þeirri ró, sem þeir að öðru leyti hafa sýnt undir hinum mikilsvarðandi umræðum í þessu máli. Eg skal lýsa því yfir, að mèr þykir það, — ef þingið álítur að hækkun árstillagsins, að svo miklu leyti sem niðurlagsatriðið I. nr. 2 gjörir ráð fyrir, sè æskileg fyrir landið, — eiga vel við að beiðast þess í ástæðum álitsskjals þingsins, að Hans Hátign konungurinn vildi láta sèr vera annt um að útvega það í þessu tilliti nauðsynlega, og skal eg, ef þingið fer þann veg, styðja það sem bezt eg má; en að það þar á móti hvorki er passandi nè

hentugt að binda lögleiðing frumvarpsins við þess konar skilyrði, sem að líkindum muni ónýta málið í heild sinni.

Jón Guðmundsson: Eg hefi allt hingað til verið samferða og samdóma hinum háttvirtu meðnefndarmönnum mínum, það er um allt stjórnarfrumvarpið frá upphafi til enda, bæði að því sem það kom breytt og óbreytt frá nefndinni; en nú verð eg að lýsa yfir því, að hèr skilja leiðir, — hèr skiptast vegir vorir. Mèr koma þá í hug hin minnisstæðu orð Þorgeirs Ljósvetningagoða, »ef sundur er skipt lögunum, þá er og sundurskipt friðinum«, og virðist mèr svo hafa farið hèr með oss nefndarmönnum, þar sem meiri hluti nefndarinnar eigi færri en sjö minna háttvirtu meðnefndarmanna hafa afráðið að halda fram þessum niðurlagsatriðum, eins og þau koma nú fyrir sjónir, með fjárkröfum og fjárkröfuskilyrðum fyrir löggildingu stjórnarfrumvarpsins. Eg hefi tjáð mig fúsan til að taka þess leiðis fjárkröfur inn í *ástæður* álisskjalsins til konungs, en eigi sem niðurlagsatriði, og sízt sem skilyrði fyrir lögleiðingu frumvarpsins; það hafa þeir meðnefndarmenn mínir eigi viljað láta sèr lynda, og það er einkum þetta, er hefir borið í milli meðnefndarmanna og mín. Eg hefi þegar fært ljósar ástæður fyrir þessu í ágreiningsáliti mínu. Eg sè ekki betur en að hèr sè «sundurskipt lögunum» með því, að vilja sameina svona fjárkröfumálið við stjórnarskipunarmálið, þar sem konungur hefir nú sjálfur svo berlega aðskilið þau bæði mál, og lýst því skýlaust yfir fyrir þessu alþingi, með því konungur hefir fyrst lagt fyrir þingið frumvarp til algjörðra stjórnarskipunarlaga, án þess að þar sè neitt fjártillag eður árgjald nefnt í ákvörðunum þess nè fjárkröfur vorar gjörðar að umtalsefni í ástæðunum, og þar sem skýrt er tekið fram í hinni konunglegu auglýsingu 31. maí þ. á., að frumvarp þetta verði eigi lögleitt fyrr, en fjártillagið eður árgjaldið, er konungur heitir að útvega veitingu fyrir úr ríkissjóði Dana, sè fengið. Hèr er því tilsett, ákveðið og yfir lýst fullu og föstu skilyrði af hendi konungsins sjálfs fyrir fullum aðskilnaði á málum þessum; hèr eru alþingi boðuð konungsins orð um það, að stjórnarskipunarlögin skuli *ekki* verða gildandi fyrr en árgjaldsfjárveitingin sè fengin. Eg sè því eigi, að tilgangur nefndarinnar geti verið annar en sá, að binda skilyrðið *öðruvisi* eða við *annað* og *hærra* fjártillag en konungur hefir hèr gjört; annars held eg væri ástæðulaust að minna konung á loforð sitt og taka fram við hann svona, að láta það nú ekki bregðast; að minnsta kosti skoða eg

þetta svona, og get eigi frá því vikið. En eg hefi jafnan óskað og óska enn; að miðlun gæti komizt á með þetta ágreiningsefni milli vor þingmanna, og að komizt yrði hjá hinum leiðu og margbrotnu umræðum, sem þetta hlýtur að hafa í för með sèr. Það er auðsætt, að þessar uppástungur nefndarinnar binda lögleiðingu stjórnarlaga frumvarpsins við annað og hærra skilyrði, en konungi hefir þótt fært að koma við eða hafa fram, þótt þær fari eigi fram á meira en þetta. Menn geta reyndar slegið því svona fyrir og sagt, að eigi sè farið fram á mikið, þótt farið sè fram á að fá þær 12 þúsundir dala *fastar,* sem konungur hefir ákveðið *lausar* eða lausatillag um 12 ár; en til hvers er þá að gjöra þetta lítilræði að ágreiningi? Hins vegar þykir mèr eigi ráðlegt, og allra sízt í sambandi með stjórnarbótarmálinu, að vera að fara fram á háar summur, sem eiga að vera byggðar á rèttarkröfum, er sumir standa svo fast á, að vèr höfum til ríkissjóðsins. En eg er ávallt hræddur við þessar blessaðar «rèttarkröfur», þótt þær kunni að vera einhverjar, og þó að margir gangist svo mjög fyrir þeim, að stjórnarbótinni þykir jafnvel hafnandi nema þær fáist, þá hefir eigi enn tekizt, að gjöra þær sennilegar auk heldur að sanna þær fyrir stjórninni og ríkisdeginum. En eg ætla eigi að fara fleirum orðum um þetta atriði að sinni, heldur vil eg stinga upp á því, til sætta eður miðlunar, að í stað þessara fjárkröfu skilyrða meðnefndarmanna minna og þeirra breytingaratkvæða, sem þar við eru tengd, verði teknar upp samhliða uppástungur um þetta efni í ástæður álitsskjalsins, og sömuleiðis, að í niðurlagsatriðunum komi skildagi um, að þetta þing geymi eður áskilji hinu tilvonanda löggjafarþingi allan rètt vorn Íslendinga óskertan viðvíkjandi fjárkröfum vorum til ríkissjóðsins, og til þess að gjöra allar þessleiðis rèttarkröfur gildandi eptir því sem framast getur orðið. Eg held að svofelld skilyrði um geymdan rètt vorn óskertan geti ekki hamlað lögleiðingu frumvarpsins, nè heldur stjórnin haft á móti því. Eg ber þetta að eins fram sem sáttaboð í bráð, en geymi mèr fullan rètt til að tala í móti fjárkröfum meiri hlutans og niðurlagsatriðum hans, sem þar að lúta, og til breytingar- og viðauka-uppástungu í þessa átt, sem eg nú hefi mælt, ef þess gjörist þörf.

Framsögumaður: Það er hvorttveggja, að mál þetta er nú langt komið, enda verð eg að játa, að eg er nú í vandræðum, en samt ekki eins miklum, eins og eg var við byrjun þessa máls. Eg hlýt að halda því fram, að meiri hluti nefndarinnar þóttist hafa

fulla ástæðu til, að hafa niðurlagsatriðin þannig löguð, sem hún hefir gjört. En það hvílir sú gæfa yfir þessu máli, að sè grundvallarhugsun meiri hlutans borin saman við það, sem gjörzt hefir á þinginu einkum frá hálfu hins hæstvirta konungsfulltrúa, þá hverfur allur *sannarlegur* vafi. Það er satt, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram, að þetta þarf nákvæmrar íhugunar við. Þingið er vottur að því, að hinn hæstvirti konungsfullrúi tók það fram þegar í, daginn og aptur síðar, að þetta þing væri *samkomulagsþing* og *sampykktarþing*; og að svo sè, álít eg mjög þýðingarmikið fyrir þetta mál, og með *þessu*, ætla eg, að *grundvullarhugsun* meiri hlutans sè fullnægt; því sè þingið samkomulagsþing, þá álít eg það fullnægjandi bæði fyrir stjórn og þjóð, eða rèttara, fyrir konunginn og þegna hans Íslendinga.

Eg get ekki annað sagt, viðvíkjandi I í niðurlags atriðunum, en að meiri hlutinn hafi haft bezta tilgang fyrir augum, og alls eigi hafi verið hans tilgangur að setja fjárkröfuspursmálið í öfugt hlutfall við stjórnarfrumvarpið. Að því leyti sem meiri hlutinn hefir sett fjárspursmálið sem formelt skilyrði, þá lá það þó aldrei í hans tilgangi, að leggja í það meiri þýðingu, en lá í hlutarins eðli. Það er og vafalaust að það er mikið áríðandi, að leggja áherzlu á formið, en það er *þó* enn þá meira víst og vafalaust, að *málið sjálft* er það sem *allt* veltur á. Meining meiri hlutans var nú aldrei önnur en sú að koma á *formlegan hátt* saman því sem stóð í hinni konunglegu auglýsingu og stjórnarfrumvarpinu; hin konunglega auglýsing setur fjárhagsspursmálið í samband við stjórnarbótarmálið, en í stjórnarbótarfrumvarpinu kemur það samband eigi fram, en þetta þótti nefndinni öldungis nauðsynlegt að láta sjá. Út af spurningu hins hæstvirta konungsfulltrúa, vil eg gegnum forseta þingsins áskilja mèr tóm til að geta borið mig saman við meðnefndarmenn mína. Eg vona, að þessir fáu tímar, sem eg bið um að mèr verði veittir, til þess að *sporna* við því, að vegir vorir skilji, verði mèr veittir án frekari útlistunar, því eg vona, að allir verði að viðurkenna, að hingað til hefir *samkomulagið* og *sáttin* milli hins hæstvirta konungsfulltrúa og þingsins verið hið æskilegasta, því þetta er hið sama sem *samkomulag og sátt*, milli stjórnarinnar eða rèttara *konungsins* og *lýðsins á Íslandi*. Geti menn að eins fengið þessa umræddu sameiningu á formlegan og efnislegan hátt viðurkennda, eigi að eins fyrst, heldur einnig og það hvað mest seinast viðurkennda, *þá* er *sigurinn fenginn*. Til þess-

arar sameiningar vona eg nú, að hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga muni vilja styðja.

Forseti: Það er auðvitað, að frá minni hlið getur ekki verið neitt á móti, að nefndin fái tóm til að bera sig saman, og koma sèr niður á því sem bezt gegnir, heldur muni eg vilja gjöra allt hvað eg get til að greiða fyrir málinu.

Eiríkur Kúld: Af því eg var í nefndinni, skal eg stuttlega gjöra grein fyrir, hvers vegna eg skrifaði undir uppástungur meiri hlutans. Hinn háttvirti þingmaður Árnesinga hefir þegar gjört grein fyrir sinni skoðun á málinu, og því, sem honum gekk til að vera með meiri hlutanum; þar við get eg fyrir minn hlut bætt því, að oss í nefndinni voru afhentar af þinginu margar bænarskrár víðsvegar að, sem neyddu oss til að taka tillit til fjárhagsspursmálsins, á þann hátt sem nefndin hefir gjört; eg get eigi verið samdóma hinum hæstvirta konungsfulltrúa um það, að hætt verði stillingunni, ef tala skal um þetta atriði. Eg er ekki hræddur um það, því eins og þetta mál til þessa, hefir verið rætt með stillingu og tilslökun á báðar hliðar, eins vona eg, að það endi með hinu sama, því eg skal kannast við fyrir mitt leyti, að þetta hefir verið hinum hæstvirta konungsfulltrúa mikið að þakka, sem svo mannúðlega og vel hefir leiðbeint þinginu í þessu tilliti, með tillögum sínum. Því verð eg að ætla, að vèr höfum hinn fyllsta rètt til að segja: Með þessu eina móti, getum vèr tekið á móti stjórnarbótinni, sem oss er boðin, og fært oss hana svo í nyt, að það verði ættjörðu vorri að tilætluðu liði, því ekki get eg hugsað mèr, að stjórnarbótin komi að liði, ef fè vantar til þess að koma hinu nýja fyrirkomulagi á fót, og standa straum af því. Eg skyldi aðhyllast breytingaratkvæði það, sem hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga bar upp, ef eg eigi hèldi, að það væri að fara feti lengra en enda meiri hluti nefndarinnar fór, og þar með spilla fyrir málinu; þar sem hann vill áskilja þinginu, þegar það er orðið löggjafarþing, rètt til frekari fjárkrafna. Eg get borið upp annað breytingaratkvæði, sem áðurnefndur hingmaður má ske vill sameina sig við mig um, það nefnilega, að leggja þetta mál sem frumvarp fyrir næsta þing.

Jón Sigurðsson: Eg vildi einnig í fám orðum gjöra grein fyrir mínum tillögum í þessu máli. Eg vil þá fyrst viðvíkjandi öðru niðurlagsatriðinu um þjóðfund lýsa því yfir, að mèr finnst nú, eptir yfirlýsingu hins hæstvirta konungsfulltrúa um að þetta

þing hafi samþykktaratkvæði í stjórnarbótarmálinu, málið vera komið í allt annað horf, en var meðan vèr vorum að semja nefndarálitið. Eigi að síður sýnist mèr þó þetta atriði vera þarft, eða enda nauðsynlegt fyrir bæði stjórn og þjóð; með því að það gefur bendingu um meðferð málsins framvegis, ef eigi skyldi ganga saman með þinginu og konungsfulltrúa og stjórninni í þetta sinn; það liggur sem sè í augum uppi, að ef stjórnin eigi getur fallizt á breytingar þær, sem þingið vill gjöra við frumvarpið að þessu sinni, þá verður þýðingarlítið eða jafnvel þýðingarlaust að leggja málið aptur fyrir *sama þing;* það er að skilja þing, sem er samsett af sömu mönnum og nú; því hver getur vænt þess, að við verðum leiðitamari eða auðveldari viðfangs á næsta þingi en vìð erum nú? Þess vegna er það einmitt nauðsynlegt fyrir stjórnina sjálfa, að leggja stjórnarbótarmálið fyrir nýtt þing, ef eigi kemst samkomulag á í þetta sinn; hitt læt eg öldungis ósagt, hvort það þing þurfi að vera skipað eptir kosningarlögunum 1849, eins og nefndin hefir stungið upp á. Viðvíkjandi fjárspursmálinu, þá var eg samdóma meðnefndarmönnum mínum um það, að nauðsynlegt væri að hreifa því máli á einn eða annan hátt. Ef vèr eigum að fá nýja stjórnarskipun, sem veruleg stjórnarbót sè að, þá sjá allir, að á meira muni þurfa að halda en áður til allra þeirra umbóta, sem stjórnarbótinni hljóta að fylgja, en hitt vita menn og eigi síður, að hvorki muni rigna gulli nè silfri úr lopti ofan, þó stjórnarbótin komist hèr á; og að drífa hèr upp fè með nýjum skatta-álögum, eins og gjört er ráð fyrir, tekur altènd upp ærinn tíma, því þess háttar kemst þó eigi allt í kring á einu ári. Stjórnarbótin getur því aldrei orðið nema að eins á pappírnum, fyrr en vèr höfum fengið fè til þeirra breytinga sem henni hljóta að vera samfara. Eg verð því að láta í ljósi það álit mitt, að fjártillag það, sem fram er boðið í hinni konunglegu auglýsingu, er hvergi nærri nægilegt; og meira að segja, eg held vèr getum eigi einu sinni tekið að okkur stjórnarbótina með jafnlitlu fjártillagi þótt vèr vildum. Eg get heldur eigi leitt hjá mèr að geta þess, að það lítur nokkuð undarlega út, að þetta framboðna 37,500 rd. fjártillag, er einmitt það lægsta fjártillag, sem enn hefir verið um talað, að Ísland gæti átt tiltölu til, og sem stungið var upp á í hitt hið fyrra, af einum tveimur eða þremur mönnum er voru í fjárhagsnefnd þingsins. Að það sè af tilviljun eða ásettu ráði gjört, einmitt að binda sig við hina lægstu upphæð, sem um var talað á þinginu

1865, læt eg ósagt; en hitt er víst, að á þinginu 1865 var fullljóst sýnt fram á það, af meiri hlutanum í nefndinni, að þetta fjártillag eigi væri nægilegt, og að vèr eigi gætum tekið við stjórnarbótinni nema með meira fjárframlagi frá Dana hendi; eg ætla því að taka mèr breytingaratkvæði við niðurlagsatriði nefndarinnar í þá stefnu, að fjártillagið verði hið sama sem meiri hluti þingnefndarinnar 1865 stakk upp á nefnilega 50,000 rd. fast árgjald og 10,000 rd. laust árgjald. En af því mèr þykir ótilhlýðilegt að gjöra þetta sem skilyrði fyrir stjórnarbótinni, eins og nefndin stingur upp á, þá ætla eg einungis, að taka mèr breytingaratkvæði við fyrsta niðurlagsatriðið, að orðin: «Þó með því skilyrði» verði felld aptan af greininni.

Pètur Guðjónsson: Eg hefi heyrt tekið fram af mörgum, að konungsfulltrúi hefir kallað þetta þing samkomulagsþing, og eptir því sem eg gat tekið eptir hinum háttvirta þingmanni Árnesinga, þá skildist mèr hann ætlast til, að annað þing kæmi þar á eptir til að gjöra út um málið til fullnustu (*Benidikt Sveinsson*: Nei — nei), en það get eg aldrei fengið út úr orðum hins hæstvirta konungsfulltrúa; hèr er staðurinn og nú er tíminn til þess, annannaðhvort að samþykkja eða hafna tilboðunum. I. 2 í niðurlagsatriðunum er óldungis óþarft, því það er tekið fram í hinni konunglegu auglýsingu, og finnst mèr það enda óheppilegt, að vera að minna konunginn á það, sem hann svo nýlega hefir látið í ljósi.

Framsögumaður: Eg vil geta þess, að hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu hefir öldungis sama skilning á orðum hins hæstvirta konungsfulltrúa og eg, og aldrei hefi eg annað sagt, en það sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi hlýtur að vera mèr í *rauninni* samhljóða í; um II. niðurlagsatriðið hefi eg einmitt sagt, að það samkvæmt orðum hins hæstvirta konungsfulltrúa væri óþarft, og mætti því falla burtu.

Jón Hjaltalín: Svo að þingmenn sjái, að eg og hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga, eigi erum allt af að rífast, þá vil eg láta þá víta það, að í þessu atriði kom oss vel saman. Mèr finnst það ætti vel við fyrir oss alla, að hafa upp orð Bjarnar Jónssonar forföður míns: «Nú er vel boðið faðir minn, meira þarf en kappið eitt».

Stefán Jónsson: Vèr höfum nú setið svo lengi á þessu þingi, að mèr finnst vèr eigi ættum að skilja fyrr en svo er gengið frá

málinu ef þess er auðið, að eigi þurfi frekari þinga við til að fjalla um það. Eg álít vèr höfum fullar ástæður til að koma fram með nauðsynlegar breytingar við stjórnarfrumvavpið, og einnig gildar ástæður að koma með fjárspursmálið, þar sem stjórnarfrumvarpið tekur það fram í bráðabyrgðarákvörðununum, en þó ávallt viðurkennt, að hvorttveggja ætti að fylgjast að stjórnarskipunarmálið og fjárhagsmálið. Nefndin hefir einnig fengið þessar mörgu bænarskrár víðsvegar að um landið, sem heimta fjárkröfunum haldið fram. Eg held líka, að stjórninni megi vera það kært, að Íslendingar segi skýlaust til hvað minnst þeir komist af með. Það væri æskilegt að vita, hvernig fer um breytingu nefndarinnar á stjórnarfrumvarpinu, áður en maður sleppir fjárhagstillaginu sem skilyrði. Ef menn eigi geta fengið fram flestar af þessum breytingum, þá væri nauðsynlegt að fá stjórnarbótarfrumvarpið fyrir nýtt þing.

Pètur Pètursson: Eg fyrir mitt leyti get ómögulega verið með I, 2 í niðurlagsatriðum meiri hlutans, en vil þó eigi kasta þungum steini á nefndina, þótt hún tæki það atriði fram, því þá var staða nefndarinnar öll önnur til málsins en nú eptir að hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir tekið svo vel í hetta mál.

Forseti: Eg get nú eigi betur sèð, en að spursmálið um skilyrðin sè ofur einfalt, ef að menn halda sèr við það, sem beinlínis liggur fyrir. Látum oss þá fyrst skoða yfirlýsingu hins háttvirta konungsfulltrúa, að þingið hafi samþykktaratkvæði í þessu máli. Hvað þýðir það? Það þýðir, að alþing hlýtur að hafa samþykktaratkvæði um málið, eigi að eins í þetta sinn, heldur á næsta þingi og hinu næsta, ef eigi gengur saman og málið ekki verður lagt fyrir þjóðfund með hinu sama atkvæði. Ef þetta ekki væri svo, þá þýddu orð hins háttvirta konungsfulltrúa ekkert, og sjálft samþykkisatkvæði þingsins væri þýðingarlaust, því það yrði þá ekki annað, en sá kostur, að mega samþykkja allt það, sem stjórnin stingi upp á og hèldi fast fram. Ef þingið segði nei, þá væri samþykkisatkvæðið horfið. Skuli samþykkisatkvæðið hafa nokkra þýðingu, þá verður það að vera eins frjálst eins og ráðgjafaratkvæðið. Þetta er og öldungis samkvæmt því, sem fram fór í Danmörku 1848 og lofað var af konungs hendi, þegar ríkisfundurinn var settur. En þegar þingið, eins og konungsfulltrúi sagði, hefir samþykkjandi vald, þá verða menn að líta á þetta mál, eins og hèr standi tveir semjandi málspartar hvor á móti öðrum. Þar getur hvorugur sett

neitt upp á annan, eða breytt neinu í samningnum, eða í uppástungum hins, nema með hans samþykki. Þetta gildir um allt málið í heild sinni, og eins um hvort af þess atriðum, þó menn vilji aðgreina stjórnarmálið frá fjárhagsmálinu. Úr því nú konungur vor sjálfur hefir í auglýsingu sinni til alþingis sett fjárhagsmálið í samband við stjórnarbótarmálið, þá get eg ekki annað séð, en að meiri hluti nefndarinnar hafi verið í sínum fulla rètti í því, að taka fjárhagsatriðið til yfirvegunar, og setja það í samband við stjórnarskipunarmálið.

Hvað liggur nú í skilyrðum meiri hlutans þegar vèr skoðum þau betur, og í hverju ber þeim á milli við minni hlutans? Um fyrri kafla skilyrðanna tölul. 1. hefir allri nefndinni borið saman. Hún er öll samdóma um, að biðja konung að löggilda frumvarpið með þeim breytingum, sem á því verði. Um tölulið 2. hefi eg þegar talað, og þó nefndin hafi ekki öll verið á einu máli um hann, eða um fjárkröfuna, þá getur þó enginn með ástæðum neitað, að full ástæða sè til að fara því fram, sem konungur vor sjálfur bendir til og gjörir að skilyrði fyrir löggilding frumvarpsins. Enginn getur heldur neitað, að vèr höfum rètt á að stinga upp á að hækka árgjaldsskilyrðið og færa ástæður fyrir því. Út af síðari kafla skilyrðanna 1. tölul., þá var það eðlilegt, að nefndin beiddi um þjóðfund, bæði vegna þess, sem áður hefir verið samþykkt hèr á þinginu, og af því, að vor skoðun hefir ávallt verið sú, að þjóðfundurinn ætti og hefði samþykkisvald; en nefndin vissi þá ekki, að alþingi yrði veitt hið sama vald í þessu máli; en úr því konungsfulltrúinn hefir nú fullvissað um það, þá er engin ástæða til að þetta niðurlagsatriði geti hèðan af valdið nokkrum ágreiningi. Bæði meiri og minni hluti nefndarinnar eru í raun og veru öldungis samhljóða, og hvorutveggja óska í rauninni þjóðfundar, þó minni hlutinn nefni að eins «þing á Íslandi». Þá er síðari kafli tölul. 2. um, að landstjórn verði skipuð hèr á landi, enda þótt stjórnin ekki samþykki frumvarpið, samkvæmt grundvallarreglum þeim, sem þingið nú stingur upp á, til þess að undirbúa málið til fullnaðar undir þjóðfund. Þessi uppástunga meiri hlutans sýnist mèr vera í alla staði eðlileg; það er alveg nauðsynlegt, það verður hver og einn að viðurkenna, að innanlandsstjórninni hèr verði kippt í það horf, sem hún þarf að vera, svo hún geti náð fullu trausti landsmanna og unnið að því, að samkomulag geti komizt á. Eg get ekki ímyndað mèr, að minni hluti nefndarinnar geti

verið mótfallinn slíkri uppástungu sem þessi er. Eg get ekki einu sinni séð, að sjálf stjórnin geti haft hið minnsta móti henni, og því síður þingmenn yfir höfuð. Hvað fjárhagsmálinu viðvíkur, ef vèr nú tökum það sèrstaklega, þá virðist mèr það öldungis rètt af nefndinni, eins og eg gat áðan um, að hún hefir tekið það til yfirvegunar. Þó vèr séum fámennir og fátækir, þá höfum vèr þó fullt leyfi og fullar ástæður til að segja til rèttar vors, og vèr höfum því meiri hvöt til þess, sem vèr erum fátækari. Árið 1865 kom engin uppástunga frá þinginu um þetta atriði; því get eg nú ekki séð, að neitt sè móti því, þó að önnur upphæð væri tiltekin og sett sem uppástungu-atriði inn í álitsskjalið. Það er bæði í konungsfulltrúa þágu og vora, að vèr fáum svo ríflegt fègjald sem kostur er á. Þegar eg nú tek saman öll niðurlagsatriðin, og lít yfir þau, þa get eg fyrir mitt leyti alls ekki séð, að þau geti aukið nokkrar deilur, því þau eru öll sprottin af einni rót, og í raun-inni í allri stefnu sinni samhljóða og á rètti byggð.

Framsögumaður: Það gleður mig, að hinn háttvirti forseti hefir sýnt og sannað, að ekki hafi verið yfirgnæfandi ástæða fyrir nefndina, að orða niðurlagsatriðin öðruvísi en hún hefir gjört. En úr því þingið nú, eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi fullvissar um, hefir *sampykkjandi* vald, þá er bein afleiðing þar af, að annar aðalkafli niðurlagsatriða nefndurinnar er óþarfur. Eg skal og einmitt í *þessu* mest *umvarðandi aðalatriði* leyfa mèr að taka það fram, að það er mjög svo þýðingarmikið, að konungsfulltrúinn hèr á þingi hefir *aðra* stöðu gagnvart *konunginum* en *ríkisdeginum,* því að hann er *ekki* fulltrúi ríkisþings Dana, heldur að eins fulltrúi hans *hátignar konungsins* sjálfs. Þegar menn því bera saman orð hinna hæztvirtu herra, konungsfulltrúans og forsetans, þá gęt eg ekki betur séð, en að fullkomin sætt sè komin á þetta mál, svo framarlega sem þingið í heild sinni gætir skyldu sinnar og færir sèr þetta rèttilega í nyt.

Jón Sigurðsson: Eg hálf ráðgjörði að taka mèr breytingaratkvæði í þá átt, að orðin: «þó með því skilyrði» fèlli burt; sömuleiðis vil eg taka uppástungur meiri hluta fjárhagsnefndarinnar frá 1865 sem breytingaratkvæði nefnilega 50,000 rd. fast tillag á ári og 10,000 rd. laust, og vona eg að þingmaður Vestur-Skaptfellinga styðji þetta breytingaratkvæði með mèr, af því að við vorum saman um að búa þetta barn til á þinginu 1865, og erum nú þeir einu sem getum talizt rèttir feður að því.

Jón Guðmundsson: Eg skal fúslega kannast við faðerni það, sem hinn háttvirti þingmaður, er nú settist, lýsti á hendur mèr ásamt sjálfum sèr, áhrærandi uppástungur meiri hluta fjárhagsnefndarinnar 1865 um árgjaldsupphæðina frá Danmörku til Íslands, því eg var að vísu ómótmælanlega með og í meiri hluta nefndarinnar, og hèlt þar fram og síðan á þinginu 50,000 rd. föstu tillagi og 10,000 rd. lausu, þó að eg og fleiri hafi mátt lesa það á prenti sem er út komið hèr fyrir fáum dögum, og það eptir þann mann er sízt mundi ætlað það, að hann færi með helber ósannindi á prenti, að eg hefði verið í minni hluta nefndarinnar um fjárkröfurnar. Eg er því samdóma þingmanni Suður-þingeyinga, og skal eg einnig vera samtaka honum í þessu nú, ef það að eins er tekið upp í ástæðurnar en ekki sett sem niðurlagsatriði.

Jón Sigurðsson: Eg skildi framsögumann svo, að hann hefði áskilið sèr og nefndinni breytingaratkvæði í þessu efni.

Framsögumaður: Eg hefi ekki sagt annað eða meira en það, að eg ætlaði að bera mig saman við meðnefndarmenn mína um fjártillagið.

Hjálmur Pètursson: Eg áskil mèr rètt til breytingaratkvæðis við niðurlagsatriði nefndarinnar I tölul. 2. að í stað «50,000» verði sett 60,000.

Bergur Thorberg: Það gleður mig, að mál þetta hefir tekið svo farsællega stefnu, sem mèr virðist mega gjöra ráð fyrir, eptir hinum síðustu umræðum; og eg vona, að menn gæti þess vandlega að hverfa ekki frá þeim hinum rètta vegi, sem mèr virðist menn vera komnir inn á, þó mèr að vísu sýnist þær tvær breytingaruppástungur, sem nýlega komu fram um hækkun árgjaldsins úr ríkissjóði fari lengra en vera ber, og ekki í rètta stefnu. Það er eptir mínu áliti mjög áríðandi að fjártillag sè ekki sett sem skilyrði fyrir því, að stjórnarskipunin komizt hèr á, því ef fjártillagskrafa kæmi fram á þenna hátt, gæti hún valdið því, að málið kæmist ekki áfram, og yrði látið bíða óvíst hversu lengi, en auðsætt er hversu óheppilegt þetta væri. Eptir minni skoðun er fjárhagsmálið frá stjórnarinnar hálfu útkljáð í hinni konunglegu auglýsingu, en þetta þarf ekki að vera því til fyrirstöðu, að hans hátign konungurinn allramildilegast kynni að taka til íhugunar þær bendingar og óskir þingsins sem kynnu að koma fram í álitsskjali þingsins viðvíkjandi fjártillaginu, en í þessu tilliti er þó áríðandi að takmarka sig sem mest; því ef óskir kæmu fram, þó eigi væri

í niðurlagsatriðunum, um tillag sem væri verulega mismunandi frá því, sem heitið er í hinni konunglegu auglýsingu, þá er eg hræddur um, að það kynni að spilla málinu og tálma framgangi þess; það er því skylda þingsins að takmarka sig sem mest í kröfum sínum; en það álít eg samt sem áður vera aðalatriðið, að engin fjárkrafa sè sett sem skilyrði, og fjárhagsmálið ekki sett í neitt annað samband við stjórnarskipunarmálið en gjört er í hinni konunglegu auglýsingu. Það fjártillag, sem nefndin vill binda stjórnarskipunarmálið við sem skilyrði (50,000 rd. fast árgjald) er ekki svo verulega mismunandi frá því, sem um er rætt í hinni kounglegu auglsýsingu, að það geti staðið Íslandi á miklu; en samt gæti það ef til vill eyðilagt málið, ef það væri sett sem skilyrði. Þær breytingaruppástungur, sem nýlega voru ráðgjörðar um hækkun árgjaldsins til 60,000 rd. eru mjög óheppilegar og geta orðið skaðlegar fyrir málið; og þar að auki engin von um, að þær geti borið árangur. Eg tel það sjálfsagt, að II. kafli 1. tölul. eigi að falla burt, og að þetta muni einnig verða sýnist mega ráða af þeim umræðum, sem um þetta hafa orðið.

Framsögumaður: Eg get eigi sèð, að í hækkuðum fjárkröfum liggi tálmun fyrir góðum málalokum, því eg álít, að yfirlýsing hins hæstvirta konungsfulltrúa sè fyllilega trygging fyrir því, að stjórnarbótin eigi komist á, nema því að eins, að það fjártillag fáist sem þingið heimtar eður vill sættast á. Eg skal og taka það fram, að konungur hefir ekki vald til að útvega meira fjártillag en ríkisdagurinn danski vill veita; þess vegna er það hættulegt, að setja hækkun tillagsins sem skilyrði, en auðsjáanlega ekkert á móti því að taka fram þarfir sínar og kröfur á þann hátt, sem sameinast geta við framgang málsins nú og síðar meir.

Jón Guðmundsson: Af því eg hefi enn þá ekki tekið eptir, að nokkur hafi tekið sèr breytingaratkvæði við varaniðurlagsatriði meiri hluta nefndarinnar, I, 2. sem er 226. tölul. hèr á atkvæðaskránni, þá ætla eg mèr að áskilja mèr breytingaratkvæði í þá átt, að það verði lagað sem næst varaniðurlagsuppástungu minni hlutans tölul. 228, og að þessum orðum verði bætt við: «*svo fljótt sem auðið er*»; eður á þá leið, er lýsi því yfir, að þingið ætlist til, að konungur leiti sem fyrst samkomulags af nýju við fulltrúa Íslendinga um stjórnarfyrirkomulagið hèr á landi, ef þetta stjórnarfrumvarp þingsins getur eigi auðnast allrahæsta samþykki konungs, en þingið getur eigi álitið, að stjórnin í Danmörku hafi

rètt til að fresta þessari samkomulagstilraun um óákveðinn tíma eða um svo og svo mörg ár eins og hún hefir gjört.

Sveinn Níelsson: Það er nú, ef til vill, ekki mèr hent, að tala í þessu máli, þar sem svo margir mèr vitrari menn hafa látið álit sitt i ljósi. Vèr höfum nú síðan 1848 lifað í von um þessa frelsisgjöf, sem konungleg hátign þá hèt oss; en í hvert sinn, sem eg hugsa um þessa frelsisgjöf, þá koma mèr nú í hug orð, er eg hefi einhvern tíma lesið eptir einn sannan Íslandsvin; hann segir: «Eg veit ekki, hve Íslendingar meta frelsið margra ríkisdala virði», og mèr hafa sýnzt þessi orð íhugunarverð, og eg hefi ávallt svarað þeim fyrir mitt leyti svo: «Frelsið er sannarlega *mikils* virði». Sèrhver sá, sem vill að sèr fari fram, hlýtur að finna, að frelsið hefir í sèr einhvern æðri krapt; hann hlýtur, segi eg, að finna til, að það er mikils vert, já meira vert en margir hugsa, að mega ráða bót á þörfum sínum án *leyfis* annara og að mega verja kröptum sínum á þann hátt, er manni sýnist haganlegastur, án þess að spyrja aðra, hvort hann megi brúka kraptana, eða hvort hann megi brúka þá svona. Allt þetta vaknaði í huga mínum, þegar eg las upp þessi fyrrnefndu orð; en það getur nú verið, að þessi orð hafi eigi fætt sams konar ályktun í huga sumra þingmanna, sem þau fæddu í huga mínum. Þau áhrif, sem þessi orð gjörðu á mig voru því valdandi, að eg 1865 samlagaði mig þeim hluta þingsins, sem kallaður var minni hlutinn. En svo eg víki nú aptur að umtalsefninu, þá hefi eg aldrei sleppt úr huga mèr þessu heityrði konunglegrar hátignar (eg ætla að kalla það svo), sem nú er umtalsefnið. Eg reiði mig nú einnig á, að það fái framgang.

Eg verð að segja það, að eg hefi aldrei getað hugsað mèr, að þingið hefði heimild til, að setja fjárhagsmálið í annað samband við stjórnarskipunarmálið, en konungleg hátign hefir gjört. Fjárhagsmálið getur, eptir minni meiningu, aldrei átt að koma öðruvísi fram, en í ávarpi til konungs eða í ástæðunum í álitsskjali þessa máls til konungs; — svona hefi eg nú hugsað mèr þetta. Eg vildi sízt, að fjárhagsspursmálið yrði til þess, að eyðileggja í brjósti mínu og annara þingmanna þær hinar miklu frelsisvonirnar, sem eg veit að vaka hjá oss öllum, — svo að allar þessar vonir, segi eg, yrði að engu, og vèr færum heim af þessu langa þingi verr en sneyptir. vèr höfum þá sannarlega unnið til einskis. Því að hvaða fullvissu höfum vèr fyrir því, eða hver getur sannfært mig um það, að það

að það þing, sem seinna má ske yrði látið fjalla um mál þetta, muni geta notað það, sem þetta þing hefi unnið að þessu máli, sèr til stuðnings og fyrirgreiðslu. En eg er sannfærður um *það*, að *þetta* þing hefði mikla þýðingu fyrir land vort og lýð, og mikla þýðingu í sögu vorri og gæti borið nafn með rentu, ef því gæti heppnazt að verða samdóma vilja hans hátignar konungsins. Mèr hefir virzt allt benda að því, að það væri vilji *hans* sem öllu ræður, að vèr Íslendingar kæmumst nú á það framfarastig, sem stjórnarfrumvarp þetta miðar til, og til hvers það sjálft sýnist líka í mörgu tilliti vera hentugt meðal. Mèr hefir virzt öll lot lúta að því allt frá því fyrsta, að *nú* ætti samkomulag að komast á. Eg vildi nú draga eitthvað af við mig, hafa einhverja sjálfsafneitun í frammi, og sama veit eg margir hugsa, ef það gæti þokað oss á eitthvert framfarastig. Eg vil nú ekki í þetta sinn vera að tala um tillagsupphæðina, eg vil ekki, að það líti svo út, að vèr metum frelsið í dalatali, því mèr hefir nú æfinlega fundizt frelsið vera svo mikils vert. Eg get nú ekki gjört að því, að eg hugsa mèr konunginn eins og góðan landsföður: Faðirinn tekur það ekki illa upp, þó barnið biðji um það, sem það þarf með, — þó að sonur, sem faðirinn hefir fengið í hendur sjálfforræði, komi til hans og segi: »Svona mikils finnst mèr nú eg þurfa með, faðir minn góður, svo eg geti notað sjálfsforræðið». En þá get eg nú ímyndað mèr, að svo kynni að standa á fyrir föðurnum, að hann segði: «Eg vil að vísu styrkja þig hvað eg get, og mèr getur skilizt, að þú munir þurfa svona mikils með, en eg get ekki öldungis fullnægt því, sem þú hefir nú upp á stungið, sonur minn góðnr; en svo mikið skal eg reyna að láta þig fá, sem eg get, og sem eg vona að þú komizt af með. Svona finnst mèr nú, að þessi málalok gæti orðið, og á líkan hátt ættum vèr að bera óskir vorar fram fyrir konung; það tæki hann ekki illa upp, því þá fyndum vèr orðum vorum hæfilegan stað; en óviðurkvæmilegt er, að bera þetta upp fyrir hans hátign konunginn sem skilyrði. En ef vèr færum nú hyggilegan bónarveg að konunglegri hátign, þá sýndum vèr það traust til hennar, að hún mundi veita oss svo mikið, sem henni væri mögulegt til þarfa vorra. Vèr ættum að meta fjárforræði og stjórnlegt forræði vort svo mikils, að vèr ættum að hliðra til, þótt vèr fengjum eigi hið hæsta tillag, sem vèr með rökum kynnum að geta farið fram á; vèr ættum að vera ánægðir með úrskurð konunglegrar hátignar, þegar vèr fáum flest og mest af því, er vèr um

biðjum. Eg hefi nú í fám orðum lýst sannfæringu minni, og mun eg því eigi tala lengra að sinni.

Stefán Jónsson: Ef vèr vildum gefa *allt* fyrir að fá frelsi, þá væri það auðgjört á þessu þingi. Ef vèr segjum já og amen til frumvarps stjórnarinnar í öllum greinum, þá förum vèr svo sem ekki sneyptir heim heldur sigri hrósandi yfir að hafa fengið frelsi það, sem frumvarpið býður, ef þinginu þykir það nóg. Eg játa, að eg vil gefa mikið fyrir frelsi og gjöri mikið úr því, en þó vil eg því að eins taka því og fá það, að eg sjái, að vèr getum notað það; en ef einhverjir þeir annmarkar eru á því, hvort heldur örbyrgð eða annað, sem gjörir það ómögulegt fyrir oss að nota þetta frelsi, þá er það þýðingarlaust. Og hvernig færi, ef vèr gengjum að þeim kostum, að vèr værum ver farnir eptir en áður? Eg vona nú reyndar, að hèr sè ekki því máli að skipta. En það segi eg fyrir mitt leiti, að ef eg stuðlaði til þess, að landið kæmist í annað lakara ástand, þá hefði eg fulla orsök til að fara ver en sneyptur heim af þessu langa þingi.

Framsögumaður: Viðvíkjandi því, er hinn heiðraði þingmaður Eyfirðinga sagði, skal eg einungis taka það fram, að eptir frumvarpinu fengjum vèr minna frelsi heldur en það sem vèr biðjum konung um, því vèr biðjum um meira en boðið er. Þegar nú þingið biður um meira frelsi, þá virðist mèr ekki ástæða að bæta því ofan á að setja *hærri* peningakröfur sem skilyrði fyrir hinu aukna frelsi. Mèr sýnist að *á þessu stigi* málsins, eigi menn í öllu falli eigi að fara lengra, en halda sèr til þess, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi og forseti hafa sagt.

Forseti: Fyrst að nú ekki taka fleiri til máls er undirbúningsumræðu þessari lokið. Á morgun getur enginn fundur orðið, nema ef búin yrði álitsskjöl til konungs í hegningarlagamálinu, og í málinu um afplánun fèsekta. Þegar atkvæðaskráin í stjórnarskipunarlaga málinu er búin, skal eg ákveða fund sem fyrst að mögulegt er, til þess að taka það til ályktarumræðu.

Jón Guðmundsson: Eg skal geta þess, að mèr er ómögulegt að verða búinn með álitsskjalið í málinu um afplánun fjesekta á morgun, vegna annara óumflýjanlegra starfa sem liggja fyrir mèr á morgun, og sem eg verð að búa mig undir í kvöld, eða jafnvel í nótt.

Framsögumaður: Álitsskjalið í málinu um hegningarlögin, hlýtur að verða býsna langt, og þó hinn háttvirti 4. konungkjörni

þingmaður hafi lofað mèr aðstoð sinni, sè eg ekki að við getum orðið búnir með það á morgun.

Forseti: Það er reyndar slæmt, en eg vona, að hinir háttvirtu þingmenn leggi fram alla krapta sína, til að leysa verk þessi af hendi sem fyrst. Að líkindum verður þá hvorki fundur á morgnè hinn daginn, en eg mun slá upp dagskrá þegar eg sè færi á, að fundur geti orðið.

Fundi slitið.

---

51. fundur. — 7. september.

Allir á fundi. Þingbók frá tveim síðustu fundum lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur nú í dag til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um konunglegt frumvarp til stjórnarskipunarlaga handa Íslandi.

(Sbr. síðari part alþingistíðiudanna bls. 561—592).

Forseti: Eg skal geta þess, að þar sem hinum 5. konungkjörna þingmanni er eignuð ein uppástunga á atkvæðaskránni undir 50. tölulið, þá hefi eg nýlega fengið að vita, að uppástunga þessi sè eiginlega framsögumannsins, en af því hún var með hendi hins 5. konungkjörna þingmanns, þegar hún kom frá nefndinni, þá hèlt eg hún mundi heyra honum til, þó hún væri ekki með nafni hans undir. Annars virðist mèr að ekki sè nauðsyn á nú, að skipta málinu í kafla til umræðu, heldur að vel megi ræða það allt í einu lagi, ef hinir háttvirtu þingmenn eru því ekki mótfallnir.

Jón Guðmundsson: Eg fyrir mitt leyti, treysti mèr eigi til að ræða frumvarpið í sambandi við þessa löngu atkvæðaskrá, allt í heild sinni, og hygg eg því, að bezt sè, að skipta einnig þessari ályktarumræðu niður í kafla.

Framsögumaður: Eg vil að eins spyrja hinn háttvirta forseta, hvort það sè nokkuð á móti rèttu formi, að gengið sè til atkvæða um tölulið 232 næst á eptir tölulið 222.

Forseti: Eg get ekki sèð, að nokkur ástæða sè til þess að fara svo að. Í tölul. 230, 231 og 232 eru fólgin, eins og þing-

menn sjá, þrjú atriði sem standa í sambandi sín á milli, og eru eins og 3 stig í uppástungum; fyrst, að árgjaldið verði sett sem skilyrði fyrir lögleiðingu frumvarpsins; annað, að það verði sett í niðurlagsatriði en eigi sem skilyrði, og í þriðja lagi, að það verði að eins sett sem uppástunga í álitsskjalinu til konungs. Nú vitum vèr eigi, hvort tölul. 223., 224. og 225. verði samþykktir eður eigi, og virðist mèr þá þýðingarlaust og ósamkvæmt að setja tölulið 232 fram fyrir þá, en fyrir framan tölul. 222 á það alls ekki við, En hvað hinu viðvíkur, þá er eg ekkert mótfallinn því, að málið verði rætt í köflum, ef það er margra ósk, og vil eg skjóta því til atkvæða hinna háttvirtu þingmanna, hvort þeir vilja það heldur.

Framsögumaður: Þegar eg spyr, hvort leyfilegt sè, að tölul. 232. komi næst á eptir tölul. 222, skal eg að vísu játa, að hinn háttvirti forseti muni hafa haft fulla ástæðu til þess, frá sínu sjónarmiði, að setja breytingaratkvæði mitt þar sem það stendur á atkvæðaskránni; en eg sè þrátt fyrir það ekki, að það sem eg fer fram á sè nokkuð á móti rèttu formi eins og innihald breytingaratkvæðisins í sambandi við hina undangengnu töluliði sjálft sýnir.

Forseti: Eins og eg þegar hefi sagt, álít eg það eigi rètt; en þar á móti getur maður áskilið, þegar gengið er til atkvæða um tölu-upphæðirnar í töluliðunum 223—225, að það komi síðar undir atkvæði, hvort þær skuli að eins verða settar í álitsskjalið til konungs, eins og stungið er upp á í 232. tölulið.

Framsögumaður: Eg vil þá skjóta þessu atriði, sem eg bar fram, til atkvæða þingsins, og til þess hefi eg fullkominn rètt.

Forseti: Eg sè eigi neina ástæðu til að skjóta þessu undir atkvæði.

Bergur Thorberg: Eg vildi að eins benda á eina prentvillu í tölul. 136., þar stendur: »ekkert frumvarp« í staðinn fyrir »ekkert lagafrumvarp«.

Pètur Guðjónsson: Eg vil að eins athuga, að mèr sýnist nauðsynlegt, að hafa sama fororð fyrir tölulið 100., sem fyrir tölul. 96., því báðir töluliðirnir eru bundnir sama skilyrði, sem sè því, að fallizt verði á 2 málstofur.

Forseti: Hinir háttvirtu þingmenn munu setja á sig þetta, sem bent hefir verið til, um það sem aðgæta þarf á atkvæðaskránni. Eg vil þá skjóta því til atkvæða, hvort ræða skuli málið í köflum eður allt í heild sinni. (Atkvæði greidd). Það er meiri hluti þings-

ins með því, að málið skuli verða rætt í köflum, og verður þá svo gjört.

Framsögumaður: Þá álít eg bezt fara, að 1. kaflinn sè ræddur út af fyrir sig, en hinir allir til samans.

Forseti: Eg álít rèttast að ræða 1. kaflann út af fyrir sig, 2.—4. kafla í einu lagi, og sömuleiðis 5.—8. kafla í einu lagi, ásamt með bráðabyrgðargreinunum og niðarlagsatriðum nefndarinnar; kemur þá 1. kafli fyrst til umræðu.

Konungsfulltrúi: Við undirbúningsumræðuna í þessu máli, sem er það mest varðandi, er nokkurn tíma hefir verið lagt fyrir alþingið, tók eg það fram, að Hans Hátign konungurinn ekki ætlaði að oktroyera nein grundvallarlög handa Íslandi án samþykkis þingsins, og að einmitt hèr með væri veitt þinginu samþykktarvald í þessu máli. En sjálfsagt hefi eg ekki neitt umboð til þess í nafni Hans Hátignar konungsins að tilsegja alþinginu annað og meira en það er varðar þetta þing, þessa samkomu alþingisins, því það er einungis við alþingi 1867, að eg er konungsfulltrúi, og eg hefi engan myndugleika til með mínum orðum að binda stjórn konungsins andspænis öðrum samkomum alþingis en þeirri, sem nú er við að líða undir lok. Heldur ekki hefi eg myndugleika til þess, eins og hinum háttvirta framsögumanni fórust orð við lok undirbúningsumræðunnar, fyrir hönd konungsins og stjórnar hans, að leggja fullnaðaratkvæði á samþykki þingsins, svo að frumvarpið með þeim breytingum, sem af þinginu verða gjörðar við það, geti orðið lögleitt, þegar eg ekki mæli á móti þeim við stjórnina. Eg hefi skýrt tekið það fram, að eg ekki get ábyrgzt þinginu, að allar þær breytingar, sem eg fyrir mitt leyti mun mæla með, geti orðið teknar til greina af stjórninni, en eg hefi lofað þinginu skýlaust að segja frá þeim breytingum, sem eptir minni sannfæringu, ef þingið aðhyllist þær, muni spilla málinu, og einnig þá þeim, sem eg mun mæla með, hvort eg vona, að stjórninni muni þykja þær aðgengilegar eða ekki. Með því held eg, að eg gjöri skyldu mína bæði gagnvart landinu og þinginu og gagnvart stjórninni; eg finn fyllilega til þessarar ábyrgðar, sem hvílir á mèr í þessari stöðu minni, og eg ætla ekki að draga mig undan henni, hvorki nú nè síðar meir, en eg óska, að staða mín — eins og hún er mèr full-ljós — einnig geti verið það öllum þingmönnum, öllum landsmönnum vorum. Þegar vèr viljum byggja frelsi og hagsæld þjóðfèlags vors, þá eigum vèr að byggja á föstum grundvelli sannleikans, því að

öðrum kosti getur byggingin ekki staðizt um aldur og æfi, getur hún ekki orðið til sannarlegs gagns fyrir land og lýð. En eg er viss um það, — því um það hafa umræðurnar í dag borið ljósan vott — að þetta er mark og mið allra þingmanna, eins og það er mitt; og þess vegna vona eg innilega og fastlega, að oss muni heppnast nú, þegar vèr eigum að leiða þetta allsherjarmál til lykta, að gjöra það svo, að það geti orðið oss til sóma, og föðurlandi voru og niðjum vorum til heilla og farsældar. Eg get ekki ábyrgzt — eg skal ítreka það — að eins frjálslegt og gott boð, og frumvarp þetta er, verði lagt fyrir þingið aptur, ef oss ekki heppnast nú að gjöra það svo úr garði, að stjórnin geti fallizt á það, með þeim breytingum sem þingið mun samþykkja; en af því eg vona, að meðferð þingsins á þessu máli, á hvern hátt sem hún verður, muni sýna, að það er alvarleg ósk þingsins, að stjórnarmálið verði útkljáð í þá aðalstefnu, sem frumvarpið fer í, þá skal eg, ef svo fer, mæla með því við stjórnina, að málið verði lagt að nýju fyrir þing hèr í landinu; en samt sem áður, eg er innilega sannfærður um það, að það í öllu sè landinu meira í hag nú að koma málinu í kring, en að láta það bíða í óákveðinn tíma, þótt vèr allir legðum það til, sem vèr gætum, til þess að þessi tími yrði sem stytztur. Eg hefi við undirbúningsumræðuna skýrt frá skoðun minni um breytingar þær, sem stungið var upp á af nefndinni, og eg skal nú einungis skýrskota til þess, sem eg þá tók fram, og sumpart við það að bæta því, er nú skal greina.

Við 1. grein skal eg geta þess, að tölul. 3., 6., 7. 8. þykja mèr vera aðgengilegir, en hinir ekki. Allar breytingarnar 1.—8. eru í raun og veru orðabreytingar, að minnsta kosti hefir hinn háttvirti uppástungumaður talið þeim þetta til gildis, en tölulið-irnir 1, 2 og 4 geta haft í sèr fólgna efnisbreytingu, og þess vegna skal eg mæla á móti þeim; hvað tölulið 4. snertir, skal eg taka það fram, að ef frumvarpið ekki innihèldi fleiri greinir en 1. —6. gr., þá gæti eg skilið, að menn óskuðu að bæta því við, að landið hefði sèrstök landsrèttindi, en af því, að allt frumvarpið heimilar þessi sèrstöku landsrèttindi, er orðabreytingin bæði ónauðsynleg og óheppileg.

Við 3. grein frumvarpsins skal eg skýrskota til þess, sem eg nægilega skýrt tók fram við undirbúningsumræðuna, og hèr einungis geta þess, að tölul. 11., 12., 13. og 18. þykja mèr óaðgengilegir, að frumvarpið óbreytt eptir minni meiningu er landinu

meira í hag en breytingarnar, og að eg fyrir mitt leyti get mælt með uppástungunni undir tölul. 14. Eg skal með tilliti til 13. töluliðs geta þess, að mèr þykir hann ónauðsynlegur, þar sem í tölulið 14 segir: «Þá skal ákveðið með lögum og með samþykki alþingis».

Við 5. grein er eptir minni meiningu tölul. 25. betur orðaður en tölul. 24.

Mèr þykir — eins og eg tók fram við undirbúningsumræðuna — hin nýja 6. grein nefndarinnar ónauðsynleg og ekki betur orðuð en niðurlag 3. greinar frumvarpsins.

Jón Guðmundsson: Eg er samþykkur hinum hæstvirta konungsfulltrúa í því, að eg vil aðhyllast 14. tölul., sem viðauka eður síðari lið 3. greinar frumvarpsins, í stað annars kafla sömu greinar eins og hann er nú, heldur verði hann úr felldur. Það mun ekki vera vanalegt, að hafa þessleiðis ákvarðanir í grundvallarlögum eins og þær sem eru í 2. kafla 3. gr. stjórnarfrumvarpsins eða fyrirskipanir og sèrstakar ákvarðanir um, hvernig eigi að ráða þessleiðis ágreiningi til lykta. Þetta er bæði vanalegra og rèttara að ákveða með *sèrstökum lögum,* og leiðir af hlutarins eðli, og því sem einnig er vanalegast og almennast í þeim efnum, að hið sama er að segja um ákvarðanirnar, er nauðsynlegar yrðu um hluttöku Íslands í því að leggja fè til sameiginlegu málanna, þegar svo væri komið, að Ísland ætti að taka þátt í þeim ásamt með meginríkinu, fyrirkomulagið sem hèr af leiðir, virðist einnig vera sjálfsagt að ákveða með sèrstökum lögum. Þetta eru aðalástæðurnar fyrir breytingar- og viðauka-uppástungum mínum tölul. 12. og 13.; falli breytingaruppástungan tölul. 12, læt eg mèr allt eins vel lynda tölul. 14, ef þar aptan við fengist tengt viðaukanum í tölul. 13. Eg fyrir mitt leyti hefi aldrei sèð í grundvallarlögum, og veit ekki til að í neinni stjórnarskrá finnist ákvörðun um það, að síðustu úrslit stjórnarmála skuli liggja undir konungsúrskurð, það væri líka eins móthverft anda og stefnu grundvallarlaga; en þar á móti get eg fellt mig vel við það yfir höfuð að tala, að slík ákvörðun komi fram í sèrstökum lögum, þó að mèr þyki næsta vafasamt, hvort sú ákvörðun gæti álitizt heppileg í þeim málum, er hèr ræðir um; en það umtalsefni kemur ekki fyrir, fyrr en farið væri að ræða hin sèrstöku lög þar að lútandi. Eg verð að halda því fast fram, að sèrstakt lagaboð komi út um þetta atriði; því hvernig fer, ef alþingi verður eigi samþykkt ríkisdeginum, eða þá

ríkisdagurinn eigi samþykkur alþingi um eitthvert mál? Eg álít þá, að málið hljóti að falla niður; en það er þó víst ekki meiningin, og gæti að vísu haft í för með sèr mjög viðsjálar afleiðingar. Eg skal svo eigi mæla meira fram með 12. og einkum 13. tölul., því mèr finnst þess eigi þurfa.

Framsögumaður: Eg skal leyfa mèr að geta, í tilliti til hinna almennu athugasemda, er hinn háttvirti konungsfulltrúi tók fram í þessu máli, að eg held, að það sè ekki hægt að taka betur í það frá almennu sjónarmiði, en hann gjörði, og virðist mèr engin þörf á að sýna frekar fram á það allrasízt nú. Viðvíkjandi þvínæst hinum einstöku breytingaratkvæðum skal eg taka það fram, að það er alveg satt, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að orðin, eða viðbætirinn: »með sèrstökum landsrèttindum» er óþarfur; því það er sem sè óþarfi að taka það fram með berum orðum í byrjun laganna, sem liggur í lögunum sjálfum. Lögin sýna sig í heild sinni og það *þarf* því ekki að sýna það í byrjun laganna, sem lögin sjálf fara fram á. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi gaf þinginu ýmsar bendingar um breytingaratkvæðin við 1. kafla frumvarpsins. Það er auðsèð, að breytingar þessar eru eigi þannig lagaðar, að þær bæti í nokkru frumvarp stjórnarinnar í sambandi við uppástungur nefndarinnar. Það er enn fremur auðsætt, eins og eg tók fram við undirbúningsumræðuna, að nefndin hefir gengið inn á sömu grundvallarskoðun, sem stjórnin hefir byggt á í 3. greininni. Nefndin sá það út, að ef þessari grundvallarreglu væri hrundið, þá væri öllu málinu hrundið; en það datt nefndinni aldrei í hug eða hjarta, heldur bætti hún að eins upp grundvallarstefnu stjórnarfrumvarpsins í þessari grein. Eg sè eigi annað sannara, en að 3. gr. stjórnarfrumvarpsins og 5. grein nefndarinnar eigi og hljóti að sameinast, eins og líka 2 málsgrein 3. gr. stjórnarfrumvarpsins verður að breyta eins og nefndin hefir líka gjört. Ef hinn hæstvirti konungsfulltrúi og þinginu kemur saman um hið rètta samband, sem er á milli þessarra greina, þá álít eg að 1. kaflinn ætti að vera útræddur. Þingið er skyldugt til að halda þessum fasta þræði stjórnarfrumvarpsins, og þá verða öll breytingaratkvæðin við 1. kaflann óþörf. Þingið á að halda fyrstu málsgrein 3. greinar frumvarpsins óbreyttri og skeyta þar aptan við breytingu á annari málsgrein, sem nefndin vill helzt að koma í staðinn fyrir alla 3. gr. og svo 5. gr. nefndarinnar. Eg fullyrði þannig, að mínir háttvirtu meðnefndarmenn hafa ekki meint annað en stjórnin, en það

vakír fyrir nefndinni nauðsynin á að ganga annan veg en stjórnin með tilliti hinna sèrstöku mála, og ákvarðanirnar um áhrif þau sem löggjöf Dana um almennu málin ættu að hafa á Ísland, meðan og sèr í lagi sem það eigi tekur þátt í henni.

Konungsfulltrúi: Eg held eg hafi tekið nægilega skýrt fram, að eg ætla að mæla með 5. grein nefndarinnar í sambandi við 3. grein.

Páll Vídalín: Eg skal í stuttu máli skýra frá áliti mínu á þessum kafla, sem nú er til umræðu. Hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að það væri óþarft að setja í 1. lið fyrstu greinar »með sèrstökum landsrèttindum«, af því það liggi í frumvarpinu sjálfu, en eg verð þá að segja, að það sè eins óþarft að setja þar, að Ísland sè »óaðskiljanlegur hluti« Danaveldis, þar eð það eins liggur í frumvarpinu eða 1. kafla þess. Eg tek frumvarpið svo, að það eigi að ákveða stöðu Íslands í ríkinu, og að þessi 1. liður fyrstu greinar eigi að tákna þetta, eða með öðrum orðum, alla undirstöðu frumvarpsins eða stjórnarskipunar Íslands, en þá verð eg að álíta jafn nauðsynlegt, að orðin »með sèrstökum landsrèttindum« sèu tengd við, þar eð hugmyndin um stjórnarstöðu Íslands á hèr að takast fram í stuttu máli, en er eigi annars tekin fram, nema að hálfu. Þá er hið annað atriði þessa kafla, er hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir eigi getað fellt sig við, og fleiri þingmenn hafa borizt í þann straum, nefnilega þar sem nefndin hafði sleppt því, að telja upp sameiginlegu málin, af því hún áleit rèttara að telja upp hin sèrstaklegu, sem alþingi fengi nú löggjafarvald yfir, en þar á móti láta hin sameiginlegu mál eða upptalningu þeirra að svo komnu, meðan Ísland tekur engan þátt í þeim, vera óákveðna. Mèr finnst það og heldur ekki fara vel á því að telja upp bæði hin sameiginlegu og sèrstöku málin, og verða þó að játa, að hvorug málin sèu tæmd í upptalningunni; stjórnin sjálf hefir játað það í frumvarpi sínu hvað sameiginlegu málin snertir, með því hún gjörir ráð, fyrir að ágreiningur verði um þau, og ákveður þá hvernig að skuli fara. Á sama hátt játar nefndin, að hún hafi heldur ekki tæmt upptalningu hinna sèrstöku mála, og þess vegna hefir hún tekið upp ákvörðunina í 6. grein nefndarfrumvarpsins, þar sem ákveðið er, hvernig að skuli fara, þegar ágreiningur verði um, hvort mál sè sèrstakt mál Íslands eða sameiginlegt með Danmörku. Mèr virðist því, að nefndin hafi farið með öllu rètt að, að telja upp sèrstök mál vor, sem enginn vafi getur verið um, en hafa þar á

móti nægilega yfirgripsmikil orð um sameiginlegu málin, eins og nefndin hefir gjört í 3. grein frumvarps hennar, og þar næst í 6. grein að hafa ákvörðun um, hvernig að skuli fara, ef ágreiningur verður um, undir hvorn flokkinn málin heyra, þar eð ómögulegt er að tæma hvoruga upptalninguna. Mèr finnst þetta alveg rètt, og ætla því að fylgja nefndinni, hvað sem aðrir þingmenn gjöra.

Framsögumaður: Út af ræðu þingmannsins, sem nú settist niður, skal eg geta þess, að það er merkilegt að gæta ekki að því, að ef nefndin og þingið hefir eðlilegan rètt til að telja upp sèrstöku málin, hljóti stjórnin líka að hafa eðlilegan rètt til að telja hin sameiginlegu málin. Hver er það sem gefur oss frelsi? Á þingið að segja stjórninni fyrir í þessu efni frekar en nauðsyn krefur, og staðizt getur með fullkomnu þjóðfrelsi Íslendinga í sèrskildum málum? Vèr verðum að gá að stöðu vorri; það er stjórnin, sem hefir rètt oss hendina en vèr eigi henni. Það sem er í frumvarpinu, það á að standa en hitt ekki. Eins og þingið líka verður að bæta upp ávantanir þess. Ef stjórnin hefir talið eitthvert mál sem sameiginlegt, er stríðir gegn rètti vorum, að sè sameiginlegt, þá eigum vèr að fella það úr. Látum stjórnina því rèttilega telja upp sameiginlegu málin en oss hin sèrstöku, en búum svo um takmörkin, að enginn iðrist. Eg sè nú ekki mögulegt, að sættavegur geti komizt á þetta allsherjarmál, nema því að eins, að upptalning stjórnarinnar á hinum sameiginlegu málum, standi óhögguð, og þetta hefir hinn hæstvirti konungsfulltrúi bent þinginu ljóslega á, enda álít eg ómögulegt, að hann geti mælt með málinu, ef nokkurt orð verður fellt úr 1. málsgrein 3. greinarinnar, einkum þegar hin sèrstöku málin eru líka talin. Gætum vel að því, að vèr höfum enn ekki máttinn en verðum að leita hans hjá stjórninni og sjálfum oss síðar meir. Það dugir því sannarlega ekki að heimta það af stjórninni, sem henni er ómögulegt. Þetta bið eg þingið vel að athuga.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, þá er fyrsti kaflinn útræddur, og kemur þá til umræðu annar, þriðji og fjórði kafli frumvarpsins.

Konungsfulltrúi: Hvað breytingaruppástungur þær, sem gjörðar eru við annan kafla frumvarpsins, snertir, skal eg skýlaust taka það fram, að þær, að svo miklu leyti sem þær beinlínis eða óbeinlínis miða til þess að setja önnur takmörk fyrir framkvæmd-

arvald konungs en þau, sem geta staðizt við grundvallarreglur hinnar lögbundnu konungsstjóruar, eru alveg óaðgengilegar, og að þær, ef þingið aðhyllist þær, muni spilla málinu með öllu. Eg hefi við undirbúningsumræðuna skýrt tekið það fram, að framkvæmdarvaldið í hinu konstitutionella monarki ótakmarkað á að vera hjá kouunginum, og að það er að grípa inn í hans Prærogativ (einkarèttindi), að vilja setja önnur takmörk í þessu tilliti en þau, sem beinlínis leiða af því, að konungurinn sjálfur er ábyrgðarlaus. Í grundvallarlögum á þess vegna að eins að ákveða, hver hafi ábyrgð á stjórninni, en ekki, hvernig ábyrgðin eigi að skiptast milli embættismanna þeirra, sem konungur á alveg frjálst að úthluta störf þau, er heyra undir framkvæmdarvaldið. Það eru, til þess að eg ítreki það, vafalaust einkarèttindi konungsins, alveg frjálst að skipta störfum þessum meðal embættismanna sinna, og í það má ekki grípa inn frá hálfu fulltrúaþingsins. Eg get nú vel sèð, hvað valdið hafi því, að nefndin hefir reynt til þess að grípa inn í þessi einkarèttindi konungs, en það er það, að í frumvarpinu, einungis til þess að gefa Íslandi sèrstakan, á grundvallarlegan hátt *garanteraðan* rètt til þess framvegis að hafa innlenda landstjórn —, er ákveðið, að landstjórnin eigi að hafa aðsetur sitt á Íslandi sjálfu. En þessi rèttur, sem í sjálfu sèr hefir hina mestu þýðingu fyrir landið, og sem menn ættu að virða svo mikils, að menn ekki ættu á hættu að spilla því með breytingum, sem eru alveg óaðgengilegar, er í frumvarpinu takmarkaður á þann hátt, sem nauðsynlegt er, ef hann ekki ótilbærilega á að gripa inn í hið konunglega *Prærogativ;* en þessi takmörk eru ákveðin í 21. grein frumvarpsins, sem segir, að landstjórnin eigi að framkvæma störf þau, sem henni eru á hendur falin, samkvæmt reglugjörð samþykktri af konunginum. Þessi reglugjörð, sem mèr virðist, að menn hafi misskilið, hvaða þýðingu hún ætti að hafa, er sjálfsagt sá úrskurður, hvar með konungurinn, samkvæmt hinu konunglega *Prærogativ,* á að skipta störfum hinnar æðri stjórnar meðal ráðgjafans og landstjórnarinnar; — en að vilja frá þingsins hálfu grípa inn í þenna rètt konungsins, það er eptir minni skoðun alveg ótilhlýðilegt og getur ekki annað en spillt málinu með öllu. Menn geta að vísu alveg sleppt 21. grein frumvarpsins og einnig þessum orðum í 7. grein þess: «og landstjórn, sem hefir aðsetur sitt í Íslandi sjálfu»; en eg held, að þingmenn óski ekki, að sleppa þessum ákvörðunum úr frumvarpinu, og eg skal þess vegna ráða þinginu frá að gjöra þær

breytingar við þessar ákvarðanir, sem eptir minni meiningu óumflýjanlega munu leiða til þess tvenns: fyrst, að frumvarpið með breytingum þingsins ekki getur orðið lögleitt, og í öðru lagi, að frumvarpinu, ef það verður lagt fyrir þingið aptur, verður breytt á þann hátt, að þessum ákvörðunum verður sleppt úr því. Eg hefi reynt til þess að ná samkomulagi við þingið um þessi atriði þannig, að bæði yrði öll sú trygging veitt þinginu, sem frá sjónarmiði þess má álíta nauðsynlega, og að ekki yrði gripið inn í hið konunglega *Prærogativ,* því að eins með þessum skilmálum getur samkomulag náðst; það dugar ekki að reyna til þess á annan hátt. En það sem þinginu eða þá nefndinni þykir mest áríðandi, það er, að landstjórnin ekki verði alveg ábyrgðarlaus andspænis þinginu, — og skal eg í þessu tilliti ítreka það, sem eg áður hefi sagt, að þetta engan veginn hefir verið tilgangur frumvarpsins, sem glöggt má sjá af ástæðunum bls. 28: «landstjórnin hefir fulla ábyrgð af því, ef hún fer út fyrir gjöld þau, sem alþingi veitir í fjárhagsáætluninni og fjáraukalögunum»; en stjórnin hefir álitið það ónauðsynlegt í grundvallarlögunum sjálfum, að taka upp sèrlega ákvörðun um þessa ábyrgð landstjórnarinnar, af því að einmitt ákvörðun um landstjórnina í sjálfu sèr ekki ætti að ákveða í grundvallarlögum; en hún er einungis tekin upp í frumvarpið til þess að veita landinu sèrstaka tryggingu. Til þess að gjöra allt það, sem í mínu valdi stendur til að ná samkomulagi við þingið um þetta atriði, skal eg fyrir mitt leyti mæla með breytingum þeim, sem í þessu tilliti stinga upp á því, er getur staðizt með hinu konstitutionella monarki, en þær eru töluliðirnir 40 og 41. Þeir raska eptir minni meiningu ekki grundvelli þeim, sem framkvæmdarvaldið er byggt á, og þeir veita á hinn bóginn í raun og veru þinginu alla þá tryggingu, sem má álíta nauðsynlega afleiðing af þjóðlegri stjórnarskipun: Hans Hátign konungurinn getur eptir þeim frjálst, eins og honum ber, skipt stjórnarstörfum sínum milli ráðgjafans og landstjórnarinnar, og samkvæmt því fyrirkomulagi, sem hann í þessu tilliti ákveður, verður seinna með lögum, sem alþingi á að samþykkja, ákveðið, hvernig skipta eigi ábyrgðinni milli þeirra.

Eg hefi með því að lofa þinginu að mæla með þessum breytingum, sem í öllu verulegu og yfir höfuð að tala í öllu mögulegu munu verða að óskum þingsins, sýnt og sannað, að frá minni hálfu er það full alvara að reyna að koma samkomulagi á; ef það er

þingsins alvara að gjöra hið sama, þá treysti eg því, að þingið með atkvæðum sínum felli þær breytingar, sem munu gjöra samkomulag í þessu tilliti ómögulegt, ekki að eins í þetta skipti, en yfir höfuð að tala, þegar ræðir um grundvallarlög handa Íslandi. En á hinn bóginn skal eg ítreka það, að eg get ekki ábyrgzt, að stjórninni þyki breytingar þær, sem eg fyrir mitt leyti hefi lofað að mæla með við hana, eins aðgengilegar og mèr; en eigi að síður, ef þingið sleppir hinum öðrum breytingum, þá skal eg fyrir mitt leyti fastlega halda þessum breytingum fram; en þar á móti álít eg það skyldu mína, skýlaust að taka fram, að eg get ekki annað en mælt á móti uppástungum þeim, sem komnar eru fram á atkvæðaskránni undir töluliðunum 36, 38, 39, 46, 49, 50 og 52.

Eg hef tekið það skýrt fram, við undirbúningsumræðuna, að uppástunga nefndarinnar um tvær málstofur eða tvær þingdeildir ekki veitir neina konstitutionel tryggingu, og eg skal hèr bæta því við, að breytingar þær, sem stungið er upp á við 36. grein nefndarinnar ekki bæta úr þessu; — en hèr af leiðir, að stjórnin ekki mun leggja í uppástunguna þá þýðingu, sem einmitt er tilætlazt með henni, að falla frá neinum öðrum ákvörðunum, sem hún hefir álitið nauðsynlegar í frumvarpinu til þess að veita tryggingu fyrir rólegum og friðsamlegum framförum þjóðfèlagsins, og að þess vegna þessi uppástunga að eins mun hafa töluverðan kostnað í för með sèr til einskis gagns. Eg skal bæta því við, sem eg held að þingmenn hafi gleymt, að þjóðfundurinn 1851 stakk upp á: »alþingi Íslendinga ræðir öll mál í einni málstofu», og motiveraði þessa uppástungu að eins með þessum orðum: »þær ákvarðanir, sem hèr eru teknar fram, fannst oss að leiddi *beint* af ásigkomulagi þjóðarinnar og landsins;» ef eg man rètt, hafa hinir heiðruðu nefndarmenn, þingmenn Vestur-Skaptfellinga og Eyfirðinga 1851 samþykkt þessar ástæður; en eg get ekki sèð, að ásigkomulag landsins í þessu tilliti hafi breytzt síðan, og eg fyrir mitt leyti er þjóðfundinum alveg samdóma í því, að ein málstofa leiðir beint af ásigkomulagi þjóðarinnar og landsins og að uppástungan um tvær þingdeildir er óeðlileg eptir því sem hagar til hèr á landinu. Eg er viss um það, að stjórnin ekki geti fallizt á þessa uppástungu, og skal þess vegna fastlega ráða hverjum þingmanni, sem óskar að frumvarpið verði lögleitt, að gefa atkvæði sitt á móti uppástungu þessari, sem kemur fram fyrst undir tölulið 95; en það sama er að segja um tölulið 96. og 97. Þó að eg haldi, — eins og eg

hef tekið fram, — að fjölgun þingmannanna ekki muni þykja stjórninni alveg óaðgengileg, er hún ekki að síður bæði ónauðsynleg, og frá þingsins hálfu ísjárvert að stinga upp á þess konar breytingu, án þess, áður en reynslan hefir sýnt og sannað að þess þurfi, vandlega að hafa yfirvegað kosningarlögin í heild sinni. Ef löggjafaþinginu sjálfu, þegar það kemur saman, virðist nauðsynlegt, að þessi fjölgun þingmannanna komist á, þá skal eg ekki vera því mótmæltur, og þess vegna mun eg mæla með uppástungunni undir tölulið 98, því mèr að minnsta kosti þykir það langtum eðlilegra, að láta löggjafarþingið sjálft dæma um þetta spursmál, eins og um hin önnur spursmál, er snerta kosningarlögin. Eg skal bæta því við, að eins og breyting nefndarinnar sjálf þykir mèr miður heppileg nú sem stendur, er það sama að segja um það form, sem hún nefnir á atkvæðaskránni, því töluliður 94., 22. gr., nefnir að eins tölu hinna þjóðkjörnu þingmanna, án þess að ákveða, frá hvaða kjördæmum eigi að kjósa tvo þingmenn, og frá hverjum einn, og töluliður 212, 1. gr. um stundarsakir ákveður eptir uppástungu nefndarinnar, að sú breyting á kosningarlögunum, sem leiðir af 22. gr. stjórnarlaga þessara verði gjör ákveðin með sèrskildu lagaboði. Þetta held eg sè öldungis formlaust, því þó það í ástæðum nefndarálitsins sè skýrt frá því, sem nefndin hefir hugsað sèr með þessu fyrirkomulagi, er það auðsætt, að þingið ekki gefi atkvæði um ástæður nefndarálitsins, hvorki í þessu atriði nè í öðrum, og stjórnin hefir á þann hátt ekki þá nauðsynlegu undirstöðu til að byggja þessa viðbót við kosningarlögin frá 1857 á, sem stungið er upp á undir tölulið 94., þó að þessi fjölgun þingmanna að öðru leyti gæti verið aðgengileg, eins og eg hef tekið fram, mundi máske þessi formgalli spilla málinu, og vegna þess skal eg fastlega ráða þinginu frá að aðhyllast þessa uppástungu.

Eg skal enn einu sinni leiða athygli þingsins að því, að spursmálið um það, hvort frumvarpið með hinum föstu þingsetum eða uppástungu um konungskosningarnar sè frjálslegri í sjálfu sèr, og eg skal taka það fram, að þegar þingmenn hafa farið orðum um það, að uppástunga þeirra einmitt miði til þess, ekki að binda konung eða stjórn hans við embættismenn, sem nafngreindir eru í 22. gr. frumvarpsins, eða yfir höfuð við embættismenn, og þess vegna væri nokkurs konar tilhliðrun frá þingsins hálfu, þá er þetta ber misskilningur um það, sem hèr ræðir um. Því það er auð-

sætt, að frumvarpið alveg tekur af konungskosningarnar með því að binda rètt og skyldu til að sitja á þinginu við viss embætti landsins, og einmitt þau, sem repræsentera alla æðri umboðsstjórn landsins í sèrstökum málum þess, og þannig gefa þinginu tækifæri til hjá þingmönnum sjálfum að fá allar upplýsingar þær um hverja einstaka umboðsgrein, sem áríðandi er fyrir þingið að fá, og einmitt á þann hátt, að hafa það bezta eptirlit með umboðsstjórninni sjálfri. Stjórnarráð það, sem gjört er ráð fyrir í ástæðum frumvarpsins, getur ef til vill orðið skipað þessum helztu embættismönnum, þótt þeir ekki hafi þingsetu, en ætlunarverk þess, að vera svo að segja þingsins ætíð vakandi auga með landstjórninni getur þó ekki náðst, því ef þessum embættum ekki verður veitt föst þingseta, þá verður tilgangur stjórnarráðsins í þessu tilliti, nefnilega að vera milliliður milli landstjórnarinnar og alþingis, ekki uppfylltur; og hinir þjóðkjörnu þingmenn, sem eg fyrir mitt leyti virði mikils í þessu fyrirhugaða stjórnarráði, geta að líkindum ekki fengið sæti í því, þegar það verður skipað embættismönnum sem þvílíkum, en ekki sem þingmönnum, — stjórnarráðsins Karakter verður yfir höfuð að tala allt annar — ef breyting nefndarinnar verður samþykkt.

Á móti tölulið 121 hef eg ekki neitt.

Töluliður 126 er eptir því sem eg tók fram við undirbúningsumræðuna öldungis óaðgengilegur.

Á móti tölulið 127 hef eg ekki neitt.

Við tölulið 134 skal eg skýrskota til þess, sem eg tók fram við undirbúningsumræðuna, að eg skal mæla með þessari breytingu með því skilyrði, að 46. gr. frumvarpsins verði óbreytt, en annars ekki. Við tölulið 149 skal eg geta þess, að eg fyrir mitt leyti að vísu ekki álít hann óaðgengilegan, en mèr þykir hann leggja ónauðsynlegt hapt á störf þingsins.

Ef breytingin undir tölulið 134 verður samþykkt af þinginu, get eg ekki annað en mælt fastlega móti tölulið 160.

Framsögumaður: Með tilliti til ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa skal eg geta þess, að eg gekk með þeirri von inn í þingsalinn, að atkvæðaskráin í þessu máli yrði svo stutt og óbrotin sem auðið væri; en samt sem áður hefir hún eigi færri en 232 töluliði inni að halda, og þó eru aðalspursmálin í henni ekki nema þrjú; já meira að segja, ef menn gjöra sèr sambandið milli *3. gr. stjórnarfrumvarpsins og 5. gr. nefndarinnar ljóst*, þá er að *und-*

anskildu spursmálinu um árstillagið frá Danmörkn öllu í raun og rèttri veru lokið; aðalspursmálið er nefnilega *grundvallarsambandið milli Íslands* og *Danmerkur,* en úrlausn þessa aðalspursmáls er aptur komin undir því, að rètt og vafalaust samkomulag komist á milli stjórnarinnar og þingsins um það, 1., hvað sèu *sameiginleg mál með Danmörku og Íslandi*, og 2., hvað sèu *sèrstakleg mál fyrir Ísland,* því þá er búið að leggja *grundvöllinn* til þess, að vèr *getum* og eigum fullan *rètt* og *kröfu* til að búa að ávöxtum hinnar fögru hugsjónar «*Constitutionelt Monarki*», hvar í aðsjáanlega felst, að vèr Íslendingar höfum óskert og fullkomið þjóðfrelsi undir lögboðnu konungsveldi í *sèrstökum* málum *alls áhrifalaust af Dönum* og *ráðgjafavaldi* í *Danmörku.* Með tilliti til þess, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi í *þessu efni* tók fram, þá gæti menn vel að því, að menn megi ómögulega blanda saman «Prærogativer» hjá konstitutionel og absolut konungi, því hèr er samkynja munur á, og er á *takmörkuðu* og *ótakmörkuðu* valdi konungsins. Og þar sem nú nefndin hlaut að ganga út frá og hafa fyrir augum *takmörkun* af konungsvaldinu, þá vona eg, að öllum hljóti að vera það auðsætt, að hún hefir alls ekki syndgað neitt í því tilliti, að hún hafi blandað þessu saman, og mèr virðast því orð hins hæstvirta konungsfulltrúa næsta ástæðulítil í þessu efni.

Allt svo hèr er allt undir því komið, að menn byggi rèttilega á sambandinu milli 3. og 5. greinar, ef það er gjört, þá eru miskliðirnar horfnar. Það er víst, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir mjög svo vandasama stöðu á hendi, og eigum við því ekki að fara því á flot, sem við sjáum, að hann ómögulega getur efnt; hann getur ekki útvíkkað sína heimild; þingið á þvert á móti að styðja og styrkja konungsfulltrúa, því það er í gegnum samkomulag og samvinnu þingsins og konungsfulltrúa, að vèr eigum að koma til heillavænlegrar niðurstöðu í málinu. Eg er líka sannfærður um, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir farið eins vel í þetta mál og honum var unnt, en nú hefir hann einmitt ekki haft á móti 5. gr. nefndarinnar í sambandi við 3. gr. stjórnarfrumvarpsins breyttri, sem eg hefi bent á, og þannig ekki haft á móti þeim *aðalgrundvelli,* sem allt stjórnarskipunarmál vort veltur á. En eins og þingið verður að styðja konungsfulltrúa í, að leggja þenna aðalhyrningarstein málsins, eins er þingið styrkur konungsfulltrúa í því, að byggja *svo* á þessari undirstöðu, að *rètti vorum og*

jafnrètti við Dani sè eigi haggað með tilliti til *fullkominnar þjóð-stjórnar* (Constitutionar) í *öllum* hinum *sèrstöku* málum landsins eptir 5. gr. nefndarinnar, því ella byggjum vèr ranglega á rèttan grundvöll. En í þessu tilliti koma fram einkum tvö aðalatriði, og er *annað*: ábyrgðin fyrir alþingi, að hún sè innlend (sjá 5. gr.), og að þingskipun vor sè föst og trygg, svo þingið sè því vaxið, að landstjórnin geti rèttilega haft óskerta ábyrgð fyrir því.

Að svo stöddu, skal eg nú að eins, með tilliti til þessa síðara atriðis, út af því, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði um tvær þingdeildir, geta þess, að það getur einmitt verið, að þjóðfundurinn 1851 hafi farið ranga götu, en hafi þá verið farin röng leið, því skyldum vèr þá ekki nú láta okkur verða þetta að kenningu, og leiðrètta það, sem þá var rangt. En það vona eg, að hinn hæstvirti konungsfulljrúi játi, að þjóðfundurinn var einmitt *ekki* 2 *þingdeildir,* svo þetta er þá auðsjáanlega engin ástæða gegn nefndinni. Að öðru leyti verð eg fyrir mitt leyti að álíta, að konungsfulltrúi, *rèttskilið,* einmitt í *þessu* efni hafi gefið þinginu góðar og eptirtekt[illegible]verðar *bendingar,* og eg tek það *enn* sterklega fram, að þingið má ekki ætlast til, að hann beinlínis *lofi* því, sem hann ekki getur vafalaust efnt samkvæmt *umboði* sínu nú; en í þessu liggur síður en ekki svo ástæða fyrir þingið að víkja hársbreidd frá þeim aðalvegi, sem greiddur er í 3. og 5. gr. til *fullkomins* og *tryggilegs* þjóðfrelsis vors í sèrskildum málum. Því sem sagt, þingið er máttur konungsfulltrúa og verndarauga landsins.

Konungsfulltrúi: Þótt eg viðurkenni, að hinum háttvirta framsögumanni gangi hið bezta til með tilraunum sínum til þess að samkomulag geti komizt á í þessu máli, þá held eg, að vegur sá, sem hann fer, til þess, að samkomulag geti náðst, ekki sè hinn heppilegasti; og eg skal fyrir mitt leyti biðja hinn háttvirta framsögumann, að taka orð mín í þessu máli, eins og í öðrum, í þeim skilningi, sem beint liggur í þeim, en ekki í þeim, sem menn, er vilja þýða þau á annan hátt, en eg hefi brúkað þau, geta lagt í þau. Eg fyrir mitt leyti álít það skyldu mína og þingsins í þessu máli, að tala án nokkurs fyrirvara eður alveg hreint og beint.

Framsögmaður: Eg skal játa það, að eg er má ske ekki manna skilnings beztur hèr á þingi, og hafi eg misskilið hinn hæstvirta konungsfullrúa, þá er eg fús til að leiðrètta þann mis-

skilning, en hann hefi eg enn eigi getað sèð, og get því eigi fundið ástæðu til að leiðrètta hann.

Eiríkur Kúld: Það er má ske sjálfsögð skylda að þakka framsögumanni fyrir hans snjöllu kenningu, um hina vandasömu stöðu konungsfulltrúa hèr á þingi, að því leyti sem honum hefir fundizt nauðsynlegt að gefa oss þessa skýrslu, en aptur get eg sem nefndarmaður hans, eigi þakkað honum eins fyrir það, hvernig hann hèlt svörum uppi fyrir nefndina, því uppástungur nefndarinnar um 2 þingdeildir, varði hann eigi með einu orði. Það er að vísu satt, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að á þjóðfundinum gjörðu menn yfir höfuð ekki ráð fyrir tveim málstofum, en til þess vil eg einungis svara því, að 1851 lá ekki annað eins frumvarp og þetta fyrir frá stjórninni. Eg hygg og, að meira hafi verið gjört úr tímatöfinni og kostnaðaraukanum við 2 málstofur en þörf var á, því þegar þingið er orðið að löggjafarþingi, þá hverfur margur kostnaðurinn, sem nú hvílir á því, t. a. m. þýðing þingbókar, skriptir á annari þingbókinni og fl., sem þó kostar mikið. Eg skal og geta þess, að eg bjóst við, að framsögumaður mundi verja 50. tölul. sem hann í rauninni er faðir að, þótt hinn 5. konungkjörni standi skrifaður fyrir honum. Hvað 97. tölul. viðvíkur, þá vona eg að hinn háttvirti 2. konungkjörni taki hann aptur, og vil eg skjóta því til hans, hvort honum sýnist hann geta komizt að eins og hann er orðaður. Eða hvernig virðist þingmanninum taka sig út í grundvallarlögum Íslands þessi orð: «og vera í stjórnarráði því, sem gjört er ráð fyrir í ástæðum fyrir frumvarpi stjórnarinnar o. s. frv». Breytingaratkvæði hins háttvirta þingmanns Gullbringu og Kjósarsýslu, get eg eigi aðhyllzt, enda mælir enginn með því, sökum þess, að það er ferfalt ófrjálslegra en ráð er gjört fyrir í tilskipuninni frá 8. marz 1843, *því* þar var kjörgengi bundið við 10 hundr. í fasteign, en þingmaðurinn vill nú hafa 40 hundr.

Framsögumaður: Eg þarf eigi að fara að skýra þinginu frá því góða samkomulagi, sem í nefndinni hefir verið, eða frá fundum vorum og samningum, þótt eg segi svo mikið, að mèr kemur það hvergi á óvart, þótt á mig verði lýst faðerni að 50. tölul., og er eg alls eigi ófús á að láta þann tölul. falla, ef hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður eigi getur verið þekktur fyrir uppástungurna, sem hann þó ásamt með fleirum gjörði *með* mèr. Fjarlægð Íslands frá Danmörku, þar sem 300 milur liggja á milli, gjörir

mikla örðugleika í þessu aðalatriði, eg vil fúslega játa, að mèr í þessu tilfelli yfirsèzt, en að eins hvað smáorðið: »*síðar*« snertir, sem er hrein orðabreyting, og er því fremur þörf á, að hver bæti um sitt, sem örðugt er að koma máli þessu í það horf sem þarf, og vil eg í þessu tilliti benda til þess, sem eg hefi áður sagt um ábyrgðina fyrir alþingi, svo öðrum sjáist nú eigi *meir* yfir en mèr, þar á síðar.

Stefán Jónsson: Hinn hæstvirti konungsfulltrúi gat þess meðal annars í ræðu sinni, að uppástunga vor, meiri hlutans, um tvær þingdeildir, væri gagnstæð því sem þjóðfundurinn 1851 fór á flot, og furðaði hann sig á því, að eg og þingmaður Vestur-Skaptfellinga, sem höfum undirskrifað þjóðfundarnefndarálitið, sem fer fram einni málstofu, skulum nú stinga upp á tvídeildu þingi; en margur hefir skipt skoðun sinni á skemmri tíma en 16 árum, og það hefir líka stjórnin sjálf gjört. Þess er líka vel að gæta, að einn af þeim sem var í þjóðfundarnefndinni, og það einhver hinn duglegasti og merkasti og stjórninni handgengnasti maður, einmitt þá, þótt allt stæði öðruvísi á, stakk upp á 2 þingdeildum og það með talsverðum ástæðum. En það sem einkum hvatti mig og nefndina, til þess að vera með 2 þingdeildum, eru einmitt orð stjórnarinnar sjálfrar, sem hún hefir í ástæðunum fyrir þessu stjórnarfrumvarpi, og svo hljóða: »Í flestum löndum, þar sem er þjóðleg stjórnarskipun, er farið fram þeirri reglu að hafa tvær málstofur, og er það hvorttveggja, að sú regla virðist vera réttust í sjálfri sèr, og bezt til þess fallin, að veita trygging fyrir rólegum og friðsamlegum framförum þjóðfèlagsins, ef því að annar hluti þingsins, sem venjulega er kvatt til, eptir frjálslegum kosningarlögum, er hvikulli og viðurtækilegri öllum áhrifum í svipinn, þá er hinn hluti þingsins, sem er skipaður eptir allt öðrum reglum (efri málstofan), settur til þess að halda í taumana — enda er reynslan búin að sýna, að svo er».

Þetta er eigi lítil meðmæling með tveimur þingdeildum, og ástæður þær, sem stjórnin þar á eptir tekur fram móti tvídeildu þingi hèr á landi eru engan veginn svo ríkar, að þær hrindi þessari einu, sem tekin er fram til meðmælingar. Kostnaðurinn er sú eina verulega mótbára, sem færð verður móti tvískiptingu þingsins. Þótt kosningarnar allar séu mjög frjálsar, þá ættu hinir konungkjörnu að veita nægilega tryggingu í samvinnu við 6 hina elztu og reyndustu af þjóðkjörnu þingmönnunum.

Halldór Kr. Friðriksson: Um 50. tölulíðinn veit hinn háttvirti þingmaður Árnesinga það allt eins vel og eg, að eg á alls ekkert í hugsuninni og ekkert í því breytingaratkvæði, því að eg þykist ekkert eiga í því fyrir það, þótt eg væri viðstaddur, er hann samdi það, og væri með að orða það. Viðvíkjandi hinum töluliðunum vil eg geta þess, að konungsfulltrúi þóttist fallast á 40. og 41. tölulið, og finnst mèr það mega gleðja alla nefndarmenn, að aðalhugsunin í 39. tölulið, nefnilega uppástungu nefndarinnar, er öll hin sama eins og í 40. töluliðnum; eini munurinn er sá, að í 40. tölulið stendur ráðgjafinn nefndur á undan landstjórninni. Nefndin getur því ekki neitt haft á móti því, að þingið aðhyllist 40. tölulið. 41. töluliður finnst mèr betur orðaður hjá nefndinni. Þegar svona er komið, þá finnst mèr ágreinigurinn milli konungsfulltrúa og nefndarinnar vera orðinn næsta lítill; einkum ef felld eru burtu orðin í 46. tölulið: «en eigi skulu landstjórar færri en þrír». Vona eg að forseti leyfi að gefa atkvæði um það sèrstaklega; og get eg svarað fyrir mig og nokkra af meðnefndarmönnum mínum, að þeir munu fúslega láta það falla. Felli menn nú líka burt 84. töluliðinn, þá er ekkert eptir í 10. og 21. grein, er stjórnin eigi geti gengið að. Ef sleppt er aptan af 87. tölulið, þá kemur fram það, sem nefndin vill; nefndinni þótti að eins rèttara, að það stæði í 10. grein; en um þess konar formspurningar vil eg eigi gjöra neitt kappsmál, því að slíkt er eigi verulegt. Það hafa svo margir af mínum heiðruðu meðnefndarmönnum og öðrum haldið uppi svörum fyrir tveimur þingdeildum, að eg þarf eigi að fjölyrða um það efni. Það er að svo komnu eigi hægt að koma með neina áþreifanlega sönnun fyrir því, að tvær þingdeildir veiti þá trygging, sem nefndin ætlar, en hitt ætla eg, að öllum muni ljóst, að mikil líkindi sèu til þess, að vandaðri verði meðferð málanna, þegar svo er til skipað sem nefndin vill, og á þann hátt er fjallað um málin, sem hún ætlar til. Það sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram um 33. grein í sambandi við 46. grein vil eg eigi neitt um segja, nema hvað mèr finnst eðlilegt, að þingið skapi sjálfu sèr þingsköp, og mun það, er það verður löggjafarþing, eigi kasta að þeim höndunum, eða setja þau svo, að ugga þurfi um vandaða meðferð á málum.

Framsögumaður: Þótt hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður teldist undan frændsemi við 50. tölulið, þá gleymdist honum að segja, hvað mest væri á móti honum, og skal eg, ef hann

vill, lofa honum að hvísla því að mèr, og síðan skila því frá honum til þingsins.

Arnljótur Ólafsson: Hinn háttvirti framsögumaður tók fram, að staða konungsfulltrúa hèr á þingi, væri mjög vandasöm og ábyrgðarmikii. En má eg spyrja: Er eigi staða vor allt eins vandasöm og ábyrgðarmikil? Eg fyrir mitt leyti álít að svo sè, þar sem vèr höfum að standa reikningsskap þjóð vorri og niðjum vorum um ókomnar aldir, á því, hvernig vèr leysum úr þessum spurningum: Hvað er aðgengilegt? Hvort verður lengst komizt? Hvað er ófáanlegt? Vèr viljum allir stjórnarbót, góða stjórnarbót, og að hún komi sem fyrst, en eigi þá er innan skamms verði oss að fótakefli. Eg efast eigi um, að þetta stjórnarskipunarfrumvarp gæti orðið oss enda til mikilla heilla, þó það væri lögleitt óbreytt, en það er víst, að sumt af því má skilja svo, að það mundi mega snúa því mjög á hendur oss til óhagnaðar, svo að vèr getum eigi gengið varúðarlaust að því. En þá er það og að varast, að breyta eigi svo mjög til, að málið fyrir þá sök hljóti að falla og verði þannig lagt á hylluna (Margir: Þetta hefir enginn sagt). Hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir bent til, að svo gæti farið *(Jón Guðmundsson*: Hann hefir aldrei talað það). Eg get eigi að því gjört, þótt þingmaðurinn heyri eigi eður skilji. Hinn *háttvirti framsögumaður* hefir *fyrstur* sagt og margir aðrir hafa þrásinnis tekið það fram, að þetta þing væri *samkomulagsþing*. Þar sem nú *samkomulag* á að komast á, þar verða að minnsta kosti tveir að eiga hlut að máli. Í þessu eru það nú Íslendingar og konungur, er hlut eiga að máli. Hvorirtveggja verða að hafa rètt til að segja: að þessu *get eg* gengið, og að þessu *get eg eigi* gengið. En nú eiga, og nú þurfa báðir málsaðilar að koma sèr saman, og því verður konungsfulltrúi fyrir hönd konungs, og alþingi fyrir hönd Íslendinga, að laga sig hvort eptir öðru, að rètta hvort öðru sáttgjarna hönd til þess að samkomulag geti á komizt. Eg er sannfærður um, að ef vèr höfum þenna hug, þá muni allt vel fara og vèr fá góða stjórnarbót.

Nú komum vèr þá að hinu öðru skerinu, er eg leyfi mèr svo að kalla, hið fyrra sker kalla eg sameiginlegu málin en hið síðara ábyrgðina. Þau eiga bæði sammerkt í því, að þau snerta samband Íslands við Danmörku *(Benedikt Sveinsson*: *Rangt, öldungis rangt)*. Fátækt landsins og fjarlægð þess hafa nú um margar aldir verið einhverjir hinir mestu vandræðagripir vorir, og það er merkilegt

að nú í stjórnarbót vorri skuli hin fyrri vandræðin rísa af fátækt vorri, en hin síðari af fjarlægðinni. Vèr getum því með sanni sagt, að vandasamt sè að bæta úr þessum göllum. Að þetta sè svo er auðsætt, þegar menn líta á atkvæðaskrána um 7.—10. grein frumvarpsins og eins um 21. grein, og sjá hversu margar og margbreyttar uppástungur hafa gjörðar verið til þess að koma á-byrgðinni haganlega fyrir. Hvað þá fyrst 7. grein frumvarpsins snertir og breytingarnar við hana, eða töluliðina 33—37, þá finn eg þar ekkert að athuga, því þar eru ekki gjörðar nema orða-breytingar. Einungis þykir mèr orðaskipunin í 36. tölulið óskipu-leg og dálítið hneykslanleg, þar sem landstjórnin er þar sett á undan ráðgjafanum; en að öðru leyti er þar engin breyting gjörð á frumvarpinu. Þá er 8. grein. Vil eg þá fyrst bera saman 39. og 40. tölulið, því að um 38. tölulið ætla eg eigi að tala að svo komnu. Þeir eru eins að efninu til; eini munurinn er sá, að í 39. tölul. stendur *landstjórarnir*, en í 40. tölul. *landstjórnin*. Eg og hinn háttvirti þingmaður Norður-Þingeyinga völdum þetta orð svo að tölu landstjóranna væri haldið ótiltekinni, sem sjálfsagt er að gjöra, en eigi til þess, að ábyrgðin yrði sameiginleg eða »Col-legial», þó landstjórarnir yrði fleiri en einn. Þetta sèst, ef 78. tölul. er tekinn til samanburðar, því að þar stendur »*landstjór-ann*» eða «*landstjórana*». 41. tölul. finnst mèr nákvæmari en 42.; en efnið í þeim er hið sama. Eg hleyp nú fram hjá breyt-ingaratkvæðum hins háttvirta framsögumanns undir 38., 47., 48. og 50. tölul.; það gjöri eg eigi af því, að eg álíti eigi hugmyndina, einkum í 38. og 50. tölul. alveg rètta í sjálfu sèr, sem nærri má geta, heldur af því, að vart mun auðið að hafa ráðgjafann yfir 300 mílur frá konungi, og láta hann þó skrifa undir með honum.

Þessu næst vil eg nú bera 46., 49., 51. og 52. tölul. saman við 87. og 88. tölul. Eptir 51. tölul. á að fella úr 52. tölul. orðin «af þeirra hendi». Gjörum nú svo; en hvernig hljóðar greinin þá? Meiningin verður sú, að konungur skrifar undir og annað-hvort ráðgjafinn einn eða þá ráðgjafinn og landstjórinn. Þar er engin takmörkun sett önnur en sú, að konungur getur valið um, hvort ráðgjafinn einn eða hann og landstjórinn báðir í sameiningu skuli skrifa undir, og eptir því fer ábyrgðin (*Framsögumaður*: Þetta er «*specielt*» og allt *rangt*)! Eg get þó ekkert »specielt» fundið hèr nema í breytingar-uppástungum framsögumanns sjálfs (*Framsögumaður*: Enn *rangt?*) Eg tók það fram við undirbún-

ingsumræðuna, að ef ábyrgðin væri einungis bundin við undirskriptina og tveir menn ættu að skrifa undir, þá gæti hver þeirra kennt öðrum um og ábyrgðin ruglazt eður enda fallið niður. Eg skal nú samt eigi leggja áherzlu á þetta (*Jón Guðmundssou*: Það er ekki vert). Fyrst að þingmaður Vestur-Skaptfellinga segir það sè eigi vert, þá er það víst heldur eigi! En þess vil eg leyfa mèr að geta, að mèr finnst eðlilegra og rèttara að kveða á um verksvið landstjórans og ráðgjafans, og ákveða svo, að hvor um sig skuli hafa ábyrgð af sínum verkum, svo sem gjört er í 87. tölul.; en varast sem mest samvinnu þeirra manna, er ábyrgð eiga að hafa. Hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptafellssýslu er fastur á einu, og það ætla eg og að vera með honum, sem sè, að sá, sem skrifar undir með konungi, hljóti að vera við hlið hans. Þetta er rètt, með því að konungur og ráðgjafi í stjórnfrjálsu landi eru *einn* maður eður *ein eining* í tveim persónum. En hvað leiðir svo af þessu? Leiðir það af því, að ráðgjafinn getur skrifað undir «*af annars hendi*», í öðru landi, eða að maður í öðru landi geti skrifað undir með honum svo laglega fari? Nei, því þá væru þessar óaðskiljanlegu persónur skildar að (*Framsögumaður:* Þetta er «Statsraadssag»). Það mun satt vera, og einmitt þess vegna, segi eg þetta (*Jón Guðmundsson*: Dönsku grundvallarlögin § 10). Hvað kemur sú grein þessu máli við? Í skoðun sinni á þessu máli hefir þingmaðuriun rètt að mæla, ef hann bara gæti flutt Ísland til Sjálands, en annars rangt. Uppástungurna við tölul. 87. gjörðum við til þess að halda fram rèttri hugsun hjá þingmanni Vestur-Skaptfellinga. Það er annars merkilegt, að svo vel sem okkur kemur saman þingmanni Vestur-Skaptfellinga og mèr, þá skilur okkur þó eitt, og það er það, að hann kemst ekki í hugsun sinni nema á hálfa leið, þá stökkur hann á aðra götu, en eg vil halda beint áfram. Hann hugsar í sprettum og spottum, en eg vil hugsa til enda eður svo langt sem eg kemst. Við byrjum báðir á ráðgjafa við hlið konungs og við viljum báðir hafa, að ráðgjafinn og landstjórinn hafi ábyrgð; en svo skilja leiðir með okkur, því að ýmist gjörir þingmaðurinn ráðgjafann að einberum flutningsmanni og umboðsmanni landstjórnarinnar (sjá 49. og 52. tölul.), eður að hann tekur umboðið burt og með því ábyrgð landstjórnarinnar (sjá 51. tölul.).

Eg ætla mèr nú eigi að mæla fram með 87. tölulið, en það eina vil eg segja, að þar er landstjórninni markað eðlilegt verk-

svið; og þar kemur og fram ábyrgð, sem er bæði eðlileg og tryggjandi. Má eg nú spyrja, í hverju er það eiginlega fólgið, að ábyrgðin liggur á undirskriptinni? Er það fólgið í því, að nafn sè skrifað á blað? Nei, það held eg sè saklaust, heldur er það fólgið í því, að undirskriptin er *sönnun* fyrir, að ráðgjafinn hafi *ráðið* konungi til að skrifa undir. Og því hefir ráðgjafinn eiginlega ábyrgð af *tillögum sínum*. Það er nú á ábyrgð þingsins, hverja töluliðina það heldur vill. Eg hefi meiri von um, að 87. og 88. tölul. nái hylli konungs vors, að minnsta kosti eru þeir eigi svo »stödende» eða óviðkunnanlegir, og 49. og 52. tölul. Eg veit hvergi dæmi til þess, að tveir menn sinn í hverju landi skrifi undir með konungi sem ráðgjafar (*Jón Guðmundsson:* Ætli það fyndist ekki á hyllunni?) Það skyldi þá vera á hyllunni í skrifstofu Þjóðólfs. Ef menn eru nú hræddir við nýlendustjórn, þá líkist uppástunga nefndarinnar henni meir en mín uppástunga undir 87. og 88. tölul., því að í mörgum nýlendum Englendinga gefur landstjórnin út lögin, er hafa fullt gildi altènd fyrst um sinn; en í Noregi skrifa þeir af ráðgjöfum Norðmanna undir með konungi, sem eru hjá honum í Svíaríki.

Þá kemur nú skipun alþingis, og er þá helzt að athuga þingmannafjöldann, hvort hafa skuli eina eða tvær málstofur, og svo þingsköpin. Hvað þá þingmanna fjöldann snertir þá er eg á sama máli sem nefndin að fjölga skuli hinum þjóðkjörnu þingmönnum, svo þeir verði 30. En eg held, að það verði varla gjört fyrir fyrsta þing, af því vèr höfum ekki önnur kosningarlög, en þau frá 6. janúar 1857. Öðru máli hefði verið að gegna, ef nefndin hefði búið til nýtt kosningarlaga frumvarp eða komið með breytingaratkvæði í þá stefnu. Eg vil því stinga upp á því við hinn háttvirta framsögumann og hinn háttvirta forseta, hvort ekki væri tiltækilegt að bera upp á undan 94. tölulið 98, og ef hann yrði samþykktur, þá að bera 94. tölulið þannig upp, að talan yrði óákveðin, síðan fyrri lið, af 99. tölulið, eða þá ef tölulíður 94. væri felldur, að skipta 99. tölulið þannig, að gengið væri til atkvæða sèrstaklega um fyrri lið hans. Úr því nú að þjóðkjörnir alþingismenn geta, hvort sem er, naumast orðið nema 21 á hinu fyrsta löggjafarþingi voru, þá finnst mèr órètt að fara að fjölga þeim nú, því það er eins og vèr sèum að taka fram fyrir hendur á hinu löggefandi alþingi. Ef 98. töluliður verður samþykktur, sem eg vona, þá geta menn svo hæglega komið á síðan fram með uppástungu um fjölgun þing-

manna. Eg álít að rèttast sè að breyta sem minnst í fyrstunni, en geyma sèr rètt til að gjöra það, þegar vèr verðum sannfærðir um, að breytingin sè þörf og nauðsynleg. Um konungskosningarnar er eg samþykkur nefndinni með breytingum hins háttvirta 4. konungkjörna þingmanns, undir 92. tölulið og 93.

Hvað nú tvær málstofur snertir, þá leiðir það af því, er eg nú hefi sagt, að þær geta ekki komizt á fyrst um sinn, því eg vona þó að þessir tveir háttvirtu einkafeður þeirra sem svo eru kallaðir, fari ekki svo langt, að þeir endilega vilji skipta 21 þjóðkjörnum í tvær deildir. Hinn heiðraði þingmaður Eyfirðinga tók það rèttilega fram, að í tveim málstofum *ætti* að vera trygging. Eg ætla nú að leyfa mèr að skoða þessa trygging eptir uppástungum nefndarinnar og breytingaratkvæðunum. Byggist hún á því, að mál hvert er rætt tvisvar, þrisvar, eða fjórum sinnum? Svo opt verður nú málið rætt ef ágreiningur kemur, og þá á nú tryggingin einmitt að sýna sig í dýrð sinni. Eg skal nú alveg sleppa kosningarlögunum og kosningunum í efri málstofuna, og er eg þá sannarlega mildur við nefndina; en eg vil að eins athuga, hvernig tryggingin verður eptir töluliðunum 137—139. Eg verð að játa, að uppástungan undir 137. tölul. er mèr ekki alveg ljós, það er að segja niðurlagið, eg skil eigi vel þessi orð: »í þá stefnu». Eru báðar þingdeildirnar alveg bundnar við það, sem úrvalsnefndin segir? Jú það er auðvitað. Hèr stendur skrifað: »Hvor þingdeildin fyrir sig skal ráða málinu til lykta *í þá stefnu,* sem úrvalsnefndin leggur til». Þetta er með öðrum orðum, hvorug deildin má segja nei, ef úrvalsnefndin segir já, heldur verða þær að segja já og amen til alls þess, er úrvalsnefndin vill, hvort sem þeim er það ljúft eða leitt. Til hvers er þá að bera málið undir þingdeildirnar aptur? (*Jón Guðmundsson*: Það er bezt að lesa í grundvallarlögunum § 53). Það væri þá nær fyrir þingmanninn að leggja þessi grundvallarlög hèr fram í salnum, svo fleiri geti sèð, hversu rètt hann hefir lagt þau út. (Framsögumaður: *Þingsalurinn* er ekki *barnaskóli*), heldur en að vera að vísa mèr í þau á þenna hátt. Þá sný eg máli mínu að 138. tölul. Í þessari grein er reyndar trygging, það skal eg játa, en að eins fyrir efri málstofuna; því ef vèr gætum að, þá er þriðjungur þingmanna í efri málstofunni, en tveir þriðjungar í neðri málstofunni; en málið kemst nú eigi fram eptir þessari uppástungu nema tveir þriðjungar atkvæði sèu með því, það er með öðrum orðum öll, neðri

deildin verður að vera með því, annars nær málið eigi fram að ganga. Menn kunna nú að segja, einhverjir í efri málstofunni geta verið samdóma neðri málstofunni. Svo er víst, en meiri líkindi eru fyrir hinu gagnstæða. Það er alveg rètt að ímynda sèr, að jafnstór tiltölulegur hluti þingmanna í neðri málstofunni sè á máli þingmanna í efri málstofunni, eins og í efri málstofunni á máli þingmanna i neðri málstofunni. (*Stefán Thordersen*: Það er ekki víst, að allir í efri þingdeildinni sè á sama máli). Eins getur verið í báðum þingdeildunum. Af því nú að helmingi fleiri eru í neðri málstofunni, á efri málstofan eptir þessum líkindum að vinna tvo menn úr neðri málstofunni á sitt mál fyrir hvern einn, er neðri málstofan vinnur úr hinni efri. Eptir þessu verður það ofan á, sem efri málstofan vill, eða rèttara að segja: sèrhvert ágreiningsmál fellur. Eins er aptur á hinn bóginn, ef vèr tökum 139. tölulið, að þá verður efri málstofan alveg á valdi neðri málstofunnar, svo sem eg benti á við undirbúningsumræðuna. Í einu orði, eptir þessum tveim uppástungum verður annaðhvort neðri málstofan leiksoppur í hendi efri málstofunnar, eður þá hin efri málstofa í hendi hinnar neðri, og hvar er þá tryggingin? Mèr sýnist því rèttast, að hætta við málstofur þessar fyrst um sinn, en taka ráð hins háttvirta þingmanns Vestur-Skaptfellinga, er kvað vera annar þessara ágætismanna, er fundið hafa þetta mikla púður, að leita á hyllunni.

Nú hefi eg talað nokkuð um tryggínguna, og því er eigi meira en sanngjarnt, að eg drepi á helztu ókosti þá, er þessar tvær málstofur hafa í för með sèr. Fyrst og fremst er þá kostnaðurinn, sem ekki er vert að gjöra svo lítið úr, þó vèr Íslendingar sèum ríkir og alþýða hafi lítil gjöld að bera! (*Framsögumaður:* Er þingmaðurinn orðinn *strax fjárstjóri Íslendinga?*) Því næst er þá tímatöfin við að margræða málin. Mèr finnst eigi rètt að leika sèr að því að teygja tímann á langinn; eg held, að hvorki vèr nè alþýða óski þess í rauninni. Loks er það rígur sá, er verða mun á milli beggja þingdeildanna. Menn segja: nei, þá gengur allt í sátt og samlyndi, en má eg þá leyfa mèr að spyrja: Er eigi nóg ósamlyndi hèr í einni málstofu, þó það verði ekki gjört meira með því að skipta mönnum svona í sundur eða lögleiða ósamlyndið? Eða eru menn hèr á þingi svo miklir fylgifiskar, að það þurfi að rífa þá hvorn frá öðrum? (*Jón Guðmundsson*: Spyr stjórnina!) Já, hún mun svara þingmanninum á sínum tíma, að hún meti eigi

tvískiptinguna hans túskildings virði. Eg segi, að allir sè hèr á þingi hver öðrum svo óháðir, að eigi þurfi að stýja mönnum í sundur. Eg er því á móti tvískipting þingsins að svo komnu.

Um þingsköpin skal eg vera fáorður. Eg skyldi fallast á breytingar nefndarinnar við 33. grein frumvarpsins, ef eg vissi fyrir víst, að þingið þá fèllist á 46. greinina óbreytta; en standi 33. grein frumvarpsins, þá vil eg halla mèr að breytingu nefndarinnar á 46. greininni, því mèr finnst auðsætt, að vèr megum eigi fella báðar þessar greinir, heldur að eins aðra þeirra.

Eg skal þá eigi tala meira um þetta mikla mál. Eg treysti því að eins, að þau verði málalok hèr á þingi, að eg geti borið heim með mèr hèðan úr salnum, þá hina dýru von, að vor mildi konungur geti staðfest frumvarp það, er kemur frá þinginu. Snemma leiddu forfeður vorir það í lög, að enginn skyldi lengur vera í útlegð en 20 ár. Nú höfum vèr verið 19 ár útlagar frá allri stjórnarbót þeirri, er hinn hásæli konungur hèt oss sem öðrum þegnum sínum. Eg treysti því, að hinn vísi og rèttláti eptirrennari hins sæla frelsisgjafa í hásætinu muni eigi láta svo líða til enda hið tuttugasta árið, að vèr eigi verðum hluttakandi í stjórnarbót þeirri, er vèr þörfnumst svo mjög og þráum.

Forseti: Eg er ekki mótfallinn því, að 98. töluliður verði borinn upp til atkvæða á undan 94. tölulið, ef menn halda því fram.

Framsögumaður: Eg verð þó að svara hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga fáeinum orðum, þó mèr virðist *fæst* svaravert í þessari löngu ræðu hans. Eg vil þá *fyrst og fremst* geta þess, að eg vildi, eins og auðvitað er, fúslega ganga af stað með þingmanninum upp í konungsfulltrúasætið, svo framarlega sem eg gæti álitið, að hann gæti leitt mig þangað feti nær. En það er nú hvort um sig, að eg álít sæti konungsfulltrúa núna *vel skipað*, enda mundi hvorki *eg* nè þingmaður *Borgfirðinga* verða kvaddur eða kallaður til að skipa það, þó það væri alveg autt. Hinn háttvirti þingmaður verður því að vera einn síns liðs fyrir mèr, því *eg* skoða *mig* sem *þingmann*, sem þjóðkjörinn fulltrúa Íslendinga, og *eg* skoða *konungsfulltrúa* sem *umboðsmann konungs*, þann mann, er stendur í stöðu sinni rèttilega, þann mann, sem elskar ættjörðu sína Ísland, elskar Danmörku, elskar sannleikann, sem einn getur gjört Ísland og Danmörku sæla. Veri nafn hans með óafmáanlegu letri um aldur og æfi í þingtíðindunum. Eg vona,

að þingið skrifi hvert það orð, sem eg nú mæli. Mèr getur sannarlega ekki annað en virzt ræða hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga hafi verið að eins töluð til hins hæstvirta konungsfulltrúa til að sýna honum og gefa honum bendingar um, hvernig hann eigi að taka í strenginn, þvert á móti því, sem hann áður hefir sjálfur gjört. Þess var þaðan von, eins og þingmaðurinn lèt eptir sig liggja um mig núna.

Það er auðsèð, að þingmanninum varð það nú á, sem hann fann að um þingmann Vestur-Skaptfellinga, hann hljóp stökk frá kjósendum sínum frá *þjóðinni* til *stjórnarinnar*, enda lást hinum háttvirta þingmanni skemmilega eptir að sýna, að ekki væri alrètt að farið af mèr í málinu, og það einmitt í því, er að aðalgrundvelli þess lýtur. Já, ef hinn háttvirti þingmaður ætlar nú að fara að sameina *uppástungur sínar* við sambandið milli *Norvegs* og *Svíþjóðar*, já þá hefi eg fyrst gaman af að sjá, hvort hann ekki verður á móti *21. grein stjórnarfrumvarpsins*. Á þá þetta þing að jafna Íslandi og Danmörku saman við Norveg og Svíþjóð? Segi þingmaðurinn til þess! Merkilegt er það sannlega, að hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga, skuli leyfa sèr fyrir þingheimi að draga ástand það hèr, sem hann, eg segi sem hann nú hèlt fram, Cololnialstjórn af verra tagi út úr *sambandinu milli Norvegs og Svíþjóðar?* Allir mínir heiðruðu meðnefndarmenn vildu í frumvarpi sínu, reyna að nema alla mistrygging burt, sem óumflýjanlega hefði flotið af slikri villukenningn, sem engri átt nær. Vèr höfðum fyrir augum það sem er rètt og rangt — að þora og geta talað sannleikann, hið *sögulega og eðlilega samband milli* Íslands og Danmerkur, og *jafnrèttisstöðu Íslands við Danmörku í sèrskildum málum*. Eg vona nú að *enginn* hinna háttvirtu þingmanna með þingmanni Borgfirðinga kasti þungum steini á nefndina, þó *þetta* hafi vakað fyrir augum vorum nefndarmanna. Eg vona, að mínir háttvirtu meðnefndarmenn játi, að ekkert annað vakti fyrir þeim, en að sameina þjóð og stjórn á þenna hátt, en hitt er mèr óviðkomandi og einskisvirði, þó þingmaður Borgfirðinga reyni til að leggja hinn hæstvirta konungsfulltrúa á knè sèr í gagnstæða átt. Eg veit og vona, að sannleikurinn streymi svo í gegnum hvers manns brjóst í þessu máli hèr í salnum, að *slík* orð falli sem ryð af góðu sverði.

Að eg nú sleppi þessu, þá tek eg það enn fram, að sú misklið í ástandi voru, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir svo

þráfaldlega bent á, þurfi og hljóti gjörsamlega að hefjast Hèr er ekki að ræða um það, hvernig lögin eru eður hafi verið, heldur um hitt, hvernig þau eigi að verða, þar í er mjög mikill misskilningur, og þann misskilning virðist mèr, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi *nú* viðurkenni. Eg get eigi öðruvísi svarað ræðu hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga, en eg nú hefi gjört; það eru eins og hann gat tekið eptir, að eg áður sagði í málinu, nefnilega að eins 3 spurningar sem þarf að svara, eg veit þó og vona, að hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga er ekki móti *þrenningunni sjálfri*. Sambandið *milli* Íslands og Daumerkur er *aðal*liðurinn í þessari þrenningu, og þetta spursmál er leyst rètt af nefndinni, eptir því sem eðli málsins leyfir. Þroski þessa sambands, er og verður lagður í tímans og forsjónarinnar hendi, en allir verða að leggja krapta sína fram, svo sambandið dafni en dvíni eigi. 2. *aðal*atriðið er *fyrirkomulag hinnar innlendu stjórnar*, og þar höfum vèr einmitt eptir fyrsta aðalatriðinu alveg *frjálsar hendur*; eptir grundvallarsambandinu milli Íslands og Danmerkur, nr. 1. höfum vèr einmitt frjálsar hendur viðvíkjandi nr. 1. og hvar er svo villukenning þingmanns Borgfirðinga, að 2 snerti samband vort við *Danmörku*, enda komst hann í þá djúpustu mótsögn um ráðgjafaábyrgðina, sem hann vill láta vera í Íslandi í orði en í Danmörku á borði, sem er sama sem hann vilji svipta oss Constitutíon en gjöra Ísland að Coloniu; er þetta nú samkvæmt 3. og 5. gr.? Er rèttur hugsunarþráður hjá þingmanni Borgfirðinga milli þessara greina og 21. greinar, er hann fullnægjandl fyrir þing og þjóð? Það gefur *tíminn* að vita.

Þá koma þingdeildirnar. Já þær eru hugsunarþráður hjá þingmanninum, því hjá *því þingi* þarf eins tryggingu, sem ekkert *sannarlegt* löggjafarvald hefir, heldur að eins vald til að leggja á sig tolla og neita auknum álögum, en nú er þetta hugsun eða rèttari ráðlegging þingmannsins, og þess vegna er 33. gr. stjórnarfrumvarpsins lífatkeri og alsherjar ástæða máls 2. þingdeildum. Þetta skilja allir, sem skilja *þjóðfrelsishugmyndina* (constitutionelt Begreb) og því hefir þingmaðurinn ekki svarað spurningu minni um daginn, hvort löggjafarþing væri *mögulegt* án 2 þingdeilda eða málsstofna. Nei sambandið milli þessara tveggja atriða er djúpt og innilegt, sem liðir í einum líkama og vèr megum ekki hèr víkja frá því, sem er rètt, frá sannleikanum sjálfum (*Björn Pèturssón*: Hvað er sannleikur?) Það, sem *sannarlegt* þjóðfrelsi

hlýtur að byggjast á. Hann er hugsjónin og lífsmagnið í þjóðfrelsisstjórn Íslands. Konungsfulltrúi hefir nú og sjálfur gefið bendingu þingmanninum og fyrir þingið um það, hvernig fara eigi að, svo sannleikurinn finnist, konungsfulltrúi leiðir þingið, en það lítur svo út, sem það skilji hann eigi. En þetta var allt saman ljóst fyrir nefndinni. Hún vildi eigi skjóta þeim lögum *á frest*, eins og þingmaður Borgfirðinga, sem þingið nú á að mynda. Viðvíkjandi fátækt vorri spyr eg, hvort það kostar minna fyrir landið, að stjórnin láti okkur hafa hvert þingið á fætur öðru *án löggjafarvalds*, en að *þetta eina þing einu sinni fyrir öll þing sýni stjórninni, að hún vel geti verið þekkt fyrir, að veita alþingi almennt og sannarlegt löggjafarvald?* En það getur hún vissulega *ekki* verið þekkt fyrir eptir kennÞingu þingmanns Borgfirðinga. Það er merkilegt, að hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga skuli ekki skilja svo mikið sem það, að stjórnin getur ekki verið þekkt fyrir að veita alþingi sannarlegt löggjafarvald eður þjóð vorri sannarlegt þjóðfrelsi nema 2 þingdeildir sèu á alþingi, því annars er öll Garantie fyrir vanbrúkun frelsisins burtu. Eg neyðist til að taka það fram, að hèr sitja hinir beztu kraptar Íslands, sem svo eru kallaðir eður ágætismenn landsins, að eg viðhafi orð þingmanns *Borgfirðinga*, og tala dag eptir dag um einföldustu hluti, án þess að skilja hver annan. Gætið að því, háttvirtu herrar og landar að, að eins gegnum og fyrir «organisation» eður tryggilega skipun þjóðfèlagsins fæst frelsið. Þetta er ljóst af ræðum hins hæstvirta konungsfulltrúa. Þingmaður Borgfirðinga skilur það ekki! Látum hann bræður *einan* á þingi um það. Um 3. aðalatriði þessa máls, fjártillagið frá Danmörku ætla eg ekki að tala mörg örð, nè um mál þetta framvegis. Eg álít óþarft, að skýra það frekar en búið er, þingið hefur málið í heild sinni og ræður úrslitum þess. Að svo mæltu tala eg allra sízt meira að sinni; en eg neyddist að eins til að tala þetta, til að sýna, að vèr nefndarmenn höfðum ekki tekið uppástungur vorar úr lausu lopti.

Forseti: Úr því ekki er hægt að ljúka við umræðurnar nú, þá vil eg slíta fundi í þetta sinn, og ákveða fund aptur í kvöld klukkan 6.

Fundi slitið.

---

52. fundur. — 7. september.

(Kvöldfundur).

Allir á fundi.

Forseti: Það er að halda áfram ályktarumræðunni um stjórnarskipunarmálið, og er þá fyrst framhald umræðunnar um annan, þriðja og fjórða kafla frumvarpsins.

Stefán Thordersen: Eg ætlaði að leyfa mèr að tala fáein orð, og er það einkum af því, að eg sakna enn svars frá hinum hæstvirta konungsfulltrúa upp á spurningu þá, er eg lagði fyrir hann um daginn, en hún var um það, hvort hinir konungkjörnu þyrftu ekki að hafa sömu persónulegu eiginlegleika sem þjóðkjörnir alþingismenn? Það er skjótt að sjá, hvaða afleiðingar þetta gæti haft væru kosningarnar bundnar við föst embætti; þeir hefðu, ef til vill, ekki hinn lögboðna aldur, sem þarf til þingsetu. Hann sagði í dag í ræðu sinni, að það væri frjálslegra að binda kosninguna við föst embætti, og getur það satt verið, að þetta kynni að geta orðið eins frjálslegt, hvað þjóðina snertir. En eg ímynda mèr þó, að hitt sè ómótmælanlegur sannleiki í «politisku» tilliti, að sá, sem ekki er bundinn við neitt víst, sè frjálsari en sá, sem er bundinn við eitthvað víst, og að stjórnin verði þess vegna frjálsari í kosningunni, þegar hún má kjósa hvern hún vill. Eg skal að öðru leyti ekki mæla meira með þessu breytingaratkvæði mínu, því eg legg í rauninni eigi tvo mikla þýðing í það, og get eins vel fallizt á uppástungu nefndarinnar, úr því þessi fjörðungakritur er fallinn í burt, og þannig gefið atkvæði mitt með 92. og 93. tölulið á atkvæðaskránni. En það var og annað atriði í ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa, sem eg vildi minnast á, en það var um þessar tvær deildir eða málstofur, sem stungið er upp á undir 95. tölulið, og svo mikið hefir verið talað um. Í fljótu bragði gat svo virzt, sem hann hefði komið fram með mikilvægar ástæður á móti uppástungu nefndarinnar. Hann sagði, að fjölgun þingmanna væri skilyrði fyrir því, að 2 deildir eða málstofur gætu átt sèr stað; þetta er öldungis satt, en svo tók hann það líka fram, að fjölgunin væri ómöguleg, því nefndinni hefði yfirsèzt að ákveða, á hvern hátt þeim skyldi fjölgað, eða hefði ekki komið fram með neinar beinar uppástungur þar að lútandi, en einungis minnzt á það í ástæðunum. Eg vil nú skýrskota til 6. greinarinnar í ákvörðununum um stundarsakir; hún hljóðar

þannig: «Áður er alþingi kemur saman í fyrsta skipti sem löggjafarþing, skal kjósa nýja alþingismenn, hvort sem umboð alþingismanna þeirra, sem nú eru, er á enda eða ekki». Eg tek þessa 6. grein, því eg geng út frá þeirri von, að frumvarpið með breytingum þeim, sem kunna á því að verða gjörðar verði gjört að lögum, og ber hana saman við 18. grein frumvarpsins, sem er þannig: «Þegar brýn nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabyrgðarlög milli alþinga; eigi mega slík lög samt koma í bága við stjórnarskipunarlögin, og ætíð skulu þau lögð fyrir næsta alþingi þar á eptir». Hèr er konungi veitt leyfi til að gefa út bráðabyrgðarlög. Er það þá ekki sjálfsagt, að hann einnig má gefa út bráðabyrgðarkosningarlög? Nefndin hefir þá ekkert syndgað, sízt í formlegu tilliti, því það lá beinlínis fyrir utan hennar verkahring, að búa til ný kosningarlög, en hún hefir að eins komið fram með uppástungur í ástæðum sínum, sem nefndin ímyndaði sèr, að gætu orðið bendingar fyrir stjórnina, þegar hún fer að búa til kosningarlögin. Þetta var sú helzta formlega mótbára, sem kom frá hinum hæstvirta konungsfulltrúa móti nefndinni. Hin mótbáran var nú þessi gamla um kostnaðinn. Hinn heiðraði þingmaður Eyfirðinga tók það svo rètt og vel fram í dag, að stjórnin játar það sjálf í ástæðunum, að hún áliti það bezt, að þinginu væri skipt í tvær málstofur, ef vèr að eins hefðum efni til þess; það er því eitthvað skrítið, að hún skuli nú, um leið og hún býður oss sjálfsforræði, ætla að fara að gjörast nokkurs konar «curator bonorum» fyrir oss, og segja: «Þèr megið ekki hafa tvær málstofur, af því þèr hafið ekki ráð á því». Nú vill hún fara að spara fè vort; vèr vitum hvað ör hún hefir verið á því áður, og það er sem hún ætli ekki að yfirgefa stefnu sína í þá átt, því hún vill ekki einu sinni vera ör á annara. Aðrar mótbárur hafa ekki komið fram á móti tviskiptingu þingsins, nema sú, sem þingmaður Borgfirðinga kom fram með, að það væri eigi til neins, því það væri engin trygging í því; en sú mótbára hans, sem annars varla bíður svara, er þegar hrakin.

Konungsfulltrúi: Upp á spursmál það, sem hinn heiðraði þingmaður Vestmanneyinga gjörði við undirbúningsumræðuna, skal eg gjöra þá athugasemd, að konungskosningarnar — að svo miklu leyti sem eg get sèð, — eptir alþingistilskipuninni ekki eru bundnar við aðra skilmála en þá, að hinir konungkjörnu þingmenn eigi að vera embættismenn. Hvað skýrskotun hins heiðraða þingmanns

til 18. greinar frumvarpsins snertir, skal eg geta þess, að mèr þykir mjög vafasamt, hvort kosningarlög yfir höfuð að tala geti heimfærzt undir þau bráðabyrgðarlög, sem ræðir um í þessari grein.

Jón Hjaltalín: Af því að eg á breytingaratkvæðið undir 97. tölul. þykist eg skyldugur til að gjöra grein fyrir því. Eg þykist sjá, að það ætli ekki að fá góðan byr hèr á þinginu, og furðar það mig ekki eptir því sem fram kom í nefndinni. Eg tók það fram um daginn við undirbúningsumræðuna, að frá því er alþingi skapaðist hèr á landi og þangað til það var hafið, hafa hinir helztu embættismenn á Íslandi ávallt setið á þingi. Forfeður vorir álitu það engan ógjörning, að hafa þá á þingi. (Framsögumaður: Hver neitar því?) Nú eru þeir ekki álitnir betri en tómthúsmenn og grasbýlismenn, nú hafa þeir ekki neitt fram yfir þá. (*Stefán Thordersen*: Þeir eiga ekki að hafa það). Gott! Sè það rètt, þá hefi eg ekki á móti því. En ef eldri tíma reynslan er búin að sýna það og sanna, að þeir sèu nauðsynlegir á þingi, og það 900 ára reynsla, þá hèlt eg að það væri ekkert ódæði að nefna það. Það er einmitt saga landsins, sem benti mèr á að koma fram með þessa uppástungu. Annað var það, að mèr þótti það vera sparnaður fyrir landið. Eg neita því ekki, að það sè ofmikið að hafa 30 manns á þingi. En það væri þó töluverður sparnaður, ef svo margir menn sætu á þingi, án þess að fá nokkur laun fyrir, og því hèlt eg og, að þetta breytingaratkvæði mitt væri ekkert ódæði. Þvert á móti, eg hèlt að þinginu mundi koma það mjög vel, því menn hafa hèr opt látið sig muna um minna en þinglaun fyrir 9 menn. En nefndin kærði sig nú ekkert um að spara. Eg fann ástæðu til að bæta þessum tveimur embættismönnum við, af því stjórnin gjörir ráð fyrir þeim í ástæðunum fyrir frumvarpinu, en álítur þó minni þörf á þeim, af því byskupinn á að sitja á þingi. Eg held nú, að byskupinn hafi nóg að gjöra; hann þarf að »vísitera», og hefir margt fleira að annast, og er þess utan varla ætlandi, að hann geti verið eins kunnugur skólamálum, og forstöðumenn skólanna. Það þætti mèr heldur skrítið að vilja binda konunginn við ömt, eins og nefndin fer fram á, en þetta hafa líka sumir af nefndarmönnum fundið. Viðvíkjandi tölu þingmanna skal eg geta þess, að mèr þykir 21 oflítið, og því mun eg fallast á breytingaratkvæði framsögumanns undir 98. tölulið, þar sem talan er látin óákveðin. Ef þinginu verður skipt í 2 málstofur, þá veitir eigi af, að 36 manns sitji á þingi. Eg sè nú reyndar

enga nauðsyn á því að hafa 2 málstofur. Það er að vísu satt, að í flestum löndum er það álitið betra. En það eru líka þing til annarstaðar þar sem eigi eru 2 málstofur, þótt þar sè meiri fólkstalan en hèr á landi; það er í Hansastöðunum, Hamborg, Lybek og fl. Þar situr fjöldi af embættismönnum á þingi (*Stefán Thordersen:* Hvað er Arealið?) Það er að vísu ekki stórt, en þar er fleira fólk en hèr á Íslandi. Mèr sýnist þingið nú lýsa ósamkvæmni, þegar þjóðfundurinn áleit það ógjörning að skipta þinginu í 2 málstofur. Höfuðaugnamiðið með þessum 2 málstofum er að gjöra ábyrgð ráðgjafans tryggari, en hún verður eigi gjörð tryggari með því, en með lögum. Eg halla mèr því að hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga í þessu tilliti, og finnst mèr þá fækka meir ástæðurnar fyrir 2 málstofum. Menn geta víst ekki komið með neitt dæmi, hvorki frá eldri eða nýrri tímum, að þjóð, sem ekki er nema 70 þúsundir manns, hafi haft 2 málstofur. Eg ætla ekki að svara þingmanni Barðstrendinga; því þótt niðurlag breytingaratkvæðis míns kunni að vera svo, að það geti eigi staðið í grundvallarlögum, þá á hann einnig sjálfur eitt hèr í endanum á atkvæðaskránni, sem ekki er betra. Það er yfir höfuð fátt í þessum kafla, sem eg get fallizt á, enda munu og fáir fallast á breytingaratkvæði mitt.

Jón Sigurðsson: Eg held að hinn 2. konungkjörni þingmaður fari allt af villt í þessu máli. Það er sem sè ekki annað að heyra af ræðum hans, en að hann haldi, að nefndinni hafi gengið það til með að halda konungskosningunum, að hún með því hafi ætlað að bola hinu æðstu embættismenn landsins frá þingsetu, en það fer fjarri að svo sè; nefndin hefir með því að stinga upp á, að konungskosningarnar væri óbundnar, viljað fá trygging fyrir því, að altènd yrðu þeir einir embættismenn á þingi sem nýtir væru til þingsetu, og er auðvitað, að sem optast mundu verða teknir til þess hinir æðstu embættismenn landsins, eins og við hefir gengizt að undanförnu. Eg held því, að hinn 2. konungkjörni þurfi eigi að bera kvíðboga fyrir því, að gengið verði fram hjá honum, þegar til þess kemur, eigi sízt eptir að stjórnin hefir fengið að heyra alla þá stjórnspeki, sem flotið hefir af vörum hans í þessu máli hèr á þinginu. Hvað nú viðvíkur þessum 3 köflum frumvarpsins sem liggja fyrir til umræðu, þá hefir konungsfulltrúi eigi haft nokkuð verulegt á móti breytingum nefndarinnar við annan kaflann. Hann að vísu lèt svo sem sèr geðjaðist betur að tölul.

40. og 41., en uppástungum nefndarinnar undir tölul. 39 og þar í kring, en eg skil ekki hvers vegna það er, því efnið er eitt og hið sama í öllum töluliðunum, en orðaskipunin nokkuð mismunandi. Nefndin hefir fengið lítið þakklæti fyrir tvískiptingu þingsins, og má sannast á því málsháttarinn: »þegar fara á betur en vel» o. s. frv. Henni mun þó eigi hafa gengið annað til en gott, og það eitt að fá sem mesta festu og tryggingu inn í þingið; þetta hygg eg og, að hafi verið stjórnarinnar meining, og að því lúta ýmsar þær ófrjálslegu ákvarðanir stjórnarinnar; það er einkum þrennt sem haft hefir verið á móti tvídeiling þingsins; fyrst, að það yrði til að tefja fyrir afgreiðslu málanna; annað að við það mundi þingkostnaðurinn stórum aukast; þriðja að í svona lagaðri skipun þingsins væri engin trygging fyrir rólegri og fastri afgreiðslu málanna. Hvað hinu síðara viðvíkur, þá bíður það eigi neinum svörum, því eins og það er satt, að betur sjá augu en auga, eins er það víst, að mál verða betur og vandlegar íhuguð á tvídeildu þingi en einföldu, og þinginu verður á þann hátt miklu auðveldara fyrir að neita hinna mismunandi krapta sinna; að tvöfaldar umræður tefji málin, kann vel að vera, en það held eg fyllilega að vinnist upp með því, að málin verða betur og vandlegar íhuguð en ella, og að konungur þarf þeim mun sjaldnar að grípa til síns Vetó gegn þinginu, sem mjög er áríðandi meðan þingið er í barndómi. Að af þessu muni leiða eins mikinn kostnaðarauka, eins og sumir gjöra ráð fyrir, held eg varla muni koma fyrir, því auk þess, sem ýmislegur kostnaður sem nú hvílir á þinginu, mundi hverfa, þegar þingið fær löggjafarvald eins og ýmsir hafa tekið fram, þá verður það eigi metið svona fyrir fram, hvað sparazt getur við það, að málin verða betur úr garði gjörð en ella. Yfir höfuð að tala ætla eg það megi vera sèrhverjum ljóst, að það er harla nauðsynlegt að hafa einhverja verulega trygging fyrir því, að þingið rasi eigi fyrir ráð fram, sem mjög er hætt við að verða mundi með einföldu þingi, samansettu eptir kosningarlögunum 1857, og meðan þingið er að æfast og festast í ráðdeild og hyggindum. Og hvað þá mótbáru þingmanns Borgfirðinga snertir, að efri deild þingsins mundi bera hina neðri ofurliða, þá held eg að menn þyrftu eigi að kunna því svo illa þó svo yrði; því þar sem að fjör og áhugi þjóðarinnar á að koma fram í neðri þingdeildinni; en hyggindin og ráðfestan í hinni efri, þá held eg menn mættu vel við það una, þó hið síðara bæri hærri hlut, einkum og

sèr í lagi meðan verið er að koma einhverju lagi á það marga, sem aflaga hefir farið hèr hjá oss.

Konungsfulltrúi: Hinn heiðraði þingmaður Suður-Þingeyinga tók það fram, að munurinn milli töluliða 40. og 41., sem eg hefi sagt, að eg get mælt með, og uppástungna nefndarinnar við 7.—10. gr. frumvarpsins sè mjög lítill; eg skal ítreka það, að mèr þykja uppástungurnar undir tölul. 40. og 41. aðgengilegar, en hinar öldungis óaðgengilegar; svo mikill þykir mèr munurinn vera! Hugsun nefndarinnar er alveg röng, því hún er byggð á því, að ráðgjafinn og landstjórnin standa annaðhvort jafnhliða hvort öðru, eða þá að ráðgjafinn er fullmektugur landstjórnarinnar. Eg held, að eg hafi fullskýrt tekið það fram við undirbúningsumræðuna, að þessi hugsun nefndarinnar er alveg í stríði í móti hinum constitutionel-monarkiske grundvallarreglum, og að hún þess vegna er öldungis óaðgengileg, bæði í þetta skipti og framvegis, þegar ræðir um grundvallarlög handa Íslandi. En á hinn bóginn, þegar frumvarpið heimilar ábyrgð bæði ráðgjafans og landstjórnarinnar, get eg ekki sèð betur en að hèr með sè í því verulega öllu því náð, sem þinginu virðist nauðsynlegt í þessu tilliti.

Jón Guðmundsson: Eg hefi nú setið um hríð, og velt fyrir mèr ræðu hins háttvirta konungsfulltrúa í morgun, og er hún vissulega í mörgu og verulegu íhugunarverð, eigi sízt í sambandi við mismun þann, er hann nú gjörði á 41. og 42. tölul. Það var einkum tvennt, er hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram í inngangi ræðu sinnar í morgun, sem mèr fannst næsta eptirtektavert; hann fór enn af nýju þungum orðum um breytingar uppástungur þingsins, einkanlega við II. kafla frumvarpsins, — hann kvaðst síður en ekki geta ábyrgzt breytingar þingsins við frumvarpið, — að eigi væri víst, að hann yrði konungsfulltrúi á fieiri þingum heldur en 1867, og gæti hann því ekki sagt um eða ábyrgzt skoðun og undirtektir stjórnarinnar nema í þetta sinn, og því síður hvað hún mundi afráða eptir á. Á eptir þessum inngangi, tók hann það fram, að uppástungur nefndarinnar gætu eigi staðizt með rèttum grundvelli fyrir lögbundinni konungsstjórn, en hann sýndi eigi fram á, hver þessi rètti grundvöllur væri, sem honum er svo tíðtalað um, — og það er þó síður en ekki fyrsta sinn að hann otar þessari ástæðu, — nè heldur hvernig nefndin hefði raskað honum. Eg vil spyrja, hvort það sè hinn eini rètti grundvöllur, er

kemur fram í 2 kafla stjórnarfrumvarpsins, og sem þær ákvarðanir eru byggðar á? En vilji konungsfulltrúi halda því fram, að svo sè, þá vil eg segja honum, — og eg vil sýna og sanna fyrir öllum —, að þessi grundvöllur sè eigi rèttur í hinum dönsku grundvallarlögum, og á hèr, auðvitað einkanlega við skipun og fyrirkomulag *hins æðsta framkvæmdarvalds* af hendi konungdómsins, eg á hèr við æðstu yfirstjórn, æðstu framkvæmdarstjórn þessa lands eptir hinu nýja stjórnarfyrirkomulagi: ráðgjafann Íslendinga hjá konungi, landstjórana eða landstjórnina hèr innanlands, og við *stjórnar*ábyrgð þessa æðsta framkvæmdarvalds í heild sinni, bæði andspænis konungdóminum og hinni íslenzku þjóð, eður þjóðþingi voru. Í stjórnarskrá Dana segir: Konungur kveður ráðgjafa *sína* og vísar þeim úr völdum, «ábyrgð þeirra verður ákveðin með lögum». Hèr í stjórnarlagafrumvarpi voru (9. gr.) segir: «konungur ákveður *hverjum* ráðgjafa sinna stjórn þeirra mála sem varða Ísland eingöngu, skuli fengin í hendur»; hèr þarf konungur *ekki* og á ekki að kveðja *sinn* ráðgjafa, eða *sèr* ráðgjáfa yfir Íslandsmálin, nei, hann þarf ekki annað en *að ákveða, hverjum* af þeim 5 eða 6 *dönsku* ráðgjafanna, hann felur málefni Íslands, það er að skilja «hverjum» þessara manna hann ætlar að hafa æðstu stjórn þessa lands, hreint og beint í hjáverkum sínum; þessum mönnum, sem eru stjórnendur *Dana* og Danmerkurríkis, en *ekki* að neinu háðir Íslendingum eður Íslandsmálum, — sem eru kvaddir til valda og vikið úr völdum, eptir óskum og áliti og tillögum hinna dönsku þinga og hinnar dönsku þjóðar, og sem því eru Dönum einungis háðir, standa aldrei á steini, eins og hefir sýnt sig, heldur skiptast á, og eru nýir og nýir, svo að segja með hverjum straum. Og svo er stjórnarábyrgðin, eptir stjórnarfrv. 7—10. og 21. gr., stjórnarábyrgðin — þessi aðalhyrningarsteinn undir öllu lögbundnu þjóðfrelsi, — hver verður hún hèr? Alls engin; — þessir hlaupa ráðgjafar, þeir eiga að sönnu «að ábyrgjast» hverja þá ákvörðun, sem þeir undirskrifa *með* konungi — og fyrir hverjum? — fyrir konunginum en *ekki* fyrir hinni Íslenzku þjóð eður þjóðþingi Íslendinga, — þeir eiga þar aldrei að koma; — þessir hlaupa ráðgjafar þurfa heldur ekki, svo sèð verði, og eiga ekki, að ábyrgjast *neinar aðrar* stjórnarathafnir sínar til Íslands, heldur en þær sem þeir undirskrifa *með* konunginum, engar aðrar, sama er um landstjórnina hèr hjá oss, þessa *einn* landstjóra «eða fleiri» (21. gr.), þeir eiga að vera *ábyrgðarlausir* af öllum

stjórnargjörðum sínum, hverjar sem eru, bæði fyrir konungi og alþingi, en skulu «að *öllu leyti vera undir*» þessum hlutaðeigandi Dana ráðgjafa, sem einnig er ábyrgðarlaus. Ef þetta, — ef þessar eptirtektaverðu og viðsjálu aðalákvarðanir í stjórnarfrumvarpsins 7.—10. og 21. gr., eru samkvæmari réttum grundvelli fyrir *konstitutionel Monarkie* «eður lögbundinni konungsstjórn», þá þekki eg ekki þenna rétta grundvöll. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að uppástungur nefndarinnar skertu «Prærogativa» eður einkaréttindi konungs, eður konungdómsins, og að þær gætu eigi staðizt með grundvellinum fyrir lögbundinni konungsstjórn, með því að stinga upp á *ábyrgðar*stjórn með sérstökum ráðgjafa. En hvernig skeður það? Það er sannarlega ekki nefndin, sem hér hefir raskað hinum rétta grundvelli, heldur hefir stjórnin í Danmörku gjört það. Hér hefir frá fyrsta (síðan 1848) legið ein villa til grundvallar hjá stjórninni, og þeirrar villu kennir enn í frumvarpi þessu, eins og eg benti til í undirbúningsumræðunni, og konungsfulltrúinn eigi hefir hrakið. En villan er þessi, að jafnvel allt frá þeirri stundu, að Friðrik konungur hinn 7. veitti og boðaði öllum þegnum sínum hina almennu frelsisgjöf 4. apríl 1848, en einkanlega eptir það að hluttaka Eydana og Jóta í frelsisgjöfinni var formlega komin í kring með stjórnarskránni 5. júní 1849, þá hefir stjórnin í Kaupmannahöfn og þó sérstaklega þetta »*professora-ministerium*» eða ráðaneyti, sem sat að völdunum um svo mörg ár undanfarin, skoðað sig og Dani sem aðalerfingja og eiganda og umráðanda frelsisgjafarinnar, og hefir svo ætlað, að hún mætti skammta úr hnefa þessa almennu frelsisgjöf til samþegna sinna í hinum öðrum hlutum konungsveldisins, bæði Íslendingum og öðrum. Það er þessi villa, sem hefir gjört flestöll stórveldin í Norðurálfuuni eða jafnvel alla Norðurálfuna fráhverfa Danmörku og þessari dönsku «politik», er stjórnin í Danmörku hefir fylgt, en allir hafa orðið að fordæma, og sem nú að leikslokum hefir kostað hið danska konungsveldi um tvo fimmtunga af löndum þess. Mínir herrar, — það er þessi góði og heillaríki (!) »grundvöllur» sem breytingaruppástungur nefndarinnar, einkum við 7.—10. og 21. gr. fara fram á að raska, — það skal eg fúslega viðurkenna. Eg get þess vegna vel ímyndað mér, að sú verði niðurstaðan, sem konungsfulltrúi vildi spá oss eða ögraði með til hálfs, að ef þingið eigi samþykkir frumvarpið sjálft að mestu óbreytt, heldur fellst á breytingar-uppástungur nefndarinnar, er konungsfulltrúi er svona

jafnt og stöðugt að brýna oss með, að »raski grundvellinum», þá verði frumvarpið ekki lögleitt, heldur verði að vísu samkomulags leitað að nýju við fulltrúa Íslendinga, og nýtt frumvarp lagt fyrir alþingi, en að líkindum talsvert ófrjálslegra en þetta, eður með enda þrengri stjórnarkostum fyrir oss, svo að þar verði t. d. sleppt ákvörðuninni um landstjórn hèr á landi; þar af mundi þá hitt leiða að sjálfsögðu, — þó að konungsfulltrúi bætti því ekki við í ræðu sinni, að öll æðsta stjórn landsins yrði undir hinum dönsku ráðgjöfum í Kaupmannahöfn. Þetta kemur líka alveg heim við þá «politik», sem eg tók fram áðan og allir vita, að danska stjórnin hefir beitt við oss hingað til síðan 1848, þar sem hún hefir þótzt mega halda við oss frelsisgjöf Friðriks konungs 7. eptir sinni vild og um svo óákveðinn tíma eður svo og svo lengi. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi hèlt þó, að samkomulags mundi verða leitað að nýju, þar sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga og var að ögra oss með því að fullyrða, að málið mundi verða lagt á hylluna, svo framarlega sem þingið aðhylltist nú uppástungur nefndarinnar. En bjóði stjórnin eigi betra síðar, þá munum vèr hafna, og eigi taka við þeim hinum verri og þrengri boðum hennar. Svo mikið höfum vèr þó á unnið í þessi 17 ár, að vèr sjáum, að hve miklu leyti það eru aðgengilegir kostir, sem stjórnin býður oss. Eg get ekki sèð, að stjórnin í Kaupmannahöfn hafi nokkra rèttarundirstöðu, nokkra rèttarheimild til, að halda fram við oss Íslendinga þrengri og óaðgengilegri stjórnarkostum, að því er við kemur hinum sèrstöku málefnum Íslands, heldur en Danir sjálfir hafa í sínum sèrstöku málum viðtekið og orðið ásáttir um við frelsisgjafarann sjálfan Friðrik konung hinn 7.

Að því, er stjórnarábyrgðinni viðvíkur, þá er það auðsætt, að stjórnarfrumvarpið og nú einnig konungsfulltrúi ætlast eigi til, að nein stjórnarábyrgð sè hèr innanlands eða andspænis þjóðþinginu, heldur skuli hèr nægja hin almennu hegningarlaga-ábyrgð; þetta er sannarlega merkileg stjórnarlaga-ákvörðun og einstakleg; eða höfum vèr ekki bæði 7. boðorðið og almenn hegningarlög. En þarna sjáum vèr bezt mismuninn á 41. og 42. tölulið, á atkvæðaskránni, þó að nokkrum þingmönnum færust svo orð hèr í salnum í dag, að það gilti hèr um bil einu hvor þessara töluliða yrði samþykktur, því að það lægi hèr um bil ein og sama ákvörðun í báðum, en það fer fjærri, og var það eptir vizku hins hæstvirta konungsfulltrúa, að finna og meta þenna mun, þar í 41.

tölul. er ábyrgðargrundvellinum *tvískipt*, þar er *önnur* ábyrgð, eður öll heldur ábyrgðarleysi, fyrir ráðgjafann en landstjórnina. Þar á móti hugsaði nefndin sèr, í tölul. 42. að konungur setti eitt æðsta framkvæmdarvald, nefnilega ráðgjafann og landstjórnina, sem væri *óaðskiljanleg heild;* stjórnarvald þetta á að vera og má til að vera sem samfelldast að allri skipun þess og fyrirkomulagi, og stjórnarábyrgð; »ábyrgð þessi verður nákvæmar ákveðin með lögum». Eg sè ekkert öfugt í því, að ráðgjafi sá, sem konungur kýs sè hjá honum, en landstjórnin hèr. Yfir höfuð að tala, þó að þegar hafi verið talað mikið um 2 kafla frumvarpsins, sem von er, — því þar í felst hyrningarsteinninn undir öllu sjálfsforræði voru eða sjálfsforræðisleysi, — bæði af mèr og öðrum í undirbúningsumræðunni, og af mörgum öðrum hèr í dag bæði með og móti, skal eg þó leyfa mèr að skýrskota til nefndarálitsins og ástæðanna um þenna kafla, og þess er eg hefi framfylgt í undirbúningsumræðunni og vík eg þar eigi eitt fótmál frá uppástungum nefndarinnar; þær fara ekki fram á annað, en jafnrètti við aðra samþegna vora, það jafnrètti við Dani, sem oss Íslendingum, eigi síður en öðrum þegnum Danakonungs, er svo skýlaust og eindregið fyrirheitið með hinni almennu frelsisgjöf frá 4. apríl 1848 og þar til Íslendingum sèrstaklega með allrahæsta brèfi, frelsisráðgjafarans sjálfs, Friðriks konungs 7. til vor Íslendinga 23. sept. 1848. Eg vík því síður eitt fótmál frá þeim uppástungum nefndarinnar, sem eg eigi get sèð, að þeim sè hnekkt að einu nè neinu hvorki af konungsfulltrúa, nè öðrum, er hafa verið að myndast við að styðja hina gagnstæðu skoðun hans og stjórnarinnar.

Að því er *tvískiptingu þingsins* viðvíkur, hef eg ekki miklu við að bæta; því eins og t. a. m. hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga tók fram, og aðrir þingmenn fyrri, bæði eg og fleiri, segir stjórnin sjálf, að 2 málstofur sè hentugri og tryggilegri, og það kemur aptur og aptur fram í ástæðum frumvarpsins, þar sem stjórnin er að venju að bera í bætifláka fyrir hinar öfugu ákvarðanir sínar, að eigi sè undir alþingi eigandi, að því sè eigi treystandi, af því það sè ekki nema í einu lagi (*Björn Pètursson:* Hvar er það í ástæðunum?) Eg held þingmaðurinn gæti verið búinn að kynna sèr það núna í 8 vikur. Nefndin vildi eigi, og mátti eigi leiða þenna fyrirslátt stjórnarinnar hjá sèr, mátti eigi láta því ósvarað, er stjórnin ber fyrir, að Íslendingar muni ófúsir og ófáanlegir til að taka upp tvær málstofur, heldur virtist oss, að þingið

ætti sízt að láta þetta vera til fyrirstöðu heldur að taka upp 2 málstofur með ánægju, ef ekki væri annað í vegi; og sá nefndin eigi annað gjörandi fyrir þingið en að það einmitt slæi sèr inn á þenna veg, og það því fremur þar sem stjórnin sjálf taldi svo víst, að því yrði eigi nærri komandi við þingið. Menn hafa hèr í salnum skýrskotað til þess, að eigi hafi verið stungið upp á 2 málstofum á þjóðfundinum 1851; en »þá var öldin önnur, þá voru Norðurálfuþjóðirnar á meginlandinu síður en ekki fyrir 2 málstofum, allra sízt eptir að *Thiers* í þessari nafntoguðu ræðu sinni í frelsis-þjóðþingi Frakka 1851, hafði sýnt fram á, og tekizt að telja þinginu og sem næst allri Evrópu, þá í svipinn trú um þá miklu yfirburði, sem *ein* málstofa hefði yfir tvær málstofur eður tvískipt þing, en þetta einskipta þing hinnar frönsku þjóðstjórnar, er þá var við tekið, varð einmitt aðalvopnið í höndum Napoleons til að loka henni fyrir öllu Frakklandi, sleppa lýðstjórninni og að ryðja honum veg til keisaradæmisins. Síðan hafa nálega allar þjóðir sannfærzt um yfirburði 2. málstofa, og stjórnin hefir alveg rètt að mæla, þar sem hún segir, að einungis í svofelldu fyrirkomulagi þjóðþings geti álitizt fullnægileg trygging fyrir rólegri yfirvegun og vandaðri meðferð málanna og fyrir því, að þingið rasi eigi yfir ráð fram í löggjafar og skattaveitingar ályktunum sínum. Látum oss nú samt sem áður gjöra ráð fyrir því, að svo kunni að ráðast, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að stjórnin mundi eigi lögleiða frumvarpið með þessum og öðrum slíkum mikilvægum breytingum, eptir því sem hún kallar, en eg vona þó, að hún sjái, að það tjái ekki að leggja stjórnarmálið fyrir það á hylluna, eins og þingmaður Borgfirðinga vildi gleypa við, úr munni konungsfulltrúa, en hann þó aldrei sagði neitt á þá leið, og þingmaðurinn fór að ögra þinginu með, og láti það svo liggja þar í önnur 17 árin til, eða hvað (*Sveinn Skúlason:* Hvað ætlar þingmaðurinn að gjöra stjórninni?) Eg ekki neitt, ránglætið hefnir sín sjálft, en eg vona, að stjórnin láti sannfærast; og að minnsta kosti vil eg eigi, að hún þurfi að berja því við, þegar hún leitar samkomulags við oss í hið næsta sinn, að vèr viljum eigi hafa nema eina málstofu, og verði því eigi við oss fengizt, nè tiltök að gjöra oss kost á jafnfrjálslegum stjórnarkjörum eins og samþegnar vorir í Danmörku hafa fengið og verið aðnjótandi nú í 18. ár. Enda vona eg, að stjórnin geti einnig sèð, af þessum undirtektum vorum, að vèr erum farnir að læra, að lempa oss

eptir henni, og er þá nokkuð á unnið fyrir hana í þessi 17 ár, sem vèr höfum mátt fara á mis við um jafnmörg ár.

Mig furðaði stórlega á því, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi skyldi eigi taka það fram fyrr en nú við ályktarumræðuna, að þetta sem hann nefnir formleysu af nefndinni, að vilja fjölga þingmönnunum, án nokkurra sèrstakra uppástungna til laga og ráðstöfunar um kosningarnar þeirra, og það var svo sem auðvitað, að þingmaður Borgfirðinga mundi ekki verða höndum seinni að grípa þessa tímabæru(!) athugasemd konungsfulltrúa á lopti, og fara svo að veifa henni á móti nefndinni, eins og hann hefði orðið fyrstur til að finna hana. En hinn háttvirti þingmaður Vestmanneyinga tók það ljóslega fram, að hèr þyrftu alls eigi ný kosningarlög; og eg veit þó ekki, hvar eða hve nær konungur ætti að beita rètti sínum, eptir 18. gr. stjórnarfrumv. um bráðabyrgðarlög, ef ekki í þessu tilfelli, svo framt sem hann fèllist á þingmannafjölgunina á annað borð. Það er enn verið að reyna frá konungsfulltrúa-stólnum, að halda fram hinum föstu æðstu embættum, til undirstöðu hinna konungkjörnu, þó með veikum mætti sè, en eg álít það nú hèr um bil hrakið. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi leitaðist við að gjöra mönnum ljóst og girnilegt, að ef þessari frumvarpsákvörðun í 22. gr. væri haldið, þá mundi hið fyrirhugaða stjórnarráð, þetta »*nýlendu*«-ráðaneyti, sem eg kalla, fá allan annan »Characteer«, en eg fæ ómögulega sèð, að svo verði, þó að eg vel geti látið mèr skiljast, að sú fásinna fengi yfirhönd, sem eg þó vona aldrei verði, að ekki yrði nema e i n n landstjórinn eptir 21. gr., þá yrði þessi tilhögun næsta velkomin þessum eina æðsta nýlendustjórnara vorum ábyrgðarlausum, sem stæði »að öllu« undir *einhverjum* ráðgjafa dönsku stjórnarinnar. Sè það duglegir menn, og fyrirtaks þingmannaefni, sem eru í þessum æðstu embættum, þá mun annaðhvort konungur eða þjóð kjósa þá; en eptir ákvörðun frumvarpsins eiga þeir endilega annaðhvort að vera konungkjörnir, hvort sem nokkurt lið er í þeim til að vera á þingi eður ekki, og hvort sem þeir finna sjálfir lyst og köllun til þess eður ekki. Eg man þó svo langt, og það muna víst fleiri, að 2 konungkjörnir hafa að eins setið 1 ár á þingi, og síðan sótt um og fengið lausn frá þingsetunni, og að einn konungkjörinn afsagði að vísu ekki þingsetuna, en kom aldrei á neitt þingið af þeim 3, sem kosning hans náði yfir, og sè eg lítinn hag af slíku, hvorki fyrir þingið nè stjórnina. En það mun mega segja um konunginn, eins og um guð, að hann þekkir sína, og þarf því

konungur alls ekki að hafa hvorki nafn hins »æðsta embættis« nè heldur embættislaunahæðina fyrir leiðarstein eða lífatkeri til að halda sèr við í því að kjósa þá þingmenn af sinni hendi, sem bæði þingi og stjórn er mestur slægur í. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði þó svo mikið um miðkaflann í 33. grein (tölul. 132. *a*), að hann lèzt mundu vilja gjöra sáttaboð, ef þingið fèlli frá að setja sèr þingsköp (tölul. 160.), ef eigi skyldi vera annars kostur, en kjósa milli annars hvors þessa, þá er af tvennu illu takandi hið skárra, og láta falla 33. grein, þá gæti þó eigi landstjórinn eptir vild sinni eyðilagt fyrir oss atkvæði og aðgjörðir þingsins, eins og yrði upp á, ef 33. gr. frumvarpsins væri látin halda sèr. Þingmaður Borgfirðinga þóttist eigi geta skilið, hvernig ætti að geta orðið samkomulag um þingdeildirnar, eða sèð neina skynsemd í fyrirkomulaginu á þeim. Þetta þykir mèr mikið um mann, sem þykist jafn margfróður og þingmaður Borgfirðinga; hann hefði að minnsta kosti átt að lesa ástæður stjórnarfrumvarpsins áhrærandi skiptinguna í tvær deildir eður tvær málstofur, og aptur 53. gr. í hinum yngri dönsku grundvallarlögum áhrærandi það, þegar deildirnar greinir á um niðurstöðu einhvers þingmáls; að þessu síðara lýtur nú breytingaratkvæði mitt tölul. 137. á atkvæðaskránni, og er alveg samkvæmt tèðri 53. gr. í stjórnarskránni 28. júlí 1866; til þess að kynna sèr þetta, hefði hann haft nægan tíma milli undirbuningsumræðunnar og ályktarumræðunnar og hefði eigi þurft að vaða svona reyk í því, eins og hann nú gjörir. Það geta aldrei orðið vandræði úr að heimfæra þessa ákvörðun hèr, og fyrir stjórnina mun það aldrei verða óaðgengilegt úr því þingin dönsku hafa þau hin sömu sköp. Það er vel athugandi, að menn þá, sem kosnir eru úr þingdeildunum til samkomulags, eður til að miðla málum, verður að skoða sem gjörðarmenn; en síðan skulu þingdeildirnar hvor í sínu lagi, greiða atkvæði um tillögur þessara gjörðarmanna, eins og um hvert annað þingmál. Sami þingmaður Borgfirðinga sagði, að ráðgjafi væri óaðskiljanlegur konunginum, og þetta er satt; en því fjær sem konungurinn er Íslandi, því nauðsynlegra er, að fastur ráðgjafi sè fyrir Íslands hönd við hönd konungs, og stjórnin hefir aldrei haft neitt verulegt á móti slíku fyrirkomulagi, eins og eg færði næg rök fyrir í undirbúningsumræðunni.

Framsögumaður: Eg vil að eins með tilliti til ræðu míns háttvirta vinar, þingmanns Vestur-Skaptfellinga, geta þess, að eg í allri aðalhugsuninni er honum samdóma; en gagnvart orðum hins

hæstvirta konungsfulltrúa, þætti mèr þess óskandi, að hann veldi hugsun sinni betri búning, en hann nú gjörði.

Konungsfulltrúi: Með tilliti til ræðu hins heiðraða þingmanns Vestur-Skaptafellssýslu, skal eg einungis skýrskota til þess, sem eg greinilega hefi tekið fram við undirbúningsumræðuna um grundvallarreglur hinnar lögbundnu konungsstjórnar, og þess sem eg í dag hef bætt við það; eg held, að þetta sè nægilega ljóst öllum þeim sem vilja skilja það, sem hèr ræðir um. Eg skal ekki fylgja hinum heiðraða þingmanni Vestur-Skaptfellinga í hans historiska yfirliti, en að eins geta þess, að mèr þótti það alveg rangt. Eg hefi sagt, að eg vildi mæla með því, að frumvarpið að nýju verði lagt fyrir alþingi, en eg hef einnig sagt, að eg ekki geti ábyrgzt að svo fari.

Sveinn Skúlason: Mèr finnst eptir síðustu ræðu þingmanns Vestur-Skaptfellinga, sem kominn sè allur annar andi í þingið, en var við lok undirbúningsumræðunnar; því þá horfði allt til sátta og samlyndis, en nú er allt annað orðið ofan á. Ef að ræða hans hefði miðað til að skýra málið, þá var aldrei nema gott að geyma hana þangað til nú, rètt á undan atkvæðagreiðslunni; en hafi öðruvísi verið, þá er ræða hans mjög óheppileg og ísjárvert fyrir þingmenn að taka hana til nokkurra greina. Það tjáir eigi að leyna því, að það er verulegur munur á uppástungum nefndarinnar og því sem konungsfulltrúi vill gefa eptir. Eptir uppástungu minni og þingmanns Borgfirðinga undir tölulið 87 er skýrt tekið fram verksvið landstjórnarinnar og hverja ábyrgð hún á að hafa; henni er ætlað að búa öll mál af Íslands hendi; en ráðgjafinn hefir aptur á móti ábyrgð af öllu því, er hann flytur og framber til konungs undirskriptar; á þessu er þannig fullglöggur aðskilnaður. Eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram, hefir landstjórnin ábyrgðina hèr bæði fyrir konungi og þinginu, en ráðgjafinn aptur erlendis, og er þetta svo fullkomin ábyrgð, sem óskazt getur, og fæst hún við 40. og 41. tölul. í sambandi við 87. tölul. Eg get nú reyndar eigi betur sèð, en að hinn hæstvirti konungsfulltrúi hafi að nokkru leyti misskilið breytingaratkvæði okkar undir 87. tölul., fyrst hann vildi eigi fallast á það. Það er byggt á því, að við ætluðum að fallast á 9. og 10. grein frumvarpsins, en þá varð alveg nauðsynlegt að ákveða glöggar verksvið landstjórnarinnar í 21. grein, og taka þar fram þann hluta ábyrgðarinnar, nákvæmar en í 8. gr., sem á landstjórninni liggur. Mèr finnst nú aldrei

geta legið sama í 52. tölul. hjá nefndinni, og það sem eg og þingmaður Borgfirðinga vildum láta liggja í 87. tölul.; mèr finnst auðsætt, að þegar landstjórnin og ráðgjafi undirskrifa bæði jafnt, þá muni hvor reyna að velta ábyrgðinni upp á annan (*Jón Guðmundsson*: Er búið að útnefna landstjórann?) Eg sagði landstjórnin, og það er meinlegt, ef þingmaðurinn veit ekki mun á kynferðum. Viðvíkjandi tvískiptingu þingsins hefir þingmaður Vestur-Skaptfellinga borið stjórninni á brýn, að hún í rauninni væri með tvídeildu þingi, þótt hún eigi sæi oss fært að koma því upp hjá oss. En af því að stjórnin gat engan eðlilegan grundvöll fundið hèr á landi fyrir tvídeildu þingi, lúta alla ástæður frumvarpsins að því að sýna fram á, að þetta sè ekki gjörlegt, og er það grátlegt, að þingmaður Vestur-Skaptfellinga skuli ekki vilja sjá þetta. Enda getur mèr aldrei fundist stjórninni vera það láandi, því að eg fyrir mitt leyti hefi aldrei hèr á landi getað fundið nein frumefni til tvídeilds þings (*Framsögumaður*: Sei sei sei sei). Já það sýður nú í framsögumanni, en hann verður að reyna að halda á sèr suðunni þangað til eg er búinn. Eg verð að falla frá því, að þingmönnum verði fjölgað, þó eg álíti það í sumu tilliti nauðsynlegt; gjöri eg það til þess að spara kostnað, enda finnst mèr nógur tími til þess seinna meir, ef að hið löggefandi alþingi finnur nauðsyn til fjölgunar þingmanna og tvískiptingar þingsins. Það hefir með fullum rökum verið tekið fram, að engi veruleg trygging væri í málstofum í tvennu lagi, eptir þeim kosningarlögum sem nú eru, og eptir því sem hèr til hagar, og hèr eru eigi ráðgjörð nein ný kosningarlög fyrir þessa fyrirhuguðu efri málstofu.

Framsögumaður: Hinum háttvirta þingmanni Norður-Þingeyinga gleymdist það rètt eins og þingmanni Borgfirðinga, að sýna mèr og sanna, hvernig þing gæti verið löggjafarþing að eins í einni málstofu. Eins og eg hefi áður tekið fram, þá ríður allt á mögulegleikum og ómögulegleikum, þó þingmaður Borgfirðinga skilji það ekki. Hvernig getur það skeð, að löggjafarþing sè í einni málstofu? Já, hvernig getur það skeð að ráði þingmanns Borgfirðinga? Hann kvað hafa vitið og viljann! Hvert er það land í heimi, sem eigi hafi tvær málstofur, ef það hefir stjórnarskrá, svo að löggjafarvald sè sannkallað. Það er ómögulegt að hugsa sèr þing með löggjafaratkvæði án þessa. Þetta segir stjórnin sjálf í ástæðum sínum, hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir og bent til þess, og hvað vilja menn meira, hverja ríkari sönnun vill þingið,

eður fulltrúar Íslendinga? Enginn hefir enn sýnt mèr fram á annað en eg segi satt. Geti menn að eins sýnt fram á mögulegleika fyrir því gagnstæða, þá er nefndin felld gegn þingræðum þingmanns Borgfirðinga. Meðan þetta er eigi gjört, má maður eigi kasta þungum steini á nefndina, þótt hún með uppástungum sínum vilji tryggja svo það vald, sem vèr *allir* óskum, viljum og þurfum, að oss verði miður hætt við að misbrúka það. Hvað segir Norðanfari um þetta? Hvernig eigum vèr að fá frelsið, nema gegnum tvær málstofur? Þær eru þó hin aðgætnustu augu, sem eru einkaskilyrði fyrir aukningu valdsins, og frelsisins á Íslandi; annar vegur gefst eigi. Þetta svo nefnda conservative Element hlýtur að fást við konungskosningarnar.

Forseti: Með því að eigi taka fleiri til máls, þá tel eg þessa kafla útrædda; og ætla eg þá hæfilegast, að ræða í einu lagi þá kaflana alla sem eptir eru ásamt greinunum til bráðabyrgðar, og niðurlagsuppástungum nefndarinnar.

Konungsfulltrúi: Með skýrskotun til þess sem eg tók fram við undirbúningsumræðuna, skal eg mæla fastlega móti töluliðum 164. og 165., sem alveg óaðgengilegum í þessu formi.

Við tölulið 177. og 192. skal eg geta þess, sem eg við undirbúningsumræðuna tók fram, að eg ekki hef neitt á móti þeim.

Þó að eg ekki álíti breytinguna undir tölulið 204. nauðsynlega, skal eg ekki hafa neitt á móti henni.

Á móti breytingaruppástungu undir tölulið 209. hef eg ekki neitt, þegar í staðinn fyrir þessi orð: »í báðum þingdeildum» verður sett »þingsins».

Við tölulið 212. *a*, skal eg skýrskota til þess, sem eg nýlega tók fram við tölulið 94.

Eptir því sem eg tók fram við tölulið 160. og 134. skal eg mæla móti uppástungunni undir tölulið 214.

Eg skal með tilliti til orðabreytinga þeirra, sem eg ekki sèr í lagi hef tekið fram, geta þess, að þær yfir höfuð að tala þykja mèr *frá stjórnarinnar hálfu aðgengilegar*, en að eg eptir því, sem á sèr stað við meðferð þessa mála, hvar þingið hefir samþykkjandi atkvæði, á meðan rèttur stjórnarinnar, eins og hann er við öll löggjafarþing, til að stinga upp á breytingaratkvæðum, ekki hefir verið notaður sökum þess að ákvarðanir, sem til þess lúta, vanta í þingsköpum vorum, álít það sjálfsagt, að stjórnin hafi

rètt til að gjöra þær orðabreytingar við frumvarpið, sem henni þykja nauðsynlegar.

Konungsfulltrúi: Þegar eg nú loksins skal ræða um niðurlagsatriði nefndarinnar, skal eg til skýringar því, sem í þessu tilliti er aðgætandi, taka það fram, að hans hátign konungurinn í allrahæstri auglýsingu til þingsins frá 31. maí þ. á. hefir bundið lagagildi stjórnarskipunarlaganna við það skilyrði, að útvegað verði fast árstillag úr sjóði ríkisins til Íslands 37,500 rd. að upphæð, og bráðabyrgðartillag 12,500 rd., sem að 12 árum liðnum verði fært niður um 500 rd. á ári, þangað til það er alveg fallið burtu; en hèr með er þinginu veitt full trygging fyrir því, að þessi upphæð verði veitt áður en stjórnarbreytingin komist á, — og þess vegna er það alveg ónauðsynlegt frá þingsins hálfu, að binda lögleiðingu frumvarpsins við það skilyrði, að þetta árstillag verði veitt af ríkisdeginum. Hitt er annað, ef þingið ekki treysti því, að stjórnarbreytingin geti komizt á og landið tekið á móti sjálfsforræði sínu, nema því að eins, að stærra árstillag verði veitt úr ríkissjóðnum, þá hefir þingið vissulega rètt til, að setja það sem skilyrði fyrir samþykki sitt, og eg eg hefi ekki mælt á móti rètti þingsins til að gjöra þetta. En spursmálið er, hvort þingið, ef það bindur samþykki sitt við þessa peninga-upphæð sem skilyrði, ekki með öllu muni spilla málinu, og hvort það er skynsamlegt, að gjöra þetta, þegar vonandi er, að samkomulag geti náðst um öll önnur atriði stjórnarbótarmálsins. Eg skal skýrskota til ræðu hins háttvirta þingmanns Snæfellinga við undirbúningsumræðuna, og eins og hann gjörði spyrja þingið, hvað marga ríkisdali það virði frelsið; — eg fyrir mitt leyti virði frelsið mikils og miklu meir en 10,000 rd., því það getur eflt krapta landsins langt um meir, en sem samsvari þessum peningum, og eg fyrir mitt leyti þori ekki að taka upp á mig ábyrgð þá, að spilla frelsi landsins eða fresta því óákveðinn tima fyrir þessa upphæð. Hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga hefir látið í ljósi, að hann er sannfærður um það, að þau gjöld, sem stjórnarbreytingin beinlínis mun hafa í för með ekki geti borgazt, nema því að eins, að árstillagið verði hækkað, eins og stungið er upp á til samtals 60,000 rd., þ. e. fast tillag 50,000 rd. og bráðabyrgðartillag 10,000 rd. Eg efast ekki um það, að hann er sannfærður hèr um, en á hinn bóginn held eg, að einhver misskilningur eigi sèr stað í þessu tilliti; því ef árstillagið eptir hinni konunglegu auglýsingu ekki nægir til þess að borga þann kostnað, sem leiðir

af stjórnarbreytingunni, þá er sjálfsagt, að stjórnin ekki geti lagt neinn skatt á landið til þess án samþykkis alþingis; — en stjórnin á að skipa landstjórnina og það, sem til hennar heyrir, með þeim peningum, sem hún hefir til sinna umráða; — getur skeð að stjórnin komist í nokkur vandræði við það, en landið á ekki að borga neitt til þess, áður en alþingið samþykkir það, og þess vegna þykir mèr mótbára sú, sem fram er komin frá hálfu hins heiðraða þingmanns ekki að hafa mikla þýðingu, að minnsta kosti ekki frá stjórnarmiði þingsins. Eg tók það fram við undirbúningsumræðuna, að eg, ef þingið áliti hækkun árstillagsins, að svo miklu leyti sem 1. niðurlagsatriði meiri hlutans gjörði ráð fyrir, æskilega, og í ástæðum sínum til álitsskjalsins til Hans Hátignar konungsins beiddist þess, að Hans Hátign allra-mildast vildi láta sèr vera annt um, að útvega það í þessu tilliti nauðsynlega, en sleppti að gjöra þetta sem skilyrði, að eg þá vildi styðja þessa beiðni þingsins sem bezt eg mætti, — seinna eru uppástungur um stærra árstillag komnar fram bæði frá hinum háttvirta þingmanni Snæfellinga og hinum háttvirta þingmanni Mýramanna, — það er sjálfsagt, að eg, ekki minna en hinir háttvirtu uppástungumenn, — óski, að árstillagið úr ríkissjóðnum megi verða sem mest, en á hinn bóginn þykja mèr báðar þessar uppástungur að fara lengra, en menn geta vænzt, að ríkisdagurinn vilji samþykkja þær; — eg skal þess vegna ráða þinginu frá, að aðhyllast þessar breytingaruppástungur. Eptir minni meiningu mun sú alvara og stilling, hvar með þingið hefir rætt þetta mál, í sambandi við það, að kröfur eða uppástungur vorar eru sanngjarnar í sjálfu sèr, mæla bezt með fjárhagsmálinu, þegar það verður lagt fyrir ríkisþingið; eg vona, að ríkisþing Dana, þegar það sèr, að Íslendingar bæði hafa tekið skynsamlega í þetta mál og ekki eru farnir lengra, en sanngirnin leyfir og mælir með, muni sýna oss meiri velvild og sanngirni, en þegar vèr komum fram með rèttarkröfur, sem eru efasamar, ekki að svo miklu leyti, að menn á þeim geta byggt sanngirnisástæður, en þegar ræðir um hinn »*júridiska*» rètt, — en eg vil, — eptir því, sem umræðurnar hafa verið hingað til í þessu máli, og sem eg vona muni haldast einnig í dag, ekki taka þetta spursmál frekar fram.

Hvort árstillagið verði veitt á þann hátt, að fyrir það verði út gefin óuppsegjanleg ríkisskuldarbrèf, eða að það verði borgað hvert ár úr ríkissjóðnum, þykir mèr ekki að varða miklu, ef það að eins

verður fast ákveðið í eitt skipti, — og um annað er ekki að tala, — því vèr getum ekki vænt, að oss verði leyft, að afhenda »*kapítalið*» (höfuðstólinn) og vèr getum ekki gagnvart niðjum vorum tekið upp á oss þessa ábyrgð. En að öðru leyti þykir mèr það ekki ómögulegt, að ríkisdagurinn muni kjósa þenna veg til þess að afgreiða árstillagið með öllu í eitt skipti, — en það er eptir minni meiningu komið undir hans atkvæði, hvort hann vilji kjósa þenna veg eða hinn, og mèr þykir báðir frá Íslands hálfu eins aðgengilegir. Með tilliti til þess, sem eg nú hef tekið fram, skal eg mæla með tölul. 221. eða 222. með 225. í sambandi við 232. og með tölul. 228.

Framsögumaður: Með tilliti til fjárkröfuspursmálsins, skal eg leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta forseta, hvort breytingaratkvæði mitt undir tölulið 232 megi ekki berast upp til atkvæða á undan tölul. 222.

Forseti: Eg hefi tekið það fyrr fram í dag og held því fram enn þá, að eg álít það rettast, að tölul. 232. verði borinn upp til atkvæða í þeirri röð, sem hann hefir á atkvæðaskránni.

Framsögumaður: Það var engan veginn mín meining, að hinn háttvirti forseti hefði ekki sett tölul. 232. á rèttan stað á atkvæðaskránni, frá *sínu sjónarmiði,* heldur var það mín meining og *bón,* hvort ekki *mætti* bera upp tölul. 232. á undan 222. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir lofað því að mæla eins fram með hinni hærri sem hinni lægri tölu-upphæð, og þetta skilur þingið ekki, ekki alþing Íslendinga! Það er þó vissulega satt, sem konungsfulltrúi sagði, að það dugar eigi að tala um umliðinn tíma hvað rèttarkröfurnar snertir, því það er ljóst, að samþegnar vorir í Danmörku geta eigi borið sök fyrir þann órètt, sem danskir einveldiskonungar gjörðu, áður en þjóðin fèkk frelsi. Hvernig geta samþegnar vorir Danir liðið fyrir svívirðing umliðinna alda? Eg tek það enn þá fram, að ef menn nota *rèttilega bendingar konungsfulltrúa,* þá álít eg það vera þann einasta veg til þess, að málið geti fengið góðan og happasælan framgang. Mín meining er engan veginn að breyta atkvæðaskránni, en eg vil einungis enn þá einu sinni ítreka þá bón mína til forseta um að tölul. 232. verði borinn upp á undan tölul. 222.

Forseti: Þegar þingmaðurinn viðurkennir, að tölul. 232. sè á rèttum stað á atkvæðaskránni, þá vona eg hann vorkenni mèr, þó eg geti ekki látið það eptir honum að flytja hann á rangan stað.

Þar sem hann talaði um kröfur vorar til Danmerkur, og tók það fram, að hin núverandi kynslóð ekki gæti með sanngirni goldið þess, sem kynni að vera orðið að sök fyrir löngu síðan, þá getur verið, að ástæður hans í fyrstu sýnist sláandi, en þegar menn gá betur að, þá sjá allir, að ekki er það sanngjarnara, að hallinn lendi allur á þeim, sem fyrir órèttinum hefir orðið. Þegar bæta skal úr gömlum órètti, og koma á rèttri reglu, þá er sanngirni einmitt í því, að kostnaðinum til þess verði skipt á báða hlutaðeigendur.

Framsögumaður: Eg skal einungis geta þess út af því, sem hinn háttvirti forseti *nú* sagði, að það er *sitt hvað*, að segja, að forseti hafi haft *sínar* ástæður til að setja tölul. 232 þar sem *hann* setti hann á atkvæðaskrána, og að segja, að þessi töluliður standi á *rèttum* stað á atkvæðaskránni

Eiríkur Kúld: Eg álít það fyrir löngu útrætt, hvort tölul. 232. standi á rèttum stað á atkvæðaskránni, og skal eg einungis geta þess, að eg álít að breytingaratkvæðið ekki geti orðið samþykkt, bæði eptir því sem hinum háttvirta forseta og konungsfulltrúa fórust orð, því í breytingaratkvæðinu stendur: »ásamt breytingum þeim, sem þar að lúta; en þetta var ekki meining konungsfulltrúa að mèr skildist, heldur var meiningin að ein tölu-upphæð, sem yrði samþykkt af þinginu, yrði tekin inn í ástæðurnar fyrir álitsskjalinu. Eg vil því leyfa mèr, að bera þá spurningu upp fyrir hinn hæstvirta konungsfulltrúa, hvort hann ekki eins vel gæti fallizt á breytingaratkvæðið undir tölul. 231. Konungsfulltrúi skýrskotaði til ræðu þingmannns Snæfellinga, er hann sagði: «hvað margra dala virði er frelsið»?! Þetta eru að vísu fögur orð og láta vel í eyrum manna, og eg fyrir mitt leyti skal játa, að eg met frelsið svo mikils, að eg get ekki virt hið sanna frelsi eptir dalatali, en eg get líka spurt að því til hvers er frelsið, ef menn ekki geta notað það? Eða til hvers er það, að stjórnarbótin komist í kring, ef menn vantar fèð til þess að geta haft þau not af henni sem stjórnin sjálf og þjóð vor ætlast til? Eg ætla mèr ekki að þrátta um sæti þessarar dalatölu í álitsskjalinu, en hefði samt helzt óskað, og að því lúta bænarskrár þær, er hið heiðraða þing fèkk oss nefndarmönnum til meðferðar, að þær hefði verið settar sem skilyrði. En úr því nú, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir sagt, að þingið hefði ekki ráðgefandi, heldur samkomulags-atkvæði í þessu máli, þá vona eg, að ef stjórnin nú eigi fellst á tillögur

þingsins, verði málinu samt haldið áfram og lagt á ný fyrir; það því heldur sem ef til vill, að hætt er við, að þetta alsherjarmál verði má ske eigi svo vel úr garði búið nú sem skyldi, þar eð eptir þingsköpum vorum að eigi má við hafa tvöfalda atkvæðagreiðslu, en einföld atkvæðagreiðsla virðist mèr hæpin í svo miklu og vandasömu máli, svo eg tel það skaðlaust, þó það komi aptur fyrir þing, enda stendur heitorð konungs fyrir því í auglýsingunni, að eigi verður frumvarpið lögleitt fyrr en fèð til stjórnarbótar — er fengið hjá ríkisþinginu — þá vil eg af trausti til hins hæstvirta konungsfulltrúa, sem hefir lofað að leiðbeina málinu með sínum góðu tillögum, og þeirri öruggu von, að hans tillögur megi sín mikils að sætta mig við, að tölurnar einungis verði teknar upp í ástæðurnar eða sem niðurlagsatriði í álitsskjalinu, en ekki settar sem skilyrði.

Forseti: Með því eigi taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið.

Framsögumaður: Eg skýt því til hins háttvirta forseta, hvort atkvæðagreiðslan eigi að byrja nú þegar eða eigi, því eg vildi leyfa mèr að tala nokkur orð, ef atkvæðagreiðslan á að byrja nú þegar, annars fresta eg því, þangað til á undan atkvæðagreiðslunni sjálfri.

Forseti: Það er undir þingmönnum komið, hvort þeir vilja halda áfram í nótt eða eigi með atkvæðagreiðsluna, frá minni síðu er ekkert því til fyrirstöðu.

Jón Hjaltalín: Eg vil að eins svara hinum heiðraða þingmanni Suður-Þingeyinga; hann heldur upp á 2 málstofur (*Forseti:* Þetta liggur ekki fyrir nú til umræðu. — *Páll Vídalín:* Þingmaðurinn hefir engan rètt til að tala). — Það var meira en eg vissi. — Eg ætlaði einungis að spyrja hinn háttvirta þingmann Suður-Þingeyinga, hvort hann ekki vill taka aptur uppástungu sína undir 224. tölul., því þar við gætu þessir 10,000 rd. sparazt.

Framsögumaður: Eg skýt því til forseta, hvort ekki megi ganga til atkvæða um 1. kafla, og menn svo fái að hvíla sig, því mèr þykir kvöld vera komið, og hvíldartíminn nálægur.

Forseti: Það er undir þingmönnnm komið, hve lengi þeir halda út; meðan þingfært er held eg áfram atkvæðagreiðslunni.

Arnljótur Ólafsson: Eg skildi framsögumann svo, að gefinn yrði einnar stundar frestur, og þá gengið til atkvæða.

Jón Guðmundsson: Ætli ekki sè betra að skjóta atkvæðagreiðslunni nú á frest?

Arnljótur Ólafsson: Er eigi bezt að slíta fundinum nú, og gefa svo sem 1 tíma frest, en taka svo aptur til með atkvæðagreiðsluna?

Forseti: Fyrst að þingmenn eru á báðum áttum með að leggja út í atkvæðagreiðsluna, skal eg biðja þá að greiða atkvæði um, hvort halda skuli áfram eða eigi.

Var síðan með 14 atkvæðum gegn 7 samþykkt, að byrja atkvæðagreiðsluna nú þegar.

Konungsfulltrúi: Eptir áskorun hins háttvirta þingmanns Barðstrendinga skal eg geta þess, að eg ekki hefi neitt á móti tölul. 231.

Framsögumaður: Eg vil að eins geta þess, úr því á að halda áfram, að enginn sá maður mun vera hèr á þingi, sem eigi sè ljósara en mèr, hvernig gefa eigi atkvæði um þessa löngu atkvæðaskrá, samkvæmt því sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi og hinn háttvirti forseti hafa *sagt í ræðum sínum!!!*

Jón Hjaltalín: Eg vil vekja athygli manna á því, hvort menn muni ekki ruglast í atkvæðagreiðslunni um þessa löngu atkvæðaskrá, ef á að halda henni fram í nótt.

Forseti: Það er allt undir þingmönnum sjálfum komið, og með því þeir nú hafa með atkvæðafjölda samþykkt, að haldið verði áfram, þá vil eg biðja hina háttvirtu þingmenn að ganga þegar til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, sem eg vona að allir hafi prentaða fyrir sèr.

Konungsfulltrúi: Af því að mèr við undirbúningsumræðuna virtist, að þingmenn alvarlega óskuðu, að samkomulagi yrði náð í þessu máli, og í þetta skipti, og af því að eg fyrir mitt leyti álít, að þetta sè sem mest áríðandi fyrir landið, skal eg enn einu sinni, áður en gengið verður til atkvæðagreiðslunnar, stuttlega skýra frá breytingum þeim við frumvarpið, sem eg álít aðgengilegar frá stjórnarinnar sjónarmiði, þótt eg ekki geti ábyrgzt, að þær allar verði teknar til greina, og sem eg fyrir mitt leyti samkomulagsins vegna ætla að mæla með við stjórnina, og á hinn bóginn frá þeim breytingum, sem eg álít alveg óaðgengilegar frá sjónarmiði stjórnarinnar, og sem eg þess vegna ekki get mælt með, en sem eg er sannfærður um, að muni spilla málinu, og að minnsta kosti fresta því í óákveðinn tíma, án þess að menn geti vænzt þess, að þessar breytingar verði samþykktar af stjórninni, ef frumvarpið seinna verður lagt fyrir alþingi. Eg held, eins og eg áður hefi tekið

fram, að það sè nauðsynlegt, þegar spursmál er um samkomulag, að báðir málspartar glöggt þekki, hvað hvor um sig geti gengið að, og eg skal, til þess frá minni hálfu að gjöra þetta ljóst fyrir þinginu, nú taka fram hvert sèrstakt atriði á atkvæðaskránni, sem eg mun leggja áherzlu á, og biðja hina heiðruðu þingmenn að veita athygli því, sem nú skal getið við hvert þeirra. Á þann hátt óska eg fyrir mitt leyti, að það verði öllum kunnugt, hvernig eg hefi tekið í málið; því mèr er ekki unnt, eins og hinum heiðruðu þingmönnum, að sýna þetta við atkvæðagreiðsluna, sèr í lagi þegar viðhaft er nafnakall. Ábyrgðin sem hvílir á mèr vegna meðferðar þessa máls, mun á þann hátt liggja full-ljós í þingtíðindunum, og ef samkomulagi ekki verður náð í þetta skipti, sem þó enn þá er vonandi, geta menn glögglega dæmt um það, hver hafi valdið þessu.

Á móti tölulíðunum 1., 2. og 4., ætla èg að mæla; einnig á móti tölulíðum 11., 12., 13. og 15.—18.; og eg skal bæta því við, að ef þingið aðhyllist tölulið 11., er eg viss um það, að bæði verður frumvarpið ekki lögleitt, og að hans hátign konungurinn mun álíta það vott um, að árangurslaust muni verða að svo stöddu, að gjöra neinar frekari tilraunir í þessu efni, eins og segir á bls. 24. í ástæðunum. Þar á mót ætla eg að mæla með tölulið 14. og tölulið 25.

Eg ætla að mæla á móti tölulíðunum 36., 38. og 39., en með tölulíðunum 40. og 41.

Eg ætla enn fremur að mæla móti tölulíðunum 44., 46., 47., 48., 49., 50., 51., 52.

Eg ætla að mæla með tölulíðum 59. og 78., en á móti tölulíðum 80., 82., 85.

Tölulið 87., 88. og 89. ætla eg að mæla með við stjórnina, þó með því skilyrði, að seinasti liðurinn í 87. tölulið verði felldur úr.

Hvað snertir 22. grein frumvarpsins, álít eg greinina óbreytta í öllu bezta fyrir landið; en ef þingið ekki aðhyllist uppástunguna um fasta þingsetu, get eg mælt með konungskosningum, þegar tölulíður 93. verður samþykktur, en annars ekki.

Á móti fjölgun þingmanna hefi eg í sjálfu sèr ekki neitt, en þegar uppástungan um hana bæði er öldungis formlaus, og þess vegna getur spillt málinu, þótt stjórnin að öðrum kosti mundi verða fús á að taka hana til greina, og einnig eptir minni meiningu er

of nærgöngul hinu fyrsta löggjafarþingi, get eg ekki annað en mælt á móti tölulið 94.

Tölulið 95. og alla þá töluliði, sem byggðir eru á honum, álít eg óaðgengilega frá stjórnarinnar hálfu; einnig þykja mèr töluliðir 96. og 97. alveg óaðgengilegir.

Eg ætla að mæla með tölulið 98.

Á móti tölulið 100. ætla eg að mæla, en með tölulið 101.; enn fremur með tölulið 121.

Einnig mæli eg á móti tölulið 126., en með tölulið 127. Eg ætla að mæla með tölulið 134. með því skilyrði, að 46. grein frumvarpsins verði haldið óbreyttri, en annars ekki.

Eg ætla að mæla móti tölul. 145., enn fremur móti tölul. 160.

Á móti töluliðum 164. og 165. (51. og 52. grein nefndarinnar) ætla eg að mæla við stjórnina.

Eg ætla að mæla með töluliðum 177., 192,, 204., 209.; en á móti töluliðum 211. og 214.

Um niðurlagsatriðin hefi eg tekið það fram, að eg mun hallast að 221. eða 222. og 225. í sambandi við töluliðina 232. eða 231. og 228.

Atkvæðagreiðsla í stjórnarbótarmálinu.

I.

1. grein.

1. Meiri hluti nefndarinnar; felldur með 22. atkv. gegn 1.
2. Hjalmur Pètursson og nokkrir af nefndarmönnum; felldur með 18 atkv. gegn 2.
3. Meiri hluti nefndarinnar, Arnljótur Ólafsson, Jón Pètursson, Sveinn Skúlason og Hjálmur Pètursson; samþ. með 24 atkv.
4. Hinir sömu; samþ. með 15. atkv. gegn 6.
5. Jón Pètursson; fallinn við atkvæðagr. við tölul. 2.
6. Meiri hluti nefndarinnar; samþ. með 23 atkv.
7. meiri hluti nefndarinnar og Arnljótur Ólafsson; samþ. með 22 atkv.
8. Hinir sömu; samþ. með 23 atkv.
9. Frumvarpsins 1. grein með áorðnum breytingum; samþ. einu hljóði með 26 atkv.
10. Frumvarpsins 2. grein óbreytt samþ. í einu hljóði með 26 atkv.

3. grein.

11. (með skilyrði að ef grein þessi fellur hèr, þá komi hún með breytingum í stað annars kafla 3. greinar í frumvarpinu (sbr.

tölul. 15—18.). Við þenna tölulið var viðhaft nafnakall, og féllu atkvæði þannig

«Já» sögðu:	«Nei» sögðu:
Eiríkur Kúld.	Arnljótur Ólafsson.
Halldór Kr. Friðriksson.	Benidikt Sveinsson.
Hjálmur Pètursson.	Bergur Thorberg.
Jón Bjarnason.	Björn Pètursson.
Jón Sigurðsson.	Jón Guðmundsson.
Ólafur Sigurðsson.	Jón Hjaltalín.
Páll Vídalín.	Jón Pètursson.
Sighvatur Árnason.	Magnús Jónsson.
Stefán Eiríksson.	Ólafur Pálsson.
Stefán Jónsson.	Páll Ólafsson.
Stefán Thordersen.	Pètur Guðjónsson.
Torfi Einarsson.	Pètur Pètursson.
	Sveinn Níelsson.
	Sveinn Skúlason.

Þannig var tölulíðurinn felldur með 14 atkv. gegn 12.

12. Jón Guðmundsson; felldur með 19 atkv. gegn 1.
13. Sami; felldur með 17 atkv. gegn 4.
14. Arnljótur Ólafsson; felldur með 12 atkv. gegn 11.
15. Benidikt Sveinsson, samþ. án atkv.
16. Jón Pètursson, felldur með 13 atkv. gegn 7.
17. Benidikt Sveinsson; samþ. með 14 atkv. gegn 1.
18. Jón Pètursson; (sjá tölul. 11) samþ. með 17 atkv. gegn 3.
19. Frumv. 3. grein með áorðnum breytingum; samþ. með 24 atkv.

4. grein.

20. Arnljótur Ólafsson; samþ. án atkv.
21. Sami; samþ. án atkv.
22. Meiri hluti nefndarinnar; samþ. með 19. atkv.
23. Framvarpsins 4. grein með áorðnum breytingum; samþ. með 24 atkv.

5. grein.

24. Meiri hluti nefndarinnar; (upphaf greinarinnar) felldur með 11 atkv. gegn 8.

Tölulíðirnir 1—9, samþ. með 21 atkv. gegn 4.

25. Jön Pètursson og Arnljótur Ólafsson; samþ. með 21 atkv. gegn 1.
26. Sami; samþ. með 15. atkv.

27. Frumvarpsins 5. grein með áorðinni breytingu; samþ. í einu hljóði með 26 atkv.
28. Jón Guðmundsson; felldur við atkvæðagreiðsluna um tölulið 12.
29. Meiri hluti nefndarinnar; samþ. með 18 atkv. gegn 2.

6. grein (7. gr. nefnd.).

30. Meiri hluti nefndarinnar; samþ. án atkv.
31. Sami; samþ. með 18 atkv, gegn 1.
32. Frumvarpsins 6. gr. með áorðnum breytingum; samþ. í einu hljóði með 26 atkv.

II.

7. grein (8. gr. nefnd.).

33. Meiri hluti nefndarinnar, Arnljótur Ólafsson og Sveinn Skúlason; *sèrstaklega;* samþ. án atkv.
34. Meiri hluti nefndarinnar; samþ. án atkv.
35. Sami; samþ. án atkv.
36. Sami; samþ. með 16 atkv. gegn. 7.
37. Frumvarpsins 7. grein með áorðnum breytingum; samþ. í einu hljóði með 26 atkvæðum.

8. gr. (9. gr. nefnd.).

38. Benidikt Sveinsson, felldur með 19 atkv.
39. Meiri hluti nefndarinnar, felldur með 13 atkv.
40. Arnljótur Ólafsson og Sveinn Skúlason; samþ. með 23 atkv. gegn 1.
41. Hinir sömu; samþ. með 13 atkv. gegn 5.
42. Meiri hluti nefndarinnar, fallinn við 41. tölul.
43. Frumv. 8. gr. (með áorðnum breytingum), samþ. með 24 atkv.

9. grein.

44. Meiri hluti nefndarinnar; samþ. með 13 atkv. gegn 9.
45. Frumv. 9. gr. (óbreytt), fallinn við 44. tölul.

10. gr. (sbr. 21. gr.).

46. *a,* Meiri hluti nefndarinnar; að fyrsti kafli greinarinnar verði þannig orðaður: «Konungur . . . með þeim»; samþ. með 15 atkv. gegn 9.

    b, Því næst var gengið til atkvæða um seinustu klausu greinarinnar: «en eigi . . . . en þrír», og var hún felld með 24 atkv.
47. Benidikt Sveinsson, fallið við 46. a.

48. Benidikt Sveinsson og Jón Guðmundsson, felldur með 10 atkv. gegn 9.
49. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. með 14 atkv. gegn 9.
50. Benidikt Sveinsson, felldur með 18 atkv.
51. Jón Guðmundsson, samþ. með 16 atkv.
52. Meiri hluti nefndarinnar. Um þenna tölul. var haft nafnakall eptir ósk þingmanns Borgfirðinga, og sögðu:

«Já:»	»Nei:»
Eiríkur Kúld.	Arnljótur Ólafsson.
Halldór Kr. Friðriksson.	Bergur Thorberg.
Hjálmur Pétursson.	Björn Pétursson.
Jón Bjarnason.	Jón Hjaltalín.
Jón Guðmundsson.	Jón Pétursson.
Jón Sigurðsson.	Ólafur Pálsson.
Magnús Jónsson.	Páll Ólafsson.
Ólafur Sigurðsson.	Pétur Guðjónsson.
Páll J. Vídalín.	Pétur Pétursson.
Sighvatur Árnason.	Sveinn Níelsson.
Stefán Eiríksson.	Sveinn Skúlason.
Stefán Jónsson.	
Stefán Thordersen.	
Torfi Einarsson.	

Og er tölul. þannig samþ. með 14 atkv. gegn 11.
53. Frumv. 10. grein (með áorðnum breytingum), fallin við 52. tölul.

11. grein.

54. Meiri hluti nefndarinnar; samþ. án atkv.
55. Sami; samþ. án atkv.
56. Sami; samþ. án atkv.
57. Sami; samþ. án atkv.
58. Frumv. 11. gr. (með á orðnum breytingum); samþ. með 23 atkv.

12. grein.

59. Meiri hluti nefndarinnar; samþ. með 22 atkv.
60. Sami; samþ. án atkv.
61. Frumv. 12. gr. (með áorðnum breytingum); samþ. með 22 atkv.

13. grein.

62. Meiri hluti nefndarinnar; samþ. án atkv.

63. Frumv. 13. gr. (með áorðnum breytingum), samþ. með samhljóða 22 atkv.

14. grein.

64. Frumv. 14. gr. (óbreytt); samþ. með 16. atkv.

15. grein.

65. Arnljótur Ólafsson og Sveinn Skúlason, samþ. án atkv.
66. Frumv. 15. gr. (með áorðinni breytingu), samþ. með 22 atkv.

16. grein.

67. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. með 11. atkv. gegn 4.
68. Frumv. 16. gr. (með áorðinni breytingu); samþ. með 23 atkv.

17. grein.

69. Meiri hluti nefndarinnar; samþ. án atkv.
70. Sami; samþ. án atkv.
71. Sami; samþ. án atkv.
72. Frumv. 17. gr. (með áorðnum breytingum); samþ. með 20 atkv.

18. grein.

73. Meiri hluti nefndarinnar; samþ. án atkv.
74. Sami; samþ. án atkv.
75. Frumv. 18. grein (með áorðnum breytingum); samþ. með 21 atkv.

19. grein.

76. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. án atkv.
77. Sami, samþ. með 12 atkv. gegn 8.
78. Arnljótur Ólafsson og Sveinn Skúlason, samþ. án atkv. sem orðabreyting (fyrir »landstjórunum»).
79. Frumv. 19. gr. (með á orðnum breytingum), samþ. með 23 atkv.

20. grein.

80. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. með 15 atkv. gegn 5.
81. Frumv. 20. gr. (með áorðinni breytingu), samþ. með 21 atkv.

21. grein,

82. Meiri hluti nefndarinnar, felldur með 11 atkv. gegn 3.
83. Einn hluti nefndarinnar, samþ. án atkv.
84. Jón Guðmundsson, fallinn við 46. tölul.
85. Sami, fallið við 46. tölul.
86. Sami, samþ. áður.
87. Arnljótur Ólafsson og Sveinn Skúlason, samþ. með 13 atkv. gegn 1. Síðasta málsgrein töluliðarins fallin við 40. tölul.

88. Hinir sömu, fallið við 52. tölul.
89. Hinir sömu, samþ. án atkv.
90. Frumv. 21. grein (með áorðnum breytingum, samþ. með 19 atkv.

Forseti: Með því nú eru gengnir svo margir af fundi, að þing er eigi lögfullt, þá verð eg að fresta þessari atkvæðagreiðslu til mánudags, en þá mun eg boða til fundar til að halda henni áfram og leiða hana til lykta, og segi eg þar með

Fundi slitið.

---

53. fundur. — 9. september.

Allir á fundi.

Forseti: Eg skal geta þess, að þingbók frá síðasta fundi er ekki alveg búin, svo að hún getur ekki orðið lesin fyrr en á næsta fundi. Samkvæmt dagskránni liggur fyrir að halda áfram atkvæðagreiðslu í málinu um konunglegt frumvarp til stjórnarskipunarlaga handa Íslandi. En áður en atkvæðagreiðslunni er fram haldið, skal eg geta þess, að nokkur vafi getur verið á um 88. tölul., og um aðra málsgrein í frumvarpsgreininni undir 90. tölul. Það var nefnilega álitið svo, sem þetta tvennt væri fallið með atkvæðagreiðslunni við 46. tölul., en af því, að þessar tvær fyrr nefndu greinir eru ekki öldungis sama efnis og greinin í 46. tölul., heldur hafa nokkuð annað meðfram, þá verð eg að biðja þingmenn að gefa atkvæði um, hvort það sé þeirra ætlun og vilji, að tölul. 88. og önnur málsgrein í tölul. 90. skuli falla fyrir tölul. 46. Þá voru atkvæði greidd, og samþykkt með 19 atkvæðum, að 88. tölul. og 90. tölulíðs önnur málsgrein væri fallið.

Síðan var fram haldið atkvæðagreiðslunni, og tekið til á þriðja kafla frumvarpsins, og fór hún þannig:

III.

(22. grein).

91. Stefán Thordersen, felldur með 18 atkv. gegn 7.
92. Jón Pètursson, samþ. með 25.
93. Sami, samþ. með 24 atkv.

94. Meiri hluti nefndarinnar, fyrri hluti tölul.: um tölu alþingismanna; hèr við var haft nafnakall.

«Já» sögðu:	«Nei» sögðu:
Eiríkur Kúld.	Arnljótur Ólafsson.
Halldór Kr. Friðriksson.	Bergur Thorberg.
Benidikt Sveinsson.	Björn Pètursson.
Hjálmur Pètursson.	Jón Hjaltalín.
Jón Bjarnason.	Magnús Jónsson.
Jón Guðmundsson.	Ólafur Pálsson.
Jón Sigurðsson.	Páll Ólafsson.
Ólafur Sigurðsson.	Pètur Guðjónsson.
Páll Vídalín.	Pètur Pètursson.
Sighvatur Árnason.	Sveinn Níelsson.
Stefán Eiríksson.	Sveinn Skúlason.
Stefán Jónsson.	
Stefán Thordersen.	
Torfi Einarsson.	

Jón Pètursson greiddi eigi atkvæði.

Var þannig fyrri hluti tölul. 94, samþ. með 14 atkv. gegn 11.

94. tölul. í heild sinni með áorðnum breytingum, samþ. með 20 atkv. gegn 4.

95. Meiri hluti nefndarinnar. Hèr við var haft nafnakall.

«Já» sögðu:	«Nei» sögðu:
Eiríkur Kúld.	Arnljótur Ólafsson.
Halldór Kr. Friðriksson.	Bergur Thorberg.
Benidikt Sveinsson.	Björn Pètursson.
Hjálmur Pètursson.	Jón Hjaltalín.
Jón Bjarnason.	Jón Pètursson.
Jón Guðmundsson.	Magnús Jónsson.
Jón Sigurðsson.	Ólafur Pálsson.
Ólafur Sigurðsson.	Páll Ólafsson.
Páll Vídalín.	Pètur Guðjónsson.
Sighvatur Árnason.	Pètur Pètursson.
Stefán Eiríksson.	Sveinn Níelsson.
Stefán Jónsson.	Sveinn Skúlason.
Stefán Thordersen.	
Torfi Einarsson.	

Var þannig tölul. samþ. með 14 atkv. gegn 12.

96. Pètur Guðjónsson, fellt með 16 atkv.

97. Jón Hjaltalín, fallið við tölul. 94. og 95.

98. Benidikt Sveinsson. Við þenna tölul. var viðhaft nafnakall.

«Já» sögðu:	«Nei» sögðu:
Arnljótur Ólafsson.	Eiríkur Kúld.
Bergur Thorberg.	Halldór Kr. Friðriksson.
Björn Pétursson.	Jón Guðmundsson.
Hjálmur Pétursson.	Jón Sigurðsson.
Jón Bjarnason.	Ólafur Pálsson.
Jón Hjaltalín.	Ólafur Sigurðsson.
Jón Pétursson.	Páll Vídalín.
Magnús Jónsson.	Stefán Jónsson.
Páll Ólafsson.	Stefán Thordersen.
Pétur Guðjónsson.	Torfi Einarsson.
Pétur Pétursson.	
Sighvatur Árnason.	
Stefán Eiríksson.	
Sveinn Níelsson.	
Sveinn Skúlason.	

Benidikt Sveinsson greiddi eigi atkvæði.

Var þannig tölul. 98. samþ. með 15 atkv. gegn 10.

99. Frumvarpsins 22. grein, fallin við 94. og 95. tölul.

23. grein (24. gr. nefnd).

100. Pétur Guðjónsson, felldur með 20 atkv. gegn 1.

101. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. með 22 atkv.

102. Ólafur Sigurðsson, tekið aptur af uppástungumanni.

103. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. með 12 atkv. gegn 8.

104. Sami, samþ. með 20 atkv. gegn 2.

105. til 107. Sami, samþ. sem orðabreytingar.

108. Frumvarpsins 23. grein, samþ. með 23. atkv.

(25. gr. nefnd.).

109. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. með 17 atkv gegn 8.

IV.

24. grein. (26. gr. nefnd.)

110. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. samkvæmt 59 tölul.

111. Frumvarpsins 24. grein með áorðnum breytingum, samþ. með 24 atkv.

25. grein (27. gr. nefnd.).

112. Meiri hluti nefndarinnar, felldur með 18 atkv. gegn. 2.

113. Frumvarpsins 25. grein, samþ. með 25 atkv.
114. Frumvarpsins 26. grein (28. gr. nefnd.), samþ. með 26 atkv.
27. grein (29. gr. nefnd.).
115. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. með 15 atkv. gegn 10.
116. Frumvarpsins 27. grein með áorðinni breytingu, samþ. með 17 atkv. gegn 6.
28. grein (30. gr. nefnd.).
117. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. við 115, tölul.
118. Sami, samþ. samkvæmt 95. tölul.
119. Frumvarpsins 28. grein samþ. með 17 atkv. gegn 2.
29. grein (31. gr. nefnd.)
120. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. með 16 atkv. gegn 3.
121. Sami, samþ. með 22 atkv.
122. Frumv. 29. grein, samþ. með 26 atkv.
30. grein (32. gr nefnd.).
123. Meiri hluti nefndarinnar, felldur með 16 atkv. gegn 6.
124. Sami, samþ. með 18 atkvæðum gegn 4.
125. Frumv. 30. grein (með áorðinni breytingu), samþ með 25 atkv.
126. Jón Guðmundsson, (vara-uppástunga) felld með 16 atkv. gegn 2.
31. grein (33. gr. nefnd.).
127. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. með 25. atkv.
128. Frumv. 31. grein, (með áorðinni breytingu) samþ. með 25 atkv.
32. grein (34. gr. nefnd.).
129. til 130. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. eptir 59. tölul.
131. Frumv. 32. grein, (með áorðinni breytingu) samþ. með 26 atkv.
33. grein (35. gr. nefnd.).
132. *a*, Meiri hluti nefndarinnar, samþ. með 17 atkv.
132. *b*, Sami, samþ. sem orðabreyting.
133. Sami, felldur með 12 atkv.
134. Sami, samþ. með 16 atkv. gegn 7.
135. Sami, samþ. sem orðabreyting.
136. Frumv. 33. grein (með áorðinni breytingu) samþ. með 23. atkv.
36. grein nefnd. (ný grein).
137. Jón Guðmundsson, felldur með 19 atkv. gegn 2.
138. Jón Sigurðsson, samþ. með 16 atkv. gegn 4.
139. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. með 18 atkv. gegn 2.

140. Frumv. 34. grein (37. gr. nefnd.); samþ. með 26 atkv.
141. Frumv. 35. grein (38. gr nefnd.) samþ. með 25 atkv.
142. til 144. Frumv. 36., 37. og 38. grein, (nefnd. 39. 40. og 41. gr.) óbreyttar; samþ. með 25. atkv.

39. grein 42. gr. nefnd.).

145. Meiri hluti nefndarinnar, fallinn við 90. tölul.
146. Frumv. 34. grein (óbreytt); samþ. með 25. atkv.

40. grein (43. grein nefnd.).

147. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. með 17 atkv.
148. Frumvarpsins 40. grein, fallin við tölulið 147.

41. grein (44. grein nefnd)..

149. Hjálmur Pètursson, samþ. með 14 atkv.
150. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. með 14 atkv.
151. Frumvarpsins 41. grein með áorðnum breytingum, samþ. með 17 atkv.

42. grein (45. grein nefnd.).

152. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. með 15 atkv.
153. Frumvarpsins 42. grein með áorðinni breytingu, samþ. með 17 atkv.

43. grein (46. grein nefnd.).

154. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. með 13 atkv.
155. Frumvarpsins 43. grein, fallin við næsta tölulið á undan.

44. grein (47. grein nefnd.).

156. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. án atkv.
157. Frumvarpsins 44. grein með þessari breytingu, samþ. með 15 atkv.

45. grein (48. grein nefnd.).

158. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. með 15 atkv.
159. Frumvarpsins 45. grein, fallin við 158. tölulið.

46. grein (49. grein nefnd).

160. Meiri hluti nefndarinnar; eptir ósk þingmanns Borgfirðinga var viðhaft nafnakall og fèllu atkv. þannig:

»Já» sögðu:	»Nei» sögðu:
Jón Guðmundsson.	Eiríkur Kúld.
Jón Hjaltalín.	Halldór Kr. Friðriksson.
Jón Sigurðsson.	Arnljótur Ólafsson.
Ólafur Sigurðsson.	Benidikt Sveinsson.
Páll Vídalín.	Bergur Thorberg.
Sighvatur Árnason.	Björn Pètursson.

«Já» sögðu:	«Nei» sögðu:
Stefán Eiríksson.	Hjálmur Pètursson.
Stefán Jónsson.	Jón Bjarnason.
Stefán Thordersen.	Jón Pètursson.
Torfi Einarsson.	Magnús Jónsson.
	Ólafur Pálsson.
	Páll Ólafsson.
	Pètur Guðjónsson.
	Pètur Pètursson.
	Sveinn Skúlason.

Þannig var töluliðurinn felldur með 15 atkv. gegn. 10.
Þingmaður Snæfellinga var ekki viðstaddur.

161. Frumvarpsins 46. grein óbreytt, samþ. með 19 atkv.

50. grein nefnd. (ný grein).

162. Hjálmur Pètursson; samþ. með 14 atkv.

163. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. með 14 atkv. gegn 4.

V.

51. grein nefnd (ný grein).

164. Meiri hluti nefndarinnar, eptir ósk nokkurra þingmanna var haft nafnakall um þenna tölulið og fèllu atkv. þannig:

«Já» sögðu:	«Nei» sögðu:
Eiríkur Kúld.	Halldór Kr. Friðriksson.
Hjálmur Pètursson.	Arnljótur Ólafsson.
Jón Gnðmundsson.	Bergur Thorberg.
Jón Sigurðsson.	Björn Pètursson.
Ólafur Sigurðsson.	Jón Hjaltalín.
Páll Vídalín.	Jón Pètursson.
Sighvatur Árnason.	Magnús Jónsson.
Stefán Eiríksson.	Ólafur Pálsson.
Stefán Jónsson.	Páll Ólafsson.
Stefán Thordersen.	Petur Guðjónsson.
Torfi Einarsson.	Pètur Pètursson.
	Sveinn Níelsson.
	Sveinn Skúlason.

Þannig var töluliðurinn felldur með 13 atkv. gegn 11.
Þeir Benidikt Sveinsson og Jón Bjarnason gáfu ekki atkvæði.

165. Meiri hluti nefndarinnar; eptir ósk hins 2. konungkjörna þingmanns var viðhaft nafnakall, og fèllu atkvæði þannig:

«Já» sögðu:	«Nei» sögðu:
Eiríkur Kúld.	Halldór Kr. Friðriksson.
Benidikt Sveinsson.	Arnljótur Ólafsson.
Björn Pètursson.	Bergur Thorberg.
Hjálmur Pètursson.	Jón Hjaltalín.
Jón Bjarnasson.	Magnús Jónsson.
Jón Guðmundsson.	Ólafur Pálsson.
Ólafur Sigurðsson.	Páll Ólafsson.
Sighvatur Árnason.	Pètur Guðjónsson.
Stefán Eiríksson.	Pètur Pètursson.
Stefán Jónsson.	Sveinn Níelsson.
Stefán Thordersen.	Sveinn Skúlason.
Torfi Einarsson.	

Þannig var töluliðurinn samþykktur með 12 atkv. gegn 11. Þeir Jón Pètursson, Jón Sigurðsson og Páll Vídalín greiddu ekki atkvæði.

166. Frumvarpsins 47. grein (53. grein nefndarinnar) óbreytt; samþ. í einu hljóði með 26 atkv.

48. grein (54. grein nefndarinnar).

167. Meiri hluti nefndarinnar, fellt með 12 atkv. gegn 6.
168. Sami, fellt með 9 atkv. gegn 7.
169. Frumvarpsins 48. grein óbreytt, samþ. með 24 atkv.

49. grein (55. grein nefndarinnar).

170. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. með 14 atkv. gegn 7.
171. Frumvarpsins 49. grein, fallin við tölul. 170.

50. grein (56. grein nefndarinnar).

172. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. með 11 atkv. gegn 5.
173. Sami, felldur með 11 atkv. gegn 2.
174. Frumvarpsins 50. grein með áorðinni breytingu, samþ. í einu hljóði með 26 atkv.

51. grein (57. grein nefndarinnar).

175. Meiri hluti nefndarinnar, fellt með 10 atkv. gegn 4.
176. Frumvarpsins 51. grein óbreytt, samþ. með 22 atkv.

VI.

58. grein nefndarinnar (ný grein).

177. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. með 13 atkv. gegn 10.

52. grein (59. grein nefndarinnar).

178. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. án atkvæða.
179. Frumv. 52. gr. með áorðinni breytingu, samþ. með 18 atkv.

180. og 181. Frumvarpsins 53. og 54. grein óbreyttar, samþ. með 20 atkv.

VII.

55. gr. (62. gr. nefnd.).

182. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. án atkv.
183. Sami, felldur með 10 atkv. gegn 10.
184. Sami, fallið án atkv.
185. Frumv. 55. gr. breytt, samþ. með 26 atkv.

56. gr. (63. gr. nefnd.)

186. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. sem orðabreyting.
187. Frumv. 56. gr. breytt, samþ. með 25 atkv.
188. Frumv. 57. óbreytt, samþ. með 25 atkv.
189. 58. gr. óbreytt, samþ. með 25. atkv.

59. gr. (66. gr. nefnd.).

190. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. með 22 atkv.
191. Frumv. 59. gr. breytt, samþ. með 26 atkv.

67. gr. nefndarinnar (ný gr.).

192. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. með 25 atkv.

60. gr. (68. gr. nefnd.).

193. Meiri hluti nefndarinnar og
194. Sami, felldir með 13 atkv. gegn 3.
195. Frumv. 60. gr. óbreytt, samþ. með 25 atkv.

61. gr. (69. gr. nefnd.).

196. Meiri hluti nefndarinnar og
197. Sami, samþ. með 13 atkv.
198. Sami, samþ. með 11 atkv. móti 10.
199. Frumv. 61. gr. breytt, samþ. með 25 atkv.

62. gr. (70. gr. nefnd.).

200. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. án atkv.
201. Frumv. 62. gr. breytt, samþ. með 25 atkv.

63. gr. (71. gr. nefnd.).

202. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. með 18 atkv.
203. Frumv. 63. gr. breytt, samþ. með 25 atkv.

64. gr. (72. gr. nefnd.).

204. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. með 21 atkv.
205. Frumv. 64. gr. breytt, samþ. með 26 atkv.

65. gr. (73, gr. nefnd.).

206. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. án atkv.
207. Frumv. 65. gr. breytt, og

208. Frumv. 66. gr. óbreytt, samþykktar með 26 atkv.

VIII.

67. gr. (75. gr. nefnd.).

209. Meiri hluti nefndarinnar. Um þenna tölul. var haft nafnakall að ósk þingmanns Borgfirðinga.

»Já sögðu:	«Nei sögðu:
Eiríkur Kúld.	Arnljótur Ólafsson.
Halldór Kr. Friðriksson.	Bergur Thorberg.
Benidikt Sveinsson.	Björn Pètursson.
Hjálmur Pètursson.	Jón Hjaltalín.
Jón Bjarnason.	Magnús Jónsson.
Jón Guðmundsson.	Páll Ólafsson.
Jón Pètursson.	Pètur Guðjónsson.
Jón Sigurðsson.	Sveinn Skúlason.
Ólafur Pálsson.	
Ólafur Sigurðsson.	
Páll J. Vídalín.	
Pètur Pètursson.	
Sighvatur Árnason.	
Stefán Eiríksson.	
Stefán Jónsson.	
Stefán Thordersen.	
Sveinn Níelsson.	
Torfi Einarsson.	

Og var tölul. þannig samþ. með 18 atkv, gegn 8.

210. Frumv. 67. gr., fallin við atkvæðagreiðsluna við 209. tölul.

Ákvarðanir um stundarsakir.

1. grein.

211. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. með 14 atkv. gegn 12.

212. Frumv. 1. gr. breytt, samþ. með 17 atkv.

2. grein.

213. Frumv. 2. gr. óbreytt, samþ. með 26 atkv.

3. grein.

214. Meiri hluti nefndarinnar, fallið við 161. tölul.

215. Frumv. 3. gr. óbreytt, samþ. með 24 atkv.

4. gr. (3. gr. nefnd.).

216. Frumv. 4. gr. óbreytt, samþ. með 26 atkv.

5. gr. (4. gr. nefnd.).

217. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. án atkv.

218. Frumv. 5. gr. breytt, samþ. með 24 atkv.
6. gr. (5. gr. nefnd.).

219. Frumv. 6. gr. óbreytt, samþ. með 26 atkv.

220 Fyrirsögn frumvarpsins: »Stjórnarskrá Íslands», samþ. með 24 atkv.

221. Meiri hluti nefndarinnar (niðurlagsatriði nefndarinnar I. 1.), samþ. með 25 atkv.

222. Minni hluti nefndarinnar, fallinn við 221. tölul.
Eptir ósk nokkurra þingmanna, voru töluliðirnir 230., 231 231 og 232 bornir upp á eptir 222. tölulið, og fèllu atkvæðin um þá þannig:

230. Meiri hluti nefndarinnar. Við þenna tölulið var haft nafnakall, og fèllu atkvæði þannig:

«Nei» sögðu:

Eiríkur Kúld.
Halldór Kr. Friðriksson.
Arnljótur Ólafsson.
Benidikt Sveinsson.
Bergur Thorberg.
Björn Pètursson.
Hjálmur Pètursson.
Jón Bjarnason.
Jón Guðmundsson.
Jón Hjaltalín.
Jón Pètursson.
Jón Sigurðsson.
Magnús Jónsson.
Ólafur Pálsson.
Ólafur Sigurðsson.
Páll Vídalín.
Páll Ólafsson.
Pètur Guðjónsson.
Pètur Pètursson.
Sighvatur Árnason.
Stefán Eiríksson.
Stefán Jónsson.
Stefán Thordersen.
Sveinn Níelsson.

»Nei sögðu:
Sveinn Skúlason.
Torfi Einarsson.

Og var töluliðurinn þannig felldur með 26 atkv.

231. Jón Sigurðsson, felldur með 12 atkv. gegn 12.

232. Benidikt Sveinsson, samþ. með 13 atkv. gegn 8.
Síðari hluti þessa tölul. fèll við 226. og 229. tölul.

223. Hjálmur Pètursson, Samþ. með 13 atkv. gegn 9.

224. Jón Sigurðsson, fallið við 223. tölul.

225. Meiri hluti nefndarinnar, samþ. með 20 atkv., en 50.000 felld við 223. tölul.

226. Sami, fellt með 16 atkv. gegn 7.

227. Minni hluti nefndarinnar, og

228. Sami; töluliðirnir 227 og 228 voru samþ. með 23. atkv.

229. Minni hluti nefndarinnar. Við þenna tölul. var haft nafnakall.

«Já» sögðu:	«Nei» sögðu:
Eiríkur Kúld	Arnljótur Ólafsson.
Halldór Kr. Friðriksson.	Bergur Thorberg.
Hjálmur Pètursson.	Björn Pètursson.
Jón Bjarnason.	Jón Hjaltalín.
Jón Guðmundsson.	Jón Pètursson.
Páll Vídalín.	Jón Sigurðsson.
Stefán Jónsson.	Ólafur Pálsson.
	Ólafur Sigurðsson.
	Páll Ólafsson.
	Pètur Guðjónsson.
	Pètur Pètursson.
	Sighvatur Árnason.
	Sveinn Níelsson.
	Sveinn Skúlason.
	Torfi Einarsson.

Var töluliðurinn þannig felldur með 15 atkv. gegn 7.

Benidikt Sveinsson, Magnús Jónsson, Stefán Eiríksson og Stefán Thordersen greiddu eigi atkvæði.

233. Benidikt Sveinsson, fallið við 227—228. tölul.

Forseti: Þá er þessari atkvæðagreiðslu lokið. Eg skal til lykta lesa upp brèf, sem eg hefi fengið frá sjö nefndarmönnum sem voru í meiri hlutanum í stjórnarskipunarmálinu; er í brèfi þessu, skýrt frá því, sem fram fór í nefndinni til samanburðar við

skýrslu þá, sem hinn fyrri formaður nefndarinnar hafði í ágreiningsatkvæði sínu. Þessi skýrsla er til þess, að þingtíðindin beri með sèr frásögn beggja hlutaðeigenda, en eg ætlast ekki til að frekari umræður verði um mál þetta en komið er.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 592—595).

Því næst var lesið upp og samþykkt álitsskjal til konungs um frumvarpið til almennra hegningarlaga handa Íslandi.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 598—611).

Fundi slitið.

---

54. fundur — 10. september.

Allir á fundi nema hinn 1. og 3. konungkjörni þingmaður og þingmaður Rangæinga, er höfðu tilkynnt forseta forföll sín.

Forseti lèt þá lesa upp þingbók frá 51., 52. og 53. fundi, og var hún síðan samþykkt.

Því næst var lesið upp og samþykkt álitsskjal til konungs í málinu um konunglegt frumvarp um afplánun fèsekta í öðrum málum en sakamálum.

(Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 648—650).

Og þar eð ekki var meira að starfa ákvað forseti fund næsta dag um hádegi, og sagði síðan

Fundi slitið.

---

55. fundur. — 11. september.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti lèt lesa upp álitsskjal þingsins til konungs um hið konunglega frumvarp til stjórnarskipunarlaga handa Íslandi, og frumvarpið til stjórnarskrár Íslands, þannig orðað sem það var samþykkt við atkvæðagreiðsluna, og var álitsskjalið samþykkt af þingmönnum, með þessum orðabreytingum:

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 611—648.

1. í 5. gr. fyrir orðið »svo sem«, sett: »svo sem eru«.

2. í 8. gr. fyrir orðin »landstjórn . . . . Kaupmannahöfn« sett: »ráðgjafa, sem hefir aðsetur í Kaupmannahöfn, og landstjórn sem hefir aðsetur sitt á Íslandi«.
3. í 10. gr. fyrir orðin »af hendi landstjórnarinnar« sett: »frá landstjórninni«.
4. í 21. gr. fyrir orðin: »konungur setur eitt æðsta stjórnarvald . . . og hafa þeir« (á hendi) o. s. frv. sett: »Í landstjórninni á Íslandi skulu vera einn maður eða fleiri, og hefir hún«.
5. í 24. gr. (seinast) sett: »kosningarlögunum«.
6. í 36. gr. orðin »með sama frágangi« felld úr.
7. í sömu gr. fyrir orðið »uppástungan« sett: »frumvarpið«.
8. í 40. gr. orðið »það« í enda greinarinnar fellt úr.
9. í 41. gr. í staðinn fyrir »svipta kjörgengi« sett: »svipta hann kjörgengi«.
10. í 45. gr. fyrir »hvaða« sett: »hvert«.
11. í 51. gr. fyrir »landsdómurinn« sett: »landsdómur«.
12. í 54. gr. fyrir »út af embættistakmörkum« sett: »um embættistakmörk«.
13. í 61. gr. fyrir orðin »eins fljótt og auðið er« sett: »svo fljótt sem auðið er«.
14. í sömu gr. fyrir »Megi ekki þá« sett: »Megi þá eigi«.
15. í 74. gr. fyrir »uppástungan« sett: »uppástunga«.
16. í ákvörð. um stundarsakir 1. gr. fyrir »sèrskildu« sett: »sèrstöku«.
17. í 2. gr. fyrir »gjöldin« sett: »útgjöldin«.

Eptir upplestur álitsskjalsins kom konungsfulltrúi á fund, og gekk til sætis síns og flutti svo hljóðandi ræðu:

Háttvirtu alþingismenn!

Þegar vèr við lok samvinnutíma vors lítum til baka yfir það, sem vèr höfum unnið saman hver með öðrum, er það í eðli sínu, að vèr í huganum sèr í lagi dveljum við það mál, sem fremur öðrum hefir verið aðalætlunarverk þessa þings, stjórnarbótarmálið. Því bæði hefir þetta mál valdið því, að þingtíminn í þetta skipti er orðinn lengri en nokkurn tíma áður, og þar að auki hefir það eptir eðli sínu hina mestu þýðingu fyrir land og lýð, og getur haft hin mestu áhrif á málefni vor; en þess vegna hefir það einnig útheimt alla krapta þingsins, til þess að það yrði svo úr garði gjört, að það gæti orðið þinginu til sóma, föðurlandi og niðjum

vorum til heilla. Það var að vísu vandaverk, sem þannig var fengið þinginu að leysa af hendi, því auk þess, að málið í sjálfu sèr er hið mest varðandi málefni, hefir meðferð þingsins og stjórnarinnar á því að undanförnu farið hvort sinn veg, svo að samkomulag það, sem úrslit þessa máls eptir hlutarins eðli átti að byggjast á, þótti mjög vafasamt, á þann hátt voru hugsanir þingsins og skoðun stjórnarinnar að undanförnu í stríði hvort við annað. En eins og hans Hátign konungurinn hefir gjört þessu þingi sannarlega frjálslegt boð í því tilliti, hefir þingið — um það er eg fyrir mitt leyti fyllilega sannfærður — haft þann bezta tilgang með breytingum sínum, og eins og stjórnin með frumvarpinu hefir byrjað að nálgast þingið með því að bjóða landinu bæði fullt sjálfsforræði og stjórnarbót í öllum málum þeim, sem varða Ísland sèrstaklega, eins hefir þingið tekið vel í málið til þess að mæta stjórninni á miðjum vegi. Að vísu hefir oss eigi heppnazt að koma á fullu samkomulagi í þessu máli, og eg þori ekki — eins og eg opt hefi tekið það fram hèr í salnum, að ábyrgjast þinginu, að hans Hátign konungurinn muni finna allar þær breytingar aðgengilegar, sem þingið hefir stungið upp á við stjórnarskipunarlaga-frumvarpið, en á hinn bóginn hefir þingið sýnt þá alvöru, og þann eindregna vilja til þess að þetta mál yrði útkljáð í þá aðalstefnu, sem stjórnin álítur bæði nauðsynlega og rètta, að vèr getum vonazt eptir, að frumvarp stjórnarinnar og meðferð þingsins á því annaðhvort muni leiða til samkomulags þess, sem stjórnarskrá Íslands þegar í þetta skipti verði byggð á, eða þá verði sá grundvöllur, er hún seinna gæti orðið byggð á. Þèr getið, heiðruðu alþingismenn, litið til baka yfir meðferð yðar í þessu máli bæði með þeirri meðvitund, að þèr hafið haft rèttarkröfur og heill föðurlandsins fyrir augum, og með þeirri von, að tillögur yðar muni verða teknar til greina, að svo miklu leyti sem mögulegt er. Það er nú ekki mitt að dæma um þann þátt, sem eg hefi tekið í meðferð þessa máls, og annara mála á þessu þingi; eg veit það, að eg gekk að störfum köllunar minnar með mikilli áhyggju, og að eg opt hef fundið til þess, hvað kraptar mínir hafa verið veikir, — en á hinn bóginn held eg, að eg hafi sýnt þinginu, að eg hafi haft góðan og einlægan vilja til þess að gjöra skyldu mína, bæði gagnvart stjórninni og gagnvart þinginu og landinu. Eg viðurkenni með þakklæti, að þèr allir, heiðruðu þingmenn, með velvild yðar og umburðarlyndi við mig á þessu þingi, hafið styrkt

og stutt mig í störfum mínum, og eg skal jafnan minnast þess með þakklæti. Sèr í lagi votta eg þingsins heiðraða forseta mínar beztu þakkir fyrir alla þá velvild, sem hann í samvinnu vorri á þessu þingi hefir sýnt mèr, en ekki einungis fyrir þessa velvild, þó eg virði hana mikils, votta eg honum þakkir mínar, en í þingsins og sjálfs míns nafni, já, eg þori að segja, í nafni allra Íslendinga, þakka eg hinum heiðraða forseta hjartanlega fyrir þann þátt, sem hann hefir tekið í meðferð þingsins á stjórnarbótarmálinu — því honum ber það lof, að eins og hann í svo mörgu öðru hefir verið um langan tíma fósturjörðu sinni til gagns og sóma, hefir hann einnig á þessu þingi með ágætum kröptum sínum fremur öðrum, unnið henni í hag með því í orðum og verkum að styðja til þess, að samkomulag geti náðst um það allsherjarmál, sem þinginu var fengið til meðferðar.

Að lyktum óska eg af hjarta lukku og blessunar yfir þingið, og yfir þau störf þess, sem það nú hefir af lokið.

Þá stóð forseti upp og mælti á þessa leið:

Háttvirtu herrar og alþingismenn.

Nú er að því komið, að skilur fundi vora í þetta sinn, og getur þá ekki hjá því farið, að hjá öllum oss vakni miklar og alvarlegar hugsanir. Vèr eigum yfir að líta ekki einungis eitt hið lengsta tímabil, sem samvinna vor hefir staðið, fullum mánuði lengra en á fyrstu árum þings vors, heldur og einnig er ástæða til fyrir oss að þessu sinni að líta yfir allt það tímabil, sem þetta þing vort hefir staðið og eptir beztu efnum og kröptum neytt þess atkvæðis, sem því var veitt, til þess að bera fram þjóðmál vor fyrir konunginn og stjórnarráð hans. Tuttugu og sjö ár eru nú þegar liðin, síðan Kristján konungur hinn áttundi gjörði minning sína ógleymanlega meðal vor Íslendinga með því, að endurreisa þetta þing á ný, og veita því hin sömu rèttindi í vorum málum, eins og þing samþegna vorra í Danmörku og hertogadæmunum höfðu í þeirra málum. Hans konunglega orð, að hann vildi að þing þetta skyldi sem mest líkjast hinu fornu alþingi voru, sem hafði staðið um níu hundruð ára, en verið síðan í dái um fjörutíu ár, blès eins og nýjum lífsanda oss í brjóst og vakti hjá oss lifandi vonir um alla framför og blómgun lands vors og þjóðar. Þær raddir hafa heyrzt og heyrast má ske enn, sem segja, að vonir

þessar hafi brugðizt, en hver sá, sem með athygli og hlutdrægnislaust skoðar það, sem fram hefir farið um þetta árabil, hann mun eflaust játa, að vonir manna hafi uppfyllzt eptir öllum líkindum, eða enda framar, og að alþingi hafi reynzt landi voru og þjóð sem trúfastur og öflugur talsmaður, eptir því sem það hefir haft atkvæði til. Hèr er ekki ástæða til að rekja þetta ítarlega, enda er það öllum yður kunnugt, háttvirtu alþingismenn, en eg vil leyfa mèr að eins að taka fram nokkur aðalatriði, sem eru harla merkileg, og sem unnizt hafa fyrir fast og stöðugt fylgi alþingis. Eg leyfi mèr að geta þeirra nú, af því að líklegt er, að vèr sèum nú á eins konar tímamótum staddir í sögu vorri.

Það er þá fyrst viðvíkjandi þinginu sjálfu og kosningum til þings, að þau bönd sem í fyrstu voru lögð á kosningarrètt og kjörgengi, og mörgum voru ógeðfelld, hafa smám saman verið leyst, fyrst í kosningarlögum þeim, sem alþingi samdi handa þjóðfundinum, og síðan í tilskipun 6. janúar 1857, um kosningar til sjálfs alþingis. Með þessum ríkunum hefir það unnizt, að ein af sýslum landsins, sem ekki gat í fyrstu komizt að þingkosningum, hefir getað notið jafnrèttis við önnur kjördæmi á landinu. Sömu ríkun rèttinda sinna, hafa önnur kjördæmi fengið, sem voru of stór til þess að geta nægzt með einn þingmann. Þingið hefir yfir höfuð að tala, á allan hátt leitazt við, að útvega sem flestum hlutdeild í hinum almennu rèttindum þjóðfèlagsins, svo að sem flestir gæti átt þátt og atkvæði í alþjóðlegum málum.

Engu að síður hefir alþingi haldið uppi eptir megni atkvæðisrètti þeim, sem því gat borið í almennum málum lands vors. Þegar á fyrsta þingi var þetta umtalsmál í mjög merkilegu atriði; af því svo leit út sem ætlazt væri til, að þingið fengi ekkert atkvæði um almenn hegningarlög; en við fyrstu áskorun af þingsins hendi lèt konungur það ákveðið, að þingið hefði hið sama lögfullt atkvæði í þessum málum eins og öðrum.

Um sjálft form löggjafarinnar hefir alþingi gjört býsna margar atrennur. Fjórtán ár liðu frá hinu fyrsta alþingi, þangað til sú bæn fèkk áheyrslu, að vèr gætum fengið lög vor staðfest á voru eigin máli með undirskript konungs vors, og það er líklegt, að þess verði ekki langt að bíða, að oss þyki ætlandi að skilja lögin á voru móðurmáli, þó þeim fylgi ekki útlegging á aðra tungu.

Vísindastofnanir lands vors hafa náð nokkrum þroska og viðgangi fyrir fylgi alþingis, og mundu hafa náð enn meiri, ef þings-

ins atkvæði hefði mátt sèr meira en það hefir gjört. Vèr eigum hinu fyrsta alþingi að þakka, að skóli handa presta-efnum komst á 1847. Þingið hefir ávallt síðan 1847 gjört atrennur til að bæta læknaskipunina, sem er ekki einungis sannkölluð lífsnauðsyn lands vors, heldur og líka í svo báglegu horfi, að varla finnast dæmi til í neinu öðru landi, þar sem ekki er að sínu leyti lakar ástatt en hèr er að öðru leyti. Þingsins fasta stefna hefir verið, að komizt gæti hèr á innlend læknakennsla og sjúkrahús, að með innlendri læknakennslu gæti lækna-embættum orðið fjölgað, og læknahjálpin með því orðið hentugri og almennari, sem flestum til nota. Mál þetta hefir að vísu átt í stríði um mörg ár, en þó hefir því þokað nokkuð áleiðis í þau tuttugu ár, sem liðin eru, og er enda nú, eptir því sem sýnist mega ráða að líkindum, komið á svo góðan rekspöl, sem vèr mundum varla hafa talið líklegt í fyrstu. — Um stofnun lagaskóla hefir þingið fyrir nokkru síðan, eptir nokkrar tilraunir, fengið konunglegt fyrirheit, sem vèr án efa getum vænt, að uppfyllt verði áður langt um líður.

Því er miður, að vèr getum ekki með eins mikilli ánægju litið yfir það, sem alþing vort hefir getað afrekað til framfara og menntunar í búnaði vorum og atvinnuvegum til lands og sjáfar. Þingið hefir að vísu hreift við að koma upp búnaðarskólum, en ekki haldið eins fast við þá uppástungu eins og margar aðrar. Hitt er meira í varið, að þingið hefir nú á tveim þingum kosið nefnd til að rannsaka landbúnaðarmálið í heild sinni og undirbúa heilan lagabálk um þetta efni, en þetta verk er enn nú svo skammt á veg komið, að vèr verðum að vænta framkvæmdarinnar á hinni komandi tíð.

Verzlunarfrelsið er það mál, sem vèr getum nú talið enda hið merkilegasta og hið gagnlegasta fyrir land og lýð af því sem alþing hefir afrekað. Þegar alþing hófst, var verzlun vor bundin einungis við samþegna vora, en útlendar þjóðir gátu hvorki verzlað við oss, nè vèr við þær nema með töluverðum afarkostum. Á níu árum fengum vèr þessi bönd leyst, og svo að kalla alfrjálsa verzlun við allan heim, svo sem vèr getum komið oss við og vorir verzlunarmenn. Ávextirnir sýndu sig skjótt, og hafa ávallt meira og meira komið í ljós á margan hátt og með margvíslegu móti, og haft áhrif á afla og atvinnuvegu landsmanna. Innlend vara hefir hækkað í verði, meira að tiltölu en hin útlenda. Verðhækkunin hlýtur smám saman að hvetja menn til að afla vörunnar

með meira kappi en áður, og þar með hljóta að aukast efni og velmegun í landinu, sem færir með sèr framfarir í ýmsum greinum. Vèr sjáum þess þegar vott í ýmsu, og leiðum þar af, að sú framför muni heldur fara vaxandi, eptir því sem tímar líða fram.

Mörg fleiri mál gæti eg talið, þar sem alþing hefir annaðhvort verið frumkvöðull að lagabótum, eða með tillögum sínum og atkvæði komið þeim til vegar; en hèr er engin nauðsyn á að rekja það ítarlega.

Það er eins ástatt á vorum tímum, eins og lengstum hefir verið, að sá sem ekki hefir aflið nóg, hann á örðugt uppdráttar við þá, sem yfirsterkari eru. Það hefir, eins og eðlilegt er, komið hvað helzt fram í stjórnmálum vorum. Þegar Friðrekur konungur hinn sjöundi kom til ríkis sleppti hann, eins og kunnugt er, einveldi sínu, og lofaði öllum þegnum sínum lögbundnu þjóðfrelsi. Um það er ekki að efa, að konungurinn ætlaði oss Íslendingum jafnrètti í þessu efni á við aðra samþegna vora, eptir því sem landi voru hagaði og rèttur vor var til, en mörg ár eru liðin í ágreiningi um, hversu þessu skyldi haga. Í fyrstu leit svo út, sem vèr mundum eiga kost á frjálsu samkomulagi við konung vorn, eins og samþegnar vorir í Danmörku, en það sýndi sig brátt, að oss voru boðnir einungis þeir kostir, að verða innlimaðir í konungsríkið Danmörk og fá að eins umráð yfir einstökum greinum innlendra mála vorra, þar sem öll aðalmálin áttu að heyra undir ríkisþing í Danmörku, og vèr að eiga þar fáein atkvæði af hundraði. Á þjóðfundinum 1851 komu í ljós fullkomin mótmæli móti þessari stjórnarlögun, sem oss fannst óeðlileg og alveg móthverf landsrèttindum vorum. Þar á móti komu fram á fundinum uppástungur, sem voru byggðar á þeim grundvelli, að vèr vildum að vísu eiga alríkismál saman við aðra hluta ríkisins, en hafa fullt löggjafaratkvæði í öllum sèrstökum málum lands vors. Eg ætla það muni nú þegar vera farið að þykja óskiljanlegt, að stjórnin í Danmörku skyldi taka þetta svo sem það væri til að líða í sundur ríki konungs vors, og vèr höfðum aldrei fyrr heyrt úr þeirri átt, að land vort væri slíkt máttartrè í þeirri bygging. En hvað um gilti; nú var snúið af þeim vegi að leita samkomulags um stjórnarmál landsins, og alþing fèkk að eins leyfi til að halda fram störfum sínum eins og áður. Þingið hefir síðan með ýmsu móti leitazt við að koma máli þessu áleiðis; stjórnin hefir líka á seinni árum gefið kost á að rýmka til ýmislega, en þó ekki svo, að al-

þing og landsmenn hèr gæti fundið þá kosti aðgengilega. Vèr höfum almennt haldið fast við þann grundvöll, sem þjóðfundurinn byggði á, og beðizt þess af konungi vorum, að stefnt yrði til þess fundar á ný, svo hann fengi að semja að fullu um þetta mál, eptir því sem heitið var í fyrstu.

Þegar vèr komum fyrst á þetta þing nú í sumar, áttum vèr að vísu von á að heyra nýtt tilboð frá stjórninni um þetta vort velferðarmál; en ekkert var þá enn kunngjört um, hversu tilboð þetta væri lagað. Það var vor hyggja, að taka hverju góðu tilboði með góðum hug, en jafnframt að neyta vors frjálsa ráðgjafar-atkvæðis til að ráða konungi vorum frá því, sem vèr ekki gætum sannfærzt um, að væri landi og lýð til heilla. Í þeim anda höfum vèr tekið móti frumvarpi því til stjórnarskipunarlaga handa Íslandi, sem fyrir þetta þing var lagt, í þeim anda höfum vèr rætt frumvarpið og greitt atkvæði um það, svo að það fer nú frá þinginu sem frumvarp þess til stjórnarskrár Íslands, í sambandi við skilyrði það, sem konungur vor hefir sett, og þær uppástungur, sem þingið hefir álitið nauðsynlegt að gjöra.

Það er ekki unnt fyrir neinn af oss, háttvirtu alþingismenn, að segja fyrir, hvort konungur vor muni veita samþykki sitt þessari stjórnarskrá þannig lagaðri, sem hún kemur frá þinginu; en vèr höfum skýlaust orð hins háttvirta manns, sem hefir verið fulltrúi konungs á þessu þingi, fyrir því, að þetta þing hafi samþykkisvald í þessu máli, og að vèr getum verið vissir um, að ekki verði hèr neitt lögleitt um það móti vilja þingsins eða atkvæði. Þar af leyfi eg mèr að leiða þá ályktun, að svo framarlega sem konungur vor ekki finni frumvarp þingsins aðgengilegt, mun hann láta gjöra þær uppástungur til breytinga á því, sem nauðsynlegar virðast, og leggja það frumvarp á ný annaðhvort fyrir þjóðfund eða nýtt alþing til samþykkis. En vinni frumvarpið samþykki konungs, þannig lagað sem það nú er, þá er það þó ætlun mín, að vèr getum tekið á móti því sem stjórnarskrá Íslands oss til góðra nota. Vissulega þurfum vèr ekki að hugsa svo sem vèr höfum leyst eitthvert algjört eða fullkomið verk af hendi; það ber vott þess, að það er byggt á samkomulagi frá ýmsum hliðum; það ber vott þess, að þingreglur vorar eru ekki ætlaðar handa löggjafarþingi; en það mun að minni ætlun sýna sig, þegar til framkvæmdanna kæmi, að það er byggt á rèttum og skynsamlegum grundvelli. Vèr skulum þá taka á móti því frelsi, sem það býður, ör-

uggir og vongóðir, ekki til þess að leggjast til hvíldar, eins og allt sè fengið, þegar fengin er stjórnarskrá, heldur til þess að færa oss í nyt það sem fengið er, því vèr skulum vita, að frelsið þolir ekki dáðlausa hvíld, nè hugsunarlaust sjálfræði, heldur þarf fjöruga starfsemi og vakandi áhuga til þess að halda því við og njóta á-vaxta þess, því á engu sannast betur forn málsháttur: að ekki er minni vandi að gæta fengins fjár en afla þess. En hvernig sem fer, þá treysti eg því, að sá heiðursmaður, sem hefir verið fulltrúi konungs vors á þessu þingi, og átt svo mikinn og góðan þátt í meðferð þessa máls hingað til, hann muni einnig fylgja því fram til endilegra og góðra lykta; hann gæti vissulega ekki með nokkru öðru betur svarið sig í ætt sinna nafnfrægu og ágætu forfeðra, en með því að vera forsprakki fyrir að útvega þjóð vorri þau stjórn-arlög, sem gætu grundvallað lögbundið þjóðfrelsi á landi voru.

Eg skal í fám orðum skýra yður frá yfirliti yfir þau mál, sem alþing hefir haft til meðferðar að þessu sinni. Af stjórnarinnar hendi hafa verið lögð fyrir þingið 9 konungleg frumvörp, og þar með má telja álitsmál um hin almennu lagaboð. Öll þessi mál eru rædd til lykta og álitsskjöl rituð til konungs. Eptir þegnleg-um uppástungum og bænarskrám hafa 10 mál verið tekin til með-ferðar og bænarskrár ritaðar um þau mál til konungs vors. Eitt mál var fellt eptir umræður og tveimur var vísað yfirvaldaveginn. Tvö mál hafa verið tekin til meðferðar sem innanþingsmál, annað landbúnaðarmálið, svo að sú nefnd, sem þingið kaus í hitt hið fyrra, var nú endurnýjuð til næsta þings; annað uppástungan um þjóðhátíð 1874 í minning þúsund ára byggingar Íslands; til að standa fyrir samskotum í þessum tilgangi hefir þingið kosið tvo alþingismenn til að koma í nefnd með stiptamtmanni, byskupi og landfógeta, sem góðfúslega hafa tekizt á hendur eptir ósk þings-ins að ganga í nefnd þessa. Margar þegnlegar bænarskrár hafa verið fengnar nefndum þeim, sem þingið hefir kosið í málin, en einstöku hafa verið felldar frá nefndum og ekki teknar til um-ræðu.

Þegar nú að því kemur, að störfum vorum er lokið í þetta sinn eptir langan samvinnutíma, er mèr sönn ánægja að færa yður öllum, háttvirtu alþingismenn, mitt innilegt þakklæti fyrir, að þèr hafið sýnt mèr hina sömu velvild og vorkunnsemi, eins og að undanförnu, svo að þau störf, sem þèr hafið falið mèr á hendur, hafa orðið mèr mjög lèttbær og ánægjusöm. Sèr í lagi votta eg

skrifurum þingsins mínar beztu þakkir fyrir þeirra aðstoð á allan hátt, og hinum háttvirta varaforseta þingsins ekki minna, hversu hann hefir á allan veg viljað láta mèr sitt fulltingi í tè, þegar eg hefi óskað þess eða þurft á því að halda.

Hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir komið svo fram í alla staði í samvinnu vorri, að eg er viss um, að hann hefir áunnið sèr fullkomna virðing og ástsæld allra vor. Hans staða er vandasöm, en hann hefir leyst þann vanda vel af höndum, og vèr fögnum því með honum; vèr fögnum því, að oss hefir gefizt færi á að vera í samvinnu við hann um svo langan tíma og lært þar með að þekkja hann betur en vèr höfum áður haft færi á. Vèr óskum honum allir þeirrar gæfu, að hann bæði lengi og vel megi eiga sem beztan og heillaríkastan þátt í hinum almennu landsmálum vorum, svo að það vináttu og frændsemisband, sem tengir hann við þjóð vora, mætti sífellt verða oss því kærara sem lengra líður. Eg leyfi mèr að þakka honum þingsins vegna innilega fyrir það, hversu hann hefir konið vel og einarðlega fram í þingstörfum vorum, og fyrir mína hönd sèr í lagi fyrir alla þá vinsemd, sem hann hefir auðsýnt mèr í því sem við höfum átt saman að skipta.

Hinn háttvirti aðstoðarmaður konungsfulltrúans, hefir að vísu í þetta sinn ekki þurft að taka mikinn þátt í meðferð og umræðum málanna á þingi; en þar sem hann hefir komið til, hefir hann í alla staði sýnt hinn sama mannúðleik og velvild við alla, sem oss er svo kunnur að undanförnu. Eg er þess vegna viss um, að allir vèr erum samhuga í, að þakka honum innilega fyrir þann góða þátt, sem hann hefir átt í þingstörfum vorum.

Vèr viljum enda þessi vor störf með þeirri samhuga bæn, að guðleg forsjón vilji af náð sinni blessa þau og gefa þeim góðan ávöxt í bráð og lengd. Vèr biðjum guðlega forsjón að halda vernd sinni yfir fósturjörð vorri og þjóð, yfir konungi vorum og alla hans stjórn, og yfir þessu þjóðþingi voru, svo að það aldrei vanti krapt eða samheldi, eða föðurlandsást til þess að ráða þjóðmálum vorum landi og lýð til heilla.

Því næst stóð konungsfulltrúi upp og sagði: Í nafni konungs lýsi eg því yfir, að þessu hinu ellefta alþingi Íslendinga er slitið.

Þá stóð upp einn þingmanna og kallaði: Lengi lifi konungur vor, **Kristján hinn níundi,** og tóku allir þingmenn undir það í einu hljóði.

Því næst var þingbók frá þessum fundi lesin og samþykkt, og þar eptir gengið af þingi.

VIÐAUKI. A.

er inniheldur brèf alþingisforsetans í þeim málum, er alþingi vísaði forsetaveginn, o. s. frv.

Brèf *forseta* til stiptsyfirvaldanna á Íslandi *um prentun á alþingistíðindum* o. s. frv.; dagsett 1. júlí 1867.

Alþingistíðindin og ýmislegt fleira, sem alþingi þarfnast, verður nú búið til prentunar smásaman; eg leyfi mèr því að spyrjast fyrir hjá hinum háu stiptsyfirvöldum, sem forstjórum prentsmiðjunnar, með hverjum kjörum þingið geti fengið pappír og prentun í prentsmiðju landsins, bæði á þingtíðindunum og öðru því, sem þurfa kynni. Ef að kostur væri á, að fá pappír og prentun eða hvorttveggja með betri kjörum en fyrr, tæki eg því þingsins vegna með þökkum.

Upplag tíðindanna verður, að eg ætla, jafnt og á fyrirfarandi þingum, eða 600 expl.

Brèf *forseta* til konungsfulltrúa *um eptirgjöld konungsjarða og tómthúsa á Vestmannaeyjum,* dagsett 17. júlí 1867.

Til alþingis hefir komið að þessu sinni bænarskrá frá Vestmannaeyjum um, «að eptirgjöld konungsjarða og tómthúsa á Vestmannaeyjum framvegis verði greidd eptir meðalverði allra meðalverða, samkvæmt verðlagsskrá þeirri, er gildir þar á rèttum gjalddaga», og til vara. «að tèð gjöld hèðan af verði miðuð við verðlag á saltfiski». Nefnd sú, er þingið kaus til að íhuga þetta mál komst í álitsskjali sínu til sömu niðurstöðu sem bænarskráin.

En þegar málið kom til umræðu á þinginu í dag var uppástunga nefndarinnar felld með 15 atkvæðum gegn 5, en varauppástunga þingmanns Borgfirðinga með 20 atkv. samþykkt, »að þingið vísaði málinu til hlutaðeigandi yfirvalds (stiptamtmanns) til rannsóknar».

Samkvæmt þessari ályktun þingsins læt eg ekki hjá líða að beina málefni þessu til herra konungsfulltrúans með þeirri þènustusamlegri bæn, þingsins vegna, að yður mætti þóknast að veita því þá ásjá, er bezt þykir henta, og beina því þann veg, er þingið hefir óskað. Eg leyfi mèr að geta þess, að eg þann 6. og 13. þ. m.

hefi sent herra konungsfulltrúanum staðfest eptirrit af ofangreindri bænarskrá og nefndaráliti.

Brèf *forseta* til konungsfulltrúa *um sèrstaka verðlagsskrá fyrir Vestur-Skaptafellssýslu,* dagsett 18. júlí 1867.

Til alþingis hefir komið að þessu sinni bænarskrá frá Vestur-Skaptafellssýslu þess efnis, að sá hluti sýslunnar »fái sem allra-fyrst verðlagsskrá sèr í lagi, sem verði með öllu óviðkomandi verð lagsskrá Austur-Skaptafellssýslu«.

Þegar mál þetta var borið upp á þingi í dag, komst þingið með atkvæðafjölda til þeirrar niðurstöðu, að málinu skyldi vísað til stiptsyfirvaldanna.

Samkvæmt ályktun þingsins læt eg eigi hjá líða — um leið og eg get þess, að eg þann 16. þ. mán. hefi sent herra konungs-fulltrúanum staðfest eptirrit af tèðri bænarskrá — að mælast til, að yður mætti þóknast að senda áminnzt málefni til aðgjörða stiptsyfirvaldanna.

Brèf *forseta* til konungsfulltrúa *um nýja endurskoðun á klaustra- og Flögujörðum í Vestur-Skaptafellssýslu,* dagsett 18. júlí 1867.

Til alþingis hefir komið að þessu sinni, bænarskrá frá Vestur-Skaptafellssýslu, sem fer því fram, «að á verði komið á opinberan kostnað nýrri skoðunargjörð á klaustra- og Flögujörðum í Vestur-Skaptafellssýslu og þar af leiðandi nýrri skuldsetningu, sem og nákvæmum landamerkjum jarðanna, svo að sem allra fyrst geti komizt á hæfilegur og sanngjarn jöfnuður á afgjald og gjaldmáta nefndra jarða».

Mál þetta var rætt hèr á þingi í dag, og ályktaði þingið með atkvæðafjölda, að málinu skyldi, fyrir milligöngu forseta, vísað til hlutaðeigandi yfirvalds.

Eg skal því, samkvæmt ályktun alþingis, leyfa mèr að mælast til, að herra konungsfulltrúanum — hverjum eg 16. þ. m. hefi sent staðfest eptirrit af nefndri bænarskrá — mætti þóknast að leiðbeina þessu málefni til hlutaðeigandi yfirvalds beztu aðgjörða.

Brèf *forseta* til konungsfulltrúa *um borgun fyrir Botnsvogavörðinn,* dagsett 20. júlí 1867.

Til alþingis hefir komið að þessu sinni, bænarskrá úr Borgarfjarðarsýslu, og er þess þar beiðzt, «að þingið gjöri allt sitt til að fá því framgengt.

1. «Að sá kostnaður ..... tilskipun». Eða
2. til vara: «Að alþingi sjái svo um, að kostnaðinum af verði þessum ..... allt landið». (Sjá niðurlagsatriðin í bænarskrá Borgfirðinga um Botnsvogavörðinn; sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 296).

Enn fremur kom til alþingis uppástunga frá þingmanni Mýramanna, er fer því fram, að alþingið

«biðji konung ..... eptir lausafjártíund». (Sbr. alþ.tíð. II, bls. 296).

Nefndin sem þingið kaus til að íhuga þetta málefni komst til þeirrar niðurstöðu, að snúa sèr til stiptamtmanns og amtmanns Vestfirðinga og æskja þess:

1. að þeir fyrir sín ömt, ... stjórninni og
2. að þeir góðfúslega vildu gjöra þinginu sem fyrst kunnar undirtektir sínar undir þetta mál.

Þegar tèð málefni voru hèr til umræðu í gær, fèllst þingið með atkvæðafjölda, 16 gegn 3, á, að þessum þætti kláðamálsins skyldi fyrir milligöngu forseta þingsins vísað til áðurnefndra háyfirvalda, og samkvæmt þessari ályktun þingsins, læt eg ekki hjálíða að beiðast þess, að herra konungsfulltrúanum mætti þóknast að beina málinu til tjeðra embættismanna, svo að andsvör þeirra gætu orðið þinginu kunn, eins og það hefir farið fram á, sem allra fyrst að orðið getur.

Eg skal geta þess, að eptirrit af áðurnefndri bænarskrá Borgfirðinga, uppástungu þingmanns Mýramanna samt nefndarálitinu hefi eg sent hinum háttvirta konungsfulltrúa 10. og 18. þ. m.

Brèf *forseta* til konungsfulltrúa *um breyting á reglugjörð fyrir Ísafjarðarkaupstað 26. janúar 1866*, dagsett 25. júlí 1867.

Með brèfi stiptsyfirvaldanna frá 23. þ. m. barst alþingi bænarskrá nokkurra manna í Eyrarprestakalli við Skutulsfjörð ásamt álitsskjali hlutaðeigandi sóknarprests frá 17. og 18. f. m. þess efnis, að reglugjörð fyrir Ísafjarðarkaupstað frá 26. janúar 1866

verði þannig breytt, að Eyrarprestssetur sè með allri þess landareign fráskilið kaupstaðarins umdæmi en látið fylgja Eyrarhrepp, o. s. frv.

Þegar tèð bænarskrá kom til umræðu á þinginu í dag, komst þingið með 18 atkv. gegn 3 til þeirrar niðurstöðu, að málinu skyldi, fyrir milligöngu forseta þingsins, vísað til aðgjörða stiptsyfirvaldanna.

Samkvæmt þessu læt eg eigi hjálíða, fyrir þingsins hönd, að beiðast þess, að herra konungsfulltrúanum mætti þóknast að beina máli þessu til aðgjörða stiptsyfirvaldanna. Eg skal geta þess, að staðfest eptirrit af áðurnefndri bænarskrá og álitsskjali, hefi eg 23. þ. m. sent hinum háttvirta konungsfulltrúa.

Brèf *forseta* til konungsfulltrúa *um aukningu rèttinda Akureyrarprentsmiðjunnar,* dagsett 1. ágúst 1867.

Til alþingis hefir komið að þessu sinni bænarskrá frá Norður-Þingeyjarsýslu, sem fer því fram, «að alþingið mæli fram með því við stjórn Reykjavíkurprentsmiðjunnar, að hún eptirláti Akureyrarprentsmiðjunni jafna prentunarheimild við sig, að þeim bókum, hverra prentunar einkaleyfi hún flutti með sèr úr Norðurlandi, svo og að þeim bókum, sem henni hefir gefizt prentunarheimild að».

Þegar mál þetta í dag kom til ályktarumræðu á þinginu, fèllst þingið því nær samhuga — nefnil. með 20 atkv. gegn 2 — á þá uppástungu þingmanns Barðstrendinga að vísa málinu forsetavegina til stiptsyfirvaldanna, sem stjórnenda landsprentsmiðjunnar.

Samkvæmt þessari ályktun alþingis, læt eg ekki hjálíða, um leið og eg get þess, að eg 8. júlí þ. á. hefi sent herra konungsfulltrúanum staðfest eptirrit af ofannefndri bænarskrá, að æskja þess, að Y. H. mætti þóknast að leiðbeina þessu máli til stiptsyfirvaldanna beztu aðgjörða.

Brèf *forseta* til stiptsyfirvaldanna *um geymslustað fyrir alþingistíðindin*, dagsett 8. ágúst 1867.

Hjá alþingi hefir smám saman safnazt mikið upplag af óseldum alþingistíðindum, svo að smíðað hefir verið geymsluhvolf á loptinu í dómkirkjunni hægra megin til að geyma í þetta upplag, en nú er það smám saman orðið svo mikið, að ekki er lengur rúm í

geymsluhólfinu, og er tíðindunum nú hlaðið fram á loptinu í bunkum, svo þau liggja þar undir stærstu skemmdum.

Að vísu á alþingið kost á, að útsölumaður þingtíðindanna Einar kaupmaður Bjarnason, láti gjöra geymsluhvolf heima hjá sèr til þess að geyma þau í; en þetta yrði bæði kostnaður eigi all-lítill, og þó út í óvissu, þar eð maður veit ekki nema skipt verði um útsölumenn, og þar hjá veitir þetta allsendis ónóga tryggingu fyrir góðri geymslu alþingistíðindanna.

Eg vil því leyfa mèr að gjöra þá fyrirspurn til hinna háu stiptsyfirvalda, hvort eigi mundi vera til einhver hæfilegur og óhultur geymslustaður í hinum opinberu húsum hèr í bænum, t. a. m. í prentsmiðjuhúsinu, eða uppi á lopti í hinu nýbyggða bókahlöðuhúsi skólans til þess að þar mætti búa til nægilega stórt geymslurúm til að taka á móti alþingistíðindunum, þeim sem flytja þarf af kirkjuloptinu, þeim sem nú er verið að prenta o. s. frv. Og ef slíkur staður væri fáanlegur, þá með hverjum kjörum hann gæti fengizt.

Brèf *forseta* til stiptsyfirvaldanna og landfógetans, *um að ganga í nefnd til að standa fyrir þjóðhátíð í minning þess, að Ísland hefir byggt verið í 1000 ár*; dagsett 10. ágúst 1867.

Til alþingis hefir að þessu sinni komið uppástunga frá þingmanni Norður-Þingeyjarsýslu, þess efnis, að alþingi styddi að því, að árið 1874, yrði haldin hèr á landi þjóðhátíð, samt eitthvert minningarmerki reist í endurminningu þess, að Ísland hefir þá verið byggt um 1000 ár.

Þegar mál þetta í dag kom til ályktunarumræðu á alþingi, fèllst þingið í einu hljóði á að hvetja þjóðina til að aðhyllast eptirfylgjandi undirstöðu atriði:

1. Að Íslendingar árið 1874, haldi almenna þjóðhátíð í minningu þess, að Ísland hefir þá fyrst byggt verið í 1000 ár, þannig, að fyrst og fremst sè guðsþjónustugjörð haldin um land allt á tilteknum degi og síðan almenn samkvæmi, þar sem haldið sè á lopti minningu þessa viðburðar.
2. Að reist sè til minningar um bygging Íslands alþingishús úr íslenzkum steini, og sè þar sett á mynd Ingólfs Arnarsonar hins fyrsta landnámsmanns hèr á landi. Skal þessu hvorutveggju svo til hagað, sem alþingi á sínum tíma ákveður.

3. Að þingið skori á stiptsyfirvöldin yfir Íslandi og landfógetann til að ganga í nefnd með tveimur alþingismönnum, er þingið kýs úr sínum flokki, til þess að standa fyrir málefni þessu, veita viðtöku og ávaxta það fè, sem inn kæmi með almennum samskotum, og auglýsa um það árlega reikninga.
4. Að hver þingmaður taki að sèr, hver í sínu kjördæmi, að senda eyðublöð, er fyrrgreind nefnd ætti að gefa út, til sýslumanns, prófasts, presta og annara merkustu manna í kjördæminu; og skora á þá, að gangast fyrir almennum árlegum samskotum um land allt, og senda jafnóðum tillögin til nefndarinnar í Reykjavík.

Eg skal því, samkvæmt þessari ályktun alþingis leyfa mèr að gjöra þá fyrirspurn, til yðar háttvirtu herrar, hvort þingið megi gjöra sèr von um, að þèr viljið verða við ósk alþingis í þessu efni. Og þar eð þingið treystir því, að þèr af góðvild yðar munið vilja takast á hendur framkvæmd þessa máls, þá leyfi eg mèr að æskja yður þóknanlegra andsvara sem fyrst, svo að þingið geti kosið þá tvo menn af sínum flokki sem ráðgjört er að gangi í nefndina.

Brèf *forseta* til konungsfulltrúa *um veizlu-áhöld*; dagsett 12. ágúst 1867.

Um nokkur undanfarin ár hafa verið geymdir í öðrum af þeim skápum, sem standa í alþingissalnum, ýmsir hlutir tilheyrandi borðbúnaði, svo sem diskar, föt, skálar, hnífar, o. s. frv.

Eins og þóknanlega sèst af meðfylgjandi eptirriti af brèfi amtmanns sáluga Melsteðs til varaforseta alþingis, dagsettu 13. maí 1857, eru tèðir munir, hverra getið er á mörgum uppskriptum yfir húsbúnað alþingis, og seinast á meðfylgjandi útdrætti af hinni seinustu þessara uppskripta, gjörðri 9. september 1865, ekki eign alþingis, heldur virðast þeir öllu fremur að tilheyra stjórninni eða konungsfulltrúadæminu.

Það er þess vegna, að eg leyfi mèr fyrir hönd þingsins, að skýra herra konungsfulltrúanum frá þessu, og æskja þess, að yður mætti þóknast að skipa svo fyrir, að þessir hlutir yrðu teknir burt úr skápnum í alþingissalnum, og þeim ráðstafað á einhvern annan hátt, eptir því sem henta þætti.

Brèf forseta til nefndarinnar í þjóðhátíðarmálinu, dagsett 14. september 1867.

Samkvæmt tilmælum hinnar háttvirtu nefndar í heiðruðu brèfi frá 21. f. m. hefi eg skorað á þingmenn að rita nöfn sín og tillög á »áskorun» þá, er nefndin sendi mèr, og sömuleiðis hve mörg exemplör af áskoruninni hver þeirra vildi taka heim í sitt hèrað (kjördæmi), jafnframt því er eg lèt tèða áskorun liggja til sýnis á lestrarsal þingmanna. Þetta hefir að eins haft þann árangur, er nú sèst á þeim framlögðu skjölum, áskoruninni og nafnaskrá þingmanna, og leyfi eg mèr hèr með að senda hinni heiðruðu nefnd þessi áminnztu skjöl nefnilega 2 expl. af áskoruninni og 1 af nafnaskrá þingmanna 1867.

VIÐAUKI. B.

Brèf þjóðhátíðarnefndarinnar til forseta alþingis.

Eins og þèr herra alþingis forseti sjáið af meðfylgjandi áskorun til Íslendinga, er nú þegar mynduð og tekin til starfa 5 manna nefnd sú, er alþingi Íslendinga, það er nú stendur yfir ályktaði 10. þ. mán. að fela á hendur, að veita forgöngu og standa fyrir öllu því er leiðir af samtökum Íslendinga, samkvæmt tèðri ályktun alþingis, til þess að halda uppi hátíðlega minningunni um 1000 ára bygging Íslands árið 1874.

Nefndin byrjaði störf sín með því, að semja og láta prenta þá almennu «áskorun til Íslendinga» er hèr með fylgir, og þar næst, að hver af oss nefndarmönnum skrifaði sig fyrir tillagi því, er vèr hver fyrir sig persónulega ætlum að leggja fram til að styrkja fyrirætlun þessa.

Þetta sama exemplar leyfir nefndin sèr nú að senda yður háttvirti alþingisforseti ásamt 3 öðrum expl. til nauðsynlegra afnota í bráð, og að fela yður samkvæmt 4. niðurlagsályktun alþingis frá 10. þ. mán., að gangast fyrir, að þeir herrar alþindismenn sjálfir hver fyrir sig, skrifi sig nú þegar fyrir þeim fjárstyrk, er þeir vilja leggja fram, áður en þeir fara hèðan af þingi heimleiðis. Í annan stað leyfir nefndin sèr, að skjóta því til álita yðar, og for-

sjár, herra forseti, hvort þèr eigi viljið jafnframt taka skýrslu, eða uppteiknun hjá þingmönnum um það, hve mörg expl. af áskoruninni að þeir hver fyrir sig vilji nú taka með sèr, er þeir hèðan fara, til þess, að senda um kring í kjördæmi sínu, og gangast á þann og annan hátt fyrir samskota-fjárframlaginu af hendi hvers einstaks búanda í kjördæminu, samkvæmt alþingisályktuninni tölul. 4, og að þèr að því búnu mættuð láta yður þóknast, að gefa nefndinni eða skrifara hennar ávísun um þetta, jafnframt og hverjum þingmanni væri vísað til hans um að fá þá exemplara tölu, sem þeir þannig hafa áskilið.

Í nefndinni til minningar um 1000 ára byggingu Íslands.

Reykjavík, 21. ágúst 1867.

Hilmar Finsen, formaður. *Jón Guðmundsson*, skrifari.

ÁSKORUN
til Íslendinga.

Til alþingis kom að þessu sinni uppástunga þess efnis, að þingið styddi að því, að árið 1874 yrði hèr á landi haldin þjóðhátíð og eitthvert minningarmerki reist til endurminningar þess, að Ísland hefir þá verið byggt um 1000 ára tíma. Við ályktarumræðu þessa máls á þinginu fèllst þingið í einu hljóði á að hvetja þjóðina til að aðhyllast þessi atriði:

1. Að Íslendingar árið 1874 haldi almenna þjóðhátíð í minning þess, að Ísland hefir þá byggt verið í 1000 ár, þannig, að fyrst og fremst sè guðsþjónustugjörð haldin um land allt á tilteknum degi og síðan almenn samkvæmi, þar sem haldið sè á lopti minningu þessa viðburðar.
2. Að reist sè til minningar um bygging Íslands alþingishús úr íslenzkum steini, og sè þar sett á mynd Ingólfs Arnarsonar, hins fyrsta landnámsmanns hèr á landi, en að hvorttveggju skuli svo hagað, sem alþingi á sínum tíma ákveður.

Alþingi fól undirskrifuðum á hendur að standa fyrir málefni þessu, veita viðtöku og ávaxta fè það, sem inn kæmi með almennum samskotum og auglýsa um það árlega reikninga. Sömuleiðis ályktaði þingið, að vèr skyldum gefa út eyðublöð, er hver þingmaður tæki að sèr, hver í sínu kjördæmi, að senda til sýslumanns, prófasts, presta og annara merkustu manna í kjördæminu, og skora

á þá að gangast fyrir almennum árlegum samskotum um land allt og senda oss jafnóðum tillögin.

Heiðruðu og ástkæru landar!

Vèr höfum tekizt starf þetta á hendur, af því að vèr fulltreystum því, að þèr munið glöggt finna til þess, að í þessu fyrirtæki er fólgin fögur og háleit hugsun, þar sem hèr er að ræða um þúsund ára öld, er guðleg forsjón hefir alið oss og annazt hèr á voru fagra og svipmikla, en kalda og ófrjófa föðurlandi, þar sem hèr er að ræða um þakkarhátíð til drottins fyrir handleiðslu hans á oss gegnum blítt og strítt um þetta langa tímabil, og um endurminningarhátíð um það, að vèr enn höldum óskertu þjóðerni voru og tungu vorri fremur flestum öðrum þjóðum. Vèr treystum því líka, að þèr munið ekki bregðast vonum þjóðþingis yðvars í því, að þèr finnið til, hve nauðsynlegt og fagurt það er, að gjöra endurminninguna um svo stórkostlegan viðburð, ekki einungis áhrifamikla fyrir hina núverandi kynslóð, heldur og fyrir eptirkomendur vora, með einhverju því minnismarki, er sýni þeim, að vèr höfum kunnað að meta tungu vora og þjóðerni og hvetja þá til hins sama; og þá getur ekkert minningarmark átt betur við, en að reist sè alþingishús úr steini og að þar sè sett á mynd Ingólfs Arnarsonar, hins fyrsta landnámsmanns hèr á landi, því að bæði er það, að alþingi var hin elzta og merkasta stofnun í fornsögu vorri og er nú nýlega endurlifnað, hyrningarsteinninn undir öllum þjóðrètti vorum og framfaravonum á hinum ókomna tíma; og alþingishús úr steini mundi um langan aldur verða þeirri öld, er reisir það, til sóma og sýna, hve vel hún skyldi tákn tímans. En þar sem um svo þjóðlegt fyrirtæki er að ræða, verður hin íslenzka þjóð að koma fram í heild sinni; og með því slíku fyrirtæki er ekki auðkomið í verk á voru fátæka landi, þarf almennan áhuga til þess, og það um fleiri ára tíma, til þess að leggja fram og safna því fè, sem til þess þarf, en þá mun og þetta heppnast, sè áhugi landsmanna á því nógu fjörugur og vakandi. Alþingi mun á sínum tíma ákveða um, hvernig þessu alþingishúsi bezt verði fyrir komið og miða fyrirkomulagið við upphæð gjafanna.

Að endingu skorum vèr á alla góða Íslendinga að efla þetta þjóðlega fyrirtæki, og munum vèr koma gjöfum þeim, sem oss verða sendar í því skyni, á vöxtu og auglýsa um það árlega reikninga, hvað gefizt hefir og um sjóð þann, er þannig stofnast. En gefendurna biðjum vèr að rita nöfn sín, stètt og heimili á þetta

brèf, og eins upphæð gjafanna og hvert þær eru árlegar, eða í eitt skipti fyrir öll.

Reykjavík, 15. dag ágústmán. 1867.

Hilmar Finsen, formaður. *P. Pjetursson.* *A. Thorsteinson,* gjaldkeri. *Jón Pjetursson.*

Jón Guðmundsson,
skrifari.

Umburðarbrèf byskups til prófasta um vísitazíur, dags. 17. júlí 1867.

Þótt mèr sè það ókunnugt og þyki það ólíklegt, að nokkur prófastur á vísitazíum sínum ekki gjöri annað en líta eptir kirkjunum, fjárhag þeirra og öðru ástandi, hefir þó mátt ráða af bænarskrá, sem kom til þessa alþingis og umræðum nokkurra þingmanna, að þetta muni víða hvar vera ætlun almennings og þaðan sè sprottin sú bæn, að annaðhvort verði vísitazíulaun prófastanna lækkuð eða fækkað vísitazíuferðum þeirra. Mèr hefir því þótt nauðsynlegt, að láta yður vita þetta, herra prófastur, — um leið og eg get þess, að eptir hinum gildandi lögum eiga prófastar við vísitazíur ekki einungis að yfirlíta kirkjurnar og fjárhags ástand þeirra heldur einnig líta nákvæmlega eptir allri embættisfærslu presta og samlyndi þeirra við söfnuði sína. Sömuleiðis eiga þeir vandlega að kynna sèr hið kirkjulega líf og kristinndóms þekkingu í hverjum söfnuði, spyrja sjálfir börn og láta prestinn spyrja þau, skoða nákvæmlega embættisbækur prestanna og rita framan á þær athugasemdir sínar. Enn fremur er það tilhlýðilegt, að prófastarnir gæti að, hvernig staðirnir eru setnir og aðrar bújarðir presta, og vandi hvervetna um það, er þeim þykir ábótavant; sömuleiðis eiga þeir að láta presta vita fyrir fram, hve nær þeir ætli að vísitera og hvetja til þess, að sem flestir sóknarmenn sèu viðstaddir. Loks fer vel á því, að prófastarnir við slík tækifæri annaðhvort haldi sjálfir stutta ræðu eða láti hlutaðeigandi prest gjöra það, og yfirhöfuð eiga þeir að láta sèr annt um, að gjöra þetta embættisverk, sem hátíðlegast og arðsamast fyrir kristilega kirkju, svo það verði öllum ljóst, að það sè gjört af sannri skyldurækt og áhuga á því að efla guðsríki.